Fallin mál.

I.

Feld frumvörp.

A. Stjórnarfrumvörp.

1. Sala þjóðjarða og kirkjujarða.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 31, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og lögum nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða (A. 20).

Á 4. fundi í Nd., föstudaginn 6. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get verið mjög stuttorður um þetta frv. Ástæðurnar fyrir því eru teknar fram í athugasemdunum, sem til er vísað. Ástæðan til þess, að stjórnin hefir ekki notað heimildina nú í vetur, er sú ein, að henni sýnist peningaverð mjög óvíst. Og það er ekki einungis óvíst nú, heldur er það skoðun margra, að eftir stríðið muni það verða mjög óvíst á móts við fasteignir, sem taldar eru ábyggilegastar. Mun enginn geta gert sjer í hugarlund, hvernig peningaverð verði eftir ófriðinn. Hjer í frv. þessu er farið fram á, að frestað verði sölu þjóðjarða og kirkjujarða þangað til stríðið er úti, eða fyrst um sinn til loka ársins 1919. Því skal jeg ekki neita, að sú hugsun liggur á bak við, að þingið taki til íhugunar, hvort ekki sje rjett að hætta að selja landssjóðsjarðir og breyta ábúðarskilmálunum í erfðafestuskilmála eða tryggja ábúð leiguliða á einn eða annan hátt. Nú er um þetta eitt að ræða, hvort hv. deild sýnist ekki ástæða til að láta vera að selja um sinn. Vænti jeg, að þetta frv. fái að ganga til landbúnaðarnefndar til að verða íhugað þar, og sje ekki ástæðu til að ræða það frekar nú.

Þorleifur Jónsson: Mín skoðun á þessu máli er sú, að það sje athugaverð stefnubreyting, ef ætti að fara að hefta

þjóðjarðasölu fyrir fult og alt. Jeg veit ekki betur en að það hafi hingað til verið vilji þjóðarinnar, að ábúendum væri gefinn kostur á að fá ábúðarjarðir sínar keyptar. Það hefir verið margra skoðun, að þetta væri öruggasta leiðin til að fá landið vel ræktað, og að landbúnaðurinn blómgaðist því betur, sem fleiri væru sjálfseignarbændur. Jeg gæti fyrir mitt leyti vel felt mig við, að söluheimildinni væri skotið á frest, eins og hæstv. forsætisráðherra (J. M.) gat um, meðan stendur á fasteignamatinu. Við rjett og óvilhalt mat mundi fást ábyggilegur grundvöllur til að byggja söluna á. En jeg vil alls ekki, að salan sje heft fyrir fult og alt. Mjer þætti vænt um, ef nefnd sú, sem væntanlega fær málið til meðferðar, vildi íhuga, hvort ekki væri sanngjarnt, að þeir menn, sem þegar hafa fengið ábúðarjörð sína virta og hafa í höndum meðmæli sýslunefnda, fengi að kaupa nú þegar áður en lögin ganga í gildi. Sú virðing hefir farið fram áður en rugl komst á peningaverðið, og þessir menn hafa kostað virðinguna í þeirri von, að þeir fengi jarðirnar keyptar. Jeg veit um menn, er fyrir tveim árum hafa fengið metnar ábúðarjarðir sínar og hafa í höndum meðmæli sýslunefnda. Þetta tel jeg rjett að nefndin athugi. Mjer þætti illa farið, ef hætt yrði með öllu að selja þjóðjarðir, því að jeg tel þjóðjarðasöluna hafa stutt að ræktun landsins.

Sigurður Sigurðsson: Þegar jeg heyrði þess getið, að stjórnin ætlaði sjer að hætta að selja þjóðjarðir, skildi jeg það svo, sem það boðaði stefnubreytingu í þessu máli. Nú sje jeg í aths. við frv., og heyrði auk þess á ræðu hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að hjer er sjerstaklega farið fram á frestun, sökum óstöðugs peningaverðs. Hins vegar fanst mjer jeg þó geta lesið það milli línanna, að ráðuneytinu sjálfu mundi ekki á móti skapi að hætta sölu þjóðjarða og kirkjujarða fyrir fult og alt. Hefði jeg því getað vænst þess, að ráðuneytið tæki rögg á sig og legði fram frv., ekki um frestun á sölunni til 1919, heldur að henni yrði hætt í bráð og lengd.

Það er öllum vitanlegt, að skoðanir manna á máli þessu eru mjög skiftar. Því er ekki að leyna, En stöðugt mun þeim fara fjölgandi, er telja oflangt gengið í sölu þjóðjarða og kirkjujarða, og því sje nú mál að hætta að fullu og öllu. Það er langt síðan, að fyrst komu fram raddir um að hætta þessari sölu. Það mun hafa verið á þingunum 1893 og 1895. Þá komu inn á þingið ýmsir nýir menn, er töldu ekki rjett að halda áfram að selja þjóðjarðir, t. d. þáverandi þm. Stranda., Guðjón Guðlaugsson, Jón frá Múla og meira að segja þáverandi og núverandi hv. þm. S.-Þ. (P. J.) og fleiri góðir menn. Síðan hafa þessar raddir oft látið til sín heyra, bæði utan þings og innan. Jeg ætla ekki nú að rekja ástæður okkar, sem viljum hætta sölunni; það væri endurtekning. Jeg skal að eins minnast á eina aðalástæðu þeirra, er fylgja sölunni, þá ástæðu, að með henni sje trygð sjálfsábúð á jörðum. Við hinir, sem erum á móti þjóðjarðasölunni, segjum þar á móti, að þessi sala *tryggi ekki til frambúðar* sjálfsábúð í landinu. Til þess að tryggja hana þyrfti sjerstök lög, og er þá hætt við, að mörgum fyndist með þeim gengið fullnærri persónulegu frelsi, sem menn eru svo viðkvæmir fyrir nú á dögum, eða jafnvel eignarrjettinum.

Teldi jeg því rjettast að hætta alveg sölu opinberra jarðeigna, og jafnvel að landið keypti þær jarðir, er gengið hafa úr sjálfsábúð. Það er ekki hægt að draga fjöður yfir það, að margir sem kaupa og keypt hafa opinberar jarðir, hafa gert það til að selja þær aftur öðrum og græða á þeim.

Þessu til sönnunar mætti nefna dæmi, ekki að eins úr nágrenni Reykjavíkur, heldur og víðs vegar af landinu.

Hinu neita jeg ekki, að sumir hafa keypt jarðirnar til þess að bæta þær, og í þeirri óvissu von, að þær gengi til afkomenda sinna. Við, sem eldri erum, vitum, hvernig þetta hefir gengið. Það er ekki sjaldgæft, að menn hafi bætt jarðir sínar og bygt upp, en svo hefir ekkert barnanna getað eða viljað innleysa jörðina og búa á henni.

Jeg hafði vænst þess af þessu ráðuneyti, að það myndi stíga sporið að fullu, og ekki einungis leggja til, að sölu þessara jarða væri frestað til skamms tíma, heldur leggja fram frv. um að hætta sölunni algerlega, og um leið gerð ráðstöfun til þess jafnframt, að koma á öðru skipulagi um ábúðina á hinum opinberu eignum, þar sem kjör ábúenda væru bætt og ábúðin gerð þeim hagkvæmari.

Því er nú svo varið, þrátt fyrir það þó að tímarnir sjeu erfiðir, að mesti hörgull er á jörðum. Menn vilja reisa bú og eiga með sig sjálfir, engu síður en á dögum Nóa. Margir verða því að hröklast að sjónum. Því hefði verið ástæða til að athuga, hvort ekki væru til óseldar ýmsar þjóðjarðir og kirkjujarðir, er skifta mætti að skaðlausu í 2—3 ábúðir. Er jeg sannfærður um, að svo er. Meira að segja gæti það komið til mála að kaupa af einstökum mönnum lönd þau, sem ekki eru notuð. Mjer detta í hug tveir vestustu hreppar nir í Mýrasýslu. Þar eru landstórar jarðir, sem ekki eru notaðar til hálfs. Mjer þætti því rjett að athuga, hvort ekki væri ráðlegt, þrátt fyrir dýrtíðina, að kaupa lönd og undirbúa með framræslu og öðrum jarðabótum, á kostnað hins opinbera, og leigja síðan til ábúðar gegn hæfilegum vöxtum af kostnaði undirbúningsverksins.

Jeg nefndi þessa 2 hreppa vestur frá, en svona er það víðar, að margar jarðir eru ekki einu sinni hálfnotaðar. Menn eru að tala um að gera eitthvað fyrir landið og flýta fyrir ræktun þess. Jeg er viss um, að besta og sjálfsagðasta ráðið í þá átt er að hætta algerlega sölu þjóðjarða og kirkjujarða. Það hefir verið sagt, að þegar hafi verið seldar bestu jarðirnar. Það er að vísu satt, að ýmsar ágætar jarðir hafa verið seldar, en samt eru eftir enn margar góðar jarðir óseldar, einkum kirkjujarðir. Ráðlegast er því að láta nú staðar numið, en í stað þess gera ábúðina aðgengilegri og hlynna með því að ræktun landsins.

Þórarinn Jónsson: Jeg hefi litið svo á þetta frv., sem eitthvað annað byggi bak við það en að teppa þjóðjarðasöluna í bili. Það hefir verið látið í veðri vaka, að þetta væri að eins um stundar sakir, en mjer er grunur á, að svo sje að eins á yfirborðinu.

Af því að jeg er ekki samþykkur þessari stefnu, get jeg naumast látið vera að mótmæla henni.

Jeg hefi alla tíð verið þeirrar skoðunar, að þjóðjarðasalan hefði tvímælalaust gert mest að því að hrinda áfram ræktun landsins. Jeg hygg, að enginn geti neitað því, að þessum aðaltilgangi laganna hefir verið náð. Annað mál kann að vera um ýms aukaatriði, svo sem verð jarðanna og framkvæmd laganna. Því hefir verið haldið fram, að margar þjóðjarðir hafi verið seldar oflágu verði og að landssjóður hafi tapað á sölu þeirra. Þetta er alveg rangt. Hagur landssjóðs og hagur þjóðarinnar verður ekki aðskilinn. Hve nær er hægt að segja, að landssjóður hafi tapað? Ef það er þjóðargróði að selja jarðirnar, þá er það gróði landssjóðs einnig. En nú er því ekki að heilsa, að landssjóður hafi í raun og veru tapað í svipinn. Allar jarðir hafa verið seldar hærra verði en lögin tilskilja, þ. e. fyrir verð, sem svarar minst

til 4 %, reiknað eftir afgjaldinu. En þetta skiftir engu; ef þjóðargróði er að sölunni, þá er hún líka landssjóðsgróði.

Menn hafa reynt að tína til dæmi upp á það gagnstæða, að sjálfseignarbændum hafi ekki búnast eins vel og leiguliðum. En þótt þess megi finna dæmi, þá getur enginn hrakið það, að sjálfsábúð hefir fleygt landinu mest fram, en sjálfsábúð er takmark þjóðjarðasölulaganna.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) gat þess, að á árunum 1893—1895 hefði risið sterk alda í þá átt, að hefta þjóðjarðasöluna, og nefndi nokkra menn, sem þeirrar skoðunar hefðu verið. Eg gæti líka nefnt nöfn andstæðrar skoðunar og þar á meðal einn mann, sem tvímælalaust er einn hinna vitrustu manna, sem á þingi hafa setið; jeg á við Eirík prófessor Briem. Þetta var honum hið mesta sannfæringarmál. Mjer kom það skrítilega fyrir að heyra hv. þm. S.-Þ. (P. J.) nefndan í þessum flokki; en þótt hann hafi verið þeirrar skoðunar þá, þá hefir hann komist til betri trúar síðar, eins og sjá má á tillögum skattamálanefndarinnar 1907, sem hann átti sæti í.

Um framkvæmd laganna er það að segja, að jeg hygg, að stjórnin hafi í lögunum sjálfum næg ákvæði til þess að hefta sölu jarðanna, ef telja má það landinu í óhag. Ef stjórnarráðinu þykja sýslunefndir vera óvarkárar í þessum efnum, getur það ámint þær eða neitað um söluna. Þessi leið held jeg, að sje betri en að teppa söluna alveg, enda kæmi það mjög illa við nú, þar sem mjög lítið er orðið eftir af bestu jörðunum. Mjer er líka kunnugt um það, að sumir menn, sem hafa fengið heimild til kaupanna, hafa alls ekki fengið jarðirnar, og veit dæmi þess, að þeim hefir verið endursend 1. afborgun kaupverðsins, svo að jeg get vel ímyndað mjer, að einstakir menn kunni að höfða mál gegn landsstjórninni út af þessu. Mjer dylst það ekki, að hjer hefir komið fram stefnubreyting hjá stjórninni, en hún hefir orðið svo snögg, að menn hafa ekki varað sig á. Og þessari stefnubreytingu er jeg algerlega andvígur.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) gat þess, að sumir mundu leita kaupa á þjóðjörðum beinlínis í því skyni að græða á þeim. Jeg efast um, að þessa sjeu nokkur dæmi, því að þótt menn hafi selt aftur þjóðjarðir, sem þeir hafa keypt, þá er alls ekki víst, að þeir geri það í þessu augnamiði, þ. e. til að græða, heldur geta atvik legið svo til, að þeir þurfi að selja. En jafnvel þótt þeir hafi selt jarðirnar aftur, þá þarf það ekki að vera til ills; ef kaupandi hefir bætt jörðina, verður hann tekinn til fyrirmyndar af næsta eiganda.

Sami hv. þm. (S. S.) mintist á það, hve mikilsvert atriði í þessu máli væri sundurskifting jarðanna í grasbýli. En í þessu efni get jeg ekki heldur orðið honum samferða. Jeg held, að oss vanti enn sem komið er öll aðalskilyrði fyrir þessu fyrirkomulagi, þar á meðal lánsstofnanir. Þessi hugmynd, grasbýlin, er til vor komin frá útlöndum. En hjer er ólíku saman að jafna. Ef vjer berum saman kostnaðinn við að byggja og rækta landið við samskonar kostnað í öðrum löndum, þá er hann svo ólíkur sem svart og hvítt. Jeg hygg, að þetta fyrirkomulag mundi aldrei reynast hentugt hjer. Þeir, sem reyndu þetta, mundu fara á höfuðið. Eins og hjer hagar til, þá er engum kleift að lifa við örfáar skepnur, ef hann rekur ekki aðra atvinnu. Og ekki hefi jeg þá trú, að landsstjórnin yrði mönnum betri landsdrottinn en aðrir. Fyrir nokkrum árum var sett nefnd hjer á þingi, til þess að íhuga þetta mál, og yfirleitt sambandið milli landsdrottins og leiguliða. Árangurinn varð sá, að því var vísað til aðgerða stjórnarinnar; annað ráð fann nefndin ekki. Það hefir verið talað um að koma

hjer á erfðafestu. En jeg sje engan veginn, að erfðafesta tryggi fremur en sjálfsábúð jarðirnar handa niðjunum, og sist af öllu gæti hún trygt þessa skiftingu jarðanna. Því yrði hún gerð að skilyrði fyrir ábúð, myndu menn fara sjer hægra að taka jarðirnar.

Það hefir ekki mikla þýðingu að fara sjerstaklega rækilega út í þetta mál nú. Jeg býst við, að því verði skotið til nefndar, og þá líklega helst til landbúnaðarnefndar. Jeg hefi í sjálfu sjer ekkert sjerlegt við það að athuga, en álít samt, að engin sjerstök ástæða geti verið til að hefta söluna.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) talaði um það, að bagi væri að því, að ekkert fast verð væri til þess að miða við nú. Það er víst alveg rjett, en jeg sje ekki fram á, að úr því muni greiðast í bráð. Vitanlega hefir þessi sveifla komið á verðið með ófriðnum, og ekki unt að segja, hve nær alt kemst í samt lag. En þetta ætti ekki að skifta neinu, því að auðvitað hækkar samtímis nokkuð að sama skapi virðingarverð jarðanna. Og ef stjórnin vill ekki hlíta virðingunni, þarf hún ekki að selja. Jeg býst við því, að jarðarverðhækkunin muni haldast lengi, og svo munu allir gera, sem nokkra trú hafa á landbúnaðinum.

Sjerstaklega hefi jeg þó þetta á móti frv., að það kemur illa niður á þeim, sem sitja á smájörðum og þegar hafa fengið leyfi til þess að kaupa ábúðarjarðir sínar, enda má yfirleitt segja það, að flestar þessar jarðir eru svo, að landssjóði verður ekkert úr þeim, eða hefir ekkert fje upp úr þeim. Og öldungis fráleita tel eg þá stefnu, að skifta jörðunum sundur í smábýli, eins og nú standa sakir.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal ekki fara neitt út í þau mótmæli, sem fram hafa komið gegn því að hætta við sölu þjóðjarða, því að það efni liggur hjer alls ekki fyrir. Frv. fer að eins fram á það að fresta þjóðjarðasölunni vegna verðfalls peninga, sem orðið hefir, eins og hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) einnig játar að sje. Jeg get ekki sagt um það hjer, hvort ráðuneytið sje á móti þjóðjarðasölu yfirleitt eða ekki; jeg er ekki viss um, að allir ráðherrarnir sjeu þar á sama máli. En um hitt erum vjer allir sammála, að það sje eigi rjettur búskapur fyrir landssjóð að selja jarðirnar nú. En þótt allir væru á þeirri skoðun, að þjóðjarðasalan sje ekki heppileg, þá finst mjer það ósanngjarnt að heimta af stjórninni, að hún leggi fram ákveðnar tillögur um algerða breyting á ábúðarskilyrðunum. Það mál þarf mikinn undirbúning.

Út af orðum hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) skal jeg taka það fram, að það er ekki rjett, að nokkrum manni, sem loforð hefir fyrir sölu jarðar, hafi verið neitað um söluna, ef hann hefir notað loforðið á þeim tíma, sem það var bundið við. Hitt hefir komið fyrir, að t. d. loforð, sem gefin hafa verið fyrir nokkrum árum, en ekki hafa verið notuð fyr en löngu síðar, hafa ekki verið tekin til greina. Og alveg ómögulegt er það, að 1. afborgun af jarðarverði hafi verið rekin aftur, vegna þess, að það væri ekki hægt; afborgun byrjar ekki fyr en jörðin er að fullu seld. Jeg skal ekki segja um þjóðjarðir, því að mjer er ekki fyllilega kunnugt um þær, en um kirkjujarðir get jeg fullyrt þetta. Ef maður hefir fengið loforð fyrir jörð 1912, tel jeg ólíklegt, að hann hafi nú rjett til kaupanna; þar á móti ef honum er lofuð jörð frá fardögum í ár, hefir hann skýlausan rjett. Jeg held, að einhver misskilningur hljóti að vera hjá hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) á þessu.

Hitt, að við virðing jarða hafi verið höfð hliðsjón af verðfalli peninga, skal jeg ekki um segja, það er tekur til þjóð-

jarða, en um kirkjujarðir veit jeg, að það hefir ekki verið gert, enda er þess ekki von, með því að mestmegnis er miðað við afgjaldið af jörðunum. Ef taka heiði átt fult tillit til verðfallsins, þá hefði þurft að hækka, ef til vill þó ekki um $^1/_2$, með því að ekki er hægt að vita um peningaverð í framtíðinni, en greiðslan fyrir þjóðjarðir fer fram á mörgum árum, eins og menn vita.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal ekki lengja umræður mikið, en get þó ekki látið málið ganga alveg fram hjá mjer afskiftalaust, með því að jeg er því nokkuð kunnugur, hefi um nokkurn tíma verið ráðunautur stjórnarinnar um þjóðjarðasölu í Austfirðingafjórðungi. Þetta finst mjer því veita mjer ástæðu til þess að leggja hjer orð í belg.

Jeg þóttist vita það, áður en jeg kom á fund, að ýmsir mundu hafa tilhneiging til þess að andmæla frestun á sölu þjóðjarða, og er það ekki óeðlilegt. 2 hina síðustu áratugi hefir það verið efst í vitund alls þorra manna, að rjett væri að selja þjóðjarðir í því augnamiði að efla sjálfsábúð í landinu. Það er nú á allra síðustu árum, að farið er að bera á efasemdum um rjettmæti þessara kenninga, og að gerðar eru tilraunir til þess að draga úr sölunni.

Auðvitað eru 2 hliðar á þessu máli, sem flestum öðrum, önnur björt, en hin dálítið dekkri. Þeir, sem hvetja til sölunnar, líta á björtu hliðina, hinir ef til vill meira á þá dekkri. Það er ekki hægt í stuttu máli að lýsa þessum hliðum ítarlega. En það hygg jeg þó, að muni flestum ljóst, að þessar jarðir eru ekki fremur trygðar til sjálfsábúðar en aðrar jarðir og haldast ekki betur í ættum. Einstakir menn, sem leggja kapp á að eignast fasteignir, hafa enn sömu skilyrði til að eignast seldar þjóðjarðir sem aðrar jarðir og geta gert sjer þær að fjeþúfu.

Afleiðingin gæti auðveldlega orðið sú, að einstakir menn eignuðust heil hjeruð, líkt og á miðöldunum, og væri þá ver farið en heima setið.

Hins vegar er til önnur leið til þess að tryggja það, sem menn óska í þessu efni; jeg á við erfðaleigu. Ef tryggilega er um búið, virðist mjer sem flest eða alt, sem menn óska eftir í þessu efni, vinnist með þeirri aðferð. Ábúendur fá takmarkalítinn rjett yfir jörðunum og láta niðjum sínum hann eftir. En ef notarjettur landseta til jarðar er vel trygður og niðjum hans rjetturinn til að njóta ávaxta af starfi hans á jörðinni, þá held jeg flest það fengið, sem ástæða er til að óska eftir, því að jörðina sjálfa flytur þó enginn inn í *ókunna landið*.

Jeg held þess vegna, að rjettmætt hefði verið að hefta alveg sölu þjóðjarða; tel jafnvel eigi hættulaust að halda henni áfram. Mjer finnast ástæður stjórnarinnar styðjast við góð rök, og sjálfsagt að ganga eigi fram hjá þeim. Það er ljóst, að nú vilja menn vegna verðfallsins kaupa jarðir, sem þeir vildu ekki áður kaupa; þetta er mjer persónulega kunnugt um af reynslu. Jeg hafði vænst þess, að stjórnin, jafnframt þessu frumvarpi, legði fyrir þingið lagafrumvarp um erfðaábúð. Það er að vísu eigi fram komið, en getur komið síðar, og komi það ekki á þessu þingi, stæði stjórninni næst að undirbúa það til næsta þings. Það er engin ástæða til að hafna fyrirliggjandi frumvarpi, þótt hitt sje eigi fram komið.

Mjer finst þetta ekki vera neitt landbúnaðarmál, nema þá mjög einhliða skoðað. Ef jeg ætti að ákveða heimilisfang þess, mundi jeg vísa því í allsherjarnefnd.

Benedikt Sveinsson: Jeg ætla mjer ekki að fara út í það atriði, hvort aðhyllast beri þjóðjarðasölu eða eigi; hygg þó,

að ef jeg hefði átt sæti á þeim þingum, er um það fjölluðu, þá hefði jeg orðið mótfallinn sölu, — þó að eins með því skilyrði, að kjör ábúenda hefðu verið bætt að mun, svo að ábúðarrjetturinn hefði getað orðið þeim sem hagfeldastur og sem minstur munur á sjálfsábúð og byggingu. Það hefir oft verið talað um að bæta svo kjör leiguliða, að þeir sæktust minna eftir að kaupa ábúðarjarðir sínar, en ekkert hefir verið gert í þá átt, að því er sjeð verði. Nú horfir nokkuð öðruvísi við um sölu þjóðjarða, þar sem lögin hafa staðið um allmörg ár og fjöldi manna fært þau sjer í nyt. Þetta frv. nær því varla tilgangi sínum, þeim að tryggja það, að miklar fasteignir haldist í eigu landssjóðs. Allar bestu jarðirnar hafa þegar verið seldar, og ekki eftir nema útkjálkajarðir og heiðarkot, að undantekinni einstaka jörð, sem sala hefir verið heft á, af því að hún hefir þótt hæf til almenningsnota og hefir þar þó oft ráðið meira „hreppapólitik“ og stjórnmálafylgi heldur en þarfir hjeraðsins. Ef frv. nær fram að ganga, kemur það allþungt niður á fátækustu mönnunum, sem á hinum jörðunum búa. Það, að þeir hafa ekki farið fram á að fá keyptar ábúðarjarðir sínar fyr en nú, stafar ekki af verðfalli peninganna, eins og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hjelt fram, heldur hinu, að þeir hafa ekki haft efni á því að kaupa jarðirnar, þótt þeir vildu. En þeir hafa haft hag af styrjöldinni og því orðið færari um að kaupa en áður. Ef hagur þeirra hefði verið betri fyrir styrjöldina, hefðu þeir vafalaust sótt um kaup. Jeg tek í sama streng og hv. þm. að það er hart fyrir þá, sem hafa lokið öllum undirbúningi undir kaup, að vera nú alt í einu sviftir rjetti sínum, en ekkert hefir verið til fyrirstöðu áður. Ýmsir þeirra hafa verið búnir með allan undirbúning, hafa kostað til að meta jarðirnar, fengið sjer umboðsmann hjer í Reykjavík, til þess að annast kaupin, og svo þegar til kemur, dregur stjórnin þá á kaupunum þangað til þing er komið saman, en þá er ný stefna uppi, mennirnir eru dregnir á tálar og öll fyrirhöfn þeirra til ónýtis. Þeir hafa starfað með það fyrir augum að fá kauparjett á ábúðarjörð sinni, en svo þegar til kemur, er alt um garð gengið og þeir fá ekkert, en hefðu ef til vill verið búnir að kaupa sjer aðra hentugri jörð, ef þeir hefðu ekki haft von um þjóðjörðina. Mjer finst, að stjórnin hefði átt að koma fram með endurbótatillögur á ábúðarlöggjöfinni fafnframt þessu frumvarpi.

Höfuðástæða sú, er hæstv. forsætisráðherra færði fyrir frv. og einnig er fram tekin í athugasemdum stjórnarinnar við það, — verðfall peninga eða óvíst peningaverð — finst mjer harla ljettvæg. — Fyrst og fremst hafa jarðirnar verið metnar eftir afgjaldi o. fl., samkvæmt lögunum og síðan færðar upp. Efnuðustu landsetar landssjóðs keyptu fyrst og komust að bestum kaupum; síðan hafa jarðirnar verið metnar hærra, og eru því lakari jarðirnar seldar tiltölulega talsvert dýrara.

Verðfall peninga kemur í þessu sambandi alls ekki til greina, því að andvirði jarðanna er fyrst og fremst ekki greitt nú, nema að eins að einum tíunda hluta, heldur með afborgun á 28 árum, — og í annan stað er þessi tíundi hluti jarðarverðsins lagður *í fastan sjóð*, eins og alt andvirði jarðanna, en er alls *enginn eyðslueyrir*, er varið sje fyrir vörur eða annað, er nú stendur í háu verði. Krónurnar eru og verða eign sjóðsins og honum *alveg jafnmikils virði* í bráð og lengd, hvort sem „verð á peningum“ hefir verið hærra eða lægra, þegar þær voru sjóðnum greiddar. Þær hundrað kr., sem sjóðurinn eignaðist fyrir styrjöldina, eru honum engu mætari nje verðmeiri en hinar hundrað krónurnar, sem hann kann að eignast í dag. Það

er því hugsunarvilla að tala um verðfall á slíkum peningum. Annað mál er það, ef jörðin væri útborguð í dag og fyrir andvirðið ætti að kaupa kaffi og sykur eða rúsínur tvöföldu verði. En þessu má með engu móti blanda saman.

Í kjördæmi mínu hefir verið heft sala á ýmsum jörðum, og ekki trútt um, að stundum hafi þar ekki þótt kenna fulls jafnrjettis milli stjórnmálaflokkanna, en út í þá sálma skal jeg ekki fara hjer. Hitt er víst, að þar í hjeraði mundu bændur kunna því illa, ef sala þjóðjarða og kirkjujarða yrði dregin á langinn eða heft, eins og frv. stefnir að, og mundu fremur óska, að Alþingi drægi ekki úr stjórninni að selja þær jarðir, sem landssjóði er ekki eftirsjón í og ekki kemur í bága við hagsmuni almennings, að hann láti af hendi.

Björn Stefánsson: Jeg bjóst ekki í upphafi við miklum umræðum um þetta mál þegar við 1. umr., en fyrst svo hefir teygst úr þeim, vil jeg ekki láta þess ógetið, að jeg hafði hugsað mjer að leggja fyrir þingið frv. um erfðafestuábúð á þjóðjörðunum. Aðalatriðið fyrir mjer hefir verið að finna leið til þess, að landið yrði ræktað, og því hefi jeg til skamms tíma verið fylgjandi þjóðjarðasölunni. En jeg hefi sjeð á síðari tímum, að lögin um sölu þjóðjarða ná ekki tilgangi sínum og tryggja ekki frambúðar-sjálfsábúð á jörðunum, því að jarðirnar ganga oft og einatt aftur úr sjálfsábúð, helst hjer í kringum Reykjavík og stærstu kaupstaðina. Þessi lög eru ekki gömul, og vel má því búast við, að það gangi lengra þegar fram líða stundir, að sjálfsábúð hverfi og „spekulantar“ nái jörðunum undir sig. Jeg býst því við, að erfðafestulög gætu orðið miklu tryggari en þjóðjarðasalan. Jeg ætla mjer að greiða atkvæði með þessu frv. til 2. umr. og flýta einnig fyrir mínu frv., svo að það einnig komist til nefndarinnar áður en hún skilar þessu máli frá sjer. En verði mitt frv. felt, mun jeg greiða atkvæði móti þessu frv., þótt jeg sje í heild sinni móti ríkjandi fyrirkomulagi. Jeg álít, að þjóðjarðasalan gefi enga tryggingu fyrir því, að niðjar núverandi landseta njóti þeirra jarðabóta, sem feður þeirra hafa unnið Með því fyrirkomulagi, sem nú ríkir, get jeg þó ekki verið, því að maður getur ekki búist við því, að efnalitlir menn verji arfi barna sinna til umbóta á ábúðarjörðum sínum, þegar engin trygging er fyrir því, að þau njóti góðs af. Það verður að koma þessu máli í það horf, að landsetarnir finni sömu hvöt hjá sjer til að bæta jarðirnar, eins og þeir ættu þær sjálfir, því að fyrsta skilyrðið er og verður ræktun landsins.

Þórarinn Jónsson: Hæstv. forsætisráðh. vildi bera brigður á, að það væri rjett, að stjórnin hefði kipt að sjer hendinni með sölu þjóðjarða eftir að hún hefði verið búin að leyfa hana.

Jeg vil ekki nefna nöfn, en get þó sagt það, að þetta var jörð í Húnavatnssýslu. Mjer skildist það á hæstv. forsætisráðh., að þetta hefði einnig komið fyrir áður, í tíð fráfarinnar stjórnar. Bóndinn, sem er búsettur í Húnavatnssýslu, sótti um kaup á ábúðarjörð sinni frá fardögum í fyrravor, en fjekk ekki leyfið fyr en í septembermánuði. Hann hjelt því, að hann fengi jörðina ekki keypta fyr en í fardögum næst á eftir og sendi því fyrstu afborgun í maí, til þess að vera viss um, að hún kæmi nógu snemma. Stjórnin sendi honum þá peningana aftur og neitaði honum um kaup á jörðinni. Þetta er auðvitað sannanlegt, því að bóndinn hefir sjálfur sýnt mjer brjefið, og jeg ber engar brigður á, að hann hafi að öllu leyti skýrt rjett frá.

Viðvíkjandi því, sem sagt hefir verið um

verðfall peninga, vil jeg taka eitt fram, og það er það, að við sölu jarðar er tekið tillit til fleira við matið en afgjalds, því að verðið er einnig ákveðið eftir því, hvernig jarðir í sömu sveit seljast, og ætti það að veita nægilegt aðhald, svo að þjóðjarðir seljist ekki oflágu verði. Svo er annað, sem jeg held að sje á allra vitorði, að umboðsmenn kirkju- og þjóðjarða gjöra sjer far um að láta ekki selja jarðirnar oflágt, og tekur stjórnin vitanlega tillit til þess. Jeg segi þetta ekki til þess að gefa í skyn, að umboðsmenn setji sig móti þjóðjarðasölunni, vegna þess, að hún rýrir tekjur þeirra, og bið því hv. 1. þm. S.-M. (Sv.Ó.) að skilja ekki orð mín svo, enda þótt sjöttungurinn af jarðarafgjöldunum sýnist ekki óálitleg beita á menn, sem ekki væru sjerlega fastir fyrir í þeim efnum. Það er því tvens konar aðhald, sem matsmenn og stjórn hafa í þessu tilliti.

Hv. 1. þm. S.-M. talaði um, að ef kirkju- og þjóðjarðir yrðu seldar, gæti verið hætta á því, að margar jarðir söfnuðust á eina hönd, og það er tvímælalaust aðalástæðan gegn þjóðjarðasölunni. En þetta held jeg að mætti fyrirbyggja, t. d. með háum sköttum á þeim jörðum, sem ekki eru í sjálfsábúð, eða banna mönnum með lögum að eiga fleiri jarðir en þeir byggja. Eg get aldrei gengið inn á, að leiguliðar haldi jörðum sínum í eins góðri rækt og sjálfseignarbændur. Hvöt manna til að halda betur við sinni eigin eign en annara eign verður aldrei slitin burt. Jeg þekki fjölda mörg dæmi þess, að leiguliðar landssjóðs hafa sótt um kaup á ábúðarjörðum sínum, af því að þeir hafa ekki viljað ráðast í stór fyrirtæki á þeim eða byggja upp á þeim, nema þær væru þeirra eigin eign, og eftir að þeir hafa fengið þær keyptar hefir alveg skift í tvö horn með búskaparlag á jörðunum. Það má auðvitað segja, að menn geti reist sjer hurðarás um öxl, ef menn ráðast í ofstór fyrirtæki á jörðunum, en verkið lifir þó, og þótt þeir verði að selja jarðirnar aftur, af því að þeir hafa lagt ofmikið í kostnað, eru þó jarðabæturnar orðnar þjóðarhagur. (Sv. Ó.: En „spekulantirnir“?) Já, ef hægt er að fyrirbyggja, að jarðirnar lendi í höndum „spekulanta“, er aðalmótbáran gegn sölunni fallin. Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) tók áðan fram, að nokkrir menn hafi áður hætt við að kaupa, af því að þeim þótti verðið ofhátt, en síðan verðfallið varð, hafi þeir viljað kaupa. Þessu hefir þegar verið svarað af hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) og bent á, að til þess geta legið önnur drög en verðfallið sjálft, t. d. að ábúandinn hafi staðið betur að vígi vegna verðhækkunar á landsafurðum og hann því haft betri kraft til að kaupa.

Eg fæ ekki sjeð, að nokkur ástæða sje til að ætla, að jarðir seljist eða sjeu virtar nú lægra en sanngjarnt er.

Það hefir komið til mála að láta þetta frv. ganga til landbúnaðarnefndar. Það lítur út fyrir, að það ætli að verða töluvert þras hjer í hv. deild út af því, í hvaða nefnd hvert mál á að fara, og finst mjer það lítill kostur fastanefnda. Jeg get ekki betur sjeð en að þetta sje landbúnaðarmál og að það eigi því heima í landbúnaðarnefnd, og mun því eindregið greiða atkvæði með, að það gangi þangað.

Sigurður Sigurðsson: Jeg skal reyna að vera stuttorður. Hv. þm. Húnv. (Þór. J.) talaði um grasbýli og smábýli í sambandi við ræðu mína, og fanst mjer hann vilja leggja þann skilning í hana, að jeg vildi skifta stærri jörðum niður í *grasbýli*. Það er ekki mín skoðun, því að jeg álít, að af grasbýli í þrengstu merkingu geti enginn maður lifað, nema hann hafi einnig eitthvað annað við að styðjast. En hinu held jeg fram, að það sjeu margar jarðir, sem má skifta í tvent eða þrent að skaðlausu bæði fyrir landbúnaðinn, ábúandann og

þjóðfjelagið í heild sinni. Það þýðir ekki að loka augunum fyrir því, að það eru fleiri eða færri jarðir í hverri sýslu, sem ekki eru fullsetnar. Auk þess eru aðrar jarðir, sem aldrei verða fullsetnar, nema með afarmiklum tilkostnaði. Og þeim jörðum á að skifta í tvær eða fleiri ábúðir, og reisa nýja bæi, svo að slíkar jarðir verði brúkaðar til fulls.

Og enn vil jeg benda á það, að margir bændur hafa ekkert að gera með allar jarðir sínar, og sjest það á því, að þeir heimila lausamönnum með fjölda fjár að vera á jörðinni, og sumir ráða til sín vinnumenn með 30, 40 eða jafnvel 100 fjár á fóðrum. (**P. O.**: Það gerir fólkseklan). Það er af því, að jörðin er ekki fullsetin, því að hvaða nauður ætli að ræki þá til þess að taka til sín lausamenn? Jeg man eftir einum lausamanni í Húnavatnssýslu, sem átti auk annars 30 hross. Ætli sú jörð hafi verið fullsetin af viðkomandi bónda? Þessum jörðum mætti skifta án þess að þröngva kosti þeirra, er á jörðunum búa. Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) vildi halda því fram, að allar bestu jarðirnar væru þegar seldar. Það má ef til vill til sanns vegar færa með þjóðjarðirnar, en það er enn óseldur fjöldi af kirkjujörðum, *sem ekki má selja*, því að þær liggja sumar vel við skiftingu.

Í sumum hjeruðum gengur þetta svo langt, að menn eru nú í vandræðum með læknisbústað, því að allar opinberar jarðir eru seldar, og hjeraðið verður ef til vill að sæta afarkostum til þess að fá jörð handa læknunum. Jeg skal líka geta þess, út af því, sem sami hv. þm. sagði um hreppapólitík, að það er ekki rjett, sem hann sagði um það. Menn eru þvert á móti sumstaðar farnir að viðurkenna, að þjóðjarðasölunni beri að hætta. Á síðasta sýslufundi Árnessýslu var neitað sölu á 2 jörðum, af því að sala þjóðjarða og kirkjujarða var álitin óholl bæði fyrir sýslufjelagið og þjóðfjelagið.

Á þinginu í fyrra var til umræðu frv. til laga um frestun á framkvæmd laga um sölu þjóðjarða, en það var þá felt, og frv. til laga um forkaupsrjett landssjóðs var einnig felt, en ekki vísað til stjórnarinnar. Hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) var að tala um, að þjóðjarðasölumálið hefði verið falið stjórninni til undirbúnings. Mig minnir, að ekki alls fyrir löngu — 1912 eða 1913 — hafi stjórninni verið falið að athuga erfðaleigu á þjóðjörðum, en það hefir hún til þessa látið undir höfuð leggjast. Hins vegar hefir nú háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) lýst yfir því, að hann hafi í hyggju að flytja á þessu þingi frv. til laga um erfðaleigu á þjóðjörðum. Það er að vísu virðingarvert af einstökum þingmönnum að ráðast í að flytja slíkt frumvarp. En jeg verð þó að álíta, að annað eins vandamál og þetta, og um leið nýmæli, sje ekki meðfæri einstakra þingmanna til flutnings, en tel það að sjálfsögðu vera verk stjórnarinnar. Jeg hefi líka litið svo á, að meðan sölu þjóðjarða er takmarkalítið haldið áfram, þá sje í rauninni þýðingarlaust að koma fram með frv. um ábúð á opinberum eignum. Fyrst verður að taka fyrir þessa óheillastefnu, en þá um leið er líka kominn tími til að setja lög um ábúð á jarðeignum hins opinbera.

Pjetur Þórðarson: Jeg bjóst satt að segja ekki við, að umræðurnar um þetta mál teygðust svo mjög, sem raun er á orðin. Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls en af því að einn háttv. þm., sem er umboðsmaður þjóðjarða (Sv. Ó.), tók það fram, að þetta mál ætti ekki heima hjá landbúnaðarnefnd, þá datt mjer í hug, ef svo kynni að fara, að jeg fjallaði ekki um málið í nefnd, að rjett væri, að jeg ljeti nú þegar í ljós það álit mitt, að því meira

sem menn eru hindraðir í því að eignast ábýlisjarðir sínar, því meira tjón hlýst þjóðfjelaginu í heild sinni af því. Jeg get annars verið stuttorður, því að hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) hefir tekið flest það fram í seinni ræðu sinni, sem jeg vildi sagt hafa.

Jeg hefi komið á hvert heimili í minni sýslu og skoðað hverja einustu jörð og alt, sem þeim heyrir til, og hefi jeg jafnan getað sagt það fyrirfram, hvort hver einstök jörð væri í sjálfsábúð eða leigujörð. Þær jarðir, sem eru opinber eign, eru venjulega meira eða minna niður níddar og vanhirtar, og ætti því fremur að ýta undir menn að eignast ábýlisjarðir sínar en að hindra menn í því. (**Sigurður Sigurðsson**: Jeg hefi sjeð jarðir í sjálfsábúð, þar sem túnið var á sinu). Það eru kann ske til undantekningar, en hitt er áreiðanlega reglan, að þær jarðir, sem í sjálfsábúð eru, eru mun betur ræktaðar og hirtar heldur en hinar. Og jeg geri ráð fyrir, að það mæti mjög mikilli mótspyrnu að hætta að selja jarðir hins opinbera, og þá sjerstaklega þær jarðir, sem menn eru búnir að kosta miklu til að umbæta og undirbúa að fá keyptar. Það er t. d. áreiðanlega víst um þær mörgu kirkjujarðir, sem seldar hafa verið í mínum hreppi, að þær hafa, jafnóðum og þær hafa komist í sjálfsábúð, tekið greinilegum stakkaskiftum. Hinar hrekjast milli snauðra manna, eftir því sem eftirlitsmaðurinn hefir sjeð sjer haga bezt í þann og þann svipinn, og ganga æ meir og meir úr sjer, einmitt vegna þess að þær hafa ekki fengist keyptar. Menn hafa oft og einatt staðið í stímabraki með að fá samþykki sýslunefndar til sölu jarða, en að því fengnu hefir svo staðið á því svo að misserum skiftir að fá frá stjórnarráðinu ýmislegt, er að sölunni lýtur. Jarðirnar hafa svo beðið eftir því, að þeim væri sómi sýndur, þangað til menn hafa loks getað klófest þær, en þá hefir þess ekki verið langt að bíða, að þær tækju miklum umbótum. Jeg veit með vissu, að sumar opinberar jarðeignir halda áfram að vera í niðurlægingarástandi þangað til þessari hindrun verður rutt úr vegi.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að lengja umræðurnar frekara. Býst við, að við hv. 1. þm. Árn. (S. S.) stöndum á öndverðum meiði í þessu máli, hvort sem umræður verða lengri eða skemri. Að lokum skal jeg leyfa mjer að mæla með því, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndar.

Forsætisráðherra (J. M.): Það hafa ýmsir háttv. þingmenn talað um, að það væri hart aðgöngu fyrir þá menn, sem varið hefðu mikilli fyrirhöfn og lagt í kostnað til að fá jarðir metnar, að fá svo ekki kaup á jörðunum. Það getur verið dálítið hæft í þessu. En ef þinginu sýndist svo, þá væri ekki annað en að borga það fje, sem varið hefir verið til að virða jarðirnar, af opinberum sjóði. Það er venjulega ekki annað, sem hefir þurft að borga. Jeg skal ekki segja neitt um, hvort menn hafi þurft að takast á hendur ferð til að tala við sýslunefndarmenn, en þótt svo væri, og kostnaður við það bættist við, þá er það líklega aldrei meira, sem lagt er út í peningum, en 10—15 kr., og sýnist ekki muna miklu, þótt sá kostnaður yrði endurgoldinn af opinberu fje.

Það hefir að eins einn hv. þm. (B. Sv.) sagt, að það væri ekki rjett, sem stjórnin hefði borið fyrir sig, að þetta frumv. um að fresta sölu þjóðjarða um stundarsakir, væri komið fram vegna verðfalls peninga. En þó ber svo undarlega við, að við erum samdóma um það, að verð peninga sje nú mjög óvíst. Við erum líka sammála um, að eftir stríðið verði peningaverð enn um hríð mjög óvíst. Er það þó sannast mál, að um það kemur mönnum

ekki saman. Margir ætla, að eftir stríðið haldi verðfallið áfram, og sýnist mjer því dálítil ástæða fyrir stjórnina til að koma fram með þetta frv.

Jeg skal aftur taka það fram, út af því, sem okkur háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) hefir greint á um, hvort mönnum, sem hafi verið búnir að fá loforð stjórnarinnar um kaup á ábýlisjörðum sínum, hafi síðar verið synjað kaupanna, að það hefir að minsta kosti ekki verið viljandi gert. Hitt hefir komið fyrir, að mönnum, sem ekki hafa notað kauploforð stjórnarinnar á þeim tíma, sem loforðið var bundið við, hefir verið neitað um kaupin, er þeir hafa leitað þeirra síðar. En þá hefir þeim jafnan verið gefinn kostur á að fá jarðirnar keyptar eftir endurvirðingu.

Hvað því við víkur, í hvaða nefnd þetta mál á að fara, þá sagði jeg í upphafi, að sjálfsagt væri, að það færi í landbúnaðarnefnd, og jeg verð enn að líta svo á. Í allsherjarnefnd finst mjer málið alls ekki eiga að fara. Ef nokkur efi leikur á því, til hverrar fastanefndar eigi að vísa málinu, þá virðist mjer heldur vera vafi milli landbúnaðarnefndar og fjárhagsnefndar. En mjer virðist málið þó fremur eiga heima í landbúnaðarnefnd, því að ef þinginu dytti í hug að hætta sölu þjóðjarða, þá þyrftu að koma frá stjórninni einhver ákvæði, um erfðaábúð, eða önnur þau ákvæði, er trygðu ábúendum bætur fyrir kostnað, sem þeir hefðu lagt í til umbóta á jörðum. Jeg tel það engum efa undir orpið, að þetta mál sje best komið í landbúnaðarnefnd, jafnvel þótt búast megi við, að hún sje fremur mótfallin frv. en meðmælt. Jeg heyri nú, að þjóðjarðasölumálinu í Ed. hefir verið vísað til landbúnaðarnefndar þar, eins og eðlilegt hlýtur að vera eftir allri afstöðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 1612) í e. hlj.

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 20. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 89).

Framsögum. meiri hl. (Jón Jónsson): Jeg get verið stuttorður um þetta mál; það hefir verið rætt svo mikið áður, að það er að bera í bakkafullan lækinn, að fara nú að halda hrókaræður um það á ný. Nefndin hefir gert grein fyrir áliti sínu á þgskj. 89. Þótt ekki sje gert ráð fyrir öðru í frv. stjórnarinnar en frestun á framkvæmd þessara laga, þá leit nefndin svo á, að tilgangurinn hlyti að vera sá, að hætta með öllu að selja þjóð- og kirkjujarðir, eða afnema lögin með öllu. Nefndin getur ekki fallist á þetta. Það má auðvitað segja, að rjett væri að fresta framkvæmd laganna, þar til matsnefndirnar hafa lokið störfum sínum. Það væri ástæða, sem afsakaði tregðu stjórnarinnar til að selja. En ekki virðist stjórnin leggja áherslu á þetta, enda er nú matið langt komið.

Því hefir verið haldið fram, að einstakir menn geti eignast margar jarðir. Nefndin játar, að það sje ekki heppilegt; þess vegna hefir henni komið til hugar að flytja breyting á lögum um forkaupsrjett leiguliða, er hindri það.

Aðalatriðið í þessu máli er það, að jörðum landsins sje sómi sýndur, og sá tilgangur næst langbest með því að selja jarðirnar. Það sýnir reynslan. Þó að skýrslur vanti um þetta, og margt sje skrifað af hálfu andstæðinga þjóðjarðasölunnar því til sönnunar, að leiguliðar sitji eins vel jarðir og sjálfseignarbændur, þá

er óhætt að fullyrða, að bæði er yfirleitt betri búskapur á sjálfsábúðarjörðum og meiri rækt lögð við jarðirnar.

Frsm. minni hl. (Sigurður Sigurðsson): Það er með mig nú, eins og fyrri, að jeg hefi ekki getað orðið hv. samnefndarmönnum mínum samferða um þetta mál. Álit minni hlutans er stutt, og vísað þar til álits minni hluta landbúnaðarnefndarinnar frá 1915. Jeg vænti, að þeir, sem á öðru máli eru en jeg um þetta mál, hafi kynt sjer það, sem þar er sagt. En nú skal jeg leyfa mjer að bæta við örfáum orðum.

Það er ómótmælanlegt, að flestir bændur, sem hafa fengið keyptar ábýlisjarðir sínar, hafa komist að góðum kaupum á þeim, og sjest það best á því, að allir, sem selt hafa aftur jarðir sínar, hafa selt þær fyrir meira verð en þeir keyptu þær. Flestir stórgrætt á kaupunum. Hvaða rjettlæti sjá menn nú í þessu, að einstakir menn geti fengið eignir hins opinbera með gjafverði, en aðrir ekki, af því að þeir voru ekki svo heppnir að sitja á landssjóðseign? Þessum mönnum er beinlínis gefið fje, sem er eign allrar þjóðarinnar. Jeg fyrir mitt leyti sje enga ástæðu til að hlynna að einstökum mönnum á kostnað allrar þjóðarinnar. Það getur verið, að það vaki fyrir einstöku manni, að halda niðri verði jarðanna með þessu lága verði á landssjóðsjörðum, en þeim tilgangi er ekki náð og verður ekki náð með þessu. Jarðirnar eru alt af að stíga í verði og munu halda áfram að gera það. Og þótt einstöku jarðir hafi verið seldar hærra verði en góðu hófi gegnir, þá mun almenningsálitið vera það, að verð á jörðum sje síst ofhátt yfirleitt, og það er einnig mín skoðun. Það er mjög eðlilegt, að jarðirnar hækki í verði um leið og þær eru bættar.

Meiri hluti nefndarinnar, sem fjallaði um þetta mál, hefir komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að fella frv. stjórnarinnar, og ástæðurnar eru þær *aðallega*, að sjálfsábúð á jörðum geri *mennina betri* og svo sje *miklu betur búið* á þeim jörðum, er sjeu í sjálfsábúð en á leiguliðajörðum.

Jeg verð nú að segja, að mjer þykir það nokkuð hæpin staðhæfing, að sjálfseignarbændur sjeu betri menn en aðrir yfir höfuð, eða að það geri mennina miklu betri, að þeir fái keyptar þjóðjarðir og kirkjujarðir við lágu verði; að minsta kosti hefi jeg aldrei heyrt þess getið fyr en nú. Um hitt, að sjálfseignarjarðir sjeu betur setnar en leigujarðir, má lengi deila, og að minsta kosti er það alveg órannsakað mál. Það liggja engar opinberar skýrslur fyrir um það. Sumir þykjast jafnvel hafa fundið það út, að munurinn sje mjög óverulegur, og einn maður, sem helst hefir kynt sjer það mál, fullyrðir, að munurinn sje svo að segja enginn. Þessi maður er Páll Zóphóníasson, kennari við búnaðarskólann á Hvanneyri. Einstök dæmi sanna líka þessa niðurstöðu í mýmörgum tilfellum. Það má nefna dæmi um það, að leiguliðar sitja sínar jarðir betur en sjálfseignarbændurnir í kringum þá. Það væri mjög fróðlegt að safna skýrslum um þetta efni, en á þeim skýrslum getur meiri hlutinn ekki hafa bygt, er hann skrifaði nál. sitt, því að þær skýrslur eru ekki til enn.

Hv. meiri hluti segir, að vafasamt sje, að smábýlabúskapur þrífist til sveita. Það má vel vera, að það sje vafasamt, en rjett væri að rannsaka það. Það er líka vafasamt, að stórbýlabúskapurinn þrífist nú betur en smábýlabúskapurinn, síðan vinnufólkseklan varð jafnmikil og vinnan svo dýr, sem raun er á. Einyrkinn er nú sumstaðar betur settur en stórbóndinn, sem fær ekki fólk til þess að vinna jörð sína. Vinnufólkseklan og dýrtíðin gerir

það að verkum, að erfitt er nú að búa á stóru jörðunum fólksfreku.

Mín tillaga í þessu máli er þá sú, að stjórnarfrv. sje samþ. Auðvitað þykir mjer það ganga ofskamt, því að jeg vil helst nema lögin um sölu þjóðjarða og kirkjujarða alveg úr gildi. Frumvarpið er þó spor í áttina, og tel jeg því rjett að samþykkja það.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg get ekki annað sagt en að mig furðar á, hvernig umræður hv. þingmanna falla um þetta mál. Menn haga hjer ræðum sínum eins og hjer væri um algert afnám laganna að ræða. En hjer er ekki um annað að ræða en *stutta* frestun á framkvæmd þeirra. Um grundvöll þjóðjarðasölulaganna vil jeg ekki ræða nú. Jeg gæti að vísu lagt orð í belg um það, hvernig lögin hafa reynst, en jeg sleppi því að þessu sinni, því að það mál er ekki hjer á dagskrá.

Í niðurlagi nefndarálits meiri hluta segir svo: „Má telja fult eins álitlegt, að hreppar eigi jarðir eins og landssjóður. Ef sveitarstjórnirnar væru vel á verði, þegar jarðir ganga kaupum og sölum, fjölgaði jarðeignum hreppanna. Væri þá að nokkru bætt úr göllum þjóðjarðasölunnar. Þannig mætti oft afstýra því, að jarðir yrðu eign útlendinga eða braskara. *Getur samt verið, að nýrra laga þyrfti, sem girtu fyrir slíkt*". — Ef nú þessir gallar eru á lögunum, eins og þau eru nú, og þá þarf að laga með nýjum lögum, væri þá ekki ráðlegt að fresta sölunni um tíma, svo að tími ynnist til að laga gallana? Ástæður landsstjórnarinnar fyrir frv. eru ekki langar, en þó vil jeg minna á eitt, sem þar er tekið fram, og það er það, að peningagildi er nú mjög á reiki, svo að ógerningur er að meta jarðir til peninga á þessum tímum, svo nokkuð sje að marka. Það liggja nú fyrir umsóknir um kaup á 56 kirkjujörðum og 36 þjóðjörðum. Á því geta menn sjeð, að hjer er ekki um neina smáræðisfúlgu að ræða. Því miður hefi jeg ekki enn haft tíma nje tækifæri til að leita mjer upplýsinga um, hve mikið er eftir af óseldum jörðum landssjóðs, en mun gera það við tækifæri.

En nú vil jeg spyrja hv. meiri hluta nefndarinnar: Hvað sjer hún hættulegt við að fresta sölunni til næsta reglulegs Alþingis? Jeg get ekkert sjeð á móti því. Hins vegar sje jeg marga kosti, sem það hefir. Setjum t. d. svo, að á þeim tíma hækkuðu jarðir í verði. Þá hefir málið einnig þjóðhagslega hlið. Sömuleiðis má benda á, að hjer liggur nú fyrir þessari hv. þingdeild frv. til laga um erfðaábúð. Mjer þykir auðsætt, að sjálfsagt sje að taka ábúðarlögin til rækilegrar íhugunar og gera það áður en ákveðið er, hvort selja skuli jarðir framvegis eða ekki. Jeg vona, að tími vinnist til að athuga slíka löggjöf nákvæmlega fyrir næsta reglulegt Alþingi. Enn fremur mælir það með frestun laganna, að fyrir 1919 verða komnar fram virðingargerðir fasteignamatsnefndanna, og mun þar mega fá nokkurn stuðning, þegar loks skal ákveða, hvað hæfilegt söluverð jarðanna sje. Á einum þingmálafundi, sem jeg var á í síðastliðnum mánuði, var fallist á að fresta sölu opinberra þjóðeigna þangað til búið væri að fullgera fasteignamatið. Þótt tæplega sje að búast við því, að samræmi verði í matinu fyrir *alt landið*, þá verður þó að minsta kosti samræmi innan hvers hjeraðs, að öllum líkindum. Að endingu má líka taka það fram, að eins og nú er háttað sölu á þjóðjörðum, þá má heita svo, að hagur þjóðarinnar sje þar á móti hag einstakra manna. Því hefir verið haldið fram sem meðmælum með sölunni, að *ábúðarfestan* mundi minka ef jarðirnar væru seldar. En þetta er ekki nægil. rannsakað og því eiginl. sagt út í blá-

inn. Einmitt á þessu atriði veltur þó svo *afarmikið*. Mín þekking á þessu atriði bendir ekki til þess, að ábúðarfestan aukist við sölu opinberra jarðeigna enn; eins og kunnugt er er annars skylt að byggja til *lífstíðar*.

Meðan því engin rök eru færð fram fyrir því, að þjóðarbúinu eða einstökum búendum sje órjettur ger með frumv., nje af því hljóti að leiða nein fjárhagsleg óþægindi, verð jeg að halda því fast fram, að þessi háttvirta deild eigi fyrir sitt leyti að samþykkja það.

Sveinn Ólafsson: Margt af því, sem jeg ætlaði mjer að segja, hefir nú verið tekið fram af hæstv. atvinnumálaráðh. og hv. 1. þm. Árn. (S. S.).

Álit meiri hlutans í nefndinni hefir verið mjer ráðgáta. Jeg efast sem sje um, að taka beri álitið í fullri alvöru. Á frumvarp stjórnarinnar má líta eins og fyrirspurn til þingsins um það, hvort því þyki ráðlegt að halda áfram þjóðjarðasölu eftir sama mælikvarða og áður, meðan verðfall peninga varir. Þessu er alls ekki svarað með nefndarálitinu og eigi að því vikið. Nefndin snýr sjer að annari spurningu, sem ekki liggur fyrir í frumvarpinu, sem sje þeirri, hvort nema skuli úr gildi þjóðjarðasölulögin. Eðlilega verða þá svör nefndarinnar út í hött, og hygg jeg, að þetta stafi af því, að hún hafi eigi athugað aðferð þá, sem fylgt er við mat jarðanna.

Söluverð jarðanna er venjulega reiknað eftir meðalafgjaldi síðastliðinna 10 ára, sem þá er talið 4% af sannvirði eða söluverði jarðarinnar. Þannig verður jörð sú metin til sölu 1000 kr., sem að meðaltali hafa verið goldnar af 40 kr. árlega síðustu 10 ár, og eins þótt nokkur hluti þessa árgjalds sje greiddur með jarðabótavinnu, eins og nú tíðkast á þjóðjörðum, jarðabótum, sem vitanlega koma ábúendum til tekna, en ekki landssjóði.

Sje það nú rjett, eins og margir halda fram, að peningar hafi fallið um 75%, þá er það líka rjett, að þeir, sem kaupa jarðirnar eftir slíku mati, miðuðu við verð peninganna eða afgjöldin fyrir stríðið, fá þær fyrir 25% eða $^1/_4$ af sannvirði.

Um þetta átti nefndin að segja álit sitt, en jeg finn ekkert í nefndarálitinu um það.

Þá skal jeg víkja að nokkrum atriðum í nefndarálitinu. Þar stendur, að þjóðarviljinn sje vafalaust sá, að jarðirnar sjeu seldar samkvæmt gildandi lögum. Jeg tel þetta samt töluvert vafasamt, og get bent á áskoranir um að koma á erfðafestu í stað sölu í 4 þingmálafundargerðum úr Suður-Múlasýslu. Þessar áskoranir voru þó ekki fram komnar að mínum hvötum, og á engum þessara funda mætti jeg. Jeg hygg, að almenningsálitinu sje víða líkt farið.

Önnur fullyrðing nefndarinnar er sú, að því verði ekki mótmælt með rökum, að eignarrjetturinn yfir jörðinni knýi fram alt það besta, sem í manninum býr. Fullyrðing þessi er dálítið brosleg. Mundi sá rjettur í höndum ljensdrottna miðaldanna hafa knúið fram alla bestu eiginleika þeirra? Til þess bendir ekki meðferð sú, sem þeir höfðu á hjáleigubændunum, sem þjakaðir voru eins og þrælar.

Það er enn ein fullyrðing nefndarinnar, að löggjafarvaldið hafi ekkert gert til að bæta kjör leiguliðanna. Töluverð rjettarbót var þó að ábúðarlögunum frá 1884. Og ekki er það lítils virði fyrir leiguliðana að mega inna drjúgan hluta eftirgjaldsins af hendi með jarðabótum, en með þeim skilmálum eru flestar þjóðjarðir bygðar.

Þá kem jeg að þessari setningu: „Eftirlitið með landssjóðsjörðum hefir verið

og er mjög bágborið.“ Það var nánast þessi setning, sem gaf mjer tilefni til aðfinslu, því að hjer er einnig sveigt að mjer. Fróðlegt væri að vita, að hverju leyti eftirlitið er *bágborið*. Eru afgjöldin eigi heimt inn, eða er vanrækt að vinna tilskildar jarðabækur? Orðalagið er svo rúmgott, að margt getur komist fyrir í því. (**Þór. J.**: Það rúmar alla umboðsmenn). Í næstu sveit við hv. frsm. get jeg bent á leiguliða, sem hafa stórbætt jarðir sínar. Af jörðum skal jeg að eins nefna Brekku, Víðivelli og Hrafnkelsstaði í Fljótsdal. Sama má segja um marga í suðursýslunni, en nöfn þýðir lítið að nefna. Eftirlitið með þessum jarðabótum hefir verið auðvelt; ábúendur hafa af eigin hvötum unnið þær, oftast miklu meira en til var skilið, og fundið, að þeim var beinn hagur að því.

Nefndin segist vera í vafa um, hvort smábýlabúskapur í sveit myndi koma að gagni hjer á landi. Hugboð hennar um þetta er engin sönnun, en mörg eru smábýlin til og farnast vel. Nú er það vitanlegt, að fjölda manns skortir jarðnæði, og alment er kvartað um, að fólkið þyrpist í kaupstaði, jarðræktinni til niðurdreps. Jeg sje ekki, að annað ráð sje hentara til að útvega þessu fólki býli en að skifta eignum, sem landssjóður hefir umráð yfir. Ilt væri að kippa burt þessum helsta möguleika til býlafjölgunar.

Nú er á leiðinni frv. um erfðafestuábúð á þjóðjörðum, sem mjer finst stefna í rjetta átt. Aðferð sú hefir annarsstaðar vel gefist. Mjer finst ekki við eigandi að snúast gegn stjórnarfrumvarpinu á þann veg, sem hv. nefnd hefir gert; það er eigi annað en fyrirspurn til þingsins um það, hvort halda skuli áfram sölunni eftir matsmælikvarðanum forna, meðan verðfall peninganna varir. Jeg fyrir mitt leyti er ekki í vafa um, hverju jeg á að svara þeirri spurningu.

Þórarinn Jónsson: Það eru rjett örfá atriði, er jeg vildi drepa á. Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) vitnaði í minni hluta álit frá þinginu 1915. Þar er aðalástæðan móti þjóðjarðasölunni talin sú, að mönnum sje beint gefið fje, þar sem jarðirnar sjeu seldar með altof lágu verði. Hv. 1.þm. S.-M. (Sv. Ó.) gekk svo langt að fullyrða, að jarðirnar væru venjulega seldar fyrir $^1/_4$ af sannvirði þeirra. Það er næstum óhugsandi, að þessar athugasemdir sjeu á rökum bygðar, og alveg fráleitar þar sem jeg þekki til. Í lögum um þjóðjarðasölu er matsmönnunum gert að skyldu að taka tillit til þess, hvað jarðir eru seldar í sama bygðarlagi. Þetta gerir, að þjóðjarðir hljóta að hækka jöfnum fetum og aðrar jarðir. Umboðsmenn eru og ávalt vanir að benda á, ef þeim finst oflágt virt. Þessi tvö atriði ættu að valda því, að jarðirnar kæmust upp undir sannvirði. Hægt væri að nefna mörg dæmi því til sönnunar, að landssjóðsjarðir sjeu ekki seldar miklu lægra verði en aðrar jarðir, eins og fullyrt er. Jeg þekki mörg dæmi til, að stjórnarráðið hafi tekið í sama strenginn, þegar umboðsmenn hafa drepið á, að hagur landssjóðs hafi ekki verið tekinn nægilega til greina. Komi landsstjórnin líka auga á, að matsmenn hafi ekki rækt skyldu sína, getur hún sjálf hækkað verðið.

Hæstv. atvinnumálaráðherra tók fram, að nú væri ekki ástæða til að ræða nein grundvallaratriði þjóðjarðasölumálsins, en frestunin sje ákveðin til þess, að tími vinnist til að ræða síðar vandlega, hvort sölunni skuli hætt eða haldið áfram. Það er náttúrlega rjett að halda þessu fram; frv. nær þá betur fram að ganga. En jeg fæ ekki betur sjeð en að í athugasemdum stjórnarinnar við frumvarpið liggi þessi stefnubreyting til grundvallar, að sölunni skuli hætt.

Það er skylt að líta á, hvílíks misrjettis væri stofnað til með þessu frv. Flestar

betri jarðir hafa þegar verið seldar. Það eru því verðminni jarðir, sem eftir eru. Ef ábúendum þessara jarða er nú alt í einu tilkynt, að jarðirnar fáist ekki, er þeim gert mjög rangt til, ekki síst þar sem fátækt hefir oft valdið, að þeir eru ekki þegar búnir að kaupa ábýlisjarðir sínar, eins og búendurnir á stærri jörðunum.

Stjórnin hefir öll skilyrði til að bæta úr göllunum á meðferð þjóðjarðasölulaganna. Hún getur brýnt fyrir sýslunefndum að fylgja fast fram öllum ákvæðum, er að þeim lúta. Stjórnin getur og sjálf tekið í taumana, hve nær sem henni virðist þörf á, en hún á ekki að teppa söluna algerlega. Ef betri jarðir, sem væru hentugar til að skifta í smábýli, eru falaðar, þarf hún ekki að selja þær, samkvæmt lögunum. En yfirleitt held jeg, að jarðir sjeu betur komnar í höndum einstakra manna en í höndum landsstjórnarinnar. (S. S.: Ekki er það alstaðar á landinu). Víðast hvar er mikill munur. Jeg veit, að hv. 1. þm. Árn. er svo kunnugur um land alt, að hann hefir varla sagt þetta af fullri sannfæringu. Þess eru mörg dæmi, að menn hafi byrjað miklar jarðabætur strax er þeir voru búnir að kaupa.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv.Ó.) hneykslaðist á, að nefndin telur eftirlit með landsjóðsjörðum víðast hvar bágborið. Jeg get staðfest ummæli nefndarinnar. Jeg hefi eigi óvíða orðið var við, að umboðsmenn hafa ekki rækt skyldu sína. Þeim er oft ant um að fá eftirgjaldið og taka sjötta hlutann frá handa sjálfum sjer, en ekki eins um að bæta kjör leiguliðanna, eða að jarðirnar sjeu vel setnar. Jeg hefi rekið mig á, að ýmsar umbætur á landssjóðsjörðunum eru oft einstakasta kák, sem einungis er stofnað til til að ná í styrk, t. d. byggingar. Eins er það þar sem leiguliðar gera af hendi jarðabótaverk upp í eftirgjaldið. Þeir vita ekki, hve lengi þeir sjálfir njóta jarðabótanna; finst þeir bara vera að borga árleg gjöld. Og þá er að sleppa eins ódýrt og hægt er.

Hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) gat þess, að fyrir lægju 80—90 beiðnir um kaup á jörðunni. Jeg hygg, að þar sje mest um smájarðir að ræða. Það væri ekki lítið misrjetti fyrir ábúendurna, ef þeim væru nú bönnuð kaupin alt í einu.

Á það er og að líta, að alt, sem lýtur að námum og námurjettindum, er undan skilið í kaupunum, þegar landssjóðsjarðir eru seldar. Svo að ekki eru líkur til, að landið tapi neinu á að selja jarðir til manna, sem sitja þær betur, er þeir hafa eignast þær sjálfir.

Stefán Stefánsson: Bæði nú og áður er búið að segja margt um þjóðjarðasöluna, sem ekki er þörf á að endurtaka. En af því að óvægileg orð hafa hrotið í garð nefndarálitsins, vil jeg fyrir nefndarinnar hönd svara einstaka atriði.

Sumir hafa gert sjer það að leik að snúa út úr. Minni hl. maðurinn, 1. þm. Árn. (S. S.), sagði, að meiri hlutinn teldi sjálfseignarbændur betri en aðra menn. Um þetta stendur alls ekkert í nefndarálitinu. Sjálfseignarbændur eru auðvitað upp og ofan, eins og aðrir menn. En við segjum, að eignarrjetturinn knýi fram það besta, sem sje í manninum, til dugnaðar og framkvæmda á sinni ábýlis- og eignarjörð. Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sveigði einnig að þessum orðum í nefndarálitinu og sneri út úr þeim, að því er mjer virtist, því að það hlýtur hann þó að skilja, að hjer er alls ekki átt við neitt sviplíka ábúð og hjáleiguábúð þræla á miðöldunum. Nei, með henni verður ekkert sannað, því að hún hefir verið algerlega gagnstæð þeirri sjálfsábúð, sem meiri hluti nefndarinnar heldur fram. Og þar sem nefndin telur sjálfseignarábúð besta tryggingu fyrir því,

að jarðirnar sjeu bættar, þá er eigi nema eðlilegt, að hún haldi því fram, að hagkvæmast sje, til aukinnar jarðræktar og framfara í landbúnaði, að selja þjóðjarðirnar.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) efaðist um, að rjett væri, að eftirlit með ýmsum landssjóðsjörðum væri bágborið, og vildi fá að vita, að hverju leyti slíkt ætti sjer stað. Hvað þetta snertir, þá er mjer kunnugt um, að mjög góð jörð hefir verið bygð sem selstöðujörð bónda á næsta bæ, og af henni flutt bæði taða og úthey svo að miklu nemur árlega. Þegar svona er farið með bestu jarðirnar, er ekki ofdjúpt tekið í árinni að kalla eftirlitið bágborið. Annað dæmi skal jeg nefna, þar sem helmingur töðu og útheys er fluttur af þjóðjörðu, og enginn áburður veittur í stað þessa afrakstrar. Þetta er auðvitað svo frámunalegt, að slíkt ætti ekki að eiga sjer stað. (P. J.: Hefir það verið tilkynt stjórnarráðinu?) Það er mjer ekkert kunnugt um. En um þetta er mjer persónulega kunnugt, og jeg vonast til, að það sýni, að nefndin veður ekki algerlega reyk, þótt hún hafi leyft sjer að fullyrða, að eftirlitið sje ekki sem skyldi.

Annars hygg jeg þessu máli svo farið, að mestur hluti bænda sje hlyntur því, að salan fari fram. Það sýna flestar þingmálafundargerðir. Enda þekkja bændur best, hvílíka þýðingu það hefir, að ábúandinn eigi kotið, sem hann býr á. Hinir, sem aldrei hafa fengist við búskap, skilja það ekki.

Hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) sýndi fram á, hve ólíklegt er, að jarðir sjeu seldar mikið undir sannvirði, þar sem landstjórnin er engan veginn bundin við þá virðingu, sem fram fer í hjeraði, finnist henni rjettur landssjóðs vera fyrir borð borinn.

Það er því að mínu áliti fjarstæða, að jarðirnar, þótt þær verði seldar nú, verði seldar fyrir $^1/_4$ af sannvirði. Því að þrátt fyrir matsverðið hefir stjórnin fult leyfi til að setja verðið upp, eftir því sem hún álítur rjett. En jeg lít svo á, að tilgangur laganna sje ekki sá að neita ábúendum kaupanna, þegar sýslunefndir hafa ekkert sjeð á móti sölunni. Og þar sem þingið 1915 feldi með allmiklum meiri hluta að fresta sölunni, var það sjáanlega tilætlun þingsins, að salan hjeldi áfram.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að lengja umr. Jeg býst við, að hv. framsm. svari andmælendum að öðru leyti.

Jörundur Brynjólfsson: Þegar þetta mál var hjer til 1. umr., ljet jeg það hlutlaust. Nú vil jeg byrja ræðu mína með því að þakka hæstv. stjórn fyrir frestun þjóðjarðasölunnar og sömuleiðis fyrir frv.

Það er við að búast, að skiftar sjeu skoðanir um mál þetta, því að stutt er síðan það kom á dagskrá þjóðarinnar, að hætta þjóðjarðasölu. Menn eru því ekki til fulls búnir að átta sig á málinu.

Meðhaldsmenn þjóðjarðasölunnar halda því fram, að það muni auka jarðrækt og landbúnaðarframfarir, ef sölunni sje haldið áfram. Jeg hefi jafnvel heyrt jarðabætur þær, er gerðar hafa verið á síðustu árum, settar í samband við þjóðjarðasöluna. Menn hafa tekið rögg á sig, er þeir urðu eigendur jarðanna. Vera kann, að einhver rök mætti færa fyrir þessu, en jeg hygg þó, að þar sjeu aðrar ástæður.

Það er öllum kunnugt, er kynt hafa sjer búnaðarháttu á síðustu árum, að tíðarandinn hefir mjög breyst. Menn eru orðnir framtakssamari og duglegri en áður. Held jeg, að það hafi ráðið meiru í þessu efni en það, sem sjálfseignarábúðin hefir aukist. Jeg held, að meðhaldsmenn sölunnar hafi gert oflítið úr göllunum, sem henni eru samfara. Skoðun mín er sú, að hverju landi muni hollast að eiga sem mest af jarðeignum, hvað sem öðrum fyrirtækjum líður. Reynsla annara þjóða

sannar það áþreifanlega, og sömuleiðis okkar stutta reynsla síðan framfarir þær, sem teljandi eru, hófust. Jeg skal nefna eitt dæmi, og það er verðhækkun sú, er leiðir af ýmsum framkvæmdum í stórum stíl, hvort sem gerðar eru af hinu opinbera eða einstökum mönnum. Í grendinni þarf oft að reisa bæi eða dýrar byggingar, sem næst þeim stað, þar sem fyrirtækið er rekið. Fyrir aukna atvinnu fjölgar fólkinu, og því meiri og viðtækari sem atvinnurekstrinn er, þess meiri mannafla heimtar hann. Þetta skapar fólksfjölgun. Fólkið þarf, ef vel á að vera, að fá jarðarblett til umráða. Ekki einungis undir húskofa handa sjer, heldur einnig til ræktunar. En það er erfitt að fá land í námunda við þann stað, þar sem atvinnan er rekin; landið hækkar í verði, og þeir, er vilja fá það, verða að borga meira en þeir geta staðið straum af, ef privatmenn eiga það, eða atvinna þolir. Jeg hygg, að þeir, sem sölunni fylgja, hafi ekki minni trú á framförum hjer á landi en við hinir, en jeg held, að þeir taki ekki nægilegt tillit til ýmiskonar áhrifa, er ýmsar framkvæmdir hafa í för með sjer.

Jeg skal nefna til dæmis verðhækkun jarða hjer í grend við bæinn. Auðvitað er mjer ljóst, að ekki dugir að bera saman jarðir úti um land og hjer í Reykjavík, eins og nú standa sakir. En jeg er þeirrar trúar, að svo muni fara víðar við sjó og ef til vill upp til sveita, að þar verði byrjað á framkvæmdum, og af því leiði verðhækkun. Um aldamótin minnir mig, að öll Arnarhólseignin hafi verið metin á 50.000 kr., en menn geta rent grun í, hvað hún muni kosta nú, er hver feralin er seld á 8—12 kr.

Eitt sinn gafst Reykjavíkurbæ kostur á að kaupa Elliðaárnar fyrir 16 þús. kr. Því boði var hafnað, en svo voru þær keyptar síðar á 140 þús. kr. Árnar höfðu ekki hreyst, en framfarir höfðu orðið, og menn höfðu nú betri skilning á gagni því, er af þeim má hafa.

Skildinganes fjekst einu sinni, að mig minnir, á 5 þús kr. En nú er sagt, að það kosti 50 þús. kr. Landakot var eitt sinn fáanlegt fyrir 14 þús. kr., en nú mun jafnvel óhætt að tífalda þá upphæð eða enn meira. Jarðir hjer í grend, bæði á Álftanesi, Seltjarnarnesi og í Mosfellssveit hafa hækkað mjög í verði. Er það auðvitað vegna þess, að svo nálægt bænum hafa ábúendur þeirra greiðari og betri markað fyrir framleiðslu sína. En eins og jeg drap á áður, bíður þetta vonandi margra staða hjer á Íslandi.

Enn fremur ber að líta á þann ókost, að jarðeignir þessar ganga kaupum og sölum með óeðlilega háu verði. Menn kaupa þær ofháu verði í þeirri von, að framleiðslan borgi. Af því leiðir, að þeir verða að selja framleiðsluna afardýru verði. Þetta vill oft einmitt tefja fyrir framförunum. Vafalaust geta menn hjer í grend við Reykjavík ekki lagt eins mikið í jarðabætur, ef þeir þurfa að leggja svo og svo mikið af arðinum í vexti og háar afborganir. Alstaðar þar sem mikar framfarir verða er hætta á, að eignirnar komist í fárra manna hendur. Þeir eiga þær nokkra stund og halda þeim í afarháu verði. Ef kaupendurnir hafa ekki nóg gjaldþol, verða þeir öreiga. Jarðarverðið helst óbreytt. Lánardrotnarnir, er hafa þær að veði, neyðast til að halda þeim í sama verði áfram.

Svo þegar menn koma og setjast að á þessum stöðum, er ómögulegt að fá jarðnæði, ef einstakir menn eiga jarðirnar. Verðið eða leigan er svo gífurleg, að ekki nær nokkurri átt. Hygg jeg, að hv. landbúnaðarnefnd hefði með nægilegri athugun komist að þeirri niðurstöðu, að þegar sje tími til kominn að hætta þjóðjarðasölu fyrir fult og alt. Hv. 1. þm. Húnv.

(Þór. J.) gat þess, að það væri ósanngjarnt vegna þeirra, er hefðu nú óskað að fá jarðir keyptar. Það er sama sem að segja að ekki megi snúa við, úr því að komið sje út á þessa braut, sem æskilegast hefði verið, að aldrei hefði verið lagt út á.

Jeg tel það besta ráðið í þessu máli að bæta að stórum mun kjör leiguliða, og gera þeim eins hægt fyrir með ábúð og mest má verða. Er jeg viss um, að niðjar vorir mundu kunna oss þökk fyrir að stíga slíkt heillaspor. Meðhaldsmenn sölunnar vitna til þess, að landssjóðsjarðir sjeu svo illa setnar. En það er má ske að kenna þeim kjörum, er ábúendur þeirra eiga við að búa, og svo er alls ekki sama hver ábúandinn er. Jeg hygg, og hefi reyndar vissu fyrir, að margar þjóðjarðir sjeu engu ver setnar en sumar sjálfseignarjarðir. Það mun vera upp og ofan.

Að lokum fá orð viðvíkjandi sjálfsábúð. Jeg þekki stórbændur, er náð hafa eignarhaldi á mörgum jörðum og hafa lagt þær undir aðaljörðina, er þeir hafa búið á, og hafa jarðirnar við það komist í mestu órækt. Svo að þessi tilraun til að auka ræktun í landinu með þjóðjarðasölu getur orðið til hins gagnstæða. Jeg get bent t. d. á jörðina Elliðavatn, sem ekki er bygð lengur, og svo er með margar jarðir.

Pjetur Þórðarson: Hæstv. atvinnumálaráðherra lagði ríka áherslu á, að hjer væri að eins um bráðabirgðafrestun að ræða, og í sambandi við það benti hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) á, að nefndin mundi hafa skotið fram hjá markinu. Fyrir mína þekkingu á sölu landssjóðsjarða, og þá sjerstaklega kirkjujarða, veit jeg, og gæti til nefnt ótal dæmi þess, að sjerhver frestun hefir þá afleiðingu, að jarðirnar verða að bíða eftir umbótum, og menn þeir, er vilja fá þær keyptar, leggja svo að segja árar í bát og reyna ekki að bjarga sjer, er þeir sjá, að þeir geta ekki átt von á að búa að því, er þeir vinna að.

Þeir, sem frestuninni fylgja, segjast vilja bíða þar til þessir óvenjulegu tímar taki að jafna sig og verðmæti peninga komist í sæmilegt horf. Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) reyndi, meira af vilja en mætti, að sýna fram á, að vegna verðfallsins væru jarðirnar seldar fyrir $^1/_4$ af sannvirði, og hjelt sjer auðsjáanlega við verðlag peninga. Nú er því svo farið, að minsta kosti að því er kirkjujarðir snertir, að eftirgjaldið er ekki goldið í peningum, nema þá eftir verðlagsskrá, miðað við landauraverðlag. Afgjaldið hækkar að krónutali, ef goldið er í peningum í stað landaura; það stígur í hlutfalli við verðfall peninganna, hvort heldur það er goldið í ám, gemlingum eða smjöri. Þegar jarðirnar eru seldar, get jeg því ekki betur sjeð en að verðið hljóti að laga sig eftir verðgildi peninganna, þar sem afgjöldin gera það. Þess vegna er rangt að gera ráð fyrir að fresta sölunni, þegar verðfallið hefir lítil eða engin áhrif á afgjöldin.

Annars finst mjer þeir, er talað hafa með frv., hafa haldið fram tveim andstæðum sínu máli til stuðnings. Annars vegar mæli það móti sölunni, að ef hætt væri við hana, megi þegar þörf krefur, skifta jörðunum milli jarðnæðislausra manna, er þurfa land til að lifa á. Hins vegar sje það og móti sölunni, að hægt sje að tryggja ábúendum ábúð fyrir þá alla æfi, og jafnvel niðjum þeirra. Þetta finst mjer hvað móti öðru. Ef tryggja á ábúendum og niðjum þeirra sömu kjör og ef þeir ættu jörðina sjálfir, sje jeg ekki, hvernig menn ætla að halda jörðinni tilbúinni til skifta, hve nær sem vera skal. (Sv. Ó.: Þegar ábúendur skifta!) Ekki ef um erfðafestu er að ræða.

Annars vildi jeg bæta því við, að jeg get verið þakklátur hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) fyrir það, sem hann var að hjala um þetta

mál, því að jeg vænti þess, að það hjálpi nokkuð til að sálga fylgi deildarinnar við þá skoðun, er hann virtist vilja leggja liðsyrði.

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að jarðirnar væru óhæfilega lágt seldar. Getur verið, að svo sje, en þá verð jeg að telja það stjórnarinnar sök. Hún hefir óbundnar hendur, og getur breytt verðinu eftir því, sem hún telur rjett. Sje þetta ekki gert sem skyldi, ber stjórnin sökina. Jeg tel ekki heldur rjett að hneykslast á því, þótt einstakir menn græði á jarðakaupum. Það er gróði alls landsins, og hægt að ná sjer niðri á þeim mönnum með hærri sköttum til hins opinbera. (**Atvinnumálaráðh.**: Vill þingmaðurinn færa þessa setningu til allra viðskiftagreina þjóðfjelagsins?) Það er annað mál.

Jeg sje ekki, að hjer sje nein hætta á ferðum. Því að þótt hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) segði, að söluverðið væri miðað við eftirgjaldið, þá getur stjórnin farið eftir hvaða reglu sem hún vill, ef hún vill kynna sjer, hvers virði jarðirnar eru, t. d. fengið sjer upplýsingar hjá þeim mönnum, sem kunnugastir eru.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hjelt því fram, að þær jarðir, sem eru í sjálfsábúð, væru ekki betur setnar yfirleitt. Bar hann fyrir sig, sínu máli til stuðnings, ritgerð eftir mann, sem um þetta efni hefir ritað, Pál Zóphóníasson. Jeg efast ekki um, að staðhæfing þessi sje bygð á einhverri reynslu, því að sjálfsagt getur reynsla manna verið misjöfn. En hvað, sem um það má segja, þá verðum við að halda við okkar eigin reynslu, þótt hún fari í gagnstæða átt. Í því efni verður hver að hafa sína skoðun. Jeg veit það og skal fúslega viðurkenna, að sumar leigujarðir eru prýðisvel setnar. En það er ekki aðalreglan. Langalgengast mun það vera, að góður búskapur, húsabætur og jarðabætur sjáist á jörðum sjálfseignarbænda, eins og meiri hluti nefndarinnar heldur fram. Það er aðalreglan, hvað sem hver segir.

Hæstv. atvinnumálaráðh. þótti aðferð nefndarinnar einkennileg. Lýsti hann yfir því, að það væri ekki tilgangur stjórnarinnar að hætta þjóðjarðasölu fyrir fult og alt. En líklegt þykir mjer, að það búi undir, þótt að eins sje farið fram á frestun að þessu sinni. Jeg get ekki heldur annað en litið svo á, að það sje blátt áfram skylda landsstjórnarinnar að selja þjóðjarðir eða kirkjujarðir, hve nær sem um það er sótt og hlutaðeigandi sýslunefnd mælir með sölunni. -- Mál þetta hefir hvað eftir annað komið til umræðu hjer í þinginu, og ávalt hefir meiri hluti þingmanna verið með sölunni. Stjórnin verður að taka tillit til þess.

Jeg skal játa það, að nokkuð mælir með því, að sölu jarðanna sje frestað nú, meðan jarðamatið nýja er á leiðinni, þar sem hugsanlegt er, að verðlag jarðanna breytist eitthvað við það. En það er ekki nægileg ástæða til að koma allri þjóðjarðasölu fyrir kattarnef, eins og virðist vaka fyrir stjórninni.

Þá drap hæstv. atvinnumálaráðherra enn fremur á það, að ekki væri rjett að halda þjóðjarðasölunni áfram fyr en ábúðarspursmálið væri leyst á einhvern hátt. Það er alveg rjett, að brýna nauðsyn ber til þess að ráða fram úr þessu máli. Jeg veit ekki, hvort landbúnaðarnefndinni vinst tími til að taka það mál til svo rækilegrar meðferðar, að hún sjái sjer fært að koma fram með það í frumvarpsformi á þessu þingi. Enda varla ráðlegt að ráða því máli til lykta, án þess að leita undirtekta þjóðarinnar áður. Það er alveg óhæfa að hafa ábúðarlögin eins og þau eru. Þau eru hreinasta hneyksli og þjóðinni til stórrar minkunar. Verður

því aldrei ofmikil áhersla á það lögð, hvílíka nauðsyn ber til þess að leiða lögin um ábúð leigujarða í rjetta átt. En hversu vel sem frá því verður gengið, þá kemst ábúðarlöggjöfin aldrei í það horf, að leiguliðaábúðin jafnist á við sjálfsábúð. Maðurinn, sem býr á sinni eigin jörð, verður altaf ánægðari, hefir meiri kraft og hvöt til að gera jörðinni gott en leiguliðinn getur haft. Það er því sjálfsagt að stuðla að því, að sjálfsábúðum fjölgi.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) er á móti þjóðjarðasölunni. Mig getur ekki á neinn hátt furðað á því, að hann vilji reyna að halda í aurana, sem hann fær í umboðslaun. Hann er umboðsmaður landssjóðsjarða, og sjer sjer því engan óhag í því, að sölu þeirra sje hætt. Hann sagði vafasamt, hvort þjóðin óskaði þess, að þjóðjarðasölunni væri haldið áfram. Jeg segi það óhikað, að allur fjöldinn vill, að jarðirnar sjeu seldar. Hitt eru að eins einstaka menn, sem því eru mótfallnir. Satt að segja hjelt jeg, að þingmenn utan af landi þektu svo vilja manna í þessu efni, að um það þyrfti ekki að deila.

Þá hneykslaðist háttv. þm. á ummælum þeim í nefndarálitinu, er víkja að starfi umboðsmanna. En býsna mörg dæmi mætti nefna þeim orðum til stuðnings. Það sje fjarri mjer að drótta því að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að hann standi ekki vel í stöðu sinni, og yfirleitt mun óþarfi að gefa umboðsmönnunum að sök, þótt eftirlitið sje ekki eins fullkomið og þörf er á. Það er erfitt verk, þar sem jarðir liggja dreift, að hafa eftirlit með því, hvernig þær eru setnar. Er varla hægt að ætlast til, að menn, sem hafa og verða að hafa umboðsstarfið fyrir aukastarf, geti rækt það sem skyldi. Þeir koma sjaldan á jarðirnar, og vita lítið um, hvort ábúendur vinna það að jarðabótum, sem af þeim er krafist. Óþekt mun það ekki heldur, að einstöku umboðsmenn sjái í gegnum fingur með sumum ábúendum. — Háttv. þm. nefndi dæmi úr Fljótsdal um vel setnar jarðir í umdæmi hans. Upplýsingar hans eru eflaust rjettar. En hitt er mjer líka kunnugt um, að hlutaðeigandi ábúendur vilja fá jarðir sínar keyptar. Það veit jeg að minsta kosti fyrir víst um bóndann á Hrafnkelsstöðum, og svo mun vera um fleiri.

Hvað viðvíkur atriði því, sem hv. 1. Reykv. (J. B.) lagði mesta áherslu á, að hættulegt væri ef einstakir menn sölsuðu undir sig margar jarðir, legðu hjáleigur undir höfuðbólin og ljetu jarðeignir ganga kaupum og sölum, þá skal jeg fúslega játa, að þessu þarf að afstýra á einhvern hátt. En sjálfsagt má afstýra því með öðru móti en því að hætta þjóðjarðasölunni, og eins er það líka víst, að slíkt jarðabrask getur átt sjer stað eftir sem áður, ef ekki er gripið til annara ráða. En út í það skal ekki farið hjer.

Jeg hefi þá tekið fyrir helstu ástæður þeirra þingmanna, er reynt hafa að hrekja álit meiri hluta nefndarinnar, og verð jeg að álíta, að nefndarálitið standi óhrakið. — Lengi má deila um það, hve æskilegur smábýlabúskapurinn er. Og hvað skiftingu jarðanna viðvíkur, þá er ekki sjeð, að mjög ilt yrði að semja við jarðeigendur fyrir þá, sem setjast vildi að í sveit og fá sjer horn til að búa á.

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. ágúst, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Fjármálaráðherra (B. K.): Það virðast vera hjer á þingi mjög skiftar skoðanir um þetta mál. Já, meira að segja svo skiftar, að verði frv. felt nú hjer í deildinni, þá geri jeg ráð fyrir, að í hinni deildinni komi fram tillaga um sama mál, sem fari í mjög líka átt og þetta frv. Þegar fylginu er svona skift, þá tel jeg það alveg sjálfsagt, að stjórninni sje gefinn frestur til þess að íhuga málið frekar og láta í ljós tillögur sínar, ef hún gæti komið fram með einhverjar þær, sem allir gætu unað við. Þessi frestur, sem stjórnin fer fram á að fá, er ekki heldur svo langur, að ekki megi allir vel við una, hverja skoðun sem þeir annars hafa á þessu máli. Það verður væntanlega aukaþing á næsta ári, og virðist mjer einsætt að fresta sölunni að minsta kosti þangað til, því að ekki verður þó sagt, að 1 ár sje langur tími í allri landbúnaðarsögu landsins. Það hafa sumir, sem um þetta mál hafa talað, ekki lagt mikið upp úr lækkun peninga. Þetta er ekki rjett, því að einmitt á þessu byggist krafan um frestun á framkvæmd laganna.

En á hverju byggist nú krafan um að selja jarðirnar? Jeg held, að hún byggist á því, að ábúendurnir krefjast þess, að þeim líði vel, að þeir njóti vinnu sinnar og sje trygð ábúðin á jörðinni. Ef það væri hægt að koma þessu þannig fyrir, að öll þessi gæði væru trygð, án þess að jarðirnar yrðu seldar, þá trúi jeg varla, að nokkrum blandist hugur um, að það væri ólíku æskilegra. Og satt að segja þykir mjer mjög líklegt, að hægt sje að koma þessu svo fyrir, að allir verði ánægðir án þess að þeir fái jarðirnar keyptar.

En auk þess er það, að þjóðjarðasalan veitir enga tryggingu fyrir því, að jarðirnar haldist áfram í sjálfsábúð. Hún veitir heldur enga tryggingu fyrir því, að útlendingar kaupi ekki jarðirnar hópum saman. Þetta er ekki hægt að tryggja, ef nú þegar er haldið áfram að selja jarðirnar, og því er nauðsynlegt að hugsa sig vel um.

Nú veit enginn nema hallæri standi fyrir dyrum, en hitt vita allir, að Íslendingar eru ekki verulega þolgóðir, þegar slíkt ber að höndum. Það eru því öll líkindi til, að jörðum í sjálfsábúð mundi fækka ef hallæri yrði. Það er heldur engin von að menn sjeu þolgóðir því að það hefir nú langa lengi verið alment prjedikað fyrir mönnum, að ómögulegt sje að lifa á þessu landi sökum ófrelsis og að enginn eigi að hugsa um neitt nema munn og maga. Jeg veit það líka af eigin reynslu, síðan jeg varð bankastjóri, að margir hafa keypt ábýlisjarðir sínar sjer í óhag, því að þeir hafa orðið að rýra bústofninn til þess að borga af jörðinni. Þessum mönnum væri miklu betra að fá jörðina lánaða með góðum kjörum; fátækum mönnum væri miklu meiri styrkur að því fyrirkomulagi.

Af því að skoðanamunurinn er svona mikill, virðist mjer einsætt, að vjer eigum ekki að rasa fyrir ráð fram og fleygja burt þessum 80 jörðum, sem nú er búið að biðja um til kaups.

Þórarinn Jónsson. Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) byrjaði ræðu sína á því, að fresta þyrfti framkvæmd þessara laga, sökum þess, að stjórnin þyrfti að hugsa um málið. Jeg fæ nú ekki sjeð, um hvað hún ætlar að hugsa. Hún getur ekki hugsað um annað en það að hætta með öllu að selja þjóðjarðirnar; því að það er áreiðanlega meining stjórnarinnar; það sjest bæði af gerðum og ræðum hennar. En um hvað þarf hún að hugsa. Hún hefir nú töglin og hagldirnar og þarf ekki að selja jarðirnar nema við því verði, er hún, að fengnum bestu upplýsingum, álítur hæfilega sett, eftir því ástandi sem nú er. Og er því alveg fallin sú ástæða.

Þá mintist hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) á verðfall peninganna og sagði, að á því bygðist krafan um frestunina. Þetta hefir nú verið þvælt hjer í deildinni áður og ljóslega sýnt fram á, að þetta er ekki rjettmæt krafa, því að ekki er til neins að deila um það, að við matið, sem nú er að fara fram, er einmitt tekið tillit til verðfallsins á peningum og jarðirnar metnar eftir því. En hitt má taka fram, að menn úti um land eru ekki orðnir svo lærðir í braskara og svindlara geypi, að þeir hagi sjer neitt líkt því, sem menn gera hjer undir handarjaðri stjórnarinnar eða hjer í kringum Reykjavík. Þarf því ekki að hugsa, að mat á jörðum úti um land, nú við jarðmatið, hækki neitt líkt því sem menn hjer búast við, sem ekki hafa nema ofgar við að styðjast. Í sambandi við þetta get jeg ekki annað en sagt frá einu dæmi upp á það, hver óhlutvendni er viðhöfð frá þeirra hendi, sem nú berjast á móti þjóðjarðasölunni. Því hefir verið dreift út hjer í þinginu, að eignarjörð mín, sem áður var kirkjujörð, hafi verið seld mjer samkvæmt virðingu fyrir 4000 kr., en nú sje hún virt fyrir 11,000 kr. En hins hefir gleymst að geta, að síðan jeg keypti jörðina hefi jeg látið gera þar íbúðarhús úr steini og auk þess peningshús að nýju, sömuleiðis úr steini. Auðvitað voru nokkur hús á jörðinni þegar jeg keypti hana, en þau voru sára lítils virði. En sannleikurinn í þessu máli er sá, að jörðin sjálf er nú ekki hærra metin en þegar jeg keypti hana, því að byggingarnar eru yfir 7000 kr. virði, og svona mun vera víðar um sögusagnir þær, sem ganga um þjóðjarðasöluna.

Þá mintist hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) á það, að óheppilegt væri, að margar jarðir söfnuðust á einstakra manna hendur, eða þá að útlendingar keyptu þær hópum saman. Það er alveg rjett, að þetta hvorttveggja er óheppilegt, en það verður ekki bætt úr því með því að hætta nú að selja, þegar flestar jarðirnar eru þegar seldar. Það verður að koma í veg fyrir þetta með öðrum ráðum, og sýnist ekki vera stórannmörkum bundið, eins og áður hefir verið bent á. En annars þykir mjer það ekki sitja sem best á stjórninni að koma fram með þessa ástæðu, þegar hún hefir látið mæla út lóðir handa 15 Norðmönnum til þess að reka síldveiði norður í Strandasýslu. Þar sem hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) talaði um, að menn ættu að geta orðið eins ánægðir í leiguábúð, þá vil eg spyrja: Hví hefir landsstjórnin ekki gert leiguliðana ánægða, þar sem hún þykist stöðugt vera að vinna að þessu? Hví biðja menn um kaup á jörðunum?

Satt að segja skildi jeg ekki það, sem hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) var að tala um, að menn væru óþolnir í hallæri. Ef hann vill taka það sem röksemdir á móti þjóðjarðasölunni, þá verður hann fyrst að sanna, að landsetar landssjóðs sjeu þolnari en þeir, sem sitja á sjálfs sín eign. En það hygg jeg, að engin fjármálaráðherra geti, svo að honum er ekkert niðrað með því. Í þessu sambandi mintist hann líka á það, að nú væri prjedikað fyrir þjóðinni að hugsa ekki um neitt nema munn og maga. Skyldi hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) ekki þykja fækka ábúendum á þessum loflegu landssjóðsjörðum, ef menn hættu alment að hugsa um þá hluti. Því að það hefir ekki enn verið fram borið sem ástæða móti þjóðjarðasölu, að þjóðjarðalandsetar þyrftu ekkert að eta.

Það var ekki heldur rjett, sem hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) sagði, að menn keyptu jarðir sínar sjer um megn. Það gera menn ekki af þeirri einföldu ástæðu, að borgunarskilmálarnir eru svo góðir, að menn vita tæplega af annari greiðslu en þeirri fyrstu. Árleg afborgun og vextir er ekki meira en vanalegt eftirgjald.

Jeg skal svo ljúka máli mínu með því að taka það enn einu sinni fram, að menn gera sjer miklu meir far um að sitja jarðir sínar vel, ef þeir hafa sjálfir eignarhald á þeim. Þjóðjarðasalan hefir því ómótmælanlega lyft undir ræktun landsins, og hefti stjórnin nú söluna, þá fremur hún hið gífurlegasta ranglæti gagnvart þeim, sem sótt hafa um kaup á jörðum sínum, saman borið við aðra, sem þegar hafa fengið þær.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi gera stuttlega grein fyrir því, hvers vegna jeg muni greiða atkvæði með þessu frv.

Það hefir verið mikið um það talað og altof mikið úr því gert, að jarðir í sjálfsábúð sjeu betur setnar en leigujarðir. (**Þór. J.**: Öðru nær!) Það er ekki öðru nær. Þeir þurfa ekki að láta svo, sem þeir viti ekki, að leiguliðarnir rækta ábýli sín ekki síður en hinir. Hinu neita jeg ekki, að ríkari hvöt sje hjá þeim til að bæta jarðirnar, sem sitja á sjálfs sín eign. En úr þessu má bæta, þótt jarðirnar sjeu ekki seldar. Jeg get bent á eina einfalda aðferð. Hún er sú, að leiguliðar skuli allir hafa æfiábúð og auk þess eiga það, sem þeir hafa bætt jarðir sínar. Jeg hygg, að þetta yrði leiguliðunum hagkvæmara, því að þeir gætu þá búið stærra búi, þegar þeir þyrftu ekki að setja lánstraust sitt í að kaupa jörð sína. Með þessu móti yrðu leiguliðar betur settir en hinir, svo að ranglæti það, sem hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), var að tala um, er ekki til. Til þess nú að gefa stjórninni frest til að koma þessu fyrirkomulagi á, vil jeg samþykkja þetta frv. Það er líka mjög heppilegt að nota þennan hallæristíma til þessa, því að nú hafa peningastofnanirnar nóg annað við peningana að gera en að lána þá til jarðakaupa. Þegar svo stjórninni hefir unnist tími til að koma fram með tillögur sínar, þá vil jeg fella þjóðjarðasölulögin úr gildi og búa til önnur lög um það, að landið kaupi aftur þær jarðir, sem það hefir nú selt.

Íslenska ríkið ætti að kaupa landið alt, svo að það væri þess eigin eign. Með því móti væri hægt að fá mönnum jarðnæði með góðum kjörum fyrir þá, og landssjóður þyrfti þá minna að lifa á vasaþjófnaði þeim, sem „tollar“ nefnast. Þá væri hægt að leggja á landið sjálft. Þingið myndi þá losna við öll tollafrv., sem því er verst plága að ár frá ári.

Þá kem jeg að tryggingunni fyrir því, að landið haldist í sjálfsábúð. En það er mest um vert. Hvaða trygging er nú fyrir því, að jarðir, sem seldar eru, haldist í sjálfsábúð? Engin! Kaupendur jarðanna og ábúendur geta selt, á hvaða degi sem er, jarðir sínar útlendum gróðafjelögum, sem ná vildu í fossa eða önnur rjettindi, sem fylgja jörðunum, (**Þorl. J.**: Fossar eru undan skildir) svo sem námurjettindi. (**Þorl. J.**: Öll námurjettindi eru líka undan skilin). Það geta engu að síður verið námur í landinu, sem ókunnugt er um, þegar selt er (**Þorl. J.**: Þær eru líka undan skildar). Það er ekki til neins að koma með slíkar fullyrðingar. Dómurinn fellur ekki eftir þeim. Eins og sagt var er það ekki trygt, að menn selji ekki öðrum ábýli sín, og því jafnótrygt, að þau haldist í sjálfsábúð. Það þyrfti að tryggja, að landið sje óseljanleg eign, eins konar óðal, bundið við ættina með lögum. Hins vegar væri þetta ekki trygging fyrir, að afkomendur þess, sem kaupir, verði dugandi menn. En ef landssjóður leigði jarðirnar með kjörum, sem jeg nefndi fyr, þá væri meiri trygging fyrir, að landið hjeldist í góðri rækt, því að hægt væri að reka dáðleysingjana af jörðunum. Á síðari tímum hefir margur látið ginna frá sjer eignir sínar í hendur gróðafjelaga, útlendra að formi og efni, eða að minsta kosti að efninu til. Það ætti og að vera

góð trygging fyrir, að slíkt gæti ekki átt sjer stað, ef þingið hefði umráð jarðanna. Það væri ekki sennilegt, að löggjafarsamkoma, sem svo er skipuð sem þessi, ljeti gjana af sjer hafnarstæði eða annað, sem þýðingu hefir fyrir land og lýð. En þetta er algengt um einstakra manna eignir.

Jeg held því, að rjett sje að fresta nú framkvæmd á lögunum um þjóðjarðasölu. Stjórn og þing gæti þá hugsað sig vel um til næsta þings, en þá yrði málið tekið upp til reglulegrar meðferðar. Stjórninni ætti að gera að skyldu að rannsaka málið og leggja tillögur um það fyrir þing, sem að líkindum verður á næsta sumri. Þá gæti þingið gert eitthvað, sem gagn væri í, ekki að eins til að bæta rækt jarðanna, heldur og til að fyrirbyggja, að við verðim þrælar útlendinga í okkar eigin landi. Heyrt hefi jeg, að enn sjeu á sveimi ráð, sem miðað gætu til þess, þótt ekki viti jeg nánar um það. Það yrði skuldaríkt fyrir sögunnar dómi, ef menn gerðu þjóð sína að landlausum lýð. Þungur væri sá reikningur, ef við seldum öll þau rjettindi, er að gagni mættu verða. Full ástæða er því til að ráða þessu máli ekki til lykta nú þegar, heldur gefa sjer umhugsunartíma til næsta þings.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er orðið langt síðan fyrri partur umræðunnar stóð yfir. Jeg stóð upp til að taka undir þau orð hv. 1. þm. S.-M. (Sv.Ó.), að þetta frv. sje ekki annað en fyrirspurn til þingsins um, hvort ekki skuli frestað þjóðjarðasölunni, svo að tími gefist til að íhuga, hvort henni skuli hætt eða haldið áfram. Um hitt, hvort rjett sje að halda áfram eða hætta að selja, er ekkert sagt í frv. Þess vegna er það óþarft að vera nú að fara út í þá sálma.

Það vakti fyrir stjórninni, að peningaverðið er svo óvíst nú, að rjett væri að bíða nokkra stund til að sjá, hvort það festist ekki. Ef hv. deild fellir frv., verður sölunni haldið áfram, og það verður á ábyrgð deildarinnar, ef landssjóður biður skaða af sölunni. Annað en þetta vakti ekki fyrir stjórninni með þessu frv.

Hitt er annað mál, að ráðuneytið er á þeirri skoðun, að heppilegast sje að hætta sölu þjóðjarða. Jeg teldi heppilegast, að það kæmist á, að landið eða þjóðin ætti allar jarðeignir. En það mun eiga langt í land. Það er fyllilega rjett, að landssjóður þarf að eignast sem víðtækastan forkaupsrjett að öllum jarðeignum. Margt bendir og til, að hugur landsmanna sje að hverfa frá þjóðjarðasölunni. Á fundi sýslunefndar Árnessýslu kom það fram í vetur, að sýslunefndin teldi sjer að vísu ekki fært að neita um meðmæli með sölu á kirkjujörð, sem þá var föluð, en nefndin teldi sölu þjóðjarða þó yfirleitt óholla og óráðlega.

Jeg vildi bara leggja áherslu á, hvað hjer er eiginlega um að ræða, og taka undir með hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Jeg get ekki sjeð, að hægt sje að ámæla stjórninni fyrir, að hún vildi skjóta þessu máli til þingsins.

Sveinn Ólafsson: Við fyrri hluta þessarar umræðu fjekk jeg ekki tækifæri til að svara fyrir mig.

Jeg hafði fundið að því, að meiri hluti landbúnaðarnefndar taldi það eina ástæðuna með þjóðjarðasölunni, að eftirlit með þjóðjörðum væri yfirleitt mjög *bágborið*, eins og hún komst að orði. Út af þessari aðfinslu minni fór hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) að segja dæmisögur af því, hve afarljelegt eftirlitið væri, og lýsti því svo, að þjóðjarðir væru niður níddar og án húsabóta. Jeg efast ekki um, að sögurnar, sem hann sagði, sjeu sannar, þar sem hann þekkir til. En getsakirnar í nefndarálitinu áttu þar fyrir ekki við. Miklu væri sæmra að kæra yfir þeirri meðferð jarðanna, sem hann nefndi, en að snara

því fram á þessum stað, eins og almennri ásökun. Sje slíkt rjett, þá er að ræða um svik í opinberu starfi og það vítaverð, en hitt er fortakslaust rangt, að kasta því fram sem getsök, sem hittir þá, sem ekki eiga hlut að máli. Hv. 1. þm Húnv. (Þór. J.) tók það þá einnig fram, að eftir því sem hann vissi til væri það aðalstarf umboðsmanna að heimta inn afgjöld jarðanna og hirða sinn hluta af þeim. Jeg get ekki fundið út úr þessum orðum hans annað en kala til einhvers umboðsmanns, sem hann vill kasta að hnútum. En jeg fortek, að þetta sje mjer ætlað, því að altaf hefir fallið vel á með okkur síðan við urðum sessunautar. Hitt getur vel satt verið — og átti þó eigi við að nefna hjer — að einhver einstakur umboðsmaður hafi ekkert annað að gera en hirða laun sín og krefja afgjöldin, t. d. þar sem örfáar jarðir eru eftir óseldar, óseljanlegar, vel setnar og í fastri ábúð.

Það kom skýrt fram við fyrri hluta umræðunnar, og enn kom það fram nú í umr., að sumum finst það rangsleitni gagnvart þeim, sem þegar hafa beðið um að fá jarðir sínar keyptar, ef hætt væri nú að selja þjóðjarðir, og að slíkt myndi átakanleg vonbrigði. Á þetta get jeg ekki fallist, og síst, að slík vonbrigði nálgist nokkuð þau vonbrigði, sem aðrir bíða á þessum árum. Útgerðarmenn hvarvetna á landinu hafa ráðið menn og gert út skip og báta í þeirri von, að nauðsynlg tæki fengjust. Nú brestur salt, olíu og margt annað, og þessir menn standa ráðþrota. Þeirra vonbrigði eru margföld. — Nýlega barst í skeyti sú fregn, að útflutningur frá Bandaríkjum væri bannaður hingað. Það voru alþjóðar-vonbrigði. En hitt get jeg ekki kallað vonbrigði eða rangsleitni, þótt manni, sem hefir fasta ábúð á jörð, og jafnvel von um erfðaábúð á henni, sje neitað um kaup á henni.

Jeg skal geta þess í þessu sambandi, að landssjóður er nú kominn í skuld, sem nemur miljónum, skuld, sem stafar af dýrtíðinni og enginn veit hve nær verður hægt að borga. Vel getur svo farið, að hann þurfi enn að bæta við þessi lán og fara á fremstu grös með lánstraust sitt. En ef einhvern tíma þyrfti á tryggingu að halda, þá hefir landsjóður ekki annað boðlegra en fasteignir.

Þeirri kenningu hefir töluvert verið hampað í seinni tíð, að peningar hafi *ekki fallið* í verði. Meðal annars hefir sú kenning komið fram í viðlesnu blaði hjer í Reykjavík, og þessi kenning á að rjettlæta þjóðjarðasölu á þessum tíma. Hana er reynt að sanna með því, að sama renta sje borguð af peningum eins og áður. En það liggur í hlutarins eðli, að peningar falla ekki í verði gagnvart sjálfum sjer; það á að bera þá saman við verð á vöru, fjenaði o. s. frv. Fáist minna af öðrum gæðum fyrir peningana en áður, þá hafa þeir fallið í verði.

Jeg hafði vænst þess, að hv. landbúnaðarn. legði til, jafnframt sölu þjóðjarða, að breytt yrði hinum forna matsmælikvarða. Nú er í raun og veru miklu betra að kaupa jörð en fyrir 7—8 árum, einmitt vegna þess, að verðmiðillinn er fallinn í verði að miklum mun. Mjer hefði virst það eðlileg afleiðing af þeim skoðanamun, sem komið hefir fram, að þessum gamla mælikvarða hefði verið gerbreytt, og fyrst þá haldið áfram að selja.

Framsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Jeg vil finna að því, hve lengi hefir dregist að koma þessu máli aftur til umræðu. Jeg skil ekki, að nokkur ástæða hafi verið til þessa dráttar, nema það hafi verið gert vegna stjórnarinnar.

Nokkuð kynlegt finst mjer, að hv. þm. Dala. (B. J.) hefir nú aðra skoðun á þessu máli en hann hafði 1915. Hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) varaði deildina við að

snúast gegn þessu máli, áleit að þm. þyrftu að hugsa sig vel um, vegna þess, hve margar jarðir hefir verið sótt um til stjórnarráðsins; þær yrðu allar seldar ef frv. væri felt. Þessu er ekki öðru en því að svara, að meiri hluti nefndarinnar heldur því eindregið fram, að frv. eigi að fella og selja jarðirnar óhikað. Vera má, að við sjeum nú orðnir í minni hluta hjer í deildinni, en þetta er okkar skoðun og meiri hluta allra bænda á landinu. Það er nokkuð djarft af mönnum, sem aldrei hafa við búskap fengist, að fullyrða nokkuð um þetta efni.

Vel mætti ganga svo frá, að jarðir, sem seldar eru, komist ekki úr sjálfsábúð eða safnist á hendur útlendra eða einstakra innlendra manna. En til þess þarf að gera forkaupsrjettinn víðtækari.

Það er alveg rjett, sem hæstv. forsætisráðherra sagði, að ekki er hægt að ámæla stjórninni fyrir að bera fram frv. Stjórnin hefir farið svo hógvært í sakirnar með frumvarpinu, að við framkomu hennar er ekkert að athuga.

Í umræðunum hefir komið fram sú skoðun, að ekki ætti að eins að hætta að selja þjóðjarðirnar, heldur ætti og að koma sem flestum jörðum í hendur landsstjórnarinnar. Þetta er einkennileg skoðun, hálfgerður „socialismus“, að því er mjer helst virðist.

Það er hinn mesti misskilningur hjá hv. þm. Dala. (B. J.), að það sje nauðsynleg sjálfstæðisstefna að koma öllum jörðum undir landssjóð og gera bændur að leiguliðum. Þótti mjer þetta sjerstaklega einkennilegt hjá þessum hv. þm., sem lætur sjer svo ant um sjálfstæði landsins. Hann hlýtur þó að finna, að aðalskilyrðið fyrir sjálfstæði þjóðarinnar er, að einstaklingarnir sjeu sem sjálfstæðastir. Svona hefi jeg skilið hugsanagang hans áður, en nú virðist hann vera búinn að snúa við blaðinu.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) leit einkennilega á veðhæfi landssjóðs. Jeg hefi aldrei heyrt áður, að það væri lífsspursmál fyrir landið að hafa jarðir, til að geta lagt að veði fyrir lánum erlendis. Þá gefur að skilja, að rekið getur að því, að landið verði alt ofurselt útlendu peningavaldi, ef sú leið er farin; lengra má ekki fara í því efni en að gefa veð í tekjum landsins, og er þó fullangt gengið.

Lengi má þrátta um það, hverjar jarðir eru best setnar, hvort heldur þær, er leiguliðar búa á, eða sjálfseignarbændur. Um það höfum vjer ekki fullkomnar skýrslur. En þeir, sem búa úti um sveitir, álíta, að sjálfseignarbændur sitji betur jarðir sínar, láti sjer annara um þær og sjeu ánægðari með lífið en hinir. Og einmitt þessir erfiðu tímar geta leitt til þess, að menn flosni upp og flæmist burt úr sveitunum, einkum ef þeir eiga ekki jarðirnar. Og það eitt ætti að vera næg ástæða til að láta menn hafa jarðirnar til sjálfsábúðar, að þeir leggja þá meiri stund á ræktun landsins. Menn eru víst sammála um mikilvægi þess, að menn sjeu heldur kyrrir í landinu, og geri sitt til að rækta það, en flæmist ef til vill í aðra heimsálfu.

Jeg veit, að stjórninni má vera nokkurn veginn sama, þótt þetta frv. verði felt. Hún gefur að vísu í skyn í umr., að hún vilji, að þjóðjarðasölu sje hætt, en tekur samt svo laust á málinu, að hún mun ekki taka sjer nærri, hvernig um það fer. Og hver svo sem afstaða hennar er til sölu landssjóðsjarða, mun jeg óhikað halda fram þeirri skoðun, að deildinni beri að leggjast móti því, að sölunni sje hætt.

Matthías Ólafsson: Jeg kann ekki við að greiða atkv. um þetta mál, án þess að hafa gert grein fyrir atkv. mínu. Mun jeg greiða atkv. með stj.frv. af þeirri á-

stæðu, að jeg vænti, að það verði til þess, að sölunni verði alveg hætt. Mín skoðun er, að þjóðjarðasalan sje óheppileg, og að því fyr sem hætt sje, því betra.

Hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) hefir haldið því fram, að ranglátt væri að hætta sölunni nú, með því að búið væri að selja svo mikið áður. En það er skrítin röksemd. Jeg álít það hið mesta ranglæti gagnvart þjóðfjelaginu, ef ekki væri hætt að gera vitleysu, þegar þingið sæi, að það væri vitleysa, einungis fyrir þá sök, að svo lengi hefir verið haldið áfram að gera vitleysuna. Það væri ekki heldur ranglátt gagnvart þeim, sem enn hafa ekki keypt, ef nú væri hætt að selja. Löggjöfin á að miða að því að gera menn sælli og öruggari í þjóðfjelaginu. Mundi þjóðjarðasala leiða beint til þess að gera menn sæla? Að því leyti gætu menn áreiðanlega verið jafnsælir sem ábúendur landssjóðsjarða, ef ábúðin væri gerð þeim svo hagfeld sem unt er. Það er búið að sýna, að sú aðferð er eins trygg til að halda sjálfsábúð, því að jarðir ábúenda hverfa aftur úr sjálfseign. Í sambandi við þetta má geta þess, að hjer hjá oss er því miður altof lítið af því, sem kallað er óðalsást. Í öðrum löndum víða er mönnum það metnaðarsök að halda erfðaóðali sínu og láta það eigi úr ætt ganga. En hjer selja menn jarðir sínar jafnskjótt sem einhver útlendingurinn kemur og býður þeim hátt verð, og flytja svo á mölina við sjóinn og hokra þar, oft og tíðum á horriminni.

Menn gera mikið úr því, að ræktun verði bæði miklu betri og fljótari á sjálfseignarjörðum. Jeg verð að segja, að þá er eitthvert óþarft ólag á, ef hún er ekki í eins góðu lagi hjá ábúanda landssjóðsjarðar. Landssjóður gæti þá tekið sjer þann rjett, sem landsdrotnar aðrir hafa nú, til að láta gera jarðabætur, ef leiguliði gerir þær ekki. Ef hann hefði þá sjerstakan mann til að ráða, hvar og hve nær byrja skyldi, myndu jarðabætur ganga fljótt og verða miklu stórfeldari en á jarðeignum í sjálfsábúð. (**Þór. J.**: Jeg skyldi hrekja þetta alt, ef jeg væri ekki dauður!)

Svo getur og verið, að ekki sje hægt að halda jörðunum í sjálfsábúð. Erfingjar geta verið dreifðir, eða jafnvel enginn erfingi verið á lífi. Jeg vildi þá helst óska, að hve nær sem jörð, er áður hefði verið landssjóðseign, losnaði og hana ætti að selja, þá keypti landssjóður hana.

Jeg hjó eftir því, að hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) álasaði stjórninni fyrir að vera ekki á verði gegn því, að jarðir kæmust í útlendinga hendur. Stjórnin á sjálfsagt ásökun skilið í þessu efni. Úr því að á þetta var minst, skal jeg geta þess, að sagt er, að uppsátur meðfram Ingólfsfirði hafi verið leigð útlendingum, án þess að Íslendingum væri gefinn kostur á landinu fyrst. (**Atvinnumálaráðh.**: Ekki núverandi stjórn!). Þá mun hjer annar til andsvara. Þetta álít jeg mjög illa farið. Siglufjörð mætti og nefna í þessu sambandi, en engum hjer í deildinni er hægt að kenna um það.

Af þessum ástæðum, sem jeg hjer hefi tekið fram, mun jeg greiða atkvæði með frv., og vona jeg, að með því verði sú stefnubreyting, að bæði verði alveg hætt að selja, og meira að segja jarðir keyptar, ef þær standa til boða.

Þá kom fram ósk um að hætta umr. þá þegar, frá M. P., Þór. J., H. K., M. G., E. Árna. og P. J. Var hún borin undir atkv. og samþ. með 13 : 7 atkv.

ATKVGR.:

Frumvarpsgreinin feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. M., J. B., M. Ó., P. J., S. S., Sv. Ó., B. J., B. K., B. St., E. A., E. J.

nei: G. Sv., H. K., J. J., M. G., M. P., P. O., P. Þ., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., E. Árna., Ó. B.

Frv. því

fallið.

2. Verðhækkunartollur.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um framlenging og breyting á lögum nr. 16, 16. sept. 1915, um bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum, íslenskum afurðum. (A. 389).

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Bjarni Jónsson: Kann ske jeg innleiði umræður um frv. þetta fyrir stjórnarinnar hönd. Jeg sje, mjer til mikillar undrunar, að hjer er komið frv. um að framlengja toll, sem aldrei hefði átt að verða til og það af mörgum ástæðum, sem jeg hefi oft talið upp hjer í þessari hv. deild, en sjerstaklega þó þeirri, að þegar það verðlag, sem hefir veitt gróða af framleiðslu, breyttist svo í hlutfalli við framleiðslukostnað, að tap hlaut að verða á framleiðslunni, þá hvarf sá grundvöllur, er þótti fundinn lögleyfðu ráni af tveim stjettum landsmanna. Jeg sje, að í þessu nýja frv. eru nýjar tölur, en það heldur sjer þó á sama stigi mannvits sem hið fyrra, því að það talar um toll af verðhækkun, en ekki af ágóða af framleiðslunni. Ef svo væri, mætti gera úr þessu gróðaskatt, sem gengi alment yfir, en með þessu móti er ekki hægt að breyta frv. svo, því að það er bygt á hugsunarskekkju, hugsunarvillu, því að samkvæmt því á að leggja á verðhækkun, án þess að taka tillit til, þótt kostnaðurinn sje hærri en söluverð, og án þess að gera grein fyrir, hvort framleiðslan þolir skatta.

Jeg er nú ekki svo grimmur, að jeg kæri mig um að drepa þetta frv. þegar við 1. umr., en jeg treysti hv. fjárhagsnefnd, sem sennilega fær það til meðferðar, til að láta það fá hægan dauðdaga.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg var því miður ekki við er umr. byrjaði, því að jeg þurfti að sinna öðru máli inni í hv. Ed. Jeg vil þá leyfa mjer að skýra frá, að stjórnin hefir afráðið að leggja þetta frv. fram í þeirri von, að þetta þing sje sama sinnis og þingið 1915, því að hún álítur, að það sje í samræmi við vilja þess þings, að leggja þetta frv. fram. Verðhækkunartollslögin frá 1915 gilda til 17. sept., því að allflestar vörur eru undir venjulegum kringumstæðum komnar í kaupmannahendur um þetta leyti. Nú getur þessu seinkað vegna hafts á samgöngum og truflun, sem þingið 1915 hefir ekki gert ráð fyrir. Til að bæta úr þessu kemur því stjórnin með þetta frv., svo að tilgangur þingsins 1915 komi fram. Það er auðvitað, að engum dettur í hug að efast um tekjunauðsynina eða nauðsynina til að halda tekjunum við.

Eins og hv. deildarmenn muna var komið hjer fram frv. um að fella útflutningsgjaldið af ull, en það var felt í hv. Ed. Ullin ætti því að koma inn í þetta frv., en stjórnin slepti henni úr, er hún samdi

þetta frv., því að þá var búið að samþykkja hitt frv. hjer í Nd. Nú er ullin komin til kaupmanna, og því sjálfsagt að taka hana inn í þetta frv. Svo vil jeg benda á, að breytt hefir verið fyrirkomulaginu á 2. gr., að því er snertir fisk, því að tollurinn af honum var reiknaður af 100 kg., en hjer af hverju skpd. eða 160 kg., því að það er þægilegra fyrir innheimtumennina Svo vil jeg benda á annað, sem sje það, að grundvallarverðinu, sem lagt var 1915 um, hvað skyldi vera tollfrjálst, hefir verið breytt þannig, að skattfrjálsa verðið hefir hækkað að sama skapi og söluverðið samkvæmt breska samningnum hefir hækkað. Nú t. d. er skattfrjálst 103 kr. verð á kjöttunnuna, en var 73 kr.. Þetta er í fullu samræmi við það, sem þingið hugsaði sjer 1915, svo að það gjald, sem landssjóður fær, verður hið sama og áður, þrátt fyrir verðhækkunina. Þó vil jeg benda á, að ef reiknað væri gjaldið eftir meðalverði á kjöti, ætti skattfrjálsa upphæðin að vera svolitið lægri, svo að tollurinn er þá lægri en gert var ráð fyrir 1915. Það hefir áður verið talað um, að með þessu væri auðsjáanlega ekki verið að leggja skatt á tekjur. Það getur vel verið, en jeg vil benda á, að þótt þetta heiti verðhækkunartollur, gæti það eins vel heitið bara *útflutningstollur*. Þegar um tolla er að ræða, er ekki spurt um, hvort menn *hafi hag* af vörunni, sem tollur er, því að menn verða að borga toll, hvort sem þeir græða eða skaðast á vörunni, og þetta mætti skoða sem hvern annan toll. Jeg verð að halda því fram, að landssjóður megi ekki missa þessar tekjur, og það er skylda þingsins að sjá um, að tekjur hans minki ekki. Ef þetta verður felt, verður að fá aðrar tekjur, því að landssjóður verður að geta borgað útgjöld sín. Jeg væri síst á móti því, þótt þetta frv. yrði felt, ef eitthvað sanngjarnara og betra kæmi í staðinn.

Jeg geri ráð fyrir, að frv. þessu verði vísað til nefndar, og enda þótt jeg viti, að hv. fjárhagsnefnd sje því ekki hlynt, tel jeg þó rjett að láta það ganga til hennar. Síðan hún tjáði sig um verðhækkunartollinn, hafa líka kringumstæðurnar breyst, svo að nú er enn meiri þörf á tekjum en áður. Jeg sje ekki annað en að nefndin ætti að geta fallist á þetta. Vil jeg svo loks minna á, að þetta frv. fer að eins fram á að framlengja verðhækkunartollinn *fyrir þetta ár*.

Magnús Pjetursson: Jeg verð að taka undir með hv. þm. Dala. (B. J.), að jeg varð dálitið hissa, er jeg sá þetta frv., sjerstaklega af því, að það hefir áður heyrst á mörgum hjer í hv. deild, að þeim er ekki ljúft, að verðhækkunartollurinn verði framlengdur, og auk þess hefir hv. fjárhagsnefnd látið í ljós, að hún væri tollinum mótfallin. Þótt jeg yrði töluvert hissa, er jeg heyrði nefnt, að þetta frv. væri á leiðinni, varð eg samt enn meir hissa, þegar jeg las það og tölur þær, sem í því eru. Jeg held, að það hafi altaf verið álit þingsins, að verðhækkunartollurinn ætti að vera bygður á *gróða*, og jeg vil því beina því til stjórnarinnar, hvort hún álítur ekki framleiðslukostnaðinn hafa aukist tiltölulega meira en skattfrjálsa verðið hefir verið fært upp með þessu frv. Jeg býst við, að því verði ekki neitað, að sá verðhækkunartollur, sem hjer er farið fram á, er ekki lagður á gróða. Jeg skal nefna eitt dæmi. Hjer er gjaldfrjálsa verðið á síld 22 kr. á tn. Eftir því sem kunnugir menn segja mjer kosta bara umbúðirnar um síldina 22 kr., og menn geta hugsað sjer, hvort framleiðslukostnaðurinn muni ekki vera ofurlítið meiri. Jeg verð fyrir mitt leyti, af því að jeg var með verðhækkunartollinum 1915, að mótmæla því, að jeg sje ekki sama sinnis og þá, þótt jeg sje nú á móti þessu frv. Verðhækkunartollurinn, sem samþyktur var 1915,

átti eingöngu að vera skattur af *nettógróða*. Jeg gat ekki skilið það hjá hæstv. fjármálaráðh. (B. K.), hvernig hæstv. stjórn hefir hækkað hámarkið á tollfrjálsu vörunum í samræmi við bresku samningana; jeg get ekki sjeð, hvernig það hefir verið gert, saman borið við lögin 1915. Stjórnin játaði, að ef til vill mætti nema *verðhækkun* framan af orðinu og nefna þetta bara toll, og væri óneitanlega dálítið meira vit í því, því að um *verðhækkunartoll er ekki lengur að ræða*. Það er rjett hjá hæstv. fjármálaráðh., að það er ekki spurt um hag eða skaða, þegar um *venjulegan* toll er að ræða, en *verðhækkunartollur* er eingöngu *gróðatollur*, og því verður að spyrja, hvort gróði sje fyrir hendi.

Jeg verð að segja það, að jeg er dálítið grimmari en hv. þm. Dala. (B. J.), því að mjer finst algerlega óviðeigandi, að þetta frv. fari lengra en til 1. umr., meðal annars vegna þess, að gjaldfrjálsa verðið yrði að vera svo hátt, að um engar tekjur væri lengur að ræða fyrir landssjóð, ef setja ætti tollmarkið eftir framleiðslukostnaði. Jeg skil ekki heldur í, að það sje neitt unnið við að vísa málinu til þeirrar nefndar, sem hefir þegar lýst yfir því, að hún væri á móti því. Hvor aðferðin, sem höfð er, er dauðadómur. Hitt gæti jeg skilið, að vísa því til einhverrar annarar nefndar, t. d. bjargráðanefndar, af því að maður þekkir álit fjárhagsnefndar, sem hlýtur að ganga móti málinu. Að lokum vil jeg svo beina þeirri spurningu til hæstv. stjórnar, hvort hún telji þetta mál svo þýðingarmikið, að hún gerði það að *fráfararefni*, ef það yrði felt.

Fjármálaráðherra (B. K.). Hv. þm. Stranda. (M. P.) tekur sjer það nærri, að þetta frv. skyldi vera borið fram, en það hefir verið gert fyrir þá sök, að stjórnin álítur, að það verði að halda við tekjunum, og vill ekki sjálf bera ábyrgð á, ef ekkert er sett í staðinn fyrir þá tekjustofna, sem hverfa. Hv. þm. þótti undarlegt, hvernig tölurnar voru gerðar í samanburði við breska samninginn. Stjórnin miðaði við það verð, sem vist er að fæst fyrir afurðirnar, því að hún vildi miða við, að landssjóður fengi einhverjar vissar tekjur, fengi álíka mörg % og síðastliðið ár. Það varð því að miða við það verð, sem til var. Það má deila um, af því að þetta heitir verðhækkunartollur, hvort hann á eingöngu að vera af gróða. En þegar landssjóður þarf tekjur, má eins leggja þetta á sem toll. Jeg hef heldur enga sönnun fyrir því fengið, að þjóðin hafi engan gróða af framleiðslunni. Jeg held, að hv. þm. geti ekki verið viss um það. Jeg er alveg samþykkur hv. þm. Dala (B. J.), að það má vel strika „verðhækkun“ framan af og kalla þetta bara toll; til þess þarf ekki að fella frv., heldur má laga það og breyta í nefnd. Það á ekki við, þótt þessi litli galli sje á því, að láta það ekki fara lengra, því að slíka smágalla má altaf laga. Þótt hv. fjárhagsnefnd hafi áður lýst yfir því, að hún væri mótfallin framlengingu verðhækkunartollsins, hafa kringumstæðurnar breyst svo síðan, að jeg sje ekki betur en hún geti sóma síns vegna vel fallist á frv. nú.

Síðustu spurningu hv. þm. Stranda. (M. P.), hvort stjórnin mundi gera þetta mál að fráfararatriði, get jeg ekki svarað að svo stöddu. Jeg hefi ekki borið mig saman við samstjórnarmenn mína um það, og get því ekkert um það sagt. En jeg vona, að háttv. deild taki þessu máli rólega og líti á nauðsynina, en annað ekki.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal fúslega taka á mig ábyrgðina á því, að þetta frv. er komið fram. Jeg lít svo á, að það sje ekki sanngjarnt, að það sje tilviljun ein, sem ræður því, hvort verðhækkunartollur kemur á vöru eða ekki,

eftir því hvort hún er flutt út deginum fyr eða síðar. Aðalatriðið er það, að tollurinn komi nokkurn veginn jafnt niður á alla vöru, sem framleidd er á sama tíma. Jeg set það ekki fyrir mig, hvort gildi laganna er út runnið þann eða þann daginn, hvort heldur miðað er við lok september eða annan tíma, ef tollurinn fellur á allar vörur, sem framleiddar eru það árið. Jeg hygg alveg víst, að þótt tollurinn verði afnuminn áður en þessa árs afurðir eru fluttar úr landi, þá lendi hann því nær eingöngu hjá kaupmönnum. Þeir munu þegar hafa keypt mest af afurðum manna, svo að það hefir engin áhrif á það verð, sem almenningur fær fyrir vöru sína, hvort verðhækkunartollurinn verður afnuminn eða ekki. Kjötið er þó undan skilið þessu, enda fyndist mjer ekki ósanngjarnt, að það væri látið tollfrjálst. Jeg má segja, að það hefir þegar verið tollað einu sinni oftar en aðrar vörur, svo að tollur af því mætti falla niður að þessu sinni. Sjávarafurðir munu að mestu leyti þegar keyptar, svo að frv. þetta hefði engin áhrif á verðlag þeirra, þótt það yrði að lögum. Ullin er þegar flutt út og verður því tolluð hvort sem er. Mjer finst því ósanngjarnt, að sjávarafurðirnar einar sjeu undan skildar þessum litla tolli.

Hv. þm. Stranda. (M. P.) tók sem dæmi, að síldarútvegurinn mundi verða nokkuð hart úti. En jeg veit ekki betur en að einmitt hjer í deildinni hafi komið fram frumvarp um sjerstaka tollhækkun á síld, og jeg hefi ekki orðið var við, að það hafi verið tekið aftur. Svo að ekki líta nú allir sömu augum á síldarútveginn. Jeg sje því ekki annað en að það hafi verið í alla staði sanngjarnt að koma fram með þetta frv., og getur deildin felt það, ef hún fellst ekki á það. Hún tekur þá á sig ábyrgðina, sem það hefir í för með sjer. Hins vegar get jeg strax lýst yfir því, að stjórnin mun varla geta gert hv. þm. Stranda. (M. P.) það til þægðar, að gera þetta mál að fráfararatriði. Það er ekki svo mikið stórmál í mínum augum, flutt aðallega til þess að koma á sanngjarnara hlutfalli milli afurðanna. Tekjuaukann, sem landssjóður mundi hafa af því, að frv. þetta yrði að lögum, get jeg látið mjer í ljettu rúmi liggja. Þó verð jeg að játa, að þingið hefir enn sem komið er ekki gert mikið að því að auka tekjur landssjóðs. Fyrsta tilraunin var stimpilgjaldið, sem mjer virtist háttv. deild byggja talsvert mikið traust á. Nú hefi jeg heyrt, að mjög tvísýnt sje, hvort það kemst gegnum efri deild, og þá er fyrsta stoðin fallin. Jeg skal játa það, að þetta er í raun og veru ekki svo mikilvægt atriði. Landið verður að sjálfsögðu að skulda, og það er ekki svo sjerlega varhugavert, ef það er ekki ofmikið. En mjer finst ástæðulaust að láta kaupmenn græða á því, að tollur þessi sje afnuminn.

Sigurður Sigurðsson: Það má nú að vísu segja, að það sje ekki búmannlega að verið að fella frumvörp, sem miða að því að auka tekjurnar, en auka í þess stað stöðugt útgjöldin, að þörfu og óþörfu. En jeg get ekki að því gert, að mjer finst hæstv. stjórn vera miður heppin í tilraunum sínum til þess að bæta tekjur landssjóðs. Hún hefir lítið borið fram af frumvörpum í þá átt, og þau fáu, sem komið hafa frá henni, hafa verið tvíbent, eins og þetta, — vafasamt hvort talist geti hyggileg. Einstakir þingmenn hafa aftur á móti verið að reyna að bæta úr tekjuskortinum. Fyrst var borið fram frv. til laga um stimpilgjald, sem hæstv. forsætisráðherra fræðir nú um, að sje í dauðateygjunum í Ed. Því næst flutti jeg frv. um útflutningsgjald af síld, en það hefir ekki komist á dagskrá enn þá, og má eins vel búast við, að það sofni. Loks flutti háttv. þm. Dala. (B. J.) frv. um misærisskatt.

Er það ágælt mál í alla staði, og vonandi, að því vegni vel. Mjer þykir undarlegt, að hæstv. stjórn skuli nú koma með þetta mál. Eins og hv. þm. Stranda. (M. P.) tók fram, er tollur sá, sem hjer ræðir um, rjettnefndur útflutningstollur. Jeg hefi verið að vonast eftir frá stjórninni tekjuskattsfrumvarpi, þar sem lagður væri á skattur, sem færi hækkandi eftir hækkandi tekjum. Það munu nú flestir sammála um, að sú leiðin sje eðlilegust og að allir mættu una því vel, að skattar væru lagðir á eftir þeirri reglu. Það er nú, eins og kunnugt er, mál manna, að sumir hafi orðið stórauðugir síðan ófriðurinn hófst, einkum kaupmenn og útgerðarmenn. Á því er varla nokkur efi, að kaupmenn hafa grætt mikið á ófriðnum. Það má ráða meðal annars af því, að áður var það altítt, að kaupmenn færu á höfuðið, en síðan stríðið hófst hefir varla nokkur kaupmaður orðið gjaldþrota, heldur þvert á móti, allir stórgrætt. Þess vegna væri eðlilegt, að fram kæmi frv. um það, að þeir, sem miklar tekjur hafa, legðu til landssjóðs í hlutfalli við þær. En að leggja útflutningstoll á vörur, sem ósannað er að svari kostnaði að framleiða, finst mjer hæpin leið. Jeg get því ekki verið með frv., sjerstaklega ef kjötið ætti að vera með. Það tel jeg alveg óhæfu, þar sem borgaður hefir verið tollur af því einu sinni oftar en öðrum vörum, eins og hæstv. forsætisráðherra tók fram. Jeg er því ekki mótfallinn, að málinu sje vísað til nefndar. En mjer er sagt, að fjárhagsnefnd sje andvíg frv, og væri því ástæðulaust að vísa málinu til hennar.

Bjarni Jónsson: Jeg held það hafi verið hæstv. forsætisráðherra (J. M.), sem vildi mæla frv. bót með því, að gróðinn lenti hjá kaupmönnunum, ef tollurinn væri ekki framlengdur. En það er nú ekki þægilegt að vita, hvar fiskur er staddur nú á þessari stundu. Sumir eru sennilega búnir að selja kaupmönnum fisk sinn; aðrir eiga ef til vill meira eða minna óselt. Það er því ekki gott að reikna út, hvar ranglætið kemur niður. Það gæti komið harðara niður á einum en öðrum, og þá stundum lent á óverðugum. Jeg held því, að tryggast sje að líta á það, hvað rjettlátt er í þessu máli sem öðru. Að öðru leyti er það ekki nema maklegt í alla staði, að kaupmenn gjaldi skatt af gróða sínum. En þetta er ekki rjettasta leiðin til þess, enda ber ekki fremur að borga af gróða á fiski heldur en af öðrum gróða. Þetta gjald á því ekki að leggja á með tolli, heldur með skatti af tekjum, eins og að er stefnt með öðru frv., sem liggur hjer fyrir deildinni. Ef það frv. kæmist í gegn, þá væri ekki neinn skaði skeður þótt kaupmenn slyppu við að borga toll af fiskinum. Hann kæmi þá fram á annan hátt.

Eins og hv. 1. þm. Árn. (S. S.) tók fram í ræðu sinni, sem kom víða við, og flutti meðal annars allmikið hrós um mig — það er ekki oft, sem það heyrist hjer í þingsalnum, en guð láti gott á vita — eins og hann tók fram, er hjer ekki um verðhækkunartoll að ræða, heldur um útflutningstoll. En jeg get aldrei skilið, hvernig á þessum útflutningstolli stendur, sje ekki annað en að alt útflutningsgjald sje ranglátt og óeðlilegt. Er það refsigjald fyrir að vera svo duglegur að framleiða? Sumir geta selt alla framleiðslu sína í landinu, en aðrir verða að senda hana til útlanda, til að koma henni á markað. Útflutningsgjaldið nær því ekki nema til sumra framleiðenda. Þeir, sem eiga því láni að fagna að búa svo nálægt Reykjavík, að þeir geta selt smjör sitt og kjöt til neyslu þar, þurfa ekki að greiða útflutningsgjald, en þeir, sem búa fyrir norðan eða í öðrum landshlutum, sem fjær liggja, verða að selja vöru sína

til útflutnings og greiða toll, líklega sem refsingu fyrir það, að þeir hafa ekki lært að gera langar leiðir jafnstuttar og fljótfarnar, eins og þær, sem skemmri eru. Svona er með alla útflutningstolla. Þeir eru varla samboðnir siðaðri þjóð.

Það mun vera rjett, að tekjur landssjóðs þarf að auka. En þó má ekki leggja ofmikla áherslu á að útvega tekjur. Það er ekki svo hættulegt, þótt dálitlar skuldir safnist, meðan svona árar, að neinn skaði geti talist að því, þótt vanhugsaðar álögur falli niður. Þær einar álögur á að hugsa um að auka, sem koma rjettlátlega niður á gjaldþol manna. Þess vegna ber að leggja alúð við að koma á slíkum skatti sem tekjuskatti. Hvers vegna hefir stjórnin ekki lagt þess konar frv. fyrir þingið, þar sem skatturinn er látinn stíga eftir því sem tekjurnar hækka? Ekki þarf að deila um rjettlætið í skattalöggjöfinni, sem nú er. Tíu þúsunda og hundrað þúsunda maðurinn borga lítið eitt hærri skatt en sá, sem engar tekjur hefir fram yfir eðlilegan lífeyri. Í stað þess ætti skatturinn að hækka eftir mismunarðð eða öllu heldur kvótarðð, eftir því sem tekjurnar hækka. Það er leið til að auka tekjur landssjóðs, en ekki þessi útflutningstollur.

Og hverju er nú landsstjórnin tryggari, þótt frv. þetta verði samþykt, ef ekki verður hægt að flytja neitt af vörunum út, sem ekki er nú svo ólíklegt, að fyrir geti komið? Skúffur landssjóðs verða þá jafntómar eftir sem áður, og ekkert er unnið annað en bara það, að lengja lífið í þessum óburði, sem aldrei hefði átt að lifna, því síður að lifa lengi. Hitt get jeg fallist á, að þetta er ekki svo stórvægilegt atriði, að nokkur von sje til þess, að stjórnin sje svo typpilsinna, að hún geti farið að yfirgefa sinn hæga sess, þótt styttur sje ómagahálsinn á ekki burðugra afspringi en þetta er. Það er engin von, að stjórnin vilji taka á sig þann vanda, fyrir jafnlítinn árekstur og þetta, að fara að leita að mönnum, til að taka að sjer jafnvandasamt og óþakklátt verk sem það, er stjórnin hefir á hendi.

Hákon Kristófersson: Þegar jeg sá þetta frv., þóttist jeg strax sjá, að það væri fram komið í þeim tilgangi að afla landssjóði tekna. Jeg bjóst því við, að hæstv. stjórn mundi mæla með frv. á þann hátt, eins og líka hefir verið gert að nokkru leyti. Það er því ekki rjett, eins og hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) vill halda fram, að frv. sje til þess fram komið, að fullnægja tilgangi þingsins 1915. Það, sem vakti fyrir því þingi, er það samþykti lögin um verðhækkunurtoll, var alt annað en það, sem í þessu frv. felst. Árið 1915 var góðæri bæði til lands og sjávar. Verslun landsins var óvenjulega hagstæð. Allar afurðir, er framleiddar voru í landinu, voru í alveg óvanalega háu verði, og saman borið við það mátti heita, að aðfluttar vörur væru mjög ódýrar. Með þetta fyrir augum áleit þingið þá, að vel væri forsvaranlegt að leggja ofurlítinn skatt á útfluttar vörur. Í sem fæstum orðum sagt, verðhækkunartollurinn 1915 var bygður á gróða. Þar eð þessu horfir alt öðruvísi við nú til dags, getur frv. þetta alls ekki verið fram komið til þess að fullnægja tilgangi þingsins 1915. Jeg get fallist á það, að útflutningstollur sje vandræða tekjugrein. En einhvern veginn verður að fá tekjur, og það er enginn hægðarleikur að finna leiðir til þess. Þingmenn gera þær kröfur til stjórnarinnar, að hún komi með einhverjar uppástungur, og með sama rjetti getur stjórnin ætlast til þess, að þingmenn bendi á einhverjar leiðir. — (S. S.: Þeir eru líka að því). Já, þeir eru að vísu að því, en á það hefir verið bent, að tilraunir þeirra ætti sjer að mistakast.

Það kom mjer á óvart, að hæstv. fjár-

málaráðh. (B. K.), — jafnathugull maður og kunnur öllum landshögum, sem jeg veit að hann er, — skyldi segja, að það væri ekki sannað, að enginn gróði yrði á framleiðslunni í ár. Mjer finst það liggja í orðum hans, að hann telji líklegt, að menn græði, en það getur enginn álitið, sem nokkuð þekkir til ástandsins, eins og það er. Jeg segi þetta ekki til þess að setja fót fyrir frv. þetta. Leiðirnar til þess að auka tekjur landssjóðs eru vandfundnar, og jeg veit ekki, hvort þessi er varhugaverðari en sumar aðrar, þótt jeg viðurkenni, að jeg hefi verið og er enn andstæður útflutningstolli. Það mun vera rjett, sem hæstv. forsætisráðherra benti á, að hagurinn við það, að tollurinn falli niður nú, mundi lenda í höndum kaupmannanna. Jeg byggi það á viðtali, sem jeg hefi átt við stórkaupmenn, síðan afnám verðhækkunartollsins á ull var hjer til meðferðar. Það eru því miklar líkur til, að frv. þetta hafi engin áhrif á verð það, sem framleiðendur fá fyrir vöru sína. Jeg legg því ekki mikið kapp á, að vera á móti frv., þar sem er ekki heldur um lengri tíma að ræða en til 1. júlí 1918. En hitt dylst mjer ekki, að alt aðrar ástæður eru fyrir þessu máli nú en voru 1915. Þá var það tollur, sem bygðist á gróða, eins og jeg hefi þegar tekið fram, sem um var að ræða, en nú að eins útflutningstollur. Hæstv. forsætisráðherra sagði frá því, að stimpilgjaldsfrumvarpið mundi líklega ekki komast í gegn. Mig furðar á, að hann skyldi fara slíkum orðum um það. Ef stjórninni er það alvara, að útvega landssjóði tekjur, þá ætti hún einmitt að leggja sig í líma til þess að fá stimpilgjaldinu á komið. Það virðist þó sumum spor í rjetta átt. Og jeg geng út frá því, að stjórnin eigi kann ske þau ítök í mönnum hjer á þinginu, að hún mundi geta fengið einhverju áorkað, ef hún vildi styðja að framgangi málsins.

Mjer fyrir mitt leyti stendur á sama um í hvaða nefnd frv. fer. En ekkert sje jeg því til fyrirstöðu, að því verði vísað til fjárhagsnefndar, þótt hún fyrir nokkru, á öðru stigi málsins, hafi verið frv. mótfallin. Af því verður ekkert sjeð um, hvaða augum hún lítur á það nú.

Fjármálaráðherra (B. K.): Það hefir verið fundið að því í umræðunum, að stjórnin skuli ekki hafa komið fram með ný skattafrumvörp. Jeg vil benda á skýrslu mína um fjárhag landssjóðs, að þar stóðu á jöfnu tekjur og gjöld, nema ef telja skyldi lítinn tekjuafgang. Þinginu er og kunnugt um fjárlögin. Þar standa tekjur og gjöld líka í járnum. Stjórnin hafði því, eins og menn sjá af þessu, enga sjerstaka ástæðu til að koma fram með skattafrumvörp. Enda þurfti engra slíkra frv. með til vara, því að við höfðum að bakhjarli framlengingu á verðhækkunartollinum, sem ætla mátti að hrykki fyrir útgjaldaviðbótum, sem kynni að verða bætt við í fjárlögin í þinginu. En nú er útlit fyrir, eftir því sem jeg hefi heyrt, að tekjuhallinn verði meiri en búist var við. Þá var einmitt komin ástæða til að bera fram frv. það, sem nú er til umræðu.

Eins vildi jeg geta í sambandi við þetta. Stjórnin getur ekki farið að eins og heyrst hefir um þingmenn, að þeir skrifi frv. á knje sínu alveg óundirbúið. Það þarf tíma til að undirbúa ný skattafrumv. svo, að í lagi sje. Stjórnin hefir ekki haft meiri tíma til undirbúnings málum undir þetta þing en frá því í febrúar og fram í mars. Stjórnin hefir því engan tíma haft til að útbúa viðtæk skattafrv. Jeg hefði ekki treyst mjer til þess með öðrum önnum, sem hvíldu á mjer. Jeg vona, að hv. deild afsaki, að stjórnin hefir ekki komið fram með slík frv., sem henni er nú, af sumum, legið á hálsi fyrir að hafa ekki komið með.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) fanst mjer í upphafi máls síns heldur vinveittur frv., þótt hann í niðurlaginu legði á móti því. Jeg vona, að þetta lagist alt milli okkar.

Frv. hv. þm. Dala. (B. J.) um skatt af gróða eða stríðsskatt, sem svo mætti kalla, kemur auðvitað til greina í þessu sambandi. En það þarf tíma til að útbúa það þannig, að það verði frambærilegt. Ef til vill tekst nefndinni það.

Annað ætlaði jeg ekki að segja.

Gísli Sveinsson: Jeg get ekki að því gert, að mjer finst þetta tiltæki stjórnarinnar, að koma nú með verðhækkunartollinn, eins konar sjónhverfingaleikur. Henni hefði átt að vera kunnugt, eftir umræðunum á þinginu og landsvörum fjárhagsnefndar, að það er ekki til neins að vera að burðast með þetta nú hjer inn á þingið. Það mun vera öllum ljóst, að þær breyttu kringumstæður, sem fjármálaráðherra (B. K.) nefndi, gera það að rjettu lagi enn fráleitara að koma nú með þetta mál en ef það hefði verið gert í byrjun þings.

Hæstv. stjórn hefir talað um, að ekki þurfi að kalla gjald þetta verðhækkunartoll; það gæti nefnst að eins tollur, ef menn vildu það heldur. Þetta er einungis gert í þeirri von, að það gangi þá betur í þingmenn. Stjórnin hlýtur að hafa athugað, að svona er útflutningsgjald ekki lagt á. Þegar um útflutningsgjald er að ræða, er miðað við alt annað.

Það er til lítils að deila um, hvort skyldan til að auka tekjur landssjóðs liggi hjá þingi eða stjórn, en til að byrja með má gera ráð fyrir, að stjórnin hafi það í huga á þessum tímum, þegar öll útgjöld fara fram úr því, sem áætlað er. Því að nú má ganga út frá því vísu, að útgjöldin aukist, en tekjurnar rýrni. Það er því óskiljanlegt, að hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) skuli leyfa sjer að segja, að það, hvernig hann hefir gengið frá fjárlögunum, og skýrsla hans um fjárhag landsins, afsaki, að ekki hefir landssjóði verið hugsað fyrir nægum tekjum. Það er mesta fjarstæða. Þótt stjórnin geri fjárlögin svo úr garði, að tekjur og gjöld virðist standast þar á, er útlitið ekki glæsilegra fyrir það, því að það hefir stjórninni tekist með því að draga úr útgjöldunum um skör fram, en áætla tekjurnar um of. Stjórnin mátti vita það, að gjöldin hlutu að vaxa fyrir nauðung. Stjórnin er þess vegna ámælisverð fyrir það, hve lítið hún hefir gert til að sjá landssjóði fyrir nægilegum tekjum. Hún ber annir fyrir sig. En ýmislegt hefði hún getað gert fyrir því. Hún gat t. d. komið fram með framlenging vörutollsins, sem hún ætlaði að koma á jafnvægi með og áætlaði í fjárlögum, fyr en nú að áliðnu þingi. Þetta hefði stjórnin því fremur átt að gera í tíma, þar sem búast mátti við, að hún væri betur skipuð nú en þegar ráðherrann var að eins einn. Það get jeg ekki tekið í alvöru, sem hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) sagði, að stjórnin hafi verið svo önnum kafin við undirbúning dýrtíðarfrumvarpsins, að hún hafi ekki mátt vera að því að sinna öðru. Eftir því, sem mjer skildist, átti hann við frv. um dýrtíðaruppbót til starfsmanna landsins. Það getur ekki náð nokkuri átt, að stjórnin hafi verið svona önnum kafin við að undirbúa frv., sem í öllum aðalatriðum er bygt á sama grundvelli sem lagður var á aukaþinginu í vetur. Önnur dýrtíðarfrumvörp, eða bjargráðafrumvörp fyrir almenning kom stjórnin ekki með, þótt hún hefði vissulega líka átt að hugsa fyrir því. — Ef nokkuð má segja um, hvar skyldan til að sjá landinu fyrir tekjum liggur, þá er það hjá landstjórninni.

Að lokum vil jeg gera tillögu um, að frv. verði vísað til bjargráðanefndar en ekki til fjárhagsnefndar. Fjárhagsnefnd hefir þegar svarað stjórninni því,

að hún vilji ekki styðja að því, að frv. nái fram að ganga. Jeg hefi ekki breytt um skoðun á því, og sama held jeg um aðra samnefndarmenn mína. Það getur verið, að einhver önnur nefnd fáist til að fallast á frv. Vart er þá annari til að dreifa en bjargráðanefnd, ekki síst þar sem stjórnin sagði, að þetta væri nokkurs konar bjargráðatilraun.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg hefi tekið það fram áður, að stjórnin hefir ekki bundið sig við að koma fram með öll frv. sín á neinum vissum tíma, og ætlar ekki að gera það. Það er því ekki ástæða fyrir hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) að ásaka hana fyrir að koma ekki fyr fram með frv. um framlenging á vörutollinum. Það voru ekki heldur nema tíu dagar, eða svo, af þingi, þegar stjórnin kom fram með frv. 10. júlí sótti hún um leyfi konungs til að mega bera það fram.

Þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að tekjur væru áætlaðar ofháar og gjöld oflág í fjárlagafrv. stjórnarinnar. Jeg vil að eins benda honum á, að hann veit ekkert, hvernig tekjurnar líta út 1918 eða 1919. Það veit enginn, svo að það verður ekki af honum heimtað. Stjórnin gerir ekki kröfu til, að menn haldi, að henni sje kunnugt um það. Hún hefir að eins áætlað tekjurnar með tilliti til þess, að útvegurinn gangi eins og venjulega. En ef svo verður, er enginn vafi á, að tekjurnar eru varlega áætlaðar.

Jeg þarf ekki að svara því aftur, hvers vegna stjórnin hafi ekki borið fram ný tekjufrv. Þess þurfti ekki, fyrst stjórnin ætlaði sjer ekki að leggja neina peninga fyrir. Það er ekki venja að safna neinum varasjóði. Jeg get líka trúað, að það hefði heyrst hljóð úr horni, ef stjórrnin hefði farið að koma með skattafrv. án þess að útgjöldin heimtuðu það.

Magnús Pjetursson: Jeg skal ekki segja mörg orð. Það er búið að taka fram flest, sem jeg ætlaði mjer að segja.

Það var ekki mín eigin tillaga, að skattur þessi skyldi einungis kallaður tollur, en ekki verðhækkunartollur, heldur tók jeg það upp eftir hæstv. fjármálaráðherra (B. K.).

Jeg skal ekki blanda mjer í þær umræður nú, hvort ekki hefði verið þörf á því, að stjórnin bæri fram tekjuaukafrv. þegar í byrjun þings, og ekki heldur um hitt, hvernig fjárlögin voru úr garði gerð frá stjórninni. Það verður tækifæri til að minnast á það síðar, er fjárlögin koma. En þess vil jeg geta, út af því sem hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) sagði, að ekki hefði verið ástæða til fyrir stjórnina að leita tekjuauka, þar sem enginn halli var í fjárlagafrv. stjórnarinnar, að hún bar þó fram að minsta kosti eitt frv., sem veruleg útgjöld hafði í för með sjer fram yfir fjárlögin, sem sje frv. um dýrtíðaruppbótina. Það hefði ekki verið óþarfi, að stjórnin kæmi með einhver skattafrv. til að vega salt á móti því.

Annars hafa þeir hv. þm. Barð. (H. K.), þótt hann kæmist að furðulegri niðurstöðu, og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagt mest af því, sem jeg ætlaði að taka fram.

Þórarinn Jónsson: Það er kannske þýðingarlítið að vera að lengja umræðurnar. Það hefir verið tekið fram, að grundvöllurinn sje fallinn undan lögunum. Því hefir enginn neitað.

Það er og bersýnilegt, að þótt stjórnin hækki skattlaust verð á sumum vörutegundum, þá hækkar verð á þeim í raun og veru ekki neitt. Verð á kjöti er hækkað um 25 kr. En salt og tunnur hafa hækkað svo í verði, að sú hækkun hverfur. Saltið í tunnuna kostar sjálfsagt um 10 kr. og trjeð eitthvað álíka, fram yfir það vanalega. Hækkunin verður því eng-

in eða hjer um bil engin. Fleira mætti telja.

Það er ein ástæða, sem færð hefir verið fyrir framlenging verðhækkunartollsins, sem enn hefir ekki verið hrakin, sem sje sú, að tollurinn lendi í vasa kaupmannanna. Þeir sjeu búnir að kaupa vörurnar, en ekki að flytja þær út. En það er sama, hve nær tollurinn er upp hafinn, hvort það er gert fyr eða síðar; það verður alt af eitthvað af vörum, sem kaupmenn hafa fengið með verði, sem miðað var við tollinn, en ekki verða útfluttar þegar tollurinn fellur úr gildi. Eða halda menn, að 1. júlí 1918 verði engar vörur hjer útfluttar? Það verður víst síst við því hætt þá, fremur en í hvern annan tíma. Mitt álit er, að sjálfsagt sje að afnema tollinn strax. Það eru ýmsar leiðir til að fylla í skarðið. Frá þeirri hlið er ekkert að óttast þótt tollinum verði slept, enda er hann, eins og nú stendur, alveg óeðlilegur.

Sveinn Ólafsson: Mjer finst mótstöðumenn þessa frv. vera að berjast við skuggann sinn. Þeir tala eins og hjer sje um nýjan skatt að ræða. Mjer skilst, að hjer sje eingöngu verið að haga svo til, að verðhækkunarskatturinn, sem þingið 1915 setti, nái til allrar þeirrar vöru, sem ætlast var til, að hann næði til og hæpið er nú, að hann nái til. Samgönguvandræði valda því, að skatturinn nær ekki til sumrar vöru, sem honum var ætlað að ná til, nema tíminn verði framlengdur að því skapi, sem vörurnar flytjast nú seinna úr landi en áætlað var 1915. Vörurnar geta verið seldar kaupmönnum, en eigi komnar úr landi þegar lögin falla úr gildi og verða þá tollfrjálsar.

Hvað snertir þörf landsjóðs, þá blandast engum hugur um, að hún er ríkari nú en þegar skatturinn var lagður á. Hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) sagði, að grundvöllurinn undan þessum tolli væri týndur. Það er ekki rjett. Aðalgrundvöllurinn er þörf landsjóðs, og hún er ekki síður rík nú en áður.

Jeg held ekki, að hjer verði um miklar tekjur að ræða og býst við, að jafnmikil þörf verði eftir sem áður að sjá landinu fyrir tekjum með öðru móti, t. d. eins og hv. þm. Dala. (B. J.) hefir bent á, með tekjuskatti, sem mjer sýnist einna heppilegasta leiðin, og það er engin ástæða til að slá hendinni við þeim skatti, þótt þetta yrði samþykt. Ef aftur á móti þetta frv. væri felt, þá yrði árangurinn enginn annar en sá, að ágóðinn af þeim vörum, sem liggja hjer útfluttar þegar fyrri lögin falla úr gildi, lendir í vasa kaupmanna.

Forsætisráðherra (J. M.): Það gleður mig að heyra, að einn af hv. þm. hjer í deildinni hefir skilið rjett, hvað fyrir mjer vakti, þegar jeg gaf samþ. mitt til, að þetta frv. kæmi fram. Það er alveg rjett athugað, að frv. þetta snertir aðallega sjávarafurðir, fiskinn, en þær munu verða því nær allar seldar áður en lögin ganga úr gildi, og skaði eða ágóði af því fellur því allur í vasa kaupmanna. Öðru máli mun vera að gegna um kjötið, því að það mun ekki verða selt fyrir þann tíma. Jeg hefi ekkert talað um það, hvort stjórnin hafi mælt með eða móti því, að stimpilgjaldslögin næðu fram að ganga, heldur sagði jeg einungis það, að þau mundu verða gagnslítil fyrst í stað, því að kostnaður yrði svo mikill, vegna dýrtíðar, við að koma þeim í framkvæmd, og tekjur af þeim því litlar. Jeg hefi áður tekið það fram, að jeg áliti það ekki skyldu stjórnarinnar að koma með ný skattafrv. á þessum tímum; mjer finst ekki ára til þess nú. Þó játa jeg, að frv. hv. þm. Dala. (B. J.) virðist vera heppilegt, og að með því móti mætti ná töluverðum tekjum, en sá hængur er á því nú, að það mun að öllum líkindum vera

ofseint nú, því að jeg hygg, að það sjeu fáir, sem græði mikið hjeðan í frá meðan stríðið stendur yfir, og tekjuskatturinn því ekki koma að notum. Að endingu vil jeg taka það fram, að jeg sje enga ástæðu til að vera hræddur við það, þótt landssjóður hleypi sjer í dálitlar skuldir nú á þessum erfiðu tímum; það er ekki meira en aðrar þjóðir hafa orðið að gera, og er okkur ekki meiri vorkun en þeim.

Þórarinn Jónsson: Jeg nefndi víst áðan fyrsta jan. fyrir fyrsta júlí, og var því skotið að mjer út af því, að jeg hefði víst ekki lesið frv.

En jeg vil spyrja þá, sem þykjast hafa lesið það betur, er nokkur sönnun fengin fyrir því, að vörur þær, sem framleiddar hafa verið á þessu ári, verði fluttar út fyrir 1. júlí? Jeg hygg, að ekki sje hægt að benda á miklar líkur fyrir, að svo verði, eða hvernig er þetta nú? Vörur liggja hjer enn í stórum stíl frá í fyrra, og hver setur takmörkin um það, hvað af þessum vörum, sem óútfluttar verða í júlí næsta sumar, hefir verið framleitt fyrir 1. jan. og hvað ekki? Jeg tel alveg ómögulegt að fyrirbyggja, að ósamræmi eigi sjer stað, hve nær svo sem lögin falla úr gildi, og er því sú ástæða með frv. einkis virði. Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði í ræðu sinni áðan, að þörfin ætti að vera eini grundvöllurinn fyrir öllum skattaálögum. En það hefir ekki að þessu verið talið rjett, að skattar lentu á einstakri stjett manna, sem í þessu tilfelli eru framleiðendur, er nú geti ekki „þjenað“ á framleiðslunni, en aðrar stjettir, kaupm., embættism. og einhleypur verkalýður, eru alveg undanþegnar. En aðalundirstaða hvers skatts verður að vera sú, að hann komi sem jafnast niður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr. atkv. gegn 2, og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1608) með öllum gr. atkv. gegn 2.

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 3. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 389, n. 739).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Eftir að það frv. var fallið, sem nefndin bar fram um hækkun á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, tók hún til athugunar þetta frv., en komst að þeirri niðurstöðu, að hún sæi sjer ekki fært að leggja til, að það yrði samþykt. Nefndin hefir frá öndverðu látið uppi, að hún væri mótfallin þessum tolli, og reyndi hvað eftir annað að koma með frv. til að bæta úr þeim tekjumissi, sem stafa myndi af því, ef þetta frv. yrði ekki að lögum; en þótt misjafnlega hafi til tekist með þau frv., getur nefndin ekki samþykt þetta frv. Ástæðurnar fyrir því eru tilgreindar í nál., svo að jeg fer ekki um þær nema örfáum orðum. Það er í fyrsta lagi, að hjer er ekki um reglulegan verðhækkunartoll að ræða, því að framleiðslukostnaður hefir aukist svo mikið, en verðið ekki hækkað að sama skapi. Jeg skal geta þess til dæmis, að eftir frv. stjórnarinnar á gjaldfrjálsa verðið á hverri síldartunnu að vera 22 kr., en að hafa það svo lágt nær engri átt, því að nú kostar tunnan utan um síldina um 20 kr., og þar við bætist svo salt og allur framleiðslukostnaður, sem hefir hækkað gífurlega, sjerstaklega vegna kolaverðsins. Ef hjer ætti að vera um eiginlegan verðhækkunartoll að ræða, yrði að færa gjaldfrjálsa verðið stórkostlega upp, og minkar tollurinn auðvitað mjög við það og sömuleiðis við það, hversu afskaplega framleiðsla hefir minkað, einkum til sjávarins, og þá sjerstaklega síld-

veiðin, en síldin var einmitt sú vöruteguudin, sem langmestan verðhækkunartoll gaf. Það, sem þessi tollur því gæfi af sjer, yrði svo lítið, að landssjóðinn munaði nær engu, því að tilætlunin er að tolla að eins framleiðslu yfirstandandi árs. Um vörur þær, sem sjávarútvegurinn framleiðir, er það að segja, að daginn sem frv. um hækkun á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum var felt hjer í deildinni komu fram svo átakanlegir kveinstafir frá þeim mönnum, sem skoða sig sem fulltrúa fyrir þann atvinnuveg, sjerstaklega hv. þm. N.-Ísf. (S.St.), þm. V.Ísf. (M. Ó.) og 1. þm. Reykv. (J.B.), að fjárhagsnefndin misti alveg kjarkinn. Sje svo, að þessi atvinnuvegur standi svo höllum fæti, að hann þoli engar álögur, þá þolir hann engu fremur verðhækkunartoll en útflutningsgjald, ekki síst þar sem frv. hæstv. stjórnar fer fram á hærri álögur á hann en frv. okkar fór. Afleiðingin er sú, að þessir menn hljóta að vera á móti frv. og með nefndinni. Að vísu gægðist það fram hjá sumum þessara þm., að þeir hefðu getað verið með frv. nefndarinnar, ef það hefði líka farið fram á hækkun á skatti af landbúnaðinum. Jeg get ekki skilið þá afstöðu, því að ef það er rjett, að sjávarútvegurinn standi svo höllum fæti, að hann þoli engar nýjar álögur, þá bætir það ekkert úr, þótt lagðir væru líka skattar á landbúnaðinn. Nýr skattur á landbúnaðinn yrði þá að eins nokkurs konar sykurmoli upp í þessa hv. þm. Nefndin vildi ekki gefa þeim þennan sykurmola, því að hún vildi ekki fara með þá sem börn, og því fór sem fór. Jeg hefi getið þess áður, að tekjurnar, sem fengjust ef þetta frv. yrði að lögum, yrðu litlar, bæði af því, að færa yrði hámarkið á gjaldfrjálsa verðinu mikið upp, og af því, að framleiðslan er svo lítil í ár.

Þá er enn ein ástæðan sú, að erfitt yrði að greina tollskyldu vörurnar frá hinum, sem ekki eru tollskyldar. Það yrði erfitt að greina framleiðslu ársins 1917 frá því, sem framleitt yrði eftir 1. jan. 1918. Hvernig á t. d. að þekkja í sundur fisk, sem veiddur er rjett fyrir nýárið, frá fiski, sem veiddur er rjett eftir það. Einn annmarkinn er sá, að engin trygging er fyrir því, að öll framleiðsla ársins 1917 verði flutt út fyrir 1. júlí 1918, eftir því sem horfur eru nú, og þessu til stuðnings skal jeg benda á, að til eru nú í landinu tveggja eða þriggja ára gamlar afurðir, t. d. ull.

Færi svo, að háttv. deild geti ekki fallist á tillögur nefndarinnar, þá verður að vísa frv. til nefndar aftur, því að það þarf að endurskoða það og lagfæra.

Ef nokkur sanngirni á að vera í þessum tolli, og hann á ekki að vera beinn útflutningstollur, þá verður að hækka tollfrjálsa verðið að miklum mun. Líka verður að bæta inn í ull, því að hún hefir ekki verið tekin með. Sem sagt, nefndin leggur til mjög ákveðið, að frv. þetta verði felt.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla ekki, að mikið þurfi að ræða þetta mál nú, við 2. umr. Stjórnin bar ekki frv. fram af því, að hún byggist við, að það næði fram að ganga. Undirtektir einstakra þingmanna voru þær, og eins við 1. umr. hjer í deildinni. Ekki er stjórnin heldur enn fallin frá því, að rjett sje að láta tollana hvíla sem mest á afurðunum. Það er ekki rjettur samanburður að bera þetta frv. saman við frv. um útflutningsgjald. Þau lög áttu að gilda um næstu tvö ár, en þessi að eins part úr ári. Þetta gjald, sem stjórnin vill leggja á, kemur langþyngst, eða því nær eingöngu, niður á kaupmönnum. Mikið af framleiðslu þessa árs er nú keypt, áður en menn vissu nokkuð um, að verðhækkunartollurinn yrði framlengdur. T. d. mun nú mestallur fiskur vera seldur, og það allmáu verði, þar sem engin fyrirstaða

mun hafa verið á að fá 165 kr. fyrir skpd., eða jafnvel 170 kr. Obbinn af fiskinum hefir verið seldur viðstöðulaust fyrir þetta verð.

Það getur vel verið, að þetta frv. gefi ekki fjarska miklar tekjur. En jeg skil ekki í því, að nefndin skyldi ekki reyna að breyta frv. svo, að við því mætti líta og það gæti komið að einhverju leyti í stað útflutningsgjaldsfrv., þegar búið var að fella það. Vilji háttv. deild ekki hafa þennan toll, þá verður hún að ráða því. En stjórninni blandast ekki hugur um, að misrjetti kemur upp við það, að lögin falla úr gildi í miðjum september, og landssjóður tapar tekjum, sem engin ástæða er til að hann tapi. Þessi tvö atriði, sem háttv. framsögumaður (M. G.) nefndi, er auðvelt að laga með brtt., jafnvel án nefndar.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Hæstv. forsætisráðh. gat þess, að þessi lög ættu að eins að gilda part úr ári, en útflutningsgjaldsfrv., ef samþ. hefði verið, í tvö ár. Þetta er alveg rjett, og það var einmitt einn af kostum þess, að það átti að gilda um lengri tíma, því að heldur er von um, að einhver bót kunni að ráðast á í framtíðinni, en engin von um bót á þessu ári. Þá gat hæstv. forsætisráðh. um það, að misrjetti kæmi fram, ef lögin fjellu úr gildi núna. Þetta er að sönnu rjett, en hið sama kemur fram á hvaða tíma sem slík lög falla úr gildi. Það verður altaf undarlegt, að fiskur, sem veiddur er fyrir kl. 12 einhverja nótt, skuli vera tollskyldur, en sá, sem veiðist eftir kl. 12 sömu nótt, sje tollfrjáls. En fyrir þetta verður ekki synt. Það kemur fram hve nær sem lögin falla úr gildi.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg held að þetta álit hv. frsm. (M. G.) stafi af því, að hann þekki ekki eins vel til sjávarútvegs eins og til landbúnaðar. Afurðir hvers árs koma að mestu leyti sem heild út af fyrir sig, en renna lítið saman við afurðir næsta árs. Um áramótin er venjulega mjög lítið um aflabrögð. Jeg skal ekki segja, að ekki hefði eins mátt tilnefna einhvern annan tíma, t. d. 1. des. Það hefði komið í sama stað niður, því að í desember aflast mjög lítið. Útgerðin er venjulega að mestu leyti úti í septemberlok, svo að það, sem kemur til mála hjer, er það, sem veiðist í síðari hluta þessa mánaðar. Það getur vel verið, að ekki sje víst, að allar afurðir þessa árs verði fluttar út fyrir 1. júlí 1918. En það er þó að minsta kosti meira rjettlæti í þessu ákvæði heldur en í því, að láta verðhækkunartollinn falla umsvifalaust niður nú í miðjum september. Það er ekkert rjettlæti í því að tolla síld, sem veidd er í júlí og ágúst og flutt út í byrjun september, en það, sem flutt er út síðar í mánuðinum, skuli vera tollfrjálst. — Stjórnin kom með þetta frv. af því, að henni þótti það rjett og sjálfsagt, til að draga úr því misrjetti, sem verður svo átakanlegt við það, að tollurinn fellur niður á þessum tíma. Og ef það kæmi fyrir, að mjög hátt verð fengist fyrir afurðirnar, þá gæti svo farið, að það yrði fyllilega rjettmætt að leggja tollinn á. Það gæti viljað til, að úr rættist, þótt ekki sje það mjög líklegt. — Svo skal jeg ekki tefja þessar umr. meira. Jeg veit, að það þýðir ekkert. Menn munu allir vera ráðnir í því, hvað þeir vilja við frv. gera.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. K., B. St., H. K., J. J., J. M., J. B., M. Ó., P. J., P.O., P. Þ., S. S., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Ó. B.

nei: B. J., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., M. G., M. P., St. St., Þorst. J., Þór. J.

2. og 3. gr. samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. K., B. St., H. K., J. J., J. M., J. B., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., Sv. Ó., Þorl. J. Ó. B.,
nei: B. J., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., M. G., M. P., St. St., Þorst. J., Þór. J.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:6 atkv.

Á 52. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 389, 780).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Mjer er kunnugt um það, að von er á brtt. við þetta frv., og óska því, að það sje tekið út af dagskrá. Annars tók jeg það fram við 2. umr., að nefndin ætlar ekki að koma með brtt. við frv., enda er ekki við því að búast, þar sem nefndin vill málið feigt. En eigi málið fram að ganga, þarf að vísa því aftur til nefndarinnar til lagfæringar. Jeg tek það fram, að mjer er kunnugt um, að hv. þm. S.-Þ. (P. J.) ætlar að koma með brtt. við það.

ATKVGR.
Frv. vísað aftur til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1608) með 13:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. St., E. A., J. J., J. B., P. O., P. Þ., S. S., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Ó. B.
nei: B. K., E. J., G. Sv., H. K., M. Ó., Þór. J.
M. G. greiddi ekki atkv.
Sex þm. (B. Sv., E. Árna., J. M., M. P., P. J., St. St.) voru fjarstaddir.
Umr. frestað.

Á 56. fundi í Nd., mánudaginn 10. sept., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 389, 780, 800)

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Eins og hv. deildarmenn muna, var þessu frv. vísað aftur til nefndar, ekki af því, að hún hefði ekki athugað frv., heldur vegna breytinga, er menn æsktu á því. Þetta var nefndinni ekki ljúft verk, með því að hún hefir verið á móti frv. frá upphafi, og er enn.

Nú eru komnar fram brtt. frá hv. þm. S.-Þ. (P. J.) og hv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Um þær er það að segja, að nefndin er á móti þeim, eins og frv. í heild sinni. Yfirleitt miða þær víðast að því að færa upp hámarkið, og það svo mjög, að vafasamt er, að nokkrar tekjur mundu af því fást. Þar er farið fram á að tolla ullina, en verðið sýnist mjer ofhátt sett, saman borið við kjötverðið. Mjer þykir líka undarlegt að hækka hámarksverðið á gærum; kg. hefir hingað til ekki náð kr. 1,00. Sama er að segja um smjör. Yfirleitt er nefndin andvíg brtt., nema ef til vill brtt. um síldartollinn.

Um brtt. hv. 1. þm. Árn. (S. S.), á þgskj. 780, skal jeg ekkert segja, fyr en hann hefir sjálfur mælt með þeim, en trúað gæti jeg því, að hv. sessunaut hans (M. Ó.) þætti fullmikil landbúnaðarlykt af þeim. Sem sagt, nefndin leggur til, eins og áður, að frv. verði felt.

Pjetur Jónsson: Lög þau, er hjer liggja nú fyrir, fengu, þegar í byrjun,

mjög misjafna dóma. Þó voru þau samþykt á sínum tíma með miklum meiri hluta, eftir að menn höfðu fundið leið til samkomulags. Þar sem eg þekki til, úti um land, hafa menn yfirleitt hallast að því, að leiðin hafi verið sanngjörn og rjettmæt, enda var hjer þá ekki önnur leið til, sem hitti gróða framleiðenda við áhrif stríðsins eins vel og þessi. Nú er aftur á móti nokkuð öðru máli að gegna. Gjaldstofninn er breyttur frá 1915. Þá var auðsær hagnaður í garði framleiðenda, jafnt bænda sem sjávarútvegsmanna, en nú verður ekki annað sjeð en að halli verði hjá mjög mörgum, svo að fjárhagsnefnd var tæplega láandi, þótt hún vildi ekki halda uppi þessum lögum lengur.

Jeg var í fyrstu á svipaðri skoðun, en þegar jeg fór að hugleiða málið rækilega, eftir að frv. kom fram, komst jeg að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að framlengja lögin þannig, að þau næðu jafnt til allra, en gjaldið yrði sem allra ljettast, á meðan þessi truflun atvinnuveganna stendur. Þó að menn beri sig nú illa, og þótt einhver skaði verði á útgerð og búskap, þá eru þó framleiðendur skárst settir allra sem stendur, og yfirleitt eru það þessar stjettir, sem lengst munu lifa af sjer þetta harðæri.

Þá er og óheppilegt, að lögin hverfi úr sögunni á miðju útflutningstímabilinu á þessu ári. Og það mun hafa verið aðaltilgangur stjórnarinnar, er hún flutti frv., að lögin næðu yfir alla framleiðsluna 1917 og giltu til 1. júlí 1918. — En til þess nú að lögin geti staðið til næsta reglulegs þings, þá kom mjer og nokkrum fleiri hv. þm. saman um að koma með tillögu um að framlengja þau árinu lengur.

Svo framarlega sem aukaþing verður haldið næsta ár, eins og líkur virðast benda til, þá er hægast að breyta lögunum eða afnema þau, eftir því sem þykir haganlegast. En okkur flutnm. till. þykir heppilegt að láta þau lifa þangað til. Þess vegna höfum við komið með þessa uppástungu, að þau næðu til 1. júlí 1919, en þó þannig, að tollurinn næði ekki til annarar framleiðslu en fyrir árið 1918. — Þá skal jeg með örfáum orðum snúa mjer að einstökum brtt. — Okkur fanst ekki ástæða til að gera breytingar við 2. gr., nema í einstaka atriði. Fyrsta breyting er við 2. lið. Um hana er ekkert að segja. Að eins þótti okkur það lögulegri tala að setja 110 fyrir 111. Aftur á móti má segja um breytingartar við 4. og 7. lið, að það gerðum við til þess að koma á samræmi, móts við aðrar fiskitegundir, svo sem þorsk í 1. flokki. Þá er næst viðvíkjandi síldinni. Við vorum á einu máli um það, að rjettast væri að ljetta tollinum, nálega öllum, af henni vegna margra orsaka. Bæði hefir síldarafli verið óvenju tregur í sumar, og annað þó enn verra, en það er hinn gríðarlegi kostnaður við salt, ílát og kol, svo að allir útgerðarmenn hafa skaðast á síldveiðum síðastliðið ár. Okkur fanst því ekki vera á það bætandi, með því að leggja skatt á í ofanálag. Enda verður gjaldið, eftir okkar till., ekki nema 18 aurar á hverja tunnu, miðað við breska verðlagið. Það er því að eins til að halda þessu við að nafninu til. — Um brtt. við smjörið er ekki neitt að segja. Við færðum það upp að eins til að koma því í samræmi við annað. Eins og menn vita er ekki flutt neitt smjör út nú. — Hvað snertir gærurnar, þá miðaði jeg þessa hækkun þess gjaldfrjálsa verðs að nokkru leyti við það verð, sem jeg geri ráð fyrir að fáist fyrir þær nú. En eins og kunnugt er kostar nú mikið að salta gærar, þar sem salt hefir stigið afskaplega í verði. Gjaldfrjálsa verðið hefir verið áður 1 kr. á hvert kg., og var það fullhátt í samanburði við alt o. fl. Þetta er ekki heldur nema í samræmi við hækkunina á fiskinum. Aftur er

það má ske fullhátt, saman borið við kjötið. Það hefði ef til vill verið ástæða til að færa hið gjaldfrjálsa kjötverð dálítið upp. En því miður er ekki útlit fyrir, að kjöt seljist vel á næstu timum. Svo að okkur fanst ekki taka því að koma með brtt. í þá átt. Það hefir lengi vel verið svo, að saltfisksskipúndið og kjöttunnan hjeldust í hendur. En nú hefir kostnaður við fiskverkun hækkað meir en á kjöti. En þó vil jeg geta þess, að hækkunin á kjötkostnaðinum hefir verið mikil líka, alt að 15—20 kr. á tunnu, síðan í fyrra. — Þá kemur brtt. um að taka ullina með. Með hana höfum við farið í hlutfalli við annað. Við höfum miðað verðið við það verð, sem ull nú hefir selst fyrir, annars vegar, og gert ráð fyrir, að framleiðslukostnaður á henni hækkaði talsvert, eins og allur búskaparkostnaður hefir farið sí hækkandi. En sjerstök hækkun, þar fram yfir, er ekki tilfinnanleg, eins og á sjávarafurðum. — Um hestana hefi jeg farið eftir till. hv. 1. þm. Árn. (S. S.). Hún liggur hjer fyrir, og jeg býst við, að hann mæli með henni. Á þeim er tollfrjálst verð má ske full lágt. Ef lítið flytst út af hestum, þá má búast við góðu verði, og framleiðslukostnaður hesta er minni en annars gjaldeyris, svo að ekki þarf að kvarta um útflutningsgjald á þeim, ef til kemur. En annars bendir alt útlit á, að hestar verði ekki fluttir út í ár. Og tekur þá ekki til þess tolls, því miður. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. En vildi þó að endingu drepa á brtt. hv. 1. þm. Árn. (S. S.). Jeg vona að hann taki þær aftur, sem lúta að því, að fella niður einstaka liði á frumvarpinu. Því svo framarlega sem á að framlengja tollinn á annað borð, þá finst mjer rjettast að láta það ná til alls, sem áður var. Mjer finst það varla sómasamlegt fyrir fyrir oss bændur, að vera að skorast undan þessu óverulega gjaldi. Við megum ekki vera með neinn meting á milli atvinnuveganna, heldur hjálpast að, sem best við getum, að bera uppi það, sem á oss legst.

Sigurður Sigurðsson: Jeg get lýst því yfir strax, að í upphafi vega sinna á þessu þingi gerði jeg ekki ráð fyrir, að þessi lög um bráðabirgða-útflutningstoll frá 16. sept. 1915 yrðu framlengd.

En þegar jeg sá frv. stjórnarinnar á þgskj. 398, þá leit jeg svo á, og studdi mig þar við ummæli hæstv. fjármálaráðh. (B. K.), að það miðaði eingöngu að því, að borgaður yrði skattur tvisvar sinnum af öllum útfluttum afurðum landsins. En ef lögin gengju úr gildi 16. sept. 1917, þá yrði nokkur hluti af ýmsum vöruteg undum ekki tollaður nema að eins einu sinni. Till. mín er líka miðuð við þetta, og enn fremur við það, að lögin gildi að eins til næsta árs, og að þessi tollur nái ekki til annara útfluttra aturða en þeirra, sem eru framleiddar 1917. — Lengra finst mjer jeg ekki geta farið. Og er því á móti till. þeirra hv. þm. S.-Þ. (P. J.) og 1. þm. Reykv. (J. B.), sem er á þgskj. 800. Jeg álít sem sje, að ekki komi til nokkurra mála, að framlengja lögin lengur en ákveðið er í frv. stjórnarinnar. Þetta er nú mín skoðun, og flestra annara þingmanna, að eg hygg. Það kom berlega í ljós, bæði á þinginu 1915 og enn fremur á aukaþingi í vetur, að ekki ætti að framlengja lögin. Að vísu mun það ekki hafa verið bein yfirlýsing. En í öllum umræðum þá um málið, var það skýrt tekið fram, að rjett væri, að lögin stæðu út sinn tíma til 16. sept., en að ekki kæmi til mála, að þau yrðu framlengd. Og þetta hygg jeg að sje skoðunin manna enn. Eins og jeg tók fram áðan, mun aðalástæðan fyrir tillögu stjórnarinnar, um framlenging á lögunum, vera sú, að ná tvisvar tolli af öllum útfluttum afurðum. En falli lögin úr gildi nú, þá rask-

ast við það jafnvægið, þar sem tollur er tvígoldinn af nokkru, en ekki sumum afurðum. Það hefir verið borgaður tvisvar tollur af kjöti og gærum. Og með þetta fyrir augum legg jeg til, að 14. og 16. liður falli niður. Aftur á móti er ekki búið að borga toll af hestum nema einu sinni. Þess vegna tel jeg ekki rjett að fella þann lið niður, ef ske kynni, að eitthvað yrði flutt út af hestum í haust, sem er ekki alveg óhugsanlegt, þó það sje fremur vonlítið. Bjargráðanefnd neðri deildar fór þess á leit við stjórnina snemma á þingi, að hún gerði alt, sem í hennar valdi stæði, til að fá leyfi hjá Englendingum til að flytja hesta beina leið til Norðurlanda.

Jeg veit svo ekki hvað stjórnin hefir gert í þessu, eða hvort hún hefir gert nokkuð, eða hver er árangurinn. — En hins vegar hefir verið sagt hjer, og það er víst satt, að 1915, þegar þessi tollög gengu í gildi, þá hafi talsvert af síld og fiski, sem þá hafði fiskast, verið þegar keypt og sent út, og þannig komist undan tolli. Og því hefir ekki verið greiddur nema *einu sinni* tollur af nokkru af sjávarafurðum síðan 1915. — Með þetta fyrir augum kom jeg fram með till. mína. Og þetta vakti enn fremur fyrir mjer, þegar jeg greiddi atkv. með málinu til 3. umr., sem sje með því, að lögin yrðu framlengd til 1918, og að tollur kæmi ekki til greina á öðrum vörum en þeim, sem einu sinni hefir verið greitt af áður. Afstaða mín í málinu er bygð á þessu, og jeg get því ekki tekið till. mína aftur, eins og hv. þm. S.-Þ. (P. J.) fór fram á. — Mjer hefði ekki dottið í hug að óska þess, að þessi tollur yrði framlengdur, ef hækkunin á útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem hjer var til umr. fyrir skömmu, hefði verið samþykt. En þar sem það nú var felt, þá tel jeg ekki nema sanngjarnt, að goldinn sje tollur af þessum afurðum í samræmi við landbúnaðinn. — Jeg hefi svo ekki fleira að segja í þessu máli. Jeg hefi áður lýst yfir því, að jeg er algerlega á móti brtt. á þgskj. 800, að lögin verði framlengd til 1919. Og falli mínar breytingatillögur, greiði jeg atkvæði á móti frumvarpinu.

Björn Kristjánsson: Það var óheppilegt að engin úr stjórninni skyldi vera hjer viðstaddur, til að láta í ljós álit sitt um brtt. á þgskj. 800. Þó hygg jeg að mjer sje óhætt að segja, eftir því sem jeg þekki hug stjórnarinnar, að hún mundi fallast á þær. Sumar þeirra eru að vísu þýðingarlitlir, eins og t. d. um smjörið, sem gerir hvorki til nje frá. En aftur eru aðrar til talsverðra bóta, svo að jeg fyrir mitt leyti legg til, að þær verði samþyktar. Hvað snertir þessa lengingu laganna, að þau sjeu látin gilda til 1919, staðinn fyrir 1918, þá læt jeg það mig litlu skifta. En hins vegar sje jeg ekkert, sem mælir móti því, að svo verði, því landssjóður hefir mikla þörf fyrir tekjur, eins og menn vita. En aftur tel jeg að brtt. á þgskj. 780, frá hv. 1. þm. Árn. (S. S.), sjeu ekki til neinna bóta, og þessvegna sje rjett, að fella þær, ef hann á annað borð vill ekki taka þær aftur. En jeg mæli eindregið með því að brtt. á þgskj. 800 verði samþyktar.

Gísli Sveinsson: Jeg ætla aðeins að segja örfá orð. Jeg býst nú við, að jeg, eins og fleiri úr fjárhagsnefnd, muni greiða atkvæði mitt á móti þessu frv., sem hjer liggur fyrir, og enn fremur á móti brtt. á þgskj. 800. Ekki þó af því, að sumar þeirra geti ekki verið bygðar á viti, heldur er það af hinu, að jeg tel ekki rjett að málið nái fram að ganga. Jeg álít, að þess síður eigi að samþykkja þetta,

þar sem sjálfir flutningsmenn hafa lýst yfir því, að sumar af þessum breytingum sjeu aðeins að nafninu til. Það er þá ekki til annars en að villa mönnum sýn. Því að hvað þýðir það, að vera að halda tolli á síld, þar sem tollfrjálsa hámarkið er sett svo hátt, að fullvíst er, að tollurinn yrði ekki nema nokkrir aurar á hverja tunnu? Sjávarútvegsmenn hrópa nú hástöfum um það í báðum deildum, að þessi atvinnuvegur sje ekki annað en gustuka-atvinna. Það kemur mjer undarlega fyrir, að hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), hinn fyrverandi fjármálaráðherra, skuli nú vilja mæla með þessari brtt. á þgskj. 800, sem þó sýnilega miða að því, að koma í veg fyrir, að nokkuð náist af tekjum í landssjóð. Mjer skilst, að það ætti að vaka fyrir okkur, að ná þó einhverjum tolli inn, en að hitt sje gersamlega tilgangslaust, að vera hjer að handfjalla tölur, er eiga að vera hið tollfrjálsa verð, sem eru svo hátt settar, að það er hámark á verði, sem fyrir vörur er gefið, og af þeirri ástæðu gefa ekki landssjóði neitt í aðra hönd. Þá er mun betra að fella það alt saman, eins og meiri hluti fjárhagsn. vill. Jeg vil geta þess, eins og komið hefir fram í öðru máli hjer, að nú er svo ástatt, að misrjetti á sjer stað milli sjávarútvegs og landbúnaðarins. Frumvarpið um hækkun á útflutningsgjaldi á sjávarafurðum var fram komið til að bæta úr þessu misrjetti. En það var felt, svo að þetta misrjetti heldur sjer enn. Það er því ekki nema eðlilegt, að það komi hjer fram tillögur eins og þær, sem hv. 1. þm. Árn. (S. S.) ber fram, er ganga í þá átt, að skapa jafnræði milli þessara atvinnugreina, með því að ljetta tollinum á landbúnaðarafurðum. Jeg tel því rjett, að hv. þm. greiddu þessari tillögu atkvæði, til þess að gæta sanngirni og rjettlætis í þessu máli. Jeg mun því gera það, enda þótt jeg sje á móti málinu í heild sinni, eða framlengingu verðhækkunartollsins, eins og nú standa sakir.

Pjetur Jónsson: Það fer nú að verða þýðingarlítið að tala í þessu máli, því menn hlusta ekki á það. Jeg ætlaði ekki að mæla mikið með brtt. minni, heldur ætlaði jeg að eins að taka það fram, gagnvart orðum hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og 1. þm. Árn. (S. S.), að jeg er ófáanlegur til að fara að þræta aftur og fram um jafnrjetti og misrjetti á milli atvinnuveganna út af þessu máli. — Jeg skil ekki í að þeir tali þar fyrir hönd bændastjettarinnar, þegar þeir eru sífelt að metast fyrir hönd hennar um öll gjöld og ýta af henni. Það getur ekki verið til sóma eða í þágu bændastjettarinnar. Jeg þykist hjer geta talað fyrir hönd bændastjettar með meira rjetti en þeir og meiri kunnugleik. Og jeg held fram sanngirni metingslaust. Þetta held jeg öllum betri bændum sje fult eins geðfelt. Um síldina er það að segja, að við vildum ekki fella hana úr lögunum nú, þótt gjaldið af henni dragi lítið, ef ekki er nema um breska verðið að ræða.

En ef síldarafli batnaði til muna á meðan lögin standa, og einkum ef verðið hækkaði, án þess tilkostnaður ykist, þá gæti síldin orðið góður tekjustofn. Hitt var sjálfsagt nú, að hafa tollfrjálst af síldarverðinu eigi minna en það, sem nemur beinum tilkostnaði við reksturinn, og má vera að það sje linlega talið hjá okkur.

Hákon Kristófersson: Það eru að eins örfá orð, sem jeg vildi mega segja um þetta mál.

Það kann að þykja undarlegt, að jeg fylgdi því, að mál þetta gengi til 3. umr., þar sem jeg gerði engan ágreining í fjár-

hagsnefndinni, en meiri hluti hennar lagði til, að frumvarpið færi ekki til 3. umræðu, er hún tók afstöðu sína til málsins. Jeg skal lýsa því yfir, að jeg get ekki skilið, hvers vegna fjárhagsnefnd getur nú verið móti málinu í heild sinni, eins og það nú er orðið, með þeim brtt., er fyrir liggja, þar sem hún hafði ekki lýst sig algerlega mótfallna skatti þessum, heldur að eins viljað láta hann koma niður á sjávarafurðum. Jeg hafði lýst yfir því í fjárhagsnefndinni, að jeg teldi tæplega sanngjarnt, að landbúnaðarafurðir væri með öllu undan þegnar tollinum, þótt mjer væri það ekkert kappsmál. Leit jeg svo á, að slíkt væri bæði rjettlátara, og mundi mælast betur fyrir. Jeg get nú ekki sjeð, að með þeim breytingum, er fyrir liggja á frv., sje hægt að slá því fram, að með því sje nokkur verulegur skattur lagður á landbúnaðinn. En jeg vil undirstrika það, sem kom fram í fjárhagsnefndinni, að með tilliti til hækkaðs lausafjárskatts hefir landbúnaðurinn orðið fyrir mjög verulegri skattaaukningu í samanburði við sjávarútveginn, en tel það þó ekki svo mikið atriði, að hann væri algerlega undanfeldur þessum skatti, ef 100 % væri lagt á sjávarafurðir fram yfir það, sem er. Þykist því vel geta rjettlætt það fyrir samvisku minni, og þykist ekki bregðast hv. fjárhagsnefnd, þótt jeg samþykki frv. þetta með brtt. á þgskj. 800.

Brtt. á þgskj. 780 virðast fram komnar af góðum hug, en þó býst jeg við, að jeg geti síðar fylgt þeim. Vil þó taka það fram, að skatt eins og þann, sem hjer er um að ræða, tel jeg hrein og bein vandræði að verða að notast við, nema aðeins til bráðabirgða, vegna vöntunar á tekjum í landssjóðinn.

ATKVGR.:

Brtt. 800, 1. feld með 16: 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., S. St., B. K., B. St., H. K., J. M., J. B., M. Ó.

nei: P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., E. A., E. J., G. Sv., J. J., M. G., M. P., Ó. B.

Tveir þm. (B. Sv. og E. Árna.) voru fjarstaddir.

Brtt. 780, 1. feld með 13: 4 atkv.

— 800, 2—4 feld með 13: 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. Ó., P. J., P. O., S. St., Sv. Ó., B. Sv., B. K., B. St., E. J., H. K., J. M., J. B.

nei: M. P., P. Þ., S. S., S. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., E. A., G. Sv., J. J., M. G., Ó. B.

Einn þm. (E. Árna.) var fjarstaddur.

Brtt. 800, 5. samþ. með 15: 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. St., H. K., J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., P. O., S. St., St. St., S. Ó., Þorl. J., B. Sv., B. J., B. Kr.

nei: E. A., E. J., G. Sv., J. J., M. G., P. Þ., S. S., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Einn þm. (E. Árna.) var fjarstaddur.

Brtt. 780, 2. feld með 14: 5 atkv.

— 780, 3. tekin aftur.

— 800, 6. samþ. með 13 shlj. atkv.

— 780, 4—5. feld með 13: 3 atkv.

—. 800, 7. samþ. með 16: 1 atkv.

Verðhækkunartollur.

Brtt. 800, 8.a—c. samþ. með 14: 5 atkv.
— 780, 6. tekin aftur.
— 800, 9. samþ. með 14: 3 atkv.
— 800, 10. kom ekki til atkv.

Frv., svo breytt, *felt* með 13: 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. K., B. St., E. A., H. K., J. J., J. M., J. B., M. Ó., P. J., S. St., Sv. Ó., Þorl. J.

nei: B. J., E. A., E. J., G. Sv., M. G., M. P., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

B. Þingmannafrumvörp.

3. Nauðsynjavörur undir verði.

Á 3. fundi í Nd., fimtudaginn 5. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til heimildarlaga fyrir landsstjórnina til þess að selja ýmsar nauðsynjavörur undir verði og að gjalda verðhækkunina eftir því, sem lög þessi greina (A. 31).

Á 5. fundi í Nd., laugardaginn 7. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., mánudaginn 9. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg álít ekki, að þörf sje á að tala langt mál að þessu sinni. Jeg vona að háttvirt deild leyfi frumvarpinu að ganga til nefndar, og gefst þá nefndinni tækifæri til að athuga það.

Dýrtíðin er orðin afskapleg. Hún hefir aukist svo 3—4 síðustu mánuðina, að þeim, sem hafa lág laun eða lítil efni, er lítt kleift að afla hins bráðnauðsynlegasta. Svo kemur fleira til, sem eykur vandræðin. Atvinna hefir verið rýr frá því í vetur, þegar sjávarútvegurinn stöðvaðist. Til sveita hefir dýrtíðarinnar orðið vart, þótt ekki sje hún þar jafn tilfinnanleg og í kaupstöðum. Það gæti verið, að menn kæmust af í kaupstöðunum, ef atvinna væri næg; en að líkindum verður atvinnuleysið alment. Mest er atvinnan nú um hásumarið, en þegar vetrar og veðrátta hamlar framkvæmdum, mun hún minka að stórum mun. Má þá búast við almennu atvinnuleysi. En vöruverð er svo hátt, að þótt atvinna sje sæmileg geta menn eigi aflað nema hins allra nauðsynlegasta.

Það sem fyrir mjer vakir er að koma í veg fyrir, að almenningur líði neyð; en það verður eigi gert á annan hátt en að landssjóður hlaupi undir bagga. Ef atvinnubrestur verður er bæjarfjelögunum ómögulegt að hjálpa öllum; það er til einkis að treysta, að þau forði mönnum frá hungri. Þingið má ekki skiljast án þess að hafa gert einhverjar ráðstafanir til að hjálpa almenningi. Jeg geri ráð fyrir, þó að þetta frumvarp verði samþykt, að þingið geri einhverjar ráðstafanir til þess að byrjað verði á fyrirtækjum, sem menn geti haft atvinnu af, því þó að landssjóður greiði þá verðhækkun, sem kann að verða fram yfir það vöruverð, sem ákveðið er í frumvarpinu, þá getur almenningur ekki bjargast, nema hann hafi mikla atvinnu.

Aðrar þjóðir, sem dýrtíðarinnar hafa orðið varar fyr en við, hafa tekið upp þetta ráð, að greiða ákveðinn hluta verðhækkunar á nauðsynjum. Jeg skal ekki

um það segja hvað háttvirtu Alþingi finst ráðlegt í þessu efni. Ef háttvirt Alþingi gæti sjeð aðrar leiðir hagkvæmari, gæti jeg með glöðu geði fallist á þær. Mjer dettur ekki í hug að halda því fram, að mínar tillögur sjeu endilega þær bestu, sem hægt er að gera í þessu máli, en jeg hygg, að þær stefni í rjetta átt, og ef eitthvað verður gert, sem jeg vona, verði það bygt á sama eða líkum grundvelli.

Finnist mönnum heppilegra, að landstjórnin stofni til einhvers fyrirtækis til að sjá mönnum fyrir atvinnu þá kæmi í sama stað niður, hvort kaupgjald yrði haft svo hátt, að menn gætu aflað sjer allrar nauðsynjavöru, eða verðhækkun á nauðsynjavörum yrði goldin eins og ætlast er til í þessu frumvarpi, en kaupið þá öllu minna. En jafnframt yrði að hafa í huga, að margir gætu ekki notið atvinnu þeirrar, sem landstjórnin sæi fyrir, og mætti ekki svo við þetta mál skiljast, að þeim væri ekki sjeð farborða. Mjer dylst ekki að svo framarlega sem landsjórnin ræðst í að veita hjálp gengur töluvert fje til þess; án þess væri ekki hægt að bjarga miklum hluta alþýðu. En þótt að ilt sje að stofna til skulda er jeg ekki í vafa um, að það er álitlegra en að láta þúsundir manna búa við neyðarkjör; slík neyð mundi draga úr þreki og þrótt hinnar uppvaxandi kynslóðar.

Jeg drep á þessi atriði nú til þess að háttvirt deild viti, hvað fyrir mjer vakir með þessu frumvarpi. Jeg tel eigi þörf að nefna fleira, en vona að deildin leyfi að frumvarpið gangi til bjargráðanefndar, og geri jeg tillögu um það.

Sveinn Ólafsson: Mjer þykir fyrir að þurfa að lýsa yfir því strax, að jeg get ekki aðhyllst þetta frumvarp. Mjer þykir fyrir því vegna flutningsmannsins, sem flytur það í góðum tilgangi, og vegna þeirra, sem hafa bygt vonir sínar á fyrirheitum þess. Jeg sje enga von til þess, að landssjóður gæti staðist slík útgjöld, sem þau, er frumvarpið geri ráð fyrir; þau eru svo yfirgengilega há, að slíkt hefir ekki þekst áður í fjárlögum hjer. Framkvæmd laganna yrði afar erfið; sjerstaka eftirlitsmenn yrði að hafa til að sjá um, að misbrúkun ætti sjer ekki stað. Í annan stað er ekki sjeð vel fyrir þeim, er mestrar hjálpar væru þurfandi, t. d. þeim, sem eigi gætu greitt lágmarksverðið. Yfirleitt yrði mestur þorri allra landsmanna rjettnefndir landsómagar, ef frv. þetta yrði gert að lögum.

Til að sýna hve gífurlega fjárupphæð þyrfti til að fullnægja fyrirmælum slíkra laga vil jeg benda á lauslegan útreikning, er jeg hefi gert.

Jeg tel þar þó aðeins rúg og rúgmjöl, hveiti, haframjöl og sykur, og er í útreikningnum miðað við innflutning árið 1913; enn fremur er gert ráð fyrir að $^1/_3$ landsmanna fjelli undan, þar eð tekjur þeirra færu fram úr hámarkinu, sem sett er.

35000 tn. ($^2/_3$ af 52000) rúgur og rúgmjöl, 25 kr. verðhækkun á tunnu = kr. 875,000
16000 tn. ($^2/_3$ af 24000) hveiti, 20 kr. verðhækkun á tunnu = — 320,000
7660 tn. ($^2/_3$ af 11500) haframjöl, 30 kr. verðhækkun á tn. = — 229,800
30 aura verðhækkun á $^2/_3$ hlutum af 2,516,200 kg. af sykri = ... — 50,000
Samtals kr. 1474,800

Þetta eru aðeins fáar tegundir af þeim, sem gert er ráð fyrir uppbót á. Enn fremur hefi jeg gert lauslegt yfirlit yfir kolanotkunina, og skal jeg nú gera grein fyrir útreikningi mínum á notkun þeirrar vöru. Kol handa 8096 heimilum (ca. $^2/_3$ af heimilatölu á landinu, sem alls er ca. 12143) 2 tons á heimili hvert = 16192 tons með 300 kr. verðhækkun (frá 100 í 400 kr. nú). Uppbótin mundi þá nema

4,857600 kr. Með öðrum orðum, eftir þessari lauslegu áætlun er uppbótin á þessum fáu tegundum yfir 6 miljónir króna. Ef þetta er rjett, sem jeg fyrst um sinn verð að halda, að sje nær sanni, þá þyrfti að auka tekjur landssjóðs að miklum mun, jafnvel fjórfalda þær. Jeg held, að enginn hjer sje svo slunginn, að hann treysti sjer til að koma fyrir svo vel fari jafnmiklum tekjuauka fyrir landssjóð. Þessvegna er jeg kominn að þeirri niðurstöðu, að þessi leið sje ekki fær. Mjer virðist óumflýjanlegt, að áður en landssjóður verði fyrir slíkri blóðtöku, verði reynt á þolrif sveitasjóða og bæjarsjóða, og að þeir verði að leggja alt það af mörkum, er þeir geta. En af því að mjer þykir óviðurkvæmilegt að ráðast á frv., sem ætlað er til að afstýra yfirvofandi neyð, vil jeg reyna að draga úr vonbrigðum þeirra, er þessi bjargráð eru ætluð; með því að benda á leiðir, sem ef til vill eru ekki vel færar, en þó virðast greiðfærari en þessi, þótt hjer sje ekki um eins stórar upphæðir að ræða. Það er, að stjórninni sje heimiluð úr landssjóði sú fjárupphæð, sem hann getur af hendi látið, til útláta til þurfandi sveitar- eða bæjarfjelaga, án þess þó að talinn sje sveitarstyrkur, heldur sem dýrtíðarstyrkur eða dýrtíðaruppbót. Þá ráðstöfun mætti og hugsa sjer, sem hv. flm. (J. B.) benti á, að útvega mönnum atvinnu fyrir landssjóðsreikning.

Í þriðja lagi datt mjer í hug, að allra næst lægi ef til vill, að fylgja fordæmi manna vestan hafs, og ef til vill í nágrannalöndunum, að þeim mönnum sje greitt fje, er flytja úr bæjum í sveitirnar að yrkja jörðina, veitt uppbót á kaupi því, er bændur greiða, og þeim útvegað fæði, er vinna að framleiðslu í sveitunum. Þetta væri ef til vill allra snjallasta leiðin. Ef til vill er nú orðið nokkuð seint að taka til þessa ráðs, en hefði það verið upp tekið næstliðið vor, áður voryrkja byrjaði, þá hefði framleiðsla af garðyrkju getað stórum aukist og jafnframt orðið kleift að færa frá þeim 5—600000 dilkám, er nú munu ganga um fjöll og afrjetti þessa lands.

Af því að jeg sá mig knúðan til að ráðast á þetta frv., vildi jeg reyna að milda áhrifin, með því að benda á þessi ráð, þótt önnur sjeu ef til vill betri.

Jeg vil svo ekki þreyta hv. deild með lengra máli, en óska, að frv. verði vísað til bjargráðanefndar, í þeirri von, að hún kynni að sjá eitthvert ráð til þess að nálgast ósk hv. flm.

Bjarni Jónsson: Það er alveg rjett, sem að síðasti ræðumaður (Sv.Ó.) sagði, að þessu máli hefði átt að sinna miklu fyr, og hefði hv. þm. ekki legið svo mjög á, að komast heim af aukaþinginu í vetur, hefði þá mátt taka til íhugunar líkt frv., er þá var borið fram, og líkar tillögur og þær, er síðasti ræðumaður bar fram, að láta fólk fara úr bæjum upp í sveit til vinnu, svo að bændur gætu fært frá ám sínum og notað þá innlendu björg, er landsmenn hafa ætíð kunnað að hagnýta sjer, er aðflutningar teptust. En það er rjett, að nú er þetta of seint, og eins og jeg ætla, að jeg hafi áður sagt hjer í þessari hv. deild, hefði jeg sent 5 þúsundir manna upp í sveit að sjá við hallæri, ef jeg hefði verið einvaldur hjer á landi í vor.

Jeg hefi sagt áður, að það væri rjett, að búast við hinu illa, hið góða skaðaði ekki. Jeg ætlaði ekki að flytja langa ræðu. En jeg vildi einungis þakka hv. flm. (J. B.), að hann vill nú reyna að blása lífi í það frv., sem hann og aðrir hv. þm. hjálpuðust til að drepa fyrir mjer á aukaþinginu í vetur.

Að eins vil jeg reyna að skýra fyrir mönnum, hvað jeg hugsaði með tillögum mínum í vetur, og hvað jeg hugsa nú,

er jeg vil styðja þetta frv. Jeg hugsa svo, þegar verð á útlendri og innlendri nauðsynjavöru er orðið svo hátt fyrir þurrabúðarmanninn, að hann getur ekki dregið fram lífið, þrátt fyrir afarmikla kauphækkun, eru hugsanlegir tveir vegir. Annar er sá, að sveitar- eða bæjarsjóðir veiti honum styrk til lífsviðurværis, en hinn er sá, að sveitarfjelagið ábyrgðist það, sem hann þyrfti. Niðurstaðan yrði ætíð sú, að þeir mörgu menn, sem gætu ekki borgað, færu á hreppinn, og gæti enginn borgað, færi allur hreppurinn „á hreppinn". Landssjóður tæki þá við uppetnum búum, og þá yrði erfiðara um lán, er lánardrotnar vissu, að bústofn væri fallinn.

Því er hitt meiri fyrirhyggja nú, meðan atvinnuvegir standa upprjettum fótum, að taka nú lán til að hjálpa mönnum að bera hallærið. Engum manni með fullu viti dettur nú í hug að leggja á landsmenn stóra skatta, til tekjuauka landssjóði. Eini vegurinn er, að landið taki lán á svipaðan hátt og herlán ófriðarþjóðanna. Það er lán til að fullnægja nauðsynlegum kröfum til stríðs og varnar. Slíkt lán bæri þó ekki að skoða sem gjald í næstu fjárlögum, heldur ætti það að borga á löngum tíma, 25—30 árum, eins og stríðslánin. Það er margvíslegt, sem er gerandi á þessum tímum, og sú kynslóð, sem þessir óvenjulegu tímar hafa skollið yfir, á ekki að bera það ein, heldur og sú komandi kynslóð, sem vjer höfum bjargað með því að falla ekki sjálfir úr hungri. Hún hefði aldrei orðið til, ef vjer yrðum hordauða fyrir varfærni sakir. Þetta er mín hugsun. Jeg tel, að eigi þyrfti að lögákveða fyrirfram, hve mikið landssjóður skuli greiða, heldur gefa stjórninni heimild til að gjalda uppbót eftir verðlagi og kaupgjaldi, samkvæmt reikningum þar til settrar nefndar manna af öllum stjettum. Landssjóður tæki þá við, er gjaldþol manna væri að þrotum komið. Með þessu móti yrðu útgjöld landssjóðs ekki eins tilfinnanleg og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sýndi eftir frv. Þau gætu því lækkað frá þeirri hlið, en hækkað frá annari hlið, sem sje, að ekkert yrði ákveðið um, að menn með svo og svo háum launum og svo og svo fáum ómögum skuli ekki verða aðnjótandi uppbótarinnar. Það er svo vandasamt að finna tekjur manna og gjaldmegin, að það mundi kosta eins mikið og að láta uppbótina ná til allra. Mjer mundi ekki detta í hug, að undan skilja mann, þótt hann væri margfaldur miljónamaður. Þeir, sem fengist hafa við seðlaútbýtinguna í þessum bæ, þekkja, hve erfitt er að haga slíkum hlutum. Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um málið. Væntanlega verður því vísað til nefndar, og þá sennilega til mentamálanefndar. Raunar á það heima í bjargráðanefnd, en jeg geri ráð fyrir, að þessi hv. deild taki ekki upp á því að vísa máli til þeirrar nefndar, er það að rjettu á heima í. Jeg ætla svo að enda ræðu mína með því að þakka hv. flm. (J.B.), að hann hefir tekið upp hugmynd þá, sem hann hjálpaði til að drepa, meðan tími var til að koma henni í framkvæmd.

Matthías Ólafsson: Jeg verð að vera á líku máli og hv. þm. Dala. (B. J.), að þetta frv. mundi verða óframkvæmanlegt, með því fyrirkomulagi, er það hefir að flytja. Vilji hv. flm. er góður, og nauðsynjamál liggur að baki frv., en eins og það liggur fyrir er það alveg óframkvæmanlegt. Jeg skal ekki lengja umr., en vil taka það fram, sem jeg álít tiltækilegt. Það er, að landið taki stórlán, sem engin vafi er á, að myndi velta á miljónum, og láni síðan sveitarfjelögum úti um land. En að af því yrði ekki krafist lagalega nema nokkurs hluta. Auðvitað sýni hver einstakur drengskap sinn í að borga eins

mikið og hann getur. Menn fái lánaðar vörur, og borgi aftur, þeir er geta, sem næst „normal“verði, og af hinu eftir getu og vilja. Með þessu móti yrði komist hjá að aðskilja sauðina frá höfrunum, og er það mikill kostur, því að það hefði mikinn kostnað í för með sjer. Jeg giska á, að menn hafi margar mótbárur gegn þessu. Menn myndu reyna að hliðra sjer hjá að borga, reyna að taka sem mest út o. s. frv. Jeg hafði hugsað mjer, að setja mætti takmörk fyrir því, að menn gætu fengið vörur fram yfir það, sem nauðsyn krefði. Þetta er einungis bending, sem jeg vildi skjóta fram, og skal jeg geta þess, að þessi hugmynd er ekki fyllilega frá mjer, heldur öðrum hv. þm., sem ekki á kost á að koma fram með hana í þessari hv. deild.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg tók það fram áðan í framsöguræðu minni, að mjer dyldist ekki, að þessi uppbótargreiðsla á verðhækkun nauðsynja myndi kosta landssjóð mikið fje. Jeg er sannfærður um, að allar ráðstafanir í þessa átt kosta mikið fje.

Því fer fjarri, að jeg kunni illa aths. hv. þingmanna. Þær hafa verið hóflegar, og er ekki nema eðlilegt, að mönnum vaxi svo stór upphæð í augum. En þótt miklu fje yrði til að kosta, er það þó betra en að almenningur líði nauð.

Viðvíkjandi útreikningi hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) er það að segja, að þar sem hann miðar við vöruverð nú er hann rjettur. En kolaverðið er reiknað freklega, kolin gerð ofdýr, og hann gerir ráð fyrir sömu kolaeyðslu og í venjulegu ári. Jeg hafði sett kolin í frv. frekar til að minna á eldsneytisvandræðin en af því, að jeg byggist við, að hægt væri að greiða alla verðhækkun þeirra. En hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir gert altof mikið úr kolanotkuninni. Áætlun hans gæti farið nærri því rjetta, ef kolaeyðslan væri eins mikil um alt land og í Reykjavík. En öllum er vitanlegt, að kolaeyðsla er miklu minni til sveita en í kauptúnum.

Jeg vil ekki fjölyrða um aths. Þær voru hóflegar og vingjarnlegar. Jeg tók fram í framsögu minni, að jeg sætti mig við hverja leið, ef almenningi væri einungis sjeð borgið. Og auðvitað kysi jeg helst, að landssjóði væri leiðin sem ótilfinnanlegust. Hv. þm. Dala. (B. J.) vildi jeg segja það, að það kom aldrei til minna kasta að stytta frv. hans aldur. Það kom ekki úr nefnd. En við 1. umr. sagði jeg ekkert um það, hvorki með nje móti. Er því ekki ástæða til að draga þá ályktun, að jeg hafi viljað frv. feigt. Jeg gleymdi að geta þess í framsögunni, að jeg hefi stuðst við það frv. við samningu þessa frv., sem hjer liggur fyrir. (B. J.: Það, sem er í þessu frv. af viti, er úr því!). Um erfiðleikana á að reikna út kaupgjaldið og tekjurnar skal jeg viðurkenna, að menn hafi nokkuð til síns máls. En þó held jeg þá ekki eins mikla og úr er gert. Menn geta t. d. gefið upp tekjur sínar með drengskaparheiti. Einhverja slíka aðferð mætti sennilega hafa, en annars er mjer sama, hvernig hjálpin er veitt, sje hún einungis veitt á sem hagfeldastan hátt. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar.

ATKVGR:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til bjargráðanefndar (sjá A, bls. 1620) í e. hlj.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 31, 259, n. 277 og 336).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 17. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 30 ágúst, var frv. enn tekið til 2. umr.

Gísli Sveinsson: Það mun nú að vísu svo, að þm. munu hafa áttað sig á tillögum þeim, sem hjer liggja fyrir, og hverjar muni heppilegastar, fyrst enginn tekur til máls, en með því að jeg á eitt af frv. þeim, sem hjer að hníga, þá get jeg ekki látið málið ganga orðalaust af, en verða mætti, að annað yrði þá fremur samþykt.

Það er vitanlegt, að það, sem fyrir þessu þingi liggur, er í fyrstu röð að ráða fram úr dýrtíðarmálunum eða bjargráðamálunum. Eins og fyrirfram er litið svo á, að þingið sje komið saman mest til þess að ráða fram úr þeim málum, eins mun eftir á verða litið á þingið eftir því, hvernig því hefir tekist að leysa þann vanda. Það eru þau mál, sem mest þrengja að nú og mest knýja til úrræða. Þingi og stjórn ber að sjá um, að allir landsmenn komist af, svo að enginn fari á vonarvöl, vegna þeirra hörmunga einna, er af ófriðnum stafa. Það má gera ráð fyrir því, að hjer á landi reki til meiri neyðar en orðið hefir. Sem betur fer hefir neyð hjer orðið sama sem engin, ef borið er saman við kjör annara þjóða, en enginn veit hve lengi þetta ástand helst og hvað yfir kann að koma.

Jeg geri ráð fyrir því, að öll þessi bjargráðafrv. sjeu fram komin vegna þessa. Fyrir mínum sjónum koma þau mjer þó svo fyrir, sem blandað sje saman atriðum, sem óskyld eru. Það, að hækka kaup starfsmanna landsins vegna verðfalls peninga, má ekki blanda saman við það, að nauðsyn ber til að hjálpa ýmsum einstaklingum þjóðarinnar til þess að brjótast fram úr þeirri neyð, sem yfir vofir. Vinnuveitendur hafa hækkað kaup verkamanna sinna; alveg á sama hátt ber landssjóði að veita sínum starfsmönnum einhverja uppbót á kaupi þeirra.

En fyrir mjer vakir það í mínum till., að landssjóður beint hlaupi undir bagga með almenningi, þar sem þörfin er óhjákvæmileg. Til þessa eru tvær leiðir, sem birtast í þessum frv., sem hjer liggja fyrir. Það má segja, að eins og kauphækkun eða uppbót sje rjettmæt, sje ekkert gustukaverk, eins sje þessi tillaga um beinan styrk til þeirra, sem bágt eiga, fremur gustukaverk. Það liggja ekki fyrir hendi beinar kröfur í þá átt, að rjettmætt sje þess vegna, að landssjóður veiti fje til styrktar þeim, sem bágt eiga, því að til eru aðrar stofnanir, sem það er skylt. Og kem jeg þá að styrkatriðinu, sem koma má fyrir á tvennan hátt, sem sje með lánum eða beinum styrk.

Eitt af þeim frv., sem hjer liggja fyrir, fer fram á það að heimila lán til bæjarfjelaga og sveitarfjelaga, er síðan láni þurfandi einstaklingum. En eins og jeg hefi fyr bent á í umræðum um þessi mál, þá eru aðrar stofnanir til, hreinar lánsstofnanir, sem geta lánað sveitar- og bæjarfjelögum, en landssjóður, og hafa líka gert það og það gengið greiðlega, að því er mjer er kunnugast. Frá þeirri hlið þarf því ekki að telja þörf á því, að landssjóður hlaupi undir bagga, nema því að eins, að hann veiti lánin með betri kjörum, en jeg sje ekki gert ráð fyrir því í frv., og er þá ekki sýnilegt, að nokkuð sje unnið fyrir þessar stofnanir að fá lán þar, fyrst kjörin eiga ekki að verða betri. Jeg verð að telja þessa braut hæpna, að skylda landssjóð til þess að hafa svo og svo mikið fje handbært til lána. Jeg

er ekki í vafa um það, að miklu meira kvæði að þeim lánveitingum heldur en þótt styrkur væri beint veittur þeim, sem neyðin þrýstir að vegna dýrtíðarinnar. Landssjóður verður þá að hafa gríðarlega mikið veltufje. Líklegt má og telja, að bæjar- og sveitarfjelögum myndi veita erfitt að lúka þessum lánum, svo að þau yrðu hefndargjöf bæði sveitarfjelögunum og mönnunum, sem þau yrðu veitt. Það má og gera ráð fyrir einhverri misbrúkun og að innheimta lánanna verði erfið eftir á.

Ef til vill er líka meiningin, að eitthvað af lánunum verði gefið upp eftir á, verður kann ske nauðugur einn kostur, og er þá ekki mikið unnið fyrir landssjóð, að þetta heiti lán, en ekki styrkur.

Það væri engin smáræðis upphæð, sem landsstjórnin þyrfti að hafa, ef það er meiningin, að hún láni mönnum fje með betri kjörum en opinberar lánsstofnanir. Og ef það væri ekki tilætlunin, þá væri þetta sem sagt algerlega ástæðulaust.

Þetta frv. gerir nú ráð fyrir fleiri ráðum til að hjálpa. Það er enn fremur gert ráð fyrir, að ýmsum framkvæmdum, svo sem byggingum og fleiru, verði komið í verk til að auka atvinnu. Þetta getur, að mínum dómi, orðið harla varhugavert atriði. — Það gæti raunar farið svo, ef atvinnuskortur yrði venju fremur mikill, svo að til neyðar horfði, að landstjórnin ætti ekki annars úrkostar en að hlaupa undir bagga með mönnum og „skaffa“ þeim atvinnu. Við því er í sjálfu sjer ekkert að segja. En ef stjórnin á að fara að hafa ýms verk með höndum, sem allir vildu þyrpast að, bæði frá sjó og ofan úr sveitum, og jafnvel framleiðendur líka, því að þeir hafa ekki altaf svo mikla vinnu, með öðrum orðum allir, sem ekki hafa mjög mikið að gera, þótt þeir annars hefðu nóg til að lifa af, — þá verð jeg að telja þetta mjög óheppilega aðferð. — Sjerstaklega tel jeg hana óheppilega fyrir þá sök, að þau verk, sem á annað borð væri talið kleift að ráðast í vegna kostnaðar, mundu samt sem áður verða landinu ærið dýr, af eðlilegum ástæðum. Alt verkefni, er til vinnu lýtur, er nú í óheyrilega háu verði, og hækkar enn meir í vetur. En svo framarlega sem þetta á að koma að tilætluðum notum, þá verður stjórnin að útvega efni, hvað sem þau kunna að kosta. Jeg get ekki betur sjeð en að það væri mjög undir atvikum komið, hvort þessu væri nokkuð sinnandi eða ekki. Að fara að hleypa sjer út í afardýr verk nú á þessum tímum, væri að mínum dómi ekki annað en að kasta fje á glæ, og ef til vill til óþarfa hreint og beint, — nema það, sem til vinnunnar sjálfrar, vinnulaunanna, fer. Þetta yrði því ekki annað en einskonar gjöf. Og þá fer að verða álitamál, hvort ekki væri betra að fara hina leiðina, og beinlínis styrkja þá, sem þess þurfa með.

Hin leiðin, sem gert er ráð fyrir í öðru frv. hjer, styrkleiðin, er nú eins og allir sjá, beinlínis gjöf. Sú leiðin, meina jeg, að landstjórnin borgi verðhækkun á nauðsynjavörum, miðaða við það verð, sem var fyrir stríðið. Það er tvent við þetta að athuga. Og þá fyrst og fremst það, að hjer er verið að kasta út fje til allra, jafnt þeirra, sem enga þörf hafa fyrir það, og hinna, sem nauðsynlega þurfa. Jeg fæ ekki betur sjeð en að þetta sje í alla staði ótækt. Með þessu er ætlast til, að landinu blæði svo að miljónum skifti. Hvaða meining er í því að styrkja eða kasta út fje til þeirra, sem ekki þurfa þess? Jeg tel hvorki mig nje aðra ofgóða til að borga dýrt, svo lengi sem okkur er unt. En að fara að kasta út miljónum, út í bláinn, ef eg má svo segja, jafnt til ranglátra sem rjettlátra, það er hrein og bein fjarstæða. Sú leið, sem við eigum að fara, er að hjálpa þeim, sem hjálpa þarf. Hinir verða

að sigla sinn eigin sjó, svo lengi sem þeir geta. Jeg þykist nú vita, að sum af þessum frv. hafi verið borin undir fjárveitinganefnd. Og hvað þetta síðarnefnda snertir, sem fer fram á greiðslu á verðhækkuninni, þá hefir fjárveitingan. mælt á móti því. Jeg geng nú að því sem gefnu, að hitt sæti sömu meðferð, þótt aldrei nema það sje þó skárra. Það fer fram á að veita bæjar- og sveitarfjelögum lán úr landssjóði. —

Þá kem jeg að þriðja frv. (á þgskj. 395), sem er mitt eigið, og er það besta að því leyti, að þar er svo til ætlast, að landið hlaupi undir bagga *einungis* þar, sem mest er þörfin og þar sem þörfin er *sönnuð*, annarsstaðar ekki. Jeg vona, að mönnum þyki þetta ekki óviðfeldið, þótt jeg komist svo að orði um mitt eigið frv. En jeg heyrði einn hv. þm., 2. þm. Árn. (E. A.), segja fyrir nokkru, að þetta væri það fráleitasta, en það frv., sem hann stóð að, um verðhækkunargreiðsluna, væri það besta. Jeg hygg, að niðurstaðan verði öfug áður en lýkur. Það hlýtur að vera meining okkar allra í þessu máli að vinsa þá úr, sem verst eru staddir og sjá þeim borgið. Og jeg þykist í mínu frv. hafa bent á heppilegustu leiðina til þess. Nú kunna einhverjir að segja sem svo, að erfitt muni veitast að láta þetta koma rjettilega niður. En þá vil jeg spyrja, mundi ekki vera jafnerfitt að greina þá frá, sem rjett væri að veita lán? Auk þess sje jeg ekki, hvaða meining er í því að kalla það lán, sem engin trygging er fyrir, að verði nokkurn tíma endurborgað. Jeg er hræddur um, að það geti orðið misbrúkað, engu síður fyrir það, þótt það sje kallað lán. Það er ætlun mín í þessu frv., að sá, sem sker úr um það, hverjir eigi að njóta þessa styrks, verði sveitar- og bæjarstjórnir. Þær eiga að rannsaka hag hlutaðeigenda, enda því kunnugastar, og senda síðan styrkbeiðni til landsstjórnar, sem hún svo er skyldug að sinna. Hún á svo, í samráði við bæjar- og sveitarstjórnir, að sjá um úthlutun á styrknum. Jeg tek svo til í frv., að þessi styrkur verði ekki afturkræfur, og það af þeirri ástæðu, að hann á ekki að veita öðrum en þeim, sem eru í neyð, sem stafar af hörmungum heimsstyrjaldarinnar. Þar með er auðvitað ekki sagt, að hann megi ekki borga aftur; jeg hygg miklu fremur, að margir muni gera hvað þeir geta til þess. Það er enn fremur ætlun mín, að styrkurinn verði veittur án alls tillits til þess, þótt menn hafi fengið launauppbót, ef að eins skilyrðin eru fyrir hendi. Jafnvel þótt sá, sem í hlut á, hafi atvinnu, á að styrkja hann, svo framarlega sem hann er þess þurfandi. — Það er auðvitað meiningin, að til þessa noti landssjóður það fje, sem hann hefir fengið að láni, og er við því ekkert að segja. Ef menn nú vilja reyna að gera sjer í hugarlund, hvað margir það verða, sem mundu þurfa að leita þessa styrks, þá hygg jeg, að ekki væri fjarri sanni að svipa því til tölu þurfalinga. Því að jeg tel líklegt, að þeir verði aldrei miklu fleiri, sem ekki geta fleytt fram lífinu vegna stríðsins, en hinir, sem nú eru á fátækraframfæri. — Árið 1910 voru 2149 menn á fátækraframfæri hjer í landi. Þótt við gerum nú ráð fyrir, að hinir yrðu eitthvað fleiri, segjum 3000, þá munu menn komast að raun um, að sá styrkur, sem þeir þyrftu, yrði ekki svo gífurlegur, því að hjer þarf ekki að vera um öreiga menn að ræða allskostar, eins og þurfalingar eru. Sama ár, 1910, ásamt árinu 1909 var greitt úr sveitarsjóðum til fátækraframfæris alls 156,969 kr. og úr bæjarsjóðum árið 1910 63,966 kr. Eða árið 1910 hefir verið greitt til fátækra á öllu landinu nál. $1^1/_2$ hundr. þús kr.

Ef nú gert er ráð fyrir, að á næsta ári þyrfti eitthvað ámóta, eða segjum helmingi meiri, styrk til þeirra, sem verst eru staddir, þá sjá menn fljótlega, að þetta eru engar milljónir, sem verið er að kasta

jafnt til verðugra og óverðugra. Með þessu móti er landssjóði ekki látið blæða til annara en þar sem brýn nauðsyn krefur.

Það, sem veldur því, að jeg hefi komið fram með þetta frv., er það, að mjer finst þetta vera sú leiðin, sem best nær tilganginum og er sú hentugasta eftir atvikum.

En mjer dettur ekki í hug að „setja æru mína“ í það, að þetta nái fram að ganga. Síður en svo. Jeg læt hv. deild alveg ráða því. Jeg geri ráð fyrir, að málinu verði vísað til hv. bjargráðanefndar, og þarf jeg þá líklega síst að gera mjer vonir um góðan árangur, ef nefndin skyldi hafa bitið sig fasta í sitt eigið frv. En jeg þykist með þessu hafa gert mitt til, að málinu verði komið í rjett horf.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Jónsson): Þegar gert er út um þetta mál, þá er það nauðsynlegt, að menn geri sjer ljóst, hvernig hagað skuli þeim bjargráðum, sem eiga að koma í veg fyrir, að menn verði í nauðum staddir, vegna afleiðinga dýrtíðarinnar. Sú leið, sem meiri hluti bjargráðanefndar hefir virst heppilegust og komið sjer saman um, er í fám orðum þessi, að koma því þannig fyrir, að sem flestir geti orðið sjálfum sjer nógir og lifað styrklaust. Þetta álítur meiri hlutinn að best sje framkvæmanlegt á þann hátt, að landið sjái mönnum fyrir atvinnu, eftir mætti, þeim sem enga hafa eða ekki næga, og enn fremur, að það jafnvel veiti mönnum lán til að koma einhverju því í framkvæmd, er hefði aukna atvinnu í för með sjer.

Hugsunin hjá meiri hlutanum er sú, að það sje skylda þingsins að gera alt sem hægt er til þess, að það fje, sem landið leggur fram til að hjálpa mönnum, verði ekki eins og hvert annað tapað eyðslufje, heldur fje, sem ávaxtar sig. Og leiðin til þess er einmitt sú, sem hjer er gert ráð fyrir að farin verði, að fje verði varið í nytsöm fyrirtæki, sem veita atvinnu, sem menn geta lifað af. — Jeg hefi athugað nákvæmlega þær 3 leiðir, sem komið hafa fram í þessu máli, og niðurstaða mín er sú, að leiðin, sem meiri hluti vill fara, verði sú hagkvæmasta, og sú, sem borgar sig best. Um leið og landið sjer fyrir mönnum, með því að veita þeim atvinnu, þá fær það endurgoldið það fje, sem það hefir lagt fram. — Hin leiðin, sem hv. minni hluti vill fara, styrkleiðin, er hvergi nærri eins heppileg. Því að þessi vöruafsláttur, sem hjer er talað um, kemur öllum til góða, jafnt þeim, sem þurfa, og hinum, sem ekki þurfa. Jeg býst við, að minni hluti geri þetta til þess að gera þeim, sem styrk þurfa, enga minkun, eða láta það ekki líta svo út, sem að hjer væri um sveitarstyrk að ræða. — Það kæmi mjer ekki á óvart, þegar þessum orðum mínum verður svarað, að þá kveði við sami sónninn og þegar verið var að tala um dýrtíðaruppbótina. — Ef maður athugar nákvæmlega till. minni hluta í þessu máli, þá dylst engum, að eftir ákvæðum hans munu þeir einnig verða styrktir, sem ekki þurfa. Það má að vísu vel vera, að sumir, sem verða þess aðnjótandi, verji þeim styrk vel. En það verður líka að taka tillit til þess, að landssjóður er engin ótæmandi mjólkurkýr. Auk þess yrði þessi hjálp hvergi nærri nóg þeim, sem verst eru staddir, og þá ekki heldur þessi afsláttur á nauðsynjavöru. — Jeg skal svo með örfáum orðum minnast á frv. háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) um dýrtíðarstyrk. Eins og við var að búast af honum taldi hann það taka hinum frv. fram og vera það, sem væri best hugsað. Jeg get ekki láð honum, þó að hann líti svo á sjálfur, en býst samt ekki við, að fleiri líti svo á. Við þetta frv. er þá fyrst það að athuga, að hann telur víst, að þeir, sem myndu fá lán hjá landssjóði, myndu fúsir á að endurgreiða þau svo fljótt sem þeir gætu. Jeg

býst satt að segja við, að hvorki hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) eða aðrir myndu láta sjer svo ant um það. Jeg geri ráð fyrir, að það mundi litið á þennan styrk líkt og aðra styrki, sem veittir eru hjer á Alþingi. — Það er enn fremur mjög hætt við, ef þetta frv. nær fram að ganga, og ef það yrði venja að biðja um styrk, að þá mundu fleiri verða til þess en þeir, sem þyrftu, því að eftir frv. er öllum gert mögulegt að fá þennan styrk, ef þeir að eins fá meðmæli hjá hlutaðeigandi sveitarstjórn. Og mjer er fullkomlega kunnugt um það, að víða í sveitum úti um land er því þannig farið, að hver sveit vill fá sem mesta peninga til sín, eins og eðlilegt er, og mundi því ekki hika við að gefa sem flestum sínum mönnum meðmæli, sem svo landstjórnin er skyldug að sinna samkvæmt frv. — Það gæti líka verið bagalegt, ef svo færi, sem hæglega getur orðið, að einhver vanrækti að senda styrkbeiðni fyr en í síðustu forvöð, og gæti þá dregist lengi áður en hún væri tekin til greina. En aftur hinir, sem hefðu verið nógu forsjálir, sætu að sínum styrk, meðan hinir má ske liðu neyð. Þessir gallar á frv. hv. þm. eru svo auðsæir, að ganga fjarstæðu næst, og gerist ekki þörf að rökræða það frekar. — Þá mintist hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) enn fremur á það, að sveitarfjelög þyrftu ekki að fá þessa heimild, sem meiri hluti vill gefa, til lántöku hjá landssjóði; þau gætu alveg eins farið í bankann. Þar til er því að svara, og liggur opið fyrir, að ekki eru bankarnir skyldugir til að sinna öllum lánbeiðnum, er þeir fá; þeir geta beinlínis sagt, að þeir sjái sjer ekki fært að lána meira. Og í hvaða hús er þá að venda fyrir sveitarfjelögin? Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) ljet í ljós mikla hræðslu við það, að ef frv. meiri hluta yrði samþ. þá mundi fje landssjóðs verða misbrúkað. En hann er ekki hræddur um, að eins gæti farið ef hans eigið frv. yrði að lögum, þótt öllum öðrum sje auðsýnilegt að svo yrði. — Að endingu vil jeg benda á það, að jeg ber engan kvíðboga fyrir því, að sveitarfjelögin fari að taka stærra lán en þau geta komist af með, þar sem gert er ráð fyrir, að þau endurborgi það strax og þeim er unt. — Þó fyndist mjer rjett, að til mála gæti komið seinna meir, að landssjóður gæfi eitthvað eftir af þessum lánum, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

Bjargráðanefndin lagði áherslu á að fá menn til að vinna að framleiðslu í landinu, að svo miklu leyti, sem mögulegt er. En þá tíma ársins, sem ekki er hægt að vinna að framleiðslu, þá verði mönnum útveguð önnur atvinna. Þetta var það, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) virtist athugaverðast við frv. meiri hlutans. Þá talaði hann um það, hvílíkt glapræði og óráð það væri að fara að leggja í slík fyrirtæki, er útlent efni væri svo dýrt og ilt að ná því. Hjer er farið utan við það, sem meiri hlutinn hefir ætlast til. Meiri hlutinn hefir ætlast til þess, að landssjóður rjeðist í þau ein fyrirtæki, er lítið útlent efni þyrfti til, fyr en þá seinna. Það stendur víst í till. meiri hlutans, að veita skuli atvinnu við að undirbúa byggingar og stórhýsi, brúargerðir, hafnargerðir og vegagerðir. Með þessu er ekki sagt, að draga þurfi að útlent efni, svo sem járn og sement, heldur vinna að þessum fyrirtækjum að svo miklu leyti sem íslenskt efni nægir. Um vegagerðir í stórum stíl er það að segja, að þótt landssjóður rjeðist í þær, þarf ekki mikið útlent efni til þeirra. Þar sem stórar brýr þarf á vegum gætu þær vel beðið. Því er þetta atriði hjá hv. þm. V.-Sk. ekki rjettmæt mótbára.

Jeg býst nú ekki við að fjölyrða meir að sinni, því að jeg hygg það svo ljóst, hverja leið skuli fara í þessu máli. Það

er skylda þingsins að kasta ekki fje í þá, er ekki þurfa, eða þannig, að það verði alt eyðslufje, heldur reyna, ef hægt er, að fá eitthvað fyrir snúð sinn, eins og t. d. vinnu. Þingið ber og skylda til að sjá þeim fyrir nægum styrk, er ekki geta lifað án hjálpar. Það ber öllum saman um. Eins og jeg hefi bent á, verður þetta ekki gert með till. minni hlutans og ekki heldur með till. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), því að þá fá þeir einir hjálpina, er geta komið sjer nógu vel við sveitar- og bæjarstjórnir.

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg ætla að minna þessa hv. þm. í deildinni á það, hve óðfúsir þeir voru fyrir fáum dögum til að hjálpa einni sjerstakri stjett í landinu. Þeir gáfu út lög um að styrkja embættismenn í landinu og verðlauna barnamenn. Þeir menn, er telja heimilt að veita fje til að hjálpa embættismannastjettinni í landinu, munu ekki fylgja till. meiri hlutans. Jeg er ekki í vafa um, að þeir fylgja annaðhvort till. minni hl. eða till. hv. þm. V.-Sk. (G.Sv.). Þeir geta ekki farið eins að við fátæklingana og tófan við storkinn, er hún bauð honum þunna súpu á flötum diski. Hann gat ekki notið fæðunnar, þannig fram borinnar, með mjóa nefinu. Jeg endurtek það, að jeg er ekki í vafa um, hvar hjálparar embættismannanna verða í þessu máli. Hjer er ekki að ræða um verkamenn ríkisins, heldur fólk, sem þarf hjálpar; ekki menn, er skylda er til að borga, heldur þá, sem eru ofurliði bornir í hallæri. En þá kemur til athugunar fyrir þessa ágætu menn, sem svo eru fúsir að hjálpa embættismönnum, hverjar af þrem tillögum eru bestar.

Þá eru fyrst till. hv. meiri hluta bjargráðanefndar, þar sem mest eru auðvitað bjargráðin. Þeir vilja heimila landinu að veita bæjar- og sýslufjelögum lán til að lána mönnum aftur til matvörukaupa. Það verður ekki svo seint fyrir fátæklingana að kaupa mat og eldivið fyrir þessi lán, ef þeir eiga að bíða þess, að ráðherra sigli og fái lögin staðfest! Svo í nóvember—desember leita þeir til sveitarstjórna eða sýslunefnda. Sýslunefndir senda landsstjórn brjef með næsta pósti og lánið kemst í kring svona með vorinu! Svo að vonandi geta þessi lán hjálpað þeim til að lifa veturinn, sem eru olíulausir og matarlausir. Þetta er svo sem ekki illa hugsað! En ef nú er athugað, hversu að hefir verið farið hingað til, þá er það fyrst, að stjórnin kaupir vörur og flytur til landsins. Síðan sjer hún um, að þær sjeu fluttar út um land alt, úthlutað með nokkru móti til hjeraðsstjórna, og svo útbýtt til einstakra manna með seðlum, svo að ekki verði matarskortur. Það eiga hjeraðsstjórnir að sjá um. Landsstjórn hefir hlaupið undir bagga með þeim með lánum. Þetta er þá bjargráðið. Heimila stjórninni að gera það, sem er heimilt án heimildar! Stjórnin þarf enga heimild, ef hún þarf að lána. Þá væri verslunaraðferð stjórnarinnar óhyggileg, ef henni væri bannað að lána. Er jeg ekki í vafa um, að stjórnin geri það framvegis heimildarlaust. En ef það er aðalbjargráðið að heimila með lögum það, sem getur gengið án þess að þingið segi eitt orð, þá er meiri hlutinn ágætur. Þá er hann mikið hjálpráð landi þessu.

Annars skil jeg svo þessa 1. gr. í frv. meiri hlutans, sem hjer sje átt við peningalán, en ekki gjaldfrest á vörum landssjóðs. Eins og jeg hefi áður sagt getur stjórnin veitt það án heimildar. (**Atvinnumálaráðh.**: Varla í 10 ár!) Það gerir minna til. Hjer er verið að tala um bjargráð í svipinn, sjerstaklega í vetur, og aðalatriðið er, að með öllum þessum undirbúningi verður lánið ekki komið í kring fyr en maðurinn, sem á þarf að halda, er dauður úr sulti, nema því að eins, að stjórn-

in veiti það áður en lögin — heimildin — eru gengin í gildi.

Þá er og annað við þetta að athuga. Hreppsfjelög og sýslufjelög hafa lánstraust annarsstaðar og þurfa ekki að leita til okkar. Ímynda jeg mjer, að þau hafi flest svo mikið lánstraust, að þau geti fengið lán þar er þau vilja. Þetta er aðaltill. hv. meiri hluta bjargráðanefndar, því að hinar greinarnar, er á eftir fara, eru samhljóða áliti minni hlutans að öðru en því, að minni hlutinn hefir ákveðið, að lánið skuli fyrnast á 10 árum, en meiri hlutinn hefir tekið það ráð að láta það eftir sömu 10 ár verða sveitarskuld. Þeir fátæklingar, sem vilja, geta þakkað meiri hlutanum fyrir þetta; jeg geri það ekki, nje heldur þeir, er jeg þekki.

Þetta er alt, sem ber á milli vor og meiri hlutans. Þetta frá meiri hlutanum er engin hjálp, heldur svipaðar veitingar og jeg nefndi áður, er tófan bar storkinum mat á flötum diski.

Alt öðru máli er að gegna um frv. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Það stefnir að sama takmarki og till. minni hlutans, sem sje að hjálpa, en ekki að þykjast vilja hjálpa. Oss ber að eins á milli um aðferðina, en aðferðin er sú sama, að hjálpa þar sem þörfin er. Um framkvæmdina erum vjer alveg ósammála. Jeg er sannfærður um, að hans frv. er ekki framkvæmanlegt; bæði tekur framkvæmdin oflangan tíma og er oftorsótt, en sjerstaklega mun þó hrúgast inn svo mikið af styrkbeiðnum, að engin stjórn gæti þekt, hvar nauðsynin væri mest. Það yrðu ekki 2000 manns, heldur 20000, og yrðu þeir allir styrktir, næmi sú upphæð ekki hundruðum þúsunda heldur miljónum, og það meira en 2 milj., sem er það hæsta, er þarf, ef okkar till. verður samþ. En það er ekki fjárhæðin, er mjer vex í augum. Þótt 20000 umsóknir kæmu, og allar yrðu afgreiddar, yrði þó margur fátæklingurinn út undan. Hitt kemur niður á alla og hlýtur að koma niður á fátæklingana. Að svo miklu leyti sem um almennar vörur er að ræða, svo sem brauðefni og olíu, kemur það niður á öllum, en kol sjerstaklega á kaupstaðarbúa, og í kaupstöðum búa einkum þurrabúðarmenn. Mætti jafnvel segja, að það væri misrjetti að hafa grundvöllinn svona. En svo stendur á, að kol eru svo afarmikill hluti af útgjöldum manna, að ekki er von til, að menn með meðaltekjum geti klofið þau. En hitt er ekkert voðalegt, þótt fáir menn sjeu með og njóti afsláttar, er ekki þurfa. Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hjelt, að hann gæti það. En jeg veit marga á hans eða okkar reki, er varla geta klofið þetta. Jeg veit, að það er mjög hátt að segja, að $^1/_5$ hluti þurfi ekki, og er viss um, að það er ekki meira en $^1/_{10}$ hluti, ef það er svo mikið. Svo að háskinn er ekki svo mikill, að þetta komi niður á marga óverðuga. Það verður mjög örðugt að vinsa þá úr, og kostar mikið, en annar vegur er ljettari, sjerstaklega fyrir hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), af því að hann situr í þeirri nefnd, er fjallar um skattafrv., og frv. mitt, er vísað var til nefndarinnar, en hún hefir ekki tekið alt, heldur hluta af, í það frv., er hún flytur sjálf, leggur ráðin á. Það ráð er að hækka skatt á þeim landsmönnum, er hæstar hafa tekjur, með tilliti til þess, að þeir hafa ekki orðið út undan með þennan styrk, afsláttinn. Þessi leið er að vísu krókótt, en þessi sundurgreining í hafra og sauði fer eins og þegar hv. þingmenn eru að meta efnahag embættismanns, sem á engin börn og annars, sem á tvö börn. Þess háttar er ómögulegt að vega. Nei. Ráðið er að láta svona almenna linkind yfir alla ganga, og taka svo aftur af þeim, er efnaðri eru, með skatti. Jeg sje svo ekki, að jeg þurfi að tala frekar, því að ekkert kom það fram í umr., er svaravert sje. Jeg ætla,

að hv. frsm. meiri hluta (Þorst. J.) svaraði aths. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) um stórhýsabyggingar, er hann sagði, að til þess þyrfti að kaupa sjer í skaða byggingarefni frá útlöndum, er verst stæði á. Sú var ekki hugmynd bjargráðanefndar, heldur vinna að undirbúningi bygginga, draga að sand og grjót og gera vegi úr innlendu efni, til þess að ráða einhverja bót á atvinnuskortinum, sjerstaklega í bæjum, um það leyti árs, er ekki er unnið að framleiðslu.

Þarf jeg svo ekki að tala meira. Við erum sammála, hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og jeg, um að veita þeim hjálp, er þurfa, en jeg tel hans frv. miklu erfiðara í framkvæmd en frv. minni hlutans, en það ber á milli, að hann telur, að afslátt fái og þeir, er þurfa ekki hjálpar, en jeg tel, að honum megi aftur ná með skatti. Er svo ekki þörf fleiri orða af hálfu minni hlutans, því að þar sem menn eru svo góðgjarnir að vilja *hjálpa* þeim, sem ekki eru hjálpar þurfar, veit jeg, að þeir muni samþykkja till. minni hlutans um almenna hjálp.

Gísli Sveinsson: Hv. frsm. minni hlutans (B. J.) hefir að vísu lýst yfir því, að við værum sammála um tilganginn, og mun það rjett vera, að takmarkið sje hið sama, en því einkennilegri þykir mjer sú leið, er minni hlutinn fer, að landssjóður borgi öllum verðhækkun. Það getur ekki leitt til hjálpar þeim, er sjer í lagi þurfa hennar. Það er ekki greiðara að fara margar leiðir að sama takmarki en að fara eina leið að því. (**B. J.:** Ekki ef hún er fær!). Jeg vil spyrja hv. framsm. minni hlutans, ef hann vill á hlýða. Ef svo kann að koma fyrir, að þessi greiðsla landssjóðs á verðhækkun hrekkur ekki, og ýmsir menn í þjóðfjelaginu þess vegna komast í neyð, af þessum þrengingum, hvað vill minni hl. þá gera? Svo getur orðið, hvor leiðin sem farin er, af þeim, sem meiri og minni hluti nefndarinnar bera fram, að samt þurfi að hjálpa einstökum mönnum. Jeg vil fara einfaldari leið, hjálpa frá upphafi þeim er þurfa, og þeim einum, því að til annars eða meira hefir landssjóður ekki fje. Jeg býst við, að minni hlutinn svari, að ef fátæklingum dugar ekki, að goldin sje fyrir þá hálf verðhækkun, þá ætti landssjóður að gjalda meiri hluta hennar.

Annars þarf jeg ekki að tala mikið um tillögur minni hlutans, því að við erum sammála í meginatriðunum, sammála um, að hlaupa þurfi undir bagga með þeim, er dýrtíðin kreppir mest að, en við erum ósammála um, hvaða aðferð skuli hafa til að hjálpa þeim; en sú leið, sem þeir hafa valið til þess, mun reynast ófær. Þá sný jeg máli mínu að hinum ágæta meiri hluta, sem virðist vera allmikill á lofti og hafa valið sjer frsm. (Þorst. J.) þar eftir; hefir vegtylla sú stigið honum svo til höfuðs, að hann fer hamförum hátt uppi, og horfir smáum augum á okkur smælingjana fyrir neðan sig.

Hv. frsm. meiri hl. (Þorst. J.) heldur, að menn muni unnvörpum, eigi síður efnamenn en fátæklingar, leita styrks, ef frv. mitt fær framgang. Þetta segir hann auðsjáanlega af því, að hann hefir ekki lesið frv. mitt vandlega. Í því stendur í 2. gr., að sá, sem styrks þurfi að leita, skuli snúa sjer með umsókn sína þar að lútandi til bæjar- eða sveitarstjórnar, þar sem hann á heima, og sendi hún síðan þá umsókn til landsstjórnarinnar, eftir að hafa rannsakað hag styrkbeiðanda, og hún sendir vottorð um alt þetta til landsstjórnarinnar. Hjer er með berum orðum sagt, að sveitarstjórn eigi að *rannsaka hag styrkbeiðanda* og gefa *vottorð* sitt um þörf hans, ef hún telur hann styrkþurfa, og svo koma þau undur fyrir, að risið er upp með rosta hjer í þingsalnum og sagt fullum

fetum, að sveitarstjórnum sje ekki trúandi fyrir að rannsaka málið, ekki trúandi fyrir að gefa drengskaparvottorð, sem nokkuð sje á byggjandi. Það er nær ótvírætt gefið í skyn, að sveitarstjórnir muni ekki víla fyrir sjer að gefa falsvottorð, til þess að ná fje inn í sveit sína. Það er ekki sæmilegt að bera sveitarstjórnum slíkan vitnisburð; að minsta kosti verð jeg að segja, að mjer eru ekki sveitarstjórnir kunnar að slíku. Jeg þekki að vísu ekki þær sveitarstjórnir, sem eru næstar hv. frsm. (Þorst. J.), en þó verð jeg stórum að efast um, að þær eigi þann áfellisdóm skilið, sem hann leyfir sjer að kveða upp um sveitarstjórnir, og má ætla, að þær kunni honum verðugar þakkir fyrir svo hraklegan dóm. Jeg var nú svo einfaldur og auðtrúa, að jeg hjelt, að óhætt mundi að trúa stofnunum þessum fyrir rannsókn þeirri, sem jeg ætlast til að fari fram, opinberum stofnunum, sem um tugi ára hefir verið trúað fyrir mikilsverðum málum og trúað fyrir að semja og gefa mikilsverðar skýrslur. Það vill nú svo til, að hv. meiri hl. kemst ekki hjá að láta sveitar- og bæjarstjórnir sjá um framkvæmdir bjargráða sinna. En mjer er spurn, óttast þeir ekki, að það fari þeim ósjaldan úr hendi? Því að varla geta þeir þó búist við, að þeim farist betur að framkvæma þeirra ráðstafanir en mínar. Hv. frsm. (Þorst J.) heldur, að um styrk þennan sæki mesti fjöldi verðugra og óverðugra. Látum svo vera; en við umsóknunum tekur sá málsaðili, sem jeg trúi vel, sveitar- og bæjarstjórnir. Jeg trúi þeim fyrir því að gefa vottorð þeim einum, sem verðugir eru styrksins, en sinna ekki hinum. Þá sagði hv. frsm. (Þorst. J.) að það tæki svo langan tíma að ná í styrkinn, ef fara ætti eftir mínum tillögum. En það tekur ekki síður langan tíma að ná í fje eftir tillögum hv. meiri hl. Ef einhversstaðar er í haust sú neyð, að sveitarstjórn telji nauðsynlegt að útvega sveitinni lánsstyrk, þá er nú fyrsta sporið að koma sjer niður á, hve mikils láns muni þurfa að leita. Svo er því næst að semja og senda styrkbeiðnina til landsstjórnarinnar, og þegar þangað er komið, þá þarf stjórnin að afgreiða málið, og getur nokkuð tafist fyrir því, ef fjöldi er af slíkum lánbeiðnum, sem að drífur, og enn getur liðið alllangur tími þangað til sveitar- eða bæjarstjórnin hefir fengið fjeð í sínar hendur og ráðstafað því. Það er því af hugsunarleysi, eða öðru verra, að vera að prjedika það, hve langur tími gangi til að ná í hjálp þá, sem jeg ætlast til að veitt sje, en draga dulur á það, að ekki verður fljótara að ná í hjálpina eftir tillögum hv. meiri hl.

Þá hneykslaðist hv. frsm. (Þorst.J.) á því, að menn væru eftir frv. mínu látnir sjálfráðir um það, hvort þeir borguðu þessa skuld sína eða ekki. Jeg sje ekki betur en að hjálp sú, sem mönnum er veitt á þessum erfiðu tímum, nái best tilgangi sínum, ef svo er til hagað þegar í byrjun, að þeim sje gert að sjálfsögðu heimilt að borga síðar meir, ef þeir geta, en gefinn að fullu eftir styrkurinn, ef þeir verða þess eigi megnugir að greiða hann síðar. Það er mun skemtilegra fyrir styrkþegana að vita þegar í upphafi, að hverju þeir hafa að ganga, en að verða að eiga alt undir náð síðar meir.

Hv. frsm. (Þorst. J.) talaði um, að á bönkunum hvíldi engin skylda til að veita hreppsfjelögum lán, þótt þau leituðu þeirra hjá þeim. Jeg veit, að engin lagaskylda hvílir á þeim til þess. En mjer er líka kunnugt um, að sum sveitarfjelög hafa þegar haft undirbúning um lántöku í bönkunum, og mjer er einnig kunnugt um, að bankarnir hafa tekið til athugunar þessar lántökur, og að þeir eru fúsir á að hlaupa undir bagga. Það er nú ekki heldur nein sjerleg peningaþröng hjá

bönkunum, því að nú sem stendur þurfa þeir lítið að brúka peninga sína til annars en í þarfir landsstjórnarinnar og annars þess, er dýrtíðinni við kemur. Atvinnuvegunum er nú svo háttað, að ekki er sýnilegt, að stórlán þurfi í bráð til þeirra, og ýmsir eru þeir, sem nú að haustinu og í vetur munu borga bankaskuldir sínar.

Það er sú leið, sem vjer eigum að fara, að veita þeim hjálp sem þurfa, skjóta geiri þangað, sem þörfin fyrir er. Meiri hlutinn segir nú, að hann ætlist til, að landssjóður gefi eftir, ef til vill, eitthvað af lánum sínum síðar meir. En því þá að gefa undir fótinn með svona loðnum loforðum; það er þó svo sem auðsjeð, hvað mennirnir meina; þeir vilja, hvað sem öðru líður, láta *líta svo út*, að landssjóður fái sitt aftur. En því þá ekki játa það hreinskilnislega?

Jeg tek það aftur fram, að jeg held að það sje ekki hætt við því, að sveitarfjelögin færu að róta fje inn til sín með fölskum vottorðum, þótt þau vissu það fyrirfram, að dýrtíðarstyrkurinn til einstakra manna í sveitinni væri ekki afturkræfur. Annars væri líka auðvelt að slá varnagla við því, með því ákvæði, að sveitarfjelögin ábyrgðust nokkurn hluta af styrk þessum. Jeg sagði það áðan, að jeg teldi það athugavert, að landssjóður færi nú að ráðast í stór atvinnufyrirtæki. Það gæti verið tvent við það að athuga, bæði að landssjóður yrði nú að kaupa alt dýrum dómum, sem frá útlöndum þyrfti að kaupa til að framkvæma vinnuna, og líka gæti það orðið til þess að draga menn frá framleiðslunni, frá heimilum sínum og heimaatvinnu, gæti orðið til að draga þá úr sveitum til kauptúna, þar sem helst má búast við, að ráðist yrði í stór fyrirtæki við stórhýsasmíð, hafnargerðir og þess háttar. Reyndar þótti hv. frsm. (Þorst. J.) jeg fara rangt með, er jeg var að tala um undirbúning undir byggingar.

Hann kvað nefndina ekki hafa átt við annan undirbúning en þann, sem ekki þyrfti útlent efni til. Sje þessi meiningin, þá er nál. hv. meiri hlutans heldur óljóst orðað; þar stendur, að landsstjórninni sje heimilt að verja fje úr landssjóði til atvinnubóta, svo sem til „undirbúnings byggginga stórhýsa, sömuleiðis *við* vegagerð, hafna-, brúa- og vitabyggingar“ o. s. frv. Hefir maður ekki leyfi til, þegar þannig er orðað, að álykta, eins og jeg gerði, að hjer geti naumast verið um þann undirbúning einan að ræða, er ekkert útlent efni heimti. Látum svo vera, að hugsunin sje svona óljós, og að skilja eigi orðin á annan veg en beinast liggur við að skilja þau. En það hefði þá átt að vera auðvelt fyrir jafnvolduga nefnd og hv. bjargráðanefnd og jafnmikinn garp og hv. frsm. hennar (Þorst. J) þykist vera, að orða tillögur sínar svo ljóst, að allir skildu. En hvað sem þessu líður, þá er þó hitt varhugaverða atriðið eftir. Hjer er stefnt að því, ef ekki er allrar varúðar gætt, að draga menn frá heimilum sínum og sveitavinnu, og er hætt við, að það reynist alt annað en holt eða heppilegt.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg bið ekki um orðið til að lýsa afstöðu stjórnarinnar til þessa máls, heldur að eins til að láta í ljós, hvernig jeg skil það, og hvernig mjer sýnist vænlegast að samrýma þær ýmsu skoðanir, sem hjer hafa komið fram.

Það er sameiginlegt öllum þessum tillögum, sem hjer liggja fyrir, að þær vilja bæta úr neyð þeirri, sem búist er við að yfir vofi. Meiri hlutinn telur það best mega verða með því að sjá mönnum fyrir *lánum*, og með auknum atvinnufyrirtækjum. Minni hlutanum líst sá vegur vænlegastur að gefa almenningi kost á helstu lífsnauðsynjavörum með lækkuðu verði, en hallast þó líka að því, að lands-

stjórnin og sveitarfjelög og bæjar sjái mönnum fyrir vinnu og lánveitingum.

Þá kemur loks frv. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), sem leggur til, að þeim sje veittur óafturkræfur styrkur, sem styrkþurfar eru. Þetta frv. er einfaldast og minstum örðugleikum bundið til framkvæmda, ef nægilegt fje er fyrir hendi. En jeg hygg, að það muni hafa svo mikil fjárútlát í för með sjer, að nauðsynlegt sje þá að undirbúa þegar, að stjórnin hafi nægilegu fje yfir að ráða. Það hefir verið sagt, að bankarnir muni geta lánað fjeð, en þeir eru ekki ótæmandi uppspretta, og sá brunnur getur orðið þurausinn áður en varir, sje ekki á einn eða annan veg sett undir lekann í tíma. Það er mjög tvísýnt, að landsstjórnin geti útvegað alt það fje, sem þarf til að bæta úr neyð þeirri, sem yfir getur dunið, enda tvísýnt, hve heppilegt er, að hún sje ein um það. Hitt mun verða affærasælast, að *samvinna* sje í þessu efni milli sveitar- og bæjarfjelaga, sýslufjelaga og landsstjórnar, og að hvert sveitar- og bæjarfjelag styðji fyrst og fremst styrkþurfendur sína, leiti *síðan* til sýslufjelagsins, þar sem máttur þess þrýtur, og sýslufjelagið á sama hátt til landsstjórnarinnar.

Jeg hygg, að ekki þurfi að verða mikil brögð að því, að hjálpin komi ofseint, hverri tillögunni sem fylgt er. Nú eru allmiklar vörubirgðir fyrirliggjandi í landinu, bæði hjá kaupmönnum og landsstjórninni, og eftir síðustu fregnum eru góðar vonir um, að hægt verði að bæta fyrst um sinn í skarðið, fyrir það sem eyðist. Þessar vörur verða sjálfsagt dreifðar nokkuð út um landið, og því hægt með stuttum fyrirvara að grípa til þeirra, er full samvinnna hefir tekist milli sveitarfjelaga og sýslufjelaga og landsstjórnar.

En höfuðatriðið í hverri tillögunni sem fylgt er er, að fje sje fyrir hendi til að grípa til.

Um atvinnuhjálpina er það að segja, að það er sjálfsagt ætlast til að veita þá atvinnu, sem útheimtir sem allra minst þarf með af útlendu efni.

Verðlækkun á helstu lífsnauðsynjum hefir mikið til síns máls; en hvorki hv. þm. Dala. (B. J.) nje aðrir geta gert nema afarlauslega áætlun um það, hvort þessar tvær miljónir, sem þeir tilnefna, muni vera nokkuð nærri lagi eða ekki, og væri gott, að það væri tekið til nánari athugunar til 3. umr. (**B. J.**: Við tillögumenn höfum gert allnákvæma áætlun um, hvað þurfa mundi til að fullnægja tillögum okkar, og á henni bygðum við, er við nefndum 2 miljónir). Jeg hefi hvergi sjeð þessa áætlun. (**B. J.**: Það láðist að taka hana inn í greinargerð frv., en hún getur sjálfsagt verið til sýnis þeim er vilja). Enn er eins að gæta. Eins og orðum er hagað í frv. gæti verið um það að ræða, að verðlækkunin ætti að ná aftur fyrir sig, alt til byrjunar styrjaldarinnar. Tillögur hv. minni hluta eru því í sumu óljósar, og munu reynast einna örðugastar í vöfum, þegar til framkvæmda kemur. Þegar alt er tekið til greina, mun verða einna auðveldast fyrir stjórnina að hallast að tillögum meiri hlutans; en má vera, eins og jeg sagði þegar í upphafi, að hægt sje að miðla málum og leiða saman skoðanir, því að hvert frv. um sig hefir sína kosti og ókosti. Það gæti t. d. komið til greina, að veitt væri einhver hlutfallsleg uppgjöf á greiðslu styrks þess, sem mönnum er veittur á þessum ógnatímum.

Frsm. meiri hl. (Þorst. J.): Hv. frsm. minni hluta (B. J.) og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hafa enn á ný viljað hrekja röksemdir meiri hluta í þessu máli. Frsm. minni hl. (B. J.) kvað stjórnina eftir frv. minni hl. hafa sömu heimild til að lána mönn-

um fje sem eftir frv. meiri hluta. Þetta er ekki rjett; hjer er mikill munur á. Eftir tillögu meiri hlutans er stjórnin skyldug til að veita lán þetta til 10 ára; en eftir núgildandi lögum eru engin slík ákvæði til. Hann kvað sveitarfjelög ekki heldur mundu skorta lánstraust hjá bönkum. Hv. þm. (B. J.) ber hjer höfðinu við steininn, og vill ekki sannfærast um, að svo geti farið fyrir einstökum sveitarfjelögum, að lánstraust þeirra hjá bönkunum þrjóti; og ekki virðist hv. þm. (B. J.) heldur vilja fallast á það, að það sje eðlismunur á því, hvort landsstjórnin veitir lánið eða bankar. Hv. þm. (B. J.) gengur líka alveg fram hjá þeirri hugsun minni og þykir hún ekki umtalsverð, er jeg segi, að vel geti komið til mála síðar meir að gefa eitthvað eftir af lánunum. Þá fann hv. þm. (B. J.) að því, að það, sem ógreitt væri af lánum þessum eftir 10 ár eftir að stríðinu er lokið, skyldi teljast sem sveitarstyrkur. Við gerðum ráð fyrir, að á svo löngum tíma mundu flestir hafa fengið ráð til að losast við skuldir þessar, og varla aðrir eiga þær þá ógreiddar en þeir, sem hvort sem var mundu hafa orðið að þiggja sveitarstyrk einhvern tíma á tímabilinu; og fengi mín hugmynd framgang, að eigi væri loku skotið fyrir einhverja eftirgjöf, þá mundi það varla koma fyrir, að nokkrum þeim yrði reiknað þetta lán sem sveitarstyrkur, sem annars hefði ekki orðið að þiggja af sveit.

Þá talaði hv. þm. (B. J.) um, að svo langan tíma þyrfti til að koma lánveitingunni í kring, eftir tillögum meiri hlutans, að hjálpin kæmi ofseint, og að lengur þurfi eftir henni að bíða eftir frv. meiri hlutans en frv. minni hlutans; það væri ekki hægt að fara að gera neinn undirbúning fyr en lögin væru búin að fá staðfestingu.

En þetta sama gildir og um frv. minni hlutans, og jeg skil ekki í, að það geti haft nokkurn forgangsrjett til að geta orðið staðfest fyr en hitt; og sje hægt að fara að byrja á undirbúningi undir eins og þingið hefir afgreitt frv. minni hlutans sem lög, þá gildir alveg hið sama um frv. meiri hlutans. Hv. þm. (B. J.) taldi það kost við frv. minni hlutans, að verðlækkunin ætti að ná til allra; en jeg hefi þegar áður tekið það fram, að þetta verður aldrei nema kák. Ef hv. minni hluti vill veita svo mikinn styrk öllum, að þeir fái nóg, sem minst þurfa, en þó, að allir landsmenn fengju jafnmikið, þá myndi þurfa að margfalda miljónirnar, er hv. minni hluti vill veita til afsláttar á vörum. Þá mundi svo langt frá, að 2 miljónir nægðu, að efasamt er, hvort 20 miljónir mundu til hrökkva, því að ekki kæmu nema um 220 kr. á mann, ef allir ættu að fá jafnt.

Það er engin nýung hjer í deildinni, að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sje drjúgur af frv. sínum, hvort sem þau hafa við nokkur rök að styðjast eða engin. Það er heldur engin nýung, þótt hann vaði elginn um mál, er hann virðist bera lítið skynbragð á.

Hann var svo óheppinn, að hann var ekki kosinn í bjargráðanefndina og gat því ekki orðið framsögumaður hennar, hvorki meiri hluta nje minni hluta. En til þess að fara ekki algerlega varhluta af framsögu bjargráðamálanna, hefir hann verið svo ráðagóður, að búa til frv. sitt um dýrtíðarstyrk.

Það var ekki rjett haft eftir mjer, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv) sagði, að jeg hafi dróttað því að sveitarstjórnunum, að þær mundu gefa falsvottorð. Það er vandi að gefa slík vottorð sem þessi, og má búast við, að sveitarstjórnir gefi heldur sveitungum vottorð en að eiga það á hættu að gera mönnum, sem þeim væri í alla staði vel við, rangt til. (G. Sv.: Kattaryfirklór!). Þingmaðurinn ætti að vera svo vanur kattaryfirklóri hjá sjálfum sjer, að

hann sæi, að þetta er rjett hjá mjer, en ekkert yfirklór. Það er ilt við þá menn að eiga, sem aldrei sansast á rjett mál, þegar þeim hefir orðið á að bera fram einhverja vitleysu. En svo hefir þm. V.-Sk.(G. Sv.) farið í þessu máli. Hann hefir áður haldið því fram, að sveitarstjórnir myndu misbrúka vald sitt, ef frv. meiri hluta bjargráðanefndar yrði samþykt. Traust hans á sveitarstjórnunum hefir verið eitthvað minna en það er nú, þegar hann hjelt þessu fram.

Annars munu deildarmenn sýna við atkvæðagreiðsluna, hvað þeim finst rjettlátt, og er það von mín, að það frv. verði samþykt, sem yrði landsmönnum og landssjóði til mestra heilla.

Björn Stefánsson: Jeg mun verða því meðmæltur, að öll þessi frv. fái að ganga til 2. umr., og þó get jeg engu þeirra fylgt óbreyttu til hlítar.

Fyrst skal jeg nefna frv. hv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Það finst mjer afaróaðgengilegt, að landssjóður greiði alt að helmingi þeirrar verðhækkunar, sem orðið hefir af völdum stríðsins. Jeg hygg, að reikningar manna um það, hve mikið þeir hafa brúkað af allri nauðsynjavöru síðan stríðið hófst, sjeu ekki í svo góðu lagi eða vel geymdir, að þeir megi teljast öruggur grundvöllur til að byggja dýrtíðaruppbót á. (J. B.: Misskilningur). Eftir frv. er ekki ætlast til, að greidd sje verðhækkun á allri nauðsynjavöru. Ýmsum vörutegundum er slept. Jeg skal t. d. nefna sykur. Hefir minni hluta nefndarinnar líklega þótt óviðfeldið að telja sykurinn með, úr því að búið var að fella frv. um lækkun á sykurtollinum. Enda hefði það verið eðlilegasta aðferðin til að greiða nokkurn hluta verðhækkunar á sykri, að lækka tollinn.

Þá tel jeg það ófært í frv. meiri hlutans, að lán, sem veitt verði einstökum mönnum vegna dýrtíðarinnar, skuli teljast sveitarstyrkur, ef þau eru ekki endurgreidd að fullu innan 10 ára. Jeg býst við, að margur maðurinn, sem nú þarf á dýrtíðarstyrk að halda, geti verið orðinn heilsubilaður eftir 10 ár. Hins vegar er það alkunna, að margir fátækari manna, sem eru þó duglegir og atorkusamir, vinna sjer sjaldnast svo mikið inn, að það geri meira en hrökkva til brýnustu nauðsynja. Það er ekkert að lasta þá, þótt þeir þyrftu styrks nú á þessum voðatímum, en væri aftur mjög ómannúðlegt að svifta þá almennum mannrjettindum 1927, þótt þeir hafi notið styrks 1917, þar sem svona alveg sjerstaklega stendur á.

Í 1. gr. meiri hluta frumvarpsins er talað um lán, en renta hvergi nefnd á nafn. Líklega ætlast hv. meiri hluti til, að engin renta sje greidd af þessum lánum, en það þyrfti helst að taka það fram í sjálfu frv. Heppilegra væri líka að setja eitthvert hámark um þau lán, sem sveitarstjórnum er heimilað að taka úr landssjóði. Mætti miða hámarkið við eitthvert krónutal á hvert nef.

Það tel jeg alveg rjett, sem ætlast er til í frv. hv. þm. V.-Sk.(G. Sv.), að dýrtíðarstyrkurinn sje ekki afturkræfur hjá lánþega. Hitt tel jeg óráðlegt að gefa sveitarstjórnum ótakmarkaðan ávísunarrjett á landssjóð, nema einhver kvöð væri sett á sveitarstjórnir um endurgreiðslu síðar meir, að einhverju eða öllu leyti, því að búast má við, að miklu fleiri myndu leita þessara lána en þeir, sem annars þægju sveitarstyrk. Sveitarstjórnir gætu einnig mjög mikið notað þetta til að hlífa sjer við styrkveitingum til þurfalinga sinna, og gætu jafnvel notað það til að koma fótum undir ýmsa hreppsbúa, sem erfitt eiga, á landssjóðs kostnað. Því tel jeg mjög varasamt að hafa þær ábyrgðarlausar. Hve mikið þetta myndi kosta landssjóð er ekki hægt að

segja, en jeg hygg, að það færi mikið fram úr áætlunum hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.).

Yfirleitt geðjast mjer best að frv. meiri hluta nefndarinnar, en er ekki ánægður með það, nema á því verði gerðar nokkrar breytingar.

Sveinn Ólafsson: Sumt af því, sem jeg hafði ætlað að nefna, hefir verið tekið frám af hæstv. atvinnumálaráðherra, og sumt af hv. 2. þm. S.-M. (B. St.).

Eitthvað er að athuga við öll þessi frv., en það er misjafnlega mikið. Öll stefna þau að sama marki, þótt leiðirnar, sem þau vísa á, sjeu þrjár. Sú fyrsta er, að nokkur hluti verðhækkunar á nauðsynjavörum sje greiddur úr landssjóði. Önnur, að mönnum sje veittur óafturkræfur dýrtíðarstyrkur. Og þriðja, að mönnum sje veitt fje að láni með vægum kjörum. Af þessum þremur aðferðum finst mjer sú síðastnefnda nálgast mest að vera nothæf.

Fyrsta aðferðin hefir tvo stóra galla. Fyrst og fremst eru engar líkur til, að það nægi, þótt greiddur væri einhver hluti verðhækkunarinnar, því að gera verður ráð fyrir því, að ýmsir geti ekki einu sinni greitt lágmarksverðið, og yrði þá að grípa til annara ráða. Í öðru lagi myndi þessi uppbót lenda að töluverðu leyti hjá þeim, sem engrar uppbótar þurfa með. Fjöldi manns myndi fá dýrtíðarstyrk allsendis ófyrirsynju.

Önnur aðferðin, að veita óafturkræfan styrk þeim sem þyrftu, gæti í fljótu bragði virst bæta úr þörfunum. En hún yrði afskaplega örðug í framkvæmdinni. Það yrði freisting fyrir sveitarstjórnir að mæla með mönnum, sem ekki hefðu brýna þörf. Aðhaldið er ekkert eftir frumvarpinu. Jeg þykist því mega fullyrða, að slíkur styrkur yrði mjög misbrúkaður, og að þetta reyndist glæfraleið.

Síðasta aðferðin, að veita sveitarstjórnum lán, sem þær veiti aftur einstökum mönnum, án kvaða um rjettindamissi, hefir kosti beggja hinna aðferðanna og ýmsa fleiri umfram. Líka gerir hún ráð fyrir óbeinum styrk, það er að segja atvinnuveitingu. Það er einhver hin besta hjálp, sem hægt er að veita, að hjálpa mönnum til að hjálpa sjer sjálfir, og við þá hjálp skapast heilbrigður metnaður. Þar sem ætlast er til að skuldirnar verði afturkræfar, munu menn fara varlegar í að stofna til þeirra en ella. Jeg hygg því, að þessi tillaga yrði í reyndinni sú þjálasta og sú sem nær best tilganginum. Jeg skal ekkert segja um, hve mikil þessi upphæð yrði eða lánveiting. Um það getur enginn sagt að svo komnu. Það er allsendis óvíst, hve nær stríðið endar. En því gæti jeg trúað, að hún yrði snögt um meiri en hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hjelt.

Jeg hallast ákveðið að frv. meiri hlutans, en geri þó ráð fyrir, að það verði lagað í ýmsum atriðum áður en það verður afgreitt.

Einar Arnórsson: Jeg skal að eins snúa mjer að örfáum atriðum.

Því hefir verið haldið fram, að dýrtíðarhjálp minni hlutans, að greiða nokkurn hluta verðhækkunar, muni langt frá því nægja öllum. Ef menn lesa frv., munu þeir sjá, að hún mun þó nægja mörgum. Verðhækkun er greidd af þeim vörum, sem mesta þýðingu hafa í öllum búskap, og það gengur jafnt yfir alla. En minni hlutinn hefir líka hugsað til þeirra, sem ekki nægir þessi hjálp. Hann ætlast líka til, að mönnum verði hjálpað með því að veita þeim vinnu. Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) virtist líta svo á, að þetta væri sjerstakt fyrir meiri hlutann, en svo er ekki.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) var að tala um „að gefa fje úr landssjóði“ í sambandi við frv. hv. þm. Reykv. (J. B.). Það er öllum þessum frv. sameiginlegt, að þau fara fram á, að fje sje gefið úr landssjóði,

og á það ekki síst heima um frv. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). (Sv. Ó.: En ekki um frv. meiri hlutans). Jú, að nokkru leyti. Það hefir komið fram í umræðunum, að meiri hlutinn býst við, að eitthvað verði gefið eftir af lánunum, sem veitt verða.

Eitt vildi jeg enn minnast á, sem borið hefir verið minni hlutanum á brýn, nefnilega það, að mörgum sje ætlaður styrkur ófyrirsynju eftir till. hans. Það er að vísu satt. En minni hlutinn taldi erfitt að skilja sauðina frá höfrunum, og tók því það ráð að láta jafnt ganga yfir alla. Það er hægur leikur að jafna þetta aftur, þegar lagt er á menn heima í hjeraði. Eins væri hægt að hækka tekjuskattinn. Með þessu móti mætti taka þann styrk af efnamönnunum aftur, sem þeir ófyrirsynju hafa notið.

Þá hefir kent nokkurs misskilnings á einu atriði í tillögum minni hlutans hjá þeim hv. atvinnumálaráðherra og hv. 2. þm. S.-M. (B. St.). Hann sagði, að erfitt mundi að færa nokkrar sönnur á það, hve mikið hver um sig hefði fengið af þessum vörum síðan stríðið hófst. Þessa þarf ekki með, því að minni hluti bjargráðanefndar leggur alls ekki til, að þetta ákvæði sje látið verka aftur fyrir sig. Það krefst þess enginn, að hv. 2. þm. S.-M. (B.St.) fari að gera grein fyrir, hve mörg rúgbrauð hann hefir etið síðan stríðið hófst, eða hve mörgum kg. af kolum hann hefir brent o. s. frv. Ef gert hefði verið ráð fyrir, að lögin ættu að verka aftur fyrir sig, þá var athugasemdin rjett, en fyrst að svo er ekki, þá er hún fálm út í loftið. — (B. St.: Jeg gekk út frá, að lögin ættu að verka aftur fyrir sig). — Það er ekki venja, að lög sjeu látin verka aftur fyrir sig, og aldrei geta þau gert það nema það sje tekið fram í lögunum sjálfum. Að öðrum kosti er ekki hægt að gera ráð fyrir, að þau gildi nema fyrir ókominn tíma. Það eina, sem þarf að grafast fyrir í þessu efni, er það, hvaða verðlag hafi verið á þessum vörutegundum áður en stríðið byrjaði. Hitt skiftir engu, hve mikið hefir verið keypt af þessari vöru á tímabilinu frá því að stríðið byrjaði til þess er lög þessi ganga í gildi. Á þessum sama misskilningi virtist, eins og sagt var, einnig bóla hjá hæstv. atvinnumálaráðh. En honum er, að því er þetta snertir, einnig svarað með því, sem hjer er sagt, að lög gilda að eins fyrir ókominn tíma, nema sjerstaklega sje öðruvísi ákveðið í lögunum sjálfum. Jeg get ekki skilið, að nokkrir verulegir erfiðleikar þurfi að verða á því að komast að því, hvert verð var á vörum þessum um það bil sem stríðið hófst, sumarið 1914. Um það eru ábyggilegar skýrslur til.

Þá hefir því verið haldið fram, að tillögur minni hluta nefndarinnar mundu verða nokkuð erfiðar í vöfum fyrir stjórnina. Jeg get ekki sjeð neina verulega ástæðu til að óttast það. Landsstjórnin getur sjálf sett verðið á þá vöru, sem er í hennar vörslum, og það er nú einmitt mikill hluti af þessum vörutegundum. Svo borgar hún mismuninn á sínu eigin verði og því, sem þeir verða að borga, er kaupa vöru sína hjá öðrum. Þetta get jeg ekki skilið, að sje svo erfitt. En ef frv. það, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) flytur, verður að lögum, þá get jeg vorkent stjórninni. Án þess að fara að öðru leyti út í þetta frv. get jeg sagt það, að ef verulega neyð bæri að dyrum, og reyndar hvort sem er, þá gætu þær orðið nokkuð margar styrkbeiðnirnar, sem landsstjórninni bærust, ef hún ætti að úthluta styrk hverjum einstökum eftir tillögum sveitar- og bæjarstjórna. Hjer úr Reykjavík veit jeg t. d., að beiðnirnar yrðu margar. Það mundi því ganga nokkuð seint að afgreiða þessar styrkbeiðnir, svo seint, að sumir gætu verið dánir úr hungri og harðrjetti áður en þeim

bærist þessi styrkur. Þó að hugsunin í þessu frv. sje óneitanlega mjög falleg, þá býst jeg ekki við, að hægra yrði að framkvæma ákvarðanir þess heldur en tillögur minni hluta nefndarinnar. Jeg er viss um, að það yrði miklu erfiðara. Eftir minni reynslu um afgreiðslu mála, sem ganga verða gegnum 2 eða fleiri liði, veit jeg, að stundum getur þurft langan tíma til að afgreiða styrkbeiðnirnar, fyrst frá bæjar- eða sveitarstjórn og síðan frá stjórnarráðinu.

Mismunurinn á tillögum meiri hluta nefndarinnar og minni hlutans er ekki eins mikill og meiri hlutinn lætur af. Minni hlutinn ætlast til, að stjórninni sje veitt heimild til að greiða ákveðinn hluta af verðhækkun allra nauðsynlegustu vörutegundanna, en það vill meiri hlutinn ekki. Um það hefir verið talað, hve mikilli upphæð þessi uppbót mundi nema. Hægt er að sýna fram á það nokkuð ábyggilega, enda var búið að reikna það nákvæmlega út, og jeg skil ekki, hvernig á því stendur, að sá sundurliðaði útreikningur, sem minni hluti nefndarinnar hafði í höndum, hefir ekki verið tekinn með í greinargerðina. Það er alveg rjett, sem hv. frsm. (B.J.) hefir um það sagt, að það var alt saman sundurliðað og nákvæmlega reiknað út, og útreikningarnir byggðir á skýrslum um innflutning á þessum vörutegundum síðustu árin.

Jeg vil svo ekki teygja þessar umræður meir. Eftir undirtektunum að dæma býst jeg við, að tillögur meiri hlutans nái fram að ganga. Við minni hluta menn kippum okkur ekki upp við það. Við erum farnir að venjast því að bíða ósigur í þessum dýrtíðarmálum. En tillögur okkar eru ekki verri fyrir það, því að það vita allir menn, að það eru ekki altaf bestu tillögurnar, sem best ganga í fjöldann.

Jörundur Brynjólfsson: Það er nú búið að ræða þetta mál svo mikið, að ekki er ástæða til að dvelja lengi við einstök atriði. Þegar jeg hreyfði þessu máli hjer í deildinni fyrst og bar fram frv. mitt, þá færði jeg það aðallega sem ástæðu, að útlit væri fyrir, að margir menn ættu svo bágt, að þeir mundu alls ekki geta bjargast af í nánustu framtíð, nema eitthvað væri gert til að ljetta á þeim ófriðarbyrðina. Síðan hefir útlitið mikið breyst til hins verra. Útlitið um atvinnu á komandi vetri er afarískyggilegt fyrir þá, sem enga framleiðslu hafa, og enn fremur hefir atvinnan brugðist fjölda fólks í sumar, að minsta kosti öllum þeim, sem stunda síldarvinnu. Í vetur verður því að hjálpa, ef hjá vandræðum á að komast. Þeir, sem síldarvinnu stunda, koma heim með tvær hendur tómar, eða jafnvel skuldugir eftir sumarið, svo að geta má nærri, hver afkoman verður hjá þeim í vetur, einkum hjá þeim, sem hafa fjölskyldu fyrir að sjá. Áreiðanlega verður mjög lítið um atvinnu í vetur, nema hvað landssjóður kann að gera til að veita mönnum vinnu. Botnvörpungunum verður að öllum líkindum ekki haldið úti, svo að neinu nemi. Að minsta kosti er óvarlegt að treysta því. Margir hafa haft atvinnu við þá á undanförnum vetrum, bæði á skipunum sjálfum og eins við afla þeirra í landi. Í vetur má gera ráð fyrir, að vinna við fisk og sjávarútveg verði mjög lítil, því að vjelbátar og róðrarbátar geta aldrei bætt upp það tjón, sem stafar af því, að botnvörpungarnir hætta. Þá kem jeg að þeim leiðum, sem menn hafa hugsað sjer til þess að afstýra vandræðunum. Frumvörpin, sem fram eru komin, eru 3, og miða öll að sama marki, þótt þau greini á um leiðirnar. Auðvitað aðhyllist jeg helst tillögur okkar minni hluta bjargráðan. Þó tel jeg frv. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) ganga í sömu átt og allnærri þeim hugsunum, sem

fyrir mjer hafa vakað í þessu máli. Það er að eins fyrirkomulagsatriði, sem okkur ber á milli, og jeg er hræddur um, að erfitt verði að framfylgja frv. hans. En jeg er honum þakklátur fyrir að hafa komið með þetta frv., því að með því hefir hann sýnt, að hann hefir opin augu fyrir því, hve útlitið er iskyggilegt og að nauðsyn sje að gera eitthvað til bjargar. Um frv. hans ætla jeg svo ekki að fjölyrða frekar. — Meiri hluti bjargráðanefndar vill ráða bót á vandræðunum með tillögum sínum, en jeg er þess fullviss, að þeim tilgangi nær hann ekki með þessu frv. Í áliti meiri hlutans stendur, að þeir vilji ráða bót á vandræðunum með því að veita mönnum atvinnu. Það viljum við líka, eins og álit okkar ber með sjer. Meiri hlutinn telur þetta samt ekki nægilegt. Hann gerir ráð fyrir að veita lán til framfærslu þeim, sem ekki geti komist af án þess. Því sama gerum við ráð fyrir. En það skilur á milli meiri hlutans og minni hlutans, að meiri hlutinn vill láta skoða þessi lán sem sveitarlán, ef þau eru ekki greidd á 10 árum eftir að stríðinu lýkur, en minni hlutinn vill jafnvel láta þau falla niður, ef þörf gerist. Þetta ákvæði meiri hlutans gerir það að verkum, að lánin verða minna notuð. Þeir gera ekki ráð fyrir, að frelsisþrá þeirra manna, sem á styrk þurfa að halda, sje mikil. En jeg er þess fullviss, að margur, sem á láni þyrfti að halda, mundi stórkvelja sig áður en hann tæki lán með þessum skilyrðum. Þá þykir mjer meiri hlutinn gera fullmikið úr því, að menn geti bjargast á sinni eigin atvinnu. Þótt atvinna fáist, þá er kaupgjaldið ekki nógu hátt til að fleyta fram lífinu, eins og nú er ástatt. En að gera ráð fyrir hærra kaupi er fásinna. Einstakir atvinnuveitendur munu alls ekki hækka kaupgjald. Það er vitanlegt, að margir vinnuveitendur láta nú vinna sjer til skaða, og ef hækka ætti kaupið eins og þyrfti, þá mundu þeir alveg hætta að láta vinna, og ekki batnaði ástandið við það. Með tilliti til þessa sneið minni hlutinn tillögur sínar. Jeg játa það, að jeg hefði kosið, að lengra hefði verið haldið í þá átt, að landssjóður bæti mönnum upp verðhækkun á nauðsynjavörum, heldur en minni hluti bjargráðanefndar leggur til, en jeg sá, að jeg mætti til að gefa þetta eftir, ef jeg ætti að gera mjer vonir um að koma nokkru í gegn, því að jeg vissi nokkuð um hug sumra deildarmanna í þessu efni.

Jeg held, að hv. frsm. meiri hl. (Þorst. J.) hafi yfirleitt gert fullmikið úr því, að menn gætu bjargað sjer sjálfir. Það, sem hann tók fram um aukna framleiðslu, verður ekki til bjargar neinum á komandi vetri. Menn lifa ekki á þeim kartöflum í vetur, sem þeir ætla að setja niður næsta vor. Allar slíkar ráðstafanir eru náttúrlega góðar, en þær eru fyrir seinni tímann. Við tölum um tímann, sem er fyrir höndum og um bjargráð, sem ekki þola bið. Málinu er þannig varið, að ekki er gott að gera tillögur fyrirfram. Hægast væri að ráða bót á vandræðunum jafnóðum og að þrengir. En þingið á að eins stutta setu fyrir höndum, og það verður að gera einhverjar ráðstafanir til hjálpar, þar sem ástandið er eins og það er, og útlit fyrir, að það versni. Jeg vil að lokum minna meiri hlutann og þá, sem honum fylgja, sem vilja reiða sig á að alt farnist vel, á það, að þeir bera ábyrgðina á því, hvernig fólkinu reiðir af, ef lítið verður gert til hjálpar.

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Það hittist illa á, að allir, sem nú tala í röð, skuli vera öðrum megin. Enginn meiri hluta maður hefir nú vaðið fram á vígvöllinn til þess að sýna, hvað rjett sje í þeim ágreiningsmálum, sem nú er rætt um. Þeir tveir háttv. þm., sem á undan

mjer hafa talað, hafa hrakið alt, sem meiri hlutinn hefir haft á borð að bera. Reyndar hefir ekkert þurft að hrekja, því að af hálfu meiri hl. hefir þetta ekki verið annað en þeim líkur Pílatatusar-handaþvottur, sem ekki er orðum að eyðandi. Jeg stóð að eins upp til þess að benda mönnum á það, áður en til atkvæða er gengið, hverjir það eru, sem bera ábyrgðina á gerðum þingsins í þessu máli. Það eru hvorki embættismenn nje Reykvíkingar, heldur nær eingöngu bændur. Þeir hafa stundum verið með brígsl á hendur okkur um það, að við vildum ekkert gera til þjóðþrifa. Nú eru það þeir sjálfir, sem ekki vilja að neitt sje gert, og ábyrgðin hvílir því á þeim, meiri hluta bjargráðanefndar, og þeim, sem fylgja þeim að máli.

Gísli Sveinsson: Það hefir komið fram, að í öllum þeim leiðum til bjargráða, sem nefndar hafa verið, geti verið um „gjöf" að ræða frá landssjóði. Það, sem athuga þarf, er það, hvernig gjöfin komi best að haldi. Það hefir verið játað, að þótt sú leið verði ekki farin, sem jeg bendi á, heldur önnur hvor hinna, þá geti að því rekið að styrkja verði einstöku menn. Talað hefir verið um það, að það taki langan tíma að afgreiða hjálpina eftir sumum tillögunum. En það hlýtur altaf að taka langan tíma, eins þótt farið sje eftir þeim tillögum, sem lengst ganga. Eftir tillögum minni hluta bjargráðanefndar kemur hjálpin misjafnt niður og mundi að miklu leyti lenda hjá þeim, sem síður verðskulda hjálp eða þurfa á henni að halda. Jeg tel ókleift að ná aftur með skatti því, sem menn fengju óverðskuldað, við það að landssjóður greiddi verðhækkunina. Það vita allir, að ekki þykir auðhlaupið að því, að ná rjettlátum skatti af venjulegum tekjum, því að tekjur aukast ekki altaf á sama hátt og framleiðslan, og ólíklegt er hins vegar, að allir kæmust upp á það að telja sparnað þann, sem þeir hefðu af verðhækkunargreiðslu landssjóðs, með tekjum sínum. Alt kapp verður að leggja á það að geta komið þar til hjálpar, sem þörfin er fyrir, og annarsstaðar ekki, því að allir hljóta að verða sammála um það, að allir verði að bjarga sjer sjálfir, sem eitthvað geta. Háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J) þarf jeg ekki að svara viðvíkjandi ummælum hans út af fyrri ræðu minni. Hann fór þar með rangt mál, eins og jeg reyndar gat búist við af honum. Annars finst mjer ekki sem best samræmi í því hjá honum, er hann treystir ekki sveitarstjórnunum til að gefa landsstjórninni vottorð um, hverjir sjeu styrkþurfar, en ætlast þó til, eins og meiri hluti bjargráðanefndar fer fram á, að sveitarstjórnirnar hafi alla dýrtíðarhjálp í höndum. Mjer er ekki ljóst, hvernig slíkt getur komið heim og saman.

ATKVGR.:
Brtt. 259, 2. feld með 12: 5 atkv.
1. gr. feld með 13: 2 atkv.
Frv. því
fallið.

---

4. Breyting á lögum nr. 60, 30. júlí 1909 [Hólshjerað].

Á 5. fundi í Nd., laugardaginn 7. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 60, 30. júlí 1909. (A. 33).

Á 6. fundi í Nd., mánudaginn 9. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Thoroddsen): Jeg þarf ekki að mæla mörg orð fyrir þessu frv. á þgskj. 33. Það er til orðið fyrir ítrekaða beiðni Hólshreppinga, og er gamall gestur og kunnugur á þingi. Það virðist allsjálfsagt, og mesta furða, að það hefir ekki verið samþ. fyr, þegar litið er til þess, að það hefir ekki orðið, sem þó var til ætlast, að aðstoðarlæknirinn á Ísafirði skyldi sitja í Bolungavík. Þrátt fyrir þetta hefir frv. áður dagað uppi. Hólshreppur, ásamt Bolungavík, er allmannmargur, um 1200 manns þegar flest er. Læknir verður ekki sóttur nema sjóleiðis, og getur það oft verið allsendis ómögulegt. Það getur kostað menn 60—70 kr. að ná einu sinni í lækni. Er því nauðsynin enn brýnni. Sem stendur kosta Hólshreppingar sjálfir lækni, og sjá allir, að það er stakasta ranglæti að láta ekki þessa menn njóta sömu hlunninda og aðra, hvað borgun til læknis snertir. Jeg mun ekki segja fleira um málið að sinni. Vona jeg, að hv. deild sje málinu velviljuð, og vil stinga upp á, að því verði vísað til allsherjarnefndar að 1. umr. lokinni.

Jón Jónsson: Jeg vil vekja athygli deildarinnar á því, að ef frv. þetta nær fram að ganga, munum við þingmenn N.-M. koma með frv. um að skifta læknishjeraði í Norður-Múlasýslu. Skal jeg svo ekki fara frekar út í þá sálma.

Flm. (Skúli Thoroddsen): Jeg get ekki sjeð á ræðu hins hv. þm. N.-M. (J.J.), hvort hann er mótsnúinn þessu frv. eða ekki. Sje frv. mitt rjett og sanngjarnt, nær það fram að ganga, og mun jeg verða hlyntur hans frv., ef jeg hygg það rjett og sanngjarnt.

Mjer virtist í orðum hins hv. þm. liggja hótun til deildarinnar, að ef hún samþ. frv. um eitthvað, skyldi hann koma fram með frv. um þetta og þetta.

Að öðru leyti er ekki ástæða til að svara hinum hv. þm,, sjerstaklega þar sem hann færði engin rök móti ástæðum mínum.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 138).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg hefi eiginlega engu við það að bæta, sem í nefndarálitinu stendur. Nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að mæla með frv., og þá sjerstaklega með tilliti til þess, að allvel virðist vera sjeð fyrir þörfum þessa læknishjeraðs, þar eð þar er skipaður fastur aðstoðarlæknir. Það, að stofnað var aðstoðarlæknisembætti í Ísafjarðarlæknishjeraði, hefir sennilega verið gert með sjerstöku tilliti til aðstöðunnar, að því er Hólshrepp ásamt Bolungavíkurverslunarstað snertir. Því virðist sjálfgefið, að aðstoðarlæknirinn sitji einmitt í Bolungavík. Nefndin telur því sjálfsagt, að við næstu mannaskifti í þessu embætti setjist aðstoðarlæknirinn að í Bolungavík. Hjer er því að eins um tímaspursmál að ræða. Viðvíkjandi tillögu nefndarinnar um það, að styrkurinn til Hólshrepps ásamt Bolungavíkurverslunarstað verði hækkaður úr 300 kr. á ári upp í 500 kr. á ári, er það að segja, að nefndin telur sanngjarnt, eftir atvikum, að ljetta þannig undir með

þeim, að halda hjá sjer lækni, eða að gera þeim aðstöðuna ljettari að leita sjer læknishjálpar á annan hátt, þar til það skipulag getur komist á, sem hjer er bent til.

Jeg skal geta þess, að nefndin hefir ekki leitað álits fjárveitinganefndar um þetta atriði, en það verður gert. Einnig skal þess getið, að þessar tillögur nefndarinnar eru í samræmi við skoðun landlæknis á málinu.

ATKVGR.:

Frvgr. feld með 16:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., B. St., H. K., J. J., J. B., Þorst. J., B. Sv.

nei: E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

Tveir þm. (P. J. og B. J.) voru fjarstaddir.

Frv. því

fallið.

5. Verðhækkunartollur á ull.

Á 5. fundi í Nd., laugardaginn 7. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 16, 16. sept. 1915, um bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum, íslenskum afurðum. (A. 36).

Á 6. fundi í Nd., mánudaginn 9. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Sveinsson): Menn mun reka minni til þess, að á aukaþinginu í vetur kom til umræðu frv. um afnám þessara laga, verðhækkunartollslaganna; það fekk ekki framgang, og var allur þorri þingmanna því mótfallinn. Jeg var andvígur því frv. af þeim ástæðum, sem jeg tók þá fram, sem sje, að með þessu væri ranglæti framið, ekki að eins gagnvart sjávarútveginum, heldur einnig og einkanlega gagnvart landbúnaðinum; gagnvart sjávarútveginum af því, að þá var eftir tollur af síld, og gagnvart landafurðum af því, að þá hafði tollurinn af þeim verið greiddur tvívegis, en af sjávarafurðum einu sinni. Nú má kalla svo, að hvorar tveggja afurðirnar hafi tvívegis komið til tollunar.

Með þessu frv. er farið fram á að afnema verðhækkunartoll á ull, en hinum afurðunum er ekki hreyft við; lögin að öðru leyti óhögguð þangað til þau falla úr gildi af sjálfu sjer, sem sje í septembermánuði í sumar. Það getur komið til álita á þessu þingi, hvort ekki beri að gera þessi lög upp, og ef til vill framlengja gildi þeirra. En á þessari vöru, ullinni, getur það ekki orkað tvímælis, að það er meiningarlaust að halda þeim tolli lengur, meira að segja að halda honum þangað til fram í september. Einmitt nú um þetta leyti koma bændur með ullina til sölu í kaupstaðina, og vitanlega draga kaupendur tollinn frá verðinu, sem þeir greiða fyrir hana. Þótt hjer sje nú ekki um mikla fjárupphæð að ræða, hvorki fyrir landssjóð nje framleiðendur, þá er það þó ein lítil leið til þess að ljetta eitthvað undir með framleiðendum þessarar vöru, því að þótt þeir sjeu ekki eða hafi ekki verið illa staddir almennt fjárhagslega, þá vofir sú hætta yfir þeim nú, þegar höfð er hliðsjón af verði nauðsynja þeirra, sem þeir þurfa að afla sjer.

Jeg get ekki látið vera að geta þess í þessu sambandi, að flestum landbúnaðar-

mönnum kom það á óvart, hvernig farið var að við nýju samningana í vetur við Breta; menn urðu hissa á þeirri aðferð, sem beitt var gagnvart landbúnaðinum, því að þótt ekki lægi fyrir bein skipun um það í föstu formi frá þinginu, þá var þó til ætlast í þinginu, að fulltrúar yrðu sendir fyrir báðar atvinnugreinarnar, sjávarútveginn og landbúnaðinn. En í þess stað eru fulltrúar sendir að eins fyrir sjávarútveginn. Þetta má teljast vítaverð frammistaða, enda kunna menn henni illa. Jeg ber því með ánægju fram ámæli eða ávítur til stjórnarinnar fyrir þetta, eins og kjósendur mínir hafa falið mjer. Það er hrapallegt, að í fyrsta skifti, sem bóndi á sæti í stjórn landsins, skuli þetta atriði gleymast.

Það sýndi sig líka, að þessir samningar þóttu takast illa; einkum þótti landbúnaðarmönnum hart, að ekki var lagfært verð afurða þeirra, þar sem þó vitanlegt var, að mjög höfðu nauðsynjar þeirra hækkað í verði frá því, sem áður var. Það heitir svo, að betur hafi tekist um sjávarafurðirnar; þó er það nú að koma upp úr kafinu, að samningarnir hafa ekki heldur tekist vel að þessu leyti. En að því verður væntanlega tækifæri til að víkja síðar.

Upphæð ullartollsins nam 1916 8461 kr. Það er ekki mikil upphæð fyrir hvorugan aðilja, landssjóð og framleiðendur. En það er þó ekki að ófyrirsynju, að farið er fram á að ljetta að þessu leyti undir með framleiðendunum. Ullarframleiðendur hafa nú þegar tvívegis lagt þá vöru til tolls, og svo gæti farið, af því að lögunum er ætlað að ganga úr gildi í septembermánuði, en eigi fyr, að þessi vara kæmi oftar til tolls en sjávarafurðir. Jeg vona því, að menn sjái nauðsyn málsins, og að frv. nái fram að ganga, helst nefndarlaust, með því að kauptíðarinnar vegna verður að hraða málinu sem mest.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) skildi svo vilja síðasta þings, að ætlast væri til, að erindrekar væru sendir utan fyrir beggja hönd, sjávarútvegs- og landbúnaðarmanna. Þessi skilningur er vitanlega alveg rjettur. En hann skaut því að mjer, að mjer mundi hafa gleymst þessi vilji þingsins. Ef hv. þm. vill spyrja sendimennina, í hverju skyni þeir hafi verið ráðnir til fararinnar, þá efast jeg ekki um, að þeir munu svara, að þeir hafi átt að reyna að ná sem hagfeldustum samningum um allar venjulegar útfluttar vörur, og þar með játa, að þeir hafi einnig verið fulltrúar landbúnaðarins. En jeg skal einnig bæta því við, að stjórnarráðið leitaði til landsbúnaðarfjelagsins um að benda á mann, sem það teldi hafa sjerstaka þekkingu á landbúnaðarmálum, og sá maður var sendur, sem fjelagið mælti með.

Mjer skildist einnig á sama hv. þm. (G. Sv.), að hann teldi ekkert unnið fyrir landbúnaðinn við framhaldssamningana; þar hefir hv. þm. yfirsjest. T. d. var kjötverð og gæruverð hækkað á svipaðan hátt og sjávarafurðir.

Jeg þarf svo ekki að svara fleiru, og hefi að eins tekið þetta fram til leiðrjettingar. En persónulegum hnútum í minn garð svara jeg ekki, læt mjer nægja að vísa þeim heim til sinna föðurhúsa.

Matthías Ólafsson: Hvað sem segja má um rjettmæti þessa frv., þá er það að segja um ræðu hv. flutnm. (G. Sv.), að hún var sjálfri sjer ósamkvæm. Hann taldi landbúnaðinn hafa orðið ver úti en sjávarútveginn; en það er með öllu rangt, í raun rjettri hefir landbúnaðurinn orðið betur úti.

Jeg get látið liggja milli hluta það, sem hann sagði um fulltrúana; því hefir verið svarað og er líka tvímælalaust, að Páll Stefánsson var ekki sendur fyrir sjávar-

útveginn; hann þekkir ekki sjerstaklega þá atvinnugrein; hefir víst hins vegar góða þekkingu á landbúnaði og hefir skrifað rit í þeirri grein, enda hafði hann meðmæli landsbúnaðarfjelagsins.

Að nauðsyn sje á að afnema ullartollinn, af því að bændum sje erfiðara um en áður, fæ jeg ekki sjeð að sje á rökum bygt. Bæði eru afurðir bænda í hærra verði en annara, og auk þess mundu þeir vafalaust geta fengið næga menn til vinnu með því að gjalda mönnum með gamla laginu, í landaurum. Bændur hafa svo mikið af matvöru, sem ekki er verslunarvara, að þeir standa miklu betur að vígi en sjávarútvegsmenn. Þessu tjóar ekki að neita. Það sjá allir, að kostir sjávarútvegsmanna voru þolanlegir, eins og þá stóð á, en síðan hafa lífsnauðsynjar hækkað svo, að sjávarútvegurinn stendur miklu hallari en landbúnaðurinn. Það gæti auðvitað komið til mála að færa upp tolltakmarkið á öllum afurðunum, og þá eins afurðum landbúnaðarins, og jeg mundi ef til vill ekki vera fjarri því, en að nema tollinn burt algerlega, get jeg ekki fallist á, nema bent verði á leið til þess að setja eitthvað í skarðið.

Magnús Guðmundsson: Út af ræðu hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) skal jeg taka það fram, að það, sem aðallega vakti fyrir mjer, er jeg gerðist meðflytjandi að þessu frv., var það, að nú er komið að þeim tíma, er kaupmenn eru vanir að ákveða verð á ullu, og mundu þeir að sjálfsögðu tiltaka það með tilliti til tollsins og þannig setja það lægra, jafnvel nokkru lægra en tollurinn nemur. Nú búast menn við, að verðhækkunartollslögin falli úr gildi 17. september í sumar, eins og til stendur, og ef svo verður, þá getur hæglega farið svo, að lítið verði þá enn flutt út af ullunni. En þá yrði afleiðingin sú, að enginn tollur af ullu kæmi í landssjóðinn, heldur lenti hann í höndum kaupendanna. Þetta er aðalástæðan, sem fyrir mjer vakti, sem sje, að ágóðinn lendi hjá framleiðendunum, en ekki hjá milliliðum, með því að telja má lítil líkindi til þess, eins og samgöngum nú er háttað, að hann komist nokkurn tíma í landssjóð.

Flm. (Gísli Sveinsson): Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) hefir svarað hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), að því leyti sem tekur til ullartollsins. Eins og hann tók fram eru ekki líkur til þess, að sá tollur komi í landssjóð, eða þótt eitthvað kynni að verða flutt út af ull fyrir þann tíma, er lögin ganga úr gildi, þá getur ekki verið um stóra upphæð að ræða fyrir landssjóð, en þó munar þetta í rauninni nokkru fyrir gjaldendur, þótt landssjóð dragi það lítið; en sjerstaklega er þó á það að líta, að hættast er við, að hagurinn lendi í höndum spekúlanta, en flestir munu þó játa hann betur komiun í höndum búenda.

Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) virtist eftir vanda standa upp til þess að þjóna sinni ímynduðu köllun; það má aldrei minnast svo á landbúnaðinn, að hann standi ekki upp og taki að halda uppi svörum fyrir sjávarútveginn. Með þessu frv. er ekki á nokkurn hátt lagst á sjávarútveginn, heldur er hjer að eins um lítilfjörlega ívilnun að ræða fyrir hina atvinnugreinina, landbúnaðinn.

Jeg skal ekki fara út í neinn samanburð um þessar atvinnugreinar, sjávarútveginn og landbúnaðinn; þær eiga báðar við ramman reip að draga nú. Jeg skal að eins geta þess, að hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) fór ekki með rjett mál, er hann talaði um gjald til kaupafólks fyrrum í landaurum. Greiðslan fór aldrei fram í ám, loðnum og lembdum, af þeirri eðlilegu ástæðu, að greiðslan fór jafnan fram að haustlagi.

Það hefir að eins verið borgað kaup í ám eða fje að haustlagi, en aldrei í far-

dögum. Þótt hv. þm. vitni í það, að kaup hafi verið borgað í smjöri, þá er það ekki hægt nú, því að smjörframleiðslan hjá bændum yfirleitt er ekki meiri en svo, að varla nægir til heimilisþarfa. Það er öllum vitanlegt, og því þýðingarlaust að rekast í því, að sjávarútveginum hefir langmest fleygt fram á síðustu árum. Hv. þm. taldi, að sjávarútvegurinn hefði orðið ver úti við bresku samningana en landbúnaðurinn, og er það varla rjett, ef á það er litið „absolut", en það má með sanni segja, að bæði landbúnaður og sjávarútvegur hafi orðið illa úti „relativt".

Orð hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) gefa mjer eiginlega ekki tilefni til athugasemda, því að varnir hans fyrir athæfi stjórnarinnar voru vætkisverðar. Jeg tel ekki, að umboðssali hjeðan úr Reykjavík sje hæfur umboðsmaður landbúnaðarins, og það þótt stjórnin sendi hann með skilaboð sín. Það mætti þá segja, að það væri alveg sama, hvaða maður væri sendur með skilaboð stjórnarinnar. Og það er víst, að þessi sendinefnd hefir ekki verið kjörin í samræmi við vilja þingsins í vetur, því að hjer hallast greinilega á, þar sem 2 sendimannanna eru sjávarútvegsmenn, en sá þriðji er hvorki framleiðandi til lands nje sjávar. (**Atvinnumálaráðherra:** Hann þekkir vel framleiðsluna). Það gerum við allir að meira eða minna leyti, en það er ekki hægt að telja mann hæfan umboðsmann landbúnaðarins, nema hann sje úr flokki þeirra, er þá atvinnu stunda, eða þá kosinn eða tilnefndur umboðsmaður eða fulltrúi þeirra. Þessi sendimaður hefir að vísu einhvern tíma verið fjármaður í sveit, og gefið út á prent eftir sig eitthvað um sauðfjárhirðingu. Hæstv. ráðh. (S. J.) gat ekki borið á móti því, að nefndinni tókst ekki að fá hækkun á ullarverðinu, og geta bændur hæglega kent því um, að þeir áttu engan talsmann í sendinefndinni. Kjöt hefir að vísu hækkað frá því sem var í gömlu samningunum, en ekki frá því sem það seldist í haust. En annars kemur það kynlega fyrir eyru, að hæstv. atvinnumálaráðherra skuli taka það sem persónulega árás á sig, er menn finna gætilega að gerðum hans sem ráðherra, eða allrar stjórnarinnar, í fyrsta sinn, sem líklega verður ekki í síðasta sinn, og vísar aðfinslunum heim til föðurhúsa sinna! Og einkennilegt er það, að hann skuli svara slíkum aðfinslum með óviðurkvæmilegum og ósæmilegum orðum. Jeg býst við, að hann þurfi ekki að nota samskonar orð eftirleiðis, því að honum veitir líklega ekki af að bera eitthvað veigameira til brunns.

Pjetur Jónsson: Jeg verð að gera grein fyrir atkvæði mínu. Jeg býst sem sje við að greiða frv. atkvæði mitt, alls ekki þó af löngun til að ljetta kvöðum af landbúnaðinum, heldur blátt áfram af sömu ástæðu og hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) tók fram, því sem sje, að jeg tel litlar líkur til, að nokkuð af verðhækkunartollinum á ull renni í landssjóð, ef lögin verða ekki framlengd. Það er að eins af þessari ástæðu, að jeg er með frv.

Jeg er á sömu skoðun og háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.), að ver hafi tekist í samningunum með landbúnaðarvörur en sjávarafurðir, og var þó hvorugt gott. Ullarverðið er alveg óviðunandi, en þó teldi jeg ekki eftir bændum að borga þennan toll af ullinni, ef jeg hefði nokkra von um, að hann rynni í landssjóð.

Sveinn Ólafsson: Jeg vil að eins gera örstutta athugasemd út af atkvæði mínu, og vil þá lýsa yfir því, að jeg mun greiða atkvæði gegn frv. Jeg hefi það á vitund inni, að verðhækkunartollslögin muni verða framlengd, og þá á ekki við að fella þetta úr gildi. Jeg sje mjer ekki fært að ráðast á tekjustofna landsins, þegar útgjöld-

in vaxa dag frá degi. Jeg hefi búist við, að stjórnin legði fram frumvarp um framlenging verðhækkunartollslaganna, og það er eigi ósennilegt, að hún geri það síðar, — eða þá eitthvað í þeirra stað.

Út af þeim orðum, sem fallið hafa um samningana við Breta, að landbúnaðurinn hefði orðið út undan, þá vil jeg benda hv. deild á það, að ullarverðið er engin sönnun þess. Menn verða að muna eftir því, að Bretar sækjast ekki eftir ull. Eins og sjá má af samningunum eru það að eins neysluvörur, sem Bretar þurfa sjálfir að nota, sem bærilegt verð hefir fengist fyrir. Ull og dúnn eru því eðlilega í litlum metum hjá þeim, og vonin þess vegna frá upphafi lítil um verðhækkun á þessum vörum. Þess vegna skifti víst litlu, hver samdi um sölu á þessum vörum.

Matthías Ólafsson: Meðhaldsmenn þessa frv. halda því fram, að sjálfsagt sje að afnema ullarverðhækkunartollinn vegna þess, að ullin sje seld áður en lögin frá í vetur eru útrunnin. (G. Sv.: Misskilningur!). Jeg verð að segja svo mikið, að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) gerir sjer alt far um að afnema verðhækkunartoll á landbúnaðarafurðum á kostnað sjávarútvegsins. Þetta frv. hans er því í fullu samræmi við framkomu hans í vetur, þegar hann, eftir að hafa, ásamt öðrum, felt frv. um verðlaun fyrir útflutta síld, gerði sjer alt far um, að pína í gegn afarháan síldartoll, sem þá aðallega átti að koma niður á Íslendingum, engu síður en útlendingum. Þetta er einnig í fullu samræmi við þá fullyrðingu hans, að jeg standi alt af upp og haldi fram sjávarútvegi, ef minst sje á landbúnað. Þetta er algerlega rangt jeg hefi aldrei reynt að halda fram sjávarútvegi á kostnað landbúnaðar.

Það hefir verið sagt, að þetta gjald, sem hjer er um að ræða, muni landssjóð ekki miklu, en gjaldendurna munar þá heldur ekki mikið um það. Jeg verð að segja, að mjer finst kostnaður ekki hafa aukist svo mjög, að þörf sje á slíkri ívilnun við bændur. Verkfæri eru ekki stórum dýrari en áður. (S. S.: 100—150%). Hvað eru það margar krónur á hvert bú? Jeg get nú fengið ljá, sem áður kostaði 1 kr., á 1,50, eða í mesta lagi á 2 kr., og það koma þó aldrei mjög margir ljáir á hvert bú. Jeg hefi ekki lært neina áburðarfræði, eins og hv. sessunautur minn (S. S.), en jeg þekki þó til landbúnaðar yfirleitt. Nú er alt, sem til útgerðar þarf, orðið svo afardýrt, að óvíst er, að hún geti borið sig. (G. Sv.: Útgerðarmenn hafa líka ausið upp fje undanfarin ár). Það er rjett, en ef bændur hefðu lagt jafnmargar miljónir í að bæta atvinnuveg sinn, væru þeir líka færari um að bera byrðar nú. Að vísu vorkenni jeg bændum að hafa ekki átt jafngreiðan aðgang að fje og útgerðarmenn, en hefðu þeir haft dugnað á við þá, stæðu þeir ekki illa að vígi nú.

Jeg væri til með að ganga inn á, að lágmarkið væri hækkað, en alls ekki að afnema verðhækkunartollinn. Jeg býst við að koma fram með frv. um að framlengja lögin.

Pjetur Jónsson: Jeg gleymdi áðan að minnast á ákúrur hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) til stjórnarinnar, út af sendiför Páls Stefánssonar. Jeg vil bera af stjórninni sökina í þessu máli. Hæstv. fyrverandi stjórn bar það undir mig, sem formann Samvinnufjelags Norðurlands, og stjórn Sláturfjelags Suðurlands, hvaða mann ætti að senda fyrir landbúnaðarins hönd. Niðurstaðan af því varð sú, að Hallgrímur Kristinsson á Akureyri var tilnefndur af okkur, en svo atvikaðist það þannig, að Hallgrímur sá sitt óvænna með ferð þessa, sökum mjög áríðandi starfa (útvegun á leiguskipi, vörum o. fl.). Tilkynningin um

það komst ekki til mín fyr en eftir nýár, og þá var orðið ofseint að ná í mann annarsstaðar en í Reykjavík. Í samráði við mig, stjórn Sláturfjelagsins og Búnaðarfjelagsins var svo Páll Stefánsson sendur. Mín persónul. skoðun er líka sú, að hjer hafi ekki verið um að velja álitlegri mann til þess starfa en Pál Stefánsson.

Viðvíkjandi málinu sjálfu vil jeg segja það, að ef líkur eru til, að verðhækkunartollslögin verði framlengd, verð jeg á móti þessu frv. Jeg vildi því að þessu máli yrði skotið í nefnd og þá athugað um framlenging laganna. Annars þarf að vinda bráðan bug að þessu máli, því að ef ullin verður undanþegin verðhækkunartolli, þarf það að vitnast úti um land, áður en ullarverðið alment er kveðið upp.

Einar Arnórsson: Jeg ætla ekki að blanda mjer inn í umræður um nýja verðlagssamninginn við Breta í vetur, er honum ekki nægilega kunnugur og býst líka við, að þinginu gefist kostur á að athuga hann betur. Ekki ætla jeg heldur að fara inn á það, hvort afnema beri verðhækkunartollslögin eða ekki, heldur minnast á þá athugasemd, er hv. þm. V. Sk. (G. Sv.) gerði, er hann benti á, að ef lögin yrðu látin verða sjálfdauð, ef eg má komast svo að orði, þá myndi tollurinn lenda að mestu í vasa kaupmanna. Þetta er mjög áríðandi athugasemd, en hún leiðir lengra en að ullartollinum, því að hún snertir einnig ýmsar aðrar vörur. T. d. er mjög sennilegt, að ýmsir kaupmenn muni „spekulera“ í að kaupa síld af smáútgerðarmönnum fyrir 17. sept., og taka þá, þegar þeir kaupa, til greina tollinn og gefa því lægra fyrir síldina en ella. Þegar svo að útflutningnum kemur, eru lögin sáluð, og þá fer eins með síldina og ullina, að kaupmaðurinn græðir verðhækkunartollinn, en framleiðandinn og landssjóður fá ekkert af honum. Það er því nauðsynlegt að gera sjer grein fyrir, hvort eigi að framlengja lögin eða ekki. Það þarf að ákveða svo fljótt sem auðið er. Jeg skal leyfa mjer að endurtaka það, að ef lögin verða ekki framlengd, verður að taka tillit til fleiri vörutegunda en ullar.

Magnús Guðmundsson: Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) stakk upp á að vísa málinu til nefndar, en því vil jeg svara þeirri uppástungu, að málinu verður að hraða svo mikið, ef það á að koma að gagni, að enginn tími er til þess. Um framlengingu verðhækkunartollslaganna í heild sinni er það að segja, að jeg hefi alls ekki búist við, að til þess kæmi, og ekkert frv. liggur fyrir í þá átt, hvorki frá háttv. stjórn nje neinum í þessari háttv. deild, enda stappaði nærri fullu loforði frá þingsins hálfu 1915, að lögin skyldu ekki standa lengur en nú til hausts, og það er hæpið, að þingið geti, sóma síns vegna, gengið á bak þeirra orða sinna. Jeg sje ekki heldur annað en lítið hafist upp úr verðhækkunartolli þótt lögin yrðu framlengd, því að verð það, sem nú er tollfrjálst, hlýtur að hækka mikið, og ekki annað sýnilegt en að framleiðsla yfirleitt minki stórkostlega, en hvorttveggja, hækkun lágmarksverðsins og rýrnun framleiðslunnar og útflutningur, lækkar tollinn stórum og gerir hann alveg óábyggilegan sem tekjustofn fyrir landssjóðinn. Jeg geng út frá því sem gefnu, að engum detti í hug að framlengja lög þessi án þess að hækka hið tollfrjálsa verð, vegna stórkostlega aukins framleiðslukostnaðar síðan 1915, er lögin voru sett.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) tók það fram, að það, sem jeg sagði um, að allur tollurinn mundi lenda hjá milliliðum, ef ullartollur yrði eigi afnuminn nú þegar, ætti einnig við t. d. um síld, en þetta er rangt. Síldveiðar eru eigi enn byrjaðar og ef menn vita, að lög þessi falla úr gildi 17. sept. í sumar, er auðsætt, að engum dett-

ur í hug, við kaup og sölu á þessari vöru, að gera ráð fyrir verðhækkunartolli af henni. Og sje eitthvað selt af síld og fiski nú þegar, er ómögulegt að koma í veg fyrir, að tollur af því lendi hjá milliliðum. En þannig er ekki ástatt með ullina.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg vil geta þess, að vegna annara stjórnarráðinu hefir stjórnin ekki haft tíma til að ákveða, hvort hún ætti að leggja til, að verðhækkunartollslögin yrðu látin standa eða ekki, eða þeim yrði ef til vill breytt. En jeg vil leyfa mjer að benda hv. þingmönnum á, hvort þeim líst fjárhagur landsins svo nú, að landssjóður megi við því að missa verðhækkunartollinn. Það er sýnilegt, að ef lögin ganga úr gildi 17. sept. næstkomandi, fer allur tollur af gærum, kjöti og síld forgörðum. Jeg sje ekki betur en að þingið verði þá að grípa til annara tollráða, ef lögin eru numin úr gildi og ekki á að leggja á stórkostlega skatta. Af því að stjórnin hefir ekki tekið ákveðna afstöðu til málsins, finst mjer rjettara að setja málið í svip í nefnd; það má þá hraða því með afbrigðum frá þingsköpum, þegar menn eru búnir að átta sig á því. Mjer finst það skylda mín sem fjármálaráðherra að benda á, að landið má ekki við því að missa þessar tekjur. Líklega verða þó tekjur af sjávarafurðum hvort sem er miklu lægri en áður.

Það er vitanlega til ein leið til að fá tekjur í svipinn og það er að taka lán, ef það fæst. Jeg býst við, að landið yrði í ekki litlum tekjuhalla í stríðslok, ef það lægi t. d. með ársbirgðir af dýrum vörum. Það er því í mörg horn að líta með tekjur landssjóðs. Jeg vildi annars víkja þeirri athugasemd að hv. flutningsmönnum þessa frv., að þótt lögin gangi úr gildi 17. sept., er ekki loku skotið fyrir að ná tolli af ullinni, enda þótt ullin færi ekki út, en yrði keypt upp og geymd. Það mætti t. d. setja ákvæði um, að þegar ullin yrði flutt út, skyldi greiða toll af öllu því af vörunni, sem framleitt væri í ár.

Magnús Pjetursson: Jeg hefi ástæðu til að þakka flutnm. þessa frv., og vonast til, að það nái fram að ganga. Úr því að talað er um verðhækkunartollinn er rjett að minna menn á, að *grundvöllurinn* undir honum var sá, að framleiðendur fengju mun meira fyrir vöru sína en framleiðslan kostaði, og var hið gjaldfrjálsa verð varanna miðað við, að svo mikið og ekki meira kostaði að framleiða vöruna, en tollurinn lagður á það eitt, sem væri hreinn ágóði, og þess vegna hjet hann *verðhækkunartollur*, en ekki útflutningstollur, sem annars hefði verið.

Það kemur því ekki til mála að framlengja *verðhækkunartollinn á þessum sama grundvelli*, því að mjer er víst óhætt að segja, að eftir markaðsútliti munu engar íslenskar afurðir verða seldar *hærra* verði en svo, að nemi framleiðslukostnaði einum. Hreinn ágóði verður því enginn til, og þannig enginn grundvöllur til undir verðhækkunartoll. Hann er því sjálffallinn. Enda er jeg sammála þeim hv. þingmönnum, sem hafa tekið það fram, að Alþingi 1915 hafi skuldbundið sig til að láta toll þennan ekki standa lengur en til hausts. Annað var því ekki sæmilegt.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, um að framleiðslukostnaður landbúnaðarins hafi lítið aukist, því að landbændur gætu enn greitt kaupafólki sínu eftir gamla verðlaginu, þá vil jeg geta þess, að það er, að *mínu áliti*, algerlega rangt. Það verðlag á kaupi, sem hann gat um, hefi jeg aldrei heyrt getið um, og er auðvitað alveg rangt. Eftir því, sem kunnugir menn hafa sagt mjer, var gamla verðlagið þannig, að fyrir fyrstu vikuna var goldin kind að haustlagi, veturgömul vættarkind, fyrir næstu viku 2 fjórðungar

smjörs, þriðju vikuna 2 fjórðungar mör eða tólg. Þetta er nokkuð annað en ær með lambi, sem hann nefndi. Jeg stakk upp á við bændur, hvort ekki væri ráðlegt að taka upp þetta gamla verðlag nú, en því var svarað hiklaust, að kaupafólk taki það ekki í mál að ráða sig upp á þau kjör. Frá þessu verðlagi hafa sagt mjer menn, sem hafa tekið kaup sitt eftir því, svo að jeg veit, að það er rjett.

Auðvitað er varhugavert, eins og hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) tók fram, að kippa tekjum úr landssjóði nú. En með *verðhækkunartolli* er *ekki* hægt að fá tekjur í landssjóð. Því að enginn *verðhækkunartollur* getur lengur átt sjer stað, eins og jeg hefi áður sagt og sannað. Það yrði bara ranglátt fálm út í loftið.

Ef menn endilega vilja eða þurfa að leggja útflutningsgjald á íslenskar afurðir, þá væri þó meira vit í að leggja toll á alt verðið jafnt. Nú er ekki hægt að finna neina átyllu fyrir gjaldfrjálsu verði.

Jeg styð það, að frumvarpið sje ekki sett í nefnd, því að brýn þörf er á að flýta málinu. Þingmenn fá líka talsverðan tíma til að athuga málið milli umræðna, og til álita gæti þá komið að setja það í nefnd við aðra umr. En á þessu stigi ætti ekki að tefja fyrir því.

Einar Arnórsson: 1. þm. Skagf. (M. G.) vildi neita því, að líkt væri ástatt um sumar aðrar afurðir og um ullina; hann vildi neita því að, gangi verðhækkunartollurinn úr gildi 17. sept., renni hann í raun og veru í vasa kaupmanna. Jeg held því fram, að það sje einmitt mjög líkt á komið. Nokkrir menn hafa í vetur keypt fisk lægra verði en ákveðið er í nýja breska verðlaginu. Þeir bera fyrir sig verðhækkunartollinn; þeir þurfi að borga hann. En engar líkur eru til þess, að fiskurinn verði fluttur út fyrir 17. sept. Margir kaupa fiskinn áður en hann er veiddur, semja við bátaeigendurna um kaup á öllum aflanum. Fiskur er og oft keyptur hálfverkaður. Nú er vel hugsanlegt, að margir fiskkaupmenn „spekuleri“ í því, að tollurinn verði afnuminn.

Um síldina er það alkunnugt, að útgerðarmenn selja oft afla sinn fyrirfram; einkanlega mun sú verða raunin á nú, þar sem „spekulations“-verð er nú ekkert til á síld. Áður biðu menn, í von um verðhækkun. Nú er markaðurinn ekki frjáls, og enginn býst við, að stríðinu ljetti af í haust. Af þessu leiðir, að óhjákvæmilegt er að taka tillit til þessara afurða líka, og er það hugsanleg leið, að lagður sje tollur á þessa árs afurðir að meira eða minna leyti, jafnvel þótt tollurinn falli niður eftir þann tíma.

Rjett er og, að annað er ástandið nú en 1915, þegar tollurinn var lagður á; að halda honum í sama fari og þá. væri brot á loforði, sem þá var gefið. Tollurinn var bygður á því, að menn græddu meir en í venjulegu ári. Þótt verð verði nú hærra en þá, er það í raun rjettri *miklu* lægra vegna hækkunarinnar á framleiðslukostnaðinum, sem nú er orðinn gífurlegur.

Flutningsmaður nefndi það, að málið mætti eigi setja í nefnd, því að því yrði að hraða. Ekki þyrfti að tefja, þó að það færi til fjárhagsnefndar. Flutningsmenn eru báðir í nefndinni og geta flýtt málinu eins og þeim finst þurfa. Geta má þess, að það er leiðinlegt að vika skuli vera af þingi þegar þetta frumvarp, sem liggur svona á, kemur fram. Flutningsmenn hefðu átt að bera það fram fyr, svo að nefnd gæti athugað það og þá auðvitað öll verðhækkunartollslögin í heild sinni.

Hvort sem ofan á verður, að lögin verði látin lifa eða deyja, verður að hafa hugfast, að það verði til góðs þeim, sem ákvörðunin verður miðuð við -- ef þau lifa, þá landssjóði, en ef þau verða látin

deyja, þá að ágóðinn lendi á rjettum stað, hjá framleiðendum, en ekki í vasa kaupmanna.

Bjarni Jónsson: Þetta er merkilegt frumvarp að einu leyti. Það verður eigi á það minst án þess að rekja, hvernig verðhækkunartollurinn sje til orðinn. 1915 heyrðust hrinur um, að bændur græddu ofmikið. Af þessum hrinum gerðust þau ókjör, að bændur ljetu hlunnfara sig hjer í þinginu. Þannig eru lögin um verðhækkunartollinn til komin, en þau eru einhver hin heimskustu lög, er jeg hefi þekt.

Tollurinn er lagður á tvær stjettir landsmanna, án þess að nokkurt gjald á öðrum stjettum komi á móti til jafnaðar. Auk þess var hann miðaður við ákveðna verðhæð, án tillits til þess, að framleiðslukostnaður gæti stigið upp í himininn. Þær hugmyndir eru kallaðar klepptækar á Reykjavíkurmáli, sem þann veg eru grundvallaðar sem þessi.

Mjer þykir vænt um, að flutningsmaður hefir lífgað úr frv. mínu frá í vetur það, sem frv. þetta tekur yfir. Það var meðal annars með tilliti til ullarinnar, að jeg bar það fram. En það er sama hvort litið er á ullina eða annað, eins og 2. þm. Árn. (E. A.) sagði; lögin er sjálfsagt að nema úr gildi. Ef sú breytingartillaga kemur fram að afnema lögin með öllu, fylgi jeg henni. Það er nauðsyn að ljetta á almenningi, enda hafa lögin verið ranglát frá upphafi.

Mig undrar, að nokkur alþm. skuli hafa einurð til að nefna endurnýjun á þessum lögum, slíkur sem grundvöllurinn er, tildrögin o. s. frv. Lögin eru og orðin alræmd. Er það undarleg dirfska af mönnum, sem annars eru ekki óhræddir við kjósendur sína; þetta er þó nýr vottur um hugprýði.

Fjármálaráðherra (B. K.) taldi sjer skylt að minna á, að ekki megi minka tekjur landssjóðs. En peningaþörf landssjóðs getur ekki rjettlætt ranglátar tekjur. Ranglátu gjöldin verður að afnema og finna rjettlát í staðinn. Jeg sagði í vetur, að ef menn vildu ekki afnema þennan toll, þá skyldu þeir finna önnur gjöld, sem leggja mætti á þær stjettir, er hjá honum komast. Þá mætti tollurinn haldast. En nú þurfa skraddarar, skóarar, kaupmenn og aðrir, sem grætt hafa, ekki að leggja eyri af mörkum. Það er engin smáupphæð, sem um er að ræða, yfir $^1/_2$ miljón króna. Það er kveinað yfir minna. Kvartanir heyrast landshornanna milli út af 6—800 kr. til skálda eða einhvers fátæks listamanns.

Jeg mun koma fram með þá breytingartillögu, að lögin verði algerlega afnumin, og styð að málinu verði flýtt.

Flm. (Gísli Sveinsson): Út af orðum hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) um að eigi sje ráðlegt að nema lögin úr gildi, fyr en einhverjar tekjur sjeu fundnar í skarðið, vil jeg geta þess, að þó að lögin verði athuguð í heild sinni, er ekkert því til fyrirstöðu að nema þegar þau ákvæði, er frv. hljóðar um, úr gildi. Þótt lögin verði numin úr gildi, ekki framlengd, gæti óverðskuldað ranglæti komið fram á ullinni. Ullin gæti farið fyrir 17. sept., en það er líka hugsanlegt, að hún liggi fram yfir þann tíma, og hvernig á þá að koma tollinum á rjettan stað?

Jeg sje ekki betur en að rjettmætt sje að nema ákvæðið um ullina burt nú þegar, hvort sem lögin verða framlengd eða ekki. Besta ráðið væri, að landsstjórnin athugi og gefi upplýsingar um til fjárhagsnefndar, hvort fella skuli burt eða breyta þessum lögum. En það má eigi dragast á langinn að fella burt ákvæðin um ullina, ef á annað borð á að gera það; vilji menn ekki fella þau burt, geta

þeir sagt strax til. Mjer skilst líka, að menn vilji setja málið í nefnd vegna laganna í heild sinni, en telji það óþarft vegna þessa eina atriðis.

Jeg álít óþarft, að þm. Dala. (B. J.) komi með breytingartillögu við *þetta* frv. um, að öll lögin falli úr gildi.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hjelt, að eins mundi fara um aðrar afurðir og ullina. Framleiðendur mundu selja með tilliti til tollsins, en þegar hann fjelli af þessum tegundum, þá græddu „spekulantarnir", en ekki framleiðendur. Þessu svara jeg svo, að þar er alls ekki sama máli að gegna. Ullarframleiðendur *verða* að selja þegar. En fiskinn t. d. selja menn ekki löngu áður en hann er veiddur eða þeir hafa hugmynd um, hvort þeir veiði hann. Þar er „spekulationin" rekin svo langt, að fjarri fer eðlilegum verslunargangi. Nú er svo komið, að þessa dagana verður að skera úr, hvort tollur skuli vera á ullinni í sumar eða ekki. Orsökin til þess, að frv. þetta kom ekki fyr fram, er sú, að við flutningsmenn bjuggumst við, að það mundi koma frá öðrum, en nú þóttumst vjer ekki geta beðið lengur. Í öðru lagi hefir tíminn lent í því að finna nefndum þingsins stað og stund, og því enginn starfstími verið fyrir þær. Flutningsmenn verða því alls ekki ásakaðir fyrir, að það hafi komið ofseint. Málið gæti nú alls ekki verið komið úr nefnd. Jeg sje ekki, að þörf sje að fjölyrða frekar um málið. Við flutningsmenn sjáum þess enga þörf að setja málið í nefnd, og teljum það gera málinu ógagn, tefja fyrir því að eins.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla ekki að ræða *efni* málsins. Eftir því, sem mjer skilst, ætti það ekki að þurfa að tefja framgang málsins þótt það kæmi fyrir fjárhagsnefnd. Jeg skil ekki annað en allir geti verið sammála um, að nefndin verði fljót að athuga frv. Hún ætti að geta athugað það á morgun, og á miðvikudag mætti afgreiða það með afbrigðum. Með þessu móti mætti og athuga, hvort tiltækilegt væri að framlengja verðhækkunartollslögin að einhverju leyti. Þetta er ekki svo flókið, að fjárhagsnefnd gæti ekki verið tilbúin annað kvöld eða á miðvikudag. Hjer í deildinni hefir þegar komið fram talsverður meiningamunur um málið, og gæti því orðið örðugra að afgreiða það fljótt, ef þessi aðferð væri ekki höfð.

Flm. (Gísli Sveinsson): Að eins örstutt aths. Þótt málið sje í nefnd einn dag, sje jeg ekki, að nefndin geti í nokkurri mynd til fulls náð þeim tilgangi, að taka ákvörðun um forlög allra verðhækkunartollslaganna í framtíðinni.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki fallist á, að þetta sje rjett. Þótt nefndin yrði ekki tilbúin til að gefa rökstutt álit um verðhækkunartollslögin í heild sinni, gæti hún þó vel afgreitt þetta frv. Það er ekki ólíklegt, að það yrði ofan á, að undir engum kringumstæðum væri hægt að framlengja lögin í þeirri mynd, sem þau eru nú, og því held jeg, að þetta atriði ætti ekki að tefja. En ef verðhækkunartollslögin skyldu verða framlengd, held jeg, að það væri varla afsakanlegt að gera slíka breytingu á þeim. Mjer finst þessu máli yfirleitt svo varið, að það muni flýta fyrir því að vísa því til fjárhagsnefndar. Hitt er annað mál, að ef reyna ætti að finna aðra tekjustofna til að bæta upp þær tekjur, er landssjóður missir með verðhækkunartollinum, þá þyrfti þetta frv. ekki að bíða eftir því.

Einar Arnórsson: Örstutt aths. Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) virtist ganga út frá því, að bændur bæri brýn nauðsyn til að selja

ull sína strax, en sama væri ekki að segja um afurðir sjávarútvegsmanna. Því máli er svo farið, að bændur verða flestir að selja ull sína þegar á lestum og nota tekjurnar strax til innkaups á nauðsynjavörum handa heimilum sínum. En svipað er ástatt með sjávarframleiðendur. Lánstraust þeirra er takmarkað. Þeir verða margir að selja vörur sínar fyrirfram í byrjun vertíðar fyrir vörur til útgerðarinnar, salt og veiðarfæri. Þeir geta ekki legið með afla sinn, en verða að borga lánardrotnum sínum, bönkum og sparisjóðum.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr. atkv. gegn 1., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1608) með 14: 6 atkv.

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 12. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 46, 51).

Frsm. (Gísli Sveinsson): Þessu máli var eftir mikið stapp við 1. umr vísað til fjárhagsnefndar, og sú nefnd hefir nú komist að þeirri niðurstöðu, sem flutningsmennirnir áður töldu sanngjarna og rjetta, sem sje að nema burt verðhækkunartoll á ull, eins og þetta frv. fer fram á, og nefndin taldi, að ekki mætti seinna vera, að þetta næði fram að ganga. Hv. þingdeildarmenn geta sjeð á nál., að nefndin gat í raun og veru ekki gert meira en þetta, því að henni vanst ekki tími til að taka neina ákvörðun um verðhækkunartollslögin í heild sinni, og hvort þau ættu að haldast áfram, en hún hefir samt ákveðið að athuga það mál sem fyrst. Reyndar er dagur til stefnu, því að varla verður því haldið fram í alvöru, að brýn nauðsyn sje á að afnema öll lögin strax, þótt ullartollurinn sje afnuminn, þar sem þau eiga ekki að falla í gildi fyr en 17. september. Að vísu er hjer fram komin brtt. hv. þm. Dala. [(B. J.), og er það alleinkennileg brtt., þar sem hún fer fram á að nema úr gildi öll lögin. Jeg hjelt satt að segja, að hv. þm. mundi hætta við að koma með þessa brtt, þar sem málið var komið til fjárhagsnefndar og hún hefir lýst því yfir, að hún myndi athuga öll lögin í heild sinni. Jeg vil því mælast til, að hv. þm. Dala. (B. J.) taki þessa brtt. sína aftur, en ef hann er ófáanlegur til þess, verður nefndin að mæla á móti því, að brtt. verði látin ganga fram. Ullin er þegar komin á markaðinn og verið að semja um verðið, en svo er ekki ástatt um neinar aðrar afurðir, að minsta kosti alls ekki um aðrar landbúnaðarafurðir, því að þær koma ekki til útflutnings fyr en á haustin, og gangi lögin sjálfkrafa úr gildi, falla þær afurðir, svo sem gærur og kjöt, alls ekki undir þau. Útflutningur á hrossum kemur ekki til mála í sumar, og þarf því ekkert ákvæði um þau sjer í lagi. Ullina er sjerstaklega illa ástatt með, því að kostnaður við sveitabúskap er nú mikill, og verð ullar mjög svo lágt í samanburði við þann kostnað, en bændur verða að selja hana til að fá eitthvað úr kaupstaðnum til að borða. Hvað sjávarafurðirnar snertir verða víst miklar hömlur á þeim atvinnuvegi í sumar. Þó er hugsanlegt og ekki óliklegt, að ýmsar vörur, t. d. fiskur og síld, falli undir þessi lög. Það væri þá spursmál, hvort ætti að afnema þau vegna fiskjar og síldar. Jeg er á móti því. Af fiskinum er þegar búið að selja afarmikið til „spekulanta“, eins og kunnugt er og kom fram við 1. umr. Jeg hefi heyrt, og efast ekki um að það sje satt, að 2—3 menn hafi þegar látið greipar sópa um rjett allan fisk um öll Suðurnes. Verðið, sem þeir hafa gefið fyrir hann, er tiltölulega lágt, svo að þeir hljóta að græða, hvernig sem veltur. Þótt

tollurinn sje afnuminn, rennur hann þó ekki í vasa framleiðenda, heldur „spekulantanna“. Hvað síldina snertir mun alt vera á huldu og reiki með þann atvinnuveg, en það er aðgætandi, að sá atvinnuvegur mun varla rekinn nema vissa sje um allmikinn hagnað í aðra hönd, og þolir hann því engan samanburð við ullina.

Jeg verð því að ráða hv. deild til að samþykkja frv. óbreytt og hraða því sem mest, eins og fjárhagsnefnd hefir lagt til, en jafnframt fella brtt. á þgskj. 51., ef hún verður ekki tekin aftur.

Forseti: Til þess, að brtt. á þgskj. 51 geti komið til umræðu og atkvæðagreiðslu, verður að leita afbrigða frá þingsköpunum, og vil jeg bera það undir hv. deild.

ATKVGR.

Afbrigðin voru samþ. með 21: 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

nei: B. Sv., E. J., G. Sv., S. S.

Einn þm. (Sk. Th.) var fjarstaddur.

Matthías Ólafsson: Það sást glögt við 1. umr., að það hefir vakað fyrir flutningsmanni að ljetta tolli af bændum, og geta þó haldið tilsvarandi tolli á sjávarútveginum. Hið sama sjest ekki síður á nefndarálitinu. Nefndin segir ekki tíma til að athuga lögin í heild sinni nú, í sambandi við frv. það, sem nú er til umræðu, og er það þó harla einkennilegt að bera fyrir sig tímaleysi svona í þingbyrjun. En mönnum er brátt um að koma þessu frv. í gegn, og ástæðan er sú að bjarga ullinni undan verðhækkunartolli, án þess að aðrar vöruteguudir komi með.

En það er alveg eins um fiskinn og um ullina; það er ósatt, að búið sje að selja hann; það er einmitt verið að því þessa dagana. Ef flm. hefði viljað vera eins rjettsýnn í garð sjávarútvegsins og landbúnaðarins, átti hann að taka fiskinn með. Framleiðslukostnaður bænda hefir ekki aukist svo, að meiri ástæða sje til að ljetta tolli af ull en af sjávarafurðum. Landbændur geta lagt heimilum sínum margt, sem menn við sjávarsíðuna hafa ekki. Dýrari verkfæri nota bændur svo lítið, að þar getur ekki verið um stóraukinn kostnað að ræða.

Ekki verður heldur sjeð, að dýrt sje að framleiða ull þar sem fjeð gengur sjálfala; svo er t. d. á mörgum jörðum á Reykjanesi; jeg þarf ekki að nefna aðrar en Setberg og Herdísarvík. Útigangsjarðirnar eru um land alt. Telja má kostnaðarlaust að framleiða ull á þeim jörðum. Það eitt veit jeg, að ef bændur legðu jafnmörg þúsund í framleiðslukostnað og útgerðarmenn gera, þá myndu þeir græða miklum mun meira að öllum jafnaði en sjávarútvegsmenn.

Flm. ljet sjer þau orð um munn fara, að útgerðarmenn myndu ekki gera út skip sín á síldveiðar, nema hagnaður yrði að. Hlægilegt er að heyra landmann segja annað eins og þetta. Menn gera út, þótt hagnaðarvonin sje mjög óviss; nú í sumar er t. d. alveg óvíst, hvort nokkur hagnaður verður að síldveiðum.

Jeg er feginn breytingartillögunni, sem fram er komin, og jeg mun greiða henni atkvæði, þótt varhugavert sje vegna landssjóðs. En úr því að fella á verðhækkunartollinn burt að nokkru, er skylt að fella hann burt að öllu.

Bjarni Jónsson: Jeg vil byrja á að þakka þeim þm., sem vildu hindra, að brtt. mín kæmist á dagskrá.

Hv. flm. (G. Sv.) veit, að jeg hefi ekki gert brtt. mína til að fella frv. hans. Það

er ekki rjett, að fiskurinn sje þegar mestallur seldur. Ekki er mikið þótt ein eða tvær veiðistöðvar á Suðurnesjum hafi þegar selt, því að svo er guði fyrir þakkandi, að fiskveiðar eru víðar við land. Jeg skal játa um ullina, að hún er eitt af því sjálfsagðasta að losna við tollinn, en það er athugandi, að öll vara er sjálfsögð að losna við hann. Illa var hann til kominn og aldrei miðaður við annað en gróða, og er sjálfsagður hlutur, að hann falli burt um leið og grundvöllurinn, sem hann var bygður á. Landssjóður verður að afla tekna á annan hátt. Jeg tel eigi samboðið þinginu að halda lögum, sem grundvöllurinn er fallinn undan. Háa verðið er enginn gróði lengur. Þetta er aðalástæðan, sem jeg hefi fram að færa, nú eins og í vetur. Síðan hefir ekkert breyst. Jeg hugsaði misseri fyr, en læt mjer lynda, ef menn fylgja nú þessu máli, er jeg hefi áður fram borið. Það munar nokkru, ef misrjettið hverfur þó þann stutta tíma, sem eftir er. Að öðru leyti vísa jeg til orða minna í vetur og nú við 1. umr.

Úr því að nafnakall var haft um, hvort brtt. mín mætti koma á dagskrá, vil jeg leggja til, að nafnakall verði um hana, er hún kemur til atkvæða.

Jeg get eigi orðið við bón hv. flm., um að taka brtt. mína aftur, en mælist aftur til, að hann greiði henni atkvæði.

Einar Jónsson: Við 1. umr. tók enginn, sem ull átti, til máls. En nú fer jeg af stað. Í sjálfu sjer er mjer ekkert kappsmál, hvort verðhækkunartollurinn á ull helst eða fellur burt, en þó er jeg þakklátur hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að hann kom fram með þetta frv. Það sýnir ótvírætt, að hann sje þm. fyrir sveitakjördæmi.

Landssjóð munar þetta mjög litlu, ekki nema um eitthvað 8 þús. kr. að ræða, og verður þó minna í ár en í fyrra. En það er stór og veigamikil ástæða fyrir frv., að tollurinn myndi lenda í vasa millilíðanna, ef hann hjeldist, en hvorki ullarframleiðendur nje landssjóður njóta góðs af.

Jeg get ekki látið hjá líða að minnast á framkomu hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Það er einkennilegt, hvernig hann hegðar sjer. Það lítur út fyrir, að ekki megi nefna landbúnað á nafn, án þess að hann fari að verja sjávarútveginn, þó að ekkert hafi verið á hann ráðist. Hann hefir viðhaft orð, sem hvorki honum nje sjómannastjettinni er sómi að. Þau lýsa óskammfeilni eða öfund — má ske hvoru tveggja. — Dettur nokkrum í hug, að hægt sje að framleiða ull án tilkostnaðar? Hann taldi ullarframleiðslu kostnaðarlausa þar sem fje gengur úti, en því fer fjarri, að nokkuð sje hæft í því. Eigur bænda væru í stórhættu, ef ekki væri haft eftirlit með fjenu. Jafnvel hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) hlýtur að vita, að fjeð kostar bændur æði mikið, þótt það gangi úti.

Varla er hægt að bera saman, hvort sje kostnaðarmeira, landbúnaðurinn eða sjávarútvegurinn, framleiðsla á ull eða fiski. Þótt meira fje sje lagt í sjávarútveginn, grípur hann örar upp ágóðann. Á útveginum geta menn grætt þúsundir króna á einum degi, en við bændurnir verðum að draga saman efni á mörgum árum. Þess vegna er örðugt um allan samanburð, og af þessari ástæðu er ekki nema eðlilegt, að meira sje greitt af sjávarútvegi en landbúnaði í landssjóð. Jeg vil ekki gefa mig í prætur um, hvor atvinnugreinin sje arðmeiri, þegar á alt er litið, en það hljóta allir að sjá, að landbúnaðurinn er miklu seintækari.

Í fám orðum, jeg legg eigi kapp á mál þetta, en álít þó sanngjarnt, að frv. verði samþ. En jeg álít ekki ráðlegt, að verðhækkunartollurinn sje að öllu leyti feldur burt, án þess að sjeð sje fyrir því áður, hvernig hægt væri að bæta landssjóði tekjumissinn.

Pjetur Þórðarson: Fyrst skal jeg geta þess, að jeg hefi stundað bæði landbúnað og sjávarútveg í smáum stil. Reynsla mín er sú, að það sje enginn samjöfnuður á, hvað ullina sje dýrara að framleiða en fiskinn. En þegar um þetta frv. er að ræða, er samanburðurinn á framleiðslukostnaði landbúnaðar og sjávarútvegs ekkert aðalatriði fyrir mjer. Í minum augum er það aðalatriðið, að hætta er á, að fje það, sem tollinum nemur, lendi hjá milliliðunum, ef tollinum verður ekki ljett af áður en ullin verður seld. Um fiskinn er öðru máli að gegna. Það mun eigi rjett, sem hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að fáir hefðu enn selt fisk sinn, því að nú munu flestallir smærri útgerðarmenn búnir að selja hann. Hvað sem menn segja um verðhækkunartollinn í heild sinni, geta varla verið skiftar skoðanir um, að honum beri að ljetta af ullinni. Þótt nú tollurinn haldist á sjávarafurðunum, þá kemur það niður á efnameiri mönnum, en þeir mega best við því, því að eins og jeg sagði áðan eru flestir smærri útgerðarmenn þegar búnir að selja.

Af þessum ástæðum vil jeg ekki, að brtt. á þgskj. 51 verði samþ., þótt jeg sje frv. fylgjandi.

Jörundur Brynjólfsson: Þegar þetta mál var til 1. umr. hjer í deildinni, ljet jeg það hlutlaust og greiddi atkv. með því að vísa því til fjárhagsnefndar. Bjóst jeg við því, að hv. flm. frv. (G. Sv.), sem á sæti í fjárhagsnefnd, myndi þar við nánari athugun komast að þeirri niðurstöðu, að ekki væri vert að nema verðhækkunartoll af ull úr gildi. Þess var getið við 1. umr., að margir bændur mundu verða búnir að selja ull sína er tollurinn væri numinn úr gildi, og þá mundi tollurinn sýnilega lenda í vasa þeirra, er keyptu ullina. Síðan málið var til 1. umr. hefi jeg gert eftirgrenslanir og komist á snoðir um, að menn muni þegar farnir að flytja ull sína í kaupstað. Þótt þetta frv. væri samþ. nú þegar og látið ganga gegn um þingið með afbrigðum frá þingsköpum, mundi það þó ekki ná tilgangi sínum. Jeg ætla ekki að neinu leyti að gera upp á milli landbúnaðar og sjávarútvegs, nje leggja dóm á, hvor atvinnuvegurinn eigi hægara aðstöðu á vanalegum tímum, eins og sumir hv. þm. hafa gert. En undir núverandi kringumstæðum hygg jeg, að öllum sje ljóst, að sjávarútvegurinn standi enn ver að vígi en landbúnaðurinn, og fyrst að svo er, sýnist mjer, að maður verði að gera þeim báðum jafnt undir höfði og brjóta eigi rjett á öðrum til að ívilna hinum. Ef jeg hefði álitið, að bændum gæti verið mikið hagræði í afnámi verðhækkunartollsins á ullinni, hefði jeg verið með því. Jeg álít, að þeir eigi ekki svo hægt uppdráttar nú, að þeim væri ofgott að losna við að greiða þessa upphæð í landssjóð, ef þá munaði hana nokkru. En þegar að er gætt, er þetta hverfandi lítil upphæð. Árið sem leið nam verðhækkunartollur af ull um 8461 kr. Það verða 4—10 kr. á heimili og sum enn minna, og sjá allir, að þetta er engin hjálp fyrir bændur. Í ástæðunum fyrir frv. komast flutningsmenn svo að orði, að sjálfsagt sje að láta tollinn af ullinni falla niður nú þegar, ef það gæti ljett eitthvað undir með búendum. Ef svo væri, mundi jeg greiða þessu frv. atkv. mitt. Jeg geri ekki ráð fyrir, að bændur sjeu svo illa staddir, að þessi litli skattur geti orðið þeim til nokkurrar bjargar. Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sýndi fram á, að það væri ekki rjettlátt að ljetta tollinum af ullinni, en láta hann standa óbreyttan á sjávarafurðum. Jeg get verið honum alveg sammála, og það því fremur, er um slíkt lítilræði er að ræða sem tollinn á ullinni. Og ef þingið afnemur verðhækkunartoll á ull, er bein skylda þess að af-

nema líka tollinn af sjávarafurðunum. Þótt menn vilji bera það fyrir sig, að nokkrir fiskkaupmenn græði á afnámi tollsins, þá ber þess að gæta, að mjög margir selja ekki fisk sinn fyr en beint til útlanda. Þessir menn hafa því sömu rjettlætiskröfu til afnáms tollsins og bændurnir, að því er ullina snertir, en ekki eru tiltök að gera upp á milli þeirra, er bæði kaupa fisk og afla hans, og hinna, er t. d. afla hans að eins. Hvernig ætti að komast fyrir það hjá þeim, er bæði aflar fiskjar og kaupir, hvað hann hefir aflað og hvað hann hefir aftur keypt af öðrum? Get jeg því ekki sjeð minstu ástæðu til að samþykkja þetta frv., af framangreindum ástæðum, því að því fer fjarri, að það komi að þeim notum, sem til er ætlast af hv. flutningsmönnum. Gróðinn lendir í vasa kaupmannanna, þótt tollurinn sje afnuminn, og frv. kemur þeim einum að notum, er leggja ullina inn í eigin verslun, kaupfjelögin.

Auk þessa býst jeg við, að hagur landssjóðs sje ekki svo góður, að hann megi missa þær tekjur, er verðhækkunartollurinn í heild sinni gefur af sjer. Því fer þó fjarri, að jeg vilji hafa verðhækkunartollslögin framlengd á sama grundvelli, en jeg býst við, að einhverra ráða verði að leita, til að halda tekjum landssjóðs við. Ef til vill gætu orðið þó nokkrar tekjur af afurðum síðastliðins vetrar. Finst mjer því, að með það fyrir augum ætti að halda verðhækkunartollinum af þeim afurðum einum, en breyta svo grundvellinum með tilliti til afurða í haust og næsta ár. En ef menn vilja fyrir hvern mun afnema eitthvað af lögunum, þá er miklu rjettara að samþ. brtt. hv. þm. Dala. (B. J.), afnema lögin alveg. Get jeg þó ekki verið með því að rýra svo tekjur landssjóðs. Margir hafa keypt fisk síðastliðinn vetur og miðað við verðið í fyrra, og fengið afarmikinn gróða. Sje jeg því ekki, að neitt rjettlæti væri í því að afnema tollinn á fiskinum nú. Því vil jeg telja allra rjettlátast, að við verðhækkunartollinum sje ekki hróflað nú, hvað framleiðslu snertir, til þessa tíma. En verði verðhækkunartollur gerður að lögum þetta ár, verður að leggja annað til grundvallar, sakir breyttrar aðstöðu.

Annars geri jeg ekki ráð fyrir, að neinn treysti sjer til að færa mönnum heim sanninn um, að sjávarútgerð nú, á vjelskipum og gufuskipum, borgi sig betur en landbúnaðurinn. Báðir atvinnuvegirnir eiga við mikla erfiðleika að stríða, en sjávarútvegurinn er þó miklu ver settur. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg sje þm. fyrir sjávarútvegskjördæmi. Jeg þarf ekki annað en benda mönnum út á höfnina. Þeir ættu að geta farið nærri um það, hvort skipaeigendur geri það að gamni sínu að láta skip sín liggja aðgerðalaus inni á höfn síðan í apríl í vor. Af þessu má ráða erfiðleika þá, sem nú eru á rekstri sjávarútvegsins.

Hv. 2. þm. Rang. (E. J.) hefði ekki þurft að geta þess, að auðsjeð væri, að annar flm. þessa frv., hv þm. V.-Sk. (G. Sv.), sæti fyrir sveitakjördæmi. En hvað sem því líður hygg jeg, að fyrir hv. flm. hafi vakað, að frv. þetta mundi að fullu ná tilgangi sínum, en jeg hefi nú reynt að sýna, að svo muni ekki vera, nema að litlu leyti. Get jeg því ekki annað en greitt atkv. móti þessu frv., en skal geta þess, að mjer hefði verið nær skapi að samþ. brtt. á þgskj. 51, ef þetta frv. verður samþ.

Magnús Guðmundsson: Mjer þykir ilt, að inn í umr. um frv. okkar hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir blandast ágreiningur um sjávarútveg og landbúnað. Sú var ekki tilætlun flutningsmanna, og slíkt er óheppilegt fyrir úrslit þessa máls. Ástæðan til þess, að jeg stóð upp, var sú, að jeg tel

mjer skylt að bera hönd fyrir höfuð fjárhagsnefndar, sem hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) fór ómaklegum orðum um. Hann taldi það undarlegt, að nefndin talaði um tímaleysi. En það er ekkert undarlegt, því að eins og áður er sagt verður frv. að ganga fram nú þegar, ef það á að koma að tilætluðum notum. Hann hlýtur því að hafa sagt þetta móti betri vitund. Honum þótti kenna undirferli í nefndarálitinu, á þann veg, að nefndin myndi vilja framlengja verðhækkunartollslögin án ullartolls. Þetta er röng ásökun. Jeg fyrir mitt leyti tel það víst, að lögin falli að fullu úr gildi 17. sept. í haust. Og ástæðan til þess, að jeg vil láta ullartollinn falla burt nú þegar, er sú, eins og jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, að þótt tollurinn haldist, kemur hann aldrei í landssjóðinn, heldur fer til milliliða, því að ullin verður ekki flutt út fyrir 17. sept. í haust, en þá falla lögin úr gildi. En um fisk er ekki sama máli að gegna. Mjer er sagt, að búið sje nú þegar að selja mjög mikið af fiski. Þær upplýsingar hefir hæstv. fjármálaráðh. (B.K.) gefið mjer. Þá kemur tollurinn milliliðunum í gróða, þótt lögin verði afnumin nú, að því er til þeirrar vöru kemur. En svo veit jeg ekki annað en að á Siglufirði liggi mikið af síld frá í fyrra, sem Englendingar hafa keypt. Er þá meiningin að sleppa síldinni og gefa Englendingum tollinn? (B. J.: Sú síld verður aldrei flutt burt). Auðvitað verður hún flutt út. Þetta væri ekki annað en að gefa annari þjóð úr landssjóði. Þess ber og að gæta, að ull hefir ekki hækkað í verði síðan í fyrra, en fiskur töluvert. Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) sagði, að menn væru þegar farnir að leggja inn ull sína, og mundi frv. því ekki koma að notum, þótt því væri hraðað. Jeg skal ekki neita því, að ullarkauptíð kunni að vera eitthvað byrjuð. En það er altítt, að ullarkauptíð byrji áður en búið er að kveða upp verðið, og jeg held, að það sje ekki búið enn. Það er því rangt, að lagafrv. þetta nái ekki tilgangi sínum. Sá tilgangur næst strax er frv. verður að lögum. Annars þótti mjer það allskrítin röksemdaleiðsla hjá hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), að bændur munaði ekki um að losna við að borga tollinn, en landssjóð munaði um að missa hann. Mjer virðist einsætt, að ef landssjóð munar um að missa tollinn, hljóti bændur að muna um að borga hann.

Björn Stefánsson: Jeg verð að segja það, að jeg kann því illa, hve frv. þessu er hraðað. Jeg vil taka undir það með hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), að það er ilt, að fjárhagsnefnd kemur með tillögu um að afnema tekjustofn, án þess að ráða úr, hvað landssjóður skuli fá í staðinn. Jeg býst við, að menn segi, að málinu verði að[flýta, því að nú sje verið að ákveða ullarverðið, en það muni verða dregið meðan mál þetta er á döfinni og þar til það er búið. Jeg fyrir mitt leyti held, að þessi litli tollur geti ekki haft nein veruleg áhrif á verðið. Jeg hygg, að það sje vandsjeð enn, hvað kaupm. fá fyrir ullina, og að verzlunaráhættu þeirra yfir höfuð velti, á þessum tímum, á öðru og meiru en því, hvort ullarpundið kostar þá 1—2 aurum meira eða minna. Jeg játa það satt vera hjá formælendum þessa máls, að grundvöllur verðhækkunartollsins sje fallinn, því að nú er alt annar og meiri kostnaður við framleiðslu en áður. En það er ekki nóg ástæða til að afnema þennan skatt, meðan aðrir miklu órjettlátari skattar haldast, t. d. eins og vörutollurinn, sem jeg þó ekki býst við að verði afnuminn. Hann er nefskattur bæði af fátækum og ríkum. Þótt útflutningstollur af íslenskum afurðum sje ranglátur, er þar þó ekki tekið af öðrum en þeim, sem hafa eitthvað að gjalda af, en vörutollinn þurfa allir að gjalda, hvort sem þeir hafa nokkuð eða ekkert handa

á milli. Það gæti komið til mála að afnema hin núgildandi lög um verðhækkunartoll og búa til önnur á öðrum grundvelli.

En þótt málið væri tekið fyrir á rjettlátum grundvelli, get jeg þó ekki gengið inn á að hraða því svo mjög, að fella burt toll á einstökum vörutegundum, fyr en maður sjer úrslit fjármálanna á þessu þingi. Þess vegna má búast við, að verðhækkunartollslögin verði framlengd óbreytt eða með breytingum. En ef deildin ætlast til, að lögin falli að fullu úr gildi 17. sept. í haust, mun jeg greiða atkvæði með brtt. hv. þm. Dala. (B. J.) um að láta lögin fara öll í einu. Mun jeg því greiða atkv. með henni og síðan með frv. til 3. umr., í þeirri von, að fjárhagsnefnd horfi betur í kring um sig. En komi það aftur frá nefndinni á líku stigi og nú, mun jeg greiða atkv. móti frv. úr þessari hv. deild.

Sigurður Sigurðsson: Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) neyddi mig til að kveðja mjer hljóðs. Þegar hann var áðan að skýra fyrir hinni hv. deild, að ekkert kostaði að reka sauðfjárbú á sumum jörðum þessa lands, skaut jeg því að honum í hljóði, að þetta væri ekki satt. Jeg hefi ef til vill sagt það með öðrum orðum, en það eitt er víst, að út af þessu hljóp illur andi í hinn hv. sessunaut minn, og hreytti hann að mjer mjög ómaklegum orðum, sem jeg verð að svara.

Í fyrsta lagi er það nokkuð langt gengið að bera það fram hjer á Alþingi, að til sjeu bændur, sem eigi 6—700 fjár, er þeir ætli enga heytuggu og ef til vill ekki hús. Jeg veit ekki betur en að slíkt athæfi varði við lög, og hefði hinn hv. þm. átt að fara aðra leið með slíka ásökun. Það er líka ósatt, að bóndinn á jörð þeirri, er hann nefndi, hafi engan kostnað og ætli fje sínu ekkert hey. Það segir sig sjálft, að ómögulegt er að rækja sauðfjárbú án kostnaðar, meiri eða minni, ef vel á að vera.

Annars er það einkennilegt, að hinn hv. þm. nefnir einar 2 jarðir til sönnunar ullarframleiðslu með engum kostnaði, Herdísarvík og Setberg. Fyrst er þess að gæta, að þessar jarðir eru einhverjar bestu sauðfjárbeitarjarðir landsins, og því hreinasti barnaskapur að taka þær sem dæmi upp á kostnaðarlitla sauðfjárrækt yfirleitt. Annaðhvort hefir fljótfærni hans eða ónot valdið því, að þessi hv. þm. hentist svo á hundavaði. Hann hefði átt að fara víðar, taka dæmi, sem hefðu verið meir sanni nær, t. d. úr Múlasýslum, Þingeyjarsýslum, Dalasýslu, eða jafnvel úr sínu eigin kjördæmi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Annars er þetta ekki neitt stórmál. Þeir hv. þm. V. Sk. (G.Sv.) og hv.1.þm. Skagf. (M.G.) hafa fært góð og gild rök fyrir frv. á þgskj. 36, og ætla jeg ekki að endurtaka ástæður þeirra, sem margir hafa þegar etið upp eftir þeim, en mun greiða atkv. með frv. af þessum sömu ástæðum.

Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, að landbúnaðurinn þyrfti fátt af verkfærum og að þau kostuðu lítið. Jafnskýr sem hann þó er, þrátt fyrir alt, ætti hann þó að vita, að bændur þurfa fleiri verkfæri en ljái, sem hann að eins nefndi, að bændur þyrftu. Landbúnaðurinn eða bændur þurfa til þess að reka búskapinn mörg fleiri verkfæri og áhöld, sem eru dýr, svo sem sláttuvjelar, plógar herfi, o. fl. Og þessi áhöld hafa hækkað í verði um 100—200 % frá 1915, og kosta því allmikið, þótt sá kostnaður að sumu leyti jafnist ekki á við útgerðarkostnaðinn.

Þetta hefi jeg leyft mjer að taka fram að eins í þeim tilgangi að leiðrjetta auðsæjan misskilning eða villu hjá þessum háttv. þingmanni.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg stend

upp til þess að segja nokkur orð, af því að þetta mál snertir mjög fjárhag landsins, ef menn ætla sjer í alvöru að afnema alveg verðhækkunartollinn, sem þingið 1915 gekk frá. Það er vafalaust, að ef þingið þá hefði ekki ætlast til tekna af lögunum þetta ár, þá mundi það ekki hafa látið þau gilda nema til ársloka 1916. Nú er ætlun sumra að afnema tollinn að nokkru leyti, og að öllu leyti með brtt.

Þetta mál er til yfirvegunar í öllum flokkum þingsins; þess vegna verður frv. ekki talið tímabært nú. Það hefir verið fundið lögunum til foráttu, að grundvöllurinn væri hruninn, og talið ranglátt að halda honum þess vegna. En hvað sem menn nú vilja kalla þenna toll, þá kemur það alveg í sama stað niður, af því að vjer getum ekki lagt á annað en framleiðsluna í landinu yfirleitt, svo að ef þessi tollur væri feldur og nýr settur í staðinn, þá kæmi alt í sama stað niður. Vjer höfum enga iðnaðarframleiðslu nje aðra tekjustofna en þessa.

Þetta vil jeg benda á, að þótt vjer afnemum þessi lög, þá verðum vjer að útvega aðrar tekjur í staðinn, því að ella mistum vjer nálægt $^1/_2$ miljón og fengjum stóran reikningshalla í fjárlögunum.

Það er alveg rjett, að það mælir fleira með því að afnema fremur þennan ullartoll, vegna þess, að ullin var ekki hækkuð í síðustu samningum við Englendinga. En ef litið er á málið yfirleitt, þá er ekki ástæða til þess að afnema hann fremur, vegna þess, að ullartollurinn er ekki nema örlítill hluti af framleiðslunni.

Jeg verð því að telja það skyldu mína að mæla á móti því, að lögin verði numin úr gildi, en breyta má nafni þeirra og „skalanum“, vegna breyttra kringumstæðna.

Þessi fáu orð vildi jeg hafa mælt út af þeirri almennu umkvörtun, að skattar væru ranglátir. Skattar verða altaf ranglátir; það er ómögulegt að gera skatta svo rjettláta, að ekki megi rífast um þá. Til þess að þeir yrðu rjettlátir þyrftu þeir að koma á alveg beint, og þá yrði að telja fram og meta tekjur manna. Og ef rjettlæti ætti að ná með því, yrði um leið að gera mennina að englum.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Málið er nú komið á það stig, að það er alveg útrætt, og jeg sje ekki til neins að vera að tyggja alt það upp, sem áður er komið við 1. umr. Síðan hefir málið ekki breyst, nema að því, að nefnd var sett í málið og álit hennar er komið fram.

Jeg mun því og ekki rífast við einstaka menn. Athugasemdum þeirra hefir verið svarað af oss, sem frv. erum hlyntir, bæði nú og þá.

Jeg skal að eins geta þess, að það er rangt hjá hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), eins og sýnt hefir verið fram á, að óvíða sje farið að selja fiskinn. Um þetta talaði hann stór orð. En það mun vera sannanlegt, að nálega alstaðar hafa fiskimenn og hinir smærri útgerðarmenn þegar selt fisk sinn, en stórútgerðarmenn keypt hann, eins og endrarnær. Ef lögin verða afnumin, þá er ekki rjett að segja, að landssjóði eða framleiðendum verði gróði að því; það getur varla komið til greina um landssjóð og engan veginn um framleiðendur; það eru milliliðirnir einir, sem græða. Alveg eins er um ullina; tollurinn af henni getur alls ekki komið í landssjóð. Og þá er spurningin: Vilja menn endilega láta tollinn falla milliliðunum í skaut?

En þótt ullartollurinn sje lítil upphæð, þá mundu þó flestir verða að játa, að sá tollur beri að falla til þeirra, sem best eru að honum komnir.

Rangt er það hjá hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), að ullin sje þegar seld. Jeg er hissa á því, að hann, sem sveitamaður að fornu, skuli ekki minnast þess, að ullin er flutt

í kaupstað áður en ákveðið verð er á hana komið, og oft ekki seld fyr en á sumrin, en flutt út á haustin. Þess vegna verður að hraða frv., áður en endanleg sala er um garð gengin.

Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) hefir borið blak af nefndinni út af ásökunum hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) um, að nefndin hafi borið við tímaleysi; nefndin hefir flýtt frv., af því að það verður að ganga á undan ákvörðuninni um forlög verðhækkunartollslaganna í heild, sem nú er einmitt í athugun, og það í athugun allra flokka, eftir því sem hæstv. fjármálaráðh. (B.K.) tók fram. Þess vegna eru og orð hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) að ófyrirsynju. Það er skiljanlegt og margtekið fram, að þessu frv. verður að hraða, ef það á fram að ganga, en afdrifum hinna tollanna þarf alls ekki að hraða neitt sjerstaklega.

Hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) hefir lýst yfir sinni skoðun um tekjuástand landsins. Jeg læt orð hans hlutlaus að þessu sinni. Þau hafa að nokkru leyti við talsverð rök að styðjast, þótt spurning geti verið um ýms atriði. En að sama brunni ber hjá honum og öðrum. Hjer er ekki í frv. verið að raska lögunum; þau haldast í gildi, að undan skildu þessu eina atriði.

Þórarinn Jónsson: Mjer er óljúft að taka til máls, með því að jeg átti sæti í nefndinni, og skal síst lengja umræðurnar, en get þó ekki stilt mig um að segja nokkur orð.

Umræðurnar hafa aðallega hnigið að því, hjá hverjum gróðinn mundi lenda, ef ullin væri tekin út úr. En þótt þetta sje nokkurt atriði, þá er það þó ekki aðalatriði fyrir mjer, því að jeg álít þetta litlu skifta. Jeg hefi verið algerlega á móti lögunum frá því fyrsta, af því að jeg álít þau koma ranglega niður, ekki eingöngu í þessu atriði, heldur yfirleitt. Jeg vil og taka til dæmis það atriði, að tollurinn af öllum þeim vörum, sem keyptar eru og ekki eru sendar út úr landinu, lendir í höndum kaupmanna eða kaupfjelaga. Ef t. d. bláfátækur sjómaður klípur af afla sínum fyrir bráðnauðsynlegustu lífsnauðsynjar, þá tekur kaupmaðurinn hann með niðursettu verði fyrir útflutningsgjaldinu. Nú verkar kaupmaðurinn fiskinn og selur hann svo aftur sama manni fyrir það verð, sem hann getur fengið fyrir hann í útlöndum. Er nokkurt rjettlæti í þessu?

Hv. þm. Dala. (B. J.) bar í vetur upp frv. um að afnema lögin, og greiddi jeg því þá atkvæði; því er jeg og nú samþykkur brtt., en af því að jeg er í nefndinni og það má telja upplýst, að ef málinu er ekki hraðað, tapist skatturinn, þá hefir það gert það að verkum, að mjer er nær að leyfa lögunum að lifa aldur sinn, en ekki hefði jeg gert það, ef ekki stæði í nál., að öll nefndin væri samþykk því, að lögin falli á sínum tíma, sbr. orðin: „Var það þegar samhljóða álit hennar, að þessi lög gætu ekki undir neinum atvikum framlengst í sömu mynd sem þau eru nú í . .“, þá líklega neyðist jeg til þess að vera á móti brtt. hv. þm. Dala. (B. J.), en ekki þó nema í þeirri fullu vissu, að þau lifi ekki lengur.

Ýms atriði hafa komið fram, sem þegar hefir verið svarað og jeg get slept, en eitt atriði í ræðu hv. fjármálaráðh. (B.K.) get jeg ekki leitt hjá mjer, sem sje þau orð hans, að eitthvað þyrfti að setja í staðinn. Hvers vegna lagði þá stjórnin ekki fyrir frv. um framlenging þessa skatts, fyrst að hún ætlast til þess, að hann standi? Nú hefir hún ekki gert það, og jeg tel vafasamt, að búast megi við því, að einstakir þm. geri það.

Það má segja, að allir skattar sjeu ranglátir. En tvímælalaust hlýtur að mega finna einhverja sanngjarnari leið, því að þessi er altaf ósanngjörn, af því að hún kemur ójafnt niður.

Jörundur Brynjólfsson: Að eins örstutt athugasemd.

Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) þóttist ekki skilja afstöðu mína, þar sem jeg sagðist ekki vera með því að afnema ullartollinn, og færði til, að bændur munaði ekki um upphæðina og landssjóð ekki heldur.

Jeg vona, að hinn hv. þm. hafi tekið eftir því, að jeg vildi ekki láta taka út úr eina vörutegundina af þeim, sem þar eru; það væri ósanngjarnt. Jeg sýndi með tölum, hvað einn einstakan meðalbónda munaði þetta, og sýndi, að það gæti engan dregið. Það er formlega rangt að afnema ullarverðhækkunartollinn, en láta hina alla standa. En landssjóð getur munað miklu, ef allur tollurinn er afnuminn. Þá tapar hann miklu fje. Það vil jeg ekki, því að alls var þessi tollur í fyrra á 6. hundrað þúsund krónur.

Nú vona jeg, að hv. þingm. sje skiljanleg afstaða mín til þessa máls. Jeg hefi litið offljótlega á brtt. hv. þm. Dala. (B. J.), og ekki tekið eftir, að hún er brtt. Nú er jeg á móti afnámi alls verðhækkunartollsins, svo að jeg er í klemmu, með því að jeg veit ekki örlög brtt. En mun þó ráðast í að vera á móti hvorutveggju, í því trausti, að hvorki brtt. nje frumvarpið verði samþykt. Vona jeg, að þm. verði ekki svo ósanngjarnir að afnema að eins tollinn á ullinni.

Það er ekkert heldur, sem mælir með því.

Það er venjulega um mánaðamótin júní og júlí, sem vorkauptíð stendur yfir, eða í síðasta lagi um miðjan júlí. Það er því alveg áreiðanlegt, að þótt þetta frv. verði samþykt hjer strax, þá verða bændur búnir að flytja ull sína í kaupstað. (G. Sv.: Það gerir ekkert til). Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að oft væri dráttur á, að kveðið væri upp ullarverð, ef dráttur væri á því utanlands frá, en svo er ekki nú, því að ullarsala er bönnuð til Norðurlanda og fyrirfram ákveðið verð, sem Englendingar gefa fyrir hana og kaupmenn hljóta að miða við verð sitt. (G. Sv.: Nema einhver breyting verði á). Jeg tel því best, að verðhækkunargjald verði greitt af þessa árs framleiðslu, hvort sem hún er flutt út fyrir 17. sept. eða ekki, og þá þarf að framlengja lögin. Það er vitanlegt, að ef semja á lög um líkt efni fyrir næsta ár, þá þarf nýjan grundvöll vegna breyttra kringumstæðna og kostnaðar. Jeg get ómögulega sjeð, að neitt mæli með að taka einn lið út úr. Það er ómótmælanlegt, að það er bændum engin greiði, því að hvað munar þá um 3, 4, 5 eða 6 krónur?

Einar Jónsson: Jeg skal ekki tefja umræðurnar lengi. Hæstv. fjármálaráðh. (B.K.) sagði, að grundvöllurinn fyrir verðhækkunartollslögunum væri horfinn, en það yrði samt að leggja á framleiðsluna og framleiðendur. Jeg hygg nú, að það mætti leggja á fleiri, t. d. bæði kaupmenn og ráðherra, því að jeg sje ekki, að það sje rjett að skattleggja að eins framleiðendur, en sleppa öllum öðrum. Mjer er það ekkert kappsmál, hvort lögin verða afnumin eða ekki, en vil þó benda á, að öðru máli er að gegna um ull en fisk, því að hann er að mestu leyti þegar seldur. Hjer er ólíku saman að jafna. Fiskinn þurfa menn ekki endilega að selja út úr landinu, því að hann má þó altaf eta, en ullina verða bændur að selja. Fiskinn má líka altaf geyma, en ull miklu síður. Þegar talað er um, að verðhækkunartollurinn hafi numið rúmum 500000 kr. síðasta ár, þá er ekki við það að miða nú, því að nú seljast hross ekki, ull og fl. er í lægra verði og tollurinn hlýtur því að lækka. Hv. 1. þm. Reykv. (J.B.) sagði, að bændur munaði ekki um ullartollinn, en aðra munar þá ekki heldur um hann. Það hefir þegar verið bent á, af hv. flm., að mikið af mismuninum hlýtur að lenda í

vasa milliliða, og væri þó rjettara, að eigendurnir hefðu hann. Það hefir ekki verið tekið tillit til kaupfjelaganna; þar hlýtur þó mismunurinn að lenda hjá framleiðendum, hvort sem lögin verða afnumin eða ekki, en ef ullin er seld til kaupmanna, græða þeir hann. Jeg ætla ekki að fara út í það, hvort rjett sje að afnema verðhækkunartollinn eða ekki, en álít þó varlegra að athuga það vel, áður en það verður afráðið.

Af því að jeg á sjálfur ull og á því hjer hlut að máli, ætla jeg að biðja hæstv. forseta að fría mig frá að greiða atkvæði. (B. J.: Það dugir ekki; ullin er svo lítil).

ATKVGR.
Brtt. 51 feld með 15: 3 atkv.
1. gr. samþ. — 17: 4 —
2. gr. — í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15: 3 atkv.

Á 10. fundi í Nd., laugardaginn 14. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 36.).

Matthías Ólafsson: Jeg vildi ekki láta þetta mál fara svo hjer út úr deildinni, að jeg skýrði ekki áður afstöðu mína til þess. Jeg gerði það lítillega við fyrri umræður, en álít rjett að vekja athygli á, að það er alls ekki rjett, að búið sje að tvítolla ullina. Lögin gengu í gildi 16. september 1915, og þá var búið að selja alla ull og meiri hluti hennar fluttur út. Tollurinn hefir því lent á útflytjendunum og þó að eins að litlu leyti, en ekki framleiðendunum. Því er engin ástæða til að ljetta þessum tolli af, heldur hefði þessi ullartollur átt að bíða, uns lögin öll eru úr gildi. Það er líka æði óviðkunnanlegt að taka eina vörutegund undan, og það því fremur, sem þessi litli tollur munar einstaklingana svo að segja engu, en getur þó munað landssjóð nokkru, er hann kemur saman. Öll upphæðin samanlögð er þó á við laun handa einum hæst launaða embættismanni landsins. Jeg tel afaróheppilegt að taka þessa vöru fram yfir aðrar. Þess ber líka að gæta, að sennilega mun það verða ofan á að nema öll verðhækkunartollslögin úr gildi, og þá gat þetta vel beðið. Sjerstaklega hefi jeg þó haft á móti þessu frv. af því, að mín skoðun er, að verðhækkunartollslögin eigi að haldast öll, en að eins breyta þeim, hækka lágmarksverðið, þar sem framleiðsla er svo dýr, en láta þau svo haldast í gildi, þar til styrjöldin er á enda. Jeg tel sem sje heppilegra að leggja skatta á framleiðslu en neyslu. Jeg held, að framleiðendur sjeu færari að bera gjaldbyrðar en þeir, sem flesta líkami hafa að klæða og flesta maga að seðja.

Mjer er það því „princip“-mál, að lögin sjeu ekki afnumin, og sjerstaklega þykir mjer leitt, að þetta frv. sje samþ., þar sem um svo nauðalítið gjald er að ræða. Verði þetta frv. samþ. hjer í deildinni, sje jeg ekki annað en best sje að nema burt úr málinu máltækið: „Bóndi er bústólpi, bú er landstólpi“. Því að nú sýnist mjer bústólpinn hafa gengið best fram í því að velta af sjer hverri byrði, hversu ljett sem verið hefir, sem á hann hefir átt að leggja, til sameiginlegra þarfa þjóðfjelagsins, en jafnframt reynt að smeygja henni á aðra Það er hart að þurfa að setja von sína til Ed., en það er eina vonin, að hún felli frv., því að hjer í hv. Nd. ræður í þessu máli auðsæ hlutdrægni og smásálarskapur.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg hugði, að eigi mundi álitin þörf á frekari umr. um þetta mál. Mjer virtist hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) geta látið sjer nægja þá staðlausu stafi, er hann hafði áður haft um málið,

við fyrri umræður. En hann heldur upptéknum hætti og mun sjálfsagt halda áfram að velta sjer yfir það, sem hjer er fram flutt í deildinni af hálfu landbúnaðarins. Hann leyfði sjer að lýsa það rangt, að búið væri að tvítolla ullina. (**M. Ó.**: Það *er* rangt!) Er síst að furða, þótt hann segi þetta, er hann ber það fram hjer í deildinni, að ekkert sje búið að selja af fiski til „spekulanta", þótt hver heilvita maður viti, að mestallan fisk á Suðurnesjum og víðar er þegar búið að selja, að vanda. Með þessu hefir hann sýnt, að hann fer annaðhvort vísvitandi með rangt mál, eða þekkir ekki það, sem hann stöðu sinnar vegna á að þekkja og þykist þekkja. Sje svo, þá furðar mig ekki, þótt hann sje gersamlega óvitandi um alt það, er hann á ekki beint að fást við.

Hinn hv. þm. hlýtur að vita, að 1915 var ullin ekki flutt út að neinu ráði fyr en búið var að leggja á hana útflutningstollinn. Og væntanlega veit þessi hv. þm., að tollurinn er ekki tekinn fyr en um leið og flutt er út.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að deila út af illgjarnlegum ummælum hins hv. þm. í garð fulltrúa landbúnaðarins. Þar ber alt að sama brunni, og jeg vænti þess, að sama mark verði tekið á orðum hans í því efni og áður.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 9. fundi í Ed., mánudaginn 16. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 16., 16. sept. 1915, um bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum, íslenskum afurðum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 82).

Á 10. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (**S. J.**): Jeg legg til, að frv. þessu sje, að lokinni þessari umr., vísað til landbúnaðarnefndar.

Magnús Torfason: Jeg sje ekki betur en að þessi lög sjeu algerlega óþörf. Við getum víst gert ráð fyrir því, að það verði ekkert flutt út af ull fyr en eftir 16. sept., en þá eru verðhækkunartollslögin fallin úr gildi, nema því að eins, að þau verði framlengd, og enn hefir engin tillaga komið fram hjer á þingi um að framlengja þau lög. Hvað sem framlengingunni líður, þá finst mjer nóg, að hv. Nd. hefir samþ. það með 15:4 atkv. að nema þessa liði úr gildi, því að þótt verðhækkunartollslögin yrðu framlengd að einhverju leyti, þá kemur aldrei til þess, að þessir liðir haldi lífi; jeg byggi auðvitað á því, að hv. Nd. þm. greiði eins atkvæði í aðalmálinu, þar sem liðirnir koma fyrir, eins og þar sem um þá er að ræða í sjerstöku frv.

Jeg sje því ekki ástæðu til, að frv. þetta nái samþykki. Landbúnaðinum verður ekki íþyngt, þótt frv. þetta nái ekki fram að ganga. Það mun þegar vera ákveðið, hvert verð landbændur fá fyrir ull sína, og kaupendur ullarinnar geta reitt sig á það, er þegar hefir gerst í þessu máli.

Annars stendur mjer á sama um verðhækkunartollinn af ullinni. Úr því að sjávarútvegurinn hefir greitt 94% af verðhækkunartollinum, veit jeg, að hann mundi ekki hafa talið eftir sjer að greiða hin 6% líka. Óneitanlega hefði það verið skemtilegast frásagnar.

Magnús Kristjánsson: Jeg get rann-

ar að mestu slept því að tala um þetta mál, með því að hv. þm. Ísaf. (M. T.) hefir að mestu tekið það fram, sem jeg vildi sagt hafa.

Jeg hafði ekkert tækifæri til að hlusta á umr. um mál þetta í hv. Nd., og get því ekki borið um, hverjar ástæður hafa verið færðar fyrir frv. og á hverju það byggist, að þessi sjerstaka vörutegund er tekin burt úr verðhækkunartollslögunum. Í greinargerð þeirri, er fylgdi frv., get jeg ekki sagt, að nein ástæða sje færð fyrir því.

Ár það, er verðhækkunartollslögin komu í gildi, var enginn tollur greiddur af þessari vöru, eða að minsta kosti er það víst, að framleiðendur sjálfir þurftu ekki að greiða hann. Það er með öðrum orðum, að þessi vörutegund hefir ekki verið tolluð nema í 1 ár, þar sem aðrar vörur hafa verið tollaðar í tvö ár. Og ekki getur það verið ástæða til að nema tollinn úr gildi.

Upphæð sú, er hjer ræðir um, er svo lítil, að hvorki dregur hún landssjóð nje greiðendur. Hvað það snertir er málið mjög lítilfjörlegt. En jeg lít svo á, að frv. sje ekki rjettmætt vegna þess, að það er ekki enn kominn tími til að dæma um það, hvort verðhækkunartollslögin eigi að standa eða falla.

Jeg lít svo á, að jafnvel þótt það lægi í augum uppi, að grundvöllur sá, sem þetta gjald er bygt á, væri gerbreyttur, þá sje ekki sjálfsagt, að lögin eigi að falla niður nú, heldur álít jeg rjettara að breyta grundvellinum þannig, að hann hækkaði að sama skapi og framleiðslukostnaðurinn hefir hækkað.

Það mætti má ske búast við því, að tekjurnar yrðu litlar á þessu ári, en það vakir fyrir mjer, að það sje ei til vill óhyggilegt að nema lögin alveg úr gildi, því að jeg álít, að þegar stríðið er úti, þá geti þessi lög átt vel við. Þá koma líklega 1—2 góðæri fyrir framleiðendur, og þeir verða þá líklega sjerstaklega vel færir til að inna þetta gjald af hendi, og þá væri rjett að breyta aftur grundvellinum.

Jeg sje enga ástæðu til þess að tefja tíma þingsins með þessu frv. En annaðhvort verðum við að framlengja verðhækkunartollslögin eða að endurskoða tekjuskattslögin, því að þau eru óumþráttanlega rjettir gjaldstofnar.

Eggert Pálsson: Mig furðar það stórlega, að hv. formælendur sjávarútvegsins skuli hafa fundið ástæðu til þess, hver á fætur öðrum, að standa upp til þess að ráðast á þetta litla frv. og sennilega eyða miklu meira fje til þess en hjer er um að ræða, að landssjóður gæti mist af, þótt frv. væri orðalaust samþ.

Hv. þm. Ísf. (M. T.) tók það fram, að frv. þetta væri óþarft vegna þess, að engin ull mundi verða flutt út fyr en eftir 16. sept. í haust, að verðhækkunartollslögin eru fallin úr gildi.

En ef svo er, þá sjá allir, að þetta frv. er afarmeinlaust, því að þá gefur ullin hvort sem er engar tekjur í landssjóðinn, þótt hún haldi áfram að vera tollskyld á pappírnum. Það er því ekki hundrað í hættunni, þótt frv. sje samþykt. Það sjá allir.

Hv. þm. Ak. (M. K.) vildi aftur á móti láta framlengja verðhækkunartollslögin, sem falla af sjálfu sjer úr gildi 16. sept., ef þau eru ekki endurnýjuð, og vildi af þeirri ástæðu láta fella þetta frv. En það vita allir og viðurkenna, að ef endurnýja á lögin, þá þarf að gagnskoða þau rækilega, svo að það yrðu þá algerlega ný lög, er kæmu fram. Frá því sjónarmiði skoðað virðist mjer því engin þörf á að halda þessum skatti nú, er allir viðurkenna, að enga praktiska þýðingu hafi.

Að svo vöxnu máli skal jeg ekki mæla frekar með frv. þessu eða þrátta um það,

en mjer finst það bæði eðlilegt og skylt að vísa málinu til nefndar; en verði því vísað til nefndar, þá á það ekki að vera til landbúnaðarnefndar, heldur fjárhagsnefndar, því að málið snertir mest fjárhag landsins. Jeg vil því leyfa mjer að leggja til, að málinu sje vísað til fjárhagsnefndar að þessari umræðu lokinni, enda á það þar heima samkvæmt þingsköpum, þar eð fjárhagsnefnd Nd. hefir áður um það fjallað.

Magnús Kristjánsson: Mig furðaði stórum á því, þegar hv. 1. þm. Rang (E.P.) var að tala um það, að það kostaði meira að minnast á þetta mál en þessi blessaði ullartollur nemur. (**E. P.:** Ef engin ull flyst út!). Það eru nokkuð miklar öfgar.

Það er eitt og hið sama að framlengja ekki verðhækkunartollslögin og að nema þau úr gildi, en jeg tel, að það væri vanhugsað og fljótfærnislegt að framlengja þau ekki. Annars gaf ræða hv. 1. þm. Rang. (E P.) ekkert tilefni til svars, en jeg skal geta þess, að jeg er alls ekki svo espinn, að halda því fram, að frv. sje drepið strax. Það má gjarnan fara til nefndar. Þeim mun lengur sem frv. er skoðað, því ljósara hlýtur það öllum að vera, að það á ekki fram að ganga.

Sigurður Eggerz: Það er að eins örstutt athugasemd sem jeg vildi gera. Jeg vil mæla með, að frv. sje vísað til nefndar. Mjer er kunnugt um, að hv. Nd. hefir mikið rætt málið, og þótt ekki væri nema af kurteisi við hv. Nd., er rjett að vísa því til nefndar.

Hv. þm. Ak. (M.K.) mintist á verðhækkunartollinn, og vildi jeg þá að eins vísa til þess, er jeg hefi áður tekið fram, að jeg álít verðhækkunartollinn einhvern vitlausasta tollinn, sem til er á landi hjer, og því beri að afnema hann. Jeg hefi áður fært rök fyrir því, að það á helst enginn tollur að vera á sjálfri framleiðslunni.

Þessi mótmæli vildi jeg koma fram með gegn verðhækkunartollinum, úr því að um hann var rætt.

Magnús Torfason: Jeg vil að eins taka það fram, skýrar en hjer hefir verið gert, að ef verðhækkunartollslögin verða framlengd, þá er sjálfsagt að láta þetta atriði bíða þess tíma. Og er jeg hissa á því, að þetta eina atriði skyldi vera tekið til endurskoðunar í hv. Nd., en ekki einu orði vikið að því, hvað menn hygðu að gera við önnur atriði verðhækkunartollslaganna.

Guðjón Guðlaugsson: Mjer skilst, að tilgangur frumvarps þessa sje sá, að reyna að koma í veg fyrir það, að kaupmenn og kaupfjelög landsins geti lagt á ullarframleiðendur tolla, sem þeir á síðan greiða aldrei til landssjóðsins.

Allir vita, að ull er fyrsta landbúnarvaran, sem lögð er inn í verslanirnar að vorinu, og einmitt nú eru kaupmenn um land alt að taka á móti ull. Það er því augljóst, að með því að ganga út frá verðhækkunartolli, sem er í gildi, að seljendur þurfa að greiða tollinn, en kaupmenn þurfa aldrei að greiða hann, ef þeir flytja ekki ullina út fyr en hann er numinn úr gildi.

En frv. vill koma í veg fyrir, að verslunarstjett landsins geti þetta, og má segja, að það sje rjettlátt og heiðarlegt, því að það er líklegt, að engin ull verði flutt út fyr en eftir þann tíma, er tollurinn er fallinn úr gildi.

Þetta yrði því að eins skaði fyrir seljendur og ranglátur ábati fyrir kaupmennina, ef frv. yrði felt. Um verðhækkunartollslögin er það að segja, að jeg var ekki á þingi þegar hann var samþyktur, en

jeg verð að játa það, að mjer fundust þau vera allra laga sanngjörnust á sínum tíma. En nú hefir allur grundvöllurinn undir þeim raskast svo, að sjálfsagt virðist að láta þau nú sofna út af, eins og til var ætlast í upphafi, og framlengja þau ekki.

Jeg veit ekki, hvort nokkuð hefir verið hugsað fyrir, hvernig hentast muni að ná þessum tekjum, sem missast við afnám laganna, en ekki virðist eiga illa við að taka lán í þessu skyni, svo að útgjöldin flyttust á nokkur ár.

Annars virðist mjer það mikil ókurteisi við háttv. Nd., ef frv. yrði nú drepið, þegar við fyrstu umræðu. Frv. fjekk talsverðan meiri hluta í hv. Nd., og mætti því ekki minna vera en að það væri sett í nefnd hjer í þessari hv. deild, því að, hvað sem öðru líður, getur það ekki gert neinn skaða, þótt frv. yrði samþykt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10: 4 atkv., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1602) með 10 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., föstudaginn 3. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A., 82, n. 233).

Frsm. meiri hl. (Halldór Steinsson): Meiri hluti nefndarinnar hefir ekki getað fallist á, að þetta frv. sje rjettmætt eða að það muni koma að tilætluðum notum. Hann hefir að vísu kannast við, að verðhækkunartollslögin sjeu ekki allskostar heilbrigð, eins og nú hagar til, en honum skilst svo, sem óheilbrigðara sje að undanskilja einstaka vörutegundir og koma þannig misrjetti á milli atvinnugreinanna.

Jeg geng að því vísu, að þeir menn, sem fluttu þetta frv. inn á þingið, hafi búist við, að þeir mundu með því ljetta einhverri stórbyrði af landbúnaðinum. En jeg hygg, að þeir hafi ekki gert sjer nægilega ljóst, um hve mikið smáræði var hjer að ræða, og hvað bændur munaði afarlítið um eftirgjöf á þessu gjaldi. Tollurinn mundi nema einum eyri af pundi, eftir því ullarverði, sem nú er. Bóndi, sem ætti 200 pund af ull, mundi því losna við 2 krónu gjald af þessum 300 krónum, sem hann fengi fyrir ullina. Og jeg verð líka að segja bændum hjer í þinginu það til hróss, að þeir hafa ekki flutt þetta frumvarp inn á þingið og hafa ekki lagt neitt sjerstakt kapp á, að það næði fram að ganga, þó að þeim hafi ekki þótt taka því að vera á móti því. En nú er annað aðalatriðið í þessu máli, sem jeg verð að minnast á. Frumvarpið mundi alls ekki ná tilgangi sínum, þó að það yrði samþykt, þeim tilgangi sem sje, að ljetta tollinum af bændum og sporna við því, að kaupmenn geti stungið honum í sinn vasa. Margir kaupmenn eru búnir að kaupa ull, og þeir þekkja verðhækkunartollslögin eins vel og við, sem sitjum í þessari hv. deild, og vita, að þau falla úr gildi 16. sept. í haust. Sumir kaupmenn hafa ef til vill tekið tillit til tollsins, þegar þeir ákváðu verð á ullinni. Jeg segi ef til vill, því að flestir kaupmenn munu ætla sjer svo ríflegan gróða, að lítlu skiftir fyrir þá, hvort hann er $^1/_2$ % meiri eða minni. En hinir munu fleiri, sem alls ekki hafa búist við að koma ullinni frá sjer fyrir 16. september, og því hafa ekkert tillit tekið til tollsins.

Jeg var þegar sannfærður um, er þetta frv. kom fram, að það mundi ekki koma að tilætluðum notum, en þó að það sje gagnslaust, þá er naumast hægt að segja, að það sje meinlaust. Það er ekki meinlaust, sökum þess, hve mikið misrjetti kemur fram í því á milli atvinnugreinanna.

Jeg vona því, að hv. deild fallist á tillögu meiri hluta nefndarinnar um að fella þetta frumvarp.

Frsm. minni hl. (Sigurður Eggerz): Þetta frv. hefir gengið í gegnum sannkallaðan hreinsunareld í hv. neðri deild. Jeg hefi heyrt sagt, að 50 ræður hafi verið fluttar um það þar. En þó að jeg játi, að það sje tæplega svo mikilsvert, að ástæða sje til að ræða svo mikið um það, þá hygg jeg, að sjálfsagt sje að lofa því að ná að ganga fram. Landssjóður missir engar tekjur við það, því að telja má víst, að engin ull verði flutt úr landi fyr en eftir 16. september, þegar verðhækkunartollslögin verða numin úr gildi. Það er þess vegna öldungis ástæðulaust að fella frv. Enda kom það skýrt fram við umræðurnar í hv. neðri deild, og jeg get þess einnig í nefndaráliti mínu, að tilgangurinn með frv. er sá einn, að ljetta lítilsháttar af bændum. Frumvarpið yrði til þess, að kaupmennirnir gætu ekki tekið verðhækkunartollinn til greina, þegar þeir ákvæðu verðið á ullinni. Fje það, sem hjer er um að ræða, er ekki mikið. Mun láta nærri 7000 krónum. Og jeg sje ekki annað en að það sje nokkuð meinlítið, þó að bændur fengju þennan litla hag, sem annars rynni í vasa kaupmanna.

Hv. framsögumaður meiri hluta nefndarinnar (H.St.) mintist á það, að misrjetti mætti ekki eiga sjer stað í afskiftum þingsins af atvinnuvegum landsmanna. Jeg er honum fyllilega samdóma um þetta, og þykist hafa sýnt það frá því er jeg kom fyrst á þing, að jeg hafi leitast við að taka sem jafnast tillit til beggja aðalatvinnuvega landsins. Enda væri þá mjög illa farið, ef þess væri ekki vandlega gætt. Og jeg barðist einmitt, samkvæmt þessum skoðunum mínum, á móti verðhækkunartollslögunum, þegar þau komu fyrst fyrir þingið, vegna þess, að jeg tel það algerlega rangt að leggja skatta á framleiðsluna sjálfa. Það er sama sem að lama sjálfar líftaugar þjóðarinnar. En ef atvinnuvegirnir fá að blómgast, þá er hins vegar mjög hægt að ná sjer niðri, þar sem um einhvern verulegan gróða er að ræða.

Að því er snertir tollinn af fiski þá eru kaupmennirnir nú búnir að kaupa allan fisk og hafa þegar tekið verðhækkunartollinn til greina, svo að ástæðulaust er að nema lögin úr gildi að því er fiskinn snertir, sjerstaklega þar sem þeir hafa grætt feiknalega mikið. Þeim er því enginn órjettur ger, og sjávarútvegurinn stendur nákvæmlega jafnóhöllum fæti, þó að þetta frv. verði samþykt.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg held, að það hafi verið nokkuð fljótfærnislega ályktað hjá hv. meiri hluta nefndarinnar, að það komi ekki framleiðendunum til góða, ef þetta frv. verður samþykt. Ef svo væri, hefði misskilningurinn verið æði hrapallegur hjá hv. neðri deild, er hún samþykti frv. Tilgangurinn var sá með frv. að hindra millihandagróða, sem annars hefði átt sjer stað. Kaupmenn græða ef frv. verður felt, en bændur tapa við það. Kaupmenn taka tillit til verðhækkunartollsins við verðið á ullinni. Svo yrði reyndar ekki um alla ull, því að samvinnufjelögin miða reikningsverð ullarinnar við sölu hennar, að frá dregnum fjelagslegum tilkostnaði. Þetta mundi þó verða mörgum framleiðendum til góða, þó að upphæðin sje að vísu ekki stór, sem um er að ræða.

Hv. framsögumaður (H.St.) sagði, að kaupmenn mundu ætla sjer svo ríflegan gróða af vöru þeirri, er þeir versluðu með, að þessa tolls mundi gæta næsta lítið við verðlagið á ullinni. Jeg held ekki, að þetta sje allskostar rjett. Það hefir verið stefnt að því að undanförnu, af hálfu kaupmanna, með ullina, að finna sem rjettast

verð, miðað við markaðsverð og kostnað allan. Jeg hygg því, að engin ástæða sje til að ætla annað en að frv. muni ná tilgangi sínum og að bændur muni hafa talsverðan hag af því. Og nú er nýtt frv. væntanlegt um breytingar á verðhækkunartollslögunum, og færi því best á, að þetta frv. fengi að ganga til 3. umr., en frekari aldrif þess færu þá eftir þeirri stefnu, sem tekin yrði með þessu nýja frumvarpi.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg ætla að eins að segja örfá orð, enda mun fara best á því, því að eftir skýrslu hv. 2. landsk. þm. (S. E.) er þetta 54. ræðan um þetta mál.

Jeg mintist lítillega á þetta mál við 1. umr. þess, og taldi mig heldur fylgjandi frv., þó að jeg áliti það í raun og veru bæði meinlaust og gagnslaust. En þó að málið hafi horft svo við þá, þá álít jeg engu síður rjett að fella frv. núna, eða að minsta kosti er alveg ástæðulaust að vera að ræða það frekar. Aðalatriðið fyrir mjer sem fulltrúa bænda, því að þannig er mjer ljúfast að líta á mig, er það, að þeir geri sig ekki svo smáa, að vera að vera að fylgja því fram, sem enga þýðingu hefir fyrir framleiðendurna sjálfa. Frumvarpið var borið fram í góðum tilgangi, og ef til vill hefði orðið eitthvert gagn að því, hefði það verið gert að lögum þegar í þingbyrjun, en nú er sú ástæða, sem þá var fyrir hendi, algerlega dottin úr sögunni. Og jeg get getið þess, að jeg hefi átt tal um þetta við aðalflutningsmann frumvarpsins í hv. neðri deild (G. Sv.), og var hann nákvæmlega sömu skoðunar og taldi engan hag að því, að frv. yrði samþykt, úr því að það hefði dregist svona lengi.

Jeg mun því styðja að því, að frv. verði felt, því að mjer finst það naumast sómasamlegt fyrir fulltrúa bænda að stuðla að neinu, sem virðast mætti sem bending um, að þingið vildi beita hlutdrægni við annan aðalatvinnuveg landsins.

Frsm. meiri hl. (Halldór Steinsson): Mig furðar á því, hvað hv. 2. landsk. þm. (S. E.) er sljóskygn í jafnglöggu máli. Hv. þm. virðist ekki geta sjeð neitt misrjetti í þessu frv., sem þó liggur í augum uppi. Honum finst öðru máli að gegna um fiskinn, því að verð á honum sje þegar ákveðið. Þetta er þó eigi alveg rjett. Mikið af fiskinum er óselt enn og jeg hygg, að ekki verði tekið tillit til tollsins, er verð á honum verður ákveðið, þar sem kaupmenn búast ekki við því að geta sent hann út úr landinu fyrir 16. sept. næstkomandi.

Hv. þm. (S. E.) segir í áliti minni hlutans á þgskj. 233:

„Minni hlutinn telur rjett, að frv. verði samþykt, enda bíði landssjóður engan tekjuhalla við það, þar sem fyrirsjáanlegt er, að ull verður ekki flutt út fyrir 16. september næstk., en þá eru verðhækkunartollslögin úr gildi. Tilgangur frumvarpsins er því að eins að koma í veg fyrir, að kaupmenn og kaupfjelög taki tollinn til greina, er þau ákveða ullarverðið, svo að bændur fái minna verð fyrir ullina.

Með þessu frumvarpi er því á engan hátt hallað jafnvæginu, sem á að vera á milli atvinnuveganna".

En í fyrri málsgreininni sjest ekkert, er hægt sje að draga þá ályktun af.

Hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) kvaðst styðja álit minni hlutans og hugði, að það myndi verða hagur fyrir bændur, ef frv. næði fram að ganga. Jeg þóttist hafa sýnt fram á það með rökum, að hjer gæti ekki verið um neinn hagnað að ræða. Hæstv. atvinnumálaráðh. hlýtur að vera kunnugt um það, að flestir kaupmenn hafa ekki búist við að geta flutt út ull sína fyrir 16. sept. og hafa því alls ekki tekið tillit til verðhækkunartollsins.

Hæstv. ráðh. (S. J.) kvað rjett að leyfa frv. að ganga til 3. umr., með því að annað

frv. um verðhækkunartoll væri á ferðinni. Mjer er ekki kunnugt um, að neitt slíkt frv. liggi fyrir þinginu. Aftur á móti liggur fyrir frv. um framlenging vörutollslaganna. Það er ástæðulaust að láta þetta frv. ganga lengra, að eins til að tefja tímann.

Frsm. minni hl. (Sigurður Eggerz): Jeg verð að halda fast við það, er jeg sagði áðan. Í raun og veru er ekki hallað jafnvæginu milli landbúnaðar og sjávarútvegs með frv. þessu, og á jeg þar við allan fjölda þeirra manna, er þá atvinnu stunda. Það er ekkert misrjetti gagnvart öllum fjölda þeirra manna, er sjávarútveg stunda, þó að afnuminn sje verðhækkunartollurinn á ull. Fiskurinn er þegar seldur, og græða framleiðendur ekkert á því, þótt verðhækkunartollurinn á honum sje ekki afnuminn. Öðru máli er að gegna um ullina. Hún er að miklu leyti óseld og ullarverð ekki enn fastákveðið. Það væri því smáhagur fyrir bændur, yrði frv. samþykt. En ef hægt er að sýna fram á það, að ekki sje búið að taka tillit til verðhækkunartolls á afurðum sjávarútvegsins, þá vildi jeg helst, að öll þessi vitlausu verðhækkunartollslög væru feld úr gildi.

Þar sem jeg vil leggja áherslu á það, að frv. þetta verði samþykt, er það ekki einungis vegna þess smáhagnaðar, er bændur geta haft af því, heldur vakir annað fyrir mjer. Verði þetta frv. samþykt, væru verðhækkunartollslögin úr sögunni og þessi atvinnumáladraugur þar með kveðinn niður. Og því fremur er mjer ant um frv., sem jeg heyri hv. atvinnumálaráðherra skýra frá, að ný verðhækkunartollssuða sje á ferðinni. Jeg vil sem fyrst kveða niður þessi óviturlegu lög, sem öllum er illa við. Öll þjóðin er þeim andvíg og kann þinginu 1915 sannarlega engar þakkir fyrir að hafa samþykt þau.

Magnús Kristjánsson: Jeg finn ástæðu til að taka til máls, vegna þess, að nú er farið að ræða verðhækkunartollslögin í heild sinni.

Jeg er ekki sammála minni hluta, er hann gengur út frá því, að verðhækkunartollslögin muni verða numin úr gildi á þessu þingi. Jeg geri ráð fyrir, að það verði ekki. Það er því meiri ástæða að segja nokkur orð, þar sem hv. 2. landsk. (S. E.) hefir viðhaft bæði sterk og óviðeigandi orð, svo sem: „Þessi atvinnumáladraugur . . . . . , þessi óviturlegu lög, sem öllum er illa við . . . .“ Jeg leyfi mjer að mótmæla því, að þessi ummæli sjeu á rökum bygð. Landinu hafa komið vel þær tekjur, sem því hafa hlotnast vegna þeirra laga. Mætti með sanni snúa orðum hv. þm. við og segja, að þessi lög hafi verið einhver viturlegustu. Því að þótt þau hafi ekki gefið at sjer nema eina miljón, þá hafði landið fyllilega þörf fyrir það fje. Þau hafa ekki komið þungt niður á einstökum framleiðendum, því að þegar um er að ræða að leggja á beinan framleiðsluhagnað, getur slíkt ekki skoðast sem neinn sjerlega ósanngjarn skattur, en það er svo að heyra, að hv. 2. landsk. þm. (S. E.) telji það mestu óhæfu að leggja skatt á hreinan arð, og þá fer hans skattamálastefna að verða mjer óskiljanleg.

Jeg vil sjerstaklega nefna tekjuskattslögin. Það er að eins örlítill hluti af gjaldendum, sem þau ná til. Þessi lög gera ofurlítið jafnvægi að því leyti og eru því beinlínis nauðsynleg.

Um einstök atriði frv. er það að segja, að því hefir verið haldið fram, að ekkert verði flutt út af ull fyrir 16. sept. næstk. Jeg efast um, að nokkur geti fullyrt það eða um það sagt með vissu. Mjer er nær að ætla, að eitthvað hafi þegar verið flutt út af ull.

Áhersla hefir verið lögð á það, að mikill hagnaður muni renna í vasa kaup-

manna, ef lögin fá að standa. Jeg get ekki skilið þá rökfærslu. Mikill hluti ullarinnar er alls ekki seldur kaupmönnum, og ætti hv. atvinnumálaráðherra því ekki að vera að byggja alrangar ályktanir um milliliðahagnað á þessu atriði tollaganna, sem hjer liggur fyrir. Það ætti að mega finna eitthvað annað, sem betur ætti við, til þess að koma mönnum í skilning um skaðsemi kaupmannastjettarinnar fyrir þjóðfjelagið. Kaupfjelögin flytja út mikinn hluta af ullinni, og rennur þá þetta gjald ekki úr vasa framleiðenda til kaupmanna. Það er því að eins um þann litla hluta að ræða, sem eftir væri, og er ósannað, að nokkurt verulegt tillit hafi verið tekið til tollsins við þá verðlagningu.

Hæstvirtur atvinnumálaráðherra skildi svo ummæli hv. þm. Snæf. (H. St.), að kaupmenn legðu vanalega mjög ríflegan hagnað á innlendu vöruna.

Jeg skildi orð hv. þm. öðruvísi. Reynslan hefir og sýnt það um margra ára skeið, að kaupmenn láta sjer nægja mjög lítinn hagnað af innlendri vöru, en leggja aftur meira á útlendu vöruna.

Því hefir verið haldið fram, að öðru máli væri að gegna um fiskinn. Hann sje þegar seldur stórkaupmönnum og verð hans ákveðið með tilliti til verðhækkunartollsins.

Jeg verð að mótmæla, að þetta sje rjett. Að vísu kann töluvert af fiski að vera selt hjer í Reykjavík, en slíkt á sjer alls ekki stað úti um land. Er þá sama máli að gegna um fiskinn sem um ullina, og ætti því eitt að ganga yfir báðar þessar vörutegundir. Það skiftir ekki máli, þó að gjaldið af ull sje hverfandi í sambandi við tollinn af fiski. Jeg er ekki að fárast um þessar fáu krónur, sem ullartollurinn gefur af sjer, þótt þær gengju undan, en samræmisins vegna verður sama að gilda um þetta gjald eins og annan verðhækkunartoll.

Verðhækkunartollslögin ætti að endurbæta þannig, að undirstöðuverðið væri miðað við framleiðslukostnaðinn, og vona jeg, að svo rætist úr með atvinnuvegina, að tollurinn samt sem áður gefi landinu talsverðar tekjur.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg skil ekki, hvernig hv. þm. Ak. (M. K.) getur fengið það út, að jeg hafi dregið skakka ályktun út úr forsendunum. Jeg talaði hvergi um neinn ákaflega mikinn gróða kaupmanna á ullinni. Þvert á móti. Annars vona jeg, að þingritararnir hafi náð ræðu minni, svo að menn geti sjeð það í þingtíðindunum á sínum tíma, hvort jeg hafi dregið skakkar ályktanir eða ekki, og hins vegar, hversu haldgóðan stað hv. þm. Ak. (M. K.) hefir fundið orðum sínum um þetta atriði.

Frsm. minni hl. (Sigurður Eggerz): Jeg vil enn taka fram ástæður mínar fyrir því, að jeg vil nema vörutollslögin úr gildi. Í fyrsta lagi er með þeim lagt á atvinnuvegina sjálfa, og álít jeg það rangt. Í öðru lagi er það, sem jeg tók ekki fram í fyrri ræðu minni, að það er mjög óheppilegt að hafa jafnóábyggileg skattalög. Verði engin verðhækkun, sem oftast á sjer stað í vondum árum, gefur hann landinu heldur engar tekjur. Verðhækkunartollurinn er því bæði „principielt“ ranglátur og óábyggilegur. Þegar hagur landsins stendur sem verst, er ógerningur að reiða sig á hann. Hins vegar er rjett að leggja á beinan tekjuskatt; sá skattur nær til alls stórgróða.

Jeg skal ekki þrátta um það, hvort allur fiskur sje þegar keyptur upp. En mjer hefir verið sagt, að margir hafi þegar selt allan sinn fisk eða lofað honum. Og allur sá fiskur er í höndum stórkaupmanna, er hafa grætt afskaplega mikið á honum, og þola því þennan toll mjög vel.

Það er sjálfsagt, að vaka yfir jafnvægi á milli atvinnuveganna. En hitt er líka ilt að vera ofafbrýðissamur yfir hverri krónu, sem veitt er til hvors atvinnuvegarins. Það er hvorttveggja, óholt og ógagnlegt. Því miður hefir brytt ofmikið á þessari afbrýðissemi. Hún hefir jafnvel gengið svo langt, að ef sumir menn heyra, að veittar sjeu nokkrar krónur öðrum atvinnuvegi en þeirra, þjóta þeir upp sem nöðrur. Það væri langaffarasælast, að hvor aðalatvinnuvegurinn um sig styddi hinn, og myndi þá hvortveggi blómgast.

Vil jeg svo enda 59. ræðuna, sem haldin er í þessu máli, í þeirri trú, að hún verði til þess, að málið nái fram að ganga.

Frsm meiri hl. (Halldór Steinsson): Hv. 2. landsk. þm. (S. E.) mintist á afbrýðissemi andmælenda þessa frv. gagnvart einni stjett. Jeg get ekki sjeð, að þetta nafn sje heppilegt. Jeg vil heldur gefa því annað nafn og kalla það ekki afbrýðissemi, heldur sanngirni. Sanngirni gagnvart einni stjett, að koma í veg fyrir, að hún sje misrjetti beitt.

Hv. þm. (S.E.) heldur því fram, að kaupmenn muni ekki enn hafa ákveðið ullarverð. Jeg efast um, að það sje rjett. Jeg hefi nýlega átt tal við kaupmann, sem hefir keypt tugi þúsunda kg. af ull, og kvaðst hann fyrir löngu hafa ákveðið kaupverð á ull þeirri, er hann kaupi.

Að endingu vil jeg mælast til þess, að hv. deild felli frv. við þessa umr. og láti það ekki ganga lengra.

Magnús Kristjánsson: Jeg skildi ekki vel ummæli hv. 2.landsk. þm. (S.E.) um þá menn, er altaf væru á verði og þytu upp sem nöðrur, þegar um hagsmunamál annara atvinnuvega væri að ræða en þeirra, er þeir einkanlega bæru fyrir brjósti, og sæju ofsjónum yfir velgengni annara atvinnuvega og væru afbrýðissamir. Jeg þekki alls ekki þessa menn, og þætti mjer fróðlegt að heyra nöfn nokkurra þeirra. Þetta getur ekki náð til mín, og jeg veit ekki heldur til, að það geti náð til framkomu nokkurs í þessari hv. deild. Jeg veit ekki heldur til þess, að þetta geti átt við þm. í háttv. neðri deild, að minsta kosti ekki til þeirra þm., er jeg þekki, en jeg hefi hefi ekki haft tækifæri til að kynnast ýmsum nýjum þm., og gæti þetta því að eins átt við þá. Hv. 2. landsk. þm. (S. E.) ætti að gefa skýringu á því, við hverja hann átti. Því að öðrum kosti verða þessi ummæli skoðuð sem ómerk orð.

ATKVGR.

1. gr. feld með 7: 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: S. E., S. J., E. P., G. Ó., H. Sn., K. D.

nei: G. G., H. St., H. H., Jóh. Jóh., K. E., M. K., G. B.

Einn þm. (M. T.) var fjarstaddur.

Frv. því

fallið.

---

6. Einkasala á mjólk í Reykjavík.

Á 7. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur til einkasölu á mjólk. (A. 42).

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 12. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Frv. þetta er borið fram eftir ósk kjósenda í

Rvík. Undanfarin ár hefir verið ólag á mjólkursölu hjer í bænum; einkum hefir brostið á hreinlæti. Á síðastliðnum vetri kaus bæjarstjórnin þriggja manna nefnd til að íhuga mjólkursölumálið og koma með tillögur. Nefndin hafði málið lengi til meðferðar og kom síðan fram með það frv., er jeg nú flyt hjer í deildinni. Frv. er að kalla eins og nefndin gekk frá því.

Nefndin kynti sjer útsölustaði hjer í bænum, og kom þá í ljós, að mörgum þeirra er mjög ábótavant. Heilbrigðisnefnd og heilbrigðisfulltrúi hafa oft orðið að áminna mjólkursala, en það hefir ekki komið að tilætluðum notum. Út af öllu þessu hefir mönnum virst álitlegast, að bærinn tæki sjálfur mjólkursöluna í sínar hendur, eða aflaði sjer að minsta kosti heimildar til þess.

Með leyfi hæstv. forseta skal jeg lesa hjer tvo kafla úr skýrslu nefndarinnar, sem bæjarstjórnin setti:

„Herbergið, sem mjólkin er mæld í, er óhreint og ekki loftgott, sem stafar af því, að eldhús er þar nálægt. Ekki er þar nógu bjart, og kona sú, er mjólkina mælir, óþokkalega klædd. Mjólkin mæld í lítermáli, en geymd í opnu íláti. Ýmislegt dót er í búðinni, sem ekki tilheyrir mjólkursölunni".

Enn fremur þetta:

„Í búðinni er hálfdimt og slæmt loft. Loft og veggir illa hvíttað (sic!) með kalki. Konan, sem mjólkina mælir, er ekki klædd eins og reglugerðin ákveður. Mjólkin er mæld í lítermáli, en geymd í opnu íláti".

Reglugerðin, sem nefnd er, er reglugerð um mjólkursölu hjer í bænum. — Auðvitað voru sumir mjólkursölustaðirnir góðir, en þeir voru sárafáir, og flestum þeirra var í mörgu mjög svo ábótavant. Algengast er, að verslað sje með ýmsa muni, sem eiga óskylt við sjálfa mjólkursöluna, vindla, tóbak o. fl. Einnig er mjólkin oft seld í glösum; menn sitja og reykja inni í söluherbergjunum. Sölustaðirnir eru svo margir, um 30, að eftirlitið verður hvorki nógu mikið nje gott, auk þess sem heimild brestur til, að hægt sje að bæta fyllilega úr.

Eitt er það og, sem mælir mjög með, að mjólkursalan sje dregin saman á fáa staði. Á mörgum sölustöðunum er ekkert gert til að kæla mjólkina; á sumrin verður hún því oft súr áður en hún er seld. Það ætti ekki að þurfa að hræðast, ef bærinn hefði söluna.

Hjer í bænum er mikill mjólkurskortur. Eftir því, sem alment er álitið meðal annara þjóða, þyrfti Reykjavíkurbær 2737500 lítra á ári í minsta lagi. En hingað mun ekki berast meira en 1480000 lítrar. Það vantar 1257500 lítra á, að nægileg mjólk flytjist til bæjarins. Má því nærri geta, að margur, sem mætti ekki vera án mjólkur, fær minna af henni en við sje unandi. Nú eru líka engin tök á að ráða því, hverjir fá mjólk og hverjir ekki. Þegar skortur er á mjólk, ættu sjúklingar, börn og gamalmenni vitanlega að ganga fyrir öðrum. Í frv. er og farið fram á heimild til þess, enda þá fyrst hægt að hafa nokkurt lag á því, hverjum mjólkin sje seld, þegar sölustaðirnir eru ekki mjög margir. Það má teljast algerlega óhæft, hve mikið af mjólk gengur nú til kaffi- og veitingahúsa, þegar svona mikill skortur er á mjólk, eins og nú er meðal þeirra, sem hvorki geta eða mega vera án hennar.

Jeg bið menn að skilja ekki orð mín svo, að allir mjólkursölustaðir eigi óskilið mál um óþrifnað og önnur brot á mjólkursölureglugerð bæjarins. Þeir sölustaðir eru til, sem uppfylla öll skilyrði; jeg þekki mörg heimili í Reykjavík, sem framleiða góða mjólk og fara mjög hreinlega með hana.

Þó mjólkursala af hálfu bæjarfjelaga sje

nýmæli hjer á landi, er hún ekkert nýmæli í heiminum. Í erlendum bæjum er algengt, að bæjarstjórnin hafi mjólkursöluna á hendi, og er hvorttveggja talið, að heilbrigði hafi aukist við það og íbúunum orðið hagur að.

Að síðustu vil jeg geta þess, að hjeraðslæknirinn hjer í bænum mælir eindregið með einkasölunni.

Jeg vænti, að hv. deild taki frv. vel og láti það ganga til 2. umr., og að þessari umræðu lokinni til allsherjarnefndar.

Gísli Sveinsson: Jeg skal eigi tefja tímann, en vil þó sem bæjarbúi hjer í Reykjavík, segja nokkur orð, nefndinni, sem væntanlega fær málið til meðferðar, til athugunar.

Mjer virðist, að frv. geti ekki náð fram að ganga, eins og það er, og eins og ástandið er hjer í bæ. Þm. verða að kynna sjer, hvernig ástatt er um mjólk og útvegun hennar til bæjarins.

Víst er það, að mörg mjólkurknæpan hjer er ógeðsleg. En hjer á bæði að vera til reglugerð um mjólkursölu og heilbrigðisfulltrúi, til að sjá um, að henni sje fylgt. Ef ástandið er eins slæmt og mjólkurnefndin, sem hafði þetta mál til athugunar hjá bæjarstjórn, lýsir því, þá er það eingöngu að kenna eftirlitsleysi heilbrigðisfulltrúans og heilbrigðisnefndar, og eftirgangsleysi bæjarstjórnar. Jeg sje ekki betur en að hægt væri að kippa því í lag á annan hátt en með því að lögleiða einkasölu á mjólk.

Verði einkasalan lögleidd, kemur það meðal annars, að óþörfu, niður á gömlum og góðum heimilum, sem um langan aldur hafa notið almenningshylli fyrir mjólkursölu sína. Það er eitthvað annað en að ástæða sje til að koma þessum heimilum úr sögunni. Menn ættu þvert á móti að gleðjast yfir, að þau skuli vera til.

Þá kem jeg að því, sem fyrir mjer er aðalatriðið. Jeg vil beina þeirri spurningu til hv. flm. (J. B.), hvaða gangskör bæjarstjórnin hafi gert til að tryggja það, að bænum berist nóg mjólk? Mjer er ekki vitanlegt, að nokkuð hafi verið gert til þess. Þvert á móti. Ef þetta frv. yrði samþykt, væri jeg hræddur um, að margir myndu hætta mjólkurframleiðslu. Menn myndu ekki vilja framleiða mjólk með þeim kostum, að verða svo að fá hana alla í hendur bænum eða bæjarstjórninni. Fyrir mjer er þetta aðalatriðið: Er það tryggt, að ekki dragi úr mjólkurframleiðslu handa bænum, ef einkasalan kemst á?

Einar Arnórsson: Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir tekið sumt af því fram, er jeg ætlaði að nefna. Aðalmeinið er mjólkurþurðin, og litlar líkur til, að bætt verði úr henni fyrst um sinn. Bæjarstjórnin hefir felt tilboð um sölu á kúm og landi, og ekki munu kýrnar mjólka betur eða þeim fjölga, þótt bærinn taki að sjer einkasölu á mjólkinni. Úr aðalvandræðunum verður ekki bætt með því.

Það er rjett, sem hv. flm. (J. B.) vjek að, að sleifarlag er á mjólkursölunni. En fyrst og fremst er jeg ekki viss um, að það færi af, þó að salan kæmist í hendur bæjarfjelagsins. Jeg býst ekki við, að eftirlitið verði ólastanlegt eftir það, fyrst að það hefir ekki verið það hingað til. Bæjarstjórn hefir sett reglugerð um mjólkursölu, en hingað til hefir hún víst að mörgu leyti verið dauður bókstafur, þrátt fyrir heilbrigðisfulltrúa, heilbrigðisnefnd og bæjarstjórn, og býst jeg eigi við, að það mál mundi lagast, þótt bærinn tæki einkasölu á mjólk.

Eftir því, sem hv. flm. (J. B.) sagði, hefir verið gerð gangskör að því að rannsaka mjólkursölumálið. Sú rannsókn kvað jafnvel hafa gengið svo langt, að búið sje að eyða pappír og prentsvertu í skýrslu frá rann-

sóknarnefndinni. Einstökum mönnum hefir jafnvel verið hótað að svifta þá söluleyfi sakir óhreinlætis. Þetta er nú gott og blessað, og má framkvæma það, hvort sem bænum er heimiluð einkasala eða ekki. En sje svo, að ekki sjeu lög til að taka nægilega stranglega í taumana gagnvart fólki, er sýnir hirðuleysi í þessu efni, er sjálfsagt að setja lög, er veita bæjarstjórninni heimild í þá átt. Það er verk löggjafarvaldsins. Hv. flm. (J. B.) kvað nauðsyn á, að mjólk færi ekki til annara en þeirra, er þurfa. Jeg veit, að einkasöluheimildin mundi eigi fullnægja þessari kröfu, sem jeg skal manna síðastur mótmæla. Eina ráðið væri þá líklega að úthluta mjólkurkortum eftir mannfjölda, og þá fyrst og og fremst barnafjölda. Þetta skilst mjer að mætti gera, hvort sem bærinn fengi einkasöluheimild eða ekki.

Jeg er fullkomlega samdóma hv. flm. (J. B.) um það atriði, að full þörf sje á að koma í veg fyrir, að þessari litlu mjólk, sem fæst, sje ráðstafað eins og gert er á mjólkursölustöðunum. Það er alkunna, að margir fara þar inn og neyta þar mjólkur, er þess þurfa ekki, í samanburði við börn. Svo eru það þessi blessuð kaffihús, sem margir geta verið án, er eyða mikilli mjólk, jafnvel litlu minna en mjólkursöluholurnar. Löggjafarvaldið ætti að veita bæjarstjórn heimild til að hjálpa þessu við, og er það nauðsynlegt.

En færi nú svo, að mönnum sýndist rjett að halda fram þessari stefnu um einkasöluheimild, væri rjett að athuga vel, hvort ekki væri tækt að útvega alþektum þrifnaðarheimilum undanþágu. Það er kunnugt, að hjer eru ýms heimili, er framleiða allmikla mjólk, sem jeg veit ekki til, að menn hafi neitt út á að setja. Jeg veit ekkert um hug mjólkurframleiðenda gagnvart þessu frv., en finst, að athuga þyrfti, hvort þessi heimild gæti haft þau áhrif, að mjólkurframleiðslan minkaði. Jeg álít, að við megum ekki við því hjer í Reykjavík.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg get strax svarað hv. 2. þm. Árn. (E. A.) því, að jeg teldi ekki óviðeigandi, að í lögunum væri bæjarstjórninni heimilað að veita undanþágur einstökum mönnum til 1 árs í senn. Kunnugt er, að til eru einstöku mjólkursölustaðir, sjerstaklega heimili, er fara vel og hreinlega með mjólk sína. Mjer er ekkert kappsmál að svifta þessa staði yfirráðarjetti yfir sinni mjólk. Mjer datt ekki þetta atriði í hug, fyr en eftir að frv. var farið í prentsmiðjuna, og hv. 2. þm. Árn. (E. A.) man, að jeg drap á það við hann (E. A.: Já, það er rjett). Jeg held, að eftir reglugerðinni hafi verið farið til hins ítrasta, og undanfarin reynsla sýnir, að eigi sje hægt að sjá svo um, að þeir, er helst þurfa, gangi fyrir mjólkinni, þótt ef til vill hefði mátt ganga ríkara eftir um hreinlæti. Reglugerðin veitir enga heimild til að hindra mjólkurveitingar kaffihúsa og sölustaða.

Jeg get játað það með hv. 2. þm. Árn. (E. A.), að ekki *muni kúafjöldi aukast* við það, að frv. þetta er samþykt. Það hefir víst engum dottið í hug. En jeg færði það til, að þegar mjólkurskortur væri í bænum, gæti bæjarstjórnin látið þau heimilin helst verða mjólkur aðnjótandi, er þarfnast hennar mest.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) spurði, hvort ráðstafanir hefðu verið gerðar af bæjarstjórninni til að auka mjólkina. Mjer vitanlega hefir ekkert verið gert. Honum er kunnugt, að bæjarstjórninni stóðu til boða bæði kýr og tún, en hún hafnaði; en það get jeg ekki kent mjer um, því að jeg greiddi atkv. með, að bærinn keypti bæði túnið og kýrnar. Þá var ekki mikil mjólkurframleiðsla, og hún hefði auðvitað ekki aukist, miðað við það sem þá var, þótt bærinn hefði keypt, en hún hefði

þá verið meiri nú, því að, eins og kunnugt er, hefir sumt af þessum kúm verið selt burt úr bænum. Um hug mjólkurframleiðenda til þessara laga get jeg ekkert sagt. En verði veitt heimild til undanþágu, fæ jeg ekki sjeð, að þeir ættu að þurfa að vera óánægðir. Jafnvel ættu útgjöld þeirra að geta orðið minni. Aðaltilgangurinn með að fá þessi lög er að auka hreinlætið í meðferð mjólkurinnar, fá ráð á úthlutun mjólkurinnar og heimild til að fækka útsölustöðum. Nú eru þeir altof margir, og alt gengur á trjefótum. Þeir, sem hefðu þá á hendi eftir þessum lögum, yrðu þjónar bæjarins og fengju sitt ákveðna kaup. Þá gæti þeim ekki verið neitt áhugamál að selja skemda mjólk, eins og nú, er þeir kaupa mjólkina fyrir ákveðið verð og selja út. Nú er það þeirra skaði að sitja inni með skemda mjólk. En eftir lögunum kæmi það algerlega á bæjarins reikning. Held jeg því, að þessi lög væru trygging gegn því, að menn fengju skemda mjólk.

Jeg held, að jeg þurfi ekki að skýra fyrir hv. þingmönnum, hve þýðingarmikið það er fyrir hina uppvaxandi kynslóð að fá góða og holla mjólk. Hv. þingmenn eru svo vel að sjer, að þeir vita það. En mjer sást yfir eitt atriði í framsöguræðu minni, er mælir með frv., en það er fitumagnið. Það er ákaflega misjafnt á útsölustöðunum, svo misjafnt, að grunsamlegt má heita. Sumir hafa mjólk, sem er að fitumagni mikið yfir 3,25, sem hjer er heimtað, en sumir hafa jafnvel undir 2,9. Mjólkin er óholl, er hún er svona rýr. Væri þá full þörf á eftirliti með því, að betur væri gert við kýrnar. En margt bendir og á, að ólag sje á meðferð mjólkurinnar. Meðalfita í mjólk er talin 3,5—3,6. En nú er meðaltalið hjer 3,25. Ætti því fitan ekki að fara niður fyrir þetta lágmark, ef mjólkin væri ómenguð. Vona jeg, að sú hv. nefnd, er málið fær til meðferðar, athugi þetta. Jeg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti undanþágum. Aðalatriðið er, að bærinn hafi þessa heimild, ef í nauðir rekur.

Það væri þegar bót, að útsölustöðunum væri fækkað, en hitt tel jeg jafnsjálfsagt, að bærinn hafi þessa heimild. Jeg veit, að því hefir verið skotið fram, að bærinn myndi reyna að hafa áhrif á mjólkurverðið hjá framleiðendum, ef hann öðlaðist þessa heimild. Það, sem gerðist hjer síðastliðið haust, ætti að gefa bendingu um þetta atriði. Er verðlagsnefndin ákvað hámarksverð á mjólk, kiptu framleiðendur að sjer hendinni. En mjólk vildu menn fá, og þeir fóru þá heim til framleiðenda og báðu þá að selja sjer mjólk, hvað sem hún kostaði.

Hvað mjólkurverðið snertir höfum vjer verðlagsnefnd, sem hefir alræðisvald í þeim efnum. (G. Sv.: Sú nefnd er nú bráðum úr sögunni!). Bærinn hefði því ekki meiri tök á að ráða verðinu en nú. En hann verður algerlega að eiga undir sanngirni framleiðenda. Jeg býst ekki við, að þeir fyrtist við þessi lög, því að hjer er í engu gengið á rjett þeirra, heldur gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir óhreinlæti, sem getur haft illar afleiðingar. Ef ungbörnin kynnu að mæla, þá veit jeg, að þau myndu ekki vilja stein í götu þessa frv., sem hjer liggur fyrir. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 20. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 42, n. 93).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Einar Arnórsson): Þungamiðjan í þessu frv er það, að bæjarstjórn Reykjavíkur fái heimild til að taka að sjer alla mjólkursölu í bænum. Um þetta atriði er ágreiningurinn, um hin atriðin ekki, enda ber nefndin fram frv., sem felur í sjer hin atriðin, sem þetta frv. hefir að geyma.

Það hafa verið skiftar skoðanir um það í bæjarstjórninni hjer, hvort ráðlegt væri, að bærinn tæki að sjer einkasölu á mjólk, en að því er jeg best veit var það felt þar í vetur eða vor með 6:6 atkv.

Það er satt, að það hefir bólað á almenningsvilja hjer í bæ með einkasölu-heimildinni. Tillaga í þessa átt var samþ. hjer á þingmálafundi skömmu fyrir þing, og sömuleiðis á borgarafundi, sem hjer var haldinn nú um daginn, sem þó mun hafa verið mjög fámennur. En jeg verð að segja það, að samþyktir þessar hafa ekki haft áhrif á afstöðu mína til þessa máls, því að satt að segja hefi jeg ekki heyrt nein rök, sem hafa sannfært mig um, að rjett væri, að bærinn fengi þessa heimild.

Nefndin hefir leitað umsagnar borgarstjóra um málið og borið undir hann frv. á þgskj. 94, og hefir hann orðið nefndinni sammála um niðurstöðuna að öllu leyti.

Aðalástæðan fyrir því, að nefndin hefir ekki getað fallist á frv. það, er hjer liggur fyrir, er sú, að hún fær ekki sjeð, að með því verði náð því markmiði, er fylgjendur frv. hafa ætlast til. Fyrir þeim vaki aðallega tvent: 1) að þrifnaður og meðferð mjólkur batni, 2) að mjólkinni verði jafnara skift. Um síðara atriðið er það að segja, að til þess að koma því í framkvæmd þarf sjerstakar ráðstafanir, sem ekki eru í frv. Um fyrra hlýðir það svar, að bærinn hefir lík tök um meðferð mjólkur, þótt honum verði ekki veitt einkasala; til þess er heilbrigðisnefnd, heilbrigðissamþykt og heilbrigðisfulltrúi. Hjer við bætist og, ef frv. á þgskj. 94 nær fram að ganga, heimild bæjarstjórnarinnar til þess að svifta menn mjólkursöluleyfi. Hitt er satt, að þótt þessar reglur yrðu settar, þá eru þær ekki fullnægjandi. T. d. vantar ákvæði um að pasteurseyða mjólk, eins og er í Kaupmannahöfn t. d. Þar er gott lag á öllu, og þó engin einkasala.

Því var skotið fram við 1. umr. af hv. flm. (J. B.), að ástæða væri til þess að veita einstökum mönnum undanþágu, svo að einstakir menn, sem nú framleiða mjólk, gætu haft söluna áfram sem áður. En við nánari umhugsun má öllum vera það ljóst, að margir mundu koma fram, sem teldu sig eiga rjett til undanþágunnar. Pjetur mundi segjast ekki verri en Páll, svo að ákvæði um undanþágu til handa einhverjum mundi tvíllaust valda óánægju.

Enn er ein ástæðan á móti frv., sú, að nefndin þykist þess fullkomlega vís, að framleiðendur mundu telja það vantraustsyfirlýsingu á sjálfa sig.

Auk þess er það uppplýst, að mjólkurfjelag Reykjavíkur ætlar að taka málið upp, fækka útsölum og gera ráðstafanir um þrifnað.

Sje jeg þá ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið að sinni. Aðrar ákvarðanir verður tækifæri til að minnast á í sambandi við frv. á þgskj. 94. En þetta mál leggur nefndin til þess að afgreitt verði með hinni rökstuddu dagskrá, sem er á þgskj. 93 (sbr. þgskj. 172).

Jörundur Brynjólfsson: Nefndin hefir ekki getað fallist á frv. og ekki einu sinni gert brtt. við það, heldur klætt það í alt annan búning, og ekki verður annað sjeð en að allir nefndarmenn hafi orðið sammála. Það gegnir annars furðu, að menn, sem ekkert þekkja til hjer í Rvík, skuli leggja þennan dóm á þetta

mál. Plöggin, sem fyrir nefndinni liggja, benda þó í gagnstæða átt við þá niðurstöðu, sem nefndin hefir komist að.

Hv. frsm. (E. A.) hefir algerlega misskilið tilgang frv. Hann er ekki sá að fá einkasölu í sjálfu sjer, heldur er hann sá, að bærinn fái heimild til einkasölu, ef útsölumenn gera ekki það, sem af þeim er heimtað. Annað, sem í frumvarpinu felst, er úthlutunin, að þeir fái mjólkina, sem hennar þurfa. Annað felst ekki í frv. Hjer er um engan gróða að ræða fyrir bæinn, síður en svo, nema þá óbeinan hagnað, sem leiðir af auknum þrifnaði. Aðalatriðið er þetta, að hafa einkasöluna að bakhjarli, ef annað dugir ekki. Af þessum ástæðum, sem jeg gat um, úthlutuninni og þrifnaði, er frv. sprottið.

Jeg skal ekki lengja umræður með því að fara út í nánari atriði þessu viðvíkjandi. Það kemur í ljós við atkvæðagreiðsluna, hvernig hv. deild litur á málið.

Mjer finst það misskilningur hjá nefndinni, að bænum sje eins auðvelt að hafa hemil á mjólkinni án frv. Jeg skal játa það, að frv. nefndarinnar á þgskj. 94 er til bóta frá því ástandi, sem nú er, en jeg efast um, að bæjarstjórnin geti svift menn leyfi, þótt þeir þverskallist við þeim fyrirskipunum, sem gefnar kunna að vera.

Í frv. á þgskj. 94 er og gert ráð fyrir mjólkurseðlum. Þótt ekki sjeu þeir nefndir í mínu frv., þá vakti jeg þó máls á úthlutunaraðferðum við 1. umr. En þessi aðferð, mjólkurseðlarnir, efast jeg um að nái tilgangi sínum, vegna þess, hve mjólkurflutningar til bæjarins eru misjafnir. Það er mjög stopult, hve mikið berst af mjólk daglega, svo að þetta atriði bætir ekki úr skák. Það eina ráð, sem dygði, væri það, að afgreiðslumenn fengju beinlínis skrá yfir þá, sem þurfa mjólkur við. Enn er það, að kostnaður mundi verða töluverður við seðlana, þótt ekki sje það aðalatriðið. En svo er enn það, að jeg er ekki alveg viss um, að mjólkursalar verði við óskum manna með þessu fyrirkomulagi. Þeir geta skelt við skolleyrum. Útsölumenn verða ekki þjónar bæjarins, heldur vinnumenn framleiðendanna.

Það atriði, að mjólkurframleiðslan minki við einkasöluheimildina, fæ jeg með engu móti skilið, enda hefi jeg enga skynsamlega ástæðu heyrða færða fram fyrir því. Þessi ástæða var borin fram á bæjarstjórnarfundi og nú kemur hún hjer fram á ný. Nú er hjer mjólkurskortur, svo að bærinn fær hálfu minni mjólk en hann má minst án vera. Halda menn nú, að eftirspurnin minki við það, að bærinn fengi einkasöluheimild? Nei, menn myndu einmitt verða heimtufrekari, og það eitt gerði mig dálítið deigan við frv. Vegna þess nú, að mjólkurþörfin er svona mikil, þá er ómögulegt að hafa áhrif á verðið. Mjer dettur í hug ein ástæða, og skal segja hana, fyrst að enginn virðist hafa einurð til þess, en hún er sú, að ef einhver mjólkurframleiðandi selur skemda mjólk, þá er eðlilegt, að honum sje illa við þessa ráðstöfun. En því vil jeg ekki gera ráð fyrir. Viðvíkjandi hreinsun mjólkurinnar þá er það alveg rjett, að það þyrfti að „pasteurisera“ hana, en jeg held, að einmitt það, að bærinn tæki að sjer mjólkina, mundi flýta fyrir þeirri nýbreytni.

Væri jeg viss um, að frv. nefndarinnar, sem er nýr búningur á mínu frv., væri betra en það, þá væri mjer það ekki svo fast í hendi. En nefndarfrv. er óákveðnara; það vantar þann hemil, sem felst í mínu frv. Frv. þeirra má líkja við vænglausan fugl, en mitt er fugl með vængjum.

Viðvíkjandi því, að Mjólkurfjelagið ætli að koma á skipulagi, þá er það gott, en ef það brygðist, þá erum vjer ver settir heldur en ef vjer hefðum þá heimild, sem felst í frv.

Jeg fæ ekki skilið, að undanþáguatriðið

geti valdið óánægju. Þeir mjólkurframleiðendur, sem nálægir eru, mundu sjálfir selja, en þeim fjarlægari má á sama standa, hver selur hana.

Að endingu vil jeg mælast til þess, að hæstv. forseti láti fara fram nafnakall um hina rökstuddu dagskrá á þgskj. 93.

Einar Jónsson: Jeg skal ekki lengja umræður, og síst ætla jeg mjer að taka fram fyrir hendurnar á jafnvitmiklum frsm., hv. 2. þm. Árn. (E. A.), sem hjer á hlut að máli og er einnig form. allsherjarnefndar. En jeg get ekki þegjandi hlýtt á það, að oss nefndarmönnum sje núið því um nasir, að vjer höfum enga þekkingu á máli, sem oss hefir verið falið, og vjer vitanlega kynt oss eftir bestu föngum. Jeg andmæli því fastlega þessum áburði hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), um leið og jeg lýsi þeirri skoðun minni, að málinu sje vel borgið með frv. á þgskj. 94.

Gísli Sveinsson: Jeg stend ekki upp til þess að bera blak af nefndinni — það gera aðrir, sem henni standa nær — en það gleður mig, að hún hefir komist að sömu niðurstöðu sem jeg hafði komist og tekið fram við 1. umr.

Jeg gat þess þá, að menn, búsettir hjer í bæ, gætu ekki sætt sig við þetta frv. Það hefir verið sagt, að almenningur vildi, að þetta frv. næði fram að ganga. Jeg hefi ekki orðið var við þennan almenningsvilja. Raunar liggur áskorun hjer frammi á lestrarsal um málið, sem felur í sjer ályktun, sem gerð hefir verið á tveim fundum, þar sem örfáir greiddu atkvæði, en langflestir ljeti sig málið engu skipta. Það vita allir, að þingmálafundir hjer í Reykjavík eru einatt markleysa, því að þótt nokkrir menn rjetti upp hendurnar með máli, þá getur ekki leitt þar af nokkur ábyggileg vissa um vilja bæjarbúa. Jeg verð því að mótmæla því, að almenningur sje hlyntur frv., enda kæmi það harðast niður á almenningi, ef það næði fram að ganga.

Við 1. umr. málsins spurði jeg hv. flm. (J. B.), hvaða trygging væri gerð af bæjarstjórnarinnar hálfu til þess að hafa næga mjólk, ef þessi einkarjettur væri veittur. Hann svaraði, að fyrir því væri engin trygging; ekkert hefði verið gert, til þess að tryggja það.

Nei, hjer í deildinni eru svo margir menn kunnugir málavöxtum, sem ekki geta unað því, að gerð sje tilraun til þess, að mjólkurframleiðslan hverfi. Því að það liggur í augum uppi, að framleiðendur þurfa ekki að sætta sig við reglur fyrir framleiðslu þeirra; enginn getur þröngvað þeim til þess að framleiða mjólk, og ef þeir vilja ekki selja mjólk eftir þessum kokkabókum, þá er bærinn mjólkurlaus. Þannig er ástandið og þannig afleiðingarnar.

Jeg fyrir mitt leyti verð að telja það ábyrgðarhluta fyrir þingið að samþykkja annað eins frv. og þetta, ekki síst þegar það er játað af hv. flm. (J. B.), að það hafi verið alt annað en einkasala, sem vakti fyrir honum með flutningi frv. Enn fremur er nú komið frv. frá nefndinni, sem hann fór svo ómaklegum orðum um. Hann kveðst með frv. sínu hafa viljað tryggja þrifnað og rjettláta og jafna úthlutun mjólkurinnar. Fyrir þessu hvorutveggja gerir frv. nefndarinnar ráð.

Hann taldi bæjarstjórninni ómögulegt að tryggja þetta, nema hún fengi söluna í sínar hendur. Í frv. nefndarinnar er bæjarstjórninni heimilað að leggja háar sektir við brotum á reglum þeim, er hún setur. Ef til vill leggur hinn hv. þm. (J.B.) lítið upp úr sektum. Kann það þó að virðast skrítið, ef lítið er til þess, sem bráðum kvað koma fram frá honum. Þar virðist hann fyllilega kunna að meta gildi og áhrif sektarákvæða í lögum, eða jafnvel hafa ofurtrú á háum sektum.

Jeg sje því ekki betur en að hv. þingdeildarmenn geti ósköp rólegir samþykt rökstuddu dagskrána, sem hjer liggur fyrir, og síðan gengið til að ræða næsta mál.

Bjarni Jónsson: Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) furðaði sig á, að nefndin skyldi leyfa sjer að bera fram slíka tillögu, sakir ókunnugleika hennar á þessu máli. Jeg tel óþarft að fjölyrða um þetta atriði, úr því að hv. 2. þm. Rang. (E. J.) hefir snúið svo á hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) (**E. J.:** Jeg hef ekkert ráðist á hann). Jeg sagði „snúið á", sem er tekið úr róðrarmáli. Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) mun ganga það eitt til, að bæjarstjórn verði innan handar að sjá um hreinlega úthlutun. En hvað skal þá svo „langur gaur í svo lítilli grýtu?" Er það öll ástæðan til að koma á einkasölu? Ef jeg mætti trúa mönnum fyrir hugsunum mínum, skal það um mælt, að jeg tel ekki hreinlæti eina vitund tryggara, þótt bæjarstjórn ætti alla sölustaðina, en nú. Jeg vil halda, að bæjarstjórnin gæti valið mjólkurseljendur ver, en ekki betur en sjálfir eigendur mjólkurinnar. Hvaða saltari er það, sem hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) vill keyra í höfuð mjer? (**J. B.:** Mjólkursöluskýrslur). Jeg er mjög þakklátur þeim mönnum, er vilja fræða mig um það, sem jeg veit ekki, en jeg hefi verið hjer í Reykjavík lengur en hv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Hann og aðrir geta sparað sjer og þeim, sem ókunnugir eru, upplýsingar sínar; jeg þarfnast þeirra ekki, en get gefið þeim upplýsingar, ef þeir vilja. Jeg hefi sagt við 2 eða 3 bæjarfulltrúa, að jeg mundi líta öðruvísi á þetta mál, ef það væri ætlað til að tryggja stórt kúabú, er bærinn ætti sjálfur. En jeg vil ekki, að þessir herrar sjeu að sletta sjer fram í mína samninga um mjólkurkaup til heimilis míns. En svo að jeg hverfi aftur að því, sem umskiftingurinn sagði, um langan gaur í lítilli grýtu, þá skal jeg líta á einstakar greinar frv.

Mjer kemur 2. gr. frv. svo fyrir, að á meðan bæjarstjórnin noti heimild þessa sje stöðvuð öll mjólkursala í landinu, og enginn fái mjólk, nema sá, sem er á heimili þar sem kýr eru mjólkaðar. (**J. B.:** Undanþágur!) Það yrðu margar undanþágur, ef veita ætti öllum, sem búa utan Reykjavíkur. Hjer er ekki slælega af stað farið. Nú skyldi einhver segja, að þetta eigi að takmarkast við lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þá er þetta að vísu einfaldara, en þó ekki annað en vindhögg, því að mjólkursalar heyra fæstir undir lögsagnaramdæmi Reykjavíkur; eiga heima úti á Seltjarnarnesi eða uppi í Mosfellssveit. 6. gr. er dæmalaust handhæg fyrir einkaleyfishafa:

„Jafnskjótt og bæjarstjórnin notar heimildarlög þessi, eru samningar þeir, er kunna að hafa verið gerðir um mjólkursölu í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, úr gildi numdir".

Jeg þakka kærlega fyrir. Jeg hefi gert samning við búanda upp í Mosfellssveit, og jeg þekki ekki, að þing eða bæjarstjórn hafi heimild til að gera þann samning ógildan. Ef þetta yrði samþykt, yrði jeg sjálfsagt að senda mjólkurbrúsa minn til þessarar hreinlætisstjórnar. Vildi jeg þá mælast til, að út væru gefin lög um, að eftirlitsmennirnir hefðu vasaklúta til að verka nasir sínar, áður en þeir skyggðust í minn brúsa.

Í 5. gr. mun koma fram einn tilgangur frv. Það er ágætt, ef bæjarstjórnin vill taka að sjer að sjá um, að þeir fái mjólk, er helst þurfa. Nú veit jeg ekki, hvort hún hygst að bæta úr því, að þeir, sem helst þurfa, eru þeir, sem síst geta borgað. Eða hvort mun það tilgangur bæjarstjórnar að borga fyrir aumingjana? Jeg hygg helst, eftir annari reynslu um ráðstafanir

bæjarstjórnar, er hún skal ákveða, hver helst þurfi t. d. mó, að þeir þurfa helst mjólk, er geta borgað fyrirfram, t. d. fyrir heilt ár. Ef bæjarstjórnin fylgdi fram þessari grundvallarreglu, væri einkasala mjólkur einstaklega vel komin í hennar höndum.

Jeg sje, að frv. þetta er vel úr garði gert, og í því ýms skemtileg ákvæði, sjerstaklega 6. gr., er jeg áður nefndi. En í því er svo margt furðuefnið, að eigi er hægt að álasa nefndinni fyrir að gera betra frv.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) skildi ekki, að þessi einkasöluheimild gæti orðið til að minka mjólkurframleiðslu og flutning til bæjarins; til þess væri engin skynsamleg ástæða. Hefði hann leitað að ástæðum, hefði hann fundið eina í sínu eigin frv., í 6. gr.: „allir samningar . . . úr gildi numdir". Það gæti verið, að framleiðandi vildi ekki skipta við þann viðskiptamann, er byrjaði viðskiptin með því að fá lög um, að samningurinn skuli úr gildi numinn. Þetta er full ástæða, en hún er ekki skynsamleg, því að öll greinin er óskynsamleg. Jeg þykist geta sagt, að yrði frv. þetta samþykt, mundi að fullu taka fyrir flutning mjólkur frá bændum utan Reykjavíkur.

Jeg hygg því alveg rjett að samþykkja rökstuddu dagskrána, og láta þetta frv. deyja drotni sínum, en hvað málinu sjálfu við víkur, skal jeg þá fyrst líta á einkasöluheimild bæjarstjórninni til handa, er hún á mörg hundruð kúa og nóg fóður handa þeim. Skal jeg þá hjálpa henni, ef þá er ástæða til að treysta henni að öðru leyti.

Frsm. (Einar Arnórsson): Ymsir hv. þm. hafa tekið fram sumt af því, sem jeg hefði talið rjett að segja, til svars hv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Jeg get vel viðurkent áhuga hans á því, að bætt verði úr ágöllunum í þessu máli. Það er auðvitað sameiginlegt áhugamál vor allra, sem búsettir erum í Reykjavík. En það var ekki síður mikilsvert mál, er lá fyrir bæjarstjórn í vetur, sem sje það, hvort bænum væri fært að eignast kúabú. Bærinn átti kost á að kaupa talsvert mikið af kúm, er víst var um, að annars yrðu seldar úr bænum, sumar hverjar, og nú munu margar vera seldar. Jeg segi þetta eigi til að deila á hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), því að jeg býst við, að hann hafi verið með þeim, er töldu rjett að koma upp kúabúi handa bænum. Meiri hluti bæjarstjórnarinnar vildi ekki líta við þessu. Hefði hjer komið fram eitthvað í þá átt, að bærinn stofnaði kúabú, hefði jeg líklega fyrstur manna verið með slíkri ráðstöfun, en þessu get jeg ekki fylgt.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hóf ræðu sína á því, að niðurstaða nefndarinnar stafaði af þekkingarskorti. Jeg veit ekki, hvaða ástæðu hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hefir fyrir þessum áburði sínum, því að í honum liggur það, að nefndin hafi gefið álit án þess að kynna sjer málið. Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) gerir víst ráð fyrir, að enginn nefndarmanna hafi litið í skýrsluna um þrifnaðarrannsóknina frá því í vetur. Nefndin hefir einmitt athugað skýrsluna, og henni er fullkunnugt um, að fáir af mjólkursölustöðunum fullnægja þeim kröfum um þrifnað, sem mjólkursölureglugerðin setur.

En nefndin er eindregið á þeirri skoðun, að rannsóknina hefði mátt gera fyr. En þegar bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd láta við gangast, að reglur þeirra sjeu brotnar eftir ár, bendir það ekki á, að bót sje í því, að þessi stjórnarvöld fái full yfirráð yfir mjólkursölunni. Jeg býst við því, að þótt bæjarstjórnin rumski nú, muni hún fljótt falla aftur í sinn væra svefn, og alt sæki í líkt horf. Þegar bæjarstjórnin er búin að taka einkasöluna, mun bæjarstjórn-

in ef til vill hugsa sem svo: „Þetta er gott og blessað. Nú er ekki hætt við, að þetta gangi í handaskolum, er við ráðum“. En ef litið er á þrifnaðinn í bænum, virðist hann ekki mæla með bæjarstjórninni. Ef litið er hjer út um glugga Alþingishússins, má sjá húsarúst við helstu götuna í miðbænum, fulla af vatni, svo að þar mætti ekki einungis drekkja köttum heldur og mönnum. Minna má og á tjörnina, sumar götur bæjarins o. s. frv. Jeg gæti haft nóg að telja af slíku, langt fram á nótt.

Hv. 1. þm. Reykv. (J.B.) vildi gera lítið úr því, að framleiðendur taki sjálfir málið í sínar hendur, og að þeir hafi vilja og getu til að laga það, sem aflaga fer. Jeg fyrir mitt leyti verð að líta svo á, að það sje framleiðendum töluvert áríðandi að hafa mjólkursöluna í sem bestu horfi. Þeir geta ekki verið og eru ekki blindir fyrir því, að það er þeirra sómi, að hún fari sem best fram. Jeg þekki persónulega menn úr stjórn fjelags mjólkurframleiðenda, og veit, að þetta er þeirra einlægur vilji. Þar er um þeirra atvinnu að ræða. En hins vegar eru menn hlaðnir störfum, t. d. eins og bæjarfógeti eða fulltrúi hans. Heilbrigðisfulltrúinn er sjálfsagt góður og gegn maður, en hann fær litla borgun fyrir sitt starf, einar 800 kr. Svo eru bæjarfulltrúarnir. Það eru menn, sem þurfa fyrir lífinu að sjá, og fá ekkert nema skömm og vanþakklæti fyrir sitt starf. Af þeim er margs krafist og mikið í þeim argað. Auðvitað á bæjarstjórnin oft óþökk skilið, því að mikill ljóður er á ráði hennar, oft og einatt. Mjer finst, að bæjarstjórninni væri nær að komast í samvinnu við mjólkurframleiðendur en að segja þeim stríð á hendur.

Út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. (J.B.) talaði um ókunnugleika nefndarinnar skal jeg taka það fram, að þetta mál er ekki margbrotnara en svo, að hver meðalmaður með heilbrigðri skynsemi getur kynt sjer það. Sami hv. þm. nefndi mjólkursöluskýrslur. Jeg vil benda á, að enn er ekki komin skýrsla um, hvernig salan mundi vera, ef bæjarstjórn Reykjavíkur væri búin að hafa hana í nokkur ár. (J. B.: Það er ekki von). Nei, en þá ætti hv. fylgismaður þessarar einkasölu að láta reynsluna skera úr um dugnað og hreinlæti bæjarstjórnarinnar, en ekkert fullyrða um það mál nú. Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) vildi gera lítið úr því, að að gagni gæti komið, þótt bæjarstjórnin fengi heimild til að setja reglur um þrifnað við mjólkursölu. Áleit hann einkasöluheimildina þann bakhjarl, er alt styddist við og bygðist á, og ekkert dygði, þótt heimilað væri af taka af mönnum söluheimildina. Þetta skýtur skökku við það, sem hann sagði áðan, að yfirleitt mundi það verða sama fólk, er stæði fyrir mjólkursölunni og áður. (J. B.: Það hefi jeg ekki sagt!). Jú, það sagði þingmaðurinn. (J. B.: Ekki ef vel gengi). Jeg býst við, að þeir, sem bæjarstjórnin tæki, yrðu fólk svona upp upp og ofan, sumir betri og sumir lakari en nú. Bæjarstjórnin mun ekki geta skapað neina þrifnaðarengla á örstuttum tíma, og ný hús myndi hún víst ekki geta bygt. Jeg er ekki í vafa um, að aðaltryggingin fyrir góðri meðferð mjólkur er góð samvinna milli heilbrigðisnefndar og mjólkurframleiðendafjelagsins.

Um úthlutunina þarf ekki að fjölyrða. Það sjer hver maður, nema hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), að úthlutunin er alt annað en einkasöluheimildin. Það þarf alt aðrar ráðstafanir til þess, að þeir fái helst mjólk, er mesta hafa þörfina. Mjer datt í hug seðlafyrirkomulagið, og er það nefnt sem dæmi á þgskj. 94. Getur það vel verið rjett, að hafa mögi annað hentugra fyrirkomulag um úthlutunina. Ef bæjarstjórn vill setja skorður við því, að mjólk

verði seld af handahófi, gæti hún látið þá, sem mjólk þurfa, hafa einhver skírteini, og lagt bann við að selja öðrum. Sjálfsagt mundi þetta hafa kostnað í för með sjer. En altaf myndi verða einhver kostnaður, hver aðferð sem höfð væri. Ef höfð væri á hverjum mjólkursölustað skrá yfir þá, er mjólk skyldu fá, hefði það einnig kostnað í för með sjer, því að skránni yrði að breyta líkt og seðlunum. Eins og hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) tók fram er framleiðslan ekki altaf sú sama á öllum tímum árs, og þar af leiðandi getur sama heimili ekki fengið altaf jafnmikið, þótt söm væri tala mjólkurþurfa á heimilinu, Af þeirri ástæðu verður ekki hjá því komist að halda skrá yfir mjólkurneytendur eða úthluta mjólkinni eftir seðlum. Jeg skal fúslega játa það, að vel getur verið, að aðferð sú, sem frv. nefndarinnar bendir á, sje ekki nægilega trygg, og að finna mætti aðra betri. En það kemur ekki sjálfri einkasölunni við, enda er seðlaúthlutunin að eins nefnd sem dæmi. Frv. nefndarinnar girðir því ekki fyrir það, að sú aðferð verði tekin upp við mjólkurúthlutunina, sem fullkomnust þykir. —

Þá sagði þm. (J. B.), að mjólkursalarnir mundus kella skolleyrunum við seðlunum. Jeg skal ekkert um það segja, á hve miklum rökum sú aðdróttun er bygð. Jeg hjelt, að það mundi verða líkt og með kaupmennina núna. Eins og kunnugt er afhenda þeir nú ýmsar vörutegundir eftir seðlum. Mjer er ekki kunnugt um, að brotið sje á móti þeim ákvæðum, og jeg veit ekki, hvort nokkur ástæða er til að ætla, að mjólkursalarnir sjeu óvandaðri en kaupmenn. Að ástæðulausu finst mjer óþarfi að væna þá þess. —

Háttv. þm. (J. B.) efaðist um það, að hægt væri að svifta mjólkursala sölurjetti fyrir hreinlætisskort. Jeg er honum samdóma um það, að orkað gæti tvímælis, hvort hægt er að gera það nú. Samþyktir bæjarstjórnar svífa svo í lausu lofti, margar hverjar, að erfitt er að vita, hvað upp úr þeim má leggja. En frv. á þgskj. 94 bætir úr því. Jeg verð að segja það, að ef háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) treystir ekki bæjarstjórninni til að svifta ófullkomna mjólkursala sölurjetti sínum, þá sje varla takandi í mál að trúa henni fyrir allri mjólkursölunni í bænum. Jeg er líka á sama máli um það, að nauðsynlegt væri að sótthreinsa mjólkina. En það kemur einkasölunni ekkert við. Mjólkursalarnir gera það að vísu ekki sjálfir, heldur mundi bæjarfjelagið verða að gera það. Og ef bæjarstjórnin hefði fje og æki fyrirliggjandi, þá gæti hún sett upp sótthreinsunarstofnun strax í dag, ef hún vildi. Það hefði engin áhrif á sölu mjólkurinnar. Að sjálfsögðu yrði mjólkin öll flutt fyrst á sótthreinsunarstaðinn og þaðan aftur til seljendanna, eins og tíðkast mun annarsstaðar, þar sem sótthreinsun á sjer stað. Með því móti væri hreinlætiskröfunum fullnægt, en þeim verður aldrei fullnægt fyr en sótthreinsun kemst á. Jeg býst ekki við því, að bæjarstjórnin mundi rannsaka mjólkina neitt fremur fyrir því, þó að hún fengi heimild til einkasölu. Hún hefir nú heimild til að rannsaka mjólkina, hvar og hve nær sem er. Hún getur sent heilbrigðisfulltrúann inn á mjólkursölustaðina og gefið honum vald til að heimta mjólkina til rannsóknar. Jeg sje ekki, að nein trygging sje fyrir því, að mjólkin yrði frekar rannsökuð, þó að salan væri öll í höndum bæjarstjórnar.

Þá talaði þm. (J. B.) um það, að undanþágu mætti veita frá einkasöluákvæðinu. Jeg get ekki bygt mikið á því, enda mundi það verða vandasamt verk og lítt vinsælt fyrir bæjarstjórnina, að veita slíkar undanþágur. Mjólkurframleiðendur, sem búsettir eru hjer í bænum, mundu að sjálfsögðu allir óska þess að fá undanþágu, því að þeir spara sjer kostnað með því

að selja mjólk sína sjálfir. Hvernig ætti þá að gera greinarmun á þeim? Það yrði að veita þeim öllum undanþágu, því að öðrum kosti mundi sumum, meðal annars, þykja sín vara sett niður í áliti, ef þeim væri ekki treyst til að selja hana sjálfir. — Nefndin hefir aldrei sagt það, og líklega engum nefndarmanna í hug komið, að eftirspurn eftir mjólk mundi minka, ef einkasala kæmist á. Hitt mun okkur hafa komið til hugar, að framboðið kynni að minka. Hættan er sú, að framleiðendur mundu draga saman seglin og framleiðslan þess vegna minka. Það má búast við, að einkasalan hleypti illu blóði í suma framleiðendur. (J. B.: Af hvaða ástæðu?). — Mennirnir eru nú einu sinni svona gerðir, að þeir una illa óþörfum afskiftum af atvinnurekstri sínum, og þeim mundi finnast þessi afskifti óþörf. — Það er t. d. ekki af minkandi eftirspurn, sem einn af mjólkurframleiðendunum hjerna í nágrenninu hefir dregið saman seglin að miklum mun núna í vor. En hann álítur arðvænlegra að stunda annan atvinnuveg, og hann er hræddur við, að þau höft kunni að verða lögð á mjólkurframleiðsluna í náinni framtíð, að hún geti ekki borið sig.

Að svo mæltu vil jeg að eins leggja áherslu á þetta, að fyrst að mjólkurskortur í bænum er eins tilfinnanlegur og raun er á, þá ríður á því, að ekki sjeu samin lög eða gerðar samþyktir, sem líklegar eru til að auka þennan skort. Jeg sje svo ekki ástæðu til að tefja tímann lengur, og býst ekki við, að jeg taki til máls aftur, nema ef háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) kemur með einhverjar nýjar ástæður, sem þurfa athugunar við.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Í sjálfu sjer er óþarft að lengja umræður um þetta mál að nokkrum mun. Jeg býst við, að það muni ganga sinn gang hjer í deildinni, hvort sem um það er rætt lengur eða skemur. Samt get jeg ekki stilt mig um að drepa lítils háttar á einstöku atriði í ræðum þeirra hv. þm., sem talað hafa í þessu máli. Mjer þótti leiðinlegt, að hv. 2. þm. Rang. (E. J.) skyldi finnast, að jeg væri að dróttа því að nefndarmönnum, að þá skorti vit eða vilja til að ráða heilt í þessu máli. Jeg sagði að eins, að sumir þeirra mundu ekki hafa nægan kunnugleika á málinu, og það sjá allir menn, að er alt annað en vitskortur eða viljaleysi. Upplýsingar þær, sem nefndin hefir stuðst við, hljóta að vera allar frá einni hlið málsins. Allar upplýsingar, sem fyrir liggja um rannsókn mjólkurmálsins, hefðu gengið á móti niðurstöðum nefndarinnar. Þess vegna verð jeg að álíta, að hún hafi alls ekki við þær stuðst. Af þessu leiðir, að ráðstafanir nefndarinnar verða tæplega nógu tryggilegar. Í einstökum atriðum gætu þær vafalaust orðið til bóta, frá því sem nú er, en fullnægjandi eru þær engan veginn. Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talaði um almenningsviljann. Kvað hann almenning hjer í bænum ekki óska þess, að einkasala kæmist á. Lengi má um það þrátta. En óhræddur væri jeg að leggja í þá liðsöfnun á móti þm. Jeg er hræddur um, að hann yrði ekki liðsterkur. Sami þm. mintist á sektarákvæðin í frv. nefndarinnar. Sagði hann mig vanan því að leggja mikið upp úr hörðum sektarákvæðum. Satt er það, að jeg legg mikið upp úr þeim, ef lögregluefirlitið er svo gott, að óhætt sje að reiða sig á, að ákvæðunum sje framfylgt. (G. Sv.: Er það ekki hjer?). Bæði þessum þm. og öðrum mun vera það ljóst, að alstaðar er skortur á, að hægt sje að hafa það eftirlit sem þarf. (G. Sv.: Þá þýðir ekkert að setja lög).

Hv. þm. Dala. (B. J.) er ekki inni, enda get jeg að mestu leyti gengið fram hjá ræðu hans. Mátti helst ráða það af orðum hans, að hann þættist geta verið sjálf-

um sjer nógur, og skal jeg ekki aftaka það. Hann rakti í sundur einstakar greinar frv. og hafði margt við það að athuga. En allflestar athugasemdir hans voru þannig vaxnar, að frv. á þgskj. 94, sem hann þó tjáði sig fylgjandi, ræður alls enga bót á þeim. Þá kem jeg að ræðu hv. 2. þm. Árn. (E. A.). Ekki er til neins að þrátta lengi við hann. Við erum hjer hvor á sinni skoðun, og alt mót á, að hvorugur sannfæri hinn. Þó erum við í mörgum atriðum sammála. — Það liggur í hlutarins eðli, að með þeim, sem helst þurfa mjólkur með, er átt við þá, sem helst þurfa hennar til neyslu. Hv. þm. Dala. (B. J.) hefði alls ekki þurft að vera í neinum vafa um það. Þar sem þá er fyrst og fremst um börn og sjúklinga að ræða, er auðsjeð, hve afaráríðandi er, að mjólkin sje holl og hrein. Og til þess, að vera viss um það, þarf afarnákvæmt eftirlit. Eins og við mátti búast, er hv. 2. þm. Árn. (E. A.) mjer samdóma um þetta. Bæjarstjórnin hefir reynt eftir megni að hafa eftirlit með mjólkinni. (E. A.: Í vetur, já!). Nei, altaf. Það er ekki í fyrsta sinni í vetur, sem bæjarstjórnin hefir skift sjer af mjólkursölunni. Mjólk hefir hvað eftir annað verið gerð afturreka, þegar eitthvað hefir verið við hana að athuga. En hitt hefir líka þrásinnis komið fyrir, að eftirlitsmaðurinn hefir orðið að elta sama brúsann á 2 eða 3 mjólkursölustaði til þess að koma í veg fyrir, að mjólkin væri seld. Sjálfsagt hafa þessar misfellur verið kærðar fyrir lögreglustjóra, en mjer er ókunnugt um, hvern árangur það hefir borið. Mjer er kunnugt um það, að bæði hefir verið kvartað undan hreinlætisskorti í meðferð mjólkur, og líka um mjólkurgæði. Bæjarstjórnin getur ámint menn um að vanda meðferð mjólkurinnar, og hún getur hert á þeim, sem eftirlitið hafa á hendi, en annað getur hún ekki heldur. Þetta hefir hún margsinnis gert, en það þarf meira til, ef vel á að vera. Þá drap háttv. þm. á það, að framleiðendurnir sæju sjer hag í því að hafa mjólkina góða. Hagur þeirra og sómi hvetti þá til að vanda meðferð mjólkurinnar sem mest. Svo hefði það átt að vera, eins hingað til. Jeg skelli ekki heldur skuldinni á framleiðendur eina. Jeg veit, að sölustaðirnir eiga sinn hluta af sökinni, og jeg get ekki um það dæmt, hvors hluti er stærri. Það sem víst er er það, að gallar eru á, hverjum sem um er að kenna. Hvað því við víkur, að ef heimild til einkasölu verði veitt, þá sje það sama sem að segja mjólkurframleiðendum stríð á hendur, er mjer það satt að segja óskiljanlegt, hvers vegna þeir ættu að vera svo hörundssárir. Bæjarstjórnin grípur auðvitað ekki til einkasölunnar, nema brýn nauðsyn beri til. Og ef mögulegt reynist að koma mjólkursölunni í viðunanlegt horf á annan hátt, þá væri það ekki nema makleg refsing á mjólkurframleiðendur, þótt kosti þeirra yrði þröngvað, hvað þetta snertir. En jeg sje reyndar ekki, að til þess þyrfti að koma. — Þá er það, að sama fólkið mundi afgreiða mjólkina, sem nú hefir söluna á hendi. Ekki er það líklegt, að bæjarstjórnin kastaði höndunum að því að velja fólk til að afgreiða mjólkina. Hún verður þó að gæta sóma síns í þeim efnum. Hvað seðlaúthlutunina snertir þá er alt öðru máli að gegna með mjólkina en með þær vörur, sem nú eru seldar eftir seðlum. Um þær getur úthlutunarvaldið vitað upp á hár, hvað fyrir hendi er, og er því hægt að hafa eftirlit með því, sem selt er á hverri viku. Það er ekki hægt með mjólkina.

Samkvæmt frv. nefndarinnar er það á valdi heilbrigðisnefndar, hvort hún sviftir mjólkursala söluleyfi sínu eða ekki. Jeg efast um, að rjett sje að láta nefndina hafa það vald; engin trygging fyrir því, hvernig hún fer með það. Óefað yrði hæg-

ara að rannsaka mjólkina, ef bærinn hefði söluna í sinni hendi, heldur en nú er. Þótt ekki sje annað en það, þá má þó að minsta kosti gera ráð fyrir, að betri aðgæsla væri höfð með því á sölustöðum bæjarins, hvort vart yrði galla á mjólkinni eða mjólkurílátunum. — Ekki get jeg skilið það, að undanþágur frá einkasöluheimildinni þyrftu að valda óánægju. Jeg veit það vel, að framleiðendur hjer í bænum selja flestir mjólk sína milliliðalaust, og satt að segja finst mjer ekki mikið á móti því, að þeir fengju að halda því áfram. Meðferðin á þeirri mjólk er yfirleitt miklu betri en á hinni, sem flutt er lengra að, eins og eðlilegt er, því að mjög er vandfarið með mjólk á löngum flutningi. En einmitt þess vegna er minni þörf á eftirliti með mjólk, sem framleidd er í bænum.

Þá hefir mikið verið talað um, að einkasalan sje haft á frelsi framleiðendanna. Mjer er ómögulegt að skilja, að þeim sje neitt verra eða óhagstæðara að afhenda þjónum bæjarins mjólk sína heldur en þeim, sem nú taka við henni til útsölu.

Á það var drepið, að einn kúaeigandi hefði fært saman kviarnar af ótta við það, að höft yrðu lögð á mjólkurframleiðsluna. Það má líklega segja það, að sú hafi verið ástæðan. Hitt tel jeg þó sönnu nær að ráðið hafi, að hann hafi gert sjer von um meiri gróða við annað. Enn fremur vitti hv. 2. þm. Árn. (E. A.) bæjarstjórnina fyrir það, að hafna tilboði því um kaup á kúabúi, sem hún fjekk í vetur. Jeg held, að hann hafi undan skilið mig þeirri ákúru, eins og vera bar, því að jeg var einmitt með því, að búið væri keypt. En það er dálítið einkennileg tilviljun, að það voru einmitt sömu mennirnir, sem standa á móti einkasölu á mjólk í bæjarstjórninni, og urðu til að fella kaupin á kúabúinu.

Annars væri hægt að drepa á mörg atriði enn þá í þessu máli, en jeg ætla nú ekki að lengja umræðurnar meir.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg skal vera mjög stuttorður, enda er nú hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) dauður.

Hv. 1. þm. Reykv. (J.B.) sagði, að framkvæmdir ákvæðanna færu eftir völdunum. Ef svo er, þá sannar það að eins, að þau stjórnarvöld, sem hlut eiga að máli, eiga svo óhægt aðstöðu, að þau geta ekkert gert.

Sami hv. þm. sagði, að gera mætti menn afturreka með mjólkurbrúsa, en fyrir kæmi þó, að þeir færu með þá brúsa á annan sölustað og seldu innihaldið þar. Það getur verið rjett, en ef svo er, þá sannar það meira en hv. þm. vill láta það sanna, sem sje, að einkasala kemur ekki heldur að haldi. Þegar heilbrigðisfulltrúinn bannar að selja mjólk, þá fara þeir með hana til Sigríðar, sem gerðir hafa verið afturreka frá Guðrúnu. Eða ef t. d. mjólkursölumaður kemur með óhreina mjólk á brúsa, en eftirlitsmaður einkasölunnar segist ekki taka hana gilda. Hinn segir ekkert við því, fer með brúsa sinn og selur úr honum mjólkina í einkahúsum, til þess að hafa þó eitthvað upp úr krafsinu. Svo að ef hugsuninni er fylgt út í æsar, sjest, að einkasalan dygði ekki heldur.

Sami hv. þm. sagði enn fremur, að ekki væri hægt að hafa hemil á kaupunum með miðasölu. Mundi nú ekki hávís bæjarstjórn geta vitað, hve mikið kæmi til bæjarins, t. d. með því að bjóða mjólkursölumönnunum að gefa skýrslur um það?

En þótt einkasöluheimildin yrði notuð, og ef óánægja kæmi fram, þá býst jeg við, að fara mætti í kringum lögin, líkt og gert er um hámarksákvæði verðlagsnefndar. Það má heita opinbert leyndarmál, að

menn hafa komið með smjörpinkla sína hingað og selt smjörið hærra verði en heimilt er. Jeg býst við, að svipað yrði um einkasöluheimildina.

Jeg skal svo ekki orðlengja málið frekara. Umræður eru þegar orðnar oflangar og heppilegt að slá í botninn.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin (A. 93, sbr. 172) samþ. með 22 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., J. J., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

nei: J. B.

Tveir þm. (E. J. og J. M.) voru fjarstaddir.

Frv. því

fallið.

7. Stýrimannaskóli á Ísafirði.

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 12. júlí, var útbýtt

Frv. til laga um stofnun stýrimannaskóla á Ísafirði. (A. 54).

Á 10. fundi í Nd., laugardaginn 14. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Ólafsson): Mjer þykir rjett að bæta fáum orðum við ástæðurnar, sem prentaðar eru með frv. þessu. Þörfin á stýrimannaskóla á Ísafirði er nú orðin mjög brýn. Skipum þar fjölgar árlega, og þeim svo stórum, að skipstjórar þeirra verða að hafa sömu þekkingu og fiskiskipstjóradeild stýrimannaskólans hjer í Reykjavík veitir. Nú er svo, að bæði er skólinn hjer mjög fjölsóttur, og auk þess sýnist ekki ástæða til að láta menn sækja þangað svo langa leið. Bæði er hjer dýrt að lifa og ýmislegt annað óhagræði; menn eiga örðugt með, samgangna vegna, að komast heim, og missa mikið af haustvertíð oft og einatt, vegna þess, að svo stendur á ferðum hingað til Reykjavíkur. Því er nú tími til kominn að setja þar upp slíkan skóla. Jeg hygg og, að hagsýnar þjóðir telji það vonlegt að setja þar stýrimannaskóla, er skip komi og dvelji á degi hverjum. Jeg hefi borið þetta mál undir stýrimannaskólastjórann hjer, og er hann því mjög hlyntur. Sagt er, að aðsóknin við skólann hjer sje þegar svo mikil, að ekki megi meiri vera, og þar verði von bráðar að stækka skólann og fjölga kennurum, ef svo haldi áfram. Vona jeg því, að þetta nauðsynjamál fái góðan byr hjer í þinginu, þótt það vitanlega baki landinu nokkurn kostnað. Eitt er víst, og það er, að þá mundi draga úr nemendafjölda þeim, er þyrpist hingað til Reykjavíkur á haustin og þrengir húsnæðið fyrir mörgum fjölskyldum.

Þótt jeg ætli ekki að fara út í einstök atriði frv., skal jeg geta þess, að ætlast er til, að í sambandi við skólann sje komið á fót vjelfræðisnámsskeiði, er hverfi úr sögunni, þegar sjerstakur vjelfræðiskóli er þar kominn á stofn.

Jeg býst við, að óskir í sömu átt gætu komið fram frá öðrum fjórðungum, og þá einkum frá Norðlendingum, því að þeir standa svipað að vígi og Vestfirðingar að skipastólseign. En nú hafa Ísfirðingar eindregið beðið um þetta og vona, að þingið veiti þá tillátssemi að láta frv. ná fram að ganga. Það er ekki ætlast til stofnunar skólans í haust, ekki fyr en

1918, og gæti orðið lengur, ef styrjöldin stendur lengur. En hitt er áreiðanlegt, að skólastofnunin yrði landinu til gagns.

Pjetur Jónsson: Jeg vil ekki banda hendi á móti því að auka kenslu í stýrimannafræði. Vitaskuld er það nokkuð djarft á þessum tíma að ráðgera skólastofnun fyrir næsta haust, þar sem líkur eru til þess, að skólum verði lokað. Það koma ef til vill fram óskir um fleiri skóla, nú á þessu þingi, en það er ekki hægt að gera neina ábyggilega áætlun um kostnað við slíkar stofnanir, á meðan styrjöldin stendur. Þess vegna virðist mjer, að menn verði að sætta sig við það, þótt ekki verði ráðist í fyrirtæki, sem svona háttar til um. Spurning gæti líka verið um, hvort ekki væri meira vit í því að stækka stýrimannaskólann hjer. Hjer mun vera hægara að fá góða kenslukrafta og meiri trygging fyrir áhrifamiklum skóla heldur en til dæmis á Ísafirði. Á mestu veltur ætíð um það, hvernig skóla er stjórnað og hverjir þar kenna, og á jeg ekki víst, að önnur skólastofnun geti sýnt eins góðan árangur og stýrimannaskólinn hjer í Rvík. En ef á að ráðast í að stofna nýjan skóla, þá er rjettara að byrja fjær, t. d. á Akureyri, þar sem þörfin er meiri, og erfiðleikar meiri til ferðalaga á Reykjavíkurskólann.

Jeg vil að eins gefa þetta sem bendingu, án þess að jeg vilji spilla fyrir kenslurýmkun. Auk þess það, að varla væri hægt að neita hinum fjórðungunum um skóla, eftir að þetta fordæmi er gefið, og „í upphafi skal endinn skoða".

Flm. (Matthías Ólafsson): Eins og frv. ber með sjer þá er ekki ætlast til þess, að ráðist verði í skólastofnunina í haust. Jeg tók það og fram, að húsaleiga á Ísafirði væri miklu lægri en hjer, og að jeg gæti fengið á hús, sem fengist gæti þar leigt með góðum kjörum. Þannig er eigi að eins að ræða um meiri þægindi við það að fá nýjan skóla, heldur mundi kostnaðurinn og verða minni en að auka við skólann hjer. Og kenslukrafta má fá alveg eins góða þar og hjer. En prófúrlausnir verða teknar til af skólanum hjer, svo að krðfurnar verði í samræmi. Á Akureyri hefir enginn beðið um skóla, svo að ekki getur þar verið meiri ástæða til þess að setja hann heldur en þar, sem beðið hefir verið um hann.

Það getur vel verið, að hinir landsfjórðungarnir komi á eftir, og hefi jeg ekki á móti því. Þessir skólar eru ekki dýrir, eða þurfa ekki að vera það.

Jeg hjelt fyrst, að hv. þm. S.-Þ. (P. J.) mundi verða fylgismaður þessa frv., því að jeg veit, að hann hefir áhuga á góðum málefnum, en mjer þótti skjóta nokkuð skökku við, þegar hann hjelt, að skólinn mundi verða dýr. Jeg hjelt, að hann mundi gæta þess, að þótt leggja yrði eitthvað meira til skólans, þá sparast þó kostnaður við ferðir og aðra erfiðleika.

Vel mætti vísa frv. til nefndar, og þá líklega sjávarútvegsnefndar, eða jafnvel mentamálanefndar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ímyndað mjer, að mikil þörf sje á þessari skólastofnun, en mjer skilst svo, sem að mikið sje eftir að athuga, og yrði það þá gert í nefnd. Jeg heyrði ekki greinilega, hvað hv. flutnm. (M. Ó.) sagði um kostnaðinn við að setja upp skóla þarna eða reisa hús. Ef sá er tilgangurinn að reisa hús, þá er það varla mögulegt fyrir 1. október. Þótt þetta sje nauðsynjamál, þá tel jeg, að aðrar byggingar sjeu samt miklu nær.

Jeg sje ekki í frv. nokkur ákvæði um kennarana og laun þeirra, sem er nokkur galli.

Um það, hvort málið eigi að fara í

sjávarútvegsnefnd eða mentamálanefnd, þá er jeg heldur á því, að það fari í hina síðarnefndu. Einmitt undir þá nefnd ættu að heyra öll skólamál, hvers eðlis sem skólarnir eru. Jeg efast ekki einungis um það, að hægt verði að stofna skólann í haust; jeg efast einnig um, að það verði hægt á næsta fjárhagstímabili; einkum vil jeg benda á það, að þar sem gert er ráð fyrir vjelfræðikenslu, þá verður kostnaðurinn enn meiri. Hjer í Reykjavík er varla hægt að halda áfram þeirri kenslu, af því að tæki vantar, og þó sjerstaklega hús.

Jeg get hugsað mjer, að flutningsmenn flytji meir frv. til þess að ræða og undirbúa málið, en að þeir búist við því, að það nái fram að ganga.

Flm. (Matthías Ólafsson): Hæstv. forsætisráðherra sagðist ekki hafa heyrt greinilega til mín um byggingu hússins. Jeg tók fram, að þegar stýrimannaskólinn var stofnaður, var hann lengi rekinn í leiguhúsi. Eins mætti fara að hjer, og tók jeg þá fram, að á Ísafirði mætti fá hús með góðri leigu.

Jeg sje ekki, að þetta geti verið nokkur frágangssök; annar kostnaður við stofnunina gæti ekki orðið mikill.

Um frv. er það að segja, að það getur staðið til bóta. Fyrirsjáanlega ræður stjórnin öllu fyrirkomulagi skólans, því að það er reglugerðaratriði; fyrirkomulagið hlýtur að verða líkt stýrimannaskólans.

Það getur verið erfitt að koma skólanum upp 1918, en það getur þá orðið 1919, eða næsta haust, sem fært yrði.

Mjer er sama, hver nefnd fær málið. Það má gjarnan fara til mentamálanefndar, því að þangað ganga búnaðarskólar og barnaskólar.

Pjetur Jónsson: Jeg vil styðja það, að málið gangi til mentamálanefndar, jafnvel þótt það sje skyldara sumu, sem heyrir undir sjávarútvegsnefnd. Yfirleitt munu skólamál fara þangað, og þangað var vísað húsmæðraskólafrv. í Ed.

Endinn skyldi í upphafi skoða. Þegar um fyrirtæki landssjóðs er að ræða, þá verða menn að hugsa út í afleiðingarnar fyrir landið í heild sinni. Jeg tek þetta fram af því, að hjer er að ræða um skólastofnun á Ísafirði, og er ein höfuðástæðan, að þar hafi verið beðið um hann. Jeg býst við, að ekki standi lengi á samskonar beiðni frá Akureyri, og þá líklega líka frá Austfjörðum. Á þessu verður nefndin að átta sig, hvort t. d. heppilegt sje eða nauðsynlegt að hafa sinn stýrimannaskólann í hverjum landsfjórðungi.

Jeg vakti athygli á því, hvort ekki væri hugsanlegt, að vjer gætum komist af með einn skóla fyrst um sinn, og þyrftum engan hjeraðameting um það, og hvort það yrði þá ekki Reykjavík, sem hefir mestar samgöngur allra staða á landinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til mentamálanefndar (sjá A. bls. 1614) í e. hlj.

Á 25. fundi í Nd., laugardaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 44, n. 221).

Frmsm. (Magnús Pjetursson): Jeg þarf ekki að svo stöddu að bæta miklu við það, sem stendur í nefndarálitinu á þgskj. 221. Þar eru teknar fram höfuðástæðurnar fyrir því, að mentamálanefndin leggur til, að frv. nái ekki fram að ganga. Auk þess var nokkuð af þeim tekið fram hjer á dögunum, í umræðum um annað mál, sem nokkuð var skylt þessu. Það virðist einkum hafa vakað fyrir háttv. flm.

þessa frv., að þörf væri á fleiri skólum, til þess fyrst og fremst að veita fræðslu þeim skipstjóraefnum, er skipstjórn eiga að taka á mótorbátum, frá 12—30 smál. að stærð. Nefndinni fanst ekki þurfa að setja upp svo mikið bákn, til þess að veita þá fræðslu, því að það er ekki svo mikill lærdómur, sem til þess þarf, að hægt ætti að vera að kenna hann án þess að setja upp fullkomna skóla. Enda ætlast flm. auðsjáanlega til, að meira verði kent við skólana en þetta, því að frv. tekur það beinlínis fram, að sömu námsgreinar skuli kendar þar og kendar eru við fiskiskipstjóradeild stýrimannaskólans í Reykjavík. Þar sem það mun þó hafa verið aðalatriðið að fá skóla handa skipstjóraefnum á smáskipum, þá fanst oss ekki nema sjálfsagt, að nægilegt fje væri veitt til þess að halda uppi námsskeiðum handa þessum mönnum, og gera þau svo úr garði, sem þörf krefur.

Annað var það, sem kom fram í nefndinni, en ekki er tekið fram í nefndarálitinu, að þótt ástæða virtist til að setja skólann á stofn, þá er samt ekki heppilegur tími til þess nú. Ef það yrði ofan á, við nánari athugun, að ráðlegt þætti að setja upp marga sjómannaskóla, dreifða um landið, í stað þess að hafa skólann einn, þá væri eðlilegra, að það mál væri tekið til rækilegrar yfirvegunar fyrst, og reynt að ráða fram úr því í heild sinni, áður en farið er að setja á stofn einstaka skóla. Jeg geri ráð fyrir, að þá yrði samið eitthvert kerfi yfir skólafyrirkomulagið, og væri þá sjálfsagt að sníða skólana eftir því. Jeg tek þetta fram, ef þetta fyrirkomulag skyldi verða ofan á. En jeg get um leið tekið það fram, fyrir nefndarinnar hönd, að hún er eindregið á móti því, að skólarnir sjeu dreifðir. Hún álítur betra að hafa að eins einn skóla og vanda sem best til hans. Jeg þarf ekki að taka það fram, að nefndin væri fús á að leggja sitt til, að stýrimannaskólinn hjer væri efldur og aukinn, eftir því sem þörf krefur. — Jeg geri ráð fyrir, að hv. flm. geri sig ekki ánægðan með þessa niðurstöðu nefndarinnar, og segi eitthvað, til að andmæla henni. Jeg vil því bíða eftir mótbárum hans, en segi ekki meira að sinni.

Matthías Ólafsson: Jeg hefi gert mjer far um að setja mig inn í hugsanagang mentamálanefndarinnar, en mjer er ómögulegt að komast að þeirri niðurstöðu, að hún hafi komist að rjettri niðurstöðu. Það var ekki heldur við því að búast, þar sem nefndin er skipuð tómum landmönnum, sem sjaldan hafa á sjó komið. Menn geta ekki ætlast til þess, að mentamenn og bændur geti sett sig inn í þarfir og kröfur sjómannastjettarinnar. En málið er búið að ganga í gegnum hendur sjómannastjettarinnar. Það hefir verið rætt á fiskiþinginu og fjórðungsþing fiskifjelagsins hefir haft það til meðferðar, og það er eindreginn vilji þeirra allra, að skólinn verði stofnaður. Allar stofnanir sjómannanna eru þar á einu máli. Það má segja, að frv. sje þeirra verk. Við flm. höfum orðað það eftir margyfirlýstum vilja, og sjálfur skólastjóri eina stýrimannaskólans á landinu lítur sömu augum á málið.

Það er ekki rjett, að aðaltilgangur flm. hafi verið sá að fá próf handa skipstjórum á smáskipum. Ef svo hefði verið, þá hefði verið hægt að láta sjer nægja „pungaprófið“ — sem svo er alment nefnt fyrir vestan — við skólann. Vjelbátar eru nú alment að stækka. Eru margir þeirra 30—40 smál. og sumir jafnvel alt að 60 smál. Það er því orðin þörf á miklu meiri viðkomu af skipstjóraefnum en áður, og nauðsynlegt að hafa skóla sem næst þeim stöðum, sem útvegurinn er mestur á. Auk þess, hvað það kostar mikið að dvelja í Reykjavík við skólanámið, þá verða menn oft fyrir tilfinnanlegu at-

vinnutjóni við það, að þeir verða að sleppa vinnu sinni lengri eða skemri tíma áður en þeir komast hingað, til þess að sitja yfir ferðum, og svo verða þeir oft að bíða hjer, að loknu námi, áður en þeir geta farið að vinna. Það verður því miklu hentugra fyrir alþjóð, að skólinn sje settur á stofn.

Hvað viðvíkur því, að skólinn verði ekki eins fullkominn og tilsvarandi deild við skólann hjer í Reykjavík, þá er það eintómur misskilningur. Það er tekið fram í frv., að prófúrlausnir skuli samdar hjer, og sniðnar eftir kröfum þeim, sem gerðar eru til nemenda hjer. Það leiðir því af sjálfu sjer, að kenslan verður að vera svipuð. Það tíðkast í Danmörku, að úrlausnir við próf eru sendar frá Kaupmannahöfn, til þess að tryggja samræmi milli skólanna, og það ætti eins vel að geta tekist hjer.

Mjer hefir aldrei dottið annað í hug en að það yrði nokkru dýrara fyrir landssjóð beinlínis að setja nýjan stýrimannaskóla á stofn. En það er sparnaður fyrir heildina, og því ódýrara í raun og veru. Fyrir því er enginn vafi á því, frá mínu sjónarmiði, að þann kostinn eigi að taka.

Það var af hendingu, að stýrimannaskólinn lenti hjer. Maðurinn, sem eingöngu beitti sjer fyrir því, að skólinn yrði stofnaður, var Vestfirðingur. En til allrar óhamingju fluttist hann hingað, og það varð til þess, að skólinn ílentist hjer. Fyrsti stýrimannaskólinn átti að koma á Ísafirði. Þar var þá sjósókn mest og mörgum þilskipum haldið úti, og þaðan var maðurinn, sem stofnaði skólann. Það virðist nokkuð hart, að hjeraðið eigi alla tíð að gjalda þess, að maðurinn flutti hingað. — Sje þetta ekki sanngjörn krafa, þá veit jeg ekki, hvað er sanngjörn krafa. Ef það hjeraðið, sem lengst hefir stundað sjó og mest goldið til landssjóðs af sjávarafurðum, getur ekki gert aðra eins kröfu og þetta, þá er það bara af því, að menn vilja draga alt hingað.

Í nefndarálitinu stendur, að gera mætti ráð fyrir, að krafist yrði að stofna 4—5 slíka skóla. Því segja þeir ekki eins 10. Jeg sje enga ástæðu til að gera ráð fyrir fleirum en einum í hverjum landsfjórðungi, og þeir eru þó ekki nema 4. (B. J.: 5. í Reykjavík). Tilheyrir Reykjavík ekki neinum landsfjórðungi? (B. J.: Það sagði jeg ekki). Nei, en tilefni var til að taka orðin svo. (B. J.: Fyrir þá, sem ekki kunna að ályktа). Jú, einmitt fyrir þá, sem kunna að ályktа. —

Jeg fyrir mitt leyti er við því búinn, að fleiri landsfjórðungar sigli í kjölfar Vestfirðinga og geri kröfur til stýrimannaskóla. En nokkurt álitamál mundi þó vera, hvort ástæður eru jafnveigamiklar alstaðar. Akureyri kæmi að sjálfsögðu næst. Þar er útvegur orðinn svo mikill, að ástæða gæti virst til að stofna þar skóla innan skams. Aftur á móti mundi slík krafa ekki tímabær á Austfjörðum. Þar er svo sáralítið til af stærri vjelbátum, að ætla má, að langur tími líði, áður en þeir þurfi á sjómannaskóla að halda. Því miður, liggur mjer við að segja. Jeg vildi, að sá tími yrði sem stystur. Það benti á hraða framför í sjávarútveginum, þar eins og annarsstaðar.

Jeg held, að rökin fyrir því, að skólann eigi að stofna, sjeu meiri en þau, sem nefndin hefir á móti. Jeg vona því, að hv. deildarm. geti alveg eins eftir sem áður, hver einstakur, sjeð hvað gera á, því að nefndarálitið getur varla breytt skoðun manna. Vonandi sjá menn, að krafan er sanngjörn og málið vel undir búið, af hálfu þeirra manna, sem finna til þarfarinnar. Nefndarálitið er aftur á móti komið frá mönnum, sem ekki er ástæða til að halda, að hafi eins glögt auga fyrir þörfum sjómannastjettarinnar, sem borin er fram í frv. Fyrir því mælir meira með frv. en

nál., og jeg þykist enn hafa jafnmikla von um framgang málsins.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg skal ekki þrátta við hv. flm. (M.Ó.) um það, hvort nefndin beri skyn á þessa hluti eða ekki. En hvernig sem því nú er farið vildi hún fara eftir sinni eigin skoðun í þessu máli, en ekki byggja eingöngu á áliti annara.

Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði það misskilning hjá nefndinni, að í frv. væri eingöngu átt við smærri skip. Jeg sagði ekki, að eingöngu væri miðað við smærri skip, heldur að *aðallega* væri við þau miðað, enda er það ekki nema eðlilegt, því að á þeim stöðvum, þar sem skólanum er ætlað að vera, er mest um smáskip. Vel getur það verið rjett, að þörf sje fyrir meiri viðkomu á stýrimannaefnum. En mjer er ekki kunnugt, að stýrimannaskólinn hjer geti ekki tekið á móti svo mörgum, sem þörf er á. Vitanlegt er, að hann getur ekki sjeð fyrir skipstjórum á alla báta, sem eru frá 12—30 smálestir að stærð; handa þeim þarf sjerstök námsskeið, eins og nefndin hefir líka fallist á. Að þessu leyti fer nefndin jafnvel lengra en frv., þar sem hún vill hafa námsskeiðin víðar um land.

Það væri auðvitað kostnaðarminst fyrir stýrimannaefni og þægilegast, að þau þyrftu ekki að sækja nám langt frá heimilum sínum. En það eru fleiri en sjómenn, sem þurfa að sækja nám langar leiðar. Jeg verð að álíta, að sú atvinna, sem sjómenn eru að búa sig undir, sje svo arðvænleg, að ekki þurfi að vorkenna þeim, þótt þeir leggi nokkuð í kostnað, til að afla sjer undirbúningsmentunar.

Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, að mentun stýrimannaefna myndi verða jafnfullkomin þótt skólarnir yrðu fleiri, og þá um leið líka miani. En jeg verð að halda því fram, að *meiri* líkur eru til, að hún yrði góð, ef lagt er alt kapp á að efla einn skóla. Þm. sagði, að ekki mætti horfa í, þótt þetta myndi auka nokkuð útgjöld landssjóðs, ef það væri nauðsynlegt. Jeg get fallist á það með honum. Það kemur hvergi fram í nefndarálitinu, að það sje vegna kostnaðarhliðarinnar, sem hún hefir ekki getað fallist á frv.

Það er auðvitað rjett hjá þm., að það var óhamingja fyrir Vestfjörðu, að stýrimannaskólinn skyldi ekki lenda þar. Hins vegar finst mjer hann gera nokkuð mikið úr þörf Vestfjarða fram yfir aðra fjórðunga landsins. Ef skólinn hjer væri orðinn svo ónýtur, að það þyrfti að byggja hann upp af nýju — og þess verður að líkindum ekki langt að bíða, — skilst mjer, að hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) myndi berjast með hnúum og hnefum fyrir, að hann yrði fluttur til Vestfjarða. Það hefir ekki vakað fyrir nefndinni að draga alt til Reykjavíkur. Það er sama, hvar skólinn hefði staðið; hún hefði verið á einu máli um að efla bara *einn* skóla eftir mætti.

Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, að nefndin hefði alveg eins getað nefnt 10 skóla eins og 4—5. Fyrir nefndinni vakti, að skóli yrði í hverjum fjórðungi, ef skóli á Vestfjörðum kæmist í framkvæmd, auk skólans í Reykjavík. Nefndinni var kunnugt, að Vestmannaeyingar myndu krefjast að fá skóla hjá sjer, ef skóli yrði stofnaður á Ísafirði, enda gætu þeir það með jöfnum rökum og Ísfirðingar.

Ef nú ætti að bæta við einum stýrimannaskóla, væri heldur alls engin sönnun fyrir, að hann ætti að setja á Vestfjörðum fyrst. Ef það væri borið undir sjómannastjett landsins, hvar ætti að setja hann, efast jeg um, að hún myndi vilja setja hann þar.

Matthías Ólafsson: Jeg vil fyrst mótmæla þeim misskilningi, að fyrir mjer

hafi eingöngu vakað að sjá með þessari skólastofnun fyrir undirbúningsmentun skipstjóra á smærri skip. Hitt hefir með al annars vakað fyrir mjer, að kröfur til þeirra væru auknar. (**M. P.**: Þá þarf að breyta lögunum). Vitanlega. En fyrst þyrfti að sjá fyrir, að sjómenn hefðu tækifæri til að fullnægja skyldunum, sem væru lagðar þeim á herðar. Menn, sem hefðu rjett til að fara með 12—30 smálesta skip, ættu að hafa tekið minna stýrimannaprófið. 12 smálesta skip er nú oft meira virði en skútur frá 30—40 smál. voru áður. Það má ekki eingöngu miða við stærðina, þó að svo hafi verið gert, til að hafa einhver föst takmörk.

Það er öllum kunnugt, að kenslan er yfirleitt ekki eins góð í stórum skólum *eins og litlum*. Í stóru skólunum eru fleiri nemendur um hvern einstakan kennara, og bera því minna úr býtum. Jeg skal ekki segja neitt ljótt um skólann hjer. Hann er sjálfsagt góður. Frá honum hafa menn farið með ágætiseinkunn, en líka þó nokkrir með ljelegri einkunn. Jeg tel sennilegt, að hinir síðari yrðu færri, ef skólarnir yrðu fleiri. Jeg teldi heppilegast, að hjer í Reykjavík yrði fullkomnasti skólinn, en út um landið skólar fyrir skipstjóraefni, sem mættu stýra skipum hjer við land, botnvörpungum og öðrum fiskiskipum.

Hv. frsm. (M.P.) sagði, að vel gæti komið til mála, að skólinn yrði settur annarsstaðar, ef hann yrði settur. Undarlegt þætti mjer, ef ætti að hjálpa þeim, sem hefði þrengri skó, en fyndi ekki til þess, fyr en hinum, sem kvartaði undan skóþrengslum. Það væri hlægilegt, ef fyrsti skólinn væri settur annarsstaðar en þar, sem fyrst er kvartað.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi koma að örstuttri athugasemd. Við, sem erum í mentamálanefndinni, höfum ekki stundað sjó nú undanfarin ár, og höfum litla þekkingu á sjómensku. En við erum ekki heldur að hlaupa í kapp við neinn um sjómenskuþekkingu. Hjer er um skólamál, en ekki um sjómensku, að ræða. Það er sama máli að gegna um sjómannaskóla sem um aðra skóla. Kostnaðurinn við þá er álíka, og landssjóði ber lík skylda til að draga úr kostnaði þeirra, sem sækja skólana, um hvaða skóla sem svo er að ræða.

Það er ómótmælanlegt, sem hv. framsögumaður (M.P.) tók fram, að kostnaður er minni við að hafa einn skóla í Reykjavík en sinn skólann á hverju landshorni. Það eru og stórum meiri líkur til að sá skóli verði góður, sem öllum bestu kröftunum er varið til, en ef mörgum skólum væri dreift um landið. Ef skólahúsið hjer er ofrítið, er betra að bæta við það, eins og þarf, heldur en reisa skólahús út um alt land. Ef kenslukraftarnir hjer eru ekki nægilegir, er og betra að fjölga kennurum hjer heldur en setja kennara úti um land alt. Ef farið er út á þá braut að fjölga skólum, má telja víst, að hver fjórðungur krefjist að fá skóla, og væri engum hægt að neita, ef einum er veitt.

Það er aftur hárrjett hjá hv. flm. (M. Ó.), að ofrítlar kröfur eru gerðar til þeirra, sem eiga að stýra bátum, sem eru frá 12—30 smálestir að stærð. Þeir ættu allir að vera skyldir til að taka „minna prófið". Þar fyrir gætu þeir sótt þekkinguna hingað til Reykjavíkur. Það mundi borga sig betur fyrir landið að borga ferðakostnað þessara manna en að setja skóla á hvert landshorn.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) nefndi í síðustu ræðu sinni, að hann áliti ofrítils krafist af mótorbátaformönnum. Þessi ástæða hefir ekki komið fram fyr, hvorki í greinargerðinni fyrir frv. nje framsöguræðu hans við 1. umr.

Jeg er á sama máli og hann um þetta; hitt er annað mál, að það styður ekki frv. hans. Þessum mönnum er ekki meiri vorkunn að koma hingað en öðrum, sem hafa orðið að taka „minna prófið".

Það var og nýtt hjá hv. flm. (M. Ó.), að fullkomnasti skólinn skyldi vera hjer í Reykjavík, og smærri skólar úti um land. Ef menn hugsa sjer að koma á nýju skipulagi um stýrimannaskóla, þarf að undirbúa það mál vel og yfirvega alt kerfið sem eina heild; en hitt er öfugt, ef svona á að vera, að setja einn skóla, einhversstaðar af handa hófi, lítt hugsað. Ef búið væri að hugsa þetta mál til hlítar væri ekki ólíklegt, að jeg væri með því að hafa æðri stýrimannaskóla hjer í Reykjavík og svo lægri skóla úti um landið. En það, hve þetta er nú illa undirbúið, er einmitt knýjandi ástæða til að frv. það, sem nú liggur fyrir, verði látið bíða. Hægt væri að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, en þar sem nefndin hefir ekki haft þessar nýju ástæður fyrir sjer, skal engin tillaga gerð um það.

ATKVGR.

1. gr. feld með 21 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. A., H. K., M. Ó.

nei: B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., J. J., J. B., M. G., M. P., P. J., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Einn þm. (J. M.) var fjarstaddur.

Frv. því

fallið.

8. Forðagæslulög.

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 12. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um forðagæslu. (A. 47).

Á 10. fundi í Nd., laugardaginn 14. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Benedikt Sveinsson: Til að flýta fyrir umræðunum vil jeg leggja til, að málinu sje vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1612) í e. hlj.

Á 26. fundi í Nd., mánudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 281 og 289).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 11. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 16. ágúst, var frv. enn tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 18. ágúst, var frv. enn tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 22. ágúst, var frv. enn tekið til 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Þetta frv. hefir ekki fengið góðar undirtektir hjá landbúnaðarnefnd, því að 4 af 5 leggja til að fella það, og sá 5. vill að eins samþykkja það með verulegum breytingum.

Það hafa oft komið fram raddir um það að afnema þessi lög. Forðagæslulögin eru ný lög, frá 1913, og hafa ekki verið reynd til hlítar; meira að segja er ekki komin enn forðagæsla á í öllum hreppum.

En hvað er það nú, sem menn setja út á lögin? Mjer finnast mótbárur gegn þeim vera að mestu út í bláinn, enda er sannleikurinn sá, að landsmenn hafa ekki enn kynt sjer þetta mál svo vel, að þeir geti litið á það rjettum augum. Í ástæðum fyrir frv. er þess getið, að lögin sjeu óvinsæl. En hvers vegna eru þau það? Hvað finna menn að þeim? Nú verður það ekki sjeð af frv., að skyldum manna í þessu efni sje breytt að nokkru leyti. Það mætti þó ætla, að þeir, sem ekki vilja hlíta lögunum, vildu breyta þessu, en því er ekki að heilsa, eins og sjá má af 7. gr. Það, sem jeg, sem kunnugur maður framkvæmd laganna, hefi helst álitið að almenningur fyndi að, er það, að menn hafa ekki til hlítar áttað sig á matinu og því, hvort það sje á rjettu bygt. Hjer er sem sje um nýja aðferð að ræða við mat á heyjum, sem jeg er hræddur um, að matsmenn hafi ekki sett sig vel inn í og almenningur alls ekki. Það er athugandi, að ákvæðin í forðagæslubókunum um matið eru svo, að mönnum verða þau torskilin, og eins í skýrsluformunum. Það er ákveðið, að heyin skuli bæði mæld og *metin* í teningsmetrum, og þetta hefir vilt mönnum sýn, svo að margir hafa lent í vandræðum og ekki treyst sjer til að meta heyin þannig, heldur sett annað mat, hesta eða pund. Þetta er slæmt, en það er ekki lögunum að kenna, heldur því, að bændum er ekki nógu ljóst, hvernig þeir eigi að framkvæma þetta mat. Það er víst bjargráðastjórnin, sem útvegar bækurnar og líklega hlutast til um formið, en hvernig sem því er varið, þá er það óheppilegt form að hafa matið í teningsmetrum, og varð til af einhverjum misskilningi, og leggur því meiri hluti nefndarinnar í frv. sínu til að ákveða þyngd heysins, og sje fóðurforðinn í matsdálki talinn í forðamálum. Áður var heyið metið eftir hestum, og gekk það slysalaust; raunar voru menn þá líka óánægðir með gamla lagið, og voru sumir svo nánasarlegir að sjá eftir þeim skildingum, sem gengu til skoðunarmannanna, en yfirleitt gekk þetta þó möglunarlítið. En forðamatið var meira og minna ónákvæmt og af handahófi. Þessi löppun upp á eldri lögin, sem fram fór 1913, átti auðvitað að koma í veg fyrir horfelli, og meðan svo er, að menn kunna ekki að setja á, þá er ekki um annað að gera en að hafa eftirlit með ásetningu. Það er svo enn í dag, að menn athuga ekki nógu gaumgæfilega, hvað langt þeir megi fara, og komast svo í heyþrot. Menn dreymir um það á haustin, að veturinn verði góður og setja svo á upp á von og óvon, án þess að nokkurt vit sje í.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar hefir ekki getað sjeð, að neitt verulegt sje út á forðagæslulögin að setja, að öðru leyti en því, að í þeim þyrftu að vera ákvæði, sem segi fyrir, hvernig fóður skyldi metið, því að það hlýtur að vera meiningin, fyrst að lögin eru sett, að framkvæmdirnar verði sem líkastar um alt land. Að vísu eru staðhættir mismunandi hjer og þar, en jeg get samt ekki sjeð neitt því til fyrirstöðu, að sama reglan geti gilt alstaðar. — Þessu máli til skýringar skal jeg geta þess, hvernig

þetta hefir gengið til í Norður-Múlasýslu, og hvernig þessar skýrslur hafa reynst. Síðan byrjað var á að semja þessar skýrslur, eins og lögin mæla fyrir, urðum við varir við það í Norður-Múlasýslu, að vikið var víða frá skýrsluforminu, og að skýrslunum var í hinu og öðru ábótavant, og svo framarlega sem nokkurt gagn ætti að þeim að vera, þá yrði að ráða bót á þessu, því að eins og það var þá var það svo að segja óþolandi. Niðurstaðan á sýslufundi varð síðan sú, að maður var kosinn til að athuga skýrslurnar og hvað að þeim væri og koma síðan með tillögur, hvernig þetta yrði best lagfært. Þessi maður lagði svo til, að reglugerðinni skyldi breytt þannig, að í staðinn fyrir „mat í teningsmetrum“ kæmi „mat í forðamálum“. Í hverju forðamáli eru 33,5 kg. af heyi. En þetta núverandi forðamál, sem bygt er á, hefir Guðjón Guðlaugsson, fundið, samkvæmt rannsóknum, sem hann hefir gert. Hann hefir lengi verið skoðunarmaður, og kom með tillögur um, að hey skyldi þannig metið, að viss tala forðamála skyldi gerð í hverjum teningsmeter heys. Nú vitum við allir, að þegar tekið er mál af heyi, þá eru heyin misjafnlega gerð, sum föst, en sum aftur laus, og gerir það auðvitað erfiðara að fá út það rjetta. En aðferðin er þá þannig, að fyrst er mælt, hversu margir teningsmetrar heyin sjeu, og síðan verður að giska á, hversu mörg forðamál megi gera í hverjum teningsmeter, og þegar maður síðan hefir fengið tölu forðamálanna, þá er auðvelt að sjá, hversu mikil heyin eru og hve lengi þau endast. Þetta sjá allir, að er miklu vissari leið og fer nær því rjetta um heyin en ef alt á að vera óbundið og ekki farið eftir neinum ákveðnum reglum. Þetta er alls ekki vandalaust starf, að vera skoðunarmaður, en ef engar reglur eru settar, er miklu meiri hætta á, að menn kasti til þess höndunum. — Hv. flutningsmenn leggja mikla áherslu á það, að forðagæslumenn sjeu vel valdir, og telja það aðalatriðið. Mjer dettur ekki í hug að bera á móti því, en hitt álít jeg engu síður áríðandi, að vandað sje til um matið á heyjum með föstum reglum. Að öðrum kosti er altaf mikil freisting til að fara eftir ónákvæmum upplýsingum um forðann, þegar engar skyldur hvíla á mönnum þar að lútandi. Nú kunna sumir að segja, að skoðunarmenn fari mjög nærri um heyforðann, þó að ekki sje mælt, en sannleikurinn er sá, að það hlýtur altaf að vera af handahófi gert, og á fárra manna færi að komast nálægt því rjetta.

Í ástæðum fyrir frv. er lögð áhersla á að binda menn ekki við form, enda er það ekki gert í frv. En þá breytingu telur nefndin mjög misráðna og fram komna af ókunnugleika á málinu. Vísa jeg í nefndarálitið, þessu til sönnunar.

Nefndin hefir ekki heldur getað fallist á þá skoðun, að sömu reglur geti ekki gilt alstaðar. Jeg hefi hugsað þetta mál, og auk þess verið forðagæslumaður í nokkur ár, og get því talað af töluverðri reynslu. Jeg er sannfærður um það, að ef forðagæslumenn notuðu þessi lög dálítinn tíma, mundi svo fara, að þeim þættu lögin góð. Það er áreiðanlega í alla staði heppilegra að mæla heyin og meta eftir því en giska á af handahófi, og síðan er altaf hægt að reikna út forðann eftir einhverju lögboðnu forðamáli; það þarf ekki endilega að vera forðamál Guðjóns Guðlaugssonar. Jeg held, að það væri mjög misráðið að breyta frá í þessu efni, því að þótt aldrei neina sje satt, sem hv. flm. segja, að óánægja sje með forðagæslulögin, þá held jeg, að hún sje eingöngu sprottin af misskilningi og þeim galla, sem er á skýrsluforminu um matið og jeg hefi minst á. Þá er og önnur breyting, sem hv. flm. hafa fram að bera, sem sje kosning forðagæslumanna.

Jeg hygg, að það sje hvorki nauðsynlegt nje að betur fari á því að láta sýslunefndir kjósa þessa menn. Það gæti hæglega viljað til, að þær væru ekki nægilega kunnugar, og veldu til þess menn, sem hvergi nærri væru færir til þess, eða gætu ef til vill ekki farið að heiman í skoðunarferðir, þegar fara ætti. Hitt tel jeg heppilegra, að hreppsbúar kjósi mennina sjálfir; þeir eru þeim kunnugastir, og það er í þeirra þágu, að sem best sjeu valdir, enda er það mjög áríðandi, eins og jeg tók fram áðan. Um það er jeg flm. alveg sammála.

Þá kem jeg að launaspursmálinu. Hvað hækkun á launum skoðunarmanna viðvíkur þá hygg jeg, að hún sje best fallin til þess að auka óánægju með þessi lög meir en hefir verið. Því að mjer er kunnugt um það, að bændum hefir þótt fullkomlega nóg að borga 2 kr. á dag, hvað þá ef þeir ættu að borga 5 kr., enda þótt jeg viðurkenni, að í sjálfu sjer sje 5 kr. alls ekki ofhátt. Jeg álít, að þetta verði óheppileg breyting, bæði af þessari ástæðu, sem jeg nefndi, og enn fremur af því, að jeg held, að í hverri sveit sjeu til vel færir menn, sem vildu taka að sjer að vera skoðunarmenn fyrir mjög litla þóknun. Því að nú er svo komið, að áhugi er vaknaður í hverri sveit fyrir sig, fyrir því að standa sem best að vígi, og sú skoðun orðin föst hjá mönnum, að þjóðarskömm sje bæði út- og inn á við, ef ekki er hægt að afstýra horfelli. Það er nú öllum ljóst, að þetta ásetningarmál er stórþýðingarmikið mál, þótt menn að vísu geti greint á um, hvernig því sje best fyrir komið. Eitt af því, sem mælir með því, að forðagæslumenn sjeu hafðir, er það, að bændur hafa hitann í haldinu, þeir sem hættast er við felli hjá, þegar þeir eiga von á slíkum mönnum til skoðunar, en þó auðvitað því að eins, að þessir menn sjeu í alla staði virðingarverðir heiðursmenn, sem vel er treystandi. Jeg hygg, að hv. flm. hafi komið með þetta frv. af þeirri ástæðu, að þeir hafa ekki kynt sjer þetta mál nógu vel, og farið altof mikið eftir umkvörtunum og aðfinnslum annara. En jeg tel efalaust, að þeir komist á aðra skoðun, ef þeir rannsaka málið á ný og tala við menn, sem þekkja það út í æsar. — Hv. minni hluti landbúnaðarnefndar vill samþ. frv. með ýmsum breytingum, sem hann tiltekur. Fyrsta breyting er um kosningu forðagæslumanna, og er hann þar sammála meiri hluta, en svo er önnur breyting á því, hve nær skoðun skal fara fram.

Hv. minni hluti vill hafa 1—2 skoðanir, eins og segir í 3. gr.: „Hver forðagæslumaður skal að minsta kosti einu sinni á vetri koma til eftirlits á hvert heimili, sem honum er falið til umsjónar, og fari það eftirlit fram síðla vetrar. Þar að auki skal hann kynna sjer vandlega að vorinu fyrningar og skepnuhöld á hverju heimili". — Þessi aðferð, sem hjer greinir, held jeg að sje mjög misráðin hjá hv. frsm. minni hl. (E. Árna.), þar sem hann fer ekki fram á haustskoðun, því að það er einmitt sú skoðun, sem mest ríður á og alt er undir komið. Að öðrum kosti fer að verða þýðingarlítið að hafa þessa gæslumenn. Það er meiningin, að forðagæslumaður gefi þeim, sem hlut á að máli, bendingar um það, hvernig hann standi að vígi með ásetningu undir veturinn, og að hann hagi sjer síðan eftir því. Líka getur það verið heppilegt, að gæslumaður líti á, hvernig skepnur líti út, því að það getur orðið bændum hvöt til að láta þær líta sem best út, ef þeir eiga von á slíkri skoðun. Í nefndaráliti hv. minni hluta er enn fremur talað um það, að það sjeu ekki ströng lagaákvæði, sem komi að tilætluðum notum í þessu máli, heldur þurfi hvötin að koma innan frá hjá hverjum einstaklingi. Þetta er auðvitað gott og blessað, svo framarlega sem þessi

hvöt er nógu rík hjá mönnum. En að svo er ekki, sýnir reynslan betur en nokkuð annað.

Annars þykir mjer hálfundarlegt, að hv. sami þm. (E.Árna.) gengur alveg fram hjá þessum ströngu lagaákvæðum í tillögum sínum. Ákvæðin um skyldur þeirra, sem komast í fóðurþröng, standa óbreytt.

Við þessi ákvæði hefir hv. þm. (E.Árna.) ekkert að athuga. Það, sem mjer að öðru leyti finnst einna mestu máli skifta hjá forðagæslumönnum, er að þeir fari nógu skynsamlega og vægilega í sakirnar, þegar þeir gefa mönnum bendingar um, hvernig þeir sjeu staddir. Þetta á að vera eins og hvert annað spjall manna á milli, því að þá er engin hætta á, að það móðgi menn, þó að sagt sje greinilega, hvað að sje.

Sje heyið oflítið, sem sett hefir verið á fyrir veturinn, þá má með viturlegum orðum sannfæra menn um, að þetta endist ekki og það verði að útvega meira fóður. Sje þetta gert nógu lipurlega, þá efast jeg ekki um góðan árangur. En aftur á móti mundi allur ofstopi og frekja leiða til ills eins, eins og jafnan vill verða. Nú hefir nefndin leyft sjer að koma með þá breytingu við forðagæslulögin, að skoðunarmenn fái minst 2 kr. á dag, og að mældar sjeu hlöður og tóftir og hey metið í forðamálum, en ekki í ten. metrum.

Auðvitað má breyta málinu með reglugerðarákvæðum, en nefndinni þótti vissara að fá þetta inn í lögin.

Komist þessi breyting á, verður matið miklu nákvæmara og skýrslugerðin langtum auðveldari.

Ef þannig yrði gengið frá málinu, fengi hagstofan sannar skýrslur til að vinna úr, því að svo er til ætlast, að hún fái útdrátt úr skýrslunum árlega. Jeg tel það ekki lítils virði fyrir eftirkomendurna að hafa nákvæmar og sannar skýrslur um þetta efni.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta, en vil að eins bæta því við, að mjer er kunnugt um, að forðagæslumenn hafa oft verið í mestu vandræðum, hvernig þeir ættu að meta heyin eftir skýrsluforminu. Að meta hey í teningsmetrum er alveg rangt; heyið á að meta í fóðureiningum, sem hafa vissan þunga. Bændur vilja fá að vita um hestatöluna. Það getur forðagæslumaður sagt þeim undir eins, ef hann metur í forðamálum, því að hvert forðamál á að hafa vissan þunga, eins og heyhesturinn

Jeg vil svo að endingu skjóta því til hv. flm. og minni hl., hvort þeim sýndist ekki, að rjett væri að láta þessi lög standa dálitið lengur, svo að hægt sje að sjá til fullnustu, hvernig þau reynast.

Frmsm. minni hl. (Einar Árnason): Eins og þingskjal 289 ber með sjer hefi jeg ekki getað orðið hv. meðnefndarmönnum mínum samferða í þessu máli. Jeg get sparað mjer að tala mikið um málið alment hjer, því að það, sem jeg vildi sagt hafa, er tekið fram í nefndarálitinu. Jeg er hv. meiri hluta sammála, hvað 1. og 2. breytingu snertir, því að jeg tel þær ekki vera til neinna bóta. Það er áreiðanlega heppilegra, að skoðunarmennirnir sjeu kosnir af sveitum heldur en að láta sýslunefndir gera það, því að jeg veit, að það er oft gert með samkomulagi manna milli innbyrðis, og það er einmitt besta tryggingin fyrir, að mennirnir verði vel valdir og góð samvinna náist. Sýslunefndir eru aftur á móti oft ekki nægilega kunnugar til þess, að þeim geti tekist það nægilega vel.

Eins og hv. frsm. meiri hlutans (J. J.) tók fram gæti þetta líka komið allhart niður á einstökum mönnum, með því t. d., að sýslunefnd skipaði þann mann til starfsins, er alls ekki gæti sint því, einhverra

hluta vegna. Verður hann þá að skorast undan, og gæti þá alt lent í rekistefnu aftur og fram.

Auðsjeð er á nál. meiri hlutans, að hann telur lögin óvinsæl, og það ekki svo lítið. Þá væri víst ekki úr vegi að kynna sjer, hvað þeim óvinsældum veldur, og reyna að ráða bót á því. Jeg hefi gert mjer alt far um að afla mjer upplýsinga um þessi lög, síðan þau komu í gildi, hvernig þau eru framkvæmd, hvernig mönnum geðjast þau, og hvert gagn þau hafa gert, og niðurstaðan hefir orðið þessi. Lögin hafa allvíða alls ekki verið framkvæmd, og þar sem það hefir verið gert, þá er það nafnið eitt, hvað haustskoðanirnar og skýrslugerðirnar snertir.

Það er nú alls ekki af því, að lögin sjeu svo óvinsæl í heild sinni, að þetta gengur svo, heldur eru það einstök atriði í þeim, og þá einkum haustskoðanirnar og þessar fyrirskipuðu skýrslugerðir. Er jeg þá kominn að brtt. minni við 3. gr., sem fer í þá átt að lögskipa ekki haustskoðanir, heldur veita heimild til þess, að þær fari fram. Því hefir verið haldið fram, að þetta væri að kenna skilningsleysi manna, að vilja ekki haustskoðanir. En það er ekki rjett. Það er ekkert undarlegt, þótt gamlir og reyndir bændur — og þeir eru margir í hverri sveit — sem ætið hafa verið bjargvættir sinnar sveitar, brosi að bröltinu, er komið er heim til þeirra á haustnóttum, til þess að mæla heyskapinn í álnum og telja kindurnar, meðan þeir horfa á það, að óráðlingarnir, — sem aldrei geta verið annað en óráðlingar, þrátt fyrir allar lagasetningar — eru heylausir á vorin, eins og áður, þrátt fyrir allar haustskoðanir og fordagæslumenn, og þurfa að fá hjálp. Þetta er ekkert skilningsleysi. Þvert á móti. Þeir sjá þarna hinn raunverulega sannleika í þessu efni. Það hefir verið sagt um reynsluna, að hún sje ólygnastur dómari í hverju máli. Og þá er rjettast að líta yfir undanfarin ár. Öll vorin, síðan lögin komu í gildi, að undanteknu þessu síðastliðna, hefir verið meira og minna heyleysi og jafnvel fjárfellir um alt land. Engin má þó skilja orð mín svo, að jeg telji þetta haustskoðununum að kenna. Jeg held sem sje, að það verði aldrei hægt að kenna þeim neitt, og ekki heldur þakka. Til þess eru þær ofmikið „humbug“. Og þetta er alt ofureðlilegt. Fordagæslumenn hafa í sumum sveitum lítil skilyrði eða aðstöðu til að gera gagn, og í sumum sveitum alls engin, og það einmitt í þeim sveitum, sem helst væri þörf á því, þeim sveitunum, sem verða ætíð að setja að meira eða minna leyti á „guð og gaddinn“. Það er ekki ætíð af tómri heimsku, að menn setja illa á. Það getur í mörgum sveitum verið nauðsyn, en sumir gera það af gróða von, og þeir menn kæra sig alls ekki um neina hnýsni annara um það, og leiða þá eðlilega fordagæslumanninn á villigötur. Það er líka ofur auðvelt, því að ekki veit hann, hversu margir hestar eða kindur eru úti um hagann. Hjer verður gagnið ekkert. En þótt nú fordagæslumaður sæi, að illa væri sett á hjá einhverjum búanda, þá getur hann ekkert að gert, því að hann er valdlaus, og bóndi situr við sinn keip. Hjer ber að sama brunni.

En setjum nú svo, að fordagæslumönnum væri fengið ótakmarkað vald í hendur til að lóga búfje manna eftir sínu höfði; þá er jeg viss um, að enginn einasti fordagæslumaður á landinu myndi taka á sig þá siðferðislegu ábyrgð, sem því væri samfara, að farga fjenaði bænda þeim að nauðugu. Og þá er ekki enn neinu takmarki náð. Það er vitanlegt, að hjer á landi eru margar sveitir, þar sem hross, hundruðum saman, ganga úti á vetrum, og er ætlað lítið eða ekkert fóður. Myndi löggjafarvaldið vilja stuðla að því, að all-

ur sá fjöldi yrði skotinn niður einn góðan haustdag, og með því stofna til fjárhagsvandræða í þessum sveitum? Það er naumast líklegt. En ef þetta er ekki gert, þá er ásetningsskoðun að haustinu ástæðulaus. Eða ef litið er yfir allar þær sauðfjárræktarsveitir í landinu, þar sem óhjákvæmilegt er, að setja fjenaðinn að mestu á útbeit, vegna heyskaparleysis. Í mörgum árum gengur þetta vel, en oft hefir þó komið fyrir, að landbeitin lokast af fönnum, en fjörubeitin af hafís. Ef nú þessar sveitir eiga ætíð að vera tryggar í versta vetri með nægar fóðurbirgðir, þá eru þær bókstaflega dauðadæmdar sem landbúnaðarsveitir. Hjer ber því enn alt að sama brunni, og niðurstaðan verður sú, sem reynslan er þegar búin að sýna.

Enn vil jeg taka eitt fram í þessu sambandi. Með þessum þýðingarlausu haustskoðunum er lömuð sjálfstæðishvöt og ábyrgðartilfinning manna, auk þess sem athafnafrelsi einstaklingsins er herfilega misboðið.

Mjer skildist á hv. framsm. meiri hl. (J. J.), að hann teldi skýrslugerðina einn aðalbjargvættinn í þessu máli. Um þessar skýrslugerðir hygg jeg að verði vægast sagt, að þær geri hvorki gott nje ilt, og enga nauðsyn tel jeg á því, að allir hafi sömu aðferð um mælingu heyja. Tel jeg rjettara, að fordagæslumenn ráði sjálfir, hvernig þeir haga því. Aðalatriðið er, að þeir fái á einhvern hátt yfirlit yfir ástandið í hreppnum, og gefi hreppsnefnd glögga skýrslu um það, svo að hún geti, í samráði við fordagæslumenn, ráðið fram úr vandræðum, ef þau eru fyrir hendi. Hv. framsm. (J. J.) talaði um það, að nauðsynlegt væri samræmi í skýrslugerðum um alt land. Jeg sje enga nauðsyn á því, enda verður aldrei neitt samræmi í niðurstöðu þessara skýrslna. Tökum dæmi. Pjetur og Páll eru nágrannar. Jarðir þeirra eru eins, og haustskýrslurnar sýna, að þeir hafa báðir sett á jafnmikil hey. Pjetur hefir nóg hey fram yfir sauðburð, en Páll er heylaus á góu. Hvað er svo hægt að leggja upp úr þess konar skýrslum? Jeg held ekki neitt, fyr en búið er þá að samræma líka allar jarðir, allar sveitir og alla fjármuni á landinu. Nei, jeg er sannfærður um, að sá tími kemur, að þessar löngu og fyrirferðarmiklu skýrslur fá sama dóm og skýrslurnar um alidýrasjúkdóma fengu nú nýskeð í þessari hv. deild. Þær eru ekki til annars en að hrúga upp bunkum af blekugum pappír, þar til stofnað verður embætti til að moka öllu draslinu í sjóinn, — og það væri líka landhreinsun.

Hvað viðvíkur brtt. minni við 7. gr. þá hefi jeg ekkert um hana að segja, annað en það, að jeg mun taka hana aftur, ef brtt. mín við 3. gr. verður feld.

Jeg hefi nú skýrt frá afstöðu minni til frv., er hjer liggur fyrir. Sje jeg því ekki ástæðu til að fara lengra út í málið, en vil ráða hv. deild til að samþykkja frv. með brtt. minum.

Magnús Guðmundsson: Þetta frv. til laga um fordagæslu hefir ekki fundið náð fyrir augum mikils meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Í nefndarálitinu á þgskj. 281 tekur meiri hlutinn upp helstu breytingarnar, er við flutningsmenn ætluðum að gera á fordagæslulögunum, og finst honum víst, að hann tæti þær allar í sundur. Fyrsta breytingin er sú, að sýslunefndir, í stað hreppsbúa, kjósi fordagæslumenn. Jeg geri mikið úr þeirri breytingu. Jeg hefi sagt það áður, að jeg teldi þetta fordagæslumál eitthvert stærsta mál landbúnaðarins, og því afarnauðsynlegt, að fordagæslumenn sjeu vel valdir. Jeg veit, að lögin eru víða óvinsæl; bestu menn vilja helst losa sig við þetta starf, og miður hæfir menn verða fyrir því. Jeg er sannfærður

um, að ef sýslunefndir ættu að velja *mennina, mundi* valið ekki mistakast nærri eins og jeg veit dæmi til að orðið hefir. Það segir sig sjálft, að þegar valdir eru menn, sem jafnvel sjálfir verða heylausir, eða valdir með það eitt fyrir augum, að þeir vilji gefa sig í starfið, þá er ekki að búast við góðum árangri. Svo veit jeg dæmi til þess, að heilir hreppar hafa ekki viljað kjósa, og jeg veit ekki, hvernig á að neyða menn til að nota kosningarrjett sinn, og ekki síst þegar hver hreppsbúi álítur, að það sje til ills eins. Nú vil jeg spyrja hv. meiri hluta landbúnaðarnefndar, hvernig eigi að fara að, þegar enginn hreppsbúa vill kjósa forðagæslumanninn? (S. S.: Þá skipa sýslumennirnir hann). Til þess hafa þeir enga heimild eftir lögunum. Þar stendur að eins, að hreppsbúar skuli kjósa menn*ina*, en ekki, að aðrir skuli skipa þá ella. Þetta hefir komið fyrir í Skagafjarðarsýslu, og þótt þar fengjust góð málalok, var það að eins til bráðabirgða, og var búist við breytingu, þar sem búið var að skora á stjórnina að spyrja allar hreppsnefndir á landinu, hvort þær vildu breyta. (S. S.: En ef sýslunefndir neita að kjósa?). Á því er engin hætta. Það má skylda sýslunefndir til þess, en það er ekki hægt að skylda **hvern einstakan** kjósanda til að kjósa. (**M. Ó.**: Í lögunum stendur: Hreppsbúar *skulu*). Já, en jeg meina, að sýslunefndir skuli skyldaðar til þess. Jeg vil spyrja, hvernig hreppsnefndir eigi að fara að á hreppaskilaþingum, þegar enginn vill kjósa, og óska jeg, að hv. meiri hl. landbúnaðarnefndar svari því.

Þá kemur annað atriðið, um dagpeningana. Hv. landbúnaðarnefnd virðist hafa sjeð, að þeir eru heldur lágir, með því að hún hefir nú fært sig svo upp á skaftið að setja „lægst 2 kr.“, í stað „alt að 2 kr.“, en ekki þorir hún að nefna sæmilega borgun. Það er náttúrlega algerlega hlægilegt að hugsa sjer að fá góða menn til að taka þetta verk að sjer fyrir 2 kr. á dag. Og svo er þessi borgun að eins fyrir þá daga, sem þeir eru að heiman, en alls ekki fyrir skýrslugerðina, er þeir framkvæma *heima hjá sjer*. Jeg verð að halda fast við það, að minna en 5 kr. sje alls ekki boðleg borgun góðum manni.

Þriðja breytingin er um, að engu föstu formi sje fylgt um skýrslugerð og mat á heyjum. Um þá breytingu er það að segja, að jeg er alveg viss um, að skýrslugerðin hefir gert lögin óvinsæl. Það er skýrslugerðin sjálf, en ekki lögin. Þessar skýrslur eru svo flóknar, að það er alls ekki fyrir almenning að búa þær til. Það lítur líka út fyrir, að hv. frsm. meiri hl. (J. J.) hafi fundið þetta. Hann vill draga úr skýrslugerðinni, en í óverulegum atriðum. Eins er um mat á heyjum. Jeg held, að það sje nú mjög af handahófi. Menn verða að fara eftir sögusögn um gæði heysins, og áætla það í teningsmetrum. Eru þá mörg atriði, sem forðagæslumaðurinn *getur ekki vitað með neinni vissu*. Forðagæslumenn verða að fara eftir sögusögn um dýpt, breidd og lengd tóftar, og það verður jafnan ónákvæmt. Menn geta ekki sjeð, hvernig hey er verkað, hvort það er fast eða laust, eða yfirleitt hvernig það er, þegar þeir skoða hey á haustin, sem venjulega er ekkert farið að taka á. Matið verður því mjög ónákvæmt. Það kom líka fram hjá hv. frsm. meiri hl. (J. J.), að þetta hefir farið í mesta ólestri í hans sýslu, en að ráð hafa verið fundin til að bæta úr því. Er mjer ekki grunlaust um, að þar hafi verið farið á snið við lögin, eftir því sem honum sagðist frá, því að ekki virðist hafa verið farið að öllu leyti eftir skýrsluformunum. Svo að hv. frsm. (J. J.) er mjer þá sammála um, að skýrsluformunum verði að breyta. Jeg er alveg sannfærður um, að í mörgum hreppum sjeu vandfundnir þeir menn, er kunni

að leggja tóftir og hey í teningsmál. Það er mikill reikningur, ef það á að vera nokkuð nákvæmt. Held jeg það því ekkert betra en gömlu aðferðina, að reikna eftir hestatölu, því að innsveitis vita menn nokkurn veginn um, hversu vænt band er hjá hverjum einum, hvernig hey hafa verkast, hve kjarngóð þau eru, og hversu mikið hey þarf venjulega. Hv. frsm. (J. J.) viðurkennir þetta líka í nefndarálitinu og segir, að enginn auli geti metið heyin á þann hátt, sem nú skal gera, og því verði að kjósa sæmilega greinda og reikningsfæra menn til þess. Þetta er líka rjett, en það er svo langt frá því, að forðagæslumenn megi vera aular, að þeir verða að kunna mikið í reikningi, vera vel mentaðir menn, ef þeir eiga að geta teyst af hendi þau störf, sem núgildandi lög ætla þeim. Og þá sýnist heldur hjáleitt að ætla slíkum mönnum ekki nema 2 kr. á dag.

Svo að jeg víki aftur að kosningunni, þá sýnist mjer hv. meiri hl. leiða lítil rök að sinni niðurstöðu. Hann segir að eins, að óvíst sje, að það verði til bóta, að sýslunefndir kjósi mennina; hættara við óánægju, og auk þess óviðfeldið, að kjósendur í hreppnum fái ekki að kjósa þá. En þetta er á engu bygt, því að sje sýslunefnd gert að skyldu að kjósa, þá mundi hún vanda valið og ekki fara eftir því, hverjir vilja helst taka starfið að sjer, eins og oft sýnist hafa verið, er hreppsbúar hafa kosið. Jeg býst við, að sýslunefndarmenn hvers hrepps bendi á góða menn í sínum hreppi, er þeir vilja halda fram til starfans, og þá geri jeg ekki ráð fyrir, að sýslunefndin í heild sinni verði því mótfallin.

Þá segir hv. meiri hlutinn, að engar reglugerðir skuli semja. Þessar reglugerðir eru til og þarf því ekki að semja þær, en auðvitað falla þær úr gildi, að svo miklu leyti sem þær koma í bága við lögin.

Hv. frsm. meiri hl. (J. J.) hjelt, að jeg þekti lítið til forðagæslu. Hvað sem nú um það er þá þekki jeg þó eins mikið til skýrslugerða eins og hann, og veit það betur en hann, að þessar skýrslugerðir eru í mikilli óreglu, og illa held jeg að honum gangi að vinsa úr þeim sumum. Jeg veit ekki, hvaða skýrslur það eru, sem hv. frsm. (J.J.) vill láta hagstofuna fá til að vinna úr. Á skýrslunum sjest ekki annað en hvað mikið er gefið upp af heyi í teningsmetrum, en hvaða gagn er að slíkum upplýsingum? Enda felast miklu fyllri upplýsingar í skýrslum um búnaðarástandið, sem árlega eru sendar hagstofunni.

Hv. meiri hluti játar, að forðagæslulögin sjeu óvinsæl, en hann gerir ekkert til að bæta þau, því að brtt. hans eru alveg einskisvirði.

Um brtt. hv. minni hl. er það að segja, að jeg get ekki heldur fallist á þær. Aðalatriðið í mínum augum er það að velja vel forðagæslumennina, og jeg tel það betur trygt með því, að sýslunefndir velji, en með því, að hreppsbúar geri það.

Sveinn Ólafsson: Það verður ekki tekið svo fyrir 10. málið á dagskránni, sem einnig varðar forðagæslulögin, að ekki sje líka talað um það 11. Jeg vil því leyfa mjer að lýsa afstöðu minni til þeirra beggja í einu.

Eins og þetta mál liggur nú fyrir, þá eru tvö aðalatriði þess. Það er kaup forðagæslumannanna og kosning þeirra. Breytingar, sem gerðar eru á núgildandi lögum, ættu helst að vera til einhverra sýnilegra bóta, en verði þessar breytingar samþyktar, þá mun það sannast, að þær verða til skemda, en ekki bóta. Það sannast, að það verður mun óvinsælla þó að láta sýslunefndirnar kjósa forðagæslumennina heldur en sveitirnar sjálfar, enda skortir sýslunefndirnar alla staðarlega þekkingu til að fara eftir. Jeg hygg, að reyndin yrði sú, að þeir yrðu kosnir forðagæslu-

menn, sem hlutaðeigandi sýslunefndarmaður benti á, en engin trygging er fyrir því, að hann hitti altaf á færasta manninn. Þessi breyting hygg jeg því að væri mjög óheppileg.

Sama máli gegnir um hina breytinguna, að hækka kaup forðagæslumannanna. Það yrði áreiðanlega óvinsælt af öllum þorra þjóðarinnar. Margir hafa áður kvartað um að þurfa að borga forðagæslumönnunum nokkur laun, hafa eigi þóst sjá það gagn af starfi þeirra, er launa væri vert. Hvað þá, ef launin verða hækkuð?

Jeg festi í minni eina setningu, sem hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) sagði. Hann varpaði fram þessari spurningu: „Hvað á að gera, ef hrepparnir neita að kjósa forðagæslumenn". Hann svaraði spurningunni ekki sjálfur. En jeg held, að svarið sje einungis eitt. Nema lögin úr gildi. Ef menn hlýða ekki lögunum af fúsum vilja, þá hefir ekkert að þýða að valdbjóða þau. Það, sem á að gera nú í þessu máli, er að afnema öll forðagæslulög og setja mönnum í sjálfsvald, hvernig þeir setja á. Það eru ákvæði í hegningarlögunum um hegningu fyrir að fella úr hor. Sje það ákvæði gagnslaust, þá hefir þetta því síður nokkuð að þýða. Ákvæði hegningarlaganna og fyrirmæli sveitarstjórnarlaganna um eftirlit hreppsnefnda eru hyrningarsteinar, sem standa verða; hitt má hverfa. Meiri hl. nefndarinnar vill láta forðagæslulögin vera áfram í gildi, en skerpa nokkuð ákvæði þeirra. Hann álítur það líka vera misskilning, að lögin sjeu óvinsæl. Jeg skal ekki deila um þetta og ekki fara fleirum orðum en jeg þegar hefi gert um það, hve ósamdóma jeg er þessum mönnum.

Hv. minni hl. landbúnaðarnefndar vill breyta frv. á þgskj. 47 dálítið, í þá átt, að auka umráð hreppanna, gera framkvæmdina frjálslegri. Jeg býst við því, að ekki þýði að fara fram á, að forðagæslulögin sjeu afnumin nú. Jeg mun því hallast að frv. á þgskj. 47 með breytingum minni hlutans.

Þorleifur Jónsson: Jeg skal strax geta þess, að jeg lít líkt á þetta mál og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Sú breyting, að láta sýslunefndirnar kjósa forðagæslumennina, verður síst til bóta. Með því að fá sýslunefndarmönnunum einveldi í þessu máli verða lögin gerð enn óvinsælli en þau eru nú, og má þó ekki á það bæta. Jeg get því ekki fylgt hv. meiri hluta að málum, því að jeg sje ekki, að tillögur hans verði til nokkurs gagns.

Aftur á móti verð jeg að álíta, að hv. minni hluti fari rjettari leið í þessu máli. Hann vill fella niður haustskoðanirnar, enda hefir hingað til ekki sjest neinn árangur af þeim skoðunum, sem ekki er heldur von. Hvernig á að dæma af nokkru viti um heybirgðir manna með því að líta á haustin á fullar hlöður og hey, í tóftum, sem hafa verið tyrfð og gert í kringum? Það geta allir sjeð, að slík skoðun hlýtur altaf að vera nokkuð af handahófi. Og þótt skoðunarmenn geti mælt rúmmál heyja, þá er þess engin von, að þeir geti metið fóðurgildi þeirra. Jeg fyrir mitt leyti álít haustskoðunina vera kák eitt og óþarfa kostnað. Hins vegar held jeg ekki, að menn sjeu almennt mjög óánægðir með að skoðun fari fram síðla vetrar.

Hv. frsm. meiri hlutans (J. J.) spurði, hvað menn fyndu lögunum til foráttu. Hann hlýtur þó að vita, að lögin hafa ekki hingað til gert neitt gagn, enda játaði hann það. En sje svo, þá er ekki fremur von um, að þetta frv. verði að liði, ef það verður að lögum.

Hv. frsm. meiri hlutans (J. J.) sagði, að forðagæslumannsstarfið væri svo vont, að menn væru ófúsir á að taka við því. En sjeu menn ófúsir til þess, hví á þá að

neyða þá til þess? Ekki verður meira gagn að lögunum með því móti. Jeg er hræddur um, að þótt hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) haldi fram áliti meiri hluta í þessu máli, þá gangi honum illa að sanna, að gagn hafi orðið af lögunum, jafnvel fyrir austan, eða að þau hafi þar komið í veg fyrir vanhöld á fjenaði og jafnvel felli á stöku stað. Menn eru alment farnir að játa, að lögin hafi ekkert gagn gert, og þetta er meira að segja játað af sumum í Búnaðarfjelagi Íslands. Fóðurbirgðanefndin, sem starfaði á búnaðarþinginu í sumar, segir í nefndaráliti sínu: „Það mun jafnan reynast best og heillavænlegast, að þær umbótahreyfingar, er taka til mikils fjölda almennings, eigi upptök sín í hans eigin brjósti, og hafi að baki sjer sterka sannfæringu um, hve heillavænlegar þær sjeu".

Þessi lög hafa upptök sín að ofan, en ekki frá almenningi, og hafa ekki enn að baki sjer neina sterka sannfæringu um nytsemi.

Hitt er annað mál, að menn eru nú smátt og smátt að vakna í fóðurbirgðamálinu, og það er eina ráðið til að koma málinu í rjett horf. Því að ef menn eru sofandi, þá stoða tóm lagafyrirmæli ekki neitt.

Jeg hygg, að það væri rjettast fyrir þá, sem vilja þessu máli vel, að hallast að tillögum hv. minni hluta nefndarinnar, því að það er mín trú, að verði haustskoðanirnar ekki lögboðnar, þá verði lögin vinsælli og geri þá meira gagn. Þar, sem menn vilja hafa haustskoðanir, er hægt að koma þeim á án þess að þær sjeu lögákveðnar. En þeir, sem enga trú hafa á þeim, eiga að fá að vera lausir við þær.

Jeg skal nú ekki segja meira að sinni, enda hygg jeg, að málið sje orðið þrautrætt.

Hákon Kristófersson: Það er alveg rjett, að málið er nú orðið þrautrætt, og má það því nærri heita að bera í bakkafullan lækinn að bæta við umræðurnar, en þar sem málið er mikils vert, er ekki ófyrirsynju þótt það sje ítarlega rætt.

Þótt jeg geti verið hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sammála um kosningu og kauphækkun forðagæslumannanna, þá verð jeg að segja það, að mjer virðist afstaða háttv. framsögumanns meiri hluta (J. J.) til launa forðagæslumannanna nokkuð undarleg, ef tillit er tekið til ummæla og afstöðu hans til kauphækkunar sýslunefndarmanna. Þótt jeg, eins og sakir standa, vilji ekki hækka kaup forðagæslumanna, hefði mátt vænta þess, að háttv. landbúnaðarnefnd, með tilliti til þess, hverjir í henni sitja nú, væri ekki á því máli, að 2 kr. kaup á dag væri sæmileg borgun. Mjer kemur það mjög á óvart, að svo vitrir menn, sem þeir eru, hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og hv. 1. þm. Skagf. (M. G.), skuli halda fram annari eins endemis fjarstæðu og þeirri, að láta sýslunefndirnar kjósa forðagæslumennina, í stað hlutaðeigandi hreppsfjelaga.

Hv. frsm. minni hluta (E. Árna.) og hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) vilja báðir halda því fram, að haustskoðanirnar geri ekkert gagn. Jeg get ekki fallist á þetta. Enda hafa þeir ekki bent á neitt, sem rjettlæti það að nema haustskoðanirnar úr lögum.

Meðal annars, er jeg hafði á móti haustskoðuninni (ásetning), var það, að háttv. frsm. minni hluta (E. Árna.) sagði, að gamlir bændur kynnu því illa að láta aðra vera að setja á fyrir sig. Jeg skil þetta vel, ef þeir eru svo einrænir, að þeir geta ekki vitað skynsama menn koma á heimili sín til skrafs og athugunar, þótt þess sje ekki brýn þörf. En hins má auðvitað geta, að lögin eru ekki heldur til fyrir gamla bændur, sem aldrei verða heylausir, heldur fyrir hina, sem ekki kunna að setja á, og slíkir menn munu vera til í hverju einasta bygðarlagi. En þótt góður ásetningur sje ekki nauðsynlegur fyrir nema nokkra

menn í hverju bygðarlagi, þá sje jeg ekki, að hinir, sem er ekki þörf að setja á hjá, sjeu á nokkurn hátt móðgaðir, þótt forminu einnig sje fullnægt að því leyti að setja á hjá þeim líka.

Hv. frsm. minni hluta (E. Árna.) sagði, að það gæti verið gróðavegur að setja djarft á, en það er nú einmitt þessi „gróðavegur“, sem ekki má eiga sjer stað. Enda er það einkennilegur „gróðavegur“ að flana beint út í eintóma ráðleysu.

Einhver var það, sem sagði, að auðvelt væri að leiða forðagæslumenn á villigötur, með því að segja þeim rangt til um heyjaforða og skepnufjölda. Það held jeg að sje nokkuð mikil ímyndun, því að mjer virðist full ástæða til að ætla, að forðagæslumenn sjeu svo kunnugir í sinni sveit, að þeir viti nokkurn veginn, af hverjum megi búast við röngum upplýsingum. Þegar þeir hafa heyin fyrir augunum, geta þeir líka farið nokkuð nærri um, hvað á þau megi setja. Um skepnufjöldann gætu þeir spurst fyrir, ef nokkur grunur væri um, að rangt væri sagt til. Það mun því í fáum tilfellum þurfa að gera ráð fyrir, að þetta atriði verði að verulegum baga.

Það var alveg rjett hjá hv. frsm. minni hlutans (E. Árna.), að forðagæslumenn væru nokkuð valdlitlir; þó verð jeg að álíta, að þeir hafi svo mikið vald, er nægir, til að gera tryggilegar ráðstafanir, ef vel er að gætt. Að þeir hefðu heimild til að lóga skepnum annara, næði ekki nokkurri átt, enda mundi enginn forðagæslumaður óska eftir að vera heimilað slíkt vald. En eftir þeirri reynslu, sem jeg hefi í þessu máli, þá eru þeir vanir að gera einhverjar ráðstafanir til þess að tryggja það, að fje þeirra manna, sem fyrirsjáanlegt hefir verið að myndu verða heylausir, verði nokkurn veginn borgið. Sami þm. sagði, að algengt væri, að mörg hundruð af hrossum væru sett á, án þess að þeim væri ætlað nokkurt fóður. Jeg skal ekki rengja, að þetta sje rjett, en það virðist einmitt hvetja til, að sett sjeu enn strangari ákvæði um ásetningu, ef satt er. Það má telja algerða óhæfu og benda á frámunalegt fyrirhyggjuleysi, ef mönnum líðst það að setja skepnur á engin hey, hversu sem útbeit er góð.

Hv. meiri hluti virðist leggja töluverða áherslu á skýrslugerð. Eftir brtt. á þgskj. 356 að dæma er ætlast til, að forðagæslumennirnir geri skýrslur, sem þeir sendi hagstofunni, auk lögskipaðra skýrslna. Fyrir skýrslurnar fá forðagæslumenn ekki einn eyri, og er þó síst ástæða til að íþyngja þeim með það. Því að búast má við, að nokkur tími fari til þess, og það á þeim árstíma, er venjulegast er að hafa til aukavinnu, sem alls ekki er borguð.

Mjer blandast ekki hugur um, að 2 kr., sem forðagæslumennirnir fá á dag, er oflítið, miðað við kaupgjald það, er nú tíðkast. En jeg býst við, að í hverju bygðarlagi sjeu þeir menn valdir til að starfa að þessu, sem telja ekki eftir sveitarfjelagi sínu forðagæslustarfið, þrátt fyrir það þótt kaupið sje lítið, ef þeir álíta, að það komi sveitinni að gagni.

Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) benti á, hvernig skuli að farið, ef hreppsbúar skirrast við að láta kosningu forðagæslumanna fara fram. Um það atriði vil jeg sem fæst segja. Þó veit jeg til þess, að í slíku tilfelli hefir sýslumaður útnefnt forðagæslumennina. Hvernig sú útnefning tókst bendir síst til þess, að betur takist til, þótt sýslunefnd færi að kjósa þá, í staðinn fyrir hreppsfjelögin, eins og nú er, því að venjulega má gera ráð fyrir því, að oddviti sýslunefnda hafi mikið að segja, og það mundu þeir að sjálfsögðu hafa, með kosningu á forðagæslumönnum, ef hún væri framkvæmd af sýslunefnd. Að sýslunefnd hafi ekkert vald haft til að útnefna þessa menn, um það atriði vil jeg alls ekki deila við háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.).

Afstaða mín til forðagæslulaganna er sú, að jeg get vel viðurkent, að gallar sjeu á þeim, en frumvörp þau, er hjer liggja fyrir, bæta síst úr þeim. Jeg hefi sagt mönnum í þeim eina hreppi fyrir vestan, sem er mjög andstæður forðagæslulögunum, að koma fram með breytingartill., sem færu í þá átt að laga gallana, en venjulega hefir viðkvæðið verið það: „Við viljum ekki hafa lögin“. Háttv. frmsm. minni hl. (E. Árna.) benti á það, að síðan lögin hefðu komið í gildi hefði komið fyrir bæði fellir og heyleysi. Þótt þetta hafi fyrir komið, er varla hægt að segja, að lögin sjeu orsök í því, heldur að þeim hafi verið illa fram fylgt í því að sporna við hvorutveggja. Að menn hafi meðal annars það á móti lögunum, að þeir vilji vera frír við hnýsni forðagæslumanna, virðist mjer svo mikil fjarstæða, að um það þarf ekki orðum að eyða. Sama má segja um það, að þeir muni ekki kosnir sem forðagæslumenn, er hafi gaman af að gefa sig við starfinu. Þessar brtt., sem hjer eru fram komnar, fæ jeg ekki sjeð að sjeu til neinna bóta. Svo að enn hefir mjer ekki verið sýnt fram á, að þörf sje á að breyta lögunum í neinu. Að þessu sinni mun jeg því greiða atkv. á móti öllum brtt.

Sigurður Sigurðsson: Jeg verð að byrja á þeirri umsögn, að jeg hefði helst kosið, að ekki hefði verið hróflað við forðagæslulögunum á þessu þingi. Það hefir að vísu ekki leynt sjer, að ýmsir hafa ekki verið ánægðir með þau. Jeg skal líka kannast við, að forðagæslustarfið hefir ekki alstaðar verið leyst sem best af hendi. Það eru dæmi til, að til forðagæslunnar hafa verið valdir alls óhæfir menn. En þótt þessi galli hafi verið á *framkvæmd* laganna er það ekki næg sönnun fyrir, að *sjálf* lögin sjeu gallagripur. Þessar misfellur, sem fram hafa komið, stafa af mótþróa einstakra manna.

Jeg vil líka benda á, að lögin eru ung og lítt reynd. Þau eru frá 10. nóv. 1913. Skömmu eftir að þau gengu í gildi hófst ófriðurinn mikli, sem enn stendur. Meðal annara afleiðinga hans er sú, að verð á kjöti árin 1914 og 1915 og öðrum búsafurðum hækkaði að miklum mun. Hækkunin hefir valdið því, meðal annars, að menn hafa orðið djarfari að setja á, og þoldu ver en ella allar tálmanir á frelsi sínu. Því er nú einu sinni svona farið, að þegar mikið er í aðra hönd, leggja menn mikið á hættu. Hugsunarhátturinn verður þá þessi: Vogun vinnur og vogun tapar. Þetta hefir einmitt átt sjer stað um heyásetning undanfarin ár.

Það er því mín skoðun, að áhrif styrjaldarinnar, og stundum mishepnuð framkvæmd laganna, hafi valdið því, að þau hafa enn ekki náð tökum á almenningi. Það væri því að rasa um ráð fram að fara nú að breyta lögunum til muna. Auk þess tel jeg frv. á þgskj. 47 til engra bóta, og sömuleiðis brtt. minni hlutans á þgskj. 289 til spillis. Það er eitt atriði í brtt. minni hlutans, sem mjer virðist hann leggja einkum og sjer í lagi áherslu á, sem sje að fella úr gildi haustskoðun. Jeg lít svo á, að ef haustskoðuninni er kipt burt, þá sje kipt burt öllum krafti úr forðagæslulögunum. Haustskoðunin er sjálfsögð, ef nokkur skoðun á fram að fara, því að á henni byggist að miklu leyti seinni skoðunin. Fyrir þessu hafa verið færð ljós rök, og skal jeg ekki endurtaka þau.

Hv. flm. frv. á þgskj. 47 vilja færa kaup forðagæslumanna upp í 5 kr. á dag. Mjer kemur ekki til hugar að segja, að það sje ofmikið. En í þessu sambandi vil jeg benda á, að eitt af því, sem spilt hefir vinsældum forðagæslulaganna, er að forðagæslumönnunum var nokkru sinni ætluð borgun fyrir starf sitt. Jeg hefi einmitt oft orðið var við, þegar jeg hefi spurt menn, sem óánægðir hafa verið með lög-

in, um ástæður fyrir óánægju þeirra, að þeir hafa tilnefnt það *eitt*, að fordagæslumönnum er ætlað kaup. Það væri því síst til að auka lögunum vinsældir að fara nú að hækka kaupið.

Margir segja, að í raun og veru ættu engin fordagæslulög að eiga sjer stað. Með vaxandi þroska læri menn að setja á. Þá komist menn að raun um, að það sje ekki siðuðum mönnum samboðið að leggja eigur sínar í hættu. En hver er reynslan um þetta efni? Á hverju einasta ári verða einn eða fleiri heylausir í hverri sveit. En þegar hart er í ári, eins og t. d. 1910, eða vorin eru slæm, eins og 1914 og 1916, þá er alment heyleysi um allar sveitir. Þetta sýnir, að sannfæring manna um, að ekki sje sæmandi að setja á guð og gaddinn, er ekki enn í góðu lagi. Vorið 1915 var jeg á ferð um margar sveitir, á útmánuðunum. Jeg spurði bændur um heyjaástæðurnar. Svarið var eftirtektarvert. Nær allir sögðu, að af því, að veturinn hefði verið einstaklega góður, þá kæmust víst flestir af, en hefði komið slæmur vetur, þá hefði illa farið. Á útmánuðunum í vetur var jeg líka á ferð, og voru svörin alveg þau sömu, þegar jeg spurði um heyin. Því er það grunur minn, og hann er bygður á allmiklum líkum, að mönnum hafi síst farið fram í því að setja vel á vetur.

Það, að ásetning er síst betri nú síðari árin en áður, stafar með fram af háa verðinu á afurðunum, eins og jeg hefi tekið fram. Þegar nú ástandið færist í samt lag aftur, fara fordagæslulögin fyrst að sýna sig. Því væri það barnaskapur að fara nú að breyta þeim. Þau eru góð, eins og þau eru, og það á að ganga ríkt eftir, að þau sjeu haldin. Ef menn læra ekkert af því, þá efast jeg um, að þeir læri meira af hinu, ef dregið verður úr krafti þessara laga.

Af þessum ástæðum æski jeg þess, að fordagæslulögin fái að standa óbreytt.

Frsm. meiri hl. (Jón Jónson): Hv. minni hluti hjelt því fram, að góðir bændur kynnu skoðununum illa. Jeg held, að það sje ekki rjett, heldur að óánægjan stafi af því, að menn hafi ekki skilið þessa nýju aðferð. Enda er mönnum nokkur vorkun. Gallar hafa verið á skýrsluformunum, en nú er lagt til, að þeir sjeu leiðrjettir. Auðvitað er það rjett, að reyndin er ólýgnust, en hún er dýrkeypt, þegar um ásetning er að ræða. Maður skyldi halda, að þeir menn pössuðu sig, sem búnir eru að drepa úr hor tvisvar, þrisvar sinnum, en best er að koma í veg fyrir, að það þurfi að koma fyrir. Hv. minni hluti hjelt því fram, að haustskoðanirnar væri hreinasti hjegómi. Ef haustskoðunum er ekki haldið, veit jeg ekki, til hvers ætti að hafa skoðanir yfirleitt. Haustskoðanir eru til að gefa bændingar um, hvernig eigi að setja á, og það er aðalatriðið að vara menn við í tíma. Það er nokkuð seint að fara til þess þegar menn eru búnir að fóðra fje sitt fram yfir miðjan vetur. Minni hlutinn nefndi og, að oft væri nauðsynlegt að setja á útbeit; gróðavon manna væri undir því komin. Það er að vísu rjett, en við það er mestur vandinn að eiga.

Þá er um að gera að taka hörðustu vetrana og miða ásetning við heyeyðslu á þeim; þá verður vogunin engin. Að sjálfsögðu má altaf byggja nokkuð á útbeit víðast hvar, og þar er líka hægt að byggja ásetninginn á reynslu, þótt erfiðara sje á góðum beitarjörðum en á gjafajörðum. Sami hv. þm. (E. Árna.) talaði um, að hægt væri að villa mönnum sýn. Getur verið. Nokkuð má samt styðjast við málið. Stundum er búið að gefa skot í heystæði, og má þá vel meta. Einnig má skoða hey ofan á í hlöðu eða reka handlegginn í garðhey, til að vita, hvernig heyið er og hvað fast. Þurfi fordagæslumaður að fá frekari vitneskju, mun hann að jafnaði

geta fengið sannagjarnar og rjettar upplýsingar hjá bóndanum eða hjá nágrönnum. Og ef ekki er hægt að meta hey eftir nýju aðferðinni, þá er það ekki heldur hægt eftir hinni gömlu. Þó er mun hægara að segja, hve mikið hey sje í hlöðu, ef menn vita rúmmál hennar; en til þess að vita það verður að mæla hana tóma. Það er engin ástæða til að ætla, að bændur muni yfirleitt reynast svo illgjarnir í garð ásetningsmanna, að þeir vilji ekki skýra þeim rjett frá, hvernig hey sín hirðast eða frá gæðum þeirra. Og vilji einhver ekki gera það, mun oftast kostur á að fá vitneskju um það hjá öðrum, enda getur skoðunarmaðurinn sjálfur að jafnaði komist nokkurn veginn að raun um það, með því að skoða heyið sjálfur, og það getur hann gert viðunandi, þegar geilar eru komnir í heyið, og svo metur hann heyið eftir eigin sjón og reynd.

Hv. minni hluti var að tala um, að mæling heys sje ekki nauðsynleg. Jeg er þar á gagnstæðri skoðun; að mínu áliti er mælingin nauðsynleg til þess, að hægt sje að semja svo áreiðanlegar skýrslur, að á þeim verði bygt. En jeg legg einmitt töluverða áherslu á skýrslugerðina, því að það mun sannarlega reynast bæði fróðlegt og gagnlegt að eignast rjettar skýrslur um fóður og gripatölu; af þeim má margt læra, þegar fram í sækir og fyrir liggja margra ára skýrslur. Skýrslurnar eiga að vera einn þátturinn í viðleitninni að eyða búskaparfálmi því, sem nú á sjer stað hjá flestum og í flestum greinum, venja menn af handahófinu og kenna þeim að gera skynsamlegar áætlanir, bygðar á þekkingu og reynslu.

Meiri hlutinn þykist hafa sýnt fram á það í áliti sínu, að hægt muni að semja áreiðanlegar fóðurforðaskýrslur, og að sömu aðferðinni megi fylgja um land alt og með því koma samræmi í skýrslurnar. Aðalatriðið við ásetninginn er að forðagæslumenn sjeu svo varkárir, að þeir taki hámark innistöðutímans á hverjum stað og meti fóðurforðann eftir því. Þá þarf ekki að óttast heyleysi nje felli, þótt harður vetur komi. En á þessu hafa forðagæslum. flaskað; þá hefir vantað reynslu, og menn hafa ekki áætlað innistöðutímann nógu langan. Þá talaði hv.flm.frv. um forðagæslu fyrir frv. sínu og mælti með því, eins og von var; þó get jeg ekki verið honum sammála. Það má að vísu þrátta um það, hvort sýslunefnd eða hreppsnefnd skuli kjósa forðagæslumenn, en engin líkindi sje jeg til þess, að sýslunefnd mundi farast það betur. Það ætti að vera áhugamál í hverju bygðarlagi að vanda sem best val forðagæslumanna sinna, því að það skiftir miklu máli fyrir sveitina, að svo sje. Þá var hv. flm. (M. G.) að tala um það, hvernig fara ætti að, ef vanrækt væri að kjósa forðagæslumenn, eða ónýtir menn væru kosnir. Jeg held, að ekki þurfi að gera ráð fyrir þessu, og að þar sje verið að hugsa sjer skrælingjaskap og ólöghlýðni, sem alls ekki eigi sjer stað. Jeg skil ekki heldur í öðru en að menn mundu allir kjósa forðagæslumenn, ef sýslumaður hvetti til þess og gengi ríkt eftir. Þá hefir verið talað um kaup forðagæslumanna. Jeg er þar á sama máli sem hv. flm., en af því, að ýmsir eru óánægðir með lögin, þorðum við ekki að taka til hámarkið, en ákváðum að eins lágmarkið, sem ekki má fara niður fyrir.

Hv. flm. (M. G.) talaði um, að skýrslugerðin væri flókin. Vitanlega þurfa þeir, sem skýrslurnar semja, að vera skrifandi og hafa lært tugabrot; öllu meiri er vandinn ekki. Jeg hefi þegar drepið á það, sem hann sagði um mat á heyjum, og get því slept að tala nú um það. Það verður varla deila um annað en það, sem í hlöðum er, og þó eiga forðagæslumenn að hafa mál af þeim. Sömuleiðis eiga þeir að hafa mál af tóftum og því vita, hvað í þeim er; þurfa þeir þá ekki að mæla nema það,

sem fyrir ofan veggi er, og þá hafa þeir fengið í hendur þau gögn, sem þarf til að geta matið heyið eftir rúmmáli. Eftir hinni aðferðinni er alt tóm ágiskun, um að svo eða svo margir hestar muni heyið vera, og er auðsætt, að slíkt mat muni reynast allónákvæmt. Jeg legg áherslu á, að eftir sje gengið og svo um búið, að matið geti orðið nákvæmt.

Hv. flm. (M.G.) gat þess, að jeg hefði vikið frá hinu fyrirskipaða skýrsluformi. Það er alveg rjett, en jeg segi það af reynslu, að það er mjög óhagkvæmt, ef meta á heyforða eftir skýrsluforminu. Jeg talaði um þetta mál við formann Búnaðarfjelagsins, er hann kallaði mig á fund við sig, út af reglugerð um forðamat úr Norður-Múlasýslu; og er við höfðum rætt nokkuð um málið og jeg sýnt honum fram á, hvers vegna við höguðum þeim eins og við gerðum, þá kannaðist hann við, að aðferð okkar væri hagkvæm. Þá hefir og Guðjón Guðlaugsson, sem manna mest hefir um mál þetta hugsað og að því unnið, einnig kannast við, að form það, sem gefið hefir verið út, sje óhafandi, enda mundi hann hafa haft það öðruvísi; það er auðsjeð, að það hafa samið menn, sem litla reynslu hafa haft í þessum sökum. Breyting sú, sem við förum fram á, miðar að því að úliloka óánægju, því að hún mun ekki að litlu stafa af því, hve erfitt hefir þótt að framkvæma matið, svo að ábyggilegt væri. Það er ekki rjett, sem hv. flm. (M. G.) sagði, að brtt. meiri hlutans væru einkis virði; hann hefir sjálfsagt sagt þetta af því, að honum er ekki málið ljóst og hann skilur ekki til fullnustu, hverja þýðingu brtt. meiri hlutans hljóta að hafa, ef þeim er fylgt, eins og hann ætlast til. Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) kvaðst hallast að tillögum meiri hlutans, en komst þó að þeirri einkennilegu niðurstöðu, að hann vildi afnema forðagæslulögin. Við sjáum til, hvað hann gerir við atkvgr. Það er annars hart, að hann, sem þó ætti að bera skyn á málið, skuli ekki treysta því, að nokkurn veginn muni vera hægt að koma við eftirliti með ásetningi og heybirgðum manna.

Hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) tók í sama strenginn sem hv. minni hluti, og þarf jeg því ekki að fara langt út í það. Hann hjelt því fast fram, að ein skoðun síðari hluta vetrar væri nægileg. Þetta get jeg ekki talið rjetta skoðun. Þó skal jeg játa, að nokkurt gagn gerir slík skoðun, því að forðagæslumaður getur gefið bendingar um, hvað hey muni endast lengi fram eftir og lagt þeim ráð sem í heyþröng eru. Sömuleiðis er hún aðhald fyrir menn um að hirða pening sinn vel og fóðra hann vel. En mest gagn á þó að vera að haustskoðuninni. Það má gera ráð fyrir, að hún fari ekki fram fyr en fjenaður er kominn á hús, og þá fær forðagæslumaðurinn vitneskju um, hve margt er sett á heyin, og þá getur hann í tíma ráðlagt að lóga fjenaði eða auka fóðurbirgðir, þar sem honum virðist óvarlega á sett. Hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) kvað mig hafa sagt, að fáir væru færir um að setja skynsamlega á. Ekki sagði jeg það, en hitt sagði jeg, að þeir menn væru ekki á hverju strái. Hv. þm. (Þorl. J.) sagði, að ekki væri það víst, að þeir, sem færastir væru í reikningi og skýrslusamningu, væru líka færustu forðagæslumennirnir. Það er satt, að ekki er víst, að það fari jafnan saman, en oft mun það þó verða samfara. Hv. þm. (Þorl. J.) sagði, að ábyrgðartilfinningin mundi kippa þessu máli best í lag. Það ætti að vera svo, en það hefir ekki reynst svo. Hundrað ára reynsla hefir sýnt það, að hún hefir ekki nægt. Jeg játa það, að hún muni að vísu vera nógu rík hjá þorra manna, en undantekningarnar frá því eru þó svo margar, að þeirra vegna verður að telja eftirlitið nauðsynlegt.

Jeg skil ekki í, að þessi lög þurfi að valda óánægju, og þykist jeg þar hafa við

nokkra reynslu að styðjast. Ef forðagæslumennirnir eru starfa sínum vaxnir, eiga þeir að geta haft þau tök á bændum, að ekki vakni óánægja. Jeg veit það, að með skynsamlegum umtölum og lempni er hægt að fá flesta til að fara að ráðum forðagæslumanna, og jeg veit líka, að ráð þeirra hafa að góðu haldi komið og bjargað mönnum úr vandræðum. Hitt er aftur á móti neyðarúrræði, að leita þurfi sýslumanns eða hreppstjóra til að skerast í leikinn, og það get jeg skilið, að slíkt muni geta valdið óánægju. Þegar menn hafa komist í skilning um gagnsemi forðagæslulaganna, og það hljóta þeir að komast, þá er ekki að óttast, að örðugt verði að framfylgja þeim. Hagstofan óskar eftir skýrslum, líkum þeim, sem jeg hefi talað um, telur þær muni heppilegar til að vinna úr.

Mjer fjell það illa, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) skyldi enga breytingu vilja á lögunum. Hann vann með okkur í nefndinni, og jeg hjelt að hann hefði átt manna best að skilja, í hverju hinu núverandi skýrsluformi er ábótavant, og er því furða að hann skuli ekki geta fallist á brtt. okkar.

Eftir þeim reglum, sem nú er farið eftir, eru 67 pund af heyi í einu forðamáli.

Nú hefi jeg orðið þess var, að menn vilja fá að vita, hvað forðagæslumaður meti heyforða þeirra í hestatali. Mitt fyrsta verk sem forðagæslumaður er að segja bændum, hve marga hesta af heyi jeg telji þá eiga; er það ofurhægt verk fyrir mig, er jeg hef metið heyið í forðamálum, að breyta því í hesta og fræða bændur um hestatöluna.

Umr. frestað.

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. sept., var fram haldið 2. umr. um frv.

Þórarinn Jónsson: Jeg er búinn að gleyma mörgu, sem sagt var við fyrri hl. þessarar umræðu, og svo mun vera fyrir fleirum.

Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) taldi þetta stórmál, og vil jeg taka undir það með honum, þar sem hjer er um það að ræða að tryggja landbúnaðinn. Þess vegna er það ekki heldur undarlegt, þótt löggjafarvaldið hafi leitað að leiðum, til þess að ná þessu takmarki, og málið orðið umtalsfrekt hjer í deildinni.

Ein breytingin, sem farið er fram á, er sú, að forðagæslumennirnir skuli vera kosnir af sýslunefndum, en áður hafa þeir verið kosnir af sveitunum. Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) sagði, að ef sveitarstjórnir vanræktu að láta kjósa forðagæslumenn, þá væri ekkert við því að gera. Þá stæði maður uppi ráðalaus. Mjer er ókunnugt um, að þetta hafi nokkurn tíma komið fyrir, en dæmi munu vera til hins, að þeir, sem óánægðir eru með lögin, hafa valið ófæra menn til starfans. Jeg sje ekki, að málið sje að nokkru leyti betur komið, þó að sýslunefndir kjósi mennina. Ef það kæmi fyrir, að hreppsnefndarmenn væru ekki kosnir, þá mundi líklega vera hægt að grípa til einhvers úrræðis, og eins ætti það að vera hægt, ef um forðagæslumenn væri að ræða. Annars er leitt að heyra það, þegar lögreglustjórar telja ófært að framfylgja lögum, því að jeg álít það beina skyldu þeirra að taka það tafarlaust fyrir, ef lögum er ekki hlýtt, þótt enginn kæri yfir. Þá er að minsta kosti hægt að beita sektarákvæði laganna.

Jeg skal að eins drepa á brtt. minni hl. Það er mín skoðun, að ef þær væru samþyktar, þá væri fótunum kipt undan forðagæslunni. Ef haustskoðunin fellur burt, þá er öll forðagæsla gagnslaus. Hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) sagði, að skoðun síðari hluta vetrar væri nægileg; þá væri hægt að gera ráðstafanir til að hjálpa

þeim, sem ilt útlit væri hjá. Mín skoðun er, að þá sje þvert á móti mjög erfitt að útvega hjálp. Um haustskoðunina er öðru máli að gegna. Þá er hægt að lóga fjenu og fá fult verð fyrir afurðirnar. Þetta er ekki saman berandi.

Þó að forðagæslulögin hafi ekki reynst alstaðar jafnvel, þá er það fráleitt rjett, að þau sjeu gagnslaus. Það þarf tíma til, að lög afli sjer vinsælda. Sumstaðar hafa lögin reynst mjög vel, og menn vilja ekki missa þau. Annarsstaðar hafa menn frá byrjun verið lögunum óvinveittir, og vilja fella þau eða breyta þeim svo, að þau verði gagnslaus. Jeg vona, að þetta lagist alt, ef lögin fá að standa lengur, og leyfi mjer því að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá;

(Sjá bls. 299).

Gísli Sveinsson: Við leyfðum okkur, tveir þm., á öndverðu þingi, að koma fram með frv. til forðagæslulaga. Það má, eftir því sem reynslan hefir verið um þetta mál, búast við, að frv. endist út þingið, til að tala um það, og virðist þá ekki ósanngjarnt, að jeg taki einu sinni til máls í öllum þeim umræðum.

Fyrst skal þess geta, sem nefnt hefir verið fyr í umræðunum, að eftir frv. eiga sýslunefndir að kjósa forðagæslumenn. Þessi breyting er í samræmi við umkvartanir og óskir ýmsra manna, og það sjálfra forðagæslumanna. Menn hafa rekið sig á, að sumpart hefir ekki verið gerð gangskör að því að kjósa forðagæslumenn, og sumpart hafa verið kosnir menn til forðagæslu, sem ef til vill hafa gefið sig fram af tilviljun og ekkert skynbragð hafa borið á þá hluti. Það geta allir sagt sjer sjálfir, hvers virði slík forðagæsla muni vera. Vanalega hefir svo verið um slíka menn, að þeir hafa ekki einu sinni að forminu til reynt að uppfylla skyldur sínar. Meiri trygging er nú fyrir, að sýslunefndunum fari betur úr hendi skipun forðagæslumanna en hreppsnefndunum. Sýslunefndin stendur betur að vígi um að taka ekki tillit til vilja þeirra, sem vilja smeygja forðagæslustarfinu fram af sjer. Sýslunefndir myndu líka síður skipa ónytjunga. Það er algerlega röng mótbára, að sýslunefndir þekki ekki nógu vel til. Á flestum stöðum mun svo til háttað, að sýslunefndarmenn þekki meira og minna til hvers einasta heimilis í sýslunni. Auk þess er einn sýslunefndarmaður úr hverjum hreppi sýslunnar. (S. St.: Sýslunefndarmenn þekkja ekkert til í hreppunum). Jeg er ofókunnugur á Hornströndum, sem hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) þekkir best, til þess að jeg viti, hvernig það er þar. En jeg býst við, að þegar talað er um að setja almenn lög, þá muni þau ekki verða miðuð við Hornstrandir. Vitanlega eru forðagæslumenn eftir lögunum skyldir að taka við kosningu og geta því ekki komið sjer undan útnefningu, nema þeir hafi sömu lögmætu ástæður fyrir sig að bera, sem þarf til þess að komast undan kosningu í hreppsnefnd. Með breytingunni er ætlast til, að þessir menn verði óháðari og betur valdir.

Önnur breyting, sem um er að ræða, r sú, að þóknunin til forðagæslumannanna sje hækkuð. Nú fá þeir í kaup alt að 2 kr. á dag. Þetta er óhæfilega lágt kaupgjald, einkum þar sem skylda má þá til að taka að sjer verkið, og er ekki líklegt, að þeir sjeu fúsir að vinna jafnvandamikið starf fyrir svo litla þóknun. 5 krónur þær, sem frv. ætlar forðagæslumönnunum á dag, sýnast alls eigi ofhá borgun miðað við það, sem þetta þing hefir ákveðið fyrir önnur störf almenningsmanna.

Þriðja breytingin, sem frv. fer fram á, er að forðagæslumennirnir skuli ekki vera bundnir við neina fasta reglugerð frá landsstjórninni eða sýslunefnd. Reynslan

hefir sýnt, að það er ekki hægt að fara eftir slíkri allsherjarreglugerð, hún er alt-of einstrengingsleg og hlýtur svo að vera. Ef það tekst að fá góða forðagæslumenn, sem hafa vit á að gefa bendingar, þá er langheppilegast, að þeir sjeu ekki rígbundnir við reglugerðir, heldur hafi frjálsar hendur um að haga starfi sínu eftir því, sem þeir telja hagkvæmast og vænlegast til að bera sem bestan árangur, Þessi form, sem sett hafa verið, eru svo flókin, að það er ekki fyrir alla að geta fylgt þeim, og það get jeg sagt hv. frsm. (J.J.), er eigi þykist lítill í þessu máli, að sumir, sem þykjast kunna það, mega vara sig að ruglast ekki í reikningunum. Meiningin hefir sjálfsagt verið góð með ákvæði forðagæslulaganna, og meiningin er sjálfsagt líka góð fyrir hv. frsm. (J. J.). En þessir góðu menn gæta þess ekki, að rjett er að gefa góðum mönnum frjálsar hendur, en binda þá ekki við ákveðin, óheppileg „form“, heldur lofa þeim að skapa sjer sjálfum það form og þá vinnuaðferð, sem reynslan kennir þeim, að best eigi við.

Tilgangur forðagæslulaganna er eflaust sá að venja menn á að setja vel á, og tryggja sjer nægan heyforða, og til þess þarf enga reglugerð og engin form handa forðagæslumönnunum til að fylla út; mun það og reynast affarabest. Hitt er annað mál, að rjett er, að þeir semji skýrslur um starf sitt og sendi sýslumanni; má væntanlega fá úr þeim ýmsan fróðleik og leiðbeiningar um það, hvernig ásetningarmálinu megi sem best skipa; meiri líkur fyrir því, að margvíslegar upplýsingar fáist um það mál alt á þann veg heldur en með hinu, að forðagæslumenn sjeu bundnir við eitt allsherjarform. Og satt að segja eru margir góðir og gegnir menn hjer á landi þannig gerðir, eða eru ekki svo miklir skriffinnar, að þeir sjái nytsemd í að fylla út öll þau form, er fyrirskipuð eru eða fyrir kunna að verða skipuð. Þessir menn hugsa ekki mest um að uppfylla bókstafinn, heldur að vinna á sem hagfeldastan og notadrýgstan hátt.

Breytingar þær, sem jeg og hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) bárum upp í máli þessu, hafa ekki fundið náð fyrir augum hv. landbúnaðarnefndar, enda mun þá ekki furða það, sem til hennar þekkja, því að hún er orðin kunn að því að aðhyllast ekki annað en það, sem hún kemur sjálf með eða finnur upp á, en það geta aftur aðrir ekki aðhafst. Þótt niðurstaðan í áliti hv. nefndar kunni að vera rjett að ýmsu leyti, þá er orðalagið á því og kurteisin í því ekki til fyrirmyndar; má glögglega sjá handafðr hv. skrifara og framsm. nefndarinnar (J. J.) á ritsmíð þessari. Hv. nefnd byggir mikið á því, hvað hún heldur að vinsælt sje. Það getur nú verið blessað og gott að baka sjer ekki ófyrirsynju óvinsældir. En ef koma á einhverju góðu máli fram, má ekki jafnan hafa það fyrir mælikvarða, hvað vinsælast muni vera. Jeg er viss um það, að allra vinsælast mundi það vera að afnema forðagæslulögin með öllu. En jeg er samdóma hv. nefnd um, að það sje þó ekki gerlegt, þótt vinsælast mundi reynast.

Við flutningsmenn frv. höfum að eins viljað koma með þær breytingar, sem gerðu kleift að nota lögin og stuðluðu að því, að þau kæmu að haldi og næðu tilgangi sínum. Hv. frsm. (J.J.) taldi forðagæslulögin góð eins og þau eru, en þyrfti þó að breyta þeim í einstöku atriðum. Þessar breytingar ber hv. nefnd svo fram í öðru frv., og hljóðar hún um það, hvað ákveða skuli í reglugerð, er sett sje um forðagæsluna. Hv. nefnd hefir sjálfsagt borið fram þessa breytingu af því, að hún hefir ekki álitið form það og reglugerð, sem farið hefir verið eftir, aðgengilegt fyrir almenning. En það má hv. nefnd vera viss um, að hennar reglur munu verða

það enn síður. Og ef almenningur getur ekki notað þær reglur, sem hingað til hefir verið farið eftir, þá mun hann ekki fremur geta notað þessar nýju reglur. Hv. frsm. (J. J.) sagði, að áætlun fordagæslumanna um heyfordða bænda væri ágiskun ein, þegar farið væri eftir þeim reglum, sem hingað til hefði verið fylgt, en hann varð og að játa, að eftir tillögum hans og nefndarinnar yrði hún líka bygð á ágiskun, — fordagæslumaðurinn yrði meira eða minna að giska á, hve mörg fordamál væru í þessum eða hinum stabbanum. Enda mun svo jafnan verða, að fordagæslumennirnir hljóti meira eða minna að byggja álit sitt um heyfordða manna á ágiskun. Verða þeir þar að fara eftir reynslu sinni og þekkingu á málinu.

Hann talaði og um, að bændur mundu skýra fordagæslumanni frá, hve mikið hey þeirra væri og hvernig það væri. Það er rjett, en þetta er ekki annað en það, sem nú er gert. Hv. frsm. (J. J.) sagði og, að fordagæslumennirnir gætu spurt aðra góða menn úti í frá um heyin, til þess að komast að hinu sannasta um þau. Þetta er einmitt það, sem þeir fordagæslumenn, er láta sjer ant um starf sitt, gera nú, svo að hjer er um enga framför að ræða frá því, sem nú er. Þá fór hv. frsm. (J. J.) hörðum orðum um þá, sem ekki gætu metið hey, og kallaði þá aula. Jeg get ekki tekið hjer undir með honum, því að þótt hann þykist mikill og telji sig hafa gott vit á heyskoðun, veður hann þó sjálfur sýnilega reyk um þetta, og hann ætti ekki að áfellast mjög góða menn, þótt þeir telji rjett heymat ekki jafnan vel kleift. Og ekki skyldi hann kalla þá alla aula, sem ekki hafa lært alt, sem tilheyrir því að nota reglurnar hans eða útfylla formin. Jeg býst við, að enn sje, sem verið hefir frá alda öðli, að meir sje að byggja á reynslu og þekkingu, sem menn hafa aflað sjer með ástundun og athugun, — en þótt gengið hafi verið í einhverja skóla og lærð þar tugabrot, og að reikna út hey í teningsmetrum og breyta því síðan í fordamál, eins og hv. frsm. (J. J.) vill. Jeg held, að meira beri að leggja upp úr reynslu góðra búmanna en hve menn eru fimir að skrifa tölur á blað.

Frv. það, er hv. nefnd hefir sett saman, vill svo sem bæta kjör fordagæslumannanna. Það leggur til, að breytt sje dagkaupi þeirra þannig, að í stað þess, sem í lögunum stendur, að þeir skuli fá alt að 2 kr. á dag fyrir starf sitt, vill nefndin að komi „minst 2 kr.“ Ó já, munurinn þarf nú ekki að verða svo ýkjamikil, en nefndin hefir sjálfsagt ekki sjeð sjer fært að hafa hann meiri. Nefndinni hefir og þótt óhætt að þyngja heldur starfið eftirleiðis, eftir að hún hefir rausnast til að hækka svona borgunina fyrir það. — En hafi það áður verið hebreska fyrir fordagæslumennina sumt, sem þeir áttu eftir að fara, þá mun það ekki verða síður nú, því að svo segir fyrir í frv. nefndarinnar, að í reglugerð skuli fyrirskipað að mæla hlöður, heytóftir og hey í teningsmetrum, en hey og annað fóður skuli meta í fordamálum. Þessum fyrirmælum er bæði torfylgt, og auk þess eru þau óglögg og tvíræð. Þess hefir áður verið getið, hve torvelt er að mæla sundurgrafna heystabba í tóftum og erfitt að meta rjett missigið hey. En til þess að gera alt sem ruglingslegast, þá er orðið hey haft í mismunandi merkingu í greininni, bæði látið tákna upp borið hey eða heystabba og þurkað grasið. Annars legg jeg ekki mikið upp úr breytingum hv. nefndar, en tel þær þó óþarfar og fremur óheppilegar. Þetta ætti hún sjálf að játa og viðurkenna, að margt er flókið við þetta skýrsluform og reglur þær, sem ætlast er til að fylgt sje. Þá hv. þm., sem talað hafa, greinir mjög á. Sumir vilja fella fordagæslulögin úr gildi, aðrir breyta þeim, og enn aðr-

ir eru á báðum áttum um, hvað gera skuli. Svona horfir nú málið við í deildinni. Fram er komið ágreiningsálit frá minni hluta landbúnaðarnefndarinnar. Felst minni hluta nefndarmaðurinn, hv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) í ýmsu á frv. okkar, en vill breyta sumu. Hann vill t. d., að hreppsbúar kjósi forðagæslumennina, en ekki sýslunefnd; en það er einmitt annað aðalatriðið hjá okkur flutningsmönnum frv., að sýslunefndir kjósi þá. Hingað til hafa þeir verið kosnir mjög af handahófi, eða kosningin alls ekki verið framkvæmd. En á þessu mundu bætur ráðnar, ef sýslunefndir kysu forðagæslumenn. Jeg tel því þessa breyting hv. þm. Eyf. (E. Árna.) óaðgengilega, með því að hún mundi gera að engu höfuðtilgang okkar.

Aftur er það góðra gjalda vert, að hv. þm. (E. Árna.) hefir komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje, að þessi skýrsluform sjeu látin falla niður. Ekki felli jeg mig við það, að hv. þm. (E. Árna.) vill hafa að eins eina skoðunargerð á vetri, og þó allra síst, að hún skuli fram fara síðari hluta vetrar; eigi hún ekki að vera nema ein, þá ætti hún sjálfsagt að fara fram að haustinu eða snemma vetrar; enda hefi jeg engan heyrt kvarta yfir haustskoðuninni. Ef einhver meining á að vera í þessum skoðunum, þá verða þær að fara fram á haustin; þá er rjetti tíminn til að gefa góð ráð um ásetning. Þau geta komið að litlu haldi síðari hluta vetrar, og ólíkt að skera fje á haustum af fóðrum en á útmánuðum. Heyforðaskoðanirnar á haustin miða að því að byrgja brunninn í tíma.

Þeir, sem engin forðagæslulög vilja hafa, álíta allar skoðanir óþarfar og þýðingarlausar. Sumir hv. þdm. hafa tekið í líkan streng og hv. frsm. (J. J.). En þeim hefir verið svarað úr annari átt, og tel jeg því óþarft að rekja það mál meir sundur nú. Jeg vil taka það greinilega fram, að jeg vil ekki, að lagaleysi komi í stað forðagæslulaganna, heldur að þau verði endurbætt.

Jeg segi það ofdjúpt tekið í árinni að halda því fram, eins og víst tveir hv. þm. hafa gert, að síðan forðagæslulögin voru samþykt hafi verið fjárfellir um land alt á hverju ári. Þetta er fjarstæða; enda hafa þeir einir tekið munninn svo fullan, sem vilja lögin feig. Það er sannanlegt, að engar skýrslur eru til um þennan almenna árlega fjárfelli, og geta ekki heldur verið til, því að hann hefir ekki átt sjer stað, og þótt svo væri, að skepnufellir hefði verið tíður síðan lögin komu í gildi, þá sannar það ekki, að þau geti ekki verið góð. Það sýndi ekki annað, en að menn væru enn eigi farnir að hlýða lögunum og notfæra sjer ráðleggingar forðagæslumanna. Það mun eiga langt í land, að hægt verði að segja, að hvergi hafi fallið skepna hjer á landi að vori. Búskapnum er nú einu sinni svo háttað og veðráttufarinu.

Jeg fer svo ekki fleirum orðum um málið, en læt hv. deild ráða, hvernig hún tekur því. En það mega menn vera vissir um, að breytingar okkar hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) eru aðgengilegastar og munu síðar komast fram, og þótt þær verði svæfðar nú, munu menn ekki sitja lengi aðgerðalausir undir lögunum óbreyttum. Jeg býst og við, að þótt kákumbætur hv. landbúnaðarnefndar yrðu samþyktar, sem mjer reyndar þykir ólíklegt, þá muni menn ekki una lengi við þær, því að jeg er sannfærður um, að þær gera ilt verra.

Þegar hjer var komið umræðum, var komin fram ósk um að slíta þeim, frá Sv. Ó., P. O., Þór. J., E. A., H. K., Þorst. J.

ATKVGR.

Samþ. að hætta umr. með 14 shlj. atkv.

Svo hljóðandi rökstudd dagskrá frá 1. þm. Húnv., Þór. J., (sjá A. 818) var því næst borin undir atkv.:

Þar eð forðagæslulögin hafa enn ekki verið svo lengi í gildi, að full reynsla sje fengin um þau, telur deildin óheppilegt að breyta þeim mjög að svo stöddu, eins og frv. þetta fer fram á, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Dagskráin samþykt með 13:2 atkv.

Frv. því

fallið.

9. Landsbankaútibú á Austurlandi.

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 12. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 28, 22. okt. 1912, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka. (A. 52).

Á 10. fundi í Nd., laugardaginn 14. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Frv. þetta er fyrirferðarlítið á pappírnum, og jeg vona, að það verði ekki fyrirferðarmeira í tíma þingsins. Að minsta kosti verður svo, ef aðrir álíta frv. jafnsanngjarnt og það er í mínum augum.

Flest, er jeg vildi segja, er tekið fram í ástæðunum, sem fylgja frv. Þar er drepið á, hve breytt ástandið sje síðan bankalögin voru sett 1885. Þá var Seyðisfjörður langstærsta kauptúnið á Austfjörðum. En nú eru sumir kaupstaðirnir í suðursýslunni orðnir nærri jafnokar Seyðisfjarðar, og útvegur þar snögt um meiri; t. d. er meiri útgerð bæði á Norðfirði og Eskifirði. Þá versluðu uppsveitirnar nær eingöngu við Seyðisfjörð, en nú, síðan Fagradalsbrautin kom, hefir mestöll verslunin flust til Reyðarfjarðar. Svo mikil er breytingin, sem orðin er á, að nú getur fátt mælt með að hafa Seyðisfjörð fyrir augum við stofnun útibúsins, þó að flest mælti með því, er bankalögin voru sett.

Nú hefir útibú Íslandsbanka bætt úr þörf Seyðisfjarðar og næstu sveita. Þörfin er því nú stórum meiri suður frá; það mun öllum skiljast, sem vita, hvernig landinu er háttað; fjallgarðar, sem skifta sveitunum og eru illfærir $^2/_3$ hluta ársins gera samgöngur á Austurlandi mjög örðugar. Það er því ekki að ófyrirsynju, að farið er fram á þessa breytingu. Ekkert ógagn yrði Norðmýlingum að henni, en hún væri til ómetanlegs gagns fyrir Sunnmýlinga og Skaftfellinga. Jeg vil ekki leggja kapp á, að neinn sjerstakur staður sje ákveðinn. Eðlilegast væri, að bankastjórnin ætti þar um atkvæði. Hún mun ekki vilja setja útibú þar, sem örðugt er um samband við Reykjavík. En það breytist ár frá ári. Eskifjörður og Norðfjörður eiga við góðar samgöngur að búa, og líklegt, að það haldist. Innsigling á Norðfjörð er örstutt og greiðfær. Reyðarfjörður hefir og verið nefndur í þessu sambandi, en þótt sá staður liggi vel við samgöngum uppsveitanna, þá eru siglingar þangað fremur litlar, fiskiútvegur nær enginn og þangað erfiðari sókn úr verstöðvum nærsveitanna en t. d. til Eskifjarðar.

Verustað bankans verður að sjálfsögðu að velja með það fyrir augum, að viðskiftamenn sem allra flestir eigi að honum greiða götu. Til þess eru útibú höfð, að ljetta undir með þeim. Ef ekkert tillit væri tekið til þeirra, þá væri ekki ástæða til að dreifa útibúunum um alt land; þá mætti leggja niður öll bankaútibú og hlíta einni bankastofnun hjer í Rvík.

Pjetur Jónsson: Talsverð rök eru til að fylgja því, að bankahúsið verði heldur sett í Suður-Múlasýslu en á Seyðisfirði. Yfirleitt er jeg þeirrar skoðunar, að útibú eigi að setja sem víðast um land alt, en síður fleiri á sama stað. Það er vanræksla af bankastjórnunum að dreifa ekki útibúum betur um landið. Þær bera fyrir sig kostnaðinn, segja, að útibúin beri sig ekki. En jeg þykist vita, að þótt þau beri sig ekki fyrst í stað, sje eins um þau og um nýja viðkomustaði strandferðaskipanna; fyrst ber það sig ekki, en lagast svo, þegar fólkið er búið að venjast því, að þarna sje viðkomustaður eða útibú.

En samt er jeg ekki með frumvarpinu. Jeg vil ekki, að settar sjeu neinar skorður við því, hvar landsbankastjórnin eða landsstjórnin setur útibú. Því á bankastjórnin að ráða mestu um sjálf. Það er ekki rjett, að ókunnugir þingmenn skeri úr því. Bankastjórnin á hægra með það og þekkir betur hvernig á að skipa niður útibúum á heppilegan hátt fyrir peningamál landsins. Þótt jeg nú greiði atkv. á móti frv., er það ekki af mótþróa gegn því, að útibúið verði sett í Suður-Múlasýslu, heldur af því, að jeg vil að banka- og landsstjórnin ráði í þessu efni.

Jón Jónsson: Jeg er sammála hv. þm. S.-Þ. (P. J.) um, að best sje, að landsstjórnin ráði í þessu efni. Þingið hefir ekki tök á að ákveða neitt um þessi efni, svo að vel fari; ákvæði þess væru gerð út í bláinn.

Sunnmýlingar hafa gert mestu rekistefnu út af því, að útibúið yrði á Seyðisfirði, skrifað í blöðin og sett menn hjer í Reykjavík til að tala við þá, sem ráðin hafa um þetta mál. Þessar erjur með okkur Austfirðingum hafa orðið til að tefja fyrir útibússtofnuninni eða jafnvel til að koma algerlega í veg fyrir hana. Best væri, ef samkomulag gæti orðið með okkur þingmönnum Austfirðinga.

Jeg mæli á móti frv., eins og það nú liggur fyrir

Þorsteinn Jónsson: Jeg verð að taka taka undir það með hv. 1. þm. N.-M. (J. J.), að mjer kom það kynlega fyrir, að þetta frv. skyldi koma hjer fram á þingi. Það hefir undanfarið verið deilumál milli Norður- og Suður-Múlasýslna, hvar bankaútibúið ætti að vera. En auk þess hefir það verið deilumál milli hinna ýmsu hreppa í Suður-Múlasýslu. Hver einstakur hreppur þar vill hafa útibúið hjá sjer, en Norðmýlingar vilja hafa það á Seyðisfirði. Það er því alleinkennilegt, að þingmenn austfirskir skuli vera að leiða inn á Alþingi „hreppapólitisk“ mál af Austfjörðum. Jeg býst við því, að það sje alment álitið í Suður-Múlasýslu, að það heyri undir bankastjórnina að velja útibúinu stað, auðvitað í samræmi við úrskurð landsstjórnarinnar. Líka myndu Norðmýlingar yfirleitt una illa úrskurði Alþingis, þar sem málið er sótt af þingmönnum Sunnmýlinga sem „hreppapólitiskt“ mál.

Jeg hygg, að báðir flutningsmenn frv. hafi Eskifjörð í huga, sem aðsetur útibúsins. En ef jeg ber saman Seyðisfjörð og Eskifjörð, getur mjer ekki blandast hugur um, að bankinn ætti fremur að vera á Seyðisfirði. Seyðisfjörður er miklu fjölmennari kaupstaður. Símasamband er stórum betra; sími lengur opinn en á Eskifirði. Samgöngur á sjó eru betri en annarsstaðar eystra. En þar er samgöngum víða svo háttað, að menn ferðast á sjó, því að erfiðir og torsóttir fjallvegir eru milli sveita.

Það er rjett, sem hv. flm. (Sv. Ó.) sagði, að eftir að Fagradalsbrautin komst á hefir verslun af Hjeraði flust mjög frá

Seyðisfirði til Reyðarfjarðar. En þó er enn mikil verslun á Seyðisfirði af hálfu Hjeraðsbúa. T. d. mun árlega vera slátrað á Seyðisfirði um 20000 fjár af Hjeraði.

Mjer blandast ekki hugur um, að Eskfirðingar og Reyðfirðingar myndu hafa mestan hagnaðinn, ef útibúið væri sett hjá þeim, en mjer er ekki vel ljóst, hvort nokkrar aðrar sveitir hefðu meiri hagnað af því, að það væri á Eskifirði, en einhversstaðar annarsstaðar á Austfjörðum. Af Norðfirði t. d., eru oftar ferðir á Seyðisfjörð en Eskifjörð, og kemur það af því, að á Seyðisfirði er hin eina mótorverksmiðja Austurlands, en á Norðfirði er, sem kunnugt er, rekin mikil mótorbátaútgerð. Af Mjóafirði er miklu styttra að sækja á Seyðisfjörð en Eskifjörð. Mestöll Norður-Múlasýsla á hægra með að ná til Seyðisfjarðar en Eskifjarðar, en það er af sömu ástæðum og áður eru nefndar, að þangað eru fleiri ferðir og betri samgöngur. Enn fremur munu Fáskrúðsfirðingar eiga oftar leið til Seyðisfjarðar, eftir því sem jeg hygg.

Ef ákveða ætti stað í Suður-Múlasýslu, þá lægi þó Reyðarfjörður miklu nær. Hvort útibúið er á Eskifirði eða Seyðisfirði, hlýtur að gilda einu fyrir Hjeraðsbúa.

Jeg sje, að hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) biður nú um orðið, og mun hann ætla að mótmæla þessu, vegna þess, að Upphjeraðsmenn hafi meiri verslun á Reyðarfirði en Seyðisfirði. En á milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar er svo löng vegalengd, að til Eskifjarðar verður lítið skemmra frá Reyðarfirði en af Hjeraðinu yfir Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.

Þótt einstöku staður á Suðurfjörðunum hafi meiri útgerð en Seyðisfjörður, hefir enginn staður þar eins mikla verslun og Seyðisfjörður. Mig minnir, að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) segði, að Austur-Skaftfellingar væru betur settir, ef útibúið væri í Suður-Múlasýslu. Þar til má svara því, að Norður-Þingeyingar myndu allir heldur leita til Seyðisfjarðar.

Annars vil jeg ekki hefja deilu um þetta mál hjer í hv. deild, en vil hlíta úrskurði landsstjórnar í samráði við bankastjórn. Því að Ausfirðingum er það aðalatriðið að fá útibúið, en ekki að deila um það hjer á þingi, hvar útibúið eigi að vera. Vil jeg því eindregið leggja á móti því, að þetta frv. verði samþykt.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi setið hjer og hlýtt á ræður manna, og hafa mjer komið kynlega þær yfirlýsingar manna, að Alþingi beri eigi það skyn á peningamál, að því sje trúandi til að kjósa peningastofnun stað. Jeg hefi ekki orðið var við þennan ókunnugleika hjer á þingi, er menn hafa samþykt fjárveitingar til brúargerða á hinar og þessar lænur í hjeraði sínu. Það virðist því svo, sem samviskusemi þingmanna sje að aukast, og að þeir sjeu nú teknir að finna veikleika sinn. Jeg held, að Alþingi sje þetta miklu ljósara mál, hvar setja beri bankastofnun, en mörg þau ómerkileg smámál önnur, sem allir telja sjálfsagt, að Alþingi beri öllum fremur skynbragð á. Held jeg því, að þessar ræður sjeu af öðrum toga spunnar en vaxandi samviskusemi. Þeim finst, Norðmýlingum, að það sje sjálfsagður hlutur, að landsstjórn og bankastjórn ráði þessu, einkum fyrir þá sök, að þeir vita, að bankastjórnin hefir ætlað sjer að setja útibúið á sama stað sem útibú hins bankans. Má það allundarlegt heita, ef svo ríkt er orðið fóstbræðralag milli þessara banka, til að gera öllum jafnerfitt að ná í peninga. Jeg hjelt, að það væri ekki flókið fyrir mönnum, að rjettara sje að spara mönnum langar ferðir á landi eða sjó, til að ná í lítil lán eða víxil, með því að setja peningastofnanirnar dreift, en að hlaða þeim öllum á einn stað.

Ef jeg nú fer að athuga, hvar Austfirðingum væri útibúið hentast, þá er það vafalaust á Reyðarfirði. Sjerstaklega ætti Alþingi að vera auðskilið, hvers vegna sjálfsagt er að setja útibúið á Reyðarfjörð, þar sem landssjóður hefir kostað hundruðum þúsunda til akvegar yfir Fagradal, svo að Hjeraðsbúum yrði greiðari flutningur til sjávar. Tilgangur Alþingis er þar vitanlega sá, að draga verslunina þangað, sem styst væri til sjávar.

Ef nú svo fer, að af Reyðarfirði verða tíðar bifreiðaferðir og flutningar, mun fara svo, að menn fara í kaupferðir með vagna á Reyðarfjörð, og þurfa oft á peningum að halda. Nú er svo ástatt, að þeir hafa ekki báta, nje heldur hesta, til að ríða svo sem 15 stikuþúsundir til Eskifjarðar, eða jafnvel alt aðra og lengri leið, til Seyðisfjarðar. Nú er Hjeraðið svo stór hluti, að þeim Hjeraðsbúum getur ekki verið sama hvert þeir verða að leita, og allir geta nú sjeð, hve mikill hagur þeim er að hafa útibúið á rjettum stað. Með því eru bankanum trygð öll viðskifti við Hjeraðið.

Lítum þá á hina staðina, sem eiga að nota bankann. Hvaða mun gerir það, hvort menn fara á vjelbáti til Fáskrúðsfjarðar, Reyðarfjarðar eða Eskifjarðar? Nú getur bankinn ekki verið á öllum þessum stöðum. Reyðfirðingar verða þá eins rjettháir og Fáskrúðsfirðingar eða Eskfirðingar.

Það er rjett, að frá Norðfirði og Mjóafirði eru meiri samgöngur til Seyðisfjarðar en Eskifjarðar eða Reyðarfjarðar. Er þá vel, ef þeir eiga hægt með að ná til hins bankans. Takmarkið er, að allir geti sem hægast náð til annarshvors bankans, að ná í peninga. Ekkert er í húfi, þótt sumir firðirnir sæki til Seyðisfjarðar.

Hvað því viðvíkur, að sími er lengur opinn á Seyðisfirði, þá er það engin ástæða. Menn vita, að Alþingi hefir í hendi sjer, hvar símastöðvar eru, og hve lengi opnar. Enda mun landssíminn kunna svo vel að græða, að hann mun fljótlega setja 1. flokks stöð á slíkum stað. Og vitanlega er síminn ekki annað en verkfæri, sem vjer getum lagað í hendi, eftir þörfum vorum. Síminn mundi því aldrei standa í vegi fyrir viðskiftaþörf manna.

Þá kem jeg að því, að jeg vildi helst kjósa, að í frv. væri sett „Reyðarfjörður“ fyrir „Suður-Múlasýsla“. Þetta traust, er menn bera til bankastjórnar og landsstjórnar í þessu máli, held jeg vera oftraust, og langtum rjettara fyrir Alþingi að taka á sig þau ákvæði en leggja þau undir bankastjórn og landsstjórn. Þinginu gerir ekkert til, þótt það úrskurði slíkt hreppadeilumál. En aftur gæti það spilt fyrir Landsbankanum hjá þeim, er þættust settir hjá, ef bankastjórnin úrskurðaði, og gæti þá svo farið, að þeir staðir ljetu Íslandsbanka sitja fyrir viðskiftum, þótt lengra væri að sækja. Annars hefir þetta mál áður komið fyrir Alþingi og var þá þetta atriði látið vera óákveðið. Vildi jeg þá láta setja Reyðarfjörð og vil það enn. Hann er enn lítill verslunarstaður, en mun stækka. Auðsjeð er það, að þingið hefir ákveðið þann stað fyrir verslunarstað handa Hjeraðsbúum. Þegar útibúið kemur þar, komast öll viðskifti í eðlilegra og ljettara horf en verið hefir.

Einar Arnórsson: Að eins örlítil athugasemd, í sambandi við ræðu hv. 1. þm. N.-M. (J. J.). Ef jeg man rjett var um jólaleytið síðastliðinn vetur komið fult samkomulag milli landsstjórnar og bankastjórnar um reglugerð handa útibúinu á Austfjörðum. Um jólaleytið komu til stjórnarinnar tillögur frá Landsbankastjórninni um, hvar útibúið skyldi sett. Landsbankastjórnin hafði leitað umsagnar sýslumannanna í báðum sýslum. Og sem nærri má geta voru þeir hvor á móti

öðrum. Sýslumaður Norðmýlinga og bæjarfógeti Seyðisfjarðar hjelt auðvitað fram Seyðisfirði, en embættisbróðir hans í Suður-Múlasýslu jafneindregið Eskifirði. Landsbankastjórnin lagði, ef jeg man rjett, með því, að útibúið væri sett á Seyðisfirði. Henni þóttu rök sýslumanns Norðmýlinga ríkari en rökin frá hinni hliðinni. Svo komu ýmsar raddir frá mikils metnum Sunnmýlingum, er hjeldu fram málstað Suður-Múlasýslu í þessu efni. Og af því að nú var svo ástatt, að þetta mál kom í mínar hendur, er jeg ætlaði ofan, og jeg vissi, að í stjórninni mundi taka sæti maður, er kunnugur var þessu máli, sem sje þáverandi bankastjóri og núverandi fjármálaráðherra (B.K.), þá vildi jeg ekki taka fram fyrir hendur þeirrar stjórnar. Jeg skal ekkert segja um, hvort stjórnin hefir síðan fyrir sitt leyti ráðið málinu til lykta, en þó virðist svo, sem hún hafi ekki gert það, og get jeg vel skilið, þótt stjórnin vildi fresta málinu til þings, eins og á stóð.

Björn Stefánsson: Veigamesta ástæðan móti frv. er sú, að eðlilegt sje, að bankastjórnin sje látin ráða, hvar útibúið sje sett. Hún hefir eðlilega mestu skilyrðin til að meta, hvar þörfin væri mest. Vjer hefðum ekki komið með þetta frv., ef vjer hefðum þorað að treysta kunnugleika hins æðsta úrskurðarvalds í málinu. Vjer vissum, að búið var að semja reglugerð fyrir bankann á Seyðisfirði, en hins vegar, að stjórnin myndi tæplega ganga á móti ákveðnum tillögum bankastjórnarinnar. Þetta atriði gerði það því ótryggilegra að skilja svo við málið, er ekki var víst, að bankastjórninni væri það kunnugt, að Sunnmýlingar hefðu ríkari þörf og rjettlátari kröfur til að hafa útibúið hjá sjer en á Seyðisfirði.

Hv. 1. þm. N.-M. (J.J.) hneykslaðist á því, að Sunnmýlingar hefðu gert út menn til að hafa áhrif á málið. En þetta sýnir að eins lifandi áhuga, sem bygður er á brýnni þörf. Hv. 2. þm. N.-M., (Þorst. J.) kom það kynlega fyrir, að þetta mál kom inn á þing. *Mjer* kom kynlega fyrir, að hann skyldi segja slíkt, því að honum var kunnugt um, að málið mundi verða flutt inn á þingið. Jeg hafði minst á það við hann, til þess að grenslast eftir, hvort hann sæi ástæðu til að rísa upp á afturfæturna af þeim sökum. En að öðru leyti vil jeg ekki herma tveggja manna tal. Hann talaði um hreppapólitík. Ef hann vildi líta í 8 þingmálafundargerðir úr Suður-Múlasýslu, mundi hann sjá, að á 6 fundum hefir verið samþykt að láta alla deilu um staðinn niður falla og fela bankastjórn og landsstjórn að setja bankaútibúið á heppilegan stað. Á fundinum á Eskifirði var raunar samþykt að leggja áherslu á að fá útibúið á Eskifjörð, en það var af þeirri ástæðu, að eftir því, sem sakir stóðu í vetur, skildu menn almennt svo, að ekki væri um nema Seyðisfjörð og Eskifjörð að velja, og vildu þá auðvitað halda fast við Eskifjörð. Á Norðfjarðarfundinum var að vísu samþykt að reyna að fá bankann á Norðfjörð, en það var mest til þess að sýna, að þeim Norðfirðingum væri það hentugast, eins og líka gefur að skilja. Margir Norðfirðingar mundu láta sig litlu skifta, hvort bankinn kemur á Seyðisfjörð eða Eskifjörð; samgöngur eru líkar við þá staði báða, þó miklu betri á landi við Eskifjörð, en þó eru fleiri, sem sjá það og játa, að þeim er betra að hafa banka til beggja hliða. Auk þess hafa þeir fullan skilning á því, að framfarir annara hreppsfjelaga innan þeirra eigin sýslufjelags, er bæði beinn og óbeinn hagnaður fyrir þá.

Reyðarfjörður er síldarsælastur allra Austfjarða, og um útgerðartímann eru tæplega meiri ferðir norður en suður.

Hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) nefndi líka Fáskrúðsfjörð. En þeir hafa alls ekki beð-

ið um bankann til sín, heldur eindregið krafist þess, að hann yrði settur á Eskifjörð, þótt þeir sjálfsagt helst mundu vilja fá útibúið til sín, en þeir eru svo sanngjarnir að krefjast þess ekki, af því að lega fjarðarins er svo óheppileg. Hann sagði enn fremur, að þetta væri áhugamál allra Norðmýlinga. Þetta er djarft. Jeg get þá sagt honum, að á fundi fulltrúaráðs kaupfjelags sýslnanna, sem til teljast 3 hreppar úr Norður-Múlasýslu og 3 úr Suður-Múlasýslu, var gerð sú krafa, að útibúið yrði sett á Reyðarfirði, en þegar þeir heyrðu, að þetta mundi tæplega fást, þá sendu þeir símskeyti til stjórnarráðsins og krófðust þess, að útibúið yrði sett á Eskifjörð, en undir símskeytið skrifuðu 15 menn, þar af 9 Norðmýlingar og 6 Sunnmýlingar. Það er því að taka munninn nokkuð fullan að segja, að það sje ósk allra Norðmýlinga, að útibúið yrði sett þar. Til hvers var og sami hv. þm. (Þorst. J.) að biðja um akbraut til Úthjeraðsins? Ekki verður hún notuð til að aka eftir henni af Seyðisfirði. Auðvitað af því, að þeir vilja samgöngur við Reyðarfjörð, og til þess að geta notað Fagradalsbrautina. Þeir sjá, að Reyðarfjörður er framtíðarstaðurinn, og vilja fá þau samgöngutæki, að þeir geti snúið viðskiftum sínum þangað. Jafnvel úr Hjaltastaðar þinghá má komast með vagna alla leið til Reyðarfjarðar. Þetta veit jeg, að hv. þm. vefengir ekki.

Hv. þm. (Þorst. J.) sagði, að Austur-Skaftfellingum stæði á sama um málið. Þetta er ekki satt; mjer er kunnugt um, að þeir vilja, að útibúið sje á Eskifirði, og mun þm. þeirra sanna það með mjer, og er það eðlilegt sökum þess, að það munar þá einni póstferð á vetrum. Pósturinn gengur rakleitt til Eskifjarðar, og snýr svo við þaðan daginn eftir, svo að þeir geta fengið brjef sín afgreidd með sama póstinum, en frá Seyðisfirði myndu þeir þurfa að bíða eina póstferð.

Það hefir verið lagt til, að málið gengi til allsherjarnefndar. Jeg hefði nú reyndar búist við því, að málið gæti gengið fram nefndarlaust. Jeg veit, að allir kunnugir vita, að þetta er rjettlát krafa og ætti því að geta gengið fram án nánari athugunar, en úr því að mótmæli hafa komið fram, þá tel jeg rjettara, að málinu verði vísað til nefndar.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það var einhver, jeg held hv. 2. þm. Árn. (E. A.), sem ljet í ljós, að það hafi ekki verið gert almenningi kunnugt, hvers vegna var frestað að stofna þetta útibú.

Jeg sje nú ekki betur en að almenningur megi vita ástæðuna, og skal því nota tækifærið til þess að skýra frá henni.

Ástæðan er að mestu fólgin í samgönguvandræðum innan lands og utan. Landsstjórnin hefir ekki getað útvegað nægilega peninga utan lands, og hefir orðið að knýja á innlendar peningastofnanir, enda liggur það beinast við. Þetta er þá aðalástæðan til frestunarinnar.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Það hefir verið tekið fram flest, sem þarf að svara, og get jeg því leitt það hjá mjer að mestu.

Þessa kenningu mótstöðumannanna, að best sje að láta bankastjórnina ráða öllu, lít jeg á sem fáránlegustu kreddu. Hví var þá þingið að skifta sjer af stofnun útibúanna á Akureyri og á Ísafirði, og hvernig stendur þá á afskiftum þingsins af bönkunum, allar götur frá 1885? Það sjá allir, að þetta er hjegómleg ástæða; það er einmitt þingið, sem ákveður þetta, og á að gera það.

Hins vegar eru staðhættir svo eystra, að full ástæða getur verið til þess, eftir nokkur ár, að breyta til um verustað;

þetta fer eftir útvegi og samgöngum, sem mjög eru óstaðbundnar þar. Fyrir þessa skuld er það einmitt, að við flutningsmenn viljum ekki binda verustaðinn, heldur að eins sýsluna.

Ofsnemt þykir mjer að benda á Reyðarfjörð nú fyrir verustað bankans, af því að þar er ekki enn svo mikill útvegur eða samgöngur þangað svo tíðar, sem æskilegt væri, þótt hins vegar sá staður sje mjög líklegur, þegar hann stækkar og skilyrðin batna.

Okkur hefir verið brugðið um hreppapólitík, einkum af hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), en hvað er það annað en hreppapólitík, að vilja hafa útibúið á Seyðisfirði, þar sem útibú er fyrir og úr aðalþörfinni bætt. Það hefir verið skýrlega tekið fram, að útibúsins er miklu meiri þörf í Suður-Múlasýslu. Annars skal jeg leyfa mjer að taka fram tvær höfuðástæður, sem fyrir mjer hafa vakað í þessu máli. Í fyrsta lagi það, að Skaftafellssýsla og syðri hjeruð Suður-Múlasýslu geta eigi haft full not banka á Seyðisfirði, vegna fjarlægðar og erfiðra samgangna. Í öðru lagi umhyggja fyrir hag bankans, sem jeg veit að er miklu betur trygður í suðursýslunni en á Seyðisfirði. Viðskifti eru miklu meiri í Suður-Múlasýslu en í Norður-Múlasýslu, útvegur o. fl., sem þar að lýtur. Hjer við bætist það, að áhuginn og kappið hjá Sunnmýlingum er svo mikið, að þeir bjóða fram stórupphæðir, í sparisjóðsfje, til þess að treysta bankann; Eskfirðingar 200 þúsund krónur og Norðfirðingar 60—80 þúsund krónur, en mjer er eigi kunnugt um, að Seyðfirðingar hafi boðið nokkur slík boð. Þetta sýnir, að mönnum er alvara. En svo er eitt enn og það er, að ef bankinn verður settur á Seyðsfjörð, þá má sennilega gera ráð fyrir því, að Sunnmýlingar haldi áfram viðskiftum við Íslandsbanka og „boycottera“ Landsbankann. Þetta tel jeg eðlilegt svar frá þeirra hendi, ef daufheyrst verður við ósk þeirra.

Mjer finst ekki þörf á nefnd í þessu máli, en nú hefir verið lagt til að vísa því til allsherjarnefndar, og get jeg þá verið því fylgjandi, þótt það tefji fyrir.

Þorsteinn Jónsson: Hv. þm. Dala. (B. J.) tók það fram, að þetta mál væri ekki flókið fyrir þingið, en undarlegt er, að það skuli vera flóknara fyrir landsstjórnina, sjerstaklega þar sem hún getur farið eftir tillögum bankastjórnar, sem best skilyrði hefir til þess að dæma um málið.

Viðvíkjandi ummælum hv. þm. S.-M., sjerstaklega hv. 2. þm. (B. St.), þá vona jeg, að það hafi skilist, að jeg vildi ekki, að vjer Austfirðingar deildum um, hvar bankinn yrði, heldur að vjer hlíttum óvilhöllum dómi.

Jeg tók það fram, að það væri margt, sem mælti með Reyðarfirði, en það væri meira, sem mælti með Seyðisfirði heldur en Eskifirði.

Sami hv. þm (B.St.)sagðist hafa borið málið undir mig fyrir þing og jeg hafi sagt, að jeg myndi ekkert skifta mjer af því. Sömuleiðis gaf hann það í skyn, að hann hefði látið mig vita, að hann myndi koma málinu inn í þingið. Í þessu er dálitill sannleikur hjá þingmanninum, en ekki alger. Þegar við töluðum um mál þetta, þá fórust mjer orð á þá leið, að jeg myndi hvorki reyna að hafa áhrif á bankastjórnina eða landsstjórnina, hvar útibúið væri sett; jeg treysti þeim til að velja heppilegasta staðinn. En að hann eða þingmenn Sunnmýlinga kæmu með frv. inn í þingið, þessu máli viðvíkjandi, var mjer ekki kunnugt fyr en jeg sá það á prenti. Ef frv. þetta hefði ekki komið fram, hefði jeg ekkert skift mjer af máli þessu, Jeg vil ekki gera aukaatriði að aðalatriði, og jeg treysti þinginu ekki eins vel að velja útibúinu stað sem landsstjórninni eftir tillögum bankastjórnarinnar.

Sami hv. þm. sagði enn fremur, að nokkrir menn úr Norður-Múlasýslu vilji hafa bankann á Reyðarfirði; það getur verið, en mjer er kunnugt um, að sýslunefnd Norður-Múlasýslu vildi heldur hafa hann á Seyðisfirði, en láta þó landsstjórnina ráða.

Viðvíkjandi því, að fyrir Úthjeraðsmenn væri bankinn best settur á Eskifirði, þá er því að svara, að jeg veit ekki um, að það sje nema einn maður, sem verslar í Reyðarfirði úr Hjaltastaðarþinghá; að minsta kosti eru þeir fáir, og engir þar, sem versla á Eskifirði. Úr hinum sveitum Úthjeraðsins versla menn að vísu nokkuð við Reyðarfjörð, og sömuleiðis við Seyðisfjörð, en enginn við Eskifjörð.

Sami hv. þm. (B. St.) taldi Seyðisfjörð útkjálka, en jeg verð að telja hann miðstöð Austfjarða, því að þótt meiri útgerð sje á suðurfjörðunum, þá hefir því ekki verið mótmælt, að meiri verslun er á Seyðisfirði en á nokkrum þeirra.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að það væri af umhyggju fyrir bankanum, að hann vildi hafa hann á suðurfjörðunum, en bankastjórnin mun engu minni umhyggju bera fyrir bankanum, og því engin hætta að fara eftir tillögum hennar með útibússtaðinn.

En þar sem sami hv. þm. (Sv. Ó.) drap á hótanir Sunnmýlinga við bankann, þá skoða jeg það gert í hugsunarleysi; svo mikil hreppapólitik sýnir, að hjer er um kappsmál milli sveitanna að ræða, sem þinginu er erfitt að gera upp á milli.

En ef á að samþykkja þetta frv., þá verð jeg að telja rjettara það, sem hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að binda staðinn við Reyðarfjörð, til þess að girða fyrir, að Sunnmýlingar færu að deila um þetta atriði sín á milli, og af því að þar er vafalaust heppilegasti staðurinn í Suður-Múlasýslu fyrir bankann; landverslun liggur þar best við, og landið hefir gert meira til þess að efla þann stað en aðra staði í þeirri sýslu, þar sem akbrautin til Hjeraðs liggur þaðan.

Gísli Sveinsson: Jeg tek undir það með hv. flutnm. (Sv.Ó.), að mjer þykir hlýða, að þetta deilumál kæmi til þingsins kasta, af því að þetta hefir verið þingmál alla tíð, og get því ekki verið samþykkur hv. þm. S.-Þ. (P. J.) um þetta. Almenningur hefir líka fullan rjett á að leita til þingsins með nauðsynjamál sín.

Annars er jeg hlyntur frv. af því, að jeg tel rjett, að peningastofnanirnar sjeu sem mest dreifðar, eftir því sem hagsmunir segja til.

Hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) sagði ágreininginn valda því, að málið hafi ekki komist í framkvæmd. En það er ekki orsökin, sbr. orð hæstv. atvinnumálaráðherra. Með þeim er það upplýst, að peningavandræðin hafa valdið því, að bankastjórnin og landsstjórnin hafa ekki sjeð sjer þetta fært enn þá.

Hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) sagðist vilja hlíta úrskurði landsstjórnarinnar og bankastjórnarinnar, af því að þær væru óvilhallar. Það er rjett að gera ber ráð fyrir því, að bankastjórnin muni vera nokkurn veginn óvilhöll, en þessi yfirlýsing hans er tæplega mikils virði, þar sem bankastjórnin hafði ákveðið bankann á Seyðisfirði, og landsstjórnin hins vegar er að nokkru leyti svo samsett, að í henni situr sami maður, sem lagt hefir til þess að velja Seyðisfjörð, og ólíklegt, að hann muni breyta um skoðun.

Jeg þykist vita, að hv. þm. S.-M. sje ekki eins mikið áhugamál að hlíta þessum óvilhalla úrskurði. Jeg skal fyrir mitt leyti, og af því að jeg er ókunnugur, ekki fara út í samanburð á kaupstöðunum eða kauptúnunum fyrir austan, en það vita þó allir, sem nokkuð þekkja til Austurlands og þeirra breytinga, sem þar

hafa orðið á kauptúnum, útgerð og verslun, að miklar breytingar hafa orðið þar á síðari árum. Þótt Seyðisfjörður hafi um langa hríð verið talinn höfuðstaður Austurlands, þá er nú mikil breyting á orðin, og er það jafnvel játað af andstæðingum þessa máls, að landverslunin hefir flust og er að flytjast þaðan til Reyðarfjarðar, og útvegssvæðið er nú orðið nær eingöngu í Suður-Múlasýslu. Það sem heldur Seyðisfirði við, er fyrst og fremst þetta gamla, að hann var álitinn miðstöð Austurlands, og svo síminn — ritsíminn, sem gerir hann að eins konar miðstöð alls landsins, að því er síma snertir. Þar kemur sæsíminn á land. Það gefur að skilja, að það gengur ekki svo fljótt, að alt dragist þaðan, vegna símans.

Ef litið er á atvinnuvegina, kemur það í ljós, að atvinnurekstur er meiri annarsstaðar, sem sje suður í Suður-Múlasýslu, bæði útgerð og landbúnaður. Það virðist líka mæla með því, að þetta mál verði tekið til greina, að Sunnmýlingar sýna svo mikinn áhuga fyrir að fá útibú til sín, að þeir ætla að styrkja það með ráði og dáð og jafn vel leggja fram sparisjóðsfje og rekstrarfje handa útibúinu í hundruðum þúsunda króna, til þess að útibúið hafi nægilegt fjármagn. Það er líka ekki nema eðlilegt eða mannlegt, eins og komið hefir fram, að ef þeir eru beittir ósanngirni og útibúið sett á Seyðisfjörð, þá sneiði þeir alveg hjá því, og skifti þá annaðhvort eingöngu við Íslandsbanka eða stofni ef til vill sjálfir, peningastofnun handa sjer. Það gefur að skilja, að úr því að þeir hafa ráð á hundruðum þúsunda króna, þá muni þeir jafnvel, með lánstrausti til viðbótar, geta sett sinn eiginn banka á stofn. Hvað er þá unnið fyrir Landsbankann og þjóðfjelagið, sem á þá stofnun, við það að bægja þeim frá útibúinu og um leið frá sjálfsögðum og heppilegum viðskiftum? Hjer verður að taka tvent til greina. Annars vegar hagsmuni almennings og hins vegar hagsmuni Landsbankans, og þingið verður að bera hvorttveggja fyrir brjósti. (**B. St.**: Sunnmýlingar leita til Íslandsbanka með sjerstakt útibú sama daginn og ákveðið verður að hafa Landsbankaútibúið á Seyðisfirði). Jú, jeg efast ekki um það, en jeg vil styðja að því, að viðskifti Sunnmýlinga dragist ekki frá Landsbankanum. Og jeg efast ekki um, að meiri hluti hv. deildarmanna vilji hið sama.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 52, n. 154).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Allsherjarnefnd hefir lagt til, að frv. þetta verði samþykt óbreytt. Nefndin hefir orðið sammála um það, að einkum beri að líta á mál þetta frá tveim hliðum; önnur þeirra veit að bankanum, en hin að viðskiftamönnunum. Við höfum því fyrst og fremst athugað það, hvort bankinn muni hafa eins mikið upp úr útibúinu, verði það sett á stofn í Suður-Múlasýslu, eins og á Seyðisfirði, og við höfum komist að þeirri niðurstöðu, að líkur sjeu fyrir eins miklum viðskiftum í Suður-Múlasýslu eða jafnvel meiri. Á það ber að líta, að nokkur hluti Norður-Múlasýslu verslar á verslunarstöðum í Suður-Múlasýslu. Í Suður-Múlasýslu eru fiskveiðar miklar, svo miklar, að þær mundu veita næg viðskifti við útibú. Þess ber og að gæta, að þótt vafi gæti leikið á því, í hvorri sýslunni viðskiftalífið er meira, þá er þegar til útibú í Norður-Múlasýslu, og það liggur í hlutarins eðli, að þörfin fyrir úti-

bú hlýtur að vera meiri, að öðru jöfnu, þar, sem ekkert útibú er fyrir. Landsbankinn er þjóðareign, og er því sjálfsagt, að hann taki tillit til þess, hvar þörfin er mest, því fremur sem þörf og líkur fyrir góðum hagnaði útibúsins fellur saman. Aftur á móti legg jeg ekki mikið upp úr að því, nokkrir Sunnmýlingar hafa lýst yfir því, að þeir muni ekki skifta við útibúið, ef það verði sett í Norður-Múlasýslu. Það er hótun, sem jeg get ekki tekið alvarlega, enda finst mjer hún varla við eigandi. Það er víst, að í Suður-Múlasýslu er mikil verslun, og mikil verslun leiðir af sjer mikil viðskifti við útibú. Í því efni er ekkert, sem mælir fremur með Seyðisfirði. Og það, að útibú er þegar til á Seyðisfirði, mælir með því, að hitt verði ekki sett þar. Þá er enn eitt atriði. Allmikið af verslun Norður-Múlasýslu er að dragast til Reyðarfjarðar. Norðmýlingar eru því ekki óskiftir í þessu máli. Í vetur sendu t. d. 15 menn, er sátu á kaupfjelagsfundi á Egilsstöðum, símskeyti til stjórnarráðsins og óskuðu þess einróma, að útibúið yrði sett á stofn í Suður-Múlasýslu. Af þessum 15 mönnum voru 8 úr Norður-Múlasýslu, fulltrúar frá 3 eða 4 hreppum. Þetta sýnir, að Norðmýlingar eru skiftir, eins og við var að búast, þar sem sumar sveitir eiga miklu hægra með að versla á Reyðarfirði en á Seyðisfirði. Enn fremur hefir nefndin átt tal við 3 menn úr stjórn Landsbankans um þetta mál. 2 þeirra mæltu með því, að útibúið væri sett í Suður-Múlasýslu, en einn mælti með Seyðisfirði. Þann 4. höfum við ekki átt tal við, en hann á sæti hjer í hv. deild, og mun skoðun hans koma fram við atkvæðagreiðsluna.

Jeg hefi ekki enn talað um nema Norður- og Suður-Múlasýslu. En auk þeirra eru 2 aðrar sýslur, sem líkur eru til að mundu skifta við útibúið. Það eru Norður-Þingeyjarsýsla og Austur-Skaftafellssýsla. Frá sýslunefndinni í Norður-Þingeyjarsýslu liggur fyrir ósk um, að útibúið verði sett á Seyðisfirði. En sú ósk vegur ekki mikið, því að Norður-Þingeyingar verða ekki svo mjög afskiftir. Bæði er það, að sýslubúar hafa mikið af viðskiftum sínum á Akureyri, og geta því skift við útibú Landsbankans þar, og auk þess er lega sýslunnar þannig, að öllu hægra er að sækja til Akureyrar en til Seyðisfjarðar. Þeir, sem samt sem áður versla á Seyðisfirði, geta þá skift við útibúið, sem þar er fyrir. Öðru máli er að gegna um Austur-Skaftfellinga. Þeir eiga töluvert hægra með að ná til útibúsins í Suður-Múlasýslu en á Seyðisfirði. Mjer finst því mega taka meira tillit til þeirra en Norður-Þingeyinga, því að þeir geta ekki snúið sjer neitt annað með peningaviðskifti sín.

Nefndin mintist líka á það við bankastjórnina, hvort hætta gæti verið á því, að erfiðara yrði með rekstur útibúanna austanlands, ef þau væru sitt á hvorum stað, hvort gæti verið að ræða um óþægilega samkepni eða annað þess háttar. Fengum við þau svör, að ekkert slíkt gæti komið til mála. Útibúin stæðu undir stjórn bankanna hjer í Reykjavík. Hjer yrði því gert út um öll atriði, sem verulegu máli skifta, og ekki hugsanlegt, að nokkurt ósamræmi gæti átt sjer stað. Fleira sje jeg ekki ástæðu til að taka fram, enda hygg jeg, að málið liggi nú ljóst fyrir öllum.

Þorsteinn Jónsson: Allsherjarnefndin hefir hallast að frv. þessu. Virðist helst mega ráða það af nefndarálitinu, að nefndinni hafi fundist frv. svo meinlítið, að ekki væri nein ástæða til að leggjast á móti því. Hv. frsm. (M. G.) tók það fram, að viðskiftin við útibúið mundu ekki verða minni í Suður-Múlasýslu, heldur en þótt það væri sett niður á Seyðisfirði. Með því hefir hann þó ekki *sannað*, að viðskiftin verði meiri annarsstaðar en á Seyðisfirði. Enda

er ekki hægt að sanna það með neinum rökum. Mjer skilst líka, að hjer sje að, eins um tvo staði að ræða, Eskifjörð eða Seyðisfjörð. Það mun vera ætlun manna, að útibúið verði sett á Eskifirði, ef það verður í Suður-Múlasýslu, svo að hjer er að eins um það að ræða, hvor þessara staða sje betur fallinn fyrir útibúið. Frsm. (M. G.) sagði, að Norðmýlingar væru einir um það — eða því sem næst — að óska útibúsins á Seyðisfirði. Að vísu gat hann þess, að Norður-Þingeyingar hefðu látið uppi ósk um hið sama, en hv. frsm. vildi leggja lítið upp úr þessari ósk. En á það ber þó að líta, að samgöngur eru einmitt mjög tíðar milli Norður-Þingeyjarsýslu og Seyðisfjarðar, en því nær engar við önnur kauptún á Austfjörðum. Óskir Norður-Þingeyinga eru líka allákveðnar í þessu efni, eins og sýslufundargerð þeirra frá 31. maí ber með sjer, og í brjefi frá 5. júlí segir sýslumaður Þingeyinga, að helmingur af Norðursýslunni geti notað útibúið, ef það verði á Seyðisfirði, en alls ekki, ef það verði sunnar. Hv. frsm. (M. G.) fanst ástæða til, að taka meira tillit til Austur-Skaftfellinga. Mjer er ekki kunnugt um, að þeir hafi skift sjer neitt af þessu máli. Jeg hefi að minsta kosti ekki sjeð neina ósk frá þeim. Jeg efast líka mjög um það, að þeir eigi nokkru óhægra með að sækja til Seyðisfjarðar en til annara kauptúna á Austfjörðum.

Þá gat frsm. (M. G.) þess, að 3 menn úr bankastjórninni væru því fylgjandi að setja útibúið í Suður-Múlasýslu. Fyrst að svo er, sje jeg enga ástæðu til að breyta lögunum. Bankastjórnin mundi vafalaust ráða landsstjórninni til að setja útibúið þar, sem hún teldi það vera best niður komið og ná best tilgangi sínum. Það væri því þess vegna óhætt að láta lögin standa óbreytt.

Viðvíkjandi skeytinu frá þessum 15 kaupfjelagsfulltrúum á Egilsstaðafundinum er það að segja, að ósk þeirra hljóðaði um Reyðarfjörð. Það hefi jeg líka áður sagt, að verði útibúið ekki á Seyðisfirði, þá eigi það hvergi annarsstaðar að vera en á Reyðarfirði. En jeg veit ekki, hvort þeim er svo mikið í mun að fá útibúið á Eskifirði, eins og helst mun vera í ráði. Hv. frsm. (M. G.) sagði, að helmingur þessara fulltrúa hefðu verið úr Norður-Múlasýslu. Jeg býst við, að það sje rjett, man að vísu ekki, hve margir þeir voru, en þar munu hafa verið fulltrúar frá 3 hreppum í sýslunni. En 2 af þessum mönnum sátu á sýslufundi Norður-Múlasýslu og samþyktu þar áskorun til bankastjórnarinnar um að setja sem fyrst á stofn útibúið á Austurlandi. Í brjefi frá oddvita sýslunefndar, sem fylgdi áskorun þessari, er það tekið fram, að allir fulltrúar sýslufundarins hafi verið sammála um tillögu þessa og gengið út frá því sem sjálfsögðu, að útibúið yrði sett á Seyðisfirði samkv. því, sem stjórnin hafði ákveðið.

Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að langfjölmennasta kauptúnið í Suður-Múlasýslu er Norðfjörður. Þar er líka sjávarútvegurinn mestur og peningaviðskifti mikil. Mjer er kunnugt um það, að Norðfirðingar hafa gert kröfur til, að útibúið yrði sett þar. En jeg veit líka, að verði útibúið ekki á Norðfirði, þá er það vilji þeirra, að það verði á Seyðisfirði, fremur en á Eskifirði eða Reyðarfirði. Þeir eiga miklu oftar leið til Seyðisfjarðar og hægra að sækja þangað en til Eskifjarðar. — Jeg er nefndinni samdóma um það, að fyrst og fremst beri að taka tillit til kröfu almennings, sem útibúið á að nota, og jeg þykist hafa sýnt fram á, að í því efni mælir meira með Seyðisfirði en Eskifirði. En fyrst að hjer virðist um þá tvo staði að ræða, er fróðlegt að bera saman verslunarumsetningu þeirra og skipagöngur, til að sýna viðskiftamuninn. Árið 1913 var verslunarumsetning Seyðisfjarð-

ar 1644300 kr., en verslunarumsetning Eskifjarðar 476300 kr. Á Seyðisfjörð komu árið 1912 26 flutningaskip beint frá útlöndum, samtals 7063 smálestir, en á Eskifjörð 3 skip, 613 smálestir. Á Seyðisfjörð komu það ár enn fremur 174 útlend fiskiskip, 15611 smál., en á Eskifjörð 8 útlend fiskiskip, 429 smál.

Árið 1914 voru á Seyðisfirði seldar 15000 smálestir af kolum, en á Eskifirði er sama sem engin kolaverslun. Kaupmenn á Seyðisfirði hafa keypt mikið af fiski af útlendingum, og selt þeim kol í staðinn, en á Eskifirði er mjer ekki kunnugt um nein viðskifti við útlend skip.

Þessi mismunur virðist mjer svo gífurlegur, að jeg fæ ekki skilið, hvernig hv. þingdeildarmenn geta greitt atkv. með frv. þessu, með þeirri tilætlun, að útibúið eigi fremur heima á Eskifirði en Seyðisfirði. Það skyldi þá vera af velvild til þessa litla frv., sem hv. allsherjarnefnd kallar svo. En vilji hv. deild endilega breyta lögunum, að því er til útibús þessa kemur, og leyfi frv. að ganga til 3. umr., mun jeg þá við 3. umr. bera fram brtt. um að setja útibúið annaðhvort á Seyðisfjörð eða Reyðarfjörð. Á Reyðarfirði kemur það Hjeraðsbúum að bestum notum, en sjávarsveitunum er það hentugast á Seyðisfirði.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það var eins og hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) gleymdi því alveg, að þegar hefir verið sett á stofn bankaútibú á Seyðisfirði. Hann nefndi það ekki. Jeg skal játa, að ef það væri ekki komið þar, væri sjálfsagt að setja útibú Landsbankans á Seyðisfjörð. En aðalástæða nefndarinnar til þess, að mæla með frv. því, er hjer liggur fyrir, er einmitt sú, að þetta útibú er komið á Seyðisfjörð.

Mjer fanst sami hv. þm. (Þorst.J.) gera ofmikið úr viðskiftum Norður-Þingeyinga á Seyðisfirði. Jeg hefi hjer brjef frá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu, þar sem hann kveðst búast við, að helmingur Norður-Þingeyjarsýslu vilji heldur skifta við Seyðisfjörð en Akureyri. Og gagnkunnugir menn hafa sagt mjer, að hingað til hafi Norður-Þingeyingar sama sem ekki skift við Seyðisfjörð. Sami hv. þm.(Þorst.J.) var að bera saman fólksfjölda og verslun á Seyðisfirði og Eskifirði. Sá samanburður hans var ekki rjettur. Hjer er ekki einungis um Eskifjörð að ræða, heldur um alla Suður-Múlasýslu í heild sinni. Sje hver sýsla tekin sem heild, er bæði meiri útvegur og fleira fólk í Suður-Múlasýslu. Jeg býst og við, að eins mikið sje selt af kolum í Suður-Múlasýslu og á Seyðisfirði, og jeg veit með vissu, að vörutollur er miklu hærri í Suður-Múlasýslu en Norður-Múlasýslu. Á þessu stigi málsins er ekki um það að ræða að ákveða, hvar útibúið skuli vera í Suður-Múlasýslu. Er tími til að tala um það, þegar þessi fyrirfram boðaða brtt. kemur frá hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.).

Sami hv. þm. mintist á 15 manna símskeytið og sagði í því sambandi, að það, sem fyrir lægi frá sýslunefnd Norður-Múlasýslu, sýndi, að hún væri öll á öðru máli. En þetta er ekki rjett frá skýrt. Ályktun sýslunefndarinnar gengur ekki út á annað en að fyrirætlunin um bankaútibú á Austurlandi komist sem fyrst í framkvæmd. (**Þorst. J.:** Sýslumaður gaf útskýringu, áður en atkv. voru greidd). Það veit jeg ekkert um. En jeg býst við, að ályktunin hafi verið orðuð eins og hún er til þess að fá nokkra menn, sem rituðu undir 15 manna skeytið, til að samþykkja hana. Svo að þeir, sem áður vildu fá útibúið á Reyðarfjörð, og síðan mælast til að fá það sem fyrst á Austurland, eru í engri mótsögn við sjálfa sig. Þetta sýnir því alls ekki, að öll Norður-Múlasýsla sje óskift í þessu máli.

Jeg var búinn að nefna, að þessi sam-

anburður á leinstökum stöðum í Norður- og Suður-Múlasýslu væri ekki rjettur, heldur yrði að bera saman sýslurnar í heild, ef fá ætti nokkurn veginn rjettan samanburð. Jeg gæti gengið inn á, að láta Norður-Þingeyjarsýslu og Austur-Skaftafellssýslu vega salt hvora mót annari.

Hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) virtist líta svo á, sem nefndin vildi leyfa frv. þessu fram að ganga, af því að það væri svo lítið. Ef hann kynnir sjer nefndarálitið, hlýtur hann að sjá, að þetta er fjarstæða. Hins vegar segir nefndin, að frv. sje lítið, og meinar með því, að það sje stutt, og er það ekkert rangmæli, því að frv. er að eins ein lína.

Þorleifur Jónsson: Það er að vísu rjett hjá hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), að ekki liggur fyrir álit frá sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu, um að hún vildi hafa útibú Landsbankans í Suður-Múlasýslu. En þótt svo sje ekki, er mjer þó kunnugt um, að þar er álitið þægilegra að hafa útibúið sem næst sjer, og því eðlilega sem syðst. En þar sem ekki getur verið um það að ræða, að útibúið verði sett á Djúpavog, þá munu menn sætta sig við að fá það annars staðar í Suður-Múlasýslu, t. d. á Eskifjörð eða Reyðarfjörð. Þessir staðir liggja betur við samgöngum að vetrarlagi en Seyðisfjörður. Milli Eskifjarðar og Hóla eru póstgöngur einu sinni í mánuði.

Austur-Skaftfellingar hafa enga ályktun viljað taka í máli þessu, af því að þeir hafa ekki viljað blanda sjer í hreppapólitík Suður-Múlasýslu. En jeg get lýst því yfir, að jeg tel Reyðarfjörð hafa mörg ágæt skilyrði, og með því að setja útibúið þar, er bæði fullnægt Hjeraðsbúum, og þar á meðal nokkrum Norðmýlingum, og svo Sunnmýlingum.

Í Austur-Skaftafellssýslu er sterkur áhugi fyrir því að fá útibúið sem syðst. Í Austur-Skaftafellssýslu er sparisjóður, sem hingað til hefir haft samband við Landsbankann hjer í Reykjavík, og væri það mikil þægindi fyrir hann, að útibúið væri í Suður-Múlasýslu. Þar er svo miklu fljótlegra að ná í peninga hjeðan úr Reykjavík. Yfirleitt verð jeg að álíta það mjög sanngjarnt, eðlilegt og sjálfsagt, að útibúið sje sett í Suður-Múlasýslu, því að jeg sje ekki betur, en að Norðmýlingar sjeu vel þirgir með Íslandsbankaútibúið hjá sjer.

Jeg verð að telja rjett og sjálfsagt að þingið ákveði, að útibúið skuli sett í Suður Múlasýslu. En líklega mun rjett, að bankastjórnin ákveði staðinn, og getur þá varla verið um aðra staði að ræða en Eskifjörð eða Reyðarfjörð.

Sveinn Ólafsson: Jeg get verið háttv. allsherjarnefnd þakklátur fyrir meðferð hennar á máli þessu. Hún hefir í rauninni komist að sömu niðurstöðu og við flutningsmenn, að nauðsynlegt væri að breyta þessum lögum og þrátt sömu götur og við gerðum í frv.

Háttv. framsm. hefir gefið skýringar við nefndarálitið og meðferð nefndarinnar á málinu, og bætt ýmsu við, og sje jeg ekki annað en skýringar hans sjeu sanngjarnlegar og rjettar. Að eins eitt atriði í ræðu hans fanst mjer athugavert. Hann mintist á hótanir af hálfu vor flutningsmanna, um að illa mundi fara, ef útibúið væri sett annars staðar en í Suður-Múlasýslu. Mjer finst ekki rjett að kalla þetta hótanir. Það voru í rauninni upplýsingar komnar fram, að gefnu tilefni, um atriði, sem ekki var öllum þingheimi kunnugt, sem sje, að Eskfirðingar og Norðfirðingar buðu símleiðis 180,000 kr. í sparisjóðsfje til bankastofnunarinnar eða til starfsfjárauka fyrir hann, ef hann kæmi í Suður-Múlasýslu.

Jeg get ekki sjeð, hvað móti því gat

verið að nefna þetta og sje eigi, að í því felist nein hótun, enda ekkert óeðlilegt eða meiðandi að bjóða þetta fram. Við þessa yfirlýsingu munu þeir og standa.

Mjer fanst því hv. frasm. (M. G.) taka ofdjúpt í árinni um þetta atriði.

Að því er kemur til ræðu hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), voru þar ýms atriði athugaverð, en jeg sje ekki ástæðu til að svara þeim öllum. Hann fór í hagfræðisskýrslur og dró fram nokkrar tölur, er áttu að sanna rjett Seyðisfjarðar til bankaútibúsins. Jeg skal ekki fara langt út í hagskýrslurnar. Þær eru heldur leiðinlegar aflestrar, og ekki er skemtilegra að heyra þær lesnar upp. En til að gjalda háttv. þm. líku líkt, vil jeg geta þess, að eftir jarðamatsbókinni frá 1861, eru í Suður-Múlasýslu 3859 jarðarhundruð, en 4166 í Norður-Múlasýslu. Ef talinn er nú upp kvikfjenaður og borin saman jarðræktin, sjest að í Suður-Múlasýslu eru 2825 ræktaðar túnadagsláttur, en 2640 í Norður-Múlasýslu. Í Suður-Múlasýslu eru matjurtagarðar 88000 m², en í Norður-Múlasýslu 84000 m², eða 4000 m² minna á fleiri jarðarhundruðum. Kýr eru á færri hundruðum í Suður-Múlasýslu, 725, en 722 í Norður-Múlasýslu.

Þá má og drepa á útveginn. Í Suður-Múlasýslu eru mótorbátar 57, en róðrarbátar 182, en í Norður-Múlasýslu eru mótorbátar 27 en róðrarbátar 80, og er alt þetta miðað við hagskýrslurnar frá 1913.

Hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) telur oss ekki fara með rjett mál, það er tekur til viðskipta Norður-Þingeyinga við Seyðisfjörð, sem hann telur vera mikil og liðug. Ummæli hans um þetta eru ekki rjett. Samgöngur þar á milli eru mjög litlar og varla teljandi aðrar en þær fáu ferðir, sem flóabáturinn Jörundur hefir farið frá Eyjafirði til Seyðisfjarðar. Þess vegna er það ekki rjett að benda á viðskifti Norður-Þingeyinga við Seyðisfjörð til meðmæla útibúi þar. Það þarf ekki annað en að líta á landabrjef til þess að ganga úr skugga um það, að Norður-Þingeyjarsýsla liggur miklu nær Eyjafirði að viðskiftum en Seyðisfirði, enda er svo í reyndinni.

Sami hv. þm. (Þorst.J.) boðaði brtt. við 3. umr., þess efnis að koma inn Seyðisfirði eða Reyðarfirði. Um Seyðisfjörð er það að segja, að honum verður ekki komið að með brtt., til þess þyrfti gjörbreytingu á öllu frv. Það væri þá heldur Reyðarfjörður. Eins og jeg hefi áður getið um, þá get jeg ekki greitt atkvæði með því að fastákveða Reyðarfjörð, tel það sama sem að bregða fæti fyrir frv., með því að það er ekki tímabært að setja banka á jafnafskektan stað með jafnlitlum viðskiftum. En hinu geri jeg ráð fyrir, að til þess komi, að flytja þurfi útibúið þangað eftir nokkurn tíma, en sem stendur eru þar ekki þau skilyrði, sem til þessa þarf. Útvegur og verslun er nú mest á Norðfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði. En af því að þessi skilyrði geta breytst, þá er ekki farið fram á það í frv., að staðurinn sje ákveðinn; í því efni á bankastjórnin að hafa óbundnar hendur, og henni er engin ofætlun að ákveða þann af þessum þrem stöðum, sem líklegastur er.

Þorsteinn Jónsson: Hv. frsm. (M. G.) efaðist um það, að tillaga sú, er samþykt var um málið á Seyðisfirði, bæri það með sjer, að allir nefndarmenn hafi verið einhuga með því, að útibúið yrði sett í Seyðisfirði. En í brjefi sýslumanns er athugasemd, sem ber það með sjer, að gengið hefir verið að því vísu, enda hafði bæði bankastjórn og landstjórn áður ákveðið að hafa útibúið á Seyðisfirði. Jeg get líka vel borið um þetta, því að jeg var á tjeðum sýslufundi, og skýrði sýslumaður tillöguna þann veg, að átt væri við Seyðisfjörð.

Hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) sagði, að á

vetrum væri Austur-Skaftfellingum hægara að sækja til Eskifjarðar en til Seyðisfjarðar. Þetta getur hv. þm. ekki meint í fullri alvöru, því að munurinn á vegalengdinni er að eins fáir km. sje þrædd póstleiðin og þá nokkrum km. lengri til Eskifjarðar. En þar sem sami hv. þm. var að minnast á landpóstana, þá skal jeg taka það fram sem ómótmælanlegt, að Seyðisfjörður er meiri miðstöð pósta en nokkur annar staður á Austfjörðum. Þangað kemur norðanpóstur og þaðan ganga 3 aukapóstar, sem sje til Vopnafjarðar, Borgarfjarðar og Eskifjarðar.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv, Ó.) sagði, að jeg gengi fram hjá því, að þegar væri banki á Seyðisfirði, útibú Íslandsbanka. Jeg gat um það við 1. umr., að þetta útibú hefði ekki svo mikla peninga, að það gæti fullnægt peningaþörfinni, og að bæði útibúin mundu hafa nóg að gera, þótt sett væru hvort við hliðina á öðru.

Sami hv. þm. kom fram með skýrslur, sem áttu að sýna, að mótorbátaútvegur væri meiri í Suður-Múlasýslu en í Norður-Múlasýslu, en hann gleymdi að geta þess, að einmitt frá mesta mótorbátastaðnum í Suður-Múlasýslu, Norðfirði, eru farnar fleiri ferðir til Seyðisfjarðar en til nokkurs annars staðar.

Hótunum Suðurfirðinga geri jeg ekki mikið úr, og tel vart rjett fyrir þingið að byggja mikið á þeim. Þeir, sem aðallega hafa haft þetta við orð, eru Norðfirðingar, ekki fyrir það að banki yrði ekki settur í Suður-Múlasýslu, heldur fyrir það, ef banki yrði ekki stofnaður hjá þeim, að þeir mundu þá sjálfir setja upp öflugan sparisjóð.

Ekki skil jeg það, að samanburður hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) á ýmsum hagfræðitölum hafi sannfært marga. Þótt Sunnmýlingar eigi 3 kúm fleira en Norðmýlingar, þá munu þeir varla þurfa heilt bankaútibú til að útvega peninga til að framfleyta þessum þrem beljum. Hann sagði, að Norður-Múlasýsla væri metin meira að dýrleika, en minna ræktuð. Ef þetta væri nokkur sönnun þá sýndi þetta, að meira peningamagn þyrfti í sýsluna til þess að hrinda ræktuninni betur áfram. Sami hv. þm. sagði enn fremur, að ferðir væru litlar milli Norður-Þingeyjarsýslu og Seyðisfjarðar. Hv. þm. veit þá ekki, að Þorsteinn kaupm. Jónsson hefir haldið uppi stöðugum ferðum milli þessara staða, svo að það er enginn staður á Austurlandi, sem Norður-Þingeyingar hafa meiri samgöngur við en Seyðisfjörður, og þær eru meiri en samgöngur þeirra við Akureyri.

Jeg skal að endingu taka það fram, að það eru ekki Norðmýlingar, sem valdir eru að deilunni um staðinn; það eru þeir hv. þm. S.-M. og hv. þm. Dala. (B. J.), sem þar eiga upptökin, og vel getur svo farið, þótt ekki muni þeir hafa til þess ætlast, að tillögur þeirra verði til þess að spilla fyrir málinu og koma því í óefni.

Bjarni Jónsson: Það er að eins örstuttt athugasemd. Hv. 2. þm. N.-M. (Þorst J.) nefndi mig og taldi mig mundu tefja fyrir framgangi þessa máls. Þar fer hann vilt. Hann og hans fjelagar tefja málið, en tillögur mínar hníga að því, að málinu verði flýtt og hert á bankastjórninni með framkvæmdir málsins. En ef bankastjórnin þverskallast við þingviljanum, þá mun þingið hafa tök á því að segja henni til syndanna, því að þingið nær alla tíð í landstjórnina og hún í bankastjórnina.

Að öðru leyti falla allar ástæður hv. 2. þm. N.-M. (Þorst, J.) um sjálfar sig, með því að þegar er kominn banki á Seyðisfjörð og ekki er vert að lengja leið manna til þess að ná í peninga; fremur ætti að stytta hana. En enga nauðsyn fæ jeg sjeð þess, að þessar peningastofnanir sitji saman; samkomulagið kann þá að verða svip-

að því, sem er milli þingmanna N.-M. og S. M.

Jeg hefi áður lýst yfir því, að jeg væri hlyntur því að setja bankann á Reyðarfjörð, og ef hv. 2. þm. M.-M. (Þorst. J.) kemur fram með brtt. þess efnis, mun jeg ljá henni fylgi. Til þessa liggja þau rök, að þingið hefir áður með fjárveitingum ákveðið að verslunarvegur Austfirðinga skuli liggja um Reyðarfjörð. Því má nærri geta að jafnvitur samkoma sem Alþingi muni ekki fara að leggja þann stað í auðn, sem það hefir áður verið stutt á nefndan hátt.

Björn Stefánsson: Jeg var ekki kominn þegar umræður hófust; jeg kom að í ræðu hv. frsm. (M. G.), og get jeg ekki stilt mig um að þakka honum og nefndinni fyrir tillögur hennar, sem ganga alveg í rjetta átt. Jeg hefi það eitt að athuga við orð hans, að hann sagði, að frv. væri lítið. Þetta sýnir, að hv. frsm. (M. G.) er ekki kunnugur á Austurlandi, þótt hann hafi gert sjer mikið far um að kynna sjer sem best allt þetta mál. En jeg þoli ekki, að frv. sje kallað lítið; frv. er stórt, stórt fyrir sýsluna og stórt fyrir landið. Suður-Múlasýsla var fyrir stríðið tekjumesta lögsagnarumdæmi landsins, næst Reykjavík og Eyjafjarðarsýslu og veitir landssjóði tekjur að sama skapi; þetta byggist að mestu á sjávarútveginum. En fyrst sýslan hefir komist svo hátt bankalaust, þá má nærri geta, hverjar framfarir yrðu þar, ef þau skilyrði væru fyrir hendi, sem kröfur tímans heimta.

Jeg skal ekki fara út í samanburð á sýslunum, að eins geta þess, að röksemdir hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) gætu verið takandi til greina, ef hjer væri um hina fyrstu bankastofnun að ræða austanlands, en þar sem banki er þegar áður kominn á laggirnar á Seyðisfirði, þá er það fjarri allri sanngirni og rjettlæti — auk þess sem það væri illa sjeð fyrir hagsmunum landsbankans — að fara að setja annað útibú á Seyðisfjörð áður en eitt einasta er komið í S.-M. Slíkt þolir engan samanburð.

Mjer fanst sami hv. þm. (Þorst.J.) eitthvað vera að tala um jarðamat eystra; jeg get nú sagt honum það, að jarðamatið, sem nú fer fram, mun komast að þeirri niðurstöðu, að jarðir í Suður-Múlasýslu sjeu miklu verðmeiri en jarðir í Norður-Múlasýslu, af þeirri ástæðu, ef jeg mætti svo að orði kveða, að sú sýsla er betur sett á hnettinum.

Hv. frsm. (M. G.) vildi láta Austur-Skaftafellssýslu og Norður-Þingeyjarsýslu vega salt. Þetta er ekki rjett, og vona jeg, að hv. þm .N.-Þ. (B. Sv.) sje mjer þar sammála. Fyrir Austur-Skaftfellinga munar það einni póstferð að útibúið sje á Seyðisfirði fram yfir það, að það sje á Eskifirði. En Norður-Þingeyjarsýsla er nær Akureyri en Seyðisfirði og viðskiftaskilyrðin benda öll til Akureyrar. Þess vegna er rjett að strika Norður-Þingeyjarsýslu út, því að hún kemur ekki málinu við, en taka Austur-Skaftafellssýslu með, og munar það miklu fyrir frv.

Hv. þm. Dala. (B. J.) vildi, að Reyðarfjörður yrði ákveðinn í frv., en það finst mjer ekki vel við eigandi. Við þingmenn kjördæmisins getum ekki verið því fylgjandi þvert ofan í sýslufund S.-M.. s. l. vor, sem samþ. í einu hljóði kröfu um, að bankaútibúið yrði sett á Eskifirði, og þar með bæði sýslufundarmenn Reyðarfjarðar og Norðfjarðarhrepps. En með því að setja Suður-Múlasýslu í stað Austurlands, þá er spurningin opin, því að allir hreppar hafa sameinað sig um það að gera ekki ákveðnari eða þrengri kröfur en að útiloka Seyðisfjörð og fela bankastjórninni að öðru leyti að ákveða staðinn, og aldrei mundi frv. hafa verið hreyft, ef bankastjórnin hefði ekki þegar áður ákveðið Seyðisfjörð. Við hefðum ekki grunað hana um, að láta sjer detta aðra eins fjarstæðu í hug, ef

við hefðum ekki verið búnir að sjá það svart á hvítu.

Sunnmýlingum er vitanlega miklu annara um Landsbankann en Íslandsbanka, en ef landsbankinn svarar svo samúð þeirra, að skáganga þá og lítilsvirða velvild þeirra og rjettlátar kröfur, þá býður hann þeim meira en þeir geta og vilja þola. Ef að Landsbankaútibúið verður sett á Seyðisfirði, þá munu þeir hafa öll sín viðskifti við Íslannsbanka, enda eru þeir ákveðnir í því að biðja hann þá að setja útibú hjá sjer, og bjóða honum það sparisjóðsfje 250000 kr., sem þeir nú hafa á reiðum höndum og hafa boðið Landsbankanum, ef þeir fá útibú hans til sín.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg þarf litlu að svara í ræðu hv. 2. þm. S.M. (B. St.). Að gefnu tilefni skal jeg samt lýsa því yfir, að það er misskilningur hjá hv. þm. að allsherjarnefndin hafi álitið frv. lítils virði; hún taldi það að eins lítið í þeirri merkingu, að það er stutt.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir auðsjáanlega misskilið orð mín. Jeg sagði sem sje ekki, að flm. hefðu hótað að skifta ekki við útibúið, ef það yrði sett á Seyðisfirði, heldur sagði jeg, að ýmsir þar eystra hefðu hótað þessu, og þetta er rjett. Hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) fanst það aðallega mæla með Seyðisfirði, að þar væri póstmiðstöð. Það er víst rjett, að landpóstar koma fyr þangað en á verslunarstaði Suður-Múlasýslu, en það gerir ekkert til í þessu efni, hvort póstur kemur 1—2 dögum fyr eða síðar. Ef eingöngu ætti að fara eftir póstgöngum og setja bankann einungis þar, sem samgöngur eru bestar, ættu þeir að vera allir hjer í Reykjavík, því að hjer eru bestar samgöngur. Eftir því, sem kunnugir menn segja, sækja Norðfirðingar aðallega til Seyðisfjarðar vegna útibúsins, sem þar er. Ef annað útibú yrði sett á suðurfirðina, t. d. Reyðarfjörð, myndu þeir sækja þangað.

Þá vildi hv. sami þingm. (Þorst.J.)vefengja það, sem jeg sagði um sýslufundarályktun úr Norður-Múlasýslu, og verð jeg því til þess að sýna, að jeg hefi farið með rjett mál, að lesa þessa ályktun upp með leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðar svo:

„Sýslunefndin leyfir sjer að skora á landsstjórnina, að hún hlutist til um, að stjórn Landsbankans komi ályktunum sínum um stofnun útibús frá Landsbankanum á Austurlandi í framkvæmd á þessu ári.“

(Þorst. J.: En útskýringin neðan við). Já, hún er aðeins frá oddvitanum, en ekki sýslunefndinni í heild sinni, og útskýring á ályktun er ekki sama og ályktun. Við áttum tal saman í gær, hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) og jeg um þetta mál, og jeg vona, að hann neyði mig ekki til að segja frá því einkasamtali til sönnunar mínu máli. Ályktun sýslunefndarinnar fer að eins fram á, að fá útibú á Austurlandi, og með því getur ekki verið meint, að útibúið skuli vera á Seyðisfirði og hvergi annars staðar, því meðal undirskrifendanna eru 2 menn, sem áður hafa skrifað undir áskorun um að fá útibúið í Suður-Múlasýslu.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 13: 4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkv.gr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 24. fundi í Nd., föstudaginn 3. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 52, 224, 226).

Jón Jónsson: Jeg á hjer brtt., sem jeg tel mjer skylt að gera grein fyrir.

Eins og kunnugt er, hefir nefndin fallist á frv. og vill láta ákveða stofnun úti-

bús í Suður-Múlasýslu. Jeg hefi ekki getað sætt mig við þetta frv., með fram vegna þess, að gangur þess hefir verið mjög kynlegur. Til þess þó að hliðra til fyrir Sunnmýlingum, get jeg sætt mig við, að það verði sett í Suður-Múlasýslu, þó þannig, að til þess verði ákveðinn sá staður, sem haganlegastur er öllum almenningi, en það er Reyðarfjörður, og við hann ættu hv. flutnm. að geta sætt sig, svo að allar deilur fjellu þá niður.

ATKVGR.

Brtt. 226 feld með öllum atkv. gegn 2.
— 224 — — 13: 6 atkv.

Frv. samþ. með 15: 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 4. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 28, 22. október 1912, um breyting á lögum 18. september 1885, um stofnun landsbanka,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 293).

Á 23. fundi í Ed., mánudaginn 6. ágúst. var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Halldór Steinsson: Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 samhlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1606) með 9 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 22. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 293, n. 398).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Það stendur í raun og veru alveg eins á um þetta frv. sem um frv. um stofnun útibús í Árnessýslu. Hjer ræðir um stofnun útibús á greindum stað, Austurlandi. Í bankalögunum frá 1885 er sjerstök áhersla lögð á það, að bankinn setji á stofn útibú svo fljótt sem unt er og þörf krefur á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. Nú hafa útibú verið sett á stofn á Ísafirði og Akureyri, en stofnuninni á Seyðisfirði hefir verið frestað. Og í bankalögunum frá 1912 var ákvæðinu í lögunum frá 1885, um stofnun útibús á Seyðisfirði breytt þannig, að ákveðið var að stofna útibú á Austurlandi. Það hefir sem sje verið ágreiningur um það, hvort nauðsynin á útibúi mundi meiri á Seyðisfirði en annarstaðar á austurlandi. Og síðan 1912 hefir bankastjórninni í samráði við landsstjórnina verið frjálst að stofna útibú hvar á Austurlandi, sem best þætti henta.

En í frv. á þingskj. 293 er farið fram á að breyta ákvæðinu frá 1912, og lagt til að útibúið verði stofnað í Suður-Múlasýslu. En með skýrskotun til áðurgreindra laga frá 1912, áleit nefndin þessa breytingu alveg óþarfa og lagði þess vegna til, að málinu væri vísað til stjórnarinnar, því að eftir nefndum lögum hefði bankastjórnin og landsstjórnin heimild til að ákveða í sameiningu, hvar útibúið skyldi stofnað, enda mundi hyggilegast að fela þeim umsjón á þessu.

Skoðanir manna þar eystra eru skiftar um, hvar útibúið skuli vera. Sumir vilja hafa það á Seyðisfirði, aðrir í Suður-Múlasýslu. Báðir geta haft margt til síns máls. En nefndinni þótti ekki sennilegt, að þingmenn gætu skorið rjettlátlega úr þessum ágreiningi með atkvæðagreiðslu. Hún gat

þess vegna ekki tekið annað ráð hyggilegra en að leggja það til, að þetta mál sætti sömu meðferð og næsta mál á undan, að því sje vísað til stjórnarinnar til fullnaðarúrskurðar. Og vil jeg því leyfa mjer að óska þess fyrir hönd nefndarinnar, að stjórninni verði falið málið.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg verð að segja, að jeg er hissa á, að mál þetta skuli hafa verið borið upp á Alþingi, og enn meira hissa á því, að hv. Nd. skuli hafa eytt miklum tíma til þess og látið það ganga fram, í stað þess að vísa því þegar á bug.

Frumvarp þetta er ekki einasta *allsendis óþarft*, heldur mundi *Alþingi gera sig sekt í megnasta hringlandaskap og yfirgangi*, ef það næði fram að ganga, og skal jeg nú færa þessum orðum mínum stað.

Allsendis óþarft er frumvarpið af því, að enga lagabreytingu þarf til þess að ná því, sem það vill fá framgengt, að fyrsta útibúið frá Landsbankanum á Austurlandi verði sett í Suður-Múlasýslu.

Í 9. gr. laga um stofnun Landsbanka, 18. september 1885, var svo ákveðið, að bankinn skyldi með samþykki landshöfðingja svo fljótt sem auðið væri setja á stofn aukabanka eða framkvæmdarstofur fyrir utan Reykjavík, *einkum* á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði.

Árið 1912 var Landsbankinn búinn að setja á stofn útibúin á Akureyri og Ísafirði, en ekki á Seyðisfirði. Þótti þinginu þá bankastjórnin vera of bundin í því efni, hvar útibúið fyrir Austfirðingafjórðung skyldi sett og samþykti lög, er staðfest voru 22. október s. á., þess efnis, að í stað orðsins „Seyðisfirði“ í 9. gr. bankalaganna, skyldi koma „á Austfjörðum“. — Ekki á Austurlandi, eins og í frv. stendur. — Landsbankastjórnina brestur því síður en svo lagaheimild til þess að setja útibúið á hvern þann af fjörðunum í Suður-Múlasýslu, sem henni sýnist. Því það orkar þó væntanlega ekki tvímælis, að firðirnir í Suður-Múlasýslu teljist til Austfjarða, en að setja útibúið upp á Velli eða Skriðdal, hefir víst engum til hugar komið.

Megnasti hringlandaskapur væri það af Alþingi, að láta frv. þetta verða að lögum, af því, að þingið hefir sjálft og þegar með lögunum frá 1885 ákveðið, að landsbankastjórnin, að áskildu samþykki landsstjórnarinnar, skuli ráða því, hvar útibú frá bankanum skuli sett, sem og er eðlilegt og sjálfsagt. Þessa ákvörðun sína hefir þingið endurnýjað með lögunum frá 22. október 1912 og aukið valdsvið bankastjórnarinnar í því efni. Veit jeg ekki hvað er hringlandaháttur, ef það væri ekki það, að þingið færi 1917 að draga úr valdi því í þessu máli, er það hefir fengið landsbankastjórninni, og þrengja valdsvið hennar í því, sem það tók 1912.

Yfirgang sýndi þingið landsbankastjórninni, ef frv. þetta yrði að lögum, með því að þá væri gengið á valdsvið hennar og lög sett um atriði, sem löggjöfin sjálf hefir ákveðið að bankastjórnin skuli ráða, og hún í fylstu lagaheimild hefir ráðið til lykta fyrir sitt leyti.

Landsbankastjórnin hefir nefnilega, að fengnum öllum upplýsingum um málið, bæði frá oddvitum hlutaðeigandi sýslunefnda og öðrum, ákveðið, að útibúið skuli sett á Seyðisfjörð, samþykt reglugerð fyrir það og afgreitt málið til landsstjórnarinnar. Núverandi atvinnumálaráðherra virðist hafa fallist á reglugerðarfrv. með lítilli breytingu, sem bankastjórnin hefir samþykt, og var þó komin önnur bankastjórn en var, er málið var afgreitt í fyrstu. Með öðrum orðum, að minsta kosti fjórir bankastjórar, þeir Björn Kristjánsson, Oddur Gíslason, Jón Gunnarsson og Magnús Sigurðsson og atvinnumálaráðherrann hafa, að fengnum nauðsynleg-

um upplýsingum, ákveðið í fylstu lagaheimild að setja útibúið fyrst um sinn á Seyðisfjörð. En svo kemur þetta frv., sem marið hefir verið í gegnum hv. Nd., ekki með meiri hluta atkvæða, heldur með rjettum helmingi atkvæða þeirrar deildar, þegar hún er fullskipuð, og segir við bankastjórn og landsstjórn: Nei, þar megið þið ekki setja útibúið, þótt hagur bæði alls almennings á Austurlandi og Landsbankans sjálfs krefjist þess.

Því miður er viðskiftaþörf Austurlands eigi fullnægt með því, þótt Landsbankinn setji þar nú á stofn eitt útibú, hvar sem það verður sett. Viðskiftaþörfin krefur, að útibú frá bönkunum verði sett á Vopnafirði, Norðfirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði eða Djúpavogi, auk Seyðisfjarðar, eða að minsta kosti, að bankarnir styrki öfluglega sparisjóði á þessum stöðum. En til þess er það nauðsynlegt, að *báðir* bankarnir hafi aðalútibú sín fyrir Austurland á miðstöð þess, Seyðisfirði.

Jeg er því fyllilega samdóma niðurstöðu þeirri, sem hv. allsherjarnefnd þessarar deildar hefir komist að í máli þessu, og hefi jeg hjer undirstrikað nokkur atriði í nefndaráliti hennar.

Ef frumvarpið næði fram að ganga, mundi bardaginn um það, hvar í Suður-Múlasýslu útibúið skyldi sett, fyrst byrja fyrir alvöru, milli Sunnmýlinga innbyrðis. því að hver fjörður hefir heimtað og mundi heimta, að það verði sett hjá sjer. Á hinn bóginn hafa sýslunefndir Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu og bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar krafist þess einum rómi, að útibúið yrði sett á Seyðisfjörð. Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu hefir ekki látið spursmálið til sín taka, enda má henni nokkuð á sama standa.

Þegar nú máli þessu verður vísað til stjórnarinnar, er það gert í trausti þess, að hún afgreiði það frá sjer og hlutist til um, að ákvarðanir Landsbankastjórnarinnar í því, er jeg nú hefi nefnt, komist sem fyrst í framkvæmd.

Forseti [*af þingmannabekk*]: Þrjú undanfarin ár hefi jeg ferðast um Austfjörðu og kynst högum fólks þar og skoðunum, meðal annars í þessu máli. Og þegar jeg var þar á ferð síðast, átti jeg tal við marga góða menn og hugsandi, sem báðu mig að leggja sjer liðsyrði í þessu máli. Því lofaði jeg og það vil jeg efna.

Hingað til hefir alt *þrasið* — jeg vil nefna það því nafni — verið um það, hvort heldur ætti að setja útibúið niður á Seyðisfirði eða Eskifirði, eða Norður- eða Suður-Múlasýslu. Það leit svo út, sem takandi þætti í mál, að Landsbankinn hefði fleiri en eitt útibú í þessum fjórðungi. Og eftir því, sem málið er rætt nú, virðast menn vera þeirrar skoðunar, að ekki geti komið til tals, að útibúin verði fleiri en eitt. Það er *það*, sem jeg get ekki unað við, að þessi skoðun ríki framvegis og ráði í þinginu, án mótmæla. Jeg veit, að margir geta ekki unað við það lengur; þjóðin í heild sinni getur ekki unað því til frambúðar, að Landsbankinn, þjóðbankinn íslenski, geri ekki meira en hann hefir gert hingað til, til þess að bæta peningaverslun landsins.

Jeg kvaddi mjer ekki hljóðs til þess að mæla á móti bankaútibúi á Seyðisfirði. Mín skoðun er, að Landsbankinn eigi að setja á stofn útibú bæði í Norður- og Suður-Múlasýslu, og miklu víðar á landinu.

Hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) sagði það, að ætti nú að setja útibúið niður í Suður-Múlasýslu, mundi mikil deila verða um það, hvar það ætti að vera, því að hver fjörðurinn vildi hafa það hjá sjer. Jeg hygg, að hv. þm. hafi rjett að mæla,

því að jeg varð þess greinilega var á ferðum mínum, að hvert bygðarlagið vildi, að útibúið væri hjá sjer eða sem næst sjer.

En hvernig slendur á þessu?

Það er vert að hugsa út í það.

Eru þetta bara keipar úr fólkinu?

Eða er það brýn þjóðarþörf, sem vanrækt hefir verið?

Þetta er spurningin.

Og þar til er því að svara, að eftir þeim kynnum, sem jeg hefi haft af þessari þjóð síðustu 10 árin, hefi jeg æ komist í ljósari skilning um, að þessar kröfur eru á fullum rökum bygðar, að fá fleiri peningaverslanir. Það er að verða ein af brýnustu þjóðarnauðsynjunum hjer á landi. Og það mun sannast, að þess verður ekki langt að bíða, að þjóðin rísi upp og heimti bót á þeim vandræðum, sem mikill hluti hennar á við að búa í peningaverslunarsökum.

Peninganauðsynin í öllum viðskiftum er nú margfalt meiri en í gamla daga, og hún fer sívaxandi. Og nú þegar er svo komið, að það er jafnbagalegt að hafa strjálar peningaverslanir sem áður að hafa ekki kaupverslanir nema á stöku stað. Munum það, að peningaverslanirnar eru færri en konungsverslanirnar voru á einokunartímunum.

Ef hv. Alþingi vildi líta inn í Landsbankann og athuga viðskifti hans við þjóðina, þá mundi það koma í ljós, að bankinn, sem nú er 30 ára, er ekki, og hefir aldrei verið, banki fyrir þjóðina í heild sinni, nema að nafninu til, heldur að eins fyrir Reykjavík og Sunnlendingafjórðung. Fjarlæg hjeruð hafa harla lítið gagn haft af honum. Ef þið rengið orð mín, þá farið í bankann, og þið munuð sannfærast um, að jeg hefi rjett að mæla. En þetta var ekki og á ekki að vera tilgangur Landsbankans, að hann sje eingöngu til hlunninda fyrir Reykjavík og nærsveitirnar, að þar sje allur rjóminn sleiktur, svo að ekki verði nema farðinn eftir, handa fjarlægum hjeruðum.

Mjer dettur í hug saga, sem mjer var sögð á Austfjörðum fyrir fáum árum. Mjer finst hún vera ljós vottur um peningaástandið eða, rjettara sagt, óstandið úti um land.

Jeg kom í afskekt kauptún. Mjer voru sagðar margs konar frjettir og meðal annars sú, að hlutavelta hefði verið haldin þar í kaupstaðnum. En hvernig gekk? Enginn átti 25 aura fyrir „drætti“; fólkið varð að fara í búðina og fá innskriftarseðla til þess að draga fyrir. Þó var fólk vel efnað þar í sveit.

Þannig er víða ástatt enn í dag. Fólkið getur ekki náð annarsstaðar í peninga en hjá kaupmanninum. Hann er ef til vill *eini* maðurinn í hjeraðinu, sem viðskifti hefir við bankann, og fólkið verður að knjekrjúpa honum, ef það þarf á skilding að halda.

Úr því að slíkt getur átt sjer stað, að efnaðir menn verði að knjekrjúpa kaupmönnum, til þess að fá 25 aura til að „draga á tombólu“, þá hugsa jeg, að mönnum fari að skiljast, að hjer fer eitthvað aflaga. Og þeir fulltrúar þjóðarinnar, sem ekki vilja láta sjer skiljast þetta, þeir ættu að fara kringum land og spyrjast fyrir og sjá og heyra, hvers vegna þjóðin er að biðja um þessi útibú; menn verða að fara út um landið, austur á Austfirði, í þær sveitir, sem eiga lengst í þessar peningaverslanir og spyrjast fyrir þar. Þar er ekki skortur á svörunum.

Það er öldungis rjett, sem frsm. þessarar hv. nefndar (K. D.) sagði, að það þarf ekki að samþykkja þessi lög. Landsbankinn hefir heimild til að setja útibú hvar sem hann vill. En hann hefir nú verið að verkum síðan 1885, og er þó ekki kominn lengra en það, að hann hefir sett upp *tvö* útibú, og verði dugnaðurinn álíka mikill á næstu

30 árum, þá held jeg, að þingið og stjórnin þurfi að fara að taka eitthvað í taumana, ýta eitthvað á eftir. En það er ekki að eins á Seyðisfirði, Suður-Múlasýslu og Árnessýslu, að útibúa er þörf; þörfin er söm í hverri sýslu á landinu, og því spái jeg, að þess verði ekki langt að bíða, að kjósendur í öllum kjördæmum landsins rísi upp og krefjist þess að fá einhverja brúklega peningaverslun setta á stofn hjá sjer. Setjum svo, að þær sanngjörnu kröfur kæmu frá Húsavík, Sauðárkróki, Hvammstanga, Hólmavík, Stykkishólmi, Keflavík, Hafnarfirði, Eyrarbakkka og Vestmannaeyjum. Já, því ekki Vestmannaeyjum? Jeg veit vel, hverju þeim verður svarað. Annars vegar verður þeim sagt, að þetta sjeu óþarfa keipar. En þeir, sem hafa slík svör á vörunum, þeir ættu að fara niður í bankana og sjá, hvernig þeir hafa starfað, hvaða not *hvert* hjerað landsins hefir haft af þeim — og svo ættu þeir á eftir að bregða sjer inn í hvert hjerað á landinu og spyrja um banka*þarfirnar* þar. En þá geri jeg ráð fyrir, að sagt verði, að bankinn geti ekki fullnægt þessum kröfum; þetta sje altof mikill kostnaður fyrir hann, hann gæti tapað stórfje á því o. s. frv. Þetta er miklu alvarlegri athugasemd og þarf meiri íhugunar. Og þá er á það að líta, að viðskiftin, peningaveltan, bankaþörfin vex hröðum fetum ár frá ári — svo að það virðist sannarlega fremur gróðavænlegt en tapvænlegt að setja hjer á stofn nýjar peningaverslanir.

Jeg hygg líka, að þau útibú, sem bankarnir hafa sett á stofn, beri sig fullvel. En þó veit jeg, að margir halda því fram, að sparisjóðir úti um land geti komið í banka stað. Það er fjarri sanni. Enginn sparisjóður getur komið almenningi að líkum notum og peningaverslun, sem rekin er í bankaformi.

Það hefir verið sagt um sparisjóðina, að þeir þyrftu að komast undir betri stjórn, betra eftirlit. Jeg tel það nú auðsætt, að einmitt með þessari breytingu gæti því orðið framgengt. Sparisjóðirnir myndu þá komast í sambönd við útibúin og þar af leiðandi komast undir traustari stjórn. Enn fremur er að líta á það, að þótt sparisjóðirnir hafi vaxið upp í reiðuleysi og eftirlitsleysi, þá hafa ekki orðið nein brögð að því, að þeir hafi beðið stórhnekki. Og hví skyldu ekki útibúin, þótt lítil væri, geta borið sig úti um landið, og það miklu fremur en sparisjóðirnir? Það er satt, að menn eiga einlægt mikið undir þeim, sem trúað er fyrir verslunarsökum, en sannarlega ekkert meira undir þeim, sem menn trúa fyrir að versla með peninga, heldur en hinum, sem er trúað fyrir öðrum verðmætum varningi.

Hjer er því ekki hægt að slá mann af laginu með því að benda á sparisjóðina, eða segja, að þetta sje óvinnandi verk vegna áhættu, nje heldur með því, sem oft er gripið til, þegar einhverju þarf að koma fyrir kattarnef hjer á landi, að segja, að svona hafi þeir það ekki í *Danmörku*! Þótt svo væri, hvað varðar *okkur* um það? Ef við lítum til Ameríku, þá er þar ekki reistur svo lítill bær, að ekki sje þegar kominn upp banki. Peningaverslunin er þar altaf talin ein fyrsta og helsta hagsmunaþörf almennings,

En ef við eigum að koma upp heilbrigðri peningaverslun fyrir landið, þá verður að velja til þess menn með fullu viti, bæði heiðarlega og ábyggilega menn, en ekki neinn af þessum nafntoguðu mönnum, sem einlægt ganga með opinn munninn, bíðandi eftir því, að þing og stjórn eða einhverjir, sem eitthvað geta, stingi einhverjum bita upp í þá.

Því segi jeg það, jeg hygg að Sunnmýlingum komi það illa, ef þessu verður stungið svo á hilluna, að þeir hafi jafnlitla von og áður um það að geta bætt úr þessari þörf sinni. Þörfin er afarmikil á

útibúi í þeim landsfjórðungi. Og þótt það sje öldungis rjett, eins og hv. frsm. (K. D.) sagði, að Landsbankinn hefði heimild í lögum til þess að setja upp útibú á Austfjörðum, þá geta Austfirðingar naumast vænt neins annars en kæruleysis og hirðuleysis frá bankans hendi, ef þetta verður látið sitja svona.

Jeg hefði því kosið, að þessu máli væri vísað til stjórnarinnar með einhverri frekari áskorun um það að skerast í leikinn og styðja að því, að bankinn sinni meir þessari þjóðarnauðsyn en hann hefir gert.

Jeg skal svo ekki tefja hv. deild lengur. En því spái jeg, að á hverju komandi þingi verði meir rætt um þetta mál, og því þá betur sint en nú að þessu sinni.

Guðmundur Ólafsson: Hv. frsm. nefndarinnar (K. D.) kvað þetta frv. vera óþarft, af því að það væri heimild til þess í lögum að setja þetta útibú á fót á Austurlandi, og þá eins í Suður-Múlasýslu eins og annarsstaðar. Þetta er alveg rjett. Sami hv. þm. (K. D.) tók líka fram, að það væri ekki heppilegt, að þm. færu að skera úr því, hvar útibúið skyldi sett. Jeg get fallist á hvorttveggja, en skal samt benda á, að þingið hefir áður gert þetta, svo að fult samræmi er í því, að þingið haldi áfram að gera það.

Fyrst var það ákveðið, að útibúið skyldi sett á stofn á Seyðisfirði, en svo var þessu breytt 1912. Þá hefir einhver vafi verið um það, líklega hjá þinginu, hvort það væri víst, að Seyðisfjörður væri heppilegasti staðurinn. Mjer skilst það svo, þegar sett er á Austurlandi í staðinn fyrir á Seyðisfirði. Og nú er aftur farið fram á, að fyrir „á Austurlandi“ komi „í Suður-Múlasýslu“. Það hefir því ekkert gengið á þessum 30 árum, annað en að ákvæðið hefir verið fært úr stað, hvar útibúið skyldi standa, en ekki er það komið á stofn enn þá. Já, það er náttúrlega ganglítið, en nú, eftir ræðu hæstv. forseta deildarinnar, gæti það komið til mála, að þingið færi að fjölga stöðunum.

Jeg get mjög vel fallist á þau ummæli hans, að útibúum ætti að koma upp á sem flestum stöðum, víðar en á einum stað í hverjum landsfjórðungi. En öðru máli er að gegna um það, þegar hann sagði, að sparisjóðirnir hefðu vaxið upp í reiðuleysi og eftirlitsleysi; þeim ummælum mótmæli jeg sem órjettmætum. Jeg býst við, að hann hafi meint það, að þeir hafi ekki vaxið upp undir eftirliti þings og stjórnar, og það sagði hann reyndar síðar í ræðu sinni. Enn fremur sagði hann, að þeir menn, sem hefðu tekið að sjer að stjórna þessum sjóðum, hefðu sýnt það, að þeir hefðu verið nýtir menn, enda benti hann á það, að sjóðirnir hefðu tapað mjög litlu fje.

Jeg get, satt að segja, eins og jeg tók fram í byrjun ræðu minnar, ekki sjeð, að það sje viðkunnanlegt, að þingið sje altaf að breyta til um það, hvar þetta margráðgerða útibú skuli standa, ákveði á þessu þingi þennan staðinn og á næsta þingi aftur annan stað. Mjer finst aftur á móti, að það sæti ekki illa á þinginu að láta einhver ummæli fylgja um það til stjórnarinnar, að þetta útibú væri sett á sem heppilegastan stað, ganga ekki alveg eins tómlátlega frá því og háttv. nefnd hefir gert, því að mjer þykir það ekki trúlegt að svo stöddu, að reist verði nema eitt útibú á Austfjörðum. Jeg tók reyndar svo eftir ræðu hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.), sem þetta væri þegar búið að ákveða, — að útibúið skyldi setja á Seyðisfirði. Ef það er, þýðir auðvitað lítið að láta þessi ummæli fylgja, en hv. flm. frv. hafa víst gert ráð fyrir, að ekki væri svo fast frá því gengið, að ekki mætti breyta því.

Jeg vil því leyfa mjer að bera fram rökstudda dagskrá, sem jeg — með leyfi hæstv. forseta — skal lesa upp:

„Í því trausti, að landsstjórn og bankastjórn skipi þessu máli sanngjarnlega og taki fult tillit til landshátta á Austurlandi, viðskiftamagns og viðskiftaþarfar almennings, einkum í þeim hjeruðum, sem erfiðust eiga bankaviðskifti nú, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Með þessari dagskrá er þó óskað eftir því, að stjórnin taki sem best tillit til þess, hvar þörfin á útbúinu sje mest.

Eggert Pálsson: Út af ummælum hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) vil jeg leyfa mjer að segja nokkur orð. Honum fanst kenna hringlandaskapar hjá þinginu, ef farið væri að samþykkja frv. það, sem hjer er um að ræða.

Í lögunum frá 18. sept. 1885 er svo ákveðið, að bankinn skuli, þegar nauðsyn beri til, setja upp aukabanka á Seyðisfirði. Hv. þm. (Jóh. Jóh.) talar um, að svo hafi þingið aftur seinna breytt þessu, og í staðinn fyrir ákvæðið „á Seyðisfirði“ sett „á Austfjörðum“, og loks sje í þessu frv. farið fram á að setja inn ákvæðið „í Suður-Múlasýslu“. En þetta er ekkert hringl, þvert á móti. Þarna er altaf verið að stíga sporið lengra og lengra í sömu átt. Það er sýnilegt, þegar þingið ákveður, að útibúið skuli sett á Austfjörðum, en ekki á Seyðisfirði, að þá er vöknuð sú skoðun hjá þinginu, að heppilegra sje, að útibúið verði reist á öðrum stað en Seyðisfirði. Og nú virðist hv. Nd., að heppilegasti staðurinn fyrir útibúið sje í Suður-Múlasýslu. Það er, með öðrum orðum, smátt og smátt verið að færa sig frá því upprunalega, og það telur hv. þm. (Jóh. Jóh.) hringlandaskap. En slíkt er mjer með öllu óskiljanlegt af honum, svo skýrum manni, að hann skuli hafa svo hausavíxl á hlutunum.

Það, að svo var til ætlast í upphafi, árið 1885, að útibúið skyldi sett á Seyðisfirði, stafar vitanlega af því, að þá var Seyðisfjörður stærsta plássið á Austurlandi, og meira að segja í miklum uppgangi, og enn fremur af hinu, að þá var engin peningastofnun til á Austurlandi, ekki frekar á Seyðisfirði en annarsstaðar. Svo þegar þingið seinna ákveður, að útibúið — þegar það verði stofnað — skuli vera á Austfjörðum, þá er farið að halla fyrir Seyðisfirði, og jafnframt er svo komið, að Íslandsbanki setji þar upp útibú. Þetta er því ekki að kenna neinum hringlandaskap, heldur breyttum kringumstæðum, sem þingið vill sjá og viðurkenna. Það getur vel verið, að þörfin fyrir útibú sje rík á Seyðisfirði, en þess verður þá að geta, að þar er bankaútibú fyrir og sýnist því minni þörf á að setja upp annað til við hliðina á því, heldur en í Suður-Múlasýslu, þar sem ekkert er fyrir, en peningaþörfin vegna útgerðar sennilega meiri eða fult svo mikil. Svo má líka benda á það, að þótt útibú þetta yrði fyrst stofnað í Suður-Múlasýslu, þá mætti líklega koma því í verk síðar að stofna annað til, frá Landsbankanum, á Seyðisfirði. En ef fyrra útibúið yrði stofnað á Seyðisfirði, þætti mjer líklegt. að það drægist miklu lengur, að annað til viðbótar yrði stofnað í Suður-Múlasýslu.

Jeg verð því að hallast að þeirri tillögu, að útibú það, sem hjer um ræðir, verði stofnað í Suður-Múlasýslu. — Hins vegar get jeg, með því að mjer virðist dagskráin, sem hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) bar fram, stefna frekar í þessa átt, greitt atkvæði með henni.

Jóhannes Jóhannesson: Hv. 1. þm. Rang. (E. P.) vildi líta svo á, að jeg hefði talið það hringlandaskap, sem gerðist á þinginu árið 1912. En hv. þm. (E. P.) verður að gæta þess, að það, sem gerðist og skeði á þinginu 1912, *var ekki það*, að þingið hefði skift skoðun um það, hvar

útibúið skyldi sett, *heldur hitt, að það vildi rýmka vald bankastjórnarinnar í því efni*, en frv. það, sem hjer liggur fyrir, fer í þveröfuga átt, og því var það megnasti hringlandaskapur af þinginu að láta það ganga fram.

Mjer kemur það dálítið undarlega fyrir sjónir, að þessir tveir hv. þm., hv. 1. þm. Rang. (E. P.) og hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.), báðir ókunnugir, annar að sunnan, en hinn að norðan, vilja fara að leiðbeina stjórninni um það, hvar hún eigi að setja útibúið. Með öðrum orðum, þeir álíta sig bæra um að skera úr því, hvar útibúsins sje mest þörf á Austurlandi. Það virðist vaka fyrir þeim, að bankastjórnin og landsstjórnin hafi tekið þessa ákvörðun sína alveg út í bláinn. En það er síður en svo. Það hefir verið leitað álits sýslunefndanna um málið, og austfirska blaðið hefir auk þess flutt margar greinar um málið; þannig hefir stjórnin, að fengnum ítarlegum upplýsingum um öll atriði, er máli skifta, og að þeim athuguðum, komist að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að setja útibúið á Seyðisf., jafnvel þótt annað útibú væri þar fyrir, enda væri það einkennilegt, ef annað lögmál ætti að gilda um Austfjörðu, fremur en hina aðra landsfjórðunga, því að benda má á, að bæði á Ísafirði og Akureyri hefir Íslandsbanki sett upp útibú, og síðar hefir Landsbankinn sett þar útibú sín engu að síður.

Loks vil jeg geta þess, að jeg hygg, að það sje ekki rjett, að hv. Nd. sje yfirleitt farin að hallast að þeirri skoðun, að útibúið eigi ekki að vera á Seyðisfirði. Jeg skal t. d. benda á, að þetta frv. var ekki samþykt með meiri hluta atkvæða í hv. Nd. Það marðist í gegn með 13 atkvæðum, og er það rjettur helmingur neðri deildar manna, þegar hún er fullskipuð.

Jeg álít heppilegast að vísa þessu máli til stjórnarinnar, en bera svo fram þingsályktunartillögu, sem legði áherslu á það, að útibú yrðu stofnuð af meiri áhuga eftirleiðis en verið hefir.

Jeg nefndi ýmsa staði í Suður-Múlasýslu í þessu sambandi, svo sem Norðfjörð, Reyðarfjörð, Fáskrúðsfjörð og auk þess Vopnafjörð, sem er fyrir norðan Seyðisfjörð. En til þess, að aðalbankinn geti haft nægilegt eftirlit með þessum útibúum og duglega umsjón, verður hann að hafa aðalútibú sitt fyrir Austfirði á Seyðisfirði.

Jeg verð því að fylgja tillögu nefndarinnar, en get hins vegar vel fallist á þingsályktunartillögu síðar, er skoraði á stjórnina að sjá um, að þetta útibú kæmist sem fyrst á.

Þar sem dagskrá háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) fer í sömu átt og tillaga nefndarinnar, gerir hún hvorki til nje frá. Bæði bankastjórn og landsstjórn, hafa að yfirveguðum öllum málavöxtum, ákveðið að setja útibúið á Seyðisfjörð, og óttast jeg eigi, að þær fari að sýna neinn hringlandaskap í málinu.

Sigurður Eggers: Jeg vil leyfa mjer að gera með örfáum orðum grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli.

Hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) talaði um það, að þingið mætti ekki hringla í þessu útibúsmáli. Jeg er algerlega sammála hv. 1. þm. Rang. (E. P.) um það, að framkoma þingsins í því máli bendi alls ekki á neinn hringlandahátt. Þingið hefir þvert á móti sjeð, að ákvæðið um, að útibúið skyldi vera á Seyðisfirði, var ekki sem heppilegast, og breytti því svo og setti Austurland í staðinn. Nú hefir hv. neðri deild stigið enn lengra í sömu átt og samþykt, að þetta væntanlega útibú skuli verða í Suður-Múlasýslu. Það er ekki óeðlilegt, að þingið taki nokkuð mismunandi afstöðu, eftir því sem árin líða, til slíks máls. Mestu hlýtur ávalt að ráða, hvar viðskiftaþörfin er ríkust í hvert sinn. Nú skilst mjer sem talsverðar fiskveiðar sjeu stund-

aðar í Suður-Múlasýslu og miklu meiri en á Seyðisfirði. Auk þess er þess að gæta, að bankaútibú er þegar fyrir á Seyðisfirði en ekkert í Suður-Múlasýslu. Virðist því öll sanngirni mæla með því, að Suður-Múlasýsla gangi nú fyrir. Jeg get verið alveg sammála hæstv. forseta um, að þörfin sje víða mikil á bankaútibúum, en nú liggur ekki annað fyrir þessari hv. deild en að ákveða, hvar þetta eina útibú skuli vera. Og þá getur mjer ekki dulist, að það eigi að vera í Suður-Múlasýslu, ef fara á eftir því, hvar viðskiftaþörfin er mest. Og mjer virðist stjórnin nú þegar vera búin að fá svo miklar bendingar um þetta mál, að henni ætti ekki að geta komið til hugar að setja það annarsstaðar. Það er alveg rjett hjá hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.), að frv. þetta var ekki samþ. með fleirum en 13 atkv. í hv. neðri deild, en sá atkvæðafjöldi er líka meiri hluti í deildinni, eins og hún er nú skipuð, því að þar eru nú að eins 25 þingmenn, eins og öllum er kunnugt. Þingviljinn hefir því komið greinilega í ljós. Að öðru leyti get jeg vel fallist á dagskrártillögu hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.), því að jeg býst við, að hún sje borin fram með þeim skilningi, að útibúið sje best komið í Suður-Múlasýslu.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Það er síður en svo, að jeg vilji hefja mótmæli gegn hinni ítarlegu ræðu hæstv. forseta. Jeg get fyllilega viðurkent í aðaldráttunum rjettmæti þess, sem hann sagði um peningaverslanir, og að nauðsyn bæri til, að sem hægast verði að ná til þeirra. En hitt verð jeg að taka fram, að hagur Landsbankans verður að batna að stórum mun til þess, að þetta geti komist í framkvæmd. Að liðin eru 30 ár, og ekki eru fleiri útibú komin á fót, síðan Landsbankinn var stofnaður, er því einu um að kenna, að þingið hefir ekki sjeð bankanum fyrir nægilegum kröftum. Því að það þarf sannarlega mikla krafta og mikla aðhlynningu að bankanum, ef unt á að vera að setja útibú á fót á svo mörgum stöðum, sem hæstv. forseti talaði um. Hitt er annað mál, sem hann drap einnig á, að gott væri, ef sparisjóðirnir væru styrktir, þó að Landsbankinn geti ekki sett útibú víða. En þetta sparisjóðamál hefir áður verið fyrir þinginu og töluverð barátta orðið um það. Ymsir hafa verið andvígir því að nota sparisjóðina sem lánstofnanir, en viljað leggja aðaláhersluna á hitt, að innieignir manna væru sem best trygðar. Hæstv. forseti hjelt, að útibú frá bönkum hlytu að geta borið sig eins vel og sparisjóðirnir, sem hafa verið reknir með ótrúlega litlum kostnaði. Jeg get ekki fallist á, að þetta sje rjett. Einstakir menn hafa lagt á sig að standa fyrir sparisjóðunum og haft litið í aðra hönd fyrir, en við slíku er ekki hægt að búast, þegar um reglulegar bankastofnanir er að ræða.

En svo mikið rjettmæti, sem var í orðum hæstv. forseta, þá vil jeg þó benda á, að þau lutu ekki að því, sem á dagskrá er nú. Nú er einungis um eitt ákveðið útibú að ræða; þingið á að skera úr því, hvar það skuli standa. Og álit nefndarinnar laut að þeirri spurningu. Hún leit svo á, að þingið ætti að vera algerlega óhlutdrægt í því máli, og fanst eðlilegast, að það kæmi til þeirra kasta, sem betri skilyrði hafa til þess að dæma um þetta, en þingmenn hvaðanæfa af landinu. Háttv. 2. þingm. Húnv. (G. Ó.) kannaðist við, að skoðun nefndarinnar væri rjett, en honum fanst tómlátlega gengið frá frv., ef því væri einungis vísað til stjórnarinnar, og hann leit enn fremur svo á, að fyrst að þessu ákvæði hefði verið breytt á þinginu 1912, þá mætti alveg eins breyta því nú. En aðgætandi er, að breytingin, sem ætlast er til að verði nú, er í raun og veru engin frá 1912. Það er engin ný heim-

ild gefin, sem ekki er fyrir í lögunum. Og mjer finst ástæða til þess að benda mönnum á að fara varlega í þetta mál. Fyrst var ákveðið, að útibúið skyldi vera á Seyðisfirði, en síðan á Austurlandi, en ekkert nánara tilgreint um staðinn. Nú er loks ætlast til, að það verði Suður-Múlasýsla, sem annars er alls ekki neitt litilll blettur.

Eins og jeg hefi bent á var það hugsun nefndarinnar, að þingið ætti að vera algerlega óhlutdrægt í þessu máli. Jeg get varla sagt með vissu, að jeg viti, hvaða skoðun einstakir nefndarmenn hafa á því, hvar útibúið verði best komið. Og jeg treysti mjer ekki til að halda fram þeim skoðunum, sem jeg kynni að hafa á því máli, gegn kunnugum mönnum.

Jeg get ekki lýst neinu yfir fyrir nefndarinnar hönd um dagskrártillögu hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) Hún hefir ekki getað talað sig neitt saman um hana. En jeg fyrir mitt leyti fæ ekki sjeð, að neitt sje í henni annað en það, sem felst í tillögu nefndarinnar um að vísa málinu til stjórnarinnar. Í því felst að sjálfsögðu, að stjórninni er ætlað að taka tillit til alls þess, sem dagskráin getur um. En að því leyti sem dagskráin kynni að fara út fyrir tillögur nefndarinnar, og þar af leiðandi verða hlutdræg, eins og hv. 2. landsk. þm. (S. E.) virtist skilja hana, hygg jeg rjettast að hafna henni. Nefndin leggur ekki áherslu á neitt annað en að deildin sje algerlega hlutlaus, og taki ekki fram fyrir hendur þeirra manna, sem betri skilyrði hafa til þess að dæma um málið.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 2. þm. Húnv., G. Ó. (sjá A. 615) samþ. með 8: 3 atkv.

Frv. því talið

fallið.

10. Forðagæsluafnám.

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 12. júlí, var útbýtt

Frumvarp til laga um afnám laga nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæslu. (A. 53).

Á 10. fundi í Nd., laugardaginn 14. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Jónsson): Þetta er stutt frv. og þarf ekki mikilla skýringa. Jeg lít svo á, að þegar þinginu vill það óhapp til að semja lög, sem ekki koma að tilætluðum notum, þá beri því að ráða sem fyrst bót á skammsýni sinni, með því að laga lögin eða nema þau úr gildi, ef þau reynast allsendis ónóg eða ófullkomin. En það mun óhætt að fullyrða, að svo hafi lög þau reynst, sem hjer er farið fram á að afnema. Þannig litu þingmenn að minsta kosti á, á þingi 1915, þótt það yrði ofan á að fela stjórninni að leita álits allra hreppsnefnda um forðagæslumálið, í stað þess að nema forðagæslulögin úr gildi þá þegar. Hvers vegna stjórnin hefir stungið málinu undir stól er mjer ekki kunnugt, en vildi gjarnan fá að heyra ástæður fyrir því nú. Jeg fyrir mitt leyti vil ekki, að neitt sje verið að lappa við ómöguleg lög. Og jeg álít, að ekki yrði lappað neitt upp á þessi lög, nema með miklum kostnaði og tímatöf, og engar líkur til, að þær breytingar kæmu að nokkru haldi. Meðan forðagæslumennirnir hafa jafnlítið vald og lögin gera ráð fyrir, eru þeir með öllu gagnslausir. En yrði farið að breyta lögunum þannig, að vald forðagæslumanna

væri aukið, þá mundi enginn almennilegur maður fást til að taka þann starfa að sjer. Það mundi að minsta kosti verða mjög óvinsælt verk. Þannig hefir því verið varið, og mun lengst af verða, að hver vill vera frjáls og sjálfráður um það, á hvern hátt hann sjer skepnum sínum farborða.

Starf forðagæslumanna er líka flókið og vandasamt. Þeir geta ekki farið eftir öðru, við ásetning sinn fyrri hluta vetrar, en framtali bænda á heyi og fjenaði. En það vita allir, sem skyn bera á þessi mál, að stundum getur verið valt að byggja á framtalinu. Kunnugir menn geta að vísu oft farið nærri um skepnufjöldann. En meira vandhæfi er á að fara eftir framtali á heyi, því að bæði eru menn misjafnlega nákvæmir með að segja til heyskapar síns, og kaplarnir eiga ekki saman nema að nafninu.

Jeg held ekki, að hægt verði að telja mjer trú um annað en að best sje að afnema lögin með öllu. Jeg hefi heyrt því haldið fram, að sá eða þeir, sem fella vilja forðagæslulögin úr gildi, sjeu skyldir að koma með annað í staðinn, en jeg er því ekki samþykkur. Að vísu hefði jeg góða trú á, að hreppsnefndir settu reglur um forðagæslu, hver í sínum hreppi. Sumstaðar gæti verið gagnlegt að gera samþyktir fyrir stærri hjeruð. En slíkar samþyktir má gera án alls kostnaðar og án tímatafar hjer í þingsalnum. Til þess þarf engin forðagæslulög. Ástæður mínar fyrir frv. þessu geta menn lesið á þgskj. 53. Þær eru, að jeg hygg, svo ljósar, að hin hv. deild ætti að geta afgreitt málið án mikillar fyrirhafnar. Jeg geri samt ráð fyrir meiri umræðum um forðagæslumálið, þar sem næsta mál á dagskrá er frv. til nýrra forðagæslulaga. — Jeg hafði ekki hugsað mjer, að frv. mínu yrði vísað til nefndar. Finst mjer málið svo einfalt, að hægt sje að vísa því til 2. umr. umsvifalaust. En ef þörf þykir að vísa því til nefndar, á það að sjálfsögðu heima í landbúnaðarnefnd. Mundi jeg ekki vera því mótfallinn, að frv. væri vísað til þeirrar nefndar, en geri það ekki að minni tillögu. Tel jeg engum manni, er landbúnað þekkir á annað borð, ofvaxið að greiða atkvæði um málið, eins og það liggur fyrir. Sjávarmenn tel jeg varla bæra til að greiða atkvæði í þessu máli, þar sem það liggur svo fjærri þeim, að þekking þeirra á því hlýtur að vera af skornum skamti.

Bjarni Jónsson: Mjer finst nú meiri þörf á öðru en því að afnema lög, sem styðja eiga aðhald og eftirlit í landinu. Eins og öllum er kunnugt er útlitið alt annað en glæsilegt. Líklegt er, að verslun með fje eða hesta verði lítil eða engin á komandi hausti. Fyrir því verður meiri freisting fyrir bændur nú en nokkru sinni áður að setja djarft á fóður. Væri því ástæða til að auka vald forðagæslumanna að mun, í stað þess að afnema alt eftirlit. Með því móti mætti ef til vill koma í veg fyrir óviturlega ásetningu, sem gæti haft alvarlegar afleiðingar. — Það væri bæði leitt og óviturlegt, ef það bættist ofan á hallæri og aðrar þrengingar, að bændur feldu bústofn sinn fyrir fóðurskort. Hættan eykst enn fremur við það, að grassprettan mun víðast vera slæm og fólksekla líkleg í sumum sveitum, svo að gera má ráð fyrir, að heyskapur verði rýr í sumar. — Jeg tel því ekki ráðlegt að samþykkja frv. það, sem hjer liggur fyrir. En sökum þess mikla áhuga, sem hv. flm., hinn mikli þingmaður frænda minna í Rangárvallasýslu (E. J.), hefir sýnt, við framsögu þessa máls, vil jeg ekki, að frv. verði skorið niður nú þegar. Legg jeg því til, að því verði vísað til landbúnaðarnefndar. Man jeg ekki til, að jeg hafi heyrt, hvernig sá svanur syngur, síðan á þinginu í vetur. Finst mjer því vel við eiga að gefa háttv. nefndar-

mönnum færi á að beita nú aftur þeirri englarödd, sem drottinn hefir gefið þeim.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mig furðar á því, að frv. þetta skuli koma fram, án þess að um leið komi frá flytjendum þess fyrirheit um eitthvað í sömu átt. Jeg bað um orðið til þess, að rödd flm. (E. J.) væri ekki sú eina, sem fram kæmi af hálfu þeirra manna, er um forðagæslumálið geta dæmt af þekkingu og reynslu. Jeg hefi fylgt málinu með athygli frá því fyrsta, og hefi að baki mjer mikla reynslu um það, að hverju haldi forðagæslulögin hafa komið í einu af mestu fjárræktarhjeruðum landsins. Og mjer blandast ekki hugur um, að lögin hafa þar gert *mikið gagn*. En jeg er ekki heldur blindur fyrir því, að segja má um þessi lög, eins og hver önnur, að „svo eru lög sem hafa tog". Þegar menn leggjast á móti einhverjum lögum, og eru samhuga um það að níða þau niður, þá er gagnið tvísýnt. Ef forðagæslulögin hafa ekki orðið að neinu gagni í einhverju hjeraði, þá er það því að kenna, að menn hafa ekki viljað hagnýta sjer þau rjettilega eða fara eftir þeim. — Gagnið, sem lögin hafa gert í þeim hjeruðum, sem jeg er kunnastur, er aðallega tvenns konar. Fjárræktin hefir aukist að mun þessi ár, sem laganna hefir notið við, og reynslan hefir líka sýnt, að menn hafa verið betur undir búnir en áður að mæta hörðum vetri.

Þetta er mín reynsla, og jeg veit, að fleiri hafa líka reynslu. Fyrir því vildi jeg ekki, að hv. flm. (E. J.) væri einn til frásagnar hjer í deildinni.

Sveinn Ólafsson: Af því, að jeg er að miklu leyti sammála hv. flm. (E. J.), kann jeg ekki við að þegja. Jeg verð að minsta kosti að standa upp til að lýsa yfir því, að jeg er honum samdóma um það, að lögin nái ekki nándar nærri tilgangi sínum. Skoðun fyrri hluta vetrar er gagnslaus. Mörgum þykja afskifti forðagæslumannanna meiðandi og nærgöngul. Forðagæslumennirnir vita sjaldan hið rjetta um heyforðann. Þeir verða að fara eftir því, sem þeim er sagt, en eins og hv. flm. (E. J.) tók fram er framtalið ekki altaf ábyggilegt. Mjer er óhætt að fullyrða, að þar sem jeg er kunnugur hefir forðagæslan ekki borið neinn verulegan árangur. Sumstaðar hefir árangurinn verið verri en enginn. Ásetningi forðagæslumanna hefir lamað ábyrgðartilfinningu sumra og áhuga þeirra á því að sjá sjer farborða. Jeg þekki líka dæmi þess, að menn, sem álitnir voru vel birgir við fyrstu skoðun, hafa komist í þrot með skepnur sínar, þótt engu væri fargað af heyjunum. (B. J.: Þeir hafa fjölgað á fóðrunum). — Nei, en þeir treystu á forðagæslumanninn, og það varð þeim til falls. — Jeg sje ekki annað en að lögin sjeu meiðandi og lítilsvirðandi fyrir bændastjettina. Það er afaróviðfeldið, að gamall og reyndur bóndi, sem um mörg ár hefir búið góðu búi og aldrei skeikað í ásetningu, skuli þurfa að taka á móti einhverjum spjátrungi, sem kosinn hefir verið forðagæslumaður, og láta hann setja sjer marklitlar reglur. (B. J.: Hví lætur hann þá ekki kjósa sjálfan sig fyrir forðagæslumann?). Góðir bændur vilja ekki gefa sig í það, sem þeir sjá, að getur ekki orðið að neinu gagni. Jeg tel sjálfsagt að nema forðagæslulögin úr gildi, en vildi gjarnan, að í stað þeirra væru samin heimildarlög, er heimiluðu sýslunefndum eða hreppsnefndum að gera ráðstafanir til forðagæslu, eftir því sem þeim þætti best við eiga. Jeg legg til, að bæði þessu frv. og því næsta á dagskránni verði vísað til landbúnaðarnefndar, til þess að hún sjóði upp úr þeim heimildarlög, ef um nokkra uppsuðu getur verið að ræða. En aðalatriðið tel jeg að losna við forðagæslulögin. Þau eru af mörgum illa haldin og

því naudðagagnslítil við, en jafnvel skemmileg, þar sem þau lama tilfinninguna fyrir sjálfsábyrgð, og hvarvetna eru þau auvirðandi fyrir bændur.

Magnús Guðmundsson: Á því leikur varla nokkur vafi, að forðagæslumálið sje stærsta mál landbúnaðarins. Um það hlýtur öllum að bera saman. Mjer þykir því undarlegt, að fram er komið frv. um að afnema forðagæslulögin með öllu. Það frv. ætti að fella nú þegar. Jeg sje enga ástæðu til að vísa því til nefndar eða að sjóða neitt upp úr því, þar sem fram er komið frv. til nýrra forðagæslulaga. (Sv. Ó: Það frv. er um annað efni). Nei, það er um forðagæslu. Þótt óheppilega hafi tekist til með val forðagæslumanna í ýmsum hreppum, þá er það engin ástæða til að fella úr gildi öll forðagæslulög. Frv. það, sem er næsta mál á dagskrá, á að ráða bót á þeim agnúa, og ætti því hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) að styðja það. En frv. það, sem hjer liggur fyrir, legg jeg til að verði felt nú þegar.

Sigurður Sigurðsson: Jeg stend ekki upp til þess að ræða frv., álít það naumast þess vert. En jeg vildi nota tækifærið til þess að beina þeirri spurningu til stjórnarinnar, hvað gert hafi verið af hennar hálfu í tilefni af þingsál.till. frá Nd. Alþingis 1915. Þingsál.till. þessi fór í þá átt að skora á landsstjórnina að leita umsagnar allra hreppsnefnda á landinu um forðagæslumálið, hvort þær teldu lög nytsamleg í þeim efnum, og ef svo væri, hvort þá mundi heppilegra, að það væru almenn lög fyrir landið alt, eða að eins heimildarlög, er heimili sýslu- eða sveitarsamþyktir. Enn fremur átti stjórnin að vinna úr álitsskjölum hreppsnefnda og semja frv. til breytinga á núgildandi forðagæslulögum, ef þess væri alment óskað. Tillaga þessi kom fram út af samskonar frv. og því, er nú liggur fyrir, og hún var fyllilega rjettmæt, því að hjer í deildinni komu fram mismunandi skoðanir á þessu máli. Jeg geng út frá því, að stjórnin hafi ekki látið undir höfuð leggjast að verða við þessari áskorun, þótt ekki hafi hún sjeð sjer fært, eða fundið ástæðu til, að leggja fram neitt frv. Fyrir því vildi jeg nota tækifærið til að forvitnast um aðgerðir stjórnarinnar í þessu máli.

Einar Arnórsson: Hv. samþingismaður minn, 1. þm. Árn. (S. S.), bar fram fyrirspurn, er snertir mig, um hvað stjórnin hafi gert viðvíkjandi þingsályktunartillögu um forðagæslumálið, sem var samþykt á síðasta reglulega Alþingi. Mjer er ekki skylt að svara nú þegar, en skal þó reyna að gera það. Og þar sem fyrirspurnin kemur svona að óvörum, verður spyrjandi að sætta sig við þó að svarið verði ekki jafnrækilegt og ella hefði orðið.

Svarið er í sem stystu máli þetta. Jeg man ekki til, að neitt hafi verið gert í minni tíð í máli þessu. Það hefir verið nefnt hjer í deildinni áður, að ástæðan til, að þingið vísi málum til stjórnarinnar, sje oft sú, að þingið vilji losa sig við þau á sæmilega hneisulítinn hátt eða treysti sjer ekki við þau að eiga. Þetta er vitanlega laukrjett; það eru mörg dæmi til þess, að þingið bjargi sjer á þennan hátt, þegar það kemst í bobba. Stundum getur þetta verið rjettmætt, en oft er það „humbug“. Jeg skal ekkert um segja, hver tilgangurinn hafi verið 1915, en næst er mjer að halda, að þingið hafi ekkert viljað við málið eiga, og þó fyrirorðið sig fyrir að skilja við það í algerðu reiðuleysi. En mjer virtist tillagan svo ómöguleg, að ekki væri „púkkandi“ upp á hana. Hugsið þið ykkur það starf að skrifa öllum hreppsnefndum á landinu og krefja þær sagna. Þær munu ekki vera færri en um 200. Eftir reynslu minni að dæma

myndu svör ekki hafa komið frá fleirum en helmingnum, og búast mátti við, að mörg þeirra yrðu mesta endileysa. Og hvernig ætli hefði verið að vinna úr þessu öllu? Kann ske Búnaðarfjelagið hefði viljað hjálpa til þess? Jeg myndi að minsta kosti hafa leitt minn hest frá því.

Enn er eftir ein ástæðan til þess, að jeg taldi ekki þörf á að taka tillit til þingsályktunartillögunnar; hún er sú, að það er mín skoðun, að forðagæslulögin eigi að standa. Þar með er ekki sagt, að þau þurfi ekki einhverra endurbóta við. Menn, sem hafa enn meiri þekkingu og betri skilyrði en hreppsnefndirnar yfirleitt, hefðu átt að finna hvöt hjá sjer til að bæta úr göllunum, sem eru á forðagæslulögunum, ekki síst ef þeir auk þess sitja á þingi. Þá ber nokkuð meiri skylda til að ráða fram úr þessu máli en hreppsnefndunum, því að ekki eru þær skyldar til að svara.

Viðvíkjandi þessu máli, er hjer liggur fyrir, vil jeg geta þess, að jeg gæti illa felt mig við, að farið væri að nema forðagæslulögin úr gildi, nú einmitt á þessum tímum. Nær lægi að reyna eitthvað að endurbæta þau. Það er hart, að í landi, þar sem vitanlegt er að hefir verið horfellir í um 1000 ár, skuli heyrast raddir um, að ekkert skuli gert til að sporna við honum. Sagan sýnir, svo að ekki verður í móti mælt, að horfellir hefir verið hjer landlægur alt frá landnámstíð. Hitt er annað mál, hvernig á að bæta úr; jeg geng út frá, að töluverðir gallar sjeu á þeim lögum, er nú gilda um forðagæslu. 1914 kom á þingi tillaga um að gefa forðagæslumönnum meira vald til að ráða bót á því, sem þeim fyndist ábótavant, en hún náði ekki fram að ganga. En jeg býst við, að það væri ekki lítils virði, ef forðagæslumenn fengju heimild í þá átt.

Það hefir ekki gert lítið til að spilla því að forðagæslan gæti orðið að gagni, að í mörgum hreppum hafa menn verið á móti lögunum og látið undir höfuð leggjast að kjósa forðagæslumenn. Það er og farið sneypulega með forðagæslumennina; svo er ákveðið, að þeir skuli hafa „alt að 2 kr. á dag“ í ómakslaun. Slikt smánarboð ætti ekki að sjást í lögum. Sæmilegra væri, að mennirnir ynnu starfið endurgjaldslaust.

Nú er svari mínu lokið. Jeg býst kann ske við, að hv. samþingismaður minn (S.S.) sje óánægður með það og reiðist mjer ef til vill, fyrir hönd landbúnaðarnefndar 1915.

Sigurður Sigurðsson: Það var rjett, sem hv. samþingismaður minn (E. A.) bjóst við, að jeg myndi ekki vera ánægður með svar hans. Jeg hefði sætt mig við það, að hann hefði kent annriki um vanrækslu stjórnarinnar í þessu efni. En ástæðurnar, sem hann kom með, voru hvorki til virðingar þinginu, deildinni, hreppsnefndunum nje hv. þingmanninum sjálfum.

Hann sagði, að þingsályktunartillagan væri vitlaus. Án þess að jeg vilji feðra krakka, sem enginn vill kannast við, skal jeg skýra frá, hvernig till. er til orðin. Hún er samin af manni, sem er prófessor við Háskóla Íslands. (E. A.: Nei, jeg hefi ekki samið hana). Það sagði jeg ekki heldur.

Jeg kann ekki við, að stjórn landsins sje líkt við kirkjugarð, sem alt óhreint sje jarðað í, eða ruslakistu, sem öllum ræksnum sje kastað í. (B. K.: Svo er það þó). Jeg veit ekki betur en að það sje rangt, að málum sje vísað til stjórnarinnar af þeim ástæðum, er hv. 2. þm. Árn. (E. A.) nefndi. Þeim málum er vísað til stjórnarinnar, sem ekki er tími til að afgreiða á þingi, og þingið treystir því, að stjórnin ráði fram úr þeim og undirbúi undir næsta þing. Vanræksla af hendi stjórnarinnar er ófyrirgefanleg.

Jeg skal ekki fara að verja hreppsnefnd-

irnar af neinu kappi, en því vil jeg bera á móti, að ekkert myndi hafa orðið á svörum þeirra að græða. Jeg man, að þegar Torfi í Ólafsdal samdi frumvarp sitt um forðagæslu og heyásetning, þá sendi hann það til álita til hreppsnefndanna, og æskti álits þeirra um málið. Svör komu frá nokkrum, og þau voru öll góð og greinileg og mikið á þeim að græða. Á því byggi jeg þá skoðun mína, að svör hreppsnefnda hefðu orðið svo úr garði gerð, að auðvelt hefði verið að vinna úr þeim.

En jeg skal ekki karpa út úr þessu lengur. Það er komið sem komið er. Stjórnin hefir vanrækt það, sem þingið 1915 fal henni. En því verð jeg þó að bæta við, að það frv., er nú liggur fyrir, bætir ekki úr skák.

Þorleifur Jónsson: Það er mikið alvörumál, hvernig eigi að fyrirbyggja felli. Jeg get ekki sjeð, að forðagæslulögin frá 1913 hafi að neinu leyti haft áhrif í þá átt. Jeg vil minna á, að síðan þau voru sett hefir verið fellir á hverju ári, 1914 á Suður- og Vesturlandi og jafnvel eitthvað á Norðurlandi, 1915 suðaustan á landinu og 1916 á austur- og norðausturlandinu, og það í sumum kjarnasveitum landsins, á hinum bestu fjárjörðum, þar sem ekki hafði fje fallið í manna minnum. Þetta hefir orðið þrátt fyrir forðagæslulögin.

Það er rjett, sem hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að mikið íhugunarefni væri, hvort ekki væri hægt að finna örugt ráð við horfelli, einmitt nú á þessum voðatímum. En jeg hefi aldrei gert mjer glæsilegar vonir um árangur af þessum lögum, og tel engan skaða skeðan, þótt þau væru strax numin úr gildi. Það væri æskilegt, ef einhver snjall maður fyndi ráð við hættunni. Lögin frá 1913 hafa ekki orkað miklu. Skoðanirnar eru líkastar meinlausum húsviltjunum presta, enda hafa skoðunarmenn ekkert vald til að framfylgja því, sem þeir kunna að sjá betur en aðrir. Valið á skoðunarmönnum mun ekki heldur altaf sem heppilegast, og enga trú hefi jeg á, að sýslunefndum takist valið betur en sjálfum hreppsbúum, en í nýja frv. til forðagæslulaga er valið á skoðunarmönnunum fengið sýslunefndum í hendur. Jeg gæti jafnvel betur trúað, að þetta nýja frv. fremur spilti en bætti úr skák. En það er ekki til umræðu nú, svo að jeg læt staðar numið að sinni, hvað það nýmæli snertir.

Jeg vil ekki ráða til, að frv. sje felt, heldur sje það sett í landbúnaðarnefnd, með það fyrir augum, að hún kunni að finna einhver heppilegri ráð en þessi blessuð forðagæslulög, sem hafa svo áþreifanlega sýnt að ekki geta komið að gagni, til að tryggja bústofninn gegn ótíð og harðindum. Við sveitabændurnir vitum, að eina ráðið til að mæta harðindunum eru fyrningar af góðum heyjum. Fyrningamennirnir komast aldrei á kaldan klaka. Fóðurforðabúr eru því helsta ráðið, sem til mála getur komið, með innlendum og útlendum fóðurbirgðum; en á þessum tímum er varla um annað en innlent fóður að ræða. Eina bjargráðið er, að fóðurbirgðirnar aukist.

Einar Arnórsson: Út af refsiræðu hv. 1. þm. Árn. (S.S.) vil jeg leyfa mjer að koma með nokkrar athugasemdir. (S. S.: Það var engin refsiræða). Það getur verið, að þm. viti ekki, hvað refsiræða er. Honum þótti það grálega mælt, að jeg dró í efa, að hreppsn. myndu hafa svarað. Hann nefndi, sínu máli til sönnunar, að Torfi í Ólafsdal eða Búnaðarfjelagið hafi fengið svar frá að eins *nokkrum* þeirra, þegar hann spurði þær allar. Þessa sönnun ætla jeg ekki að fara að leggja á höggstokkinn. Í brunabótalögum Íslands er

ákvæði um, að leita skuli til sveitarstjórna viðvíkjandi reglugerð brunabótafjelagsins. Það eru 16—17 sveitarstjórnir, sem þetta mál skiftir. Í fyrra voru sveitarstjórnunum sendar spurningar. Svörin komu öll að lokum, en menn geta gáð að því, ef þeir vilja, hve miklu var eytt í símskeyti og annan eftirrekstur, áður en þau fengust. En hvað var svo á þeim að græða? Á sumum lítið, og sumum ekkert. Jeg hefði gaman af að sjá hv. 1. þm. Árn. (S. S.) settan í að vinna úr 200 hreppsnefndarálitum. Jeg býst við, að hann hefði lítinn tíma umfram til velviljaðra ráðlegginga það árið, og má guð vita, hver spjöll það yrðu öllum framkvæmdum á landsbúinu.

Hreppsnefndirnar hafa líka nóg af leiðinlegum störfum með höndum. Jeg skil vel, að þeim sje sárt um tímann, og vilji ekki láta reka sig út í hvað sem er.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) gerði þó eina tilraun til að rjettlæta þingsályktunartillöguna frá þinginu 1915, að segja, að hún væri samin af prófessor við Háskóla Íslands. Jeg fæ ekki sjeð, að hún sje betri eða verri fyrir það. (S. S.: Tillagan er góð). Það er ekki á sjerfræðisviði þess prófessors, sem við er átt, að semja þingsályktunartillögur um landbúnað. En hv. 1. þm. Árn. (S. S.) var í nefndinni líka, svo að hann mun eiga sinn þátt í tillögunni. Nú er það svo í náttúrunnar ríki, að flestar sæmilegar skepnur halda upp á afkvæmi sín. Það er því að vonum, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) finnist sín eigin tillaga góð. Jeg skal líka fallast á, að honum sjálfum þyki hún góð. Viðvíkjandi þessari áminningarræðu þingmannsins vil jeg geta þess, að ekki er nema gott og eðlilegt, að menn sjeu strangir við aðra.

Jeg hjelt, að 1. þm. Árn. (S. S.), sem hefir setið á þingi í mörg ár, væri orðið ljóst það, sem er jafnalkunnugt og það, að málum sje vísað til stjórnarinnar, þegar þingið ræður ekki við þau, og vill losna við þau tiltölulega vanvirðulítið. (S. S.: Þetta er góð afsökun fyrir stjórnirnar).

Jeg ætla að standa við alt, sem jeg sagði í fyrra skiftið, og tek ekki aftur neitt af því. (S. S.: Jeg bjóst svo sem ekki við því). Ef út í það er farið, má geta þess, að margar aðfinslur mætti fram færa út af starfsemi 1. þm. Árn. (S. S.) í almenningsþarfir, sem eru rjettmætari en þessi ásökun hans, en jeg sleppi því að þessu sinni.

Jeg ætla ekki að eyða fleirum orðum um þetta mál. Vilji samþingismaður minn (S. S.) standa upp einu sinni enn, er honum það velkomið. Jeg svara ekki oftar. (S. S.: Jeg er dauður).

Þórarinn Jónsson: Jeg ætla ekki að leika mjer hjer að tímanum, eins og mjer finst að hjer sje verið að gera. (E. A.: Maður verður þó að bera af sjer sakir). Þetta frv. er að mínu áliti varla þess vert, að um það sje rætt. Það eru aðallega 3 ástæður, sem eru færðar gegn forðagæslulögunum og taldar að gera þau óhæf. Í fyrsta lagi, að forðagæslumennirnir sjeu valdlausir, í öðru lagi, að skoðanirnar sjeu möðgandi fyrir bændur, og í þriðja lagi, að ekkert vit sje í þeim.

Við höfum nú haft þessi lög í fleiri ár, og ýmsir verið óánægðir með þau, altaf kvartað undan því, að mennirnir væru valdlausir. En þegar til þingsins kasta hefir komið að breyta þessum ákvæðum, hefir það ávalt orðið ofan á, að löggjafarvaldið gæti ekki gengið lengra, án skerðingar á eignarrjetti manna. En þetta atriði getur náð fullu gildi, ef menn að eins vilja, án þess að sterkari ákvæði sjeu. Öll lög, sem þjóðin vill hafa, styður hún. Ætíð þegar vanda ber að höndum er það skylda að leita álits sem flestra, og ef bestu menn geta ekki lagt góð ráð og ráðið til þess, sem betra er; þá er það ekki hægt. Hjer sýnir það sig, að menn vilja ekki hlýða

lögunum; menn *vilja* ekki hafa fardagæslulögin, og þær raddir heyrast jafnvel, að skoðanirnar hjá bændum sjeu móðgandi. Menn vilja altaf vera sjálfum sjer nægir, en sagan sýnir, að þeir geta það ekki, og reynslan sýnir, að þessir sömu menn, sem þykjast ofgóðir til að þiggja ráð af öðrum, hafa stundum orðið fyrir felli.

Eftir fardagæslulögunum ættu bestu menn í hverri sveit að vera kosnir til að skoða, menn, sem hafa tiltrú og alveg víst er um, að geta betur ráðið fram úr vandræðum en aðrir. Það er þess vegna bændum sjálfum að kenna, ef lögin eru brotin. Það kann að vera hægt að segja, að þessar fyrstu skoðanir hafi verið óábyggilegar, en þegar sömu mennirnir eru skoðendur ár eftir ár, verða áætlanir þeirra ábyggilegar. Þeir, sem ekki vilja líta á það, geta aldrei sannfærst um það gagn, sem lögin geta gert, ef samvinnan er góð.

Mjer er kunnugt um það, að áður en fardagæslulögin gengu í gildi höfðu margar sveitir samtök um líkar aðferðir. Þar hafa menn ekki ímugust á lögunum, enda hafa þau ekki reynst þar vel, heldur ágætlega, og eru mjög vinsæl. Þar sem jeg þekki til hafa þau líka haft stórmikla þýðingu.

Það er eitt, sem er allra eftirtektarverðast við frv., og það er, að það skuli vera komið fram einmitt *nú*. Nú hefði jeg talið það sjálfsagða skyldu stjórnarinnar að brýna fyrir mönnum að fara sem best eftir lögunum. Ef enginn útflutningur yrði á landbúnaðarafurðum í haust, og þegar víst, að enginn útflutningur verður á hrossum, grasbrestur og lágt verð, þá hefir aldrei um langan aldur verið jafnmikil freisting fyrir menn að setja ógætilega á sem einmitt í haust. Einmitt þá koma raddir um að *fella þessi lög úr gildi, sem* aldrei hefir verið eins mikil þörf á eins og nú.

Jeg ætla svo ekki að tala meira um þetta mál, álít frumvarpið ekki þess vert, og vona, að hv. deild geri því fljót skil.

Flm. Einar Jónsson: Það hefir komið á daginn, sem jeg bjóst við, að skiftar skoðanir yrðu um þetta mál. Jeg er þakklátur þeim mönnum, sem hafa talað á sömu hlið og jeg, og verð jeg að lýsa yfir því, að mjer finst þeir hafa talað af meiri kunnugleika en hinir. Jeg verð með örfáum orðum að svara andstæðingum mínum.

Það er þá fyrst hv. þm. Dala. (B. J.), sem talaði um nauðsyn þess að spara allan óþarfa nú, en þá ætti hann líka að vera mjer sammála um að afnema þessi lög. Jeg býst við, að um hann verði talað á þessu þingi, áður en lýkur, og þá er best að muna eftir þessari áminningu hans. Það er rjett og satt, að við lifum á hættulegum tímum, og ef ilt verðlag verður í haust, má búast við, að menn setji illa á. En jeg get ekki sjeð, að fardagæslulögin hjálpi neitt, þótt þau verði áfram í gildi. Jeg hræðist þetta útlit, ekki síst ef bæði verður kaupafólksskortur og grasbrestur í sveitum. Það hefði ef til vill mátt bæta úr kaupafólkseklunni með einföldum ráðum, ef til þeirra væri tekið. Maður þarf ekki annað en að líta hjer út um gluggana, til að sjá nóg vinnufólk, sem jeg held að hefði komið að betri notum við heyvinnu uppi í sveit en í þessu göturóti hjer. Það hefði enginn framleiðsluhnekkir orðið að því, þótt götur bæjarins hefðu setið óhreyfðar til hausts, jafnvel trygt bæjarmönnum atvinnu lengri tíma. Auk þess sjer maður hjer oft iðjulaust en ásjálegt fólk á götunum. Það ætti fremur að vera í kolavinnu eða því um líku, en það kemur nú ekki þessu máli við, og skal jeg því ekki ræða meira um það.

Mjer þótti hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) komast furðusamlega að orði. Hann

hjelt því fram, að sig furðaði á því, ef landið ætti hjer alt óskilið mál. Þegar hann var í essi sínu á Ysta-Felli hefir hann skilið þetta, þótt hann sje ef til vill yfir það hafinn nú. Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) sagði á þingi 1915, að fyrir norðan hefðu hjeraðasamþyktir gert meira gagn en forðagæslulögin. (**Atvinnumálaráðh.**: Hvorttveggja gott). Nú segir sitt hvor, og hvorum á nú að trúa? Jeg spyr!

Jeg vil þakka hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) fyrir hans snjöllu og viturlegu ræðu, sem var töluð af reynslu. Þó er jeg honum ekki sammála um að vísa málinu til landbúnaðarnefndar, en jeg álít, að það þurfi ekki að fara til neinnar nefndar.

Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) furðaði á, að málið skyldi koma nú fram. Þetta hljómaði vel, þegar það var sagt í fyrsta sinni, en nú eru nokkuð margir búnir að segja það. Annars verð jeg að segja það sama um hans frv. Ef jeg hefði sjeð það í tíma, hefði jeg líklega ekki komið fram með mitt frv., því að 12. gr. í hans frv. fer fram á afnám forðagæslulaganna. Jeg hefði lagt alt kapp á að fá þá grein samþykta og látið þar við sitja. Það er eina greinin, sem nýtileg er í því frv., og er það að vísu þakkarvert, þar sem tómir lögfræðingar hafa samið. Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) svaraði fyrirspurn frá hv. 1. þm. Árn. (S. S.). Mjer þykir einkennilegt, að sveitarstjórnaálits skuli ekki hafa verið leitað, enda þótt sveitirnar kjósi þingmenn, sem hann segir að sömu ráð hafi hjer á þingi og sveitarstjórnir heima í hjeruðum. Nú er svo ástatt í sumum kjördæmum, að þm. þeirra hafa ekki vit á sveitarmálefnum, og þess vegna er ekki sama, hvort álit þeirra eða sveitarstjórnarmanna gildir. Árnesingar t. d. senda nú 2 Reykvíkinga á þing, sem mjer vitanlega hafa lítil afskifti af eða vit á heyásetningu og forðagæslu. Sami hv. þm. (E. A.) hugði, að lögin væru trössuð vegna þess, hve kaup skoðendanna væri smánarlega lágt. Jeg játa, að það er skammarlega lágt, en hygg, að það sje þó ekki ástæðan.

Hreppsfjelögin álíta kaupið ofhátt af því, að þeim þykir flakk forðagæslumannanna óþarft. Bændur þurfa yfirleitt ekki annara ráða við, til að ráða fram úr vandræðum. Eins og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) mintist á er það hart fyrir gamlan sómabónda að þurfa að hlíta úrskurði einhvers ungs óráðsíuspjátrungs. (**H. K.**: Er nokkurt útlit fyrir, að þess háttar menn sjeu kosnir?) Já, ef menn eru óánægðir með lögin, er ekki nema eðlilegt, að þeir kjósi slíka spjátrunga. Jeg hefi verið kosinn forðagæslumaður, en tel mig auðvitað ekki til spjátrunganna. (Almennur hlátur í deildinni). Þó hefir mjer ekki ætíð verið hlýtt; þótt menn lofi að fara að ráðum manns, sjá þeir sig um hönd eftir nokkra daga. Geta í sumum tilfellum haft hag af því, en líka ef til vill bölvun.

Það er alveg rjett hjá hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.), að heyfyrningar eru það eina, sem dugir. Það hefir verið samþykt á þingmálafundum í Rangárvallasýslu að skora á Alþingi að verðlauna heyfyrningar. Jeg held, að stefnubreyting í þá átt að verðlauna góða meðferð á skepnum og heyfyrningar mundu gilda meira en nokkur forðagæslulög. Mig furðar það ekki, þótt þeir, sem ókunnugir eru til sveita, kunni illa við að nema forðagæslulögin úr gildi, en hvað annað á að gera við þau? Þótt stjórnin sendi hvorn sem væri af þm. Árn. austur í Árnessýslu til forðagæslu, yrði honum ekki hlýtt; hann mundi að eins missa þingmenskuna, tæki hann slík ferðalög á hendur. Það yrði alt gagnið, sem hann ynni starfinu.

Atvinnumálaráðherra (**S. J.**): Það, sem jeg sagði áðan, hefir ekki mætt miklum mótmælum, nema hjá hv. flm. (E. J.). Hann tók fram, að hv. þm. S.-Þ. (P. J.)

hefði talið hjeraðasamþyktir gera meira gagn en forðagæslulögin. Það er engin sönnun fyrir því, að Þingeyingar álíti forðagæslulögin ekki hafa gert gagn, heldur að þau sjeu góð *með öðru góðu*.

Hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) og fleiri hafa sömu reynslu og jeg, sem sje, að lögin geri gagn, en hv. flm. (E. J.) og aðrir neita því. Úr því að lögin gera sumstaðar gagn, og það er órannsakað, hve mikið gagn þau gera, væri það nokkuð mikill ábyrgðarhluti fyrir hv. deild að láta þetta frv. fá framgang; þótt eitthvað annað sje á seiði í staðinn, veit hv. deild ekki, hvort það verður samþykt. Jeg held, að rjett væri að láta landbúnaðarnefnd rannsaka málið.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) staðfesti þá umsögn mína, að svo eru lög, sem hafa log. Hann sagði, að örðugt væri að fara nærri um heybirgðir manna. Jeg þykist hafa reynslu fyrir því úr minni sveit, að hægt sje að fara mjög nálægt því rjetta, ekki síst með margra ára reynslu. Honum þótti óviðurkvæmilegt að senda galgopa og uppskafninga til gamalla og gætinna bænda, en það sannar það eitt, að lögunum er illa framfylgt, þar sem slíkt ætti sjer stað, og er vonandi, að slíks sjeu fá eða engin dæmi. Jeg get bent á mörg dæmi upp á, að bestu menn sveitarinnar eru valdir til forðagæslu. (E. J.: Þeir vilja ekki taka það að sjer). Jú, einmitt bestu mennirnir bera svo hag sveitarfjelagsins fyrir brjósti, að þeir taka starfið að sjer, hvað sem borguninni líður.

Ályktunarorð mín verða þá þau, að rjett sje að fella frv. þegar, og vísa því ekki til 2. umr. nje nefndar, því að jeg álít ekki rjett að eyða meiri tíma til þessa máls, eins og það er vaxið.

Stefán Stefánsson: Jeg býst ekki við, að frv. þetta gangi fram, enda teldi jeg það illa farið. Jeg tel líka illa farið, að tilefni skuli vera til að koma með slíkt frv. sem þetta. Því að jeg er sannfærður um, að forðagæslulögin gera gagn, og það því meira gagn sem þeirra er vandlegar gætt, eða betur framfylgt, og sjerstaklega þykir mjer nú óhentugur tími til að fara að nema lögin úr gildi, því að það er öllum auðsætt, hve afarmikil nauðsyn er á, að þessum lögum sje hlýtt einmitt nú. Annars má ekki láta það ómótmælt, sem sagt hefir verið um það, að forðagæslumenn hefðu ekkert vald. Jeg sje ekki betur en að þeir hafi fult vald til að hlutast til um, að keypt verði fóður handa búpeningi, hvort sem eigendur vilja eða ekki, þar sem það er skýrt tekið fram, að fari búendur ekki að ráðum forðagæslumanns, þá skuli hann tilkynna það hreppstjóra, sem svo getur skipað búendum að afla sjer tiltekinna, nægilegra fóðurbirgða, sje þess nokkur kostur; og sje þessu sem öðru í lögunum ekki fullnægt, þá liggur við 5 til 100 króna sekt, „nema hærri hegning sje ákveðin í almennum lögum.“ Ef þetta er ekki nægilegt vald, þá veit jeg ekki, hvaða valdi á að beita. Jeg álít, að hjer sje farin svo skynsamleg leið, að vart sje til önnur heppilegri.

Ef unglingar eru kosnir til að skoða heybirgðir, sem ekkert skyn bera á slíkt, þá sýnir það ekki annað en það, að hreppsbúar sjeu andvígir lögunum, og er það óneitanlega dálítið undarlegt, þar sem hjer er að eins um það eitt að gera, að forðagæslumenn gefi sem nákvæmasta bendingu um það, hvort bændur hafi nóg fóður handa fjenaði sínum, og að fóðurbætir eða fóðurauki sje þá keyptur, ef á þarf að halda. Þar, sem jeg þekki best til, hafa þeir menn sveitarinnar verið valdir til þessa ár eftir ár, sem viðurkendir eru að bera glegst skyn á meðferð á skepnum og fóðurbirgðum, enda hefir þeim alstaðar verið tekið með ánægju. Enda er það oft svo, þegar fannkyngi er og illviðri ganga á út-

mánuðum, að bændur verða hálfsmeikir um birgðirnar, og þykir þá vænt um komu skoðunarmannanna.

En svo er líka eitt enn. Lögin auka metnað hjá bændum. Skýrslurnar um fóðurbirgðir bænda og meðferð þeirra á búfje eru lesnar upp í allra áheyrn á hreppaskilum. (E. J.: Skýrslurnar eru ekki lesnar upp). Það er skylda að lesa þær upp, og því algerð vanræksla, sje það ekki gert. Sem sagt þykir mjer það leitt, að vinur minn, hv. 2. þm. Rang. (E. J.) skuli hafa orðið til að flytja slíkt frv. sem þetta, en jeg þykist vita, að það sje því að kenna, að ástandið sje þannig í hans sveit, að menn sjeu yfirleitt óánægðir með lögin, og hann hafi því fremur flutt þetta frv. eftir ósk kjósenda sinna en að honum sjálfum sje það alvörumál, eða að hann álíti lögin óþörf og gagnslaus.

Björn Stefánsson: Skal lofa því að vera ekki margmáll um þetta frv. En þó einkum gera mjer far um, nú sem endrarnær, að endurtaka ekki það, sem aðrir hafa áður sagt.

Efast ekki um, að allir, sem hjer hafa talað um þetta mál, hafi lýst rjett hugsun manna til forðagæslulaganna og gagnsemi þeirra, eftir því sem þeir til þekktu. En sje nú svo, að allir hafi farið með rjett mál, hvað sannar þá þetta? Það sannar ekkert annað en það, að sumsstaðar er gagn að forðagæslulögunum, en sumsstaðar ekkert, og jafnvel sumsstaðar ógagn. En sje nú svo, þá er mjer spurn, hví á að neyða lögunum upp á þá menn, sem telja þau vera til ógagns og hafa reynt þau að því að vera það? Það tel jeg alveg rangt. Þess vegna styð jeg það, að málið verði sett í nefnd, í von um, að hún sjóði upp úr þessu frumvarpi heimildarlög, svo að þeir geti losnað við lögin, sem telja þau vera til engra nota, því að lögin koma aldrei að notum þar, sem menn eru þeim mótfallnir og telja þau gagnslaus, því að þar eru þau í reyndinni ekkert annað en nauðungarskattur á sveitarfjelögum. Sumir tala um, að galgopar sjeu gerðir að forðagæslumönnum. Þetta mun vera rjett. En að menn setja slíka menn til að gæta laganna mun vera af því, að þeir meta lögin einkis, vilja einungis gera afsökun sína, kjósa því þá mennina, sem eru fljótastir að hlaupa um sveitina, til að gera þessa málamyndaskoðun og kosta sveitarfjelagið minst. Þá vil jeg heldur losa menn við byrðina að öllu leyti.

Hv. þm. Dala. (B. J.) tók það rjettilega fram, að nú væru hættutímar og taldi því ástæðu til að afnema ekki lögin, svo að menn freistuðust síður til að setja illa á. Þess vegna er einmitt ástæða til að una ekki við gagnslítil pappírslög, heldur fullkomin bráðabirgðalög til að setja nú lög, sem tryggja búpening bænda fyrir fóðurskorti í hörðustu vetrum, og að byrja með því, að afnema þessi gömlu og gagnslausu lög, býst jeg við að væri einmitt það, sem mest hvetti, því að tilfinningin fyrir þörfinni á því að búa hjer tryggilega um mundi þá fremur knýja menn til að láta ekki við svo búið standa, heldur semja ný lög og vanda vel til þeirra. Hjer liggja fyrir ákveðnar tillögur um þetta mál frá búnaðarþingum. Sömuleiðis liggja fyrir tillögur í þessu máli frá námsskeiði, sem haldið var að Eiðum í vetur. Þessar tillögur þarf að athuga, og því vil jeg fá málið sett í nefnd.

Bjarni Jónsson: Það er margt að athuga við þetta mál. Flestir finna lögunum það til foráttu, að þau nái ekki fullkomlega tilgangi sínum. Vilja þeir góðu herrar skýra mjer frá, hvaða lög ná fullkomlega tilgangi sínum? Lög ná fyrst fullkomlega tilgangi sínum, þegar enginn dirfist að brjóta þau. En hver eru þau lög, sem ekki eru brotin? Öll lög eru brotin. T. d. vil jeg nefna hegningarlög-

in. Þau eru brotin og margbrotin. Það eru víst nokkuð margir menn, sem gjarnan vildu vera lausir við hegningarlögin. En er það nóg ástæða til að afnema lögin? Ef óánægja nokkurra manna ætti að vera nóg ástæða til að afnema forðagæslulögin, þá gildir það sama um hegningarlögin og öll önnur lög.

Það er undarlegt, frá mínu sjónarmiði, að menn skuli koma með slíkar röksemdir. Rjettara væri þessum mönnum að rísa upp og segja: „Nú skulum við heimta, að lögunum sje framfylgt, svo að þau nái tilgangi sínum“. Það væri sómasamlegra fyrir löggjafarþingið heldur en að hlaupa til og afnema lögin eftir fárra ára reynslu, af því að sumir óhlýðnast þeim. Reynslan í forðagæslumálinu er ekki enn fullkomin; það er ekkert fullreynt um það, hvort lögin geti náð tilgangi sínum eða ekki. Sumir eru óánægðir með lögin, en af því verður ekkert dæmt. Af hverju kemur óánægjan? Hún kemur af því, að svo má heita, sem menn sjeu beðnir um að vera óánægðir með lögin. Óánægja manna yfirleitt kemur af því, að þeir hlaupa eftir tilfinningum annara. Blöðin og ýmsir þjóðmálaskúmar biðja menn að vera óánægða með þetta eða hitt, og menn gera það fyrir þá. Jeg skal nefna eitt dæmi, máli mínu til stuðnings. Það eru þessir svokölluðu bitlingar.

Ýmsar smásálir beiðast eftir lasti kjósendanna um ýmsar smáupphæðir, sem ýmsum mönnum hafa verið veittar, og svo bergmálar harmagráturinn um alt landið. Og þetta er sú sama þjóð, sem kastar út hundruðum þúsunda handa einhverju ríkasta fjelaginu, sem nú er á Norðurlöndum. Jeg á við sameinaða fjelagið. Það, sem við höfum kastað í það fjelag, eru blóðpeningar. Það er ekki til neins að byggja ofmikið á almenningsálitinu. Það verður að vera á rökum bygt, til þess að hægt sje að byggja á því, og þingræður og þingmálafundir, sem byggja á órökstuddu almenningsáliti, er verra en gagnslaust Við eigum ekki að hlaupa eftir bergmáli, sem sumir menn í þessari samkundu hafa vakið. Þeir hafa komið af stað hrópi gegn forðagæslulögunum, en við eigum ekki að svara því. Við eigum að reyna að sjá, hvað að er og bæta úr því, sem á vantar, en ekki hlaupa eftir gjálfri ábyrgðarlausra manna. Sumir hafa gott af að skilja betur en þeir gera, að það er töluvert ábyrgðarmeira starf að vera alþingismaður en menn alment álíta.

Það hefir verið stungið upp á að setja heimildarlög í stað almennra forðagæslulaga. Heimildarlög eru þýðingarlaus. Það getur hver hreppur komið á hjá sjer forðagæslu, ef hreppsbúar eru því samþykkir, og þeir sem ekki væru því samþykkir, mundu fljótt læra að hlýða, því að þeir, sem ekki vildu taka þátt í samtökum hreppsbúa, yrðu þá að deyja drotni sínum. (E. J.: Þingmaðurinn veit ekki, hvað hann er að segja). Rjett er það, að jeg hefi ekki enn gengið í skóla hjá hv. 2. þm. Rang. (E. J.), en hugsast getur, að jeg komi í þann skóla síðar, ef jeg kynni að heimsækja þingmanninn á leiðarþingi hans í haust.

Jeg vildi óska, að jeg þyrfti ekki oft að hlusta á aðrar eins umræður og farið hafa fram hjer í dag; þær eru Alþingi Íslendinga síst til sóma; jeg vona, að þær heyrist ekki oftar hjer í deildinni á þessu þingi.

Sveinn Ólafsson: Það voru einungis örfá orð, sem jeg vildi segja, út af síðaprjedikun hv. þm. Dala. (B. J.). Jeg sje, að hann gengur út; þingmaðurinn vill víst ekki heyra það, sem jeg hefi að segja honum. Hann vill láta skerpa eftirlitið með forðagæslu og kúga menn til hlýðni og auðsveipni. Jeg skal því geta þess, að til voru hjer lög í þessu landi, sem nefnd voru Stóridómur. Allir kannast við þau lög, og þarf jeg ekki að lýsa þeim frekar. En

jafnkunnugt er það, að strangleiki Stóradóms skapaði hvorki löghlýðni nje siðavendni, og tillaga hv. þm. Dala. (B. J.) um að framfylgja lögunum stranglega mundi verða álíka áhrifamikil og Stóridómur.

Jeg verð fastlega að mæla með því, að frv. þetta sje látið ganga til annarar umræðu og sett í nefnd. Þó að forðagæslulögin komi ef til vill sumsstaðar að einhverju gagni, þá verður ekki um það deilt, að þau veikja víða ábyrgðartilfinningu manna, að þau eru höfð í óvirðingu og að háði, en spjátrungar og menn, sem ekki eru dómhæfir, eru valdir til að framfylgja þeim; það sýnir líka ljóslega, hvernig lögunum hefir verið framfylgt, að síðan þau komu í gildi hefir verið fellir hjer á landi hvert árið eftir annað. Áður var það fátítt, að fellir kæmi fyrir. Hvar eru þá ávextirnir og gagnið af forðagæslulögunum?

ATKVGR.

Frv. *felt* frá 2. umr. með 14:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. St., E. Árna., E. J., J. B., P. O., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. J.

nei; Þorst. J., Þór. J., B. J., E. A., G. Sv., H. K., J. J., M. G., M. P., M. Ó., P. J., S. S., St. St., Ó. B.

Þrír þm. (B. K., J. M. og Sk. Th.) voru fjarstaddir.

11. Skipun læknishjeraða [Bakkahjerað].

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 12. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. (A. 54).

Á 10. fundi í Nd., laugardaginn 14. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. júlí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Jónsson): Jeg skal játa, að það er ekki gott að koma fram með frv. um skiftingu læknishjeraða, og rjettara að láta slíkar uppástungur koma frá landlækni, en það geta þó verið undantekningar, þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi. Og nú eru það einmitt sjerstakar ástæður, sem hafa knúið okkur þingmenn N.-M. til að koma fram með þetta mál. Við hefðum látið okkur lynda núverandi skiftingu, ef læknisbústaðurinn í Hróarstunguhjeraði hefði ekki verið fluttur til Borgarfjarðar. Sýslunefnd N.-M. rjeð þessum flutningi, en nú var svo skrítilega ástatt, að einn hreppur úr S.-M. er í þessu hjeraði, og sýslunefnd S.-M. taldi sjer misboðið, af því að hún var ekki höfð með í ráðum. Kom málið svo fyrir sameinaðan sýslufund beggja sýslna, og var þar mótmælt með meiri hluta atkvæða ályktun sýslunefndar N.-M. um bústað læknisins. En sá fundur reyndist ólögmætur. Við þetta situr. Við höfum verið í vandræðum með þetta mál, því að mikill hluti Fljótsdalshjeraðs er mjög illa settur með lækni; má eiginlega segja, að hann sje hjer um bil læknislaus, því að leiðin til lækuis er svo afarlöng. Það kom til tals, að læknisbústaðurinn á Brekku yrði fluttur út á mitt Hjerað, en nú er búið að reisa sjúkraskýli að Brekku, og því eru annmarkar á flutningnum. Ef

læknissetrið yrði flutt sem næst Lagarfljótsbrú, yrði að reisa þar bæði læknisbústað og sjúkraskýli. Hart væri að segja lækninum á Brekku að flytja burt þaðan, sem hann hefir nú búið um sig, og ósýnt, hvernig gengi að fá hentugan bústað um mitt hjeraðið, við Lagarfljót. Jeg býst líka við, að þar yrði að hafa aðstoðarlækni, vegna sjúkraskýlisins, ef einn hjeraðslæknir yrði fyrir alt Fljótsdalshjerað með Jökuldal. Þetta búumst við ekki við að geti gengið, og förum því með þessu frv. fram á, að hjeraðinu verði skift. Við höfum litið svo á, að ekki sje hægt annað en að snúa sjer til hv. Alþingis með þetta mál. Borgarfjarðarhreppur hefir altaf verið illa settur með lækni, og mælir því mikil sanngirni með því að gera hann að sjerstöku læknishjeraði, enda eru þar alveg sjerstakir staðhættir fyrir hendi. Vitaskuld er fátt fólk þar, en gera má ráð fyrir, að ef læknir væri kominn þangað, myndi hann sætta sig við það, og ekki nema sanngjarnt, að sveitarfjelagið greiddi honum launaviðbót, svo að hann yndi við embættið. Vegna erfiðleika við ferðalög er læknirinn í Borgarfirði nú sóttur afarlítið upp á Hjerað, þótt það kunni að breytast. Sumir Hjeraðsbúar hafa venjulega sótt lækni til Vopnafjarðar, en aðrir að Brekku.

Náttúrlega stæði það næst landlækni að hlutast til um þetta mál, en af því að hann hefir ekki gert það, sáum við ekki önnur ráð en snúa okkur til þingsins.

Jeg vil svo leyfa mjer að stinga upp á, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar, eins og öðru samskonar máli, sem er áður komið.

Þorsteinn Jónsson: Tilefni þessa frv. er það, að mikill þorri manna í Hróarstunguhjeraði hefir óskað eftir, að því yrði skift í 2 læknishjeruð, af þeim ástæðum, er hv. 1. þm N.-M. (J.J.) hefir tekið fram. Læknisbústaðurinn var fluttur til Borgarfjarðar af því, að læknirinn vildi heldur vera þar og bjóst við meiri aukatekjum þar. Læknishjeraðið er gríðarviðáttumikið og erfitt yfirferðar. Eftir því renna þrjár stórár, Jökulsá, Lagarfljót og Selfljót. Þar að auki er því skift sundur með fjallgarði, er skilur Borgarfjarðarhrepp frá Hjeraðinu, og auk þess verða þeir menn, sem búa í svokölluðum Víkum, sunnan við Borgarfjörð, að sækja yfir fjallgarða.

Við flutningsmenn sáum, eftir að frv. var frá okkur farið, að okkur hafði yfirsjest að taka það fram, að óhjákvæmilegt verður að veita núverandi lækni í Hróarstunguhjeraði launauppbót fyrir þann aukatekjumissi, er hann verður fyrir við skiftinguna. Nái skiftingin ekki fram að ganga, gæti komið til mála að breyta takmörkum hjeraðsins, þannig að það minkaði. Nokkuð mætti leggja undir Vopnafjarðarlæknishjerað og nokkuð undir Fljótsdalslæknishjerað.

Annars er það víða úti um land, að almenningur óskar eftir, að læknishjeruðum sje fjölgað, og því er það ekki rjett stefna, sem hefir ráðið hjer í þinginu, að takmarka svo mjög þessa fjölgun. Jeg held, að það sje einróma ósk þjóðarinnar, að læknishjeruðum sje fjölgað, svo að allur almenningur geti notið læknishjálpar. Læknarnir eru þeir embættismenn, er þjóðin vill helst hafa og helst borga.

Matthías Ólafsson: Jeg vil gera grein fyrir, hvers vegna jeg greiði atkvæði með því, að þessu máli sje vísað til 2. umr. Jeg vil ekki gera því lægra undir höfði en öðru samskonar frv., sem áður er komið fyrir þingið. Jeg álít, að hvorugt þessara frv. eigi að fá framgang, því að afleiðingin verður sú, að svo og svo margar beiðnir koma um skiftingu á öðrum hjeruðum. Það er satt, að fólk vill fá fleiri lækna, en þá verður jafnframt að

leggja á sig nýja skatta. (Þorst. J.: Það leiðir af sjálfu sjer). Það er einmitt það, að ef fólkið heimtar, að fjölgað sje embættismönnum, verður það líka að borga þeim. Hitt er annað mál, hvort ekki er betra að fjölga ekki, en breyta takmörkum hjeraðanna. Jeg býst við, að sú nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, leiti upplýsinga hjá þeim, sem kunnugastur mun vera þörfinni á að fjölga hjeruðum, sem sje landlækni.

Ef ætti að uppfylla óskir allra þeirra, sem vilja fá læknishjeruðum fjölgað, yrði niðurstaðan sú, að enginn læknir vildi sækja um svo lítil og tekjurýr hjeruð. Flm. þessa frv. fara svo fram á, að læknunum, sem tekið sje frá, verði bættur upp tekjumissirinn. Slíkt hefi jeg aldrei heyrt fyr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 54, n. 127).

Frsm. (Einar Árnason): Jeg get verið mjög stuttorður og látið mjer nægja að vísa til nál. á þgskj. 127. Frv. fer fram á þá mjög varhugaverðu breytingu, að skifta læknishjeraði og gera úr því 2 hjeruð svo lítil, að þar sje engum lækni lífvænlegt. Afleiðingin gæti því orðið sú, að enginn læknir fengist í þessi smáhjeruð, og væri þá sannarlega lífi manna ekki betur borgið, eftir en áður, ef enginn hefði skyldu til að vitja sjúklinga þar.

Annars telur nefndin það mjög athugaverða braut að búta sundur eitt og eitt læknishjerað í landinu af handahófi og fyrirhyggjuleysi. Væri þá nær að taka það mál frá rótum, ef brýn nauðsyn ber til að breyta, frá því sem nú er. Og eigi að nást læknar í þessi smáhjeruð, þá er óhjákvæmilegt, að landssjóður greiði þeim hærri laun en læknum eru nú alment goldin.

Í áliti sínu hefir nefndin bent á leið, sem fær væri í þessu máli, að flytja læknisbústað Fljótsdalshjeraðs frá Brekku að Lagarfljótsbrú og auka við það einhverjum hluta Hróarstunguhjeraðs, eftir því sem hentast þykir. Nefndinni sýnist rjett, að landsstjórnin og hlutaðeigendur athugi þetta og undirbúi í nánustu framtíð.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Nefndin leggur það öll til, að frv. verði felt.

Magnús Pjetursson: Jeg ætla ekki að gera neina aths. við niðurstöðu nefndarinnar, en að eins benda hv. frsm. (E.Árna.) á, að það er misskilningur hjá honum, að hætta sje á því, þótt nýtt hjerað verði myndað, að það verði þá ver statt en áður, vegna þess, að enginn læknir sje þá skyldur að gegna, ef kallað er. Nýju hjeruðin myndast ekki fyr en nýr læknir sækir um þau, og þangað til hefir sá læknir, sem áður hefir haft það til yfirsóknar, jafnar skyldur og áður, og þótt svo væri, að læknir hefði fengist þangað og svo yrði aftur læknislaust, þá er altaf næsti læknir settur til að þjóna þeim, með sömu skyldum.

Jón Jónsson: Jeg sje, að nefndin hefir fundið til þess, að talsverð vandkvæði voru á fyrirkomulaginu, eins og það er nú, á læknaskipuninni fyrir austan, en samt hefir hún ekki sjeð sjer fært að samþykkja frv. og ekki heldur reynt á nokkura framkvæmanlegan hátt að bæta úr þeim göllum, sem nú eru á.

Jeg verð að segja, að þetta nefndarálit

sem hún hefir gefið út, er ekki mikils virði. Nefndin leggur það til, að bústaður læknisins sje fluttur utar í hjeraðið. Það er nú hægra sagt en gert. Læknirinn, sem nú er þarna, hefir búið vel um sig á jörðunni, og það myndi ekki mælast vel fyrir að skylda hann til að taka sig upp þaðan og flytja eitthvað annað. Jeg held tæplega, að það yrði samþykt á sýslufundi að skylda hann til þess, því að eitthvert tillit verður þó að taka til læknisins. En segjum nú sem svo, að þetta verði gert, þegar næst verða læknaskifti. En þrátt fyrir það yrði ekki bætt úr vandkvæðunum. Það er nokkuð erfitt að hafa alt Fljótsdalshjerað með Jökuldal eitt læknishjerað. Yfir höfuð hygg jeg, að ekki sje mögulegt að bæta úr þessu, nema með því að skifta Hróarstunguhjeraði í tvent, því að jeg sje ekki, að tillögur nefndarinnar um að stjórn og hjeraðsbúar undirbúi málið, sjeu á nokkurn hátt framkvæmanlegar, því að hvernig er hægt að ætlast til, að hjeraðsbúar fari að kaupa jörð og byggja nýtt sjúkraskýli, án þess að þeir hefðu nokkra vissu um það, hvern veg þingið mundi taka í málið? Og auðvitað gegnir sama máli um stjórnina. Hún getur ekki undirbúið málið neitt, enda er það nú af mörgum talið sama og að jarðsetja málin að vísa þeim til stjórnarinnar.

Frsm. (Einar Árnason): Skal vera mjög stuttorður. Hv. þm. Stranda. (M. P.) sagði, að komið hefði fram misskilningur í ræðu minni. Það má vel vera, að altaf sje settur næsti læknir, þegar enginn fæst í hjeraðið. En hvað er þá unnið við að skifta hjeruðunum, þegar þau eru gerð svo lítil, að enginn vill vera þar? Það var þetta, sem nefndin lagði aðaláhersluna á. Hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) taldi mikil vandkvæði á að færa læknisbústaðinn. Það er þó það eina, sem er reynandi. Jeg tel það alls ekki óhugsandi, að hægt sje að fá skifti á Brekku og annari jörð, nær miðju hjeraðsins, sem læknirinn vildi eins vel búa á. Jeg sje ekki, að honum (J. J.) geti verið það nokkuð á móti skapi, að málið sje undirbúið í samráði við landsstjórnina, enda mun hún fús á að gera hvað hún getur til að greiða fyrir málinu, og sama máli gegnir um landlækni.

Einar Arnórsson: Jeg vildi einungis geta þess, út af sneiðinni, sem hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) var að stinga að mjer, að sumir teldu sama að vísa máli til stjórnarinnar sem að jarðsetja það, þá er vitanlega ekki sama, hvert málið er. Sum mál eru svo algerlega umboðslegs eðlis, að sjálfsagt er að stjórnin fjalli um þau, og svo er um þetta; það er því sjálfsagt að vísa því til stjórnarinnar.

ATKVGR.
Frvgr. feld með 13: 7 atkv.
Frv. því
fallið.

12. Mótorvjelstjóraskólar.

Á 10. fundi í Nd., laugardaginn 14 júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um mótorvjelstjóraskóla í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. (A. 63).

Á 11. fundi í Nd., mánudaginn 16. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Ólafsson): Nokkrum orðum vil jeg bæta við það, sem í frv. og ástæðunum fyrir því stendur.

Öllum er kunnugt, að næstum öll smærri útgerð hefir á síðustu árum breyst í mótorbátaútgerð. Það hefir mikla þýðingu fyrir mótorbátaútgerðina, að þeir, sem stjórna vjelunum, sjeu starfa sínum vaxnir. En mótorbátarnir hafa þotið upp á svo skömmum tíma, að hörgull hefir orðið á mönnum, sem næga þekkingu hafa til að stjórna vjelunum. En það er útveginum hin mesta nauðsyn að hafa vel hæfa menn. Þar sem nú þing og stjórn leggur kvaðir og skyldur á þennan útveg, er ekki nema sanngjarnt, að landsstjórnin sjái til, að því leyti sem í hennar valdi stendur, að útvegurinn geti fullnægt þeim kvöðum, og sjái vel fyrir sjermentun þeirra, sem við hann eru riðnir.

Jeg veit, að ýmsir munu telja nægilegt, að einn skóli væri settur í Rvík. Ef það er rjett, að hægt sje að komast af með einn skipstjóraskóla á landinu, kann það að vera jafnrjett, að ekki þurfi nema einn mótorvjelstjóraskóla. Að mínu áliti er hvortveggja rangt, og ef ilt er að komast af með einn skipstjóraskóla, er þó öllu verra að komast af með einn vjelstjóraskóla.

Frv. þetta er fram komið fyrir áskoranir manna af öllu landinu. Fiskiþingið hefir og fallist á það. Vitanlega er tilsögnin, sem nú er veitt, mjög ófullnægjandi. Kenslan má ekki vera skemur en 6—8 mánuði.

Ekki verður hjá því komist, að þetta kosti landssjóð töluvert fje; mótorbátaútgerðin gefur líka töluvert í aðra hönd. Það má ekki fara með hana eins og útigangsklár, leggja á hana þungar byrðar, og reka hana svo út á gaddinn. Jeg vona, a. m. k. að þeir, sem búa við sjávarsíðuna, sjái nauðsynina.

Óvíst er, að menn haldi áfram að leggja fje í þennan útveg, ef ekki fást góðir menn til að stjórna vjelunum. Ábyrgðargjöldin verða líka því lægri, sem starfsfólkið er stöðu sinni betur vaxið. Tryggingin á eignum og lífi manna eykst við það, að fengnir sjeu vel hæfir vjelstjórar, eigi síður en skipstjórar. Þá verður atvinnuvegurinn svo tryggur sem hægt er; fulltryggur verður hann aldrei; við óbliða náttúru eiga sjómennirnir að berjast. En það ætti ekki að vera úr vegi að búa þá eins vel undir baráttuna og kleift er.

Jeg vona, að málið fái að ganga til 2. umr. og verði vísað til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til sjávarútvegsnefndar (sjá A., bls.1613) í e. hlj.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 63, n. 156).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., þriðjudaginn 31. júlí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Sjávarútvegsnefndin hefir athugað frv. á þgskj. 63, og hefir komist að þeirri niðurstöðu að leggja til, að það verði gert að lögum með lítilfjörlegum breytingum, sem jeg vil nú fara nokkrum orðum um. Fyrst, að aftan við 2. gr. frv. bætist „jafnframt að veita þeim, er þess óska, þá kunnáttu, sem áskilin er í lögum nr. 42, 3. nóv. 1915, til þess að hafa skipstjórn á 12—30 lesta skipum.“ Nefndin áleit líka bera nauðsyn til að auka þekkingu þeirra, er hafa eiga skipstjórn á hendi á smáskipum, og hún telur heppilegra að setja þessa kenslu á stofn í sambandi við skóla þessa, er koma á á stofn. Námstími slíkra manna er þess utan stuttur, og tekur naumast að fara til Reykjavíkur, og auk þess telur hún, að það mundi trufla fyrir fullkominni kenslu í stýrimannafræði. Nefnd-

in álítur því, að þetta geti verið þannig fyrst um sinn, þar til stýrimannaskólar verða settir á stofn annarsstaðar; það geti hjálpað um stundarsakir.

Þá hefir nefndinni virst fara betur á því, að reglugerðina skuli stjórn Fiskifjelags Íslands semja og stjórnarráð Íslands staðfesta. Fiskifjelagið ætti að vera kunnugra. Það hefir í sinni þjónustu mann, sem er ágætlega að sjer í þessum efnum. Hins vegar telur nefndin sjálfsagt, að stjórnarráðið staðfesti reglugerðina.

Þá er 3. brtt., sem ætti að gera það talsvert líklegra, að frv. nái fram að ganga, að nefndin ræður til, að þetta sje ekki gert nú þegar, heldur svo fljótt sem verða má, að lokinni heimsstyrjöldinni. Nefndin sá, að þetta mundi hafa nokkurn kostnað í för með sjer og vildi, að því væri frestað, þar til lokið væri hinum erfiðustu afleiðingum heimsófriðarins.

Af þessu hefir nefndin ekki sjeð annað fært en að ákveða, að Fiskifjelagi Íslands skuli veittar alt að 2000 kr. á ári til þess að fjölga námsskeiðum þeim um hirðing og meðferð mótora, er það hefir haldið undanfarin ár. Það hefir haft til þess einn mann, og því hafa þau bæði orðið stutt á hverjum stað og ekki á mörgum stöðum. Þörfin er orðin svo brýn, að ekki er hægt að bíða þangað til þessum skólum er komið á fót. Námsskeið þessi verða að halda áfram.

Nefndin sá ekkert undanfæri að fjölga og fullkomna námsskeið þau, sem Fiskifjelag Íslands hefir gengist fyrir að haldin væru víðs vegar um landið, með styrk af landsfje. Um það, hvernig frv. er til orðið, er það að segja, að fjórðungsþingin öll, þau er standa og starfa í sambandi við Fiskifjelag Íslands, hafa lýst yfir því, að þau telji bráðnauðsynlegt að auka kenslu í mótorvjelfræði. Jeg tel víst, að málið fái svo góðar undirtektir, að það geti gengið orðalaust gegnum deildina. Þó skal á það minst, að í 2. gr. stendur, að tilgangur skólanna sje sá að veita þá þekkingu, sem telja má nauðsynlega til þess að hafa á hendi vjelstjórn á mótorskipum. Þarna er ekki tekið fram, hverjar námsgreinar skuli kendar. En það er tekið fram í 3. grein, að það ákvæði skuli standa í reglugerð, sem Fiskifjelag Íslands semur og stjórnarráðið samþykkir. Nefndin hefir gert þá breytingu við þessa grein, að hún leggur til, að Fiskifjelagið semji reglugerðina; telur þá trygt, að þeir menn fjalli um skólana, sem mesta þekkingu hafa á kröfum þeim, sem til skólanna verður að gera. — Það liggur í hlutarins eðli, að ekki er hægt að ætlast til, að slíkar stofnanir sjeu kostaðar af öðrum en landssjóði. Á það mætti ef til vill benda, að mönnum þeim, sem læra eiga á skólum þessum, og oftast nær hafa allvel launaða atvinnu, væri ekki ofvaxið að borga eitthvert skólagjald. En jeg fyrir mitt leyti er því mótfallinn, og nefndin hefir ekki fundið neina ástæðu til að fara fram á það.

Í sambandi við þetta frv. er annað frv., sem er því náskylt, en það kemur til umræðu á eftir, og ætla jeg þá að minnast á það, þegar þar að kemur. En jeg vona, að deildin sýni frumvörpum þessum allan sóma og fallist á nauðsynina til að koma þeim í framkvæmd.

Bjarni Jónsson: Mjer þykja það hálfundarleg frv., sem verið er að koma fram með, þar sem ætlast er til, að farið verði að setja á stofn skóla hingað og þangað um landið, sjómannaskóla stundum, þar sem þó er vitanlegt, að nægilegt er að hafa einn skóla fyrir alt landið, til þess að menta þá skipstjóra, sem þarf á íslensk skip. Þótt það liggi ekki beint fyrir til umræðu, þetta með sjómannaskólana, þá finst mjer það svo skylt, að jeg get ekki stilt mig um að drepa á það. Það er undarlegt, að menn skuli vilja vera að

búta skólana í sundur, og hafa þá á mörgum stöðum, þar sem það hlýtur þó að margfalda kostnaðinn við að halda þá, og erfitt er að gera þá alla svo úr garði, að þeir geti veitt jafnfullkomna fræðslu. Svo er það líka með þessa „mótorvjelstjóraskóla“. Orðið hlýtur nú fyrst og fremst að hneyksla. Mig furðar á því, að háttv. flm. (M. Ó.) skuli ekki hafa reynt að sleppa því og setja eitthvert viðráðanlegt, íslenskt orð í staðinn. Jeg vona, að hann geri það við síðari umræður þessa máls, því að mjer er kunnugt um, að hann er vandur að máli og smekkmaður á íslenska tungu. — Jeg hygg, að það hefði verið allsendis nægilegt að hafa þennan vjelstjóraskóla einn, og þá að sjálfsögðu að setja hann í samband við skólann fyrir vjelstjóra á eimskipum, sem þegar er til hjer í Reykjavík. Jeg tel engan vafa á því, að best færi á því að sameina alla vjelfræðikenslu í eitt. Það hlýtur að verða nokkuð svipuð fræðigrein, þótt vjelarnar sjeu mismunandi. Þessar olíu- og benzínvjelar eru nú orðnar svo tíðar, að það er nauðsynlegt, að allir skipstjórar kunni með þær að fara, auk þess sem ekki mun verða hjá því komist, að hafa sjerstaka vjelstjóra á öllum stærri skipum, sem þessar vjelar hafa. Þær eru nú farnar að verða svo dýrar, að mikið er í veði, ef þeim er illa stjórnað. Ef svo bættist við, að hjer færu að tíðkast skip með Diesel-vjelum, sem eru mjög stórar og dýrar, þá verður enn vandfarnara með þær. Jeg sje því, að nauðsynlegt er að menta vjelstjóra, sem stjórna eiga öllum þessum vjelum, hvað sem þær nú nefnast og hverju sem þær brenna. Jeg vildi þess vegna styðja að því, að fenginn væri sjerstakur kennari, — fleiri en einn, ef þess gerist þörf — og útveguð nauðsynleg áhöld til vjelstjórakenslunnar og allur útbúnaður, sem þar að lýtur, en að kenslan væri þá sett í samband við vjelstjóraskólann í Reykjavík, og að þá væru um leið hafðar verklegar æfingar í meðferð vjelanna. Það er auðvitað rjett, að ekki verður komið á fullkominni kenslu þegar í stað, svo að fyrst um sinn verður að bjargast við einhvern bráðabirgðaundirbúning. En væri þá ekki einmitt ráðlegast að verja þeim tíma til að undirbúa vjelstjórakensluna hjer í Reykjavík. Jeg get ekki álitið það ofmikið haft fyrir þeirri atvinnu, sem vjelstjóramentunin veitir aðgang að, þótt menn verði að sækja og kosta sig við einn og sama skólann fyrir alt landið. Til samanburðar við það má benda á, að það hefir ekki verið talið eftir lærðu mönnunum að sækja alla sína mentun til Reykjavíkur eða lengra. Þeir verða að gera sjer að góðu að sitja fyrst 6 vetur í mentaskóla, sem til skams tíma að öllu leyti, og enn að hálfu leyti, er að eins til í Reykjavík. Auk þess verða þeir að dvelja alt að því jafnlengi eða jafnvel lengur við háskóla, sem hvergi er að fá nema í Reykjavík eða þá erlendis. Eftir alt þetta fá þeir svo aðgang að atvinnu, sem oft og tíðum er ekki betur borguð en staða vjelstjóranna eða skipstjóranna, sem hjer ræðir um. Stundum ekki nærri eins vel borguð. Jeg get því ekki talið eftir sjómönnunum að sækja mentun sína til Reykjavíkur, ef landið leggur þeim til skóla þar. Að landið eigi yfir höfuð að tala að láta sjómönnum sjermentun sína í tje, byggist eingöngu á því, að skipstjórum er trúað fyrir mannslífunum, og mannslífin eru svo mikils virði. Þingi og þjóð ber því að gera sitt til að girða fyrir það, að mannslífin glatist fyrir handvömm, vanþekkingu eða klaufadóm stjórnendanna. Til þess að tryggja mannslífin á landið að veita skipstjórum og vjelstjórum mentun. Að öðru leyti er því opinbera ekki skyldara að búa þá undir lífsstarf sitt en t. d. trjesmiði, skósmiði eða járnsmiði, og veit jeg ekki til, að farið hafi verið fram á, að landið

stofnaði skóla handa þeim. — Nú fer ekki hjá því, að verði farið að stofna marga skóla fyrir sjómennina, þá verður útbúnaður þeirra verri og kenslan ófullkomnari. Það kemur ekki annað til mála en að jafnauranæm samkoma og Alþingi færi að sjá eftir útgjöldunum, þegar til fjárveitinga kæmi handa öllum þessum skólum. Niðurstaðan yrði því sú, að þeim yrði skamtað úr hnefa, og eigi yrði fært að gera skólana eins vel úr garði eins og ef skólinn væri að eins einn. Afleiðingin af þessum mörgu skólum yrði þá verri mentun, minni trygging fyrir mannslífunum, og væri þá ekki til einkis barist. Jeg get ekki sjeð nauðsynina til að hafa skólana svona marga, og geri ekki ráð fyrir, að jeg sannfærist um það, við þær umræður, sem hjer fara á eftir. En jeg vil sem sagt styðja að því, að komið verði upp einum fullkomnum, stórum og vel útbúnum vjelstjóraskóla hjer í Reykjavík. Og jeg vil bæta því við í ræðulok, að þurfi endilega að hlaupa undir bagga með mönnum þeim, sem skólana eiga að sækja, þá mundi það borga sig betur fyrir landssjóð að greiða ferðakostnað þeirra og dvalarkostnað við skólann í Reykjavík heldur en að setja upp 3 aðra skóla, ef þeir ættu að verða sæmilega úr garði gerðir.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Verður það, er varir, og það, er ekki varir. Nú heyri jeg það, sem jeg hafði ekki búist við að heyra, að hv. þm. Dala. (B. J.) er orðinn sparnaðarmaður. Og honum fer þá eins og þeim mönnum fer ávalt, sem ætla að fara að breyta á móti eðli sínu, að hann kemst út á glapstigu, vill fara að spara þar, sem ómögulegt er að spara, og síst af öllu borgar sig að spara. Jeg hefi áður bent á það, að það er ekki hægt, nema með stórum erfiðleikum og miklum tilkostnaði, að gera skólann hjer svo úr garði, að hann geti fullnægt vjelstjóraþörfinni. Til þess þyrfti ekki einungis að bæta við kennara, heldur mörgum kennurum, og auka húsrúm og aðbúnað svo mikið, að hæpið er, að það verði ódýrara en að stofna skóla þá, sem frv. fer fram á. Hv. þm. (B. J.) finst það ástæðulaust að hafa skólana marga. Í öðrum löndum þykir þó ástæða til að hafa skóla handa sjómönnum dreifða, og það þótt samgöngur sjeu í svo góðu lagi, að hægt sje að komast frá einum landshluta til annars á fáum klukkustundum. Jeg get ekki skilið, að ástæðan sje minni hjer.

Þá vitnaði hv. þm. (B. J.) til þess, að mentaskóli væri að eins einn á landi hjer. Áður þóttust menn ekki geta komist af með minna en tvo lærða skóla, enda hafa þeir lengst af verið tveir. Nú eru líka aftur farnar að heyrast raddir, sem eru óánægðar með það, að mentaskólinn sje ekki nema einn, og vilja láta stofna annan. Þetta bendir einmitt til þess, að menn finna þörf á því, að skólarnir sjeu sem víðast. Það er líka eðlilegt, að mönnum þyki ilt og óþægilegt að sækja langt að til dýrasta staðarins á landinu, en það er einmitt hjer í Reykjavík. Hv. þm. (B. J.) vill hafa skólana sem fullkomnasta. En honum er líklega ekki kunnugt um það, að hvergi í heimi er heimtuð jafnmikil þekking í sjómannafræði, til þess að mega vera skipstjóri á smærri skipum, eins og okkar skip eru flest, — hvergi í heimi heimtuð jafnmikil þekking og hjer á landi. Og það er hreint og beint óþarfa kostnaður að gera jafnmiklar kröfur í stýrimannafræði eins og sjómannaskólinn hjerna gerir, til þess að stjórna mótorbátum eða smærri fiskiskipum. Fyrir því mætti vel veita þá fræðslu, sem þörf er á til þess, við smærri skóla úti um land. Sem sagt, jeg efast um, að kostnaðurinn yrði minni, ef skólarnir hjer væru stækkaðir svo, sem þyrfti. Hvað þá, ef greiða ætti ferðakostnað og dvalarkostn-

að nemendanna, eins og hv. þm. Dala. (B. J.) talaði um. Enda mun það ekki hafa verið sagt í alvöru. — En eitt skal jeg játa, að nefndinni hefir láðst að bera fjárhagsatriðið undir fjárveitinganefndina, eins og sjálfsagt er að gera um önnur eins lög og þessi. Ef til vill er það það, sem brennur í hv. þm. (B. J.). Og til þess að bæta úr þessari vangá nefndarinnar vil jeg leyfa mjer að biðja hv. forseta að taka bæði þetta mál og næsta mál út af dagskrá. Þau eiga að fylgjast að, svo að sjálfsagt er, að eitt gangi yfir bæði.

Að lokum skal jeg geta þess, viðvíkjandi málinu á frumvarpinu, að það er gert með fullum ásetningi að halda orðinu „mótor“. Það er gert til þess að slá því föstu, svo að menn hætti að vera á sífeldu reiki með það. Nú heyrir maður jöfnum höndum viðhöfð ótalmörg nöfn, svo sem rennibátur, bifbátur, vjelbátur, bifvjelarbátur, skellibátur o. fl. o. fl. Jeg vil að orðið „mótorbátur“ o. s. frv. fái þá festu í málinu, að það útrými öllum öðrum nöfnum, og því hefi jeg tekið það upp í frv. Þó að það sje útlent, þá fer svo vel á því í íslensku máli, að mjer finst mega vel við una, og það tekur fram öllum öðrum nöfnum, sem hingað til hefir verið reynt að mynda.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Nd., mánudaginn 6. ágúst, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 63, n. 156, 274).

Frsm. (Matthías Ólafsson): Eins og hv. deild er kunnugt var mál þetta tekið út af dagskrá, þegar það var síðast hjer til umræðu, vegna þess, að nefndin, sem hafði það til meðferðar, hafði ekki leitað álits fjárveitinganefndar um fjárhagsatriði málsins. Þetta álit meiri hl. hennar er nú komið. En það verð jeg að segja, að það urðu mjer alger vonbrigði, og þau því meiri, sem sú hv. nefnd hefir gefið meðmæli ýmsum málum, sem síst er líklegt að geri landinu meira gagn en það, sem frv. þetta fer fram á, eða álitlegra er að leggja fje fram til, en til vjelstjóraskólanna.

Jeg veit annars ekki, hve mikið á að leggja upp úr áliti fjárveitinganefndar og tillögum um mál. Það væri ekki óeðlilegt að skoða það þannig, að hætta ætti við þau mál, sem hún legði á móti. En það hefir nú stundum sýnt sig, að þótt fjárveitinganefnd hafi lagt á móti máli, þá hefir það eigi að síður fengið fram að ganga. Svo mikil sanngirni hefir verið ríkjandi hjá þinginu, að það hefir brotið bág við tillögur fjárveitinganefndar, hafi því fundist henni hafa yfirsjest.

Því bregður annars fyrir í áliti hv. nefndar, að hugsanir hennar sjeu ekki í fullu samræmi við orðin, þar sem hún segist vera mótfallin málinu í þetta sinn, fjárhagsins vegna. Í þessu skil jeg ekki, því að það er einmitt tekið fram af sjávarútvegsnefndinni, að lögin skuli ekki koma til framkvæmda fyr en svo fljótt sem *hægt er*, og þó eigi fyr en að stríðinu loknu. Mótmæli fjárveitinganefndar eru því þýðingarlaus, nema ef „að þessu sinni“ á að þýða sama sem í bráð og lengd, og er þá undarlega að orði komist.

Sjávarútvegsnefndinni var það ljóst, að eigi áraði nú til að fara að leggja út í kostnaðarsamar nýbreytingar, og því lagði hún til um kostnaðarlítið bráðabirgðafyrirkomulag, sem bætti úr brýnustu þörf og við yrði að una, þangað til að hagur hægðist.

Eigi veit jeg til þess, að það hafi verið tilætlunin með fjárveitinganefnd, að hún ætti að koma fram með sjerstök nefndarálit í málum þeim, sem undir hana eru borin, og eigi sje jeg, að það ætti að vera því til fyrirstöðu, að hv. deild samþykki

tillögur sjávarútvegsnefndarinnar, þótt fjárveitinganefnd, eða meiri hluti hennar — því að þar var jeg ósamþykkur hinum — liti öðrum augum á fjárhagshlið málsins en sjávarútvegsnefnd, sem þykist hafa tekið fult tillit til hennar, með ákvæðunum um stundarsakir. Jeg vænti svo mikillar sanngirni og glöggskygni hjá hv. deild, að hún sjái, hve hættulegt hið núverandi ástand er, og að brýn nauðsyn sje á að koma upp skólunum sem allra fyrst að auðið er, og að hún muni því greiða atkvæði með frv.

Það mun varla þýða að halda nú langa ræðu um málið. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi þegar ráðið með sjer, hvað gera skuli. En það segi jeg, ef svo skyldi fara, að máli þessu yrði hafnað, að þá mun þingið fá þungan áfellisdóm hjá þeirri stjett, sem það bitnar á; hún hlýtur að skoða það sem snoppung, sjer gefinn, og sannarlega mun það hafa illar afleiðingar að fresta málinu. Þekkingu margra þeirra, sem með vjelar eiga að fara, er mjög áfátt; þeir finna það sjálfir og vildu úr bæta, ef þeir ættu kost á því. Vankunnátta í vjelgæslu spillir stórum eignum manna og getur stofnað lífi manna í háska, og er þar af leiðandi vjelbátaútveginum til hnekkis. Það vilja sumir, að allir sjeu sendir til náms hingað til Reykjavíkur, en bæði eru miklir erfiðleikar á því, og auk þess hefir lítið verið gert til þess, að fullkomna skólann hjer, eða að gera hann færan um að taka á móti öllum þeim, sem í hann þyrftu að leita. Þeir, sem greiða atkvæði á móti máli þessu, taka á sig þá ábyrgð, sem jeg fyrir mitt leyti vildi ekki bera, en jeg vona, að þeir verði fáir; jeg er meira að segja ekki vonlaus um, að sumir úr fjárveitinganefnd muni greiða atkvæði með því og játa, að þeir hafi ekki gefið því fullan gaum, að það er alls eigi ætlast til, að lögin komi í framkvæmd fyr en fjárhagshorfur landsins batna. Jeg vona, að þeir, sem lagt hafa á móti frv., hafi gert það af því, að þeir hafi ekki athugað málið nógu vandlega, og að þeir muni sjá sig um hönd nú, er þeir sjá, að það getur ekki skapað nein fjárhagsvandræði. Það er jafnan fallegt að breyta skoðun, er menn verða þess varir, að þeim hefir skjöplast sýn.

Bjarni Jónsson: Jeg held, að það sje misskilningur hjá hv. flm. (M. Ó.), að fjárveitinganefndarmönnum hafi yfirsjest við atkvæðagreiðslu um þetta mál. Menn voru yfirleitt á móti þeim kostnaði, sem því fylgir að setja svo marga skóla á stofn. Hins vegar voru allir sammála um, að sjálfsagt væri að styðja aukna tilsögn við þann skóla, sem til er. Jeg vil nú bæta úr því, sem jeg sagði í öðru máli, honum (M.Ó.) tilheyrandi, með því, að jeg vil koma á sem fullkomnastri kenslu í þessu starfi, sem hjer um ræðir, í sambandi við stýrimannaskólann í Reykjavík. Hjer verði nóg húsrúm í Reykjavík og nægir kenslukraftar. Kenslan verður því fullkomnari, sem hún er á færri stöðum, og því minni kostnaður til að afla ýmsra tækja til verklegra æfinga og framkvæmda. Því að jeg geri ráð fyrir, að eigi yrði að eins tilsögn, heldur og verkleg kensla, í meðferð og góðri stjórn olíugangvjela. Menn læra þá það, sem að sjómenskunni lýtur, á sjómannaskólanum, en verklega meðferð vjelanna á vjelstjóraskólanum. Gæti þetta orðið ágætur skóli og gott væri, að mönnum gæfist kostur á að vera í siglingum, áður en þeir koma í skólann.

Um kostnaðinn fyrir þessa menn við að sækja skóla hingað til Reykjavíkur er það að segja, að svo er um alla, sem búa vilja sig undir eitthvert sjerstakt starf, að þeir verða að kosta nokkru til. Tel jeg, að þeir megi þakka fyrir, að landssjóður borgar kensluna, hvar sem skólinn er.

Jeg fyrir mitt leyti vil styðja að því af

fremsta megni, að sem fullkomnust verði kensla í öllum greinum, er að þessu lúta, og að stýrimannaskólanum og vjelstjóraskólanum verði steypt saman í eina heild, svo að hver sá, sem verða vill formaður, skipstjóri eða vjelstjóri, geti fengið hjer fulla þekkingu. En til undirbúnings þessu þarf að koma frumvarp, ekki frá Fiskifjelagi eða sjómönnum, heldur þeim, sem fróðir eru um kenslu og vel að sjer í þeim fræðum, sem hjer er um að ræða, nefnilega kennurum stýrimannaskólans.

Að þessu vil jeg styðja, en ekki taka til greina tafarlaust óskir einhverra manna um smáskóla víðs vegar á landinu.

Þetta hygg jeg að ráðið hafi atkvæðum vorum í fjárveitinganefnd.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg sje, að það er alveg árangurslaust að karpa við hv. þm. Dala (B. J.) um fyrirkomulag slíks skóla, því að á ræðu hans nú var auðheyrt, að hann skilur hvorki nauðsyn þessa skóla, nje heldur, hvernig hann ætti að vera. Hann heldur því fram, að því meiri sje árangur af kenslunni, sem fleiri eru í skólanum. Jeg býst við, að flestir aðrir álíti, að þetta tvent standi í öfugu hlutfalli. Að minsta kosti er það nokkurn veginn víst um heimaskóla þá, sem góðir voru, að þaðan komu menn með engu lakari mentun en úr mentaskólanum, t. d. Jeg efast t. d. um, að nokkur hafi um það skeið komið betur mentaður úr Bessastaðaskóla en Jón Sigurðsson úr heimaskóla.

Annars hefir það aldrei reynst vel að hrúga öllu saman á einn stað í höfuðborgum landanna. Því hafa aðrar þjóðir sjeð sjer hag í því að dreifa hinum ýmsu skólum út um löndin. En fram hjá öllu þessu hefir hv. þm. Dala. (B. J.) gengið, eins og það væri annaðhvort ekki til eða þá ekki eftirbreytnisvert. En það er til og eftirbreytnisvert. Hann leggur ekkert upp úr því, þótt menn missi atvinnu og þurfi að vera að óþörfu og atvinnulausir í Reykjavík, dýrasta stað landsins.

Hann segir, að hjer sje í Reykjavík nóg húsrúm fyrir nemendur, sem, eins og áður er sagt, gætu komið til að skifta hundruðum, þar sem bærinn þó er í vandræðum með húsrúm fyrir íbúa sína. (B. J.: Þetta á ekki að byrja í vetur.) Það víkkar ekki, húsrúmið í Reykjavík, við þá viðbót. Reynsla undanfarandi ára um húsrúm handa mentaskólanemendum og öðrum er ekki glæsileg.

Jeg verð því að segja, að allt það, sem sagt hefir verið móti þessu máli sje „reykur, bóla, vindaský". Þó tekur út yfir allan þjófabálk, þegar hv. þm. Dala. (B. J.) segir, að tillögur um fyrirkomulagið eigi ekki að koma frá Fiskifjelaginu nje sjómönnum (B. J.: Óskin á að koma frá þeim), heldur frá mönnum, sem lært hafa sjómannafræði, og enga tilhneigingu hafa til að skifta sjer af slíku. Þetta sýnir, hvað maðurinn hugsar sjer, að hugmyndin eigi að komast fljótt í framkvæmd. Nei, tillögurnar hafa komið nákvæmlega úr rjettri átt, frá þeim, sem eiga bátana og á þeim eru, og vilja, að með þá sje tryggilega farið, eða með öðrum orðum, sjómannastjettinni. Veit jeg ekki, hver ætlar sjer þá dul að hafa betra vit á þessu máli en þeir. Því er ekki hægt að segja, að málið sje óundirbúið. Það getur ekki vænst betri undirbúnings. Kákkensla sú, er hv. fjárveitinganefnd vill styðja, er alls ómöguleg. Námsskeiðin geta eingöngu hjálpað, en eru alls ekki það fullkomna, sem þarf.

Hvað fjárframlagið snertir, sem frv. útheimtir, þá er það að segja, að það er ekkert gífurlegt, og mundi fljótar færa landssjóði aftur fje en sumt annað, sem meiri hluti hv. fjárveitinganefndar mun leggja með að greiða. Jeg hefi jafnan haft það fyrir reglu að greiða atkv. með þeim fjárveitingum, til hvaða atvinnuvegar

sem er, sem vænlegar eru til framfara. En þeir, sem vilja styrkja einn atvinnuveg og setja annan alveg hjá, eiga í vændum bæði dóm annara manna og sinnar eigin samvisku.

Bjarni Jónsson: Jeg skal ekki svara í löngu máli. Hv. flm. (M. Ó.) taldi öfugt hlutfall milli aðsóknar og árangurs. Það mun vera rjett um barnaskóla, en í fullorðinna skólum fer það eftir því, hve góð kenslan er. Annars er jeg ekki hjer að deila um, hver best hafi vit á þessu máli, heldur um hitt, að tillögur um fyrirkomulag skóla skuli koma frá mönnum, sem vit hafa á skólamálum. Atvinnustjettin hefir vit á atvinnunni og þörfum hennar, og er því rjett, að hún beri fram óskir sínar, en hún hefir ekki vit á skólamálum, og á því ekki að hafa neitt atkvæði um fyrirkomulag skóla. Jeg held, að jeg verði að halda því fram, að rjett sje, að kennarar semji frv. um skólastofnun, en ekki bátaeigendur eða vjelstjóraefni. Jeg var ekki að falast eftir vottorði um, hvað jeg vili, og gat hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) því sparað sjer sín fögru orð þar um.

Hvað viðvíkur húsnæðistali hv. flm. (M. Ó.) skal það um mælt, að jeg ætlast til, að landssjóður stækki sín skólahús. Eftir stríðið mun verða bygt svo mikið hjer í Reykjavík, að eigi mun húsnæði skorta. En ef ástandið hjer í Reykjavík er svo voðalegt, þá þykir mjer það furðu sæta, ef húsnæði er til handa hundruðum manna í öðrum kaupstöðum. Þetta tal um húsnæðið er annars alveg út í loftið, og kemur ekki málinu við.

Jeg hygg þægilegast að afgreiða þetta mál vingjarnlega, með rökstuddri dagskrá, er færi í þá átt að auka framlög til vjelfræðslu, og þá sjerstaklega við vjelstjóraskólann í Reykjavík.

Benedikt Sveinsson: Með skírskotun til röksemda þeirra, er fram komu í ræðu hv. frsm. fjárveitinganefndar (B. J.), vil jeg leyfa mjer að bera fram svo hljóðandi *rökstudda dagskrá*:

Í trausti þess, að aukið verði nú í fjárlögum tillag til fræðslu um meðferð gangvjela í skipum, og í trausti þess, að stjórnin beri fram á næsta þingi frv. til laga um aukna kenslu við vjelstjóraskólann í Reykjavík, til þess að bæta úr þeirri þörf, er frv. ræðir um, tekur deildin fyrir næstu mál á dagskrá.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg býst við, að hv. deild sje ekki í vafa um, að jeg muni greiða atkv. móti þessari dagskrá, og vona jeg, að allir, sem hlyntir eru þessu skólamáli, greiði atkv. móti henni, og það þegar af þeirri ástæðu, að með henni er útilokað, að skólar verði stofnaðir annarsstaðar en í Reykjavík. Jeg leyfi mjer svo að óska nafnakalls um dagskrána.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. N.-Þ., B. Sv., (sjá A. 337) samþ. með 16:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., J. J., M. G., M. P., P. J., P. Þ., S. S., St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., Ó. B.

nei: B. St., J. B., M. Ó., P. O., Sv. Ó., Þór. J..

Þrír þm. (B. K., H. K., J. M.) voru fjarstaddir.

Frv. því

fallið.

13. Laxveiði í sjó.

Á 13. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir landsstjórnina til þess að veita einkarjett til þess að veiða lax úr sjó. (A. 101).

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Ólafsson): Orsökin til þess, að jeg hefi gerst flytjandi þessa frv., er sú, að mjer hefir altaf verið eftirsjá að mönnum, sem hafa farið úr landinu til Ameríku. Fækkun fólksins er mjer þyrnir í augum. Það verður að gera alt, sem hægt er, til þess, að hjer verði búandi fyrir alla, sem hjer eru bornir.

Þegar nú landar vorir, sem hafa aflað sjer þekkingar á atvinnuvegum, sem hjer eru óþektir, vilja flytja heim, er okkur skylt að hjálpa eftir mætti til þess, að það geti orðið. Þess vegna er mjer ljúft að flytja þetta frv. Í því er að eins farið fram á *heimild* fyrir landsstjórnina til að veita einkarjett til að veiða lax úr sjó. Nú leitar atvinnumálaráðherra, áður en leyfið er veitt, upplýsinga um málið, og virðist honum svo, eftir upplýsingunum, að laxveiði í ám gæti verið hætta búin af einkaleyfinu, og veitir hann það þá auðvitað ekki. En virðist honum, að laxveiðar í sjó myndu koma fleirum að gagni en laxveiði í ám, sem varla getur talist atvinnuvegur, heldur miklu fremur nokkurs konar „sport“, ber auðvitað að taka heill hinna mörgu fram yfir heill hinna fáu. En þetta er eingöngu heimild, sem ekki kemur til að verði veitt, nema landsstjórnin sjái, að það sje hættulaust.

Jeg skal ekki minnast á einstök atriði frv. fyr en við 2. umr. Jeg legg svo til, að frv. verði vísað til sjávarútvegsnefndar.

Pjetur Ottesen: Jeg verð að segja, að mjer kom þetta frumvarp kynlega fyrir sjónir. Enginn vafi er á, að gengið er inn á hættulega braut, ef veitt verður einkaleyfi til að veiða lax inni á fjörðum og flóum kringum land alt um svona langan tíma. Og af því að sjerstaklega er ætlast til, að Faxaflói verði fótaskinn þessa manns, er mjer skylt að segja nokkur orð um málið.

Ekkert er nefnt, hvaða vjelar eða hvaða aðferðir maðurinn ætlar að nota, til þess að ná í laxinn. Hann gæti notað hin hættulegustu tæki. Enginn vafi er á, að þetta mundi draga mjög úr laxveiði í ám, því að ekki gengur sá lax upp í árnar, sem veiddur yrði í sjónum. Auk þess væri það mikið misrjetti, að þeir, sem búa við Faxaflóa, yrðu aðalfórnarlömb þessa einkarjettarmanns.

Viðvíkjandi þeim orðum hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), að laxveiði sje naumast stunduð öðruvísi en sem „sport“, vil jeg geta þess, að það er algerlega rangt. Laxveiði er að minstu leyti stunduð til skemtunar hjer á landi. Uppi í Borgarfirði veit jeg til, að mörgum er hún góð tekjugrein. Bændur selja og oft veiðirjett á leigu, Englendingum eða öðrum, um ákveðinn tíma, og er það töluverð tekjugrein fyrir þá.

Einkennilegt finst mjer og, að þessum einkaleyfishafa á að gera hærra undir höfði en öllum öðrum laxveiðendum í landinu; hann á að fá að veiða á hvaða tíma sem er, og ekki lúta neinum lögum þar um. Þetta finst mjer því undarlegra, sem annað frv. liggur hjer fyrir deildinni, þess efnis, að takmarka laxveiði enn meir en nú á sjer stað, og sú ástæða færð fyrir, að laxinum sje að fækka. Þetta virðist víst fáum til þess fallið að bæta úr laxþurðinni.

Jeg vil mælast til þess, að deildin felli frv. nú þegar og hleypi því ekki til

2. umr. Jeg sje ekki ástæðu til, að það verði sett í nefnd. Að lokum vil jeg biðja Faxaflóa og þær jarðir, sem að honum liggja, undan þeirri blessun, er þetta frv. hefði að færa.

Flm. (Matthías Ólafsson): Mjer þykir hv. þm. Borgf. (P. O.) taka hart á jafnsaklausu frv. og þetta er. Það hljóðar að eins um að veita landsstjórninni heimild til að veita rjett, sem hún myndi alls ekki veita, ef hún teldi hann skaðlegan. Einkaleyfisins þyrfti bara með meðan maðurinn er að reyna fyrir sjer, hvort þessi atvinnuvegur muni borga sig hjer á landi. Þetta mundi baka honum töluverðan kostnað í byrjun, og óvíst, að hann næði honum upp, ef hann ætti við samkepni að búa, bæði á sjónum og markaðinum. Engin sönnun er heldur fyrir því, að laxveiði í ám spillist. Sami laxinn, sem veiðist í sjónum, gengi auðvitað ekki upp í árnar, en það gengi þá annar í staðinn. Og það ætti hv. þm. Borgf. (P. O.) að vera kunnugt, að laxveiðibændur hafa engan sjerstakan rjett yfir sjónum frá 60 föðmum frá landi og út að landhelgislínunni; það svæði er öllum mönnum jafnfrjálst. Einkaleyfishafi býðst og til að veita einum manni á ári tilsögn í meðferð veiðitækja þeirra, er hann notar. Þetta gæti orðið mörgum mönnum góður atvinnuvegur. Enn fremur er það ein ástæðan til, að beðið er um einkaleyfið um svona langan tíma, að það er hreint ekki víst, að leyfishafa hepnist tilraunir sínar fyrstu árin. Það hefir komið fyrir, og getur komið fyrir enn, að laxinn leggist frá í 4—5 ár. En fyrir leyfishafa er það töluverð áhætta að byrja.

Jeg sje ekki, að það geti orðið hættulegt, að nefnd verði látin athuga málið, og vona, þó að hv. þm. Borgf. (P. O.) sje bænheitur, þá muni deildin samt ekki bænheyra hann að þessu sinni.

Pjetur Ottesen: Jeg veit það vel, að veiði í sjó frá landhelgislínu, alt að 60 föðmum frá landi, er öllum frjáls. En hjer er gerð tilraun til að gera hana ófrjálsa. Hitt veit jeg og, að ef veiðiaðferðir þessa manns eiga nokkra framtíðarvon hjer á landi, þá muni Íslendingar geta kynst þeim á langtum kostnaðar- og hættuminni hátt. Jeg held því fast við ósk mína um, að frv. verði þegar felt.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar. Jeg tel víst, að flm. (M. Ó.) hafi gengið gott eitt til að flytja þetta frv. En þess er jeg og fullvís, að ef hann hefði kynt sjer betur það, sem hann nú er að flytja, hefði hann ekki komið með það inn í deildina, og það jafnvel þótt um efnilegan mann sje að ræða, og þótt hann komi ekki til landsins aftur, nema hann fái einkaleyfið.

Það er auðvitað, að þessar laxveiðar í sjó myndu stórspilla fyrir laxveiði annara landsmanna. Laxinn kemur að landinu og gengur upp í árnar til að halda við kyni sínu. Viðkoman er sára lítil; af einum meðallaxi, sem hjer gengur í ár, koma ekki nema um 20 þúsund hrogn; af þeim verða ekki nema 2—3 þúsund fullþroska. Þetta sanna rannsóknir erlendra fiskifræðinga. Þar, sem náttúrunni er hjálpað með laxaklaki, verður auðvitað viðkoman af hverjum laxi miklu meiri, en slíku er ekki að heilsa hjer hjá okkur. Það er því fullljóst, að það væri dauðadómur fyrir laxveiði hjer á landi, ef einkaeyfi þetta fengist. Leyfishafi myndi auðvitað sópa upp laxinum fyrir framan árósana, þegar hann væri að ganga upp. Alstaðar við árósa eru eyrar, og djúpir álar á milli; en eftir álunum gengur laxinn, jafnvel þótt háflóð sje. Með góðum veiðitækjum væri því hægt að sópa upp hverri bröndu. Þetta er líka auðvelt, þegar þess er gætt, að laxinn þarf að dvelja góða stund við árósana,

til að venjast ferska vatninu, áður en hann gengur upp í árnar.

Jeg vil ekki taka eins hart á frv. og hv. þm. Borgf. (P. O.), og vonast þó til, að það nái ekki fram að ganga. En jeg vil gjarnan vera mjúkhentari, því að flm. (M. Ó.) hefir að eins gengið gott til, þótt hann hafi skort þekkingu á þessum efnum. En menn verða að gæta að því, að það er meira virði fyrir land og þjóð, að laxveiðin haldist, og verði gott gagn að, eins og verið hefir, heldur en ef hún yrði eyðilögð á nokkrum árum af einstökum mönnum, jafnvel þótt þeir stórgræddu á Það yrði nokkuð líkt um laxinn, ef hann þyrri, og nú er um skógana. Við hefðum sjálfsagt óskað, að forfeður vorir hefðu hlíft meira skógunum, og gagnið af þeim hefði orðið þeim minna og jafnara, og við fengið að njóta þeirra meir en nú gerum vjer. Þó að þjóðinni allri sje ekki beint gagn að laxveiði, eins og nú er, er ekki síður ástæða til að setja lög henni til verndar; slík lög eru til um margt, er að eins snertir lítinn hluta þjóðarinnar, og þarf ekki að nefna annað en lög um friðun á æðarfugli og friðun á sel, þar sem sellátur er. En það, sem styður að hag einstakra manna, styður og þjóðina í heild sinni, oft og tíðum.

Benedikt Sveinsson: Jeg er á sama máli og hv. flm. (M. Ó.) um það, að rjett sje að taka vel Íslendingum, sem hverfa aftur frá öðrum löndum eða heimsálfum, til þess að leita sjer atvinnu á fósturjörðunni. Vjer höfum gert oftlítið að því að hæna að oss landa vora, sem hafa komið heim með nýja verklega þekkingu og þann ásetning að setjast hjer að, til þess að vinna sjálfum sjer og ættjörðunni gagn. Það eru því miður mörg dæmi til, að slíkum mönnum hefir verið tekið svo fálega, að þeir hafa horfið hjeðan aftur. Það er fyrir löngu kominn tími til að hafa einhverja framkvæmd um það að liðsinna og leiðbeina þeim mönnum íslenskum, er leita hingað heim, til þess að taka sjer bólfestu. Það mundi geta komið að miklu gagni að stofna skrifstofu, er skyldi leiðbeina íslenskum innflytjendum frá Ameríku. Það væri skyldast Búnaðarfjelaginu og Fiskifjelaginu að gangast fyrir þvílíkri skrifstofustofnun, eða veita slíkum mönnum leiðbeiningar, hvort í sínum verkahring.

Þetta var rjettmætt í ræðu hv. flm. (M. Ó.). En þar fyrir get jeg ekki fallist á frv., er hann flytur, um að veita einum manni einkaleyfi til 10 ára til að veiða lax í einum stærsta flóa landsins. Og þetta leyfi er ekki einskorðað við neitt sjerstakt veiðarfæri eða sjerstaka veiðiaðferð, heldur er hjer að ræða um veiðirjett á laxi yfir höfuð. Það væri fallegt, ef öðrum væri svo veitt einkaleyfi til að veiða silung, þriðja ýsu, fjórða lúðu o. s. frv. En við þessu mætti búast. Hitt játa jeg, að nú er engin laxveiði á þessu svæði í sjó. Þar fyrir er ógerningur að veita manninum svona víðtækan rjett, sem hann svo gæti selt fjelagi, eða farið með á hvern þann hátt, er honum sýndist. Að vísu er einungis um heimildarlög ein að ræða, en ef fyrirsjáanlegt er, að þau komi aldrei til framkvæmda, væri það leikur einn að samþykkja þau. Annars verður að fara varlega í að veita einkaleyfi, því að ekki mun vanta eftir stríðið, þegar menn fara að koma með peninga sína hingað frá útlöndum, að eftir þeim verði sókst. Reynslan, sem fengin er af einkaleyfisgjöfum þingsins á síðustu árum, er og ekki svo vaxin, að hún sje til hvatningar í þessu efni.

Annars má benda á það, að leyfisbiðjanda er heimilt að veiða lax í sjó utan nótlaga, og þarf ekki lagaleyfi til þess. Það ætti honum að vera nóg. Frumvarpið er að því leyti óþarft. Hitt getur ekki komið til mála, að honum sje leyft að

bægja öllum öðrum frá þessum rjetti, og því sje jeg ekki, að annað liggi fyrir en að fella frv. þetta.

Flm. (Matthías Ólafsson): Jeg get verið fáorður, þótt jeg þurfi að svara, því að mótstöðumenn mínir hafa ekki hrakið neitt af orðum mínum, en að eins komið með æði margar fullyrðingar. Jeg held, að það hafi verið hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), sem fullyrti, að hver einn einasti lax, sem ætlaði að fæða af sjer, færi til þess upp í árnar. Það getur verið, að þeir hrygni allir í ám. Jeg veit það ekki, en skal líka viðurkenna hátíðlega, að jeg er enginn laxfræðingur. En jeg veit það, að annarsstaðar er lax veiddur í sjó alt árið, og veit jeg ekki til, að nokkur hafi neitt við það að athuga. Mjer finst, að það væri því engin fjarstæða að reyna það hjer líka. En það er vitanlegt, að ef einhver maður sýnir mikinn dugnað í sjávarútvegi, þá þykir sjálfsagt, t. d. hjer við Faxaflóa, að hefta framkvæmdir dugnaðarmannsins með samþyktum, enda kvað Þorsteinn Erlingsson:

Það er mælt um þá suður með sjó,
að samþyktir láti þeim verst.

Þeir, sem hafa ekki sjálfir framtakssemi til að byrja á nýjum aðferðum, sjá svo ofsjónum yfir velgengni dugnaðarmannsins.

Jeg held, að það væri naumast neinn skaði skeður, þótt þetta frv. yrði samþykt, því að það fer einungis fram á heimild fyrir landsstjórnina til að veita þennan rjett. Hún myndi leita ráða, áður en hún veitti einkaleyfið, og taka sjálfsagt til ráðunauts, meðal annara, laxfræðinginn 1 þm. Reykv. (J. B.) Einkaleyfið er einungis til að tryggja manninum það, að hann fái eitthvað upp í kostnað sinn. Jeg verð að telja það blátt áfram ókurteisi, ef þetta mál verður ekki látið ganga til 2. umr., og sýnir það það eitt, ef það verður felt, að þingmenn láta einstöku menn telja sjer trú um það, sem þeir geta ekki vitað, hvort er fyllilega rjett. Jeg hygg, að margir gætu hallast að því, að þetta gæti orðið atvinnuvegur fyrir marga, og því vert að athuga málið.

ATKVGR.

Frv. *felt* frá 2. umr. með 12: 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., B. St., E. A., J. M., J. B., M. P., M. Ó., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Ó. B.,

nei: B. Sv., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., M. G., P. O., P. Þ., S. S., Þorst. J., Þór. J.

Tveir þm. (P. J. og Sk. Th.) voru fjarstaddir.

---

14. Sala á ráðherrabústaðnum.

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 20. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sölu á ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu. (A. 121).

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Jeg hefi orðið þess var, síðan tillaga mín, sem tekin var aftur [þingsál.till. um sama mál], kom fram, að sumir hafa litið svo á, sem þetta væri frá minni hálfu tituprjónasting-ur til stjórnarinnar. En jeg get strax lýst yfir því, að því fer fjarri, að svo sje.

Ástæðan er blátt áfram sú, að jeg lít svo á, að rjett sje og sjálfsagt að landið selji húsið svo fljótt sem mögulegt er. Fyrir þessu hefi jeg gert stutta grein í athugasemdinni aftan við frv. Jeg get

bætt því við, að geysihátt verð er nú á húsum, svo að sennilegt er, að selja megi þetta hús fyrir sæmilegt verð. Hitt er víst, að bæði þetta hús og önnur timburhús þurfa mikinn viðhaldskostnað, sem síst mun verða ótilfinnanlegri þegar landið á í hlut. Jeg skal geta þess, að árið 1917 hefir aðgerðin numið 3650 kr., auk 2600 kr. fyrir innanbúshluti, skrifborð o. fl., og þessi viðhaldskostnaður fer áreiðanlega vaxandi, eftir því sem húsið eldist.

Jeg held, að málið sje svo einfalt, að ekki þurfi að vísa því til nefndar, en ekki skal jeg samt hafa á móti því, ef menn óska. Jeg vona, að menn taki málinu með góðum huga. Praktiskar ástæður mæla eindregið með því, að húsið sje selt, og það sem fyrst.

Einar Jónsson: Mjer kemur það dálítið kynlega fyrir, að þetta frv. skuli koma hjer fram. Þegar jeg kom fyrst á þing, þá var það talið bráðnauðsynlegt, að landið eignaðist ráðherrabústað, enda var því bráðlega komið í framkvæmd. En nú er komið annað hljóð í strokkinn; nú er farið fram á að selja bústaðinn. Sú kann að vera ástæðan, að ráðherrarnir eru nú orðnir fleiri, svo að húsið sje ekki nóg handa þeim öllum. En þá væri nær að setja upp hús handa þeim öllum. Hitt felli jeg mig ekki við, að húsið sje selt.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg verð að vera þeirrar skoðunar, að landið þurfi að eiga hús handa þeim ráðherranum, sem á að halda uppi risnu, þótt ekki sje mikið fje til þess ætlað. Það stóð alveg sjerstaklega á fyrir mjer, að jeg flutti ekki, en það er ekki víst, að altaf standi svo á fyrir forsætisráðherranum, að hann hafi hús, sem jafngildi ráðherrabústaðnum.

Jeg get hugsað mjer, að það valdi óánægju hv. flutnm. (S. S.), að ráðherrabústaðurinn er úr timbri, í stað þess að vera úr steini, því að rjettu lagi ættu öll opinber hús að vera úr steini. Ef hv. flm. (S. S.) hefði farið fram á það að reisa ráðherrabústað úr steini, en selja þetta hús, þá hefði jeg getað sætt mig við frv., en jeg álít ekki rjett að selja þetta hús áður en hitt væri komið upp.

Yfirleitt held jeg, að oftlítið sje gert að því, að landið láti embættismenn hafa fasta embættisbústaði. Þeir verða að hafa jafnvel opinberar skrifstofur í einkahúsum. Þetta mun hvergi eiga sjer stað nema hjer, og er það mjög óheppilegt, líka fyrir almenning. Því síður álít jeg rjett að sleppa þessum eina embættisbústað.

Einar Jónsson: Jeg er samþykkur orðum hæstv. forsætisráðherra. Landið þarf að eiga bústaði handa embættismönnum sínum, líkt og víða er nú um lækna og sýslumenn, að þeir hafa fasta bústaði. Þess vegna er það rjett, að þótt núverandi forsætisráðherra eigi sæmilegt hús, að selja samt eigi ráðherrabústaðinn, því að ekki er víst, að þeir, sem síðar koma, eigi fullboðleg hús. Þess vegna vil jeg ekki selja húsið nú, enda þótt jeg telji tryggara að geyma ráðherrana í „steininum“, svo að þeir brenni ekki! En að ætla sjer, eins og nú standa sakir, að leggja út í steinhússbyggingu, en að færa úr eigu landsins það húsið sem til er, tel jeg mjög óráðlegt.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil að eins geta þess, að þótt jeg sje ekki frv. fylgjandi, sýnist mjer rjett, að það sje athugað í nefnd, og þá eðlilega í fjárhagsnefnd.

Flm. (**Sigurður Sigurðsson**): Það virðist svo, sem hv. 2. þm. Rang. (E. J.) sje sárt um að selja þetta hús, en jeg skil ekki, hvaða ástæða er til þess að vilja endilega halda í það, eins og húsið er úr garði gert.

Mjer skildist svo á hæstv. forsætisráð-

herra, að hann hefði ekki mikið á móti frv., ef reist væri annað hús úr steini á undan. Jeg lít svo á, að selja beri þetta hús fyrst, og síðan getur landsstjórnin gert ráðstafanir til þess að reisa steinhús. Og þótt jeg hafi ekki tekið það með í frumvarpið, þá get jeg lýst yfir því, að jeg mundi styðja tillögu um það, ef hún kæmi fram. En nú sem stendur er ofdýrt að byggja, og þess vegna vil jeg ekki leggja með því, að það sje gert strax. En í vetur mætti, sem dýrtíðarráðstöfun, veita fátæklingum atvinnu við undirbúning verksins, mylja grjót o. s. frv,

Þetta hús hefir verið þungur ómagi, eins og jeg nefndi áðan. Aðgerð í ár numið 3650 kr., auk 2600 kr. í búshlutum, og það mun ekki of í lagt, að í húsið hafi þegar verið lagt til aðgerðar og viðhalds, auk kaupverðs, um 15000 kr. eða nálægt því.

Hæstv. forsætisráðherra taldi það geta orðið vandræði fyrir forsætisráðherrann að halda uppi risnu, ef húsið yrði selt. Til þess er því að svara, að núverandi forsætisráðherra býr í sínu eigin húsi og hefir haldið þar veislur, og farið vel. Jeg skal engu spá um, hve lengi hann situr að völdum hjer eftir. En nýjum forsætisráðh. ætti engin skotaskuld úr því að verða, þótt nýtt hús væri ekki komið upp, til að halda í veislur, því að þær gæti hann haldið í opinberum veitingastöðum hjer í bæ, t. d. Iðnaðarmannahúsinu o. fl.

Það hafa því ekki komið fram nein rök gegn sölunni, heldur þvert á móti mælir alt með henni. Jeg hefi þegar bent á, að stjórnin getur nú í vetur gert ráðstafanir til að undirbúa bygging nýs ráðherrabústaðar, og gæti með því bætt úr atvinnuskorti manna hjer í Reykjavík.

Jeg vona, að frv. gangi fram, og er ekki mótfallinn því, að það fari til fjárhagsnefndar, eins og stungið hefir verið upp á, þótt jeg álíti þess ekki þörf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum greiddum atkv. gegn 1, og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1608) í e. hlj.

Á 25. fundi í Nd., laugardaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 121, n. 227.).

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Fjárhagsnefnd hefir athugað frv. þetta og komist að annari niðurstöðu en hv. flm. (S. S.). Nefndin telur rjett, að landið eigi hús, sem sje sæmilegur bústaður handa forsætisráðherra. Að vísu hefir núverandi forsætisráðh. ekki þörf fyrir þennan bústað, en atvinnumálaráðherrann þurfti á honum að halda, og er ekki víst, að vel hefði gengið að fá góðan bústað handa honum, hefði þessi ekki verið. Raunar er landinu ekki skylt að sjá öðrum fyrir húsnæði en forsætisráðherranum, en lögum samkvæmt á forsætisráðh. kröfu til að fá leigulausan bústað hjá landinu. Ef núverandi ráðherrabústaður væri seldur, yrði því að sjá fyrir öðrum.

Þótt svo sje, að forsætisráðherra sá, er vjer höfum nú, þurfi ekki á ráðherrabústað landsins að halda, þá er ekki að vita, hve lengi það verður. Það er ekki víst, að næsti forsætisráðh. vor eigi hús, er sæmilegt sje til íbúðar æðsta valdsmanni landsins. Það kom fram hjá hv. flm. (S.S.) við 1. umr. þessa máls, að hann væri ekki móti því, að landið ætti bústað handa forsætisráðherra, en vildi, að það væri úr steini. Nefndin er þar sammála, og sömuleiðis er henni fullljóst, að bústaðurinn við Tjarnargötu er ekki nægilega vandað hús. En nú er ekki hugsanlegt að geta bygt sæmilegt hús, því að byggingarefnið er nú afardýrt, svo að nýtt hús kostaði

miklu meira en hægt er að fá fyrir gamla húsið, ef það væri selt nú.

Af þessum tveim ástæðum, að sjálfsagt þykir, að landið eigi jafnan bústað handa forsætisráðherra, og að afardýrt yrði fyrir landssjóð að selja nú og byggja nýtt hús, þá hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að fella frv. þetta þegar í stað.

Sigurður Sigurðsson: Enda þótt jeg búist við, að forlög þessa frv. sjeu ráðin, tel jeg skyldu mína að segja örfá orð, út af ræðu hv. frsm. (Þorst. J.). Mjer skildist á honum, sem hann byggist brátt við ráðherraskiftum, og að væntanlegur forsætisráðh. myndi þurfa á húsaskjóli að halda. Jeg er enginn spámaður, og ætla engu að spá um það, hve lengi þessi forsætisráðherra, sem nú er, muni vera við völd. En jeg hafði búist við, að eigi þyrfti að hafa áhyggjur út af ráðherrabústað á þessu þingi.

Þar sem hv. frsm. (Þorst.J.) álítur, að samkvæmt lögum sje skylda að sjá forsætisráðherranum fyrir leigulausum bústað, tel jeg vafasamt, að skilja beri ákvæði laganna þann veg, heldur þannig, að landið borgi húsaleigu fyrir hann, ef það á ekki bústaðinn sjálft. Hygg jeg, að þetta sje eins rjettur skilningur og hinn, að landið skuli bókstaflega skyldugt til að eiga hús, til að hýsa forsætisráðherra. Að því er snertir þann ráðherra, er nú býr í húsinu, má vitanlega semja svo um við kaupanda, að hann fái þó að vera þar, meðan hans nýtur við sem ráðherra.

„En bæjarfógetinn?“ hvíslaði einhver. Honum er engin vorkunn. Hann er sannarlega fær um að sjá sjer fyrir húsnæði sjálfur. Jeg held, að við ættum nú að sæta færi og selja hús þetta við fyrstu hentugleika. Jeg hlýt þá að vera heimskari en allir aðrir, ef jeg geng einn með þessa hugsun, að það sje „praktiskt“ að selja þetta hús. Alt það, sem sagt er um, að bústað vanti þá handa forsætisráðherra, var sagt út í hött. Hitt þarf jeg ekki að taka aftur fram, að sjálfsagt er, þegar eftir stríðið, að byggja nýtt hús úr steini yfir þessa háttv. menn, sem vjer köllum hæstv. ráðherra.

Vona jeg því, að þrátt fyrir alt verði frv.samþ.

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Hv. flm. (S. S.) kvað svo að orði, að jeg væri að spá því, að núverandi forsætisráðherra myndi ekki lengi hafa það sæti. Jeg spáði engu þar um, en gerði ráð fyrir, að ekki væri víst, að næsti forsætisráðherra ætti sjálfur hús. Þá sagði hv. flm. (S.S.), að lögin mætti skilja svo, að landið skyldi borga leigu fyrir bústað ráðherrans. Svo stendur ekki í lögunum, heldur að hann skuli fá leigulausan bústað hjá landinu. Þetta er í lögunum, sem búin voru til í vetur. Jeg heyri nú af ræðu hans, að hann vill telja það stórgróðafyrirtæki að selja þennan timburskrokk, sem hann var áður búinn að útmála svo við 1. umr., að ólíklegt er, að nokkur sje sá glópaldi, að vilja kaupa háu verði hjer í Reykjavík eða annarsstaðar, sem hann er búinn að lýsa svo ljelega, að ekki sje til neins fyrir landið að eiga það.

Hv. flm. (S. S.) hjelt því fram við 1. umr., að það væri sjálfsagt rjett, að landið kæmi upp bústað úr steini handa forsætisráðherra. En hvað getur hann sagt um, hve langt verði þess að bíða, að byggingarefni verði svo fallið í verði, að viðlit sje að byggja?

Annars býst jeg ekki við, að fram þurfi að taka fleiri sóknaratriði gagnvart frv. þessu, sem er svo mikil fjarstæða, að það ætti að fella það orðalaust.

Björn Stefánsson: Jeg er að hugsa um að ganga á vitsmunavogina með hv. 1. þm. Árn. (S. S.). Það er viðurkent af mótmælendum þessa frv., ekki síður en flytj-

anda þess, að viðkunnanlegra og hyggilegra sje, að byggingar landssjóðs sjeu úr steini en timbri. Jeg held, að það fáist varla heppilegri tími til að breyta til um þetta hús, sem er timburhús, en einmitt nú. Nú eru hús í háu verði. En af því að forsætisráðherrann núverandi þarf ekki á húsi að halda, er hægt að komast af í bili án nokkurs ráðherrabústaðar, þar til byggingarefni fellur í verði. Auðvitað er ekki hægt að fullyrða, að forsætisráðherrann haldi sæti þar til ódýrara verður að byggja. En þá er hægt að hafa einhver ráð. Jeg held, að ráðherra hafi verið búsettur hjer í 5 ár áður en landið átti nokkurt hús handa honum. Jeg tel það engan voða, þótt fyrir kæmi, að vjer yrðum bústaðarlausir handa forsætisráðherra önnur 5 ár. Því að þótt þröngt kunni að vera um húsnæði, myndi þó þrengra um einhvern en forsætisráðherra vorn. Mundi muna miklu minnu á leigunni um stundarsakir, ef til kæmi, en þeim hagnaði að selja hús nú, er þau eru í svo háu verði, til þess að byggja aftur á hagstæðari tíma. Held jeg því, að það sje mjög girnileg leið, sem stefnt er með frv. þessu. Hv. frsm. (Þorst. J.) sagði, að flm. (S.S.) hefði lýst húsinu svo, að enginn mundi gerast sá glópaldi að kaupa. Jeg hefi heyrt, að húsið væri vandað, af timburhúsi að vera. Hitt getur verið, að viðhaldi þess sje eitthvað ábótavant, en jeg hygg, að um þá eina galla sje að ræða, er lítið kostaði að gera við, og muni engan fæla frá að kaupa, því að sá, sem hefir hug til og ráð á að kaupa húsið, hefir einnig dug til að gera við það, sem því kann að vera ábótavant.

Sigurður Sigurðsson: Jeg verð að leiðrjetta eitt atriði hjá hv. frsm. (Þorst. J.). Hann sagði, að jeg hefði lýst húsinu svo illa, að engin mundi vera sá glópaldi að kaupa það háu verði. Þetta gerði jeg alls ekki. Hitt sagði jeg, að það myndi ekki sem vandaðast að gerð, og þyrfti mikið viðhald, eins og önnur timburhús. Jeg tel landinu það sæmilegra að eiga steinhús yfir forsætisráðherra sinn og annað það, er það þarf að byggja yfir. Að því vil jeg stefna, og þess vegna sæta færi og selja nú þetta umrædda hús.

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Jeg heyri, að svo vel vill til, að hv. flm. (S. S.) er ekki einn á báti, heldur fylgir honum hv. 2. þm. S.-M. (B. St.). Aðalrökin í ræðu hans voru, að landið mundi ekki lenda í neinum vandræðum, þótt einhvern tíma færi svo, að forsætisráðherra hafi engan bústað. Þá yrði hægt að fá húsnæði leigt handa honum. Jeg efa ekki, að hægt yrði að fá leigðar einhverjar kompur handa forsætisráðherranum. En nú lít jeg svo á, og jeg býst við fleiri, að ekki sje annað sæmandi en að forsætisráðherra landsins fái svo góðan bústað, að sæmilegur sje æðsta embættismanni landsins. En lítil líkindi eru til að fá á leigu svo gott húsnæði, ef hann ætti það ekki sjálfur af tilviljun. (S. S: Það verður búið að byggja þegar hv. frsm. (Þorst. J.) verður forsætisráðherra). Jeg heyri, að nú er kominn örvæntingartónn í ræðu hv. 1. þm. Árn. (S.S.). Hann hefir sjálfsagt litla von um það nú orðið að verða nokkur tíma kallaður „hæstv.“, en hefir hins vegar auðsjáanlega verið allþungt haldinn um stundarsakir af þeim leiða kvilla, sem kallaður er „ráðherrann í maganum“. Það gleður mig, að hann hefir nú hlotið bót þessa meins.

Bjarni Jónsson: Örstutt aths. Hv. 1. þm. Árn. (S.S.) er kunnur að ríkri sparnaðarhneigð. Þegar jeg sá þetta frv., hugsaði jeg: „Eldist árgalinn nú!“ Þóttist jeg þó vita, að hjer mundi fallinn fiskur undir steini, og sje jeg nú, hvernig í öllu liggur. Húsaleigulögin nýju ganga nú brátt í gildi,

Eftir þeim er ekki hægt að byggja ráðherranum út. Hann getur því setið eftir sem áður, þótt húsið verði selt.

ATKVGR.
Frvgr. feld með 13 : 5 atkv.

Frv. því
fallið.

15. Veiting læknishjeraða.

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn, 20. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um veitingu læknishjeraða. (A. 122).

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 27. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., fimtudaginn 2. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Á þingmálafundum Árnesinga í vor var samþykt áskorun til Alþingis um að búa til lög, er heimila mönnum að kjósa sjer lækna. Þessi ályktun var gerð á öllum 4 þingmálafundunum í sýslunni. Þar sem jeg nú er alveg samdóma kjósendum mínum um aðalkjarna þessa máls, var ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að jeg teldi það skyldu mína að flytja á þingi þetta frv. um veitingu læknishjeraða.

Það er sannfæring mín, að hjer sje um rjettmæta kröfu að ræða.

Það er langt síðan þessu máli var fyrst hreyft. Við og við hafa heyrst raddir um það meðal þjóðarinnar, bæði á þingmálafundum og í blöðum, að rjett sje að heimila mönnum að kjósa sjer lækna á sama hátt og presta.

Kosning lækna er í raun rjettri hliðstæð kosningu presta. Get jeg ekki sjeð, að varhugaverðara sje að kjósa lækna á þennan hátt en presta. Maður getur sagt, að prestarnir sjeu andlegir læknar manna, en læknarnir líkamlegir. Nú er því einu sinni svo varið, að menn láta sig ekki svo litlu skifta líðan sína hjerna megin. Menn vilja alment, að sjer liði sem best, og til þess heyra góðir læknar. Með öðrum orðum, menn láta sjer annast um tímanlega velferð sína, og í því tilliti eru læknarnir mikils virði. Menn láta sig jafnvel minnu skifta, hvað tekur við fyrir handan gröf og dauða, en það mun hlutverk prestanna að leiða menn í allan sannleika um það. Fyrir því tel jeg það sanngjarnt, að menn fái að kjósa sjer lækna, ekki síður en presta.

Því er oft haldið á lofti, að kosning presta fari ekki altaf sem best úr hendi. Það má ef til vill finna dæmi þess, en þau eru ekki mörg. Á síðustu árum hefir mjer vitanlega ekki orðið ein einasta hneyksliskosning á presti. Menn eru nú búnir að læra svo mikið af reynslunni, að þeim er nú miklu betur trúandi til þess en áður að nota kosningarrjettinn. Hættan á því, að hann verði misbrúkaður, er því miklu minni nú en áður. Enn þá minni er hættan á því, að kosning lækna mistakist, sökum þess, að menn leggja svo mikið upp úr því að hafa góðan lækni. Menn láta sig yfirleitt miklu meiru skifta sína líkamlegu velferð heldur en þá andlegu, og leggja meiri áherslu á það, að fá góðan lækni heldur en góðan prest, þótt mjög sje eftir því sótt líka. Það er því óhætt að treysta því, að kosning lækna fari yfirleitt vel úr hendi, og óþarfi að óttast misfellur.

Þetta mál tekur til hvers einasta manns, því að fyrir alla getur það komið, að þurfa

að leita til læknis. Þeir munu því finna til ábyrgðarinnar, sem á þeim hvílir, er þeir eiga sjálfir að kjósa sjer lækninn. Jeg efast ekki um, að veiting læknishjeraða með þessu móti mundi verða vinsæl og gefast vel. Jeg skal ekki fara út í þá sálma að segja neitt um, hvernig veitingarvaldið fer nú að ráði sínu. En víst er um það, að misjöfnum augum líta menn á ráðstafanir þess, og jeg er þess fullviss, að kosning læknanna færi ekki lakar úr höndum en veitingin fer stundum. Takist kosningin illa, þá geta menn sjálfum sjer um kent, og það eykur á ábyrgðartilfinninguna. Nú getur skeð, að sumir sjeu hræddir við „agitatiónir". Já, það má búast við því, að reynt verði að "agitera" við þessar kosningar, eins og aðrar. En „agitatiónir" hafa nú minna gildi, síðan farið var að kjósa leynilega, og geta lítil áhrif haft á úrslitin. (B. J.: Ein kognaksflaska getur gert út um kosninguna). Ein kognaksflaska gerir ekki neitt. Enda geri jeg ekki ráð fyrir, að það verði svoleiðis menn, sem um embættin sækja, að þeir hafi vínföng á boðstólum í baðstofum landi. (B. J.: En „recept"). — Það skyldi þá heldur vera „recept". — Hjer er stórt rjettindamál á ferðum, sem snertir alla alþýðu manna, og hættan engu meiri en með kosningu presta. Jeg vænti því góðra undirtekta hjá háttv. deild, og leyfi mjer að leggja til, að þegar þessari umr. er lokið, þá verði málinu vísað til allsherjarnefndar. Sú nefnd er góðum og greindum mönnum skipuð. Jeg treysti henni til alls góðs og vona, að hún greiði götu frv. lengra áleiðis.

Magnús Pjetursson: Já, það hefir farið nokkurt orð af því, núna upp á síðkastið, að ekki væri alt sem þarfast, sem lagt væri fyrir þingið að þessu sinni, og að ekki væri vanþörf á, að betur væri vandað til sumra mála heldur en gert er. Hafi nú þessi orðrómur átt við nokkur rök að styðjast áður, þá færist þó skörin fyrir alvöru upp í bekkinn, þegar þetta frv. kemur til sögunnar. Jafnóþarft frv. hefir þó ekki komið fram áður, að mínu áliti. Það er meira en óþarft; það væri stórskaðlegt fyrir land og lýð, ef nokkrar líkur væru til, að það kæmist í gegn. Mig stórfurðar á því, að nokkur þingmaður skyldi verða til þess að flytja aðra eins fjarstæðu inn á þing, þrátt fyrir tilmæli þingmálafundanna og dekur við kjósendur. — Jeg sný mjer þá að frv. og greinargerð þess, og ætla að athuga nánar einstök atriði. Í ræðu háttv. flm. (S. S.) kom ekkert nýtt fram, svo að jeg get algerlega leitt hana hjá mjer, og snúið mjer að frv. og greinargerðinni.

Frv. *heitir* frv. til laga um *veitingu* læknishjeraða. Svo er strax vikið að því að ákveða, hvernig kosning lækna skuli fram fara, og um það snýst frv. alt. Hvergi er á það minst eða það fyrirskipað, að kjósa *skuli* lækni fyrir hjeraðið. Það má ef til vill segja, að þetta sje formgalli, sem auðvelt væri að laga, ef frv. kæmi til nefndar. En svona lagaður frágangur ber vott um það, að frv. sje ekki borið fram fyrir innri hvöt eða sannfæringu flutnm. Enda munu það varla getsakir, að tilgangur háttv. flm. (S. S.) sje sá, að kaupa sjer frið og fylgi kjósendanna, með því að bera það fram, en ekki sje til þess ætlast, að það verði að lögum.

Þá kem jeg að fyrstu ástæðunni í greinargerðinni fyrir frv. Hún er sú, að jafnrjettmætt sje, að þjóðin fái að kjósa sjer lækna eins og presta. Þetta virðist nú ekki vera neitt ósanngjörn krafa og hún lítur talsvert vel út á pappírnum. En er þá ekki ástæða til að athuga, hvernig farið er að, þegar prestskosning á að fara fram? Umsækjendurnir koma í hjeraðið, sýna sig, tala við fólkið, prjedika í kirkj-

unum og gera yfir höfuð að tala alt, sem þeir geta, til að láta sem mest bera á kostum sínum og yfirburðum yfir keppinautana. Nokkuð svipað ættu nú læknar að fara að. Þeir yrðu sennilega að ferðast um hjeraðið áður en kosning færi fram. Háttv. flutnm. (S. S.) tók það beinlínis fram, að þeir yrðu á ferð. Á þessu ferðalagi sínu eiga þeir að reyna að færa mönnum heim sanninn um það, hve góðir læknar þeir sjeu. (E. A.: Þeir verða þá að búa til veikindi). Þótt prestunum gangi stundum nokkuð vel að sýna, hve góðir andlegir læknar þeir eru, þá er talsvert öðru máli að gegna með þá. Þeir hafa haft tækifæri til þess að æfa sig í því að semja ræður og í öðru, sem þarf til að sýna andlega yfirburði. Þetta er öllu erfiðara fyrir læknana. Jeg veit, satt að segja, ekki, hvort háttv. flm. (S. S.) hefir gert sjer það ljóst, á hvern hátt þeir eigi að sýna yfirburði sína sem læknar á þessum ferðalögum (S. S.: Með því að lækna). Með því að lækna, já, það er sennilega tilætlunin, að þeir ferðist um með apótek, gefi púlver og pillur og þar fram eftir götunum. Þá yrðu menn líka að fá að reyna, hver væri bestur til að taka af lim, hverjum færist best að draga út tönn, eða binda um beinbrot, hver hjálpaði best konum o. s. frv. En jeg veit ekki, hver vill eða getur sjeð um, að nóg verkefni væri til, þegar á þarf að halda. Líklega yrðu þeir, sem mestan áhuga hefðu á kosningunni, að leggja líkami sína fram til tilrauna. Ekki trúi jeg því, að hv. flm. (S. S.) elski kjósendur sína svo heitt, að hann vildi leggja sinn háttvirta líkama til, svo að læknarnir gætu skorið og flensað í hann, til — *kosningabeitu*. Þetta er nægilegt til að sýna, hve mikil fjarstæða frumvarpið er.

Þá er önnur ástæðan sú, að með kosningunni sje fengin trygging fyrir því, að sá fái embættið, sem færastur er. Jeg veit, ekki hvort nokkur háttv. deildarmanna getur sjeð þessa tryggingu. En af því, sem jeg hefi þegar sagt, er auðsætt, að erfitt er að skera úr því, hver sje bestur læknir af umsækjendunum, og hæpið, að kjósendur gætu fengið nokkra hugmynd um það. Sá yrði auðvitað best settur við kosninguna, sem duglegastur er að koma ár sinni fyrir borð og afla sjer fylgis, og það mun þó engum detta í hug, að það sje ávalt besti læknirinn. Nei, tryggingin fyrir því að fá góðan lækni er engin, ef hjeraðsbúar eiga að kjósa. Í því efni stendur landlæknir og landsstjórn miklu betur að vígi. Læknarnir yrðu að sjálfsögðu að ferðast sjálfir um hjeraðið, til að „agitera“ fyrir sjer. Það væri ekkert óskemtilegt, ef fleiri eða færri af læknum landsins yrðu að taka sig upp úr hjeruðum sínum, til þess að fara að „agitera“. Fyrst og fremst er nú ekki víst, að þeir gætu komið því við, og í öðru lagi er jeg viss um það, eftir því sem jeg þekki innræti lækna yfirleitt, að það yrðu ekki *úrvalslæknarnir*, sem legðu út í það að níða stjettarbræður sína niður, til þess að afla sjer kosningafylgis. Ekki yrðu aðfarirnar betri, þótt læknar fengju umboðsmenn til að „agitera“ fyrir sig. Venjulega eru umboðsmenn hálfu óvandari að meðulum en frambjóðendur sjálfir. Niðurstaðan yrði áreiðanlega sú, að læknar mundu sem mest sneiða hjá því að sækja um læknishjeruðin, ef þeir ættu von á slíkum ófagnaði. Og hvað er þá orðið úr tryggingunni fyrir því að fá góðan lækni? — Jeg ætla að fara fljótt yfir sögu, því að yfirleitt er frv. ekki þess virði, að eytt sje orðum að því. En jeg verð þó að fara nokkrum orðum um þriðju ástæðuna. Hún er sú, að með því að kjósa fái menn þann lækni, sem þeim er geðfeldastur og þeir beri best traust til. Þetta á nú sennilega að vera höfuðástæðan fyrir frv. Hún væri nú líka nokkuð veigamikil, ef ekki væri einn

hængur á henni. Hefði ekki verið rjettara að segja, að meiri hlutinn fengi þann lækni, sem honum væri geðfeldastur? Vitanlegt er það, að altaf mundi verða minni hluti, sem væri óánægður með úrslitin, og því óánægðari, sem kappið var meira í kosningunni. Þessi minni hluti mundi reyna að gera læknirn tortryggilegan og ala á óánægjunni á allar lundir. Hvort það sje svo holt, að sumir hjeraðsbúar beri kala og vantraust til læknisins síns, þarf jeg líklega ekki að útskýra. Jeg þekki dálítið inn á þetta. Nú gæti það hugsast, að minni hlutinn vildi leggja svo mikið á sig, að þeir vildu leggja fram fje til að fá sjer nýjan lækni, og ala með því á úlfúð og flokkadrætti í hjeraðinu. (S. S.: Þess eru nú dæmin). Já, þess eru dæmi. En til þess eru vitin að varast þau, en ekki að apa þau eftir.

Það er aldrei gert ofmikið úr því, hve skaðlegt það er, þegar hver höndin er upp á móti annari, og órökstuddir sleggjudómar lagðir á athafnir manna. Það hlýtur að drepa allan áhuga og viðleitni, þegar alt, sem reynt er að gera, er gert ómögulegt fyrir flokkadrætti og úlfúð. Reyndar geri jeg nú ekki svo mikið úr þeirri hættu, að minni hlutinn nái sjer í annan lækni. Það mundi verða erfitt að fá nokkurn lækni til að taka tilboði þeirra, þegar svona væri ástatt.

Jeg ætla nú ekki að taka meira fram að sinni. Margt mætti fleira um frv. segja, en jeg álít þess ekki þörf, og vona, að frv. fari ekki lengra. Það er engin ástæða til að tefja tímann á því að setja jafnauðvirðilegt frv. í nefnd, enda mun háttv. deildarmönnum nú fullljóst hvílíkur skaðræðisgripur hjer er á ferðinni.

Benedikt Sveinsson: Jeg lít mjög líkt á þetta mál og háttv. þm. Stranda. (M. P.), og hefir hann tekið flest af því fram, sem segja þarf um þetta mál, svo að jeg get verið stuttorður; ætla að eins að drepa á rökin, sem færð eru fyrir frv.

Um fyrstu ástæðuna er það að segja, að það er ósannað mál, hvort þjóðin hefir haft svo mikið gagn af prestskosningunum, sem sumir láta. Jeg býst við, að ýmsir geti bent á nokkuð mörg dæmi þess, að þær hafi tekist óhöndulega. Og þótt ekki sje litið á það, þá standa læknar alt öðruvísi að vígi við kosningar heldur en prestar. Það liggur betur fyrir prestum eða prestaefnum að spreyta sig á ræðuhöldum og öðru því, er þarf til að koma sjer í mjúkinn hjá fólkinu. Jeg sje því varla, að hægt sje að líkja saman prestskosningu og læknakosningu.

Önnur ástæðan er sú, að hjeruðin fái betri lækna. Mjer finst þetta vera hreinasta fjarstæða. Alþýða manna hefir að jafnaði ekkert færi á að þekkja mennina, sem á boðstólum eru, og hefir engin gögn í höndum til að meta kosti þeirra. Umsækjendur eru oft ungir menn, sem lítt eru þektir og litla reynslu hafa að baki sjer, en geta þó verið efni í ágætislækna. Stjórnarráðið á miklu hægra með að afla sjer upplýsinga um mennina, þar sem það getur leitað umsagnar landlæknis, sem ávalt mun vera gert, þegar læknisembætti er veitt. Auk þess á stjórnin hægt með að snúa sjer til háskólakennaranna, eða til læknaráðsins í Reykjavík. Jeg hefi ekki heyrt kvartað undan því, að stjórnin hafi misbeitt veitingarvaldi sínu á þessu sviði, svo að nokkur ástæða sje til að koma með frv. þess vegna.

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) hefir sýnt fram á, að þriðja ástæðan er veigalítil. Hjeraðsbúar mundu skiftast í meiri og minni hluta. Tryggingin fyrir því, að góður læknir fáist í hjeraðið, er að mun skert við kosninguna, en í þess stað er mjög hætt við, að kæmist inn kali meðal þeirra, sem lúta yrðu í lægra haldi, til þess lækn-

is, sem kosningu hefði hlotið, og spilti fyrir góðu samkomulagi hans við hjeraðsbúa. Og það er mjög svo óheppilegt, ef slíkur kali kemst inn fyrirfram. Erfiðara fyrir lækninn að ráða bót á því á eftir, eða koma góðri samvinnu á. Þessar kosningar mundu líka reynast mjög svo óhentugar í framkvæmdinni. Læknaefnin eyða venjulega fje sínu á námsárunum, þeir sem eitthvað eiga. Hinir hleypa sjer í skuldir. Það væri tilfinnanleg viðbót fyrir fátæka lækna að byrja embættisbraut sína með því að leggja út stórfje til að heyja kosningabaráttu. Þeir yrðu að sjálfsögðu að stunda lækningar í hjeraðinu um lengri eða skemri tíma, kaupa sjer áhöld og apótek og búa sig út að öllu leyti. Auk þess yrðu þeir að æfa sig í ræðuhöldum og ýmsu því, sem þarf til að laða að sjer hugi fólksins. Þeir þyrftu mikinn undirbúning til að rannsaka jarðveginn, kynna sjer sálarástand lýðsins, áður en farið væri að beita áhrifum sínum til að undirbúa kosninguna.

Þó getur þetta komið sjer enn ver góðum og gömlum læknum, er þyrftu að taka sig upp úr hjeruðum sínum og fara í kosningaleiðangur. Það myndi og horfa til stórvandræða, ef mörg hjeruð þyrftu að sjá á bak læknum sínum um langan tíma, t. d. 2—3 mánuði, meðan stendur á kosningaundirbúningnum. En við þessu má vel búast, þegar eitthvert gott embætti losnar, t. d. hjeraðslæknisembættið hjer í Reykjavík.

Jeg fæ ekki heldur sjeð, að þetta mál sje borið fram af vilja almennings. Raunar hefir því verið hreyft á einstaka þingmálafundi, með margra ára millibili, en dýpri rætur á það ekki. Og þótt þetta mál hafi nú komið fram á þingmálafundi í Árnessýslu, þá ætti það ekki að teljast til meðmæla með frv. Þar hefir komið fram hneykslismál, í því fólgið, að hafinn var andróður gegn lækni, sem þangað flutti, manni, sem viðurkendur var af íbúum síns fyrra hjeraðs og læknastjett landsins sem einn hinn lærðasti læknir landsins, og auk þess valinkunnur maður, hinn skylduræknasti og mætismaður í hvívetna. En þrátt fyrir það var hafinn andróður gegn honum í Árnessýslu og reynt að bola hann frá embætti. Auðvitað var þetta sprottið af undirróðri einstakra manna, sem voru blindaðir sjálfir, en höfðu tök á því að æsa upp hleypidóma fákunnandi lýðs. Það er full ástæða til þess að víta þessa framkomu þeirra gegn einhverjum besta lækni landsins, og má telja, að deildin geri sitt til þess, með því að fella þetta óviturlega frv.

Þorleifur Jónsson: Jeg hefði nú getað fallið frá orðinu, með því að tveir hinir síðustu ræðumenn hafa talað í líka átt og jeg mundi hafa viljað, en samt þykir mjer þó hlýða, að jeg geri grein fyrir atkvæði mínu.

Því verður ekki neitað, að í fyrsta bragði lítur það frjálslega út að vilja veita hjeraðsbúum rjett til þess að kjósa lækna, en eins og hv. þm. Stranda. (M. P.) tók fram er það frelsi fyrir meiri hlutann, en þvingun fyrir minni hlutann. Fordæmið, sem komið er með prestskosningalögunum er svo lagað, að það er varasamt fyrir löggjafarvaldið að fara lengra á þeirri braut. Prestskosningalögin hafa ekki orðið að þeim notum, sem ætlast var til. Af þeim hefir stundum leitt óánægju og rifrildi í söfnuðunum, og stundum hefir rekið að því, að minni hlutinn hefir sagt sig úr lögum við meiri hlutann. Það er hætt við því, að ekki yrði betri árangur að læknakosningalögum. Þær mundu leiða til megnra „agitationa“, og eftir á mundi alt loga í báli og brandi milli meiri og minni hlutans og milli læknisins og andstæðinga hans. Jeg fæ ekki heldur sjeð, að bent verði á, að stjórnin hafi svo mjög misbrúkað þennan

veitingarrjett. En af því, sem nú var sagt, er auðsætt, að þótt frv. líti frjálslega út, þá getur það leitt til mesta ófrelsis og mæðu fyrir almenning.

I annan stað er þess að gæta, að ef almenningi verður veittur þessi rjettur, að kjósa lækna, þá er líklegt, að ungir menn renni helst út, þótt með öllu sjeu óreyndir, því að alment halda menn, að ungi læknirinn sje betri en sá eldri, og svo má gera ráð fyrir, að kandidatar verði liprari á kosningarveiðum, en eldri menn.

En hvað leiðir þá af þessu? Þar af leiðir hið fyllsta órjettlæti, sem orðið getur; það gerir eldri læknum, sem sitja í erfiðum hjeruðum nær ókleift að losna þaðan eða að fá ljettari hjeruð. Þetta er talsvert athugunarefni, því að menn geta vel verið færir um að sitja í ljettu hjeraði, þótt þeim veitist erfitt að gegna stóru hjeraði, þar sem erfið ferðalög eru. Jeg verð því að telja frv. mjög ósanngjarnt í garð læknastjettarinnar, sem alls ekki á það skilið, því að ekki er hægt að neita því, að á síðari árum hafa þessari stjett bæst mjög margir dugandismenn.

Ef jeg sæi, að þetta frv. væri til blessunar, þá mundi jeg vera með því, en nú fæ jeg ekki annað sjeð en að það leiði til trafala og óblessunar. Það getur verið, að alþýða telji þetta frelsi, en jeg tel það ekki vera það, þegar öllu er á botninn hvolft.

Flm. (**Sigurður Sigurðsson**): Hv. þm. Stranda. (M. P.) byrjaði ræðu sína sem prestur, en ekki sem læknir. Hann hjelt hirtingarræðu yfir mjer, og öðrum syndurum, fyrir það að flytja frumvörp. Það getur verið ofmikið gert að því að flytja frumvörp inn á þingið, en þetta frv. er gott, og á því rjett til þess að vera flutt inn á þing. Sami hv. þm. (M. P.) sagði raunar, að það væri óþarft og skaðlegt; frá hans sjónarmiði er það líklega hvorttveggja, en honum tókst ekki fimlega að færa ástæður fyrir þeirri staðhæfingu.

Það, sem hv. þm. (M. P.) hafði út á frv. að setja, fyrir utan einn formgalla, sem sennilega er rjett athugað hjá honum, lenti mest í útúrsnúningum og viðleitni til þess að færa orð mín á verra veg. Hann byrjaði á að tala um það, hvernig prestar færu að, þegar þeir vildu ná kosningu; þeir gerðu sjer þá ferð um prestakallið og sýndu sinn betra mann, en hyldu skálkinn, dyldu úlfinn í sauðargærunni. Þessi var meining orða hans. Jeg geri nú ekki ráð fyrir því, að alment hagi menn sjer þannig; alment munu menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir. Jeg fæ ekki heldur sjeð neitt á móti því, að læknir ferðist um það umdæmi, sem hann ætlar sjer að sækja um; með því fær hann tækifæri til þess að kynna sjer fólkið, og það til þess að kynnast honum, og persónuleg viðkynning hefir þó altaf nokkuð að segja. En yfirleitt mun ekki vera ástæða til þess fyrir lækna að ferðast um umdæmin, því að öll alþýða getur snúið sjer annað til þess að fá upplýsingar, t. d. landlæknis, þótt fjarri sje það mjer að segja, að dómar hans sjeu óskeikulir í þessum efnum, til háskólans og, ef um eldra lækni er að ræða, til hjeraðsbúa hans o. s. frv. Það gæti auðvitað komið fyrir, að einstaka menn trönuðu sjer fram, leyndu göllum sínum fyrir almenningi, en ekki mundi það verða aðalreglan.

Sami hv. þm. (M. P.) var hræddur um það, að læknar mundu beita „agitationum“ til þess að ná í embætti. Jeg er nú ekki hræddur við það. Ónýtum læknum, sem stútað hafa fleiri mönnum en þeir hafa hjálpað til lífsins, og óreglumönnum, mundi verða þýðingarlaust að koma fram til þess að „agitera“ fyrir sjálfum sjer. Menn mundu leita sjer upplýsinga um læknana, áður en til kosninga kæmi, og byggja meira á þeim heldur en þótt læknarnir sýndu sig sjálfir.

Sami hv. þm. (M. P.) sagði, að ekki væri vert að ræða þetta frv., og vildi helst ráða niðurlögum þess; í sama streng hafa tveir hv. þm. tekið, sem talað hafa á eftir honum. Þetta sýnir þá einmitt það gagnstæða, að það er vert að ræða frv., enda er svo í raun og veru.

Hv. sami þm. (M. P.) sagði, að þótt kosningar tækjust skaplega, sem hann samt trauðlega bjóst við, þá yrði þó altaf til minni hluti, sem yrði óánægður. Það má búast við því, að minni hluti sje alla tíð óánægður, en engin sönnun er það þess, að óánægjan þurfi að vera mikil, síst ef meiri hlutinn hefir valið góðan lækni. Jeg get hugsað mjer, að þar sem umsækjandi á skyldmenni eða vandamenn, þá hefji þeir „agitation“ til þess að koma honum að, og verði til þess að vekja óánægju, ef hann kemst ekki að. En allur þorri manna mundi haga svo vali sínu, að minni hlutinn yrði sem minstur og óánægjan lítil.

Hv. sami þm. (M. P.) vildi halda því fram, að það gæti átt sjer stað, að óánægja væri kveikt gegn manni innan hjeraðs, áður en hann hefði sýnt sig. Það má gera ráð fyrir öllu mögulegu, þegar um óhlutvanda menn er að ræða, sem illu vilja koma af stað. En ef hann hefir meint þessi orð til einstakra manna, t. d. út af læknisveitingu í Árnessýslu, þá mótmæli jeg þeim kröftuglega.

Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) fann sjer skylt að ráðast á frv. grimmilega. Hann fann enga tryggingu í því að kjósa lækna, treystir nú stjórninni — aldrei þessu vant — miklu betur til þess að velja lækna en hjeruðunum sjálfum. Hjer er jeg á alveg gagnstæðri skoðun. Mjer þykir leitt að fara út í þetta mál, en það er hægt að sýna með mörgum dæmum, að stjórninni hefir oft tekist hrapallega í veitingu þessara embætta, og hefir þá ekki haft fyrir augum hagsmuni hjeraðanna, heldur hefir þurft að koma að skjólstæðingum sínum eða mönnum, sem ekki var unt að koma annarsstaðar að.

Annars virðist sú vera regla stjórnarinnar að taka ekki svo mjög tillit til hæfileika manna, heldurs til aldurs manna, hverjir væru elstir embættismenn af umsækjendunum og elstir kandidatar, þegar um embættaveitingar er að ræða, án þess að gæta þess, hvað hjeruðunum er fyrir bestu. Eftir þessari gömlu og úreltu reglu fer stjórnin. En ef rjetturinn skeði, þá ætti að veita þeim manni embættið, sem álitlegastur væri til þess að rækja köllun sína, hvort sem hann væri eldri eða yngri, kandidat eða embættismaður. Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) sagði líka, að rjettast mundi að leita umsagnar landlæknis um umsækjendurna, en það virðist ekki mundu gagna mikið, þegar reglan er sú að veita jafnan elsta manni embættið, enda geta hjeraðsbúar leitað slíkra umsagna, ef þeir vilja, svo sem jeg drap á áðan.

Sami hv. þm. (B. Sv.) sagði líka, að umsækjurnir mundu beint þurfa að æfa sig í ræðuhöldum sjerstaklega; þetta er nú víst fyndni hjá hv. þm. (B. Sv.), enda kemur ekki málinu við. Yfirleitt mun umsækjendunum lítið að gagni koma mælska og glæsimenska.

Sami hv. þm. (B. Sv.) hjelt, að frv. ætti rót sína að rekja til ástandsins í Árnessýslu, sem skapast hefir út af veitingu læknishjeraðsins þar að neðanverðu. Jeg skal ekki bera á móti því, að það dæmi er ein af ástæðunum til þess, að frv. er fram komið, en þó er það ekki nein aðalástæða. Annars tel jeg hollast að halda þessu máli fyrir utan umræðurnar, og lýsi að öðru leyti ummæli hv. þm. (B. Sv.) um þetta helber ósannindi og honum ósamboðin.

Hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) fann hjá sjer sömu köllun sem hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að lýsa yfir því, að veitingunni væri hel-

ur borgið hjá stjórninni. Jeg hefi áður sýnt fram á það, að þetta er hin argasta meinloka, og þyrfti ekki annað en benda á nokkra lækna, sem eru getsamlega óhafandi, og hefðu átt að segja af sjer fyrir löngu, í stað þess að sitja í trássi bæði við guð og menn.

Magnús Pjetursson: Jeg verð að segja, að mjer þykir hálfleitt að standa upp og tala fyrir tómum stólum. Jeg veit ekki, hvort hv. deild er að færa sönnur á mitt mál, að þetta frv. sje ekki þess vert, að um það sje rætt, en mjer finst það sennilegt.

Hv. flm. (S.S.) byrjaði með að segja, að jeg væri með eintóma útúrsnúninga og útúrdúra, og vildi því næst reyna að hrekja ástæður þær, er jeg færði móti frv., en það tókst honum ekki. Það eitt, sem jeg hjó eftir hjá honum, var, að hann fór algerlega rangt með það, sem jeg sagði, eins og honum er tamt. Hann sagði, að jeg kvæði presta þá, er um brauð sæktu, vera vana að skýla úlfinum. Jeg sagði, að þeir ljetu þá vanalega sem mest bera á kostum sínum. Eins og jeg hefi einu sinni áður drepið á hefir þm. (S. S.) lengi verið það gjarnt að leggja manni orð í munn, til að geta fjargviðrast út af þeim á eftir. Annars þykir mjer vænt um að sjá, hve fljótur hann er að snúast, því að í fyrri ræðu sinni sagði hann, að læknaefnunum þýddi ekki að ganga með kognaksflösku í vasanum, þegar þeir *ferðuðust* fyrir kosningar, en í seinni ræðunni sagði hann, að þeir *ættu alls ekki að ferðast*. Þetta sýnir, hve hugsun hans er á ringulreið. Annað, sem sýnir, að hv. þm. (S. S.) er að snúast, er það, að hann sagði í fyrri ræðu sinni, að almenningur ætti að kjósa lækna, af því að landlækni og landsstjórn væri ekki trúandi til að veita embættin, en í síðari ræðunni sagði hann, að *sjálfsagt* væri að leita álits landlæknis, áður kosning færi fram. (S. S.: Jeg sagði, að menn gætu það sjálfsagt). Þótt hv. þm. hafi sagt það bara þannig, sýnir hann þó berlega með því, að hann leggur eitthvað upp úr áliti landlæknis. (S. S.: Fyr má nú rota en dauðrota). Annars verð jeg að segja það, að hv. þm. (S. S.) notaði að vanda mjög óþingleg orð, í síðara hluta ræðu sinnar. Hann gat þar um lækna, sem kunnir væru að því að hafa stútað fleirum en þeir hefðu hjálpað til lífs. — Jeg stansa við þetta, því að þetta eru eftirtektarverð orð frá þingmanni. Þótt hann sje að tala hjer fyrir kjósendur sína, þykir mjer óliklegt, að þeim þyki það hugnæmt. Það er lítið um rök hjá hv. þm. (S. S.), eins og við var að búast af honum. Hann treystir landsstjórninni ekki til að veita læknisembættin, og segir, að margar misfellur hafi oft verið á veitingum hennar. Þetta getur verið, en mjer er nú spurn með prestana; álítur hv. þm. (S. S.), að engar misfellur hafi orðið á embættaveitingum þeirra, síðan farið var að kjósa þá?

Jeg vil kveða svo ramt að, að engin trygging er fyrir því, að meiri hluti kjósenda vildi hafa sama lækni, og þá yrði að skjóta málinu til landsstjórnarinnar og fá hana til að hjálpa upp á sakirnar. Það gæti líka komið fyrir, að það yrði að eins minni hluti, sem kysi lækni.

Jeg býst við, að hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) svari fyrir sig, og sleppi því þeim hluta af ræðu hv. flm. (S. S.). En jeg vil leyfa mjer að skjóta því til flm., að hann sagði, að hægt væri að benda á marga lækna, sem ætti að vera búið að reka frá. Jeg ætla ekki að skora á flm. (S. S.) að tilgreina nöfn þessara lækna hjer í deildinni, heldur utan þinghelginnar, svo að þeir geti tekið því eins og vera ber, látið hann sæta maklegri ábyrgð fyrir. Sem sagt, jeg skora á flm. (S. S.) hjer í heyranda hljóði, að hann, í stað þess að vera með dylgjur hjer innan þinghelginnar, nefni opinberlega nöfn

þessara lækna, svo að þeir geti rekið rjettar síns á honum að lögum.

Tel jeg mjög ósæmilegt af hv. þm. (S. S.) að nota þinghelgina til þess að ráðast með ókvæðisorðum á heila embættismannastjett, ef hann síðar hefir ekki hug til þess að gera slíkt hið sama á almenningsvettvangi.

Benedikt Sveinsson: Jeg þarf í raun og veru litlu við að bæta, því að hv. þm. Stranda. (M. P.) hefir svarað því í ræðu 1. þm. Árn. (S. S.), sem svaravert var. Það er ekki nema eðlilegt, að hv. flm. (S. S.) reyni að klóra í bakkann og tali um að ekki þurfi að blanda Eyrbekkingum inn í þetta mál. Hann hefir þó þegar átað, að tiltæki þeirra var ein aðalástæð. an til þessa frv., enda þótt hann finni nú, að best væri að leyna því. Jeg vil nú óska, að þingið sýni, hvaða skoðun það hefir á upphotinu í Árnessýslu, með því að fella þetta frv. þegar frá 2. umr.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Það er að eins örstutt athugasemd. Andstæðingar mínir segja um mig, að jeg hafi ekki hrakið neitt af því, sem þeir hafa sagt, og jeg get sagt það sama um þá. Jeg stend upp vegna áskorunar hv. þm. Stranda. (M. P.). Jeg get gjarnan nefnt nöfn þessara lækna, sem jeg átti við í ræðu minni, við landlækni, því að jeg er ekkert hræddur við það, en hins vegar sje jeg enga ástæðu til að nefna þá í blöðunum eða hjer í salnum, því að viðkomandi hjeruð eru ekkert betur sett fyrir það. Jeg get, meira að segja, talað rólega um það undir fjögur augu við hv. þm. Stranda. (M. P.), sem mjer fanst taka þessi orð mín óþarflega illa upp, því að sjálfur er hann góður læknir. Jeg get sagt það, að þegar jeg verð lasinn á ferðalagi, ber jeg mikla áhyggju út af því að vera ekki nálægt góðum læknum. Jeg lagðist fyrir skömmu, þegar jeg var á ferðalagi, og hefði sú veiki elnað, ætlaði jeg að gera ráðstafanir til, að hv. þm. Stranda. (M. P.) yrði sóttur til mín, enda þótt aðrir læknar væru nær. Þetta sýnir, hve mikils er um það vert að geta notið góðs læknis, og hvað menn leggja mikið upp úr því.

ATKVGR.

Frv. *felt* frá 2. umr. með 15: 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: B. K.. E. A., E. Árna., J. B., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó.

nei: B. Sv., B. J., B. St., E. J., G. Sv., J. J., J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. J., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Einn þm. (H. K.) var fjarstaddur.

16. Sveitarstjórnarlagabreyting [Kosningarrjettur o. fl.].

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 43, 10. nóv. 1905, og lögum um breytingu á þeim lögum 2. nóv. 1914. (A. 146).

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 27. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Stefánsson): Jeg býst við, að frv. þetta þyki bera vott um litla lögfræðaþekkingu, þar sem lagt er til að bæta inn í sveitarstjórnarlögin grein, aftan við grein, sem áður er búið að breyta og þar með er úr lögum numin. En þetta ætti ekki að spilla fyrir því, að breytingin verði færð inn á rjettan stað. Væntanleg nefnd mun leiðrjetta þetta ásamt öðru, sem ábótavant kann að þykja.

Það, sem farið er fram á í 1. gr. frv.,

er gamall gestur hjer, sem sje að gera sveitarstjórnarlögin mannúðlegri, svo að þeg þarf ekki að fara fleirum orðum um það, enda ber greinin sjálf það með sjer og greinargerðin aftan við frv. Greinin er svo orðuð, að orkað hefir tvímælis, hvað meint sje, en jeg vona, að allir viti, til hvers er ætlast, og lesi í málið. Annars hefir orðalagið að því orðið svo heppilegt, að það hefir veitt gamansömum hagyrðingum tilefni til vísnagerðar, mjer og öðrum til gleðskapar, og þegar frv. nú þar á ofan vitnar í grein, sem ekki er í lögum, þá vona jeg, að jeg og aðrir verði gladdir með vísu í Morgunblaðinu á morgun. Þetta gerir mönnum ljettara í skapi, svo að jeg vona, að menn líti ekki síður vingjarnlega á frv. fyrir það.

2. gr. frv. er svo til komin, að á sýslufundi Suður-Múlasýslu var skorað á Alþingi að skýra svo greinina, að ekki yrði vafa undirorpið, hvað í henni fælist. Þetta ákvæði hefir valdið ágreiningi, bæði milli sýslunefnda og milli hreppsnefnda og einstaklinga. Það hefir verið lagt á utanhreppsmenn, sem um tíma hafa stundað veiði í dvalarhreppnum; hafa oft risið af þessu útsvarskærur. En um leið og þessu ákvæði er breytt, þá er og rjett að setja takmark fyrir þessu útsvari. Það er eðlilegt, að þeir hreppar, sem fyrir ákvæðinu verða, sjeu óánægðir, en hinir hrepparnir, sem fá aukatekjur á þennan hátt, vilja auðvitað halda í þær dauðahaldi, enda má það og sýnast sanngjarnt, að þau sveitarfjelög beri eitthvað úr býtum, þar sem utanhreppsmenn reka arðsama atvinnu, svo sem síldveiði eða fiskveiði, enda getur það á ýmsan hátt þrengt að hreppsbúum sjálfum, — þrengt fyrirdráttarpláss og nóta- og netalög. — En þótt sanngjarnt sje, að þessir hreppar fái eitthvert gjald, þá hefir mjer samt þótt rjett að slá varnagla við því, að óbilgjarnar hreppsnefndir noti sjer þennan rjett úr hófi fram. En þá getur verið spurning um, hvað hæfilegt sje, — ofhátt hefi jeg að minsta kosti ekki farið. Er það rannsóknarefni fyrir væntanlega nefnd, en hver sú nefnd á að vera getur verið vafasamt. Mannfjölgunarspursmálið bendir til mentamálanefndar, en 2. gr. varðar atriði, sem að ýmsu leyti heyra undir sjávarútvegsnefnd. Frv. fjallar þannig um óskyld efni, en er þó breyting á sama lagabálki — sveitarstjórnarlögunum; niðurstaðan er þá helst sú að vísa frv. til allsherjarnefndar, sem er svo rúmgóð, að hún getur tekið við öllu. Menn hafa þráfaldlega rekið sig á það, að fram kemur fjöldi mála, sem í eðli sínu heyra ekki undir neina af fastanefndunum, t. d. heilbrigðismál, fátækramál o. fl., og verða þau þá öll að lenda í hinni rúmgóðu allsherjarnefnd. Er það þá tillaga mín, að frv. verði vísað til hennar, enda er hún svo vel skipuð að lögfræðingum, að vorkunnlaust er þeim að leiðrjetta lögvillurnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 28. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 146, n. 301).

Frsm. (Einar Jónsson): Eins og nefndarálitið á þgskj. 301 ber með sjer hefir allsherjarnefnd haft frv. þetta til meðferðar, en eigi getað fallist á innihald þess. Eru aðalástæðurnar fyrir þeirri skoðun nefndarinnar færðar í nefndarálitinu, og virðist ekki þörf á að hafa þær yfir á ný. Nefndin lítur svo á, að ef farið væri að gera undanþágur á rjettindum þeirra, er af sveit hafa þegið, þá verði takmörkin svo vandfundin og torveld viðureignar, að ef til vill verði misrjettið stærra eftir en áður. Slíka

breyting verður altaf ósaungjörn. Til dæmis er það hið stakasta misrjetti að neita þeim, sem á 3 börn, um öll rjettindi, en veita þau þeim, sem á 4 börn, og veita þeim rjettindi, sem ekki hefir þegið nema 70 kr. af sveit, en neita þeim, sem hefir fengið 75 kr. styrk, um öll rjettindi, þótt hann sje þeirra miklu maklegri en hinn. Í flestum tilfellum væri rjettast, að sveitarstyrkur hefði engan rjettindamissi í för með sjer, en það verður ómögulegt að koma því við, nema með því að breyta stjórnarskránni.

Nefndin leggur líka á móti 2. breytingu frv., því að með þessu móti gæti svo orðið, að þrefalt gjald yrði lagt á einn og sama manninn, fyrst og fremst tvöfalt útsvar og auk þess skattur af veiði í landssjóð. Þetta var aðalástæðan fyrir því, að nefndin vildi fella breytinguna. Að öðru leyti vísa jeg til nefndarálitsins, og orðlengi eigi frekar, nema andmæli komi fram.

Björn Stefánsson: Jeg sje á nál., að allsherjarnefnd hefir ekki fallist á, að frv. mitt skapaði meira jafnrjetti eða rjettlæti en nú á sjer stað. Mjer virðist röksemdaleiðsla nefndarinnar vera því sem næst þessi. Af því að frv. nær ekki svo langt, að það leiðrjetti allar misfellur, skal því ekki leyft fram að ganga. En það viðurkennir nefndin, að það væri til bóta. Hæpin finst mjer sú fullyrðing nefndarinnar, að ef dregið sje úr ranglæti því, sem á sjer stað, þá verði þeir fyrir meira ranglæti en áður, sem frv. nær ekki til. Jeg vil minna á verkamennina í víngarðinum. Þeim, sem fyrst komu, var ekki gert rangt til, þótt hinir, sem síðast komu, fengju jafnmikil laun og þeir. Þetta er gullvæg regla, og hefði nefndin átt að muna hana betur.

Því er haldið fram í nál., að það sje misrjetti, að sá haldi atkvæðisrjetti í sveitarmálum, sem fær 70 kr. með hverju barni sínu, en ekki hinn, sem fær 75 kr. Einhversstaðar verða takmörkin að vera. Það mætti með jafnmiklum sanni segja, að það væri misrjetti, að sá, sem fær 5 kr. sveitarstyrk, missi atkvæðisrjett sinn, en ekki hinn, sem að eins slampast áfram án þess að þiggja styrk. Það mætti ávalt segja, að þeir, sem eru næstir takmörkunum, verði fyrir misrjetti. Hví fór nefndin ekki lengra en frv., og gerði till. um, að menn hjeldu kosningarrjetti í sveitarmálum, hvort sem þeir þægju mikið eða lítið af sveit? Það hefði verið rökrjettara frá sjónarmiði sjálfrar nefndarinnar.

Nefndin segir, að frumv. auki misrjetti á fötluðum mönnum, sem eigi kann ske bara tvö börn. Það má vera, að það sje rjett. En af hverju kom nefndin þá ekki með þá brtt., að styrkur til uppeldisbarna fatlaðra manna skuli ekki talinn sveitarstyrkur? Jeg þorði ekki að fara svo langt, hjelt að það myndi spilla fyrir, að frv. næði fram að ganga. En 70 króna takmarkið er miðað við það, að þeir menn, sem þiggja ekki meira með hverju barni, sjá bæði fyrir sjálfum sjer og börnunum að nokkru leyti. Því að enginn þarf að halda, að 70 kr. nægi til framfærslu einu barni hálft ár.

Það kemur oft fyrir, að hagur þeirra manna, sem þegið hafa af sveit, rjettist. Menn, sem eru farnir að afborga sveitarskuld sína, sjá fyrir sjer og sínum sjálfir og heldur betur. En ef sveitarskuldin er stór, og þeir fá rjettindi sín ekki aftur, fyr en þeir hafa goldið hana að fullu, er hætt við, að menn byrji ekki á að afborga hana, því að þeim finnist ekkert unnið við það. Það er ómannúðlegt ákvæði, að menn öðlist ekki rjettindi sín aftur nema þeir borgi alt. Nærri má geta, að menn, sem eru nýsloppnir af sveit, eru ekki orðnir neinir efnamenn, sem geti borgað stórar skuldir, þótt þeir hafi rjett nokkuð við. En sjeu þeir byrjaðir að afborga, eru þeir starfandi menn, sem eru engum til byrði,

og þá er hart, að rjettindum þeirra skuli haldið fyrir þeim.

Jeg skal einnig minnast lítils háttar á hina greinina. Nefndin hefir ekki fallist á skattaákvæði hennar, með því að eftir henni sje lagt á menn í tveim hreppum. En þetta á sjer einmitt stað. Það er „praktiserað“ í núgildandi lögum. Það hefir líka oft valdið ágreiningi, eins og því er nú komið fyrir. Í nál. segir, að rjett sje að leggja á útgerðarmenn, eftir efnum og ástæðum, þar sem þeir veiði. Þótt nú útgerðarmaður úr Rvík legði nót í sjó Seltjarnarneshrepps, er jeg ansi hræddur um, að ýmsir Reykvíkingar myndu þakka fyrir, ef Seltirningar legðu á hann eftir efnum hans og ástæðum, fram yfir það, sem hann hefir veitt. Í frv. mínu er einmitt ætlast til, að ekki sje ofmikið lagt á menn, þótt þeir leiti út fyrir sinn eigin hrepp til að bjarga sjer. Það vakti fyrir mjer að reyna að koma í veg fyrir sundurlyndi og útsvarskærur. Það verður best gert með því að hafa gjaldið ákveðið, svo að því verði ekki breytt. En í sjálfu sjer er sanngjarnt að hafa eitthvert gjald. Með nótadrætti er oft þrengt að hreppsbúum; oft væri hreppunum fyrir bestu, að óviðkomandi mönnum væri alls ekki hleypt að. Það er og rjettmætt, að gjaldið fari eftir veiðinni; og svo er einmitt ákveðið í greininni, og eftir henni verður altaf sama hlutfall á milli veiðarinnar og gjaldsins. Eiguir þær, sem aðkominn veiðimaður á annarsstaðar, eiga ekki að koma gjaldinu neitt við, því að sá hreppurinn, þar sem hann á heimilisfang, á allan rjett til að leggja aukaútsvar á þær.

Hitt er annað mál, og má um það deila, hvort jeg hefi sett hundraðsgjaldið hæfilega hátt, eða nógu hátt. Jeg fullyrði að eins, að ofhátt sje það ekki.

Frsm. (Einar Jónsson): Jeg skal ekki vekja þrætur um þetta mál. Persónulega er mjer það ekki áhugamál. Og væri mjer þó heldur ver við, að það væri samþykt. Flm. (B. St.) gerði lítið úr rökfærslu nál.; jeg tek það ekki nærri mjer, þótt jeg hafi skrifað það. Hann vildi sýna fram á, að hinir, sem frv. hans nær ekki til, þyrftu ekki að vera óánægðir yfir neinu misrjetti, og vitnaði í bibliuna, máli sínu til sönnunar. Að mínu áliti var dæmið ekki sem allra heppilegast, því að jeg lít svo á, að það hafi verið hrein gjöf, sem þeir, sem komu á elleftu stundu í víngarðinn, fengu fram yfir þá, sem fyrst komu, og ef menn vildu ætíð hjálpa þeim með gjöfum, sem sveitarstyrks þurfa að beiðast, færi alt á annan veg.

1. gr. frv. er ekki betur orðuð en það, að eftir henni lítur út fyrir, að hver strákur, sem hefir verið svo sprækur að eignast 4 krakka, fái þar með kosningarrjett, hvort sem hann fullnægir öðrum skilyrðum eða ekki til kosningarrjettar; gæti meira að segja náð sjer kosningarrjetti með því að unga út 4 krökkum á sveit, sem ekki kostuðu sveitina yfir 70 krónur hvert. Svona vitlaust er þó nefndarálitið hvergi. Jeg skal ekki fara í hnippingar út af þessu. Það er ekki nema eðlilegt, að flm. (B. St.) sje hlyntur sínu eigin frv. En jeg er því mótfallinn. Annars skal jeg ekki þreyta deildina á jafnljelegu máli, og býst við, að háttv. deild veiti því lítið fylgi.

Björn Stefánsson: Hv. frsm. (E. J.) gat ekki fallist á tilvitnun mína í bibliuna. Við því er ekkert að segja. Ætli hann að fara að kenna okkur nýtt og fullkomnara siðalögmál, þá er að taka því og hlusta á það, en ekki hefi jeg trú á, að það taki því gamla fram.

Hvað það snertir, að það skilyrði fyrir kosningarrjetti sje eitt nóg, eftir frv., að hafa eignast 4 börn, þá vil jeg bara segja, að það getur naumast talist „góðfús lesandi“, sem fær það út úr því.

Jeg vil skjóta því til forseta, hvort villan í fyrirsögn frv. geti ekki skoðast sem prentvilla, eða hvort jeg þurfi að koma með brtt. við fyrirsögnina fyrir næstu umræðu.

Forseti: Það kemur til athugunar, ef frv. verður samþykt.

Hákon Kristófersson: Í nál. er talið rjett, að lagt sje á menn, eftir efnum og ástæðum, þar sem þeir stunda veiði. Að mínu áliti er þetta ekki í samræmi við lög nr. 33, 2. nóv. 1914. Jeg skil þau svo, sem að eins megi leggja á með tilliti til aflans. Hitt næði engri átt, að leggja mætti á menn, er afla stunda í fjarlægum hjeruðum, ásamt því er þeir afla þar, allar eignir, er þeir eiga í sínu eigin bygðarlagi, en það yrði að gera, ef leggja á á menn eftir efnum og ástæðum, eins og nál. virðist benda á að eigi að vera. Ef skilning nál. væri ómótmælt, virðist mjer mætti líta svo á, að það væri líka skilningur deildarinnar.

Ef frv. gengur til 3. umr., mun jeg koma með brtt. um, að bátar, sem ganga frá öðrum veiðistöðum en þar, sem þeir eiga heima, sjeu þar undanþegnir útsvari. Mjer er kunnugt um, að þessi útsvör í öðrum hreppum hafa komið allhart niður á einstökum mönnum. Jeg hafði hugsað mjer að koma með frv. í þá átt að fá þessu ákvæði breytt, en þegar jeg vissi um, að þetta frv. var á ferðinni, fjell jeg frá því, en hafði hugsað mjer að koma með viðauka eða brtt. við þetta frv. við 3. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hygg, að ef gera á breytingu í þessa efni, þá ætti hún fremur að koma fram í fátækralögunum en sveitarstjórnarlögunum. Það ætti að mega gera þannig, að styrkur sem þessi væri alls ekki talinn sveitarstyrkur. Menn, sem nytu slíks styrks, ættu að hafa kosningarrjett hæði í sveitamálum og til Alþingis, en til þess þarf stjórnarskrárbreyting. Mjer finst það jafnvel fjær sanni, að menn, sem eru upp á sveitirnar komnir, ráði nokkru um sveitarmál, fremur en um landsmál. Jeg vil þó undan taka þá, sem njóta styrks af ósjálfráðum orsökum. Þetta væri leiðin, en ekki sú, sem flm. (B. St.) hefir ætlað að fara. Að vísu væri nokkur bót að frv. hans, en hún er svo lítil, að það væri að eins kák að vera að breyta sveitarstjórnarlögunum af þeirri ástæðu.

ATKVGR.

1. gr. feld með 20 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. St., H. K., M. P.

nei: B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., J. M., J. J., M. G., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Tveir þm. (J. B. og P. J.) voru fjarstaddir.

Frv. því

fallið.

17. Heyforðabúr og lýsis.

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heyforðabúr og lýsisforðabúr. (A. 158).

Á 23. fundi í Nd., fimtudaginn 2. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg vil leyfa mjer að mælast til þess, að hv. deild leyfi þessu máli til 2. umr., og vísi því til landbúnaðarnefndar að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1612) í e. hlj.

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 3. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 158, 169, n. 733).

Frsm. (Jón Jónsson): Eins og hv. deildarmenn geta sjeð þá leggur landbúnaðarnefnd móti því, að þetta frv. verði samþ. Það er allítarlega um málið skrifað í áliti nefndarinnar á þgskj. 733, og finn jeg því ekki ástæðu til að fjölyrða um það nú. Jeg vil þó geta þess, að nefndin lítur svo á, að ekki sje gerlegt með nokkru móti að taka þá stefnu í heyforðamálinu, sem stungið er upp á í þessu frv. Og enn fremur telur nefndin mjög óheppilegt að ætla að skylda menn með lögum til þess að haga sjer í heyforðamálinu eins og þetta frv. mælir fyrir. Í 7. gr. frv. er svo tiltekið: „Sveitarstjórn skal koma á fóðurforðabúri á einum eða tveim hentugum stöðum í sveitinni, hjá góðum heyjabændum á góðum heyskaparjörðum". — Eins og mönnum er kunnugt, þá eru nú sumir hreppar æði viðlendir, svo að ef skylda á alla til að láta hey í þessi forðabúr, þá verður auðvitað að ganga svo frá því, að hverjum einstökum bónda gefist kostur á að nota þetta forðabúr, svo framarlega sem þörf gerist. En í mörgum sveitum mun staðháttum vera þannig varið, að ekki getur komið til mála, að 1—2 forðabúr mundu nægja. Það mundi auðvitað duga í einstaka hreppum, en hvergi nærri alstaðar,

Jeg hefi nú, til að gera mönnum þetta mál ljósara, tekið sem dæmi 1 hrepp úr kjördæmi hv. þm. Dala. (B. J.), sem er flm. frv., og athugað, hversu mikið þarf af heyi til að ná því hámarki, sem ákveðið er í frv. Þetta dæmi er tekið úr Miðdalahreppi í Dalasýslu. Mjer telst svo til, að til þess að ná þessu hámarki þurfi þessi hreppur að leggja í heyforðabúr 11787 hesta af heyi. Eins og menn geta sjeð þá er hjer ekki um neitt smáræði að tefla. Auk þess þarf skýli yfir alt þetta hey, og þá auðvitað hlöður, eins og áskilið er í frv.. Því að menn geta sagt sjer það sjálfir, að það gagnar ekki að hafa það í „heyjum", sem altaf þarf að vera að smátaka af, því að þá væri mjög ilt að verja heyin skemdum. Það er ekkert spursmál, að einungis hlöður koma hjer til greina. En jeg hygg, að hlöður undir svona mikið hey mundu verða æði kostnaðarsamar, og því að eins gerlegt að byggja þær, að brýn nauðsyn beri til. — Nefndin lítur svo á þetta, að ekki nái nokkurri átt, að leggja út í þennan kostnað, nema því að eins, að enginn annar útvegur sje fær, og sveitinni sje ekki trúandi til að sjá þessu hæfilega borgið. Þetta er nefndin, aftur á móti, sannfærð um að kemur ekki fyrir. Og þótt svo nú færi að lögin yrðu samþykt, þá tel jeg þau lítt framkvæmanleg, og geng að því sem gefnu, að þeim muni ekki verða framfylgt. Við þurfum ekki að fara lengra en í forðagæslulögin til að sjá, hversu bágt menn eiga með að binda sig við slík skylduákvæði. Allir vita, að ekki er þeim fylgt fram alstaðar. En hvað mundi verða, ef ætti að fara að skylda hvern bónda til að flytja svo og svo mikið af heyi svo og svo langan og má ske slæman veg í þessi forðabúr, án þess má ske að hafa nokkurn tíma annað en stritið fyrir. Jeg

býst við, að það mundi koma kurr í marga út af því. — Þá stendur svo í frv., að „hver eigandi fjár skal láta hvert sumar einn hest af góðu heyi í forðabúr á hverjar 20 sauðkindur og geitkindur og einn hest á hvern fullorðinn nautgrip og fjögur hross“. Ef nú þetta er athugað í sambandi við Miðdalahrepp, sem jeg tók sem dæmi áðan, þá er hjer ætlast til, að meira hey sje lagt í forðabúrið heldur en sem svarar því, sem heyjaðist í hreppnum árið 1915. Eftir þessari reglu mundu settir í forðabúrið 393 hestar á hverju ári. Og þó yrði þessu fyrirskipaða hámarki ekki náð fyr en eftir 30 ár. Mjer er ekki ljóst, hvers hv. þm. Dala. (B. J.) ætlast til, er hann sjer þetta, hvort hann álítur, að byggja skuli hlöður fyrir alt þetta hey í einu, eða hvort byggja á jafnóðum og forðinn myndast. Sje það meiningin, þá þarf að byggja yfir 400 hesta á hverju ári í 30 ár. Og munu flestir renna grun í, hversu mikill kostnaður það mundi verða. — Um lýsiskaupin er það að segja, að nefndin lítur svo á, að þessi hugmynd hv. flm. (B. J.) sje að mörgu leyti góð, og framkvæmanlegri en hin hugmyndin. En þó finst henni ekki heppilegt að fara að *skylda* menn til að kaupa.

Jeg hygg, að hv. flm. (B. J.) hafi samt ekki athugað þetta svo vel, sem æskilegt væri. Því að ef við höldum okkur við dæmið, sem jeg tók áðan í Miðdalahreppi, þá yrði framlag bænda þar 29 kr. 30 a. á ári til lýsiskaupa (framteljendur 84). Ef nú potturinn er gerður 58 a. (eða tn. 70 kr.), þá verða það ekki nema 50 pt. af lýsi, sem hægt er að kaupa á ári fyrir framlög í þessum hreppi, en þar er hámarkið 7858 pt. Þetta sjá allir að er allsendis ófullnægjandi, svo framarlega sem það á að koma að nokkru haldi. Jeg er hræddur um, að mönnum mundi þykja seinunnið að ná þessu tiltekna lýsishámarki, því að í það mundi ganga hálfönnur öld rúmlega, þótt aldrei yrði neinu slept úr. — Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta frv. — Vitanlega hefir hv. þm. Dala. (B. J.) ekki meint annað en gott með þessu frv., og tilgangur hans verið sá að fyrirbyggja það, að hey þryti. En það verður að gæta allrar varúðar í þessum efnum, og ekki samþykkja annað en það, sem líkur eru fyrir að landsmenn geti sætt sig við. — Við höfum bæði samþyktir um heyforðabúr og kornforðabúr, og enn fremur forðagæslulögin. Og svo framarlega sem öllu þessu væri framfylgt sómasamlega, þá efast jeg ekki um, að það mundi duga. Að endingu vil jeg bæta því við, að nefndin leggur á móti þessu frv., og sjer ekki neitt, sem gæti rjettlætt, að það næði fram að ganga.

Bjarni Jónsson: Jeg get ekki sagt annað en að það gleður mig, að hv. landbúnaðarnefnd hefir tekið svo í þetta mál mitt. Það var ekki annað en það, sem jeg bjóst altaf við. Hv. frsm. nefndarinnar (J. J.) byrjaði mál sitt á því, að nefndin hefði ekki sjeð sjer fært að taka upp þá stefnu í heyforðamálinu, sem talað er um í frv. Það kann nú vel að vera. En þó stóð það þessari nefnd næst, og var jafnvel skylda hennar, að sýna fram á með rökum, hver ætti þá að vera stefnan framvegis. Það lítur helst út fyrir, að nefndin vilji halda sjer við þá stefnu, sem hefir verið hjer á landi í þúsund ár, að láta drepast úr hor á hverju einasta ári. Það hefir sem sje sýnt sig fyrir löngu, að þessi heimildarlög, sem til eru nú, og ætlað er að fyrirbyggja felli, eru algerlega gagnslaus. Það mætti alveg eins taka þau og brenna, því að þá hættu menn að standa í þeirri meiningu, að þau geri nokkurt gagn. — Þessir menn, sem eru þektir að því að haga sjer eins ár eftir ár, að vilja hætta öllu, í þeirri von að hafa mikið upp úr litlu, þurfa aðhald rík-

isins, ef þeir eiga ekki áframhaldandi að vera þessu landi til skammar. Þessir menn láta ekki undan neinu nema lögum, og þess vegna á að setja þau lög um þetta, sem þörf er á. — Það hefði óneitanlega verið viðkunnanlegra, ef þessi hv. landbúnaðarnefnd hefði lagst dálítið dýpra í þessu máli, og komist nær kjarna málsins, í staðinn fyrir að eyða öllum sínum tíma í að reikna út skrifvillur, er slæðst hafa inn í frv. — En um þetta verst nefndin allra frjetta. Þó hefir hún látið það uppi, að hún er stöðug í rásinni og heldur fast við sína fyrri skoðun, og sína skökku skoðun. — Það var mjer talsvert gleðiefni, því að á meðan get jeg þó verið viss um, að mín skoðun sje sú rjetta. — Það, sem nefndin hefir reiknað út um heyin í Miðdalahreppi, getur vel verið rjett. Jeg flyt þetta frv. fyrir bændur í Dalasýslu, og það eru þeir, sem hafa reiknað þetta út um heyforðabúrin. Jeg veit auðvitað ekki, hversu rjett þeir hafa reiknað, en hins vegar er jeg engan veginn sannfærður um, að nefndinni hafi ekki skjátlast í öllum sínum útreikningum. Það, sem er ámælisvert í framferði nefndarinnar, er það, að þegar hún sjer, að ofmikið er tiltekið í heyforðabúrin eftir frv., þá átti hún að gera þær breytingar, sem betur mættu fara. Í þeim tilgangi var þessu máli vísað til hennar, að hún lagfærði misfellurnar, og hjeldi sjer við stefnu frv., en ekki til hins, að hún ungaði út hártogunum og útreikningum, sem segja, hver niðurstaðan yrði, ef frv. yrði samþykt óbreytt. Þetta hefir hin virðulega landbúnaðarnefnd gert, og telur það svo gilda ástæðu til að fella frv. nú þegar. — Það er líkt að segja um lýsið. Það hefir að líkindum verið misreiknað hjá höfundum frv., því að jeg hefi ekki komið þar nærri. En það er eins með þetta og hitt, að nefndin átti að koma samræmi í þetta, og það átti að vera henni hægur vandi, þar sem hún er svo fær í öllum reikningi. Ekki getur hún borið fyrir sig tímaleysi, því að hún hefir nú legið á þessu frv. í hálfan annan mánuð, og svo verður útkoman þessir útreikningar úr Miðdalahreppi, sem jeg efast um að sjeu rjettir. — Það mætti heita undarlegt, ef þessir hv. nefndarmenn eru það miklu gáfaðri en greindir menn í Miðdölum, að þeir hafi á rjettu að standa. En ef nú það væri tilfellið, þá hefði þeim veist því auðveldara að færa þessar villur til betri vegar. — Nefndin hefir reiknað út af mikilli list, að það þyrftu 150 ár til að safna þessu hámarki af lýsi, sem tiltekið er í frv. En það hefði verið öllu fróðlegra, ef hún hefði reiknað út, hvað það líður mikið meira en 150 ár, þangað til önnur eins landbúnaðarnefnd situr hjer á þingi. — Þar sem nefndin talar um þann kostnað, sem þetta hafi í för með sjer, þá kemur sú skoðun berlega í ljós, að landbúnaður sje svo arðvænleg atvinna, að einu gildi, þótt menn kasti stofni sínum í hor annaðhvert ár, því að alt standi jafnföstum fótum eftir sem áður. Það er ekki um hann, eins og aðra atvinnuvegi, að þar þyki nauðsynlegt að leggja í varasjóði og viðhafa alla aðgæslu.

Hv. frsm. (J. J.) varð tíðrætt um það, að það mætti ekki ganga nærri bændum, með því að setja þeim neinar bindandi reglur. Jeg veit þó ekki betur en að þeir sömu búforkar hafi samið lög og skyldað þar með þessa heilögu menn til að þvo fje sitt einu sinni á ári. Jeg get ekki skilið, að það sje svo miklu meir áríðandi en alt annað, að það eitt sje leyfilegt að skylda þá til að þvo ullunum sínum í framan á hverju ári. — Allir vita, að þessi sama nefnd gerði ekki meira úr embættismönnum en það, að hún vildi heimta af þeim sveitarvottorð fyrir dýrtíðaruppbótinni. En maður skyldi þá ætla, að hún metti þá jafnmikils og þessar ullur sínar, eða þá, sem drepa þær úr hor. En sú virðist nú ekki raunin, þar sem þeim er

gert það hærra undir höfði, að ekki má með nokkru móti taka fram fyrir hendur þeirra. Það hefði annars verið gaman að því, ef nefndin hefði reiknað út öll þau ósköp, sem hafa verið drepin úr hor hjer á landi, og þá hefði hún má ske getað sjeð, hvort það mundi svara kostnaði að byggja þessar hlöður undir heyforðann. En það er nú ekki því að fagna. Heldur hefir hún tafið málið alt þetta þing, og þegar svo álit hennar kemur, þá er það alt hártoganir, í staðinn fyrir viturlegar tillögur.

Henni þóknast að vísa mönnum á og mæla með kornforðabúrum. Það er víst af því, að nú er svo hægt að ná í kornvöru hingað frá útlöndum; þá er auðvitað sjálfsagt að fæða skepnurnar á þessu korni. En þá gæti maður búist við, að nefndin legði til, að mönnum væri gefið hey í staðinn. Því að það er ekki víst, að það sje svo fjarri sanni, að sumir sjeu svo miklir grasbítir.

Annars skal jeg enda á því, er jeg byrjaði á, að það gleður mig, að jeg stend hjer einn uppi nú, því að þá veit jeg, að þetta mál á framtíð fyrir sjer. Það var svo um 3 eða 4 mál á aukaþinginu í vetur, að jeg stóð einn uppi, en nú eru sum þeirra mestu áhugamál þingsins, er þingmenn voru búnir að jörtra á þeim eitt misseri. Væntir mig, að þegar þessi fluggáfaða landbúnaðarnefnd er búin að hugsa um mál þetta eitt ár, muni hún sannfærð um, að rjett sje að setja upp hey- og lýsisforðabúr með nokkrum hætti.

Það er ein hin mesta fásinna, að eigi sje unt að koma slíkum forðabúrum upp vegna stríðsins. Það er einmitt vegna stríðsins aukin ástæða til að koma þeim upp og sjá um, að ekki falli stofn. Ef nokkurn tíma hefir riðið á að setja varlega á, þá er það nú. Hvar stöndum vjer, ef fjárstofn fellur í vor? Það er mikið rjett, að ekki er hægt að koma upp heyforðabúrum nú í ár. En hefði nefndinni þóknast að vinna sleitulaust að málinu og flýta því, hefði vel mátt setja bráðabirgðaákvæði í lögin um dálítinn forða til vara næstá vor. Þar sem allir vita, að nú er engin hrossasala, og ágóði lítill af kjötsölu, má búast við, að menn setji djarfar á nú en nokkru sinni áður, og getur þá vel orðið fjárfellir í vor, af því að enginn gætir sín, og aldrei má samþykkja neitt annað en eitthvert ónýtt samþyktaþvaður, sem aldrei er framkvæmt. En sú vitra landbúnaðarnefnd sefur vært, og verður úrill, ef ýtt er við henni.

„Syngi, syngi svanir mínir,
svo hann Hlini vakni".

En hjer mun meira við þurfa.

„Hringli, hringli horbein hátt,
svo nefndin vakni.

Svo getur og farið hjer, og ann jeg þá landbúnaðarnefndinni að vakna við vondan draum.

Frsm. (Jón Jónsson): Landbúnaðarnefndin tekur sjer varla nærri, þótt háttv. þm. Dala. (B. J.) láti geðvonsku sína bitna á henni; það hefir hann oft gert áður, og nefndin stendur jafnúpprjett eftir sem áður.

Nefndin sá það auðvitað í hendi sjer, að hún gat gert breytingar á frv., svo að það yrði aðgengilegra en nú, en eins og jeg gat um áðan er nefndin móti þeirri stefnu, er þar kemur fram; vill ekki skylda menn þannig. Fann hún því enga ástæðu til að gera breytingar á frv., og lagði því til, að það yrði felt. Það var alment álitið í nefndinni, að þingið ætti ekki að gera annað en að hvetja menn til að gá að sjer og sjá sjer farborða. Það hefir nú verið samþykt hjer í deildinni þingsál.till. um, að sveitarstjórnir skuli sjá um þetta. Það er sú rjetta stefna, og jeg er sannfærður um, að markið næst langbest með þessu móti. Það er alger misskilningur, að svona lög geri gagn. Sjá allir,

hvernig gengur með þau lög í landinu, er ganga nærri frelsi einstaklingsins og rjetti. Hvernig gengur með bannlögin t. d.? Svipað er um forðagæslulögin, og getur þó varla heitið, að þau gangi nærri rjetti manna, í samanburði við þetta frv. Ef mönnum finst sjer misboðið með einhverjum lögum, neita þeir gersamlega að hlýða lögunum. Það ætti hv. þm. Dala. (B. J.) að sjá, að það er óheppilegt að setja landsmönnum þau lög, er þeir sjá sjer ekki fært að hlýða. Og hversu sterk orð sem háttv. þm. Dala. (B. J.) hefir um þetta mál, er nefndin viss um, að menn munu ekki fella úr hor, þótt þeir fái að ráða sjer sjálfir, með eftirliti því, er forðagæslulögin kveða á um.

Bjarni Jónsson: Það er undarlegt, að nefndin vildi umsvifalaust fella frv., ef hún hefir ekki fundið annað að athuga við það en að það var gagnstætt þeirri stefnu, er hún hefir fylgt hingað til. Og ef stefnan er og hefir lengi verið sú, er frsm. (J. J.) segir, hvers vegna lá nefndin þá svo lengi á, hví gat hún ekki ungað út þessu viturlega nál. fyr, eða var hún svona lengi að leita að sinni eigin stefnu? Annars er það skrítileg löggjafarstefna, ef haft er móti lögum, eða þau brotin, að þá skuli hætt að setja lög. Þá getur Alþingi farið heim þegar, því að öll lög mæta einhverri mótspyrnu eða eru eitthvað brotin. Eftir þeirri meginreglu háttv. frsm. (J. J.) ætti engin lög að setja. En jeg hafði hugsað, að rjett væri, að löggjafarvaldið setti þau lög, er það teldi viturleg og góð fyrir framtíð þessa lands, en færi ekki eftir því, hvort allir hlýði þeim eða ekki. Auk þess vita allir, að ef framkvæmdarvaldið er í lagi, verður lögunum hlýtt. Það er ekki meira að hlýða þessum lögum en öðrum, og jeg ímynda mjer, að auðvelt sje að fá menn til að hlýða þeim.

Annars getur vel verið, að þessari mjög svo háttv. landbúnaðarnefnd sje sama, hvað þm. Dala. segir, en henni getur varla verið sama um skoðun Torfa heitins í Ólafsdal, sem ungur og gamall hafði brennandi áhuga á stofnun slíkra forðabúra. Þótt í þessari nefnd sitji miklir búspekingar, og geti talað háðulega um þingmann Dala., munu þeir ekki geta knjesett Torfa heitinn í Ólafsdal. Hann mun eiga mikil ítök í hugum manna, jafnvel þótt í móti skoðun hans sje ritað af annari eins ritsnild og fram kemur í nál.

Jeg hefi ekki tíma til að laga galla frv. til 3. umr., enda var það verk nefndarinnar, sem hún sveikst um. Læt jeg menn ráða, hvernig þeir greiða atkvæði, og uni því vel að standa nú einn, því að þá tel jeg því meiri líkur til, að Alþingi fallist á frv. næst er það kemur saman.

ATKVGR.

1. gr. frv. feld með 15 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., M. P., B. Sv., B. J., E. A., Ó. B.

nei: E. J., G. Sv., H. K., J. J., M. G., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. St.

5 þm. (J. M., M. Ó., P. J., B. K., E. Árna.) voru fjarstaddir.

Frv. því

fallið.

18. Merkjalög.

Á 18. fundi í Nd., fimtudaginn 26. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til merkjalaga (A. 162).

Á 23. fundi í Nd., fimtudaginn 2. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Mjer þykir hálfleitt, hve hjer eru þunnskipaðir bekkir, og allóviðfeldið, að þingmenn skuli gegna öðrum störfum meðan á þingfundum stendur.

Jeg skal taka það fram, að jeg er ekki höfundur nje upphafsmaður þessa frv., því að það er að mestu eða öllu leyti verk núverandi forseta Búnaðarfjelags Íslands. Jeg hafði ætlað mjer að flytja frv. um breytingu á gildandi landamerkjalögum, en hætti við það, þegar jeg var beðinn að flytja þetta frv.

Það eru aðallega tvær ástæður fyrir þessu frv. Önnur sú, að landamerki milli jarða eru víða úti um land í mestu óreiðu og hin, að sannvirði jarðanna verður fremur hægt að finna, ef frv. verður að lög um. Gildandi landamerkjalög eru frá 1882, og í þeim er gert ráð fyrir, að allur landamerkjaágreiningur skuli gerður upp innan 5 ára, að viðlögðum sektum. Þessi tími varð ekki nægilega langur, og þegar hann var liðinn, var skamt komið, svo að 1887 var lögunum breytt og 2 árum bætt við hinn ákveðna skyldutíma og sektirnar jafnframt ákveðnar tvöfaldar að honum loknum. Árangurinn af lögunum og breytingunni hefir ekki orðið annar en sá, að enn er ágreiningur um landamerki mjög víða og sektarákvæðum hefir aldrei verið beitt. Víða má segja, að þrætulöndin skifti ekki miklu máli, og er þar því nokkur ástæða fyrir hlutaðeigendur að hika við að leggja út í dýr málaferli. Annarsstaðar, þar sem meiru máli skiftir, vantar menn ábyggilegar heimildir, og verður því málshöfðunin í undandrætti.

Úr þessu vill frv. bæta, á þann hátt að skylda landeigendur til þess að gera upp landamerki sín fyrir vissan tíma, 1920, og jafnframt að losa þá við málshöfðun, en að sýslumenn stefni öllum ágreiningsaðiljum fyrir landamerkjadóm, sem útkljái málið. Hreppstjórar eru eftir frv. skyldir að sjá um, að menn geri upp merki sín og undirskrifi merkjalýsingu, og held jeg, að það hafi mjög mikla þýðingu, að því leyti, að mikið af hinum smærri ágreiningi myndi gerast upp fyrir þeirra tilstilli, til þess að komast hjá málarekstri og kostnaði. Jeg get nefnt dæmi þess úr mínum hreppi, að 2 bændur komu sjer saman um, að hreppstjóri skyldi gera út um landamerkjaágreining þeirra. Jeg hygg því, ef hreyfing kemst á þetta mál, í þessa átt, að þá muni mikið lagast, án þess að til málaferla þurfi að koma, og er þá óneitanlega mikið unnið. Hve miklu þetta skiftir viðvíkjandi mati á jörðum er auðvelt að sýna. Matsmönnum er gert að skyldu að meta sjerstaklega öll þrætulönd, en nú getur svo hagað til, ef þau eru slægjulönd eða beitilönd, að önnur jörðin, sem á hlut að máli, sje beitarlaus eða slægjulítil. Nú meta matsmenn þrætulöndin eftir almennu gildi þeirra, án þess að taka tillit til þess, að þau geta verið miklu meira virði fyrir aðra jörðina en hina, því að þeir eiga þar ekki að dæma um rjettmæti ágreiningsins. En sú jörðin, sem vantar tilfinnanlega þau gæði, sem í þrætulandinu eru fólgin, verður tiltölulega oflág í mati. Og hin jörðin, sem ekki þarfnast þess, hækkar ekki að sama skapi. Það má segja það galla á frv. þessu, að það sje ekki komið áður en jarðamat fer fram, og jarðirnar verði því að þessu leyti með fölsku mati. En það er þó ekki nema takmarkaðan tíma, þar til búið er að jafna þetta, sem sje við næsta jarðamat eftir það, sem nú stendur yfir.

Af þessu, sem jeg nú hefi sagt, er það augljóst, að þessi ákvæði frv. bæta mjög úr og gera enda á því ólagi, sem nú er á í þessum efnum. Þótt nú ætti að fara að beita gömlu sektarákvæðunum, yrði

það bæði óeðlilegt og sektirnar gífurlega háar, því að þær hafa nú safnast í ein 27—28 ár. Það er vitanlega að kenna vanrækslu frá sýslumanna hálfu, en um það þýðir ekki að sakast. Það er ýmislegt í frv., sem mætti breyta; jeg er ekki ánægður með það alt, en tel ekki ástæðu til að fara frekar út í það við þessa umræðu málsins, en vil leyfa mjer að stinga upp á, að því verði vísað til allsherjarnefndar. Jeg skal reyndar játa, að þetta er landbúnaðarmál, en það er svo margt í því rjettarfarslegs eðlis, að jeg treysti miður landbúnaðarnefnd, sem engir lögfræðingar eru í, til að fjalla um málið. En í allsherjarnefnd eiga sæti 2 góðir lögfræðingar.

Magnús Guðmundsson: Jeg vil að eins geta þess, að allsherjarnefndin er nú svo störfum hlaðin, að hún getur ekki tekið við þessu máli. Sje heldur ekki annað en að hjer sje um algert landbúnaðarmál að ræða. Ef landbúnaðarnefndin telur sig þurfa aðstoð lögfræðings, þá getur hún bætt við sig manni.

Annars skal jeg geta þess, að svo virðist, sem ætlast sje til samkvæmt frv., að þinglýsa skuli *öllum* landamerkjum. Það er ekki hægt að sjá það, hvað eru ný landamerki og hvað ekki, því að landamerkin geta hafa týnst eða önnur örnefni nefnd, þótt landamerkjalínan sje sú sama. Jeg sje ekki, að það geti komið til mála að fyrirskipa að skrifa að nýju upp allar landamerkjabækur. Það ætti að vera óþarfi að rita upp önnur landamerki en þau, sem ekki hefir verið þinglýst síðan 1882, en þær jarðir, sem svo stendur á um, munu vera tiltölulega fáar. Venjulega rís landamerkjaágreiningurinn nú af því, að það hefir verið vanrækt að setja upp þau landamerki, sem ákveðin hafa verið.

Pjetur Jónsson: Jeg býst við, að hv. flutnm. (Þór. J.) hafi skýrt þetta frv. í framsöguræðu sinni. En bæði jeg og fleiri vorum ekki við, er hann hjelt framsöguræðu sína, og höfum ekki haft tíma til að lesa þetta frv. saman við merkjalögin, sem nú gilda, og svo er um mörg fleiri frv., sem nú liggja fyrir þinginu. Jeg skal því ekki gera frv. sjálft að umtalsefni, heldur greinargerðina, sem því fylgir. Það er svo um flest málin, sem koma til þingsins, að þeim fylgir sama sem engin greinargerð. Flestir skírskota til framsöguræðunnar, en það er nú svo, að oft er búið, áður en hún er haldin, að þreyta mann með löngum ræðum, enda oft svo mikill ys í deildinni, að ógerningur er að taka eftir því, sem fram fer.

Það virðist því eiga að vera á þeim vegi, að gera að engu það ákvæði þingskapanna, að greinargerð fylgi hverju frv., til þess að ljetta þingmönnum fyrir að skilja málið. Það er beint ofþjökun á kröftum okkar þingmanna, með öllum þessum málafjölda, að taka á móti málunum svona undirbúnum. Vil jeg skjóta því til hæstv. forseta að bæta úr þessu, þótt það þá kostaði frávísun á málum, sem sama sem engin greinargerð fylgir.

Jeg vona, að háttv. flm. þessa frv. (Þór. J.) misvirði það ekki við mig, að jeg kem fram með þetta nú. Jeg stíla ekki ræðu mína neitt sjerstaklega til hans, heldur alment, þótt að vísu sjeu heiðarlegar undantekningar.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Jeg skal stuttlega svara hv. 1. þm. Skagf. (M. G.). Jeg tók það fram áðan, að sum atriði frv. gæti jeg ekki felt mig við, og má vel vera, að breyta mætti þinglýsingarákvæðinu. En hvað það snertir, að þinglýsingu landamerkja hafi alment verið framfylgt, þá get jeg ekki verið á sama máli. Jeg þekki

til á Norðurlandi. Þar mun það ekki vera óvíða, sem trassað hefir verið að fara eftir ákvæðum laganna, bæði um þinglýsingar og viðhald merkja. Sömuleiðis talaði jeg við mann hjeðan af Suðurlandi um daginn. Hann sagði vera ágreining um landamerki mjög víða hjer, gat upp á svo sem á annari hverri jörð, og þótti mikils um vert, ef lög um þetta hefðu náð gildi áður en matið byrjaði.

Hitt, sem hann (M.G.) tók fram, að þýðingarlaust væri að þinglýsa aftur því, sem áður hefir verið þinglýst, er alveg rjett, þar sem enginn ágreiningur er

Mjer þykir það sitja illa á hv. þm. S.-Þ. (P. J.) að koma fram með ákúrur út af greinargerð þessa frv., þegar hann var ekki inni til að hlusta á ræðu mína, þar sem jeg gerði grein fyrir frv. Og jeg vil því, eins og hann, skjóta máli mínu til hæstv. forseta og biðja hann að sjá um, að menn sitji á þingfundum.

Annars má lengi deila um það, hve nær greinargerð sje fullkomin eða ekki. En ekki situr það frekar á hv. þm. S.-Þ. (P. J.) en öðrum að finna að greinargerð þessa frv. Greinargerðirnar eru oft, ekki síður hjá honum en öðrum, tómur hjegómi, að eins til þess að fylgja ákvæðum þingskapanna. Og ekki get jeg gert hv. þm. (P. J.) það til geðs að taka neitt upp aftur af því, sem jeg hefi um málið sagt, en vísa að eins til þess. Jeg hefði getað tekið þessa vandlætingu vel upp af ýmsum hv. þingmönnum, en af hv. þm. S.-Þ. (P. J.) get jeg það ekki. Jeg býst við, að ýmsar breytingar muni gerðar á frv. í nefndinni og kippi mjer ekkert upp við það. En jeg held, að frv. sje veruleg bót frá því, sem nú er.

Pjetur Jónsson: Jeg sje ekki, að hv. flm. (Þór. J.) hafi hrakið neitt af því, sem jeg sagði. Jeg hjelt því fram, að forseti yrði að ganga eftir því, að þingsköpin væru haldin, og jeg skal bæta því við, að hann verður fremvegis að vísa frá slíkum frv. sem þessu, því að það er alveg óhæfilegt að demba greinargerðarlausum frv. hjer inn á þingið, þvert ofan í fyrirmæli þingskapanna. Það er ekki ofmikið heimtað af neinum, sem flytur mál inn á þingið, að hann ljetti þingmönnum sem mest fyrirhöfnina að setja sig vel inn í málið. Það er beint sparnaður á tíma og kröftum. Jeg vil segja það, að greinargerðin fyrir þessu frv. er alveg engin. Hjer er ekki einu sinni skýrt frá því, að til sjeu áður lög um þetta efni, hvað þá að skírskotað sje til þeirra laga, nje sýndur munurinn á þeim og þessu frv.

Jeg hefi ekki haft tíma til að bera frv. þetta saman við merkjalögin, og get því lítið sagt um efni þess. Jeg sje, að dómnefnan er önnur samkvæmt þessu frv. en eftir lögunum, en jeg get ekki sjeð, að þetta fyrirkomulag sje miklu umsvifaminna eða á nokkurn hátt betra en áður var. Jeg skal játa það, að landamerkjalögin frá 1882 voru ekki nógu fullkomin, en jeg sje ekki, að þetta frv. bæti fyllilega úr göllum þeirra. Það, sem með þarf, er strangara eftirlit með því, að tilgangi merkjalaganna sje fullnægt, þ. e. að koma á ótvíræðum landamerkjum. En ákvæði frv. í þessa átt virðast mjer mjög ófullkomin.

Eitt er alveg áreiðanlegt. Þetta frv þarf mikillar athugunar við í væntanl. nefnd, hver sem hún verður, því að málið er mikilsvert.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Jeg skal ekki fara neitt út í það, sem hv. þm. S.-Þ. (P. J.) hafði að athuga við frv. sjálft. En á hinu get jeg ekki annað en furðað mig, að hann skuli vilja venja hv. þm. af því að lesa annað en greinargerð frv.,

og þó taka sjálf þingsköpin það fram, að hún skuli vera „*stutt*“. Það er hægur vandi að benda á það, að nefndarálit er nú ekki alls fyrir löngu komið frá þessum hv. þm. (P.J.), sem ekki er nema örfáar línur, en sagt þar, að nánari grein skuli gerð fyrir frv. við framsöguna. Ef nú margir hv. þingmenn hefðu sama siðinn og hv. þm. S.-Þ. (P. J.), væru mjög sjaldan í sætum sínum eða inni í þingsalnum meðan þingfundir stæðu yfir, þá myndu þeir missa af upplýsingum í framsöguræðu. Jeg trúi því þó tæplega, að hann ætlist til, að nefndarálitin sjeu styttri en greinargerðirnar fyrir frv. sjálfum.

Það er ekki rjett, að tilgangi merkjalaganna verði ekki betur náð með þessu frumvarpi en gildandi lögum. En um það hefi jeg áður talað og tek það ekki upp aftur.

Magnús Guðmundsson: Jeg skal geta þess, til athugunar fyrir hv. nefnd, að jeg álít það vera alveg nóg, að sýslumönnum væri gert að skyldu að fara í gegnum landamerkjabækurnar og senda svo hreppstjórum skýrslur um, hvaða jarðir í hverjum hreppi hefðu ekki þinglesin landamerki, og jarðeigendum gert að skyldu að bæta úr þessu innan ákveðins tíma, að viðlögðum sektum.

Forseti: Þess skal getið í sambandi við ræðu hv. þm. S.-Þ. (P. J.), að hvað sem líður frv. því, sem hjer liggur fyrir, þá verður því ekki neitað, að það kemur stundum fyrir, að hin lögskipaða greinargerð fyrir frv. er ekki fullnægjandi. Hann (P.J.) benti á það ráð, til að sporna við þessu, að forseti tæki upp þann sið að vísa slíkum frv. frá. Það hygg jeg að ekki yrði vinsælt, og ef ágreiningur yrði, gæti það orkað tvímælis, hvort alls kostar heppilegt væri að leggja fullnaðarúrskurð í þessu efni á vald forseta. Við undirbúning þingskapa þeirra, er nú gilda, kom það til tals, að skipa ætti sjerstaka þingnefnd til að skera úr, hvort frv. væru frambærileg eða ekki. En það fyrirkomulag þótti ofmikil takmörkun á frumkvæðisrjetti þingmanna. Jeg hygg, að eina ráðið sje, að þingmenn sjálfir taki sjer fram um þetta og hafi það hugfast að gera sæmilega grein fyrir hverju frv., sem þeir flytja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um að vísa frv. til allsherjarnefndar feld með 14:5 atkv.

Frv. vísað til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1612) í e. hlj.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 162, 534, n. 540).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., þriðjudaginn 28. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 162, 534, n. 540 og 638).

Frsm. meiri hl. (Pjetur Þórðarson): Eins og hv. flm. þessa frv. (Þór. J.) skýrði frá, við 1. umr. þess hjer í deildinni, þá mun það vera samið af formanni Búnaðarfjelags Íslands, Eggert Briem. Þessi maður er, eins og allir vita, skýr og glöggur á alt, sem að landbúnaðarmálum lýtur. Allir geta því sjeð, að hann myndi því að eins hafa hreyft þessu máli, að honum hefði verið kunn þörfin á þess konar lögum. Jeg býst því við, að allir muni fallast á, að nauðsyn beri til að setja

einhver lög um þetta efni, frekari en þau, sem nú gilda.

Landbúnaðarnefndin hjer hefir nú haft frv. þetta til meðferðar og athugað það vandlega. Nefndin hefir að sönnu *öll* kannast við, að víða mundi vera ágreiningur um landamerki og landamerki óglögg, og að því væri rjettmætt, að ráðin yrði bót á þessu. Hins vegar hefir nefndin ekki getað orðið á einu máli um leiðina. Meiri hl. hefir komið fram með brtt. á þgskj. 534 og nefndarálit á þingskjali 540, og vona jeg, að allir hv. deildarmenn hafi kynt sjer þau skjöl. Jeg skal geta þess, að þótt minni hlutinn hafi ekki getað átt samleið með okkur hinum, þá á hann þó sinn góða þátt á breytingartillögunum á þingskjali 534.

Jeg skal þá snúa máli mínu að nefndaráliti hv. minni hl. á þgskj. 638. Helstu ástæðurnar, sem þar eru teknar fram, eru þær, að verkið sje svo umfangsmikið og kosti svo mikla skriffinsku og fyrirhöfn, að ekki komi til mála að samþykkja frv. Helst sýnist þar vera átt við það ákvæði í frv., að semja skuli að nýju allar landamerkjalýsingar og landamerkjaskrár á landinu.

Jeg hygg, að þetta sje ekki alls kostar rjett. Sje svo, að alt sje eins glögt og það á að vera, þá tekur þetta ekki lengra en það, að hver maður þarf að senda brjef sem ekki er lengra en hvert meðalsendibrjef, til sýslumanns, en sje eigandi jarðar fjarverandi, þá hefir hann venjulega einhvern umboðsmann í grendinni, og þarf þetta því ekki að kosta nein fjárútlát. En sje nú svo, að vanrækt hafi verið að þinglýsa landamerkjum, þá kostar það auðvitað meiri fyrirhöfn, en er þá heldur ekkert annað en það, sem þarf til að framfylgja eldri lögum, og verður það tæplega talinn óþarfi.

Hv. minni hl. hefir rjett fyrir sjer í því, að ekki verða slíkar landamerkjagerðir teknar upp án þess, að það kosti ómak og fyrirhöfn. Það er ætíð fyrirhafnarminst að hafast ekkert að. Það kostar jafnan minna ómak að vera neikvæður en jákvæður í hvaða máli sem er. En það get jeg ekki sjeð, að horfa eigi í nokkra fyrirhöfn, þar sem mörgum góðum mönnum kemur saman um, að þetta sje nauðsynjamál. Hjá þessu verður ekki komist, ef vel á að vera.

Áður en jeg fer út í einstök atriði skal jeg nefna dæmi, sem skýrt getur betur en nokkur orð þörfina á endurnýjun landamerkja. Jeg er við riðinn fasteignamatið í því hjeraði, sem jeg á heima í. Við athugun á landamerkjalýsingum og skrám kom það í ljós, að víða varð lítið gagn af þeim haft. Eru þó til þinglesnar landamerkjaskrár, sem grípa yfir allar jarðir og óbygðar lendur viðkomandi hreppa. En það var ýmist, að engin merki voru sett, eða merkjalýsingarnar ósannar. Það voru jafnvel til landspildur í grend við landamerki, sem ókleift var að segja um, til hvaða jarðar heyrðu. Það hafa sagt mjer mætir menn, að víðar muni eins ástatt, svo að ekki verður móti því mælt, að talsverð þörf er nýrrar merkjagerðar.

Þá skal jeg fara nokkrum orðum um einstakar greinar frv., og þá sjerstaklega í sambandi við breytingartillögur nefndarinnar.

1. brtt. á þgskj. 534, við 1. gr. frv., er að mestu að eins orðabreyting. Þar er þó strax gert ráð fyrir því, að sett sjeu glögg merki. Það er ekki nóg að skipa fyrir um viðhald á merkjum fyrir jörðum þar sem engin merki er að sjá. Það er tekið fram um margar leigujarðir, að leiguliðar skuli halda við landamerkjum, en þeirri samningsskyldu er oft ekki hægt að fullnægja, þar sem engin landamerki eru til. Því hefir meiri hluta nefndarinnar sýnst sanngjarnt að gera merkjagerð, þar

sem engin merki eru, að lagaskyldu. Í 1. gr. landamerkjalaga, nr. 5, 17. mars 1882, er að vísu ætlast til, að landamerki sjeu sett, en það hefir oft ekki verið gert, og þótt merki hafi verið skráð og hugsuð, þá eru þau oft ekki til, þegar að er gáð; þau hafa aldrei verið til nema á pappírnum. Ætlast er til, að þessi skylda nái og til ítaka. Að öðru leyti er greinin eins og ætlast var til í frv. Yfirleitt er það um brtt. við 1., 2. og 3. gr. að segja, að þær breyta ekki miklu um það, sem nú er í lögum.

Í brtt. við 2. og 4. gr. er ætlast til, að hreppstjórar hafi eftirlit með því, að merki sjeu sett. En eftir gildandi lögum er eftirlitið með, að merki sjeu gerð og merkjalýsingar rjettar, falið sýslumönnum. Það var einróma álit nefndarinnar, að þetta hafi verið fráleitt, vegna aðstöðu sýslumanna og ókunnugleika. Aftur standa hreppstjórar vel að vígi með að hafa eftirlitið á hendi. Er því sjálfsagt að fela þeim það.

Helstu breytingar, sem frv. og brtt. nefndarinnar gera á núgildandi lögum, eru tilgreindar í nefndarálitinu, og get jeg látið mjer nægja að vísa til þess. Samt skal jeg bæta því við, að jeg geri ráð fyrir, að frv. geti enn tekið einhverjum bótum, og verður góðgjörnum tillögum hv. deildarmanna tekið með þökkum af nefndinni.

Umr. frestað.

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. sept., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hlutans (Stefán Stefánsson): Eins og nefndarálit okkar minni hlutans ber með sjer gátum við hvorki fallist á frv. á þgskj. 162, nje heldur á brtt. meiri hluta nefndarinnar við frv. Við álítum sem sje enga þörf á að skrifa upp öll merki, þar sem landamerkjaskrár eru til, þinglýstar og undirskrifaðar af öllum aðiljum. Þetta álitum við svo mikla fyrirhöfn, og hana alls óþarfa, að fara að gera að nýju allar landamerkjaskrár í landinu, hvort sem nokkur ágreiningur er um merkin eða ekki, að slíkt geti ekki til mála komið. Almenningur mundi ekki taka því með þökkum að vera neyddur til þess að standa í svo tilgangslausu starfi, þegar ekkert væri um að deila eða við að gera. Jeg veit það að vísu, að á nokkrum stöðum, og það sjálfsagt á nokkuð mörgum stöðum á landinu, er ágreiningur um landamerki, sem þarf að jafna. En hinir staðirnir, eða þær jarðirnar, eru þó langtum fleiri, þar sem ágreiningurinn er enginn, að líkindum í 9 tilfellum af 10 eða jafnvel enn fleirum, og það er mjer t. d. kunnugt, að í minni sveit er merkjaágreiningurinn að eins á milli tveggja jarða, og þar af leiðandi mundi því verða mjög misjafnlega tekið í minni sveit, ætti nú að fara að skrifa upp allar landamerkjaskrár. En ef nema ætti þetta ákvæði burt úr frv., þá þyrfti að gera svo gagngerðar breytingar á því, að líklega yrði ekki hjá því komist að búa til nýtt frv., en til þess vanst okkur ekki tími að þessu sinni, og af þessari ástæðu fórum við ekki heldur eins nákvæmlega út í athugun einstakra greina í frv., þar sem við litum svo á, að ekki gæti komið til mála að skylda menn til að gera nýjar merkjalýsingar, sem áður væru glöggar og ágreiningslausar, því að þótt það yrði gert, þá er ekki öldungis víst, að liði á mjög löngu áður en ágreiningur risi upp á ný. Merkjavörður geta hrunið eða eyðilagst og ágreiningur orðið um örnefni, og menn því orðið í vafa um, hvar eða hver þau merki eru, sem lýsingin á við, en þá er ástæða fyrir hvern, er hlut á að, að láta gera merkjaskrá á ný. Við höfum því, af nefndum ástæðum, lagt til, að frv. verði felt. En sjáist einhver leið til

að breyta því, svo að við megi hlíta, eða vísa því til stjórnarinnar, þá munum við ekki verða því mótfallnir.

Þórarinn Jónsson: Jeg er þakklátur meiri hluta nefndarinnar fyrir það, að hann hefir tekið vel í málið, þótt hann hafi fundið ástæðu til að gera athugasemdir við frv. í ýmsum greinum. En mjer þykir leitt, að minni hlutinn hefir ekki sjeð sjer fært að koma með neina breytingu, sem gæti bjargað frv. við, þótt nál. þess hlutans komi miklu seinna fram en nál. og brtt. meiri hlutans. Minni hlutinn leggur til að frv. verði felt, og þó er það ekki nema eitt atriði, sem hann telur sjerstaklega þörf á að breyta. Það er einkennilegt að leggja til, að frv. sje felt alveg, en viðurkenna þó, að þörf sje á mörgum ákvæðum, sem í því standa. Allir nefndarmenn eru sammála um það, að ágreiningur um merki eigi sjer stað, og að þörf sje á að ráða bót á honum. Frv. ætlast til, að horfið sje frá því, að sáttastefnu þurfi til að byrja þess konar mál. Þetta ákvæði er ekki nýtt. Það er til í lögum um mæling og skrásetning lóða og landa í Reykjavík. Þar er ákveðið, að öllum þrætum um merki skuli stefnt fyrir merkjadóm. Þessu ákvæði er fylgt í þessu frv. Menn kynoka sjer við að stefna grönnum sínum, þótt ágreiningur sje um merkin, og þess vegna helst ágreiningurinn óútkljáður mann fram af manni. Ágreiningur um merki er einmitt nokkuð mikill, einkum hjer á Suðurlandi, og menn eru spentir fyrir, að þetta mál komist fram. Margt er líka, sem mælir með því. Í lögum um fasteignamat er gert ráð fyrir, að þrætulönd skuli metin sjer. En hver á þá að borga skatt af þeim löndum, sem enginn veit hver á? Þetta er eitt atriði, sem mælir með því, að frumvarpið sje ekki tafið um of. Háttv. frsm. minni hlutans (St. St.) kvað frv. baka mönnum svo mikið umstang. Það er alveg rjett, að fyrirhöfnin er nokkuð mikil fyrir sýslumenn með skrásetning landamerkja. En aðalfyrirhöfnin liggur þó á hreppstjórum, að fá afgerð merkin, og í mjög mörgum tilfellum myndu þeir jafna þræturnar. Jeg hygg, að hægt væri að breyta frv. til 3. umr., ef það þykir þess vert, að það eigi fram að ganga, og lögfræðingarnir telja ekkert því til fyrirstöðu frá rjettarfarslegri hlið, og má því vænta stuðnings frá þeim í því efni.

Jeg skal þá fara örfáum orðum um brtt. meiri hluta nefndarinnar; þær eru að mestu orðabreytingar, svo að efnisbreytingar verða ekki taldar nema 3.

Við 2. gr. leggur nefndin það til, að hreppstjórar, hverjir í sínum hreppum, hafi eftirlit með því, að sett sjeu glögg merki. Þetta má telja eigi lítilsvert eftirlit, og alllíklegt, að hreppstjórum þyki sjer eigi lítið íþyngt með því, þar sem það er nú svo, að ruglingur getur komið upp um merki víðar en þar, sem ágreiningur er nú, t. d. við ábúendaskifti á jörðum, þegar girðingar eru gerðar á merkjum o. fl.

Önnur efnisbreytingin er sú að leggja dagsektir við vanrækslu á að senda merkjalýsingar. Þetta getur haft nokkra þýðingu, en einhlítt er þetta þó ekki, þótt ekki vilji jeg gera það að kappsmáli, en naumast á það að spilla.

Þriðja efnisbreytingin lýtur að því að haga útnefningu dómsmanna eins og í gömlu lögunum. Það má vera, að þetta sje hentugra, en jeg held nú samt, að á sama standi um það, og skal ekki gera þetta að umtalsefni. En líta má á það, að þó að ákvæðum frv. sje fylgt, geta menn altaf, eftir almennum lögum, fengið þann úr dómi, sem vilhallur verður talinn. Að öðru leyti er um orðabreytingar að ræða, sem ekki skifta máli.

En fleiri breytingar gætu nú komið hjer til greina, t. d. á því, að málsrekstur fari fram á undan merkjagöngu, Þetta ætti að vera á valdi dómsins, því að það

getur verið nauðsynlegt að ganga á merkin áður en merkjadómurinn fer fram.

Fleiri breytingar gætu einnig verið nauðsynlegar, en jeg vænti nú, að fá mætti góða menn til liðs við samning þeirra brtt. til 3. umr., og býst við, að minni hluti geti fallist á það að vinna að þessu, í stað þess að leggja til að drepa málið fyrir svo veigalitla ástæðu, sem fyrir því er færð, ef ekki eru fleiri ástæður fyrir hendi til þess að fella frv. heldur en fram hafa komið.

Jeg hefi áður bent á það, að erfitt sje að eiga við þrætulöndin; enginn geti girt þau; út af þessu hafa oft orðið vandræði, þegar menn hafa girt lönd sín. En nú eru líkur til þess, að eftir stríðið geri menn enn meira að girðingum en áður, þar sem sterkar líkur eru fyrir því, að girðingarefni verði þá enn ódýrara en áður hefir verið. Væri það þá ekki einskis vert að hafa föst merki milli jarða, þar sem ágreiningur hefir verið.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um málið að sinni, en vænti, að það fái að ganga til 3. umr. og verði þá góðir menn til þess að laga frv. með hv. nefnd, sem er nokkur vorkunn að því leyti, að enginn lögfræðingur á þar sæti.

Þorleifur Jónsson: Jeg játa, að það sje rjett og nauðsynlegt, að löggjöfin geri gangskör að því, að sem fyrst verði gert út um þau landamerki, sem enn er ólokið við. Það er mjög leitt, að það skuli hafa dankast svo, að landamerkjalögunum frá 1882 hefir eigi verið hlýtt. Mjer skilst, að þetta frv. hefði verið gott, ef það hefði fólgið í sjer viðbót við landamerkjalögin, með tilliti til þeirra merkja, sem enn eru óútkljáð og ágreiningur er um. En jeg hygg, að hjer sje altof langt farið, að ætlast til þess, að farið verði að róta upp í öllum landamerkjum, og það þeim, sem allir eru ásáttir um, eru undirskrifuð og þinglesin og enginn ágreiningur er um. Jeg álít það alveg ótækt að gefa út fyrirskipanir um að gera það sama á ný; það getur leitt af sjer margskonar glundroða, sem ómögulegt er að gera grein fyrir í skjótri svipan. Það getur gefið prætugjörnum mönnum tilefni til þess að færa sig upp á skaftið við nágranna sína og sölsa undan þeim land, ef minna máttar eru.

Mig furðar á því, að nefndin skuli ekki í svo merkilegu máli hafa komið sjer saman um að laga frv. í þá átt, sem hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) benti til. Þessi mikli lagabálkur, eins og hann er, held jeg að mest verði til þess að gera glundroða.

En þrátt fyrir það mun jeg greiða atkvæði með því, að frv. verði vísað til 3. umr., í þeirri von, að frv. verði bætt, þannig að það nái að eins til merkja, sem ágreiningur er um. En ef ekki verður lagað á þann hátt, þá er jeg efins um, að jeg geti greitt því atkv. lengur.

Frsm. minni hl. (Stefán Stefánsson): Það er raunar eðlilegt, að menn furði sig á því, að nefndin hefir ekki getað komið sjer saman um svo einfalt mál. En meiri hlutinn var þegar þeirrar skoðunar að fylgja fram frv. að eins með smávægilegum breytingum, og var það svo mikill skoðanamunur, að engin tök voru á því að geta unnið saman í nefndinni. En þar sem stungið hefir verið upp á því að taka málið til nýrrar athugunar til 3. umr., þá hygg jeg heppilegra að taka málið nú þegar út af dagskrá, í von um, að hv. meiri hluti nefndarinnar geti horfið frá því, að allar landamerkjaskrár sjeu gerðar upp að nýju, hvort sem nokkur veruleg ástæða er til þess eða ekki, því að það er óbreytt skoðun okkar, minni hlutans, að ókleift sje að afgreiða það, eins og það liggur fyrir með brtt. meiri hlutans.

Það er því ósk mín, að frv. verði tekið út af dagskrá, nú við þessa umræðu.

Frsm. meiri hl. (Pjetur Þórðarson): Jeg vildi helst óska, að frv. væri nú samþ. með þeim brtt., sem fyrir liggja; við 3. umr. geta menn smeygt inn brtt., ef þurfa þykir.

Það, sem mest veltur á í þessu máli, er þörfin. Meiri hluti nefndarinnar hefir komist að fastri niðurstöðu um þörfina, sem hv. frsm. minni hlutans (St. St.) gerir lítið úr, en hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) virðist viðurkenna að nokkru leyti. Og hjer veltur alt á því, hvort hv. deild vill viðurkenna þörfina. Nefndin, eða meiri hluti hennar, komst að raun um það, að ekki væri hægt að bæta úr öllum ágreiningi, eða koma í veg fyrir slíkan ágreining, vegna óglöggra merkja, með því að taka að eins fyrir lítinn hluta jarðanna, þ. e. þær, sem ágreiningur er um. Nefndinni sýnist hægt að gera út um þann ágreining með þeim lögum, sem nú gilda. En með því að ákvæði þeirra laga eru sum óhentug, t. d. um sektir, þegar dráttur verður á að útkljá merkjaþrætur o. fl., þá þótti nefndinni rjett að gera málið upp alveg frá rótum. Hv. frsm. minni hlutans (St. St.) hjelt, að frv. þetta mundi valda óánægju þar, sem enginn ágreiningur væri. Jeg mun hafa tekið fram áður, að þá er ekki um mikið verk að ræða, en ef svo sýndist, mætti undanskilja þinglesturinn, en ekki er unt til fullnustu að komast fyrir allar misfellur og þörfina á endurbótum, nema með því að endurskoða alt.

Í sambandi við þetta minnist jeg orða hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.), er hann sagði, að með þessu væri rótað upp í því, sem áður hefir verið gert, og að þetta leiddi til glundroða. En svo er allsekki. Þar, sem alt er í lagi, er ekki annað en að endurrita skjölin, og þar, sem enginn ágreiningur er, mundi samt koma í ljós, að ekki væri alt í samræmi við þinglesnar merkjalýsingar, en með frv. er hægt að tryggja þetta samræmi. Þetta er því ekki til að vekja ágreining, heldur til að útkljá slíkan ágreining og koma í veg fyrir hann framvegis. Jeg veit það, að mesta fyrirhöfnin er að færa inn í bækur landamerkjalýsingarnar og þinglesa þær, en jeg hefi góða von um, að meiri hlutinn mundi vilja sleppa þinglestrinum, en hitt er ekki svo mikið verk að endurrita lýsingarnar. Með þessu lagi hygg jeg, að almenn endurskoðun mundi bæta úr ruglingi og glundroða, sem á landamerkjum er, en þó skal jeg, eftir bendingum frá meðnefndarmönnum mínum, óska þess, að frv. sje tekið út af dagskrá að þessu sinni.

Forseti: Samkvæmt fram kominni ósk tek jeg frv. út af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., fimtudaginn 6. sept., var aftur fram haldið 2. umr. um frv. (A. 162, 534, n. 540 og 638, 799).

Frsm. meiri hl. (Pjetur Þórðarson): Þessi frestur á 2. umr. þessa máls hefir orðið til þess, að nú hefir gengið saman með meiri og minni hluta landbúnaðarnefndar um helstu ágreiningsatriðin.

Þetta kemur sjerstaklega fram á þgskj. 799. Og er það að mestu leyti fólgið í nýrri breytingu við 3. gr. frv. Þessi breyting gengur í þá átt að undanskilja að endurtaka allar merkjalýsingar, sem sjeu ágreiningslausar og áður þinglesnar. — Þetta er svo stórvægileg breyting, að hún ætti að geta numið burt mikið af þeim andmælum, sem þetta frv. mætti við fyrri umr. málsins. Að öðru leyti er hjer önnur ný brtt. á sama þgskj., við 4. gr. frv. á þgskj. 534. Þetta vonum við að nægi til þess, að þetta mál nái fram að ganga nú. — Eins og jeg gat um, við fyrri umr. þessa máls, þá er aðalbreytingin frá gömlu lögunum sú, að þar, sem ágreining-

ur, er eða ekki hefir verið gerð merkjalýsing, þá sje haft eftirlit með því, og að framkvæmdir við þetta eftirlit verði fengnar í hendur hreppstjóra, í staðinn fyrir sýslumanni, eins og er í lögunum frá 1882. Það er sem sje skoðun okkar nefndarmanna, að hreppstjórar standi oft betur að vígi en sýslumenn, sakir kunnugleika síns, til þess að jafna ágreining, sem kann að verða, og má ske er ekki svo mikils verður, að það taki því að leggja út í málaferli fyrir þá sök. Að öðru leyti heldur nefndin fast við það álit sitt, að þar, sem slíkur ágreiningur verður ekki útkljáður heima fyrir með þessu móti, þá beri að leiða hann til lykta á þann veg, að hlutaðeigandi sýslumaður höfði mál. — Það kann nú að vera, að mönnum þyki þetta nokkuð viðurhlutamikið. En jeg býst við, að ef brtt. á þgskj. 799 og frv.breytingin á þgskj. 534 verður samþykt, þá mundi það verða fátt, sem landamerkjadómur þyrfti að skera úr. Jeg vona, að hv. deild sjái, hve mikil nauðsyn ber til að lagfæra það, sem hjer hefir verið ábótavant, og að það sje gert með þessu, án þess að rjettur nokkurs manns sje fyrir borð borinn. Okkur nefndarmönnunum vanst ekki tími til að ráðfæra okkur við bestu menn deildarinnar um hvert einstakt atriði; það kemur mjer því ekki á óvart, þótt áfátt sje í einhverju, og að einhver kunni að koma með aðfinslur. En þess vegna væri æskilegt, að hv. þm. leiðrjettu góðfúslega þá smágalla, sem þeir fyndu, til þess að flýta fyrir málinu. Jeg vona, að stórgallar sjeu hjer engir á. En það, sem ver kann að fara, mætti sem best lagfæra til 3. umr. málsins, því að hjer sje um talsvert nauðsynlegt mál að ræða efast jeg ekki um.

Pjetur Jónsson: Jeg fann að því við fyrri umræðu þessa máls, að það væri ekki fyllilega undirbúið, eins og hefir átt sjer stað um fleiri mál, er hafa komið hjer fram. En auk þess hefir verið svo mikil málakássa hjer á þinginu, og sumt stórmál, að hvorki mjer nje öðrum hefir unnist tími til að athuga þetta mál að neinu gagni. Svo hefir það og legið í nefnd í langan tíma. Nú loks þegar nefndin lætur álit sitt uppi, verður ekki annað sagt en að hún hefir ekki enn komist að fastri niðurstöðu. Jeg sje mjer því ekki fært að greiða atkvæði um þetta mál nú. Ástæðan til þess er sjerstaklega sú, að mjer er ekki nægilega kunnugt um, í hverju merkjalögunum er ábótavant.

Það þyrftu að liggja fyrir skýrslur um það, hve mikið vantar á, að lögin sjeu komin í framkvæmd, og hvað einkum stendur á. — Nú vill einmitt svo vel til, að tækifæri býðst til að fá vitneskju í þessu máli, þar sem jarðamatið er að fara fram. Þá hygg jeg, að það muni, við jarðamatið, koma í ljós, ef ágreiningur er um merki, og jarðamatsmönnum er auðvelt að rannsaka það.

Þetta mál er þannig vaxið, að mínum dómi, að það liggur beinast við að fá það í hendur stjórninni til athugunar. Það er hún, sem sjá á um framkvæmdir á þessum lögum. Og svo framarlega, sem þörf er á að breyta lögunum eitthvað, þá á hún hægast með að finna þá galla, sem bæta þarf úr sjerstaklega.

En þetta sull, sem komið hefir frá landbúnaðarnefnd, er að mínu áliti óaðgengilegt til atkvæðagreiðslu. Jeg geri það því að tillögu minni, að máli þessu sje samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar vísað til stjórnarinnar.

Magnús Guðmundsson: Jeg man ekki til, að hv. framsm. landbúnaðarnefndar (P. Þ.) hafi vikið að því í ræðu sinni, að meðferð landamerkjamála er mikið breytt eftir þessu frumvarpi, frá því sem nú er. Jeg vil því benda á nokkur atriði í þessu

máli, sem jeg tel ekki að sjeu til bóta. — Fyrst vil jeg benda á það, að það sjest ekki neitt í þessu frv., sem bendir á, að ætlast sje til, að leita eigi sátta í landamerkjamálum. Það virðist helst vera meiningin, að ekki eigi að leita sátta. Þetta tel jeg heldur galla á frv., fyrir þá sök, að það kemur ekki ósjaldan fyrir, að aðiljar sættast einmitt í þesskonar málum.

Eftir frv. er svo að sjá, sem tilætlunin sje, að að eins sýslumaður sje við þau rjettarhöld í landamerkjamálum, sem vitni eru leidd í eða skifst á innleggum, og á merkjagangan ekki að fara fram fyr en allri málsfærslunni er lokið, og við hana eru að sjálfsögðu allir dómendur.

Þetta er breyting frá því, sem nú er, því að það er nú svo, að merkjagangan fer fyrst fram, í staðinn fyrir að hjer er ætlast til, að hún verði síðast. Eftir minni reynslu er þessi breyting mjög til hins verra, því að, eins og kunnugt er, er mjög ilt að átta sig á landamerkjamálum, nema með því að koma á staðinn og kynna sjer örnefni og annað, sem máli skiftir. Að vísu getur það bætt mikið úr skák, ef menn eiga völ á góðum uppdrætti af staðnum, en slíkur uppdráttur er sjaldnast fyrir hendi.

Ef frv. á að ganga fram, er að minni hyggju alveg nauðsynlegt að breyta þessu í það horf, sem nú er, þannig að merkjagangan komi fyrst og rekstur málsins á eftir. En verði mörg rjettarhöld eftir merkjagönguna, virðist mjer, að vel mætti ákveða, að meðdómendur væru eigi við þau, sjerstaklega ef að eins er skifst á skjölum og lögð fram sókn eða vörn. Við vitnaleiðslur er aftur á móti best, að allir dómendur sjeu til staðar.

Þá skal jeg drepa á ákvæði í 12. gr. um frestinn til að áfrýja merkjadómi. Það er hjer gert ráð fyrir, að hann sje 12 mánuðir, eins og í núgildandi lögum. Þetta finst mjer vera óþarflega langt. Jeg fæ ekki betur sjeð en að það sje nægilegt að hafa hann 6 mánuði, eins og í öðrum málum. Hilt er ekki til annars en að tefja málið meir en þörf er á. Auk þess gildir sú sjerstaka regla um landamerkjamál, að þeim er vísað til nýrrar meðferðar í hjeraði, ef yfirrjettur felst eigi á hjeraðsdóm, og þá tefur þessi langi frestur enn meir fyrir framgangi málsins. Mjer finst rjett að taka þetta fram, fyrst að verið er að breyta lögunum á annað borð, því að þessu ætti þá að breyta líka.

Þá eru breytingarnar á þgskj. 799, og eru þær til talsverðra bóta. En þó get jeg ekki felt mig við allar þessar breytingar. Hjer stendur t. d.: „Nú verður samkomulag um breytingar á merkjum milli þeirra, er á hefir greint, og senda þeir hreppstjóra þá merkjalýsingu, en hann sendir hana sýslumanni til þinglestrar á næsta manntalsþingi“. Við þetta er ekkert að athuga. En svo stendur: „Senda skal hreppstjóra merkjalýsingu, þar sem ágreiningur er um merki, þótt ekki hafi orðið samkomulag“. Í þessu er mótsögn, því að hvernig á að senda merkjalýsingu, svo framarlega sem aðiljar eru ósamþykkir um merki?

Merkjalýsing hefir enga þýðingu nema hún sje samþykt af aðiljum; ef svo er eigi, er að eins um kröfur þeirra að ræða, sem óvíst er um, að hverju leyti eiga að teljast rjettar.

Þetta er því alveg óþarft. Svo kemur síðasta setning í síðustu málsgrein: „Sá, er ekki sendir merkjalýsingu í tíma, skal sæta tveggja króna dagsektum, uns úr er bætt“. Nú skulum við segja, að hann geti ekki fengið samkomulag við þann, er land á til móts við hann, er þá rjett að skylda hann til að senda merkjalýsingu? (J. J.: Hann þarf ekki samkomulag.) Hvað á merkjalýsingin þá að gera? Hún er þá bara villandi. Svo dugir ekki að binda

þetta við dagsektir; það verður að vera sú takmörkun á, að menn verði að vera búnir að koma með merkjalýsinguna innan ákveðins tíma. Það má ekki ganga út frá því, að allir þekki þessi lög, og því ofhart að beita sektum án aðvörunar á undan.

Jeg held því, að rjettast sje að samþykkja þessa till. hv. þm. S.-Þ. (P. J.), um að vísa málinu til stjórnarinnar, og losna þannig við frv., því að bæði hefi jeg enga von um, að það geti gengið fram á þessu þingi, og að öðru leyti er það svo úr garði gert, að það á ekki skilið að ganga fram.

Sveinn Ólafsson: Jeg get að mestu leyti vísað til þess, sem hv. þm. S.-Þ. (P. J.) og hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) hafa tekið fram um þetta mál. Mjer finst undirbúningur málsins nokkuð losulegur, og jafnframt lít jeg svo á, að, eins fyrir brtt. hv. meiri hl. landbúnaðarnefndar, sje varhugavert að samþykkja frv. Jeg veit að vísu, að víða úti um land eru landamerki ógreinileg og hafa gengið úr sjer, hafa fyrnst síðan þau voru þinglesin, og er víða ágreiningur um þau, en það er ekki næg ástæða til þess að lögbjóða það feiknaverk, sem frv. ráðgerir.

Ef víða er svona ástatt, er auðvitað full þörf að ráða bót á því, en jeg held, að þetta sje ekki heppileg leið. Jeg hallast þá heldur að því, sem hv. þm. S.-Þ. (P. J.) sagði, að rannsaka fyrst og fremst, hve mikil brögð eru að þessum merkjaágreiningi. Sjálfsagt virðist mjer líka, þegar lög eru sett um þetta efni, að tryggja betur en gert hefir verið viðhald merkjanna, svo að ekki þurfi að endurtaka á fárra ára fresti annað eins verk og unnið var 1884—1890. Jeg verð því að taka undir það með hv. þm. S.-Þ. (P. J.), að vísa beri málinu til stjórnarinnar og afgreiða það ekki frá þinginu að þessu sinni.

Jeg gæti til viðbótar því, er hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) tók fram, sagt, að í 1. gr. er ákvæði, sem mjer virðist nokkuð hált. Það er ákvæðið, sem segir fyrir um viðhaldsskyldu landamerkja. Þar segir, að umsjónarmenn jarða, sem ekki eru einstakra manna eign, skuli halda landamerkjum við. Mjer skilst eftir því, að á öllum opinberum jörðum sjeu hreppstjórar eða umboðsmenn skyldir til að halda merkjunum við, gera vörður, grafa skurði o. s. frv. Jeg hygg, að þetta sje þó ekki tilgangurinn frá upphafi, heldur að landeigandi eigi að gera þetta. Það væri að minsta kosti óeðlileg kvöð, ef umsjónarmeð umboðsmenn jarða ættu að hafa slíkt á hendi kauplaust. En þetta er þó að eins minni háttar smíðalýti.

Svo er þetta, sem jeg drap áður á, að í þessu frv. er hvergi nægilega gert ráð fyrir stöðugu og tryggilegu viðhaldi merkjanna. Í brtt. á þgskj. 799 reynir hv. landbúnaðarnefnd að gera þá bragarbót, að undanskilja allar jarðir, þar sem landamerki eru ágreiningslaus og áður þinglesin. En það er aðgætandi, að þótt landamerkin sjeu í svipinn ágreiningslaus og þinglesin, þá er það víst, að ágreiningurinn liggur í loftinu, og kemur upp þegar minst varir, af því að landamerkin eru óglögg. Hitt er líka, að til eru þinglesin landamerki, er ekki hafa hlotið undirskrift allra, er hlut eiga að máli, og því tæplega lögum samkvæm. Og landamerkin geta verið ólöglega þinglesin, þótt sýslumenn viti ekkert um það.

Út af öllu þessu hefir mjer komið til hugar að bera fram svo felda rökstudda dagskrá:

„Í því trausti, að stjórnin, fram til næsta reglulegs þings, rannsaki

nauðsyn á endursamningu landamerkjalaga, og leggi frv. um það efni fyrir þingið, ef nauðsyn virðist á vera, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Björn Stefánsson: Jeg er ekki í nokkrum vafa um það, að tilgangur þessa frv. er orð í tíma talað. Samt hefi jeg frá upphafi þessa máls verið mjög í efa um, hvort jeg ætti að hallast að meiri eða minni hluta hv. landbúnaðarnefndar. Mjer dylst ekki, að þar sem ágreiningslaus landamerki eru, og það er víða, þar sje stofnað til mjög mikillar og óþarfrar fyrirhafnar og kostnaðar, þegar ætlast er til, að það hindri löglega merkjalýsingu, ef ekki næst til allra, er land eiga að merkjum. Oft eru margir eigendur sömu jarðar, og getur sinn verið á hverju landshorni, og sumir í öðrum löndum eða jafnvel öðrum heimsálfum.

Hitt sje jeg aftur, að þótt fylgt væri ströngustu krófum, sem gerðar eru með frv. þessu, þá verður þó aldrei komist svo langt, að greitt verði úr öllum deilum eða fyrirbygt, að þær geti komið síðar. Jeg man dæmi þess, að það er ekki fullnægjandi, þótt jörð sje þinglesin, og þótt enginn sje ágreiningur enn kominn, að svo hagar til, að ágreiningsatriðið er fyrirsjáanlegt í framtíðinni. Jeg get t. d. vitnað til þess, þar sem jarðir liggja að sjó og árósar eða lækjarósar skifta löndum. Þá koma oft eyrar við sjóinn, og ósinn getur breytt sjer árlega. Sömuleiðis geta vötn breytt farvegi, sem um bygð renna. Geta þá komið upp deilur um, hvort nýi eða gamli ósinn eða farvegurinn skuli gilda sem landamerki. Þótt menn nú komi sjer saman um, að sá gamli skuli gilda, geta enn verið deilur um, hver gamli ósinn er, hvort það er sá elsti eða einhver annar. Þá getur maðin og verið sig á þau tilfelli, þar sem lönd liggja við fjarðarbotn, og þar myndast hólmar af framburði vatna. Að þeim leirum geta legið 3—4 jarðir, og þegar landamerkjalýsing er gerð, geta eigendur þeirra allra talið sig eiga nýmyndaða hólma eða eyjar, þar sem þær gróa fyrir þeirra landi. Það er svo víða á Austfjörðum, þar sem sandrif liggja við fjarðarbotn, að smáfyllast upp þær leirur, er inn af þeim liggja. Þótt ágreiningur sje ekki kominn enn þá, þá verður mönnum ljóst, að hann muni koma upp, er þessi nýmynduðu þrætulönd eru orðin verðmæt eign. Jarðir liggja t. d. að á þrjá vegu, og eigendur þeirra allra líta svo á, að það, sem upp fyllist, sje fyrir sínu landi.

Jeg vil líka benda á, að þótt merkjalýsingar sjeu þinglesnar og enginn ágreiningur sje um landamerki í landamerkjaskrá, þá eru ekki útilokaðar allar deilur fyrir því. Vjer getum t. d. sagt, að landamerki sje klettur, og heiti t. d. Hrafnakambur eða Grásteinn eða þess háttar. Nú líður langur tími frá því, er merkjalýsing var gerð, og þá fara menn að rífast um landamerkin. Þeim kemur ekki saman um, hvort þessi eða þessi klettur sje sá rjetti klettur, sem í landamerkjaskránni er nefndur. Í einum stað veit jeg til, að ábúendur einnar jarðar viðurkendu að vísu, að svonefndur Grásteinn skifti löndum milli þeirra og nábúanna, en þar, sem þeir sögðu landamerkin vera, fanst enginn slíkur steinn, en til að ráða fram úr því grófu þeir í jörð niður, þangað til þeir fundu stein, ca. 80 pd. þungan; á hann bentu þeir og sögðu: „Sjá, þarna er Grásteinn". Þannig myndast þrætur. Báðir eru sammála um, að Hrafnakambur eða Grásteinn skifti löndum, en þá vantar sönnun fyrir því, hvor af tveimur klettum í hlutaðeigandi landi sje sá, er eigi það örnefni.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) talaði um, að þetta kæmi í ljós við jarðamatið, sem nú er að fara fram. Það er satt að því leyti,

að matsmenn kynnast því, og koma alstaðar þar, sem líklegt er að slíkur ágreiningur eigi sjer stað, og þess vegna vildi jeg skjóta því fram, hvort ekki væri ástæða til, að það væri sett í lögin, að formenn undirmatsnefnda væru settir í merkjadóma, er skera skulu úr ágreiningi um merkjalýsingar.

Annað greinir mig á við hv. þm. S.-Þ. (P. J.). Hann vill láta bíða með þessi lög þar til matinu er lokið. En jeg held, að matið ætti einmitt að herða á því, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Bæði eru jarðeigendur, út af skýrslunum um matið, og matsmenn með starfi sínu, nýbúnir að fara yfir þetta og nifja það upp. Þetta er nú sem stendur alstaðar í fersku minni, og nú eru til í hverri sýslu menn, sem eru vel kunnugir öllum málavöxtum. Jeg álít kunnugleika matsmanna svo mikils virði; þeir hafa kynt sjer margt, sem hlutaðeigandi jarðeigendur sleppa vísvitandi, þegar þræta er hafin, því að fyrir dómi talar hver um sína jörð sem málaflutningsmaður, og dregur má ske fjöður yfir ýmsar upplýsingar, sem hann hefir áður gefið matsmannunum eftir bestu vitund. En þegar til dóms kemur, lítur hann á sig sem málaflutningsmann, er á að sækja málið fyrir sína jörð. Og jeg tel mikils vert, að það, sem rifjast upp með matinu og við þá skýrslugerð, sem fram fór í sambandi við það, sje ekki látið fyrnast áður en málið er tekið fyrir.

Þar sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) talaði um þinglesna merkjalýsingu, þar sem allir hlutaðeigendur hefðu ekki skrifað undir, þá held jeg ekki, að slíkt sje til; jeg hefi ekki orðið var það. Jeg hefi sjeð allmargar landamerkjalýsingar liggja óinnfærðar, sem hefir verið vísað frá af því, að eitt einasta nafn vantar. Jeg hjelt, að það ætti sjer hvergi stað, að landamerkjalýsing hafi verið innfærð, ef vantað hefir undirskrift eins einasta hlutaðeiganda.

Af þessum ástæðum vil jeg mæla með því, að frv. nái fram að ganga, þótt jeg játi, að því sje ábótavant. Væri gott, að nefndin vildi athuga það til næstu umr. Svo gæti hv. Ed. breytt til bóta, og væri þá ekki loku skotið fyrir, að það gæti komið til einnar umr. hjer í deildinni fyrir þinglok. En hvað sem framgangi þess líður, verð jeg að álíta heppilegt, að það komist sem lengst, svo að það fái sem bestan undirbúning undir næsta aukaþing að sumri, og verði þá ráðið til heppilegra lykta.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hafði eiginlega ekki hugsað mjer að blanda mjer inn í umr. um þetta mikilsverða og margbrotna mál. Upptök og fyrstu framkvæmdir að samningu landamerkjalaganna átti Einar heitinn Ásmundsson í Nesi, einn af vitrustu og mentuðustu bændum á þingi. Það var vandað mjög til þessara laga í upphafi, og þau hafa því komið að talsverðu haldi. Fá lög, er snerta landbúnaðinn, hafa verið notuð jafnlengi óbreytt, en hitt skal viðurkent, að nú eru komnir í ljós ýmsir gallar á þessum lögum, og því þörf á endurbótum. Jeg hefi fylgst með þessu máli í mínu hjeraði, og skal jeg játa, að margt er rjett af því, sem hjer hefir fram komið í umr.

En jeg vildi segja nokkur orð út af dagskránni. Það er ekki svo, að jeg hafi tínt upp nje talið, hve mörgum málum hefir verið vísað til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá eða þingsályktunum, en þau munu þó orðin nokkuð mörg. Nú er, eftir þessari rökstuddu dagskrá, stjórninni ætlað að leita upplýsinga um málið og leggja svo frv. fyrir næsta reglulegt Alþingi. Jeg held, að sú úrlausn sje ekki heppileg, vegna þess að stjórnin á ekki svo auðvelt með þetta, og jeg held, að það sje vandræðaúrlausn af hv. deild að samþykkja þessa dagskrá. Mjer finst líka var-

legt að afgreiða málið til hv. Ed. í því trausti, að hún bæti það. Verði frumv. samþ. hjer í deildinni og gangi til Ed., hygg jeg, að ekki verði tími til að útkljá málið á þessu þingi. Jeg vildi helst skjóta málinu til þeirra áhugamanna, er mest hafa fengist við það hjer í deildinni, og biðja þá að athuga það nánar til næsta þings. En fyrir því mun ekkert form, og hygg jeg þá best, að málið færi ekkert út úr deildinni. Jeg býst sem sje við, að undirbúningur þessa máls heimti það mikið starf af hendi stjórnarinnar, að það verði ekki framkvæmt nema dagskránni sje breytt þannig, að í stað „næsta reglulegt Alþingi“ komi „þegar unt er“.

Sigurður Stefánsson: Það voru að eins örfá orð. Jafnvel nú, er þó að nokkru er bætt úr ágreiningnum í landbúnaðarnefndinni, með brtt. á þgskj. 799, verð jeg að láta í ljós, að jeg álít best, að dagskrá hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sje samþykt. Það er ekki við því að búast, að málið gangi fram á þessu þingi, og er þá rjett, að stjórnin athugi það, geri nauðsynlegar breytingar á frv. og undirbúi það undir næsta þing. Hún hefir nú fengið talsverð drög og bendingar, sjer til aðstoðar. Vil jeg því leggja til, að sú rökstudda dagskrá sje samþykt.

Jón Jónsson: Jeg geri ráð fyrir, að þetta mál nái ekki fram að ganga á þessu þingi, þar sem svo mjög er liðið á þingtímann. Samt hefði jeg álitið rjettara, að deildin reyndi að afgreiða það í einhverri mynd. En að fara að vísa því til stjórnarinnar, án þess að fyrir henni liggi vilji deildarinnar um aðalatriði málsins, álít jeg ekki rjett. Stjórnin getur ekki vitað í neinu vilja deildarinnar, ef málið er afgreitt með rökstuddri dagskrá nú, án þess að atkvæðagreiðsla fari fram um breytingartillögur og einstakar greinar frv. Jeg held, að rjettara væri, að háttv. deild taki afstöðu til tillagnanna, sem fram hafa komið, og sýndi með atkvæðagreiðslu, hverja stefnu hún aðhyllist í málinu.

Eins og háttv. deildarmenn vita er aðalkjarni frv. að fá sem best gert út um ágreining um landamerki, og eins og hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) tók fram stendur nú svo vel á, að jarðamat er að fara fram, og þá vekst ýmislegt upp, sem ella hefði legið í þagnargildi. Þá er nú einmitt færi á að fá útgert um mál þessi, öll um sömu mundir.

Annað aðalatriði er að tryggja með ögum fullnægjandi viðhald landamerkja. Eftir gömlu lögunum hefir þetta verið algerlega eftirlitslaust, en það er auðsætt, að nauðsynlegt er eftirlit með því, að þessi merki sjeu sem greinilegust, til þess að útiloka deilur síðar.

Það er hjer ein brtt., á þgskj. 799, sem borin er fram í nafni landbúnaðarnefndarinnar. Jeg skal geta þess um hana, að jeg á mestan þáttinn í henni, og hafði jeg ekki tíma til að bera mig saman við hv. samnefndarmenn mína, svo að vel getur verið, að þeir verði henni ekki allir samþykkir. Þar er ekki gert ráð fyrir að þinglýsa öðrum merkjum en þeim, sem ekki hafa áður verið þinglesin. Þinglýsa á þó áður þinglesnum landamerkjum þar, sem ágreiningur hefir verið og hlutaðeigendur koma sjer saman um breytingar á merkjum. Þá er einnig gert ráð fyrir, að sá, sem ekki sendir merkjalýsingu í tíma, skuli sæta tveggja króna dagsektum, uns úr er bætt. Þetta ákvæði er þægilegt fyrir hreppstjóra, til þess að þeir geti látið þá menn, sem ekki hlýða lögunum, hafa dálítið aðhald.

Háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) hafði ýmislegt að athuga við brtt. á þingskjali 799. Jeg bjóst við, að hann myndi sætta sig allvel við hana. Okkur fanst það „praktiskt“ og líklegt til samkomu-

lags að falla frá þinglestri ágreiningslausra merkja, er þinglesin hafa verið, nauðsynlegt að fá þinglesin öll landamerki og semuleiðis nýjan þinglestur um ágreiningsmerki, er sátt og samkomulag hefir komist á um, með breytingum, frá því sem áður var, án þess að til *merkjadóms þurfi að koma*. Og ákvæðið um að senda skyldi hreppstjóra merkjalýsingu, þótt ekki hefði orðið samkomulag, settum við inn til þess, að hann þyrfti sem minst fyrir að hafa. Dygði þá, að að eins einn hlutaðeigandi sendi merkjalýsingu; þá er ekki um annað að gera en að sýslumaður stefni hlutaðeigendum. Aðalatriðið í frv. er það, að hlutaðeigendur skuli vera neyddir til að gera út um landamerkjaþrætur sínar á löglegan hátt.

Mjer liggur það í ljettu rúmi, hvað deildin gerir við þetta mál nú, en rjettast þætti mjer, að hún reyndi að laga það og færa það í það form, sem hún vildi hafa á því og láta svo efri deild um það, hvort hún vildi samþykkja það eða vísa því til stjórnarinnar. Ef deildin gerði það og hv. Ed. vísaði því svo til stjórnarinnar, þá vissi þó stjórnin, hver væri vilji Nd. í málinu. Þetta hygg jeg vera rjettustu leiðina. Hitt væri verra, að láta málið daga uppi í nefnd, því að þá hefði stjórnin enga hvöt til að koma fram með álit sitt í málinu fyrir næsta þing. Mjer virðist, að málinu eigi að vera svo fyrir komið, að stjórnin sjái fyllilega, hver er vilji deildarinnar.

Og nauðsynlegt er, að málið komi fyrir næsta þing, ef það dagar nú uppi af undirbúningsskorti og tímaleysi.

Sigurður Stefánsson: Jeg hafði ásett mjer að greiða þegjandi atkvæði um þetta mál og greiða atkvæði með því að vísa málinu til stjórnarinnar, því að jeg sje engin tök á að afgreiða þetta mál á þessu þingi, svo illa sem það er undirbúið, en jeg skal ekki fara út í það nú. — Það, sem kom mjer til að standa upp, var það, að jeg heyrði ekki betur en hæstv. atvinnumálaráðherra teldi það vandræðaúrlausn að vísa þessu og öðrum málum til stjórnarinnar. Mjer er það nú spurn, hvert á þingið að snúa sjer með vandamál sín, ef ekki til stjórnarinnar, stjórnarinnar, sem einmitt á að hafa frumkvæðið til allra helstu málanna, sem þingið fjallar um? Ef hún hefir það ekki, þá gegnir hún ekki þeirri skyldu, sem hún hefir á hendur tekist. — Mjer er það spurn, hvers vegna verið var að fjölga ráðherrunum, ef ekki einmitt í þeim tilgangi að hún hefði meiri starfskröftum á að skipa og yrði þar af leiðandi færari um að taka þann þátt í löggjafarstarfinu, sem heimta verður af hverri sæmilegri landsstjórn. Þetta var það, sem jeg vildi taka fram, vegna ummæla hæstv. atvinnumálaráðherra. Jeg skal játa, að það er í mínum augum stjórnarfarslegt böl, hvað stjórnin hefir nú upp á síðkastið látið til sín taka um ýms stórmál, sem hver stjórn í þingfrjálsu landi á að sjálfsögðu að hafa frumkvæði til og undirbúa sem rækilegast undir meðferð þingsins. Þess vegna er það, að störf þingsins lenda í svo miklu fálmi og fáti, fyrir þá sök, að ýms stórmál, er það hefir með höndum og stjórnin á að hafa frumkvæði til, koma inn í þingið óköruð. Það er hörmulegt til þess að vita, að þetta samvinnuleysi milli þingsins og stjórnarinnar skuli fremur vaxa en minka, eftir því sem stjórninni aukast starfskraftar.

Í þessu máli, sem hæstv. atvinnumálaráðherra vill ekki láta vísa til stjórnarinnar, víkur svo við, að hann sjálfur segist, sem betur fer, hafa fylgst ágætlega með, bæði heima og hjer á þinginu, en því undarlegra er það, að hann skuli vilja humma það fram af sjer, þegar kemur til hans kasta sem ráðherra að undirbúa það. Jeg verð að segja það, að hefði jeg verið í sporum hæstv. atvinnumálaráðherra

og hefði haft þau orð, sem hann talaði áðan, þá hefði jeg ekki talið mig geta setið lengur í embætti.

Það er nú svo sem ekki heldur svo, að stjórnin sje aðstoðarlaus í þessu máli, fremur en öðrum svipuðum málum. Henni er innan handar að leita álits Búnaðarfjelags Íslands, og auk þess á hún aðgang að öllum sýslumönnum, sýslunefndum og hreppsnefndum um alt land.

Stjórn þessa lands ljet sjer áður sæma að leita álits embættismanna landsins um lagasetningar, og gaf svo út tilskipanir sínar, og voru þær oft betri en mörg þau lög, sem nú eru búin til af Alþingi.

Jeg verð að segja það, að mjer fellur illa að heyra slík ummæli sem þessi koma frá stjórninni.

Þórarinn Jónsson: Jeg skal ekki skifta mjer af þeim deilum milli hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) og hæstv. atvinnumálaráðherra, sem eru að gera þetta mál að landamerkjamáli milli þings og stjórnar.

Það er líklega versta óhappið, sem fyrir þetta mál gat komið, að lenda hjá hv. landbúnaðarnefnd, enda vildi jeg láta það fara til allsherjarnefndar, því að þar voru lögfræðingarnir, sem helst áttu um málið að fjalla, þar sem það að mestu leyti er rjettarfarslegs efnis.

Helsta breytingin, sem frv. gerir á gildandi lögum, er ákvæðið um, að sáttanefndirnar eða sáttafyrirkall hverfi. Þó að jeg telji þetta tvímælalaust til bóta og aðalkost frv., þá getur samt verið, að þurfi að orða það skýrar, eins og hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) benti á. Það er alkunnugt, að menn hlífast fremur við að stefna nágrönnum sínum. En þegar það er ákveðið, að merkjadómurinn stefni, þá er komið yfir þann þröskuld.

Þá er annað atriði, sem jeg hefi minst á; það er um merkjagöngurnar. Það var einnig rjett, sem hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) tók fram, að það er, ef til vill, ómögulegt að útkljá málið fyr en það er komið í framkvæmd, og hefi jeg áður tekið fram um það.

Við sjáum það nú, að nú er svo liðið á þingtímann, að ómögulegt er, að þetta mál komist fram, en eftir undirtektum hæstv. atvinnumálaráðherra er líklega vissara að reyna eitthvað að laga frv., áður en því er vísað til stjórnarinnar, því að ekki mun hún leggja mikla rækt við það. Þess vegna vænti jeg þess, að málið verði látið ganga til 3. umr. og að lögfræðingarnir reyni þá að laga það þangað til, en hvað, sem ofan á verður, þá vona jeg, að stjórnin leggi frumvarpið fyrir næsta þing.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Að eins örstutt athugasemd.

Orð mín áðan voru skilin svo, að jeg vantreysti stjórninni til að undirbúa þetta frv. undir þingið.

Þetta er ekki rjettur skilningur. Jeg átti ekki við það, heldur hitt, að stjórnin hefði nú svo mikið að gera, að ekki myndi vinnast tími til að undirbúa málið undir næsta þing, eða næsta reglulegt Alþingi.

Með þessu álít jeg hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) vera svarað.

Sigurður Stefánsson: Aðeins fá orð. — Hæstv. atvinnumálaráðherra veit það vel, að það er siður hjer á þingi að setja frestinn aldrei lengri en þetta, og það er eðlilegt, að þetta sje gert, þegar þinginu þykir þörf á bráðri lagasmíði. Jeg skal játa, að nú eru meiri verkefni fyrir stjórnina en áður, enda eru nú fleiri en áður í stjórninni, og jeg sje ekki heldur, að hjer sjeu þau ljón á leiðinni, að stjórninni ætti ekki að vera vorkunnarlaust að ljúka af undirbúningi þessa máls fyrir næsta reglulegt Alþingi. Þessu máli víkur svo við, að

það ætti ekki að vera ofvaxið gömlum, reyndum og greindum bónda að semja uppkast að öðrum eins lögum og þessum, ekki síst þegar hann getur notið eins góðrar aðstoðar og stjórnin á kost á, og get jeg í viðbót við það, sem jeg nefndi áðan, bent á lagadeild Háskólans. En þau orð mín, sem jeg sagði áðan, standa óhrakin, að stjórnin verður að hafa frumkvæðið til allra hinna mestu vandamála, er þingið hefir um að fjalla, eigi löggjafarstarfið að vera í nokkru lagi, enda er þetta grundvallarregla, sem fylgt er í öllum löndum þar, sem þingræðið er langt á veg komið.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það voru að eins örfá orð. Jeg vildi þakka hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) fyrir þá traustsyfirlýsingu, sem hann gaf stjórninni að endingu, og þá einkum atvinnumálaráðherranum. Jeg býst við, að ekki mundi skorta fyrirspurnir, ef ekki væri búið að undirbúa þetta mál fyrir næsta þing, en það er þá að svara þeim, þegar að þeim kemur, ef málinu verður vísað til stjórnarinnar og ekki hefir unnist tími til að koma fram með það í frv. formi.

Einar Arnórsson: Það er þegar búið að ræða þetta mál allmikið hjer í deildinni. Jeg stend að eins upp til að taka í sama streng og hæstv. atvinnumálaráðherra, hvað snertir traustið á honum sjálfum. Hann sjálfur, persónulega, hefir ekki betri skilyrði til að láta sjer þetta mál vel úr hendi fara en hv. landbúnaðarnefnd. Það væri sama að vísa þessu máli til hans eins og að fela mjer að semja frv. um böðun sauðfjár. En þegar einhverju máli er vísað til stjórnarinnar, þá er því ekki vísað til neins sjerstaks manns í stjórninni, heldur til stjórnarinnar í heild sinni. Nú er svo ástatt, að tveir lögfræðingar eru í stjórninni, forsætisráðherra, sem hingað til hefir ekki verið álitinn slakur lögfræðingur, og fjármálaráðherrann. Báðir hafa þeir verið dómarar, og eru því nákunnugir meðferð mála. Stjórnin gæti líka leitað aðstoðar til yfirdómsins — það hefir oft verið gert áður — eða lagadeildar Háskólans, eða þá Búnaðarfjelagsins. Jeg skal þó geta þess að í þessu efni hefi jeg enga trú á Búnaðarfjelaginu. Það hefir enga sjerþekkingu á rjettarfarsákvæðum. Sá misskilningur hefir ríkt hjer í deildinni, að þetta sje landbúnaðarmál. En svo er ekki. Það er „processuelt“. Það er því ekkert vantraust á hæstv. atvinnumálaráðherra eða Búnaðarfjelaginu, þó að jeg haldi því fram, að hann eða fjelagið kunni ekki með það að fara. Þetta mál er fyrir utan hans verksvið. En það væri vantraust á stjórninni í heild sinni að þora ekki að vísa því til hennar.

Hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) virtist telja það skyldu mína að laga þetta frv. Hefði það komið í nefnd, þar sem jeg hefði verið, þá hefði það verið skylda mín. En nú var ekki svo, svo að það var ekki skylda mín, fremur en annara, að lagfæra frv. Það væri líka ofætlun að ætla okkur allsherjarnefndarmönnum meira en það, sem nefndinni er sent. Henni hafa borist um 40 mál. Nú er flestum skilað, en hin eru á leiðinni. Meiri hluti málanna er þegar genginn í gegnum deildina. Hv. flm. (Þór. J.) sýndi mjer að vísu frv., og er það rjett eftir mjer haft, að jeg hafi talið það þurfa ýmsra breytinga við.

Háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) benti á ýms atriði í frv., er eigi fengið staðist. Jeg skal enn benda á það, að í 13. gr. frv. er fullkominn misskilningur á 13 gr. landamerkjalaganna. Ef hún er borin saman við 17. gr., er það auðsjeð, að hún fær ekki staðist. Þetta liggur í því, að 7. gr. landamerkjalaganna hefir ekki verið nægilega athuguð. En með því að jeg býst við, að málinu verði vísað til stjórnarinnar, skal jeg ekki fara nánar út í

þessi atriði. En ef málið skyldi fá að ganga til 3. umr., þá gefst kann ske tími til að athuga sjerstaklega, að ekkert verður sjeð af frv. um það, hvernig fara skuli með mál, sem rísi út af ágreiningi um ítök. En nú eiga sum slík mál að sæta sama dómi og landamerkjamál.

Ef athuga ætti þetta mál eins og þörf er á, þá mundi ekki nægja sá tími, sem eftir er þingsins. Í umræðunum hefir komið fram sú leiðinlega skoðun, að afgreiða megi málið í því trausti, að efri deild lagaði frv. eða svæfði það. En hver á það víst, að háttv. Ed. geri annaðhvort af þessu? Það eru dæmi til, að Ed. hefir á þessu þingi afgreitt frv., sem allir Nd. þingmenn töldu fela í sjer stjórnarskrárbrot. Það var lagað hjer og endurbætt, og voru þó ýmsir, sem ekki töldu það boðlegt, þrátt fyrir það. Jeg þarf víst ekki að nefna það, að jeg á við frv. um útmæling lóða, sem var hjer nýlega á ferðinni. Þetta ætti að vera næg viðvörun, svo að önnur deildin fari ekki að afgreiða nein mál í því trausti, að hin bæti úr göllunum. Það eru ekki nema tvær leiðir; annaðhvort er að samþykkja dagskrána, eða laga frv. svo, að skammlaust sje að láta það frá sjer fara. Hvorugt er mjer kappsmál, en jeg hallast fremur að því, að dagskráin verði samþykt. Jeg get ekki talið, að það sje ofætlun stjórninni að afgreiða það fyrir næsta þing.

Frsm. meiri hl. (Pjetur Þórðarson): Jeg býst við, að fyrir mörgum deildarmönnum vaki hið sama og kom fram hjá hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að ekki muni á þessu þingi vinnast nægur tími til að athuga þetta mál nógu rækilega. Hann (Sv. Ó.) virtist ekki treysta sjer til að segja, hvað að væri. Hann lagði því til, að því væri vísað til stjórnarinnar, án frekari athugasemda.

En jeg get ekki látið vera að tala dálítið um málið sjálft. Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) bjóst við því, að eitthvað væri hægt að græða á fasteignamatinu til undirbúnings þessa máls. En það var einmitt fyrir afskifti mín af fasteignamatinu, sem jeg komst að raun um, að þetta mál væri það nauðsynjamál, sem það er. Þessu máli þarf að koma í kring, svo að fasteignamatið geti farið vel úr hendi. Fasteignamatið á ekki að vera til undirbúnings þessu máli, heldur á þetta mál að vera til undirbúnings fasteignamatinu.

Háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) talaði um málið sjálft og kannaðist við, að frv. hefir tekið bótum hjá nefndinni, en var þó ekki alls kostar ánægður með það. Jeg get þó samt verið honum þakklátur fyrir það, hve lítið hann hafði við málið að athuga, eins og það kom frá nefndinni, og vel er hægt að kippa því, sem hann drap á, í lag, ef ekki stendur annað málinu fyrir þrifum. Hann kvartaði yfir, að ekki hafi komið fram í framsögu málsins ástæðurnar fyrir því, hvers vegna væri verið að breyta meðferð merkjamála. Í frv. er það sem sje falið dómara að hefja málið, en ekki aðiljum, eins og áður hefir verið. Háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) benti á ástæðurnar fyrir því, og þarf jeg ekki að svara því frekar.

Í staðinn fyrir sáttatilraunirnar, sem áður voru, koma í frv. samkomulagstilraunir og eftirlit hreppstjóra, og er það trúa mín, að hreppstjóri muni oft geta komið því til leiðar, að sæst sje á smærri ágreining, sem ekki borgar sig að stofna til málaferla út af. Eftir því, sem mjer skildist, var þetta aðalgallinn, sem hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) fann á frv. Annars fann hann líka að því, að fresturinn væri óþarflega langur. Jeg skal játa hreinskilnislega, að meiri hluti nefndarinnar lagði aðaláherslu á að leiðrjetta hina „praktisku“ hlið þessa máls, en aftur minni áherslu á hið rjettarfarslega. Jeg fyrir mitt leyti geri meira

úr eftirliti hreppstjóra og samkomulagstilraunum hans en hinu, að mönnum væri stefnt fyrir sáttanefnd.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) taldi vafaamt, hvort rjett væri að gera umboðsmönnum það að skyldu að halda við landamerkjum. Sama ákvæði er í núgildandi lögum, en ekki er mjer kunnugt um, að nein óánægja hafi risið út af því. Annars var flest, sem þingmaðurinn sagði, endurtekning á nál. meiri hlutans.

Háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) sagði, að vitanlega væru sumar brtt. nefndarinnar til bóta, en það væri langt frá því, að svo væri um allar. Mjer þykir þetta koma úr hörðustu átt, þar sem honum hefði verið innan handar að koma að hjá nefndinni þeim tillögum og leiðrjettingum, sem honum hefði þótt með þurfa.

Það er um mig, eins og háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að mjer er það áhugamál, að bætt verði sem fyrst og sem best úr þeim vandræðum, sem stafa af ágreiningi um landamerki. Það er nauðsynlegt, að allar merkjadeilur verði útkljáðar áður en fasteignamatið er um garð gengið, því að það verður lagt til grundvallar nýjum skattakerfum. Það er kann ske ofmikið að búast við, að málið nái fram að ganga á þessu þingi. En það ætti að gilda einu, hvaða leið er farin, ef málið hefst samt fram, og því er flýtt eins og fært er.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal játa það, að jeg hefi ekki glöggvað mig svo á þessu máli, að jeg geti sagt um, hvort það eigi fram að ganga á þessu þingi. En það er varhugavert að flaustra af slíkum málum, sem þetta er. Það væri kann ske rjett, eftir atvikum, að vísa því til stjórnarinnar; hún gæti svo sent það til lögfræðideildar Háskólans. Síðan athugaði stjórnin málið lítils háttar, áður en hún skilaði því aftur til þingsins. Þetta ætti að minsta kosti að geta verið komið í kring fyrir næsta reglulegt þing. Og ekki er óhugsandi, að það yrði tilbúið fyrir næsta þing, hvort sem það verður reglulegt eða óreglulegt.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. S.-M., Sv. Ó. (sjá A. 971) samþ. með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. K., E. A., E. Árna., E. J., J. B., M. G., M. Ó., P. J., P. O., Ó. B.

nei: Þ. J., B. St., G. Sv., H. K., J. J., M. P., P. Þ., S. S.

Tveir þingmenn (B. J. og J. M.) fjarstaddir.

Frv. því talið

fallið.

---

19. Tollalagabreyting [sykurtollur].

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 27. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á tollögum fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911. (A. 185).

Á 23. fundi í Nd., fimtudaginn 2. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Á aukaþinginu í vetur flutti jeg frv. um þetta efni. Var því þá vísað til fjárhagsnefndar, en hún kom aldrei með álit sitt um málið. Þar sem sykurtollurinn er einhver ósanngjarnasti skatturinn, sem þekkist hjer í landi, virðist töluverð ástæða til

að ætla, að þingið sje fáanlegt til að draga úr honum.

Jeg geri það að tillögu minni, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar, að umr. lokinni, og vænti þess, að hún komi með álit sitt áður en ofseint er orðið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1608) í e. hlj.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 185, n. 411).

Frsm. (Hákon Kristófersson): Eins og sjá má á nál. á þgskj. 411 leggur fjárhagsnefnd til að fella þetta frv. Þótt nefndin leggi þetta til, þá er ekki þar með sagt, að nefndin hafi ítið svo á, að tollur þessi væri svo rjettlátur, að niðurfelling á honum að meira eða minna leyti væri ekki æskileg. Álit nefndarinnar mun miklu heldur vera hið gagnstæða, enda lítillega á það bent í nál. Kemur það fram í nál., að nefndin litur ekki svo á. En hitt er annað mál, að ef þetta frv. næði fram að ganga, þá misti landssjóður mjög miklar tekjur, svo miklar, að það gæti haft alvarlegar afleiðingar, ef ekkert væri sett í staðinn. En þess treystir nefndin sjer ekki til að benda á tekjuauka, er svaraði til hins mikla tekjumissis, er hlyti að verða afleiðing frv., ef samþ. væri. Eins og bent er á í nál. þá mundi hallinn nema 400 þús. króna á næsta fjárhagstímabili, ef gera mætti ráð fyrir svipuðum innflutningi á sykri og árið 1915. Það mundi því vandfundin leið til að afla tekna fyrir landssjóðinn, er svöruðu til þess halla, er hann yrði fyrir, ef frv yrði að lögum. Þótt æskilegt væri að geta lækkað sykurtollinn, eða jafnvel afnumið hann með öllu, þá verður því ekki komið við nema með því að endurskoða þá um leið alla tollalöggjöf landsins, en slíkt er svo mikið starf, að fjárhagsnefnd mundi ekki vinnast tími til þess að þessu sinni. Jeg tók það áður fram, að hallinn, sem landssjóður yrði fyrir, ef frv. yrði að lögum, mundi nema um 400 þús. kr. Þetta er að vísu miðað við aðflutninga árið 1915, og ekki víst, að á næsta fjárhagstímabili flytjist eins mikið af sykri hingað, en kæmist aðflutningur aftur í lag á fjárhagstímabilinu, þá mundi hallinn verða miklu meiri. Það mun því vera nær hófi að segja, að hjer sje ekki oflangt farið að gera tekjumissi 400 þús. Jeg þykist svo ekki þurfa að orðlengja meir um þetta að sinni, en mun svara fyrir hönd nefndarinnar, ef hv. flm. (J. B.) sjer ástæðu til að finna að gerðum hennar. Vil þó að endingu taka það fram, að nefndin telur mjög varlega að því farandi að koma með frv., er gera mikinn glundroða í tolllöggjöf landsins.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg flutti þetta frv. meðal annars til að minna þingið á gömul loforð, sem það hefir gefið í þessu máli.

Þegar sykurtollurinn var hækkaður árið 1905, þá var það látið heita svo, að það væri gert einungis til bráðabirgða, og að því yrði kipt í lag aftur eftir 2 ár. En loforðin hafa gleymst svo rækilega, að síðan hefir ekkert verið gert.

Því verður ekki mótmælt, að þessi skattur kemur langharðast niður á þurrabúðarmönnum og kaupstaðarfólki, og þetta var líka játað á þinginu 1905, en tollurinn var þá rjettlættur með því, að þörfin kallaði svo að, að brýn nauðsyn væri á að lögleiða hann og ekki væri tími til að koma með aðra betri leið út úr vandræðunum. Á sjálfu þinginu 1905 var svo mikil óánægja með tollinn, að jafnvel

meiri hlutinn, sem þá vildi lögleiða tollinn, sagði, að ekki kæmi til mála að láta hann gilda lengur en út það fjárhagstímabil, en þrátt fyrir öll þessi fögru ummæli hefir tollurinn nú staðið óbreyttur til þessa. Alþingi 1905 játaði líka, að tekjuskattslögin væru þá orðin úrelt. Samt hafa þau lög verið í gildi fram á þennan dag, og hefir þó síðan alt breyst um hag manna og árjettmæti þessara laga aukist. Nú ber það við, að menn hafa fleiri hundruð þúsunda króna tekjur af atvinnu sinni, t. d. sjávarútgerð, og nokkuð græða stórbændur einnig á búum sínum, en af þessum atvinnugróða greiða menn engan tekjuskatt í landssjóð. Jeg hygg nú, að tíminn sje kominn til þess að ráða bót á öllu þessu misrjetti. Þótt þetta frv. nái ekki nú fram að ganga, þá hefir það þó samt sína þýðingu. Menn hafa vaknað til umhugsunar um málið, og sjest það á nál. á þgskj. 411, því að nefndin játar þar, að tollurinn sje árjettmætur, þótt hún af öðrum ástæðum sjái sjer ekki fært að fella hann niður að þessu sinni. Jeg skal játa það, að nefndin hefir nokkuð til síns máls, og get jeg því fremur viðurkent það, sem mjer finst anda út úr nál., og einkum ræðu hv. frsm. (H. K.), að tollinn eigi að lækka eða jafnvel afnema með öllu, svo að okkur ber í raun og veru ekki mikið á milli, en hins vegar hefði jeg kosið, að nefndin hefði tekið ákveðnari afstöðu til málsins.

Hjer var í gær til umræðu annað frv., um verðhækkunartoll af útfluttum afurðum. Sumum þótti, sem sá tollur væri ekki rjettmætur. En hvað segja þá þeir sömu menn um þennan toll? Þykir þeim hann vera rjettmætari? Það er þó tæplega hægt að segja annað en að þeir, sem eitthvað framleiða, sjeu betur settir en hinir, sem enga framleiðslu hafa. Þeir, sem greiða verðhækkunartollinn, hafa þó flestir eitthvað milli handanna, en sumir, sem verða að borga sykurtollinn, eiga ekki einu sinni utan á sig garmana, og ganga ef til vill berfættir í skónum.

Því verður ekki neitað með nokkrum rökum, að skattalöggjöf landsins er mjög árjettlát og að oftlítið er gert til að bæta úr því misrjetti, sem hún skapar.

Nefndin víkur að því, hve miklar tekjur landssjóður missi við afnám sykurtollsins, en einmitt þetta sýnir, hve mikið gjald þetta er, sem tekið er á þennan rangláta hátt.

Jeg hafði búist við því, að hv. fjárhagsnefnd mundi koma með frumvarp um breyting á tekjuskattslögunum. Jeg átti tal um það í þingbyrjun við nokkra þingmenn, að nauðsynlegt væri að breyta þessum lögum, og sagði einn þingmaður mjer það þá, að fjárhagsnefnd mundi ætla sjer að gera það, Og vonandi hefir hún eitthvað á prjónunum, þótt henni hafi ekki unnist tími til að koma fram með það enn þá.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Jeg hefi ekki mikið að athuga við ræðu hv. flm. (J. B.). Jeg fyrir mitt leyti er honum alveg sammála um rjettmæti sykurtollsins, og án þess þó, að jeg hafi nokkra heimild til þess frá fjárhagsnefndinni að lýsa yfir því, þá býst jeg við, að hún sje það líka í heild sinni. Jeg játa það, að þessi tollur kemur harðast niður á þurrabúðarmönnum og kaupstaðarbúum, sem ekki hafa mjólk nema af mjög svo skornum skamti. En þegar til þess er tekið að afnema einhvern tekjustofn, þá verður að finna einhvern annan í staðinn, nema því að eins, að sjáanlegt sje, að landssjóði stafi ekki mikil hætta af tekjumissinum, en fyrst að það er nú ekki hægt sem stendur, þá verður að búa við það, sem er, þótt einhver missmíði kunni að vera á því. — Hjer er ekki um neinar stóratvinnugreinar að ræða, sem lagt verði á, svo að nokkru nemi, og því er oss nauðugur

einn kostur að taka nauðsynjavörurnar. Hv. þm. (J. B.) mintist á stórgróðamennina og sagði, að þeir kæmust, frekar en ætti að vera, friir við rjettláta skatta. Jeg skil ekki í því, að það sje rjett, svo framarlega sem skattanefndirnar gæta skyldu sinnar, því að vitanlega eiga þær kost á að ná til slíkra manna, því að þær geta sett þá í skatt, svo háan skatt, er þær álíta frekast fært, ef þær vilja. Verði skattgreiðandi óánægður með áætlun skattanefndar, á hann þess kost að gera fullnaðargrein fyrir tekjum sínum. Hv. þm. (J. B.) sagðist hafa búist við því, að fjárhagsnefnin mundi koma fram með breytingar á skattalöggjöfinni. Til þess hefir nefndinni ekki unnist tími enn, enda þarf slíkt mjög rækilegan undirbúning, og alls ekki rjettmætt að ætlast til þess, að fjárhagsnefnd gæti leyst slíkt af hendi, á þeim tíma, er hún hefir yfir að ráða. Þó þykist jeg geta lýst yfir því, fyrir hönd nefndarinnar, að hún muni koma fram með einhverjar breytingar á skattalöggjöfinni. Hversu viðtækar þær verða get jeg ekki sagt um að sinni, enda brestur mig heimild nefndarinnar til þess að fara frekar út í það.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál að svo stöddu, því að ummæli hv. þm. (J. B.) um verðhækkunartollinn og móthaldsmenn hans tek jeg ekki til mín.

Jörundur Brynjólfsson: Að eins örfá orð út af því, sem hv. framsögumaður (H. K.) sagði um skattanefndirnar, að þær gætu lagt á stórgróðamennina svo mikið sem þeim sýndist. Það er misskilningur. því að þær geta ekki lagt á þann gróða, er menn hafa af landbúnaði eða sjávarútvegi. Tvær aðaltekjulindirnar eru með öðrum orðum tekjuskattsfrjálsar, því að ekki verður því neitað, að mikinn gróða hafa margir af þessum atvinnuvegum, sem betur fer.

Jeg skal að lokum minna á eitt atriði enn. Hingað til hefir Alþingi bókstaflega ekkert gert fyrir þurrabúðarmenn og almenning í kaupstöðum. Það er fyrst á allra síðustu þingum, og þá einkum má ske nú, sem menn sýnast vera farnir að muna eftir því, að þeir sjeu til.

ATKVGR.

1. gr. feld með 14 : 1 atkv.

Frv. því

fallið.

---

20. Bjargráðasjóðslög [frestun].

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 45, 20. okt. 1913, um bjargráðasjóð Íslands. (A. 209).

Á 28. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Pjetur Ottesen): Þegar mál þetta, bjargráðasjóðslögin, voru fyrir þinginu 1913, var allmikill skoðanamunur um málið, og sætti nýbreytni þessi þá allmiklum andmælum, þótt svo færi, að það væri samþykt. Enda tók málið stórvægilegum breytingum í meðferð þingsins, frá því sem fyrst var til ætlast.

Auk þess, sem menn deildi mjög á um þörf og nauðsyn þessara laga, á þeim grundvelli, er þau voru reist, voru skoð-

anir manna mjög skiftar um það, hvort tiltækilegt eða hyggilegt væri að skella slíkum lögum yfir höfuð þjóðinni, að henni fornspurðri, þar sem um jafnverulegan, og fyrir fátæk hreppsfjelög tilfinnanlegan, útgjaldaauka er að ræða. Lög þessi vöktu þegar í upphafi víða allmikla óánægju meðal þjóðarinnar, og lifir allmikið í þeim kolum enn.

Það, sem mönnum meðal annars þykir óviðfeldið og geta ekki fallist á að sje rjettmætt, er að það sje betur að verið eða hyggilegra að safna öllu fje bjargráðasjóðsins á einn stað, til Reykjavíkur, en lofa sýslufjelögunum að hafa ráð á að minsta kosti nokkrum hluta þess, til að hrinda áfram ræktun landsins. Engin trygging er betri en sú að eiga vel yrkt og ræktað land, og vera sem allra mest sjálfum sjer nógur af því, er rækta má í landinu sjálfu, og sannast hjer, „að holt er heima hvað".

Því bendir alt til þess, að heppilegra hefði verið að leggja eitthvað af fjenu í íslenskan „ræktunarbanka", þ. e. a. s. moldina, jarðveginn, sem, ef vel og rjett er á haldið, er tryggur banki og svarar góðum vöxtum.

En þessu er nú ekki til að dreifa, því að lög og fyrirmæli þessa sjóðs fyrirmuna, að svo sje með fjeð farið, enda skal jeg ekki fjölyrða meir um þessa hlið málsins, heldur snúa mjer að því, eins og það liggur fyrir. Eins og frv. þetta ber með sjer förum við flm. fram á það, að frestað sje fyrst um sinn framkvæmdum þessara laga. Liggja þau rök til þess fyrst og fremst, að af hinu erfiða ástandi þeirra tíma, er nú standa yfir, leiðir það af sjálfu sjer, að rjettmætt sje, og enda sjálfsagt, að ljetta af slíku gjaldi, sem því, er hjer um ræðir, og þá ekki síður þar sem frá upphafi hefir orkað tvímælis um það, hve heppilegt eða nauðsynlegt það sje. Því verður ekki neitað, að þetta bjargráðasjóðsgjald er alltilfinnanlegur gjaldaliður á fátækum hreppsfjelögum, sem lítið gjaldþol hafa, og það undir venjulegum kringumstæðum, hvað þá heldur nú. Menn eiga nú, sem von er, fult í fangi með að inna af hendi þau mörgu beinu og óbeinu gjöld, sem beinlínis verður ekki hjá komist, þótt þessu gjaldi væri ljett af. Það má enn fremur í þessu sambandi benda á það, að ástand það, sem nú er hjer á landi, hefir leitt til þess, að bregða hefir orðið á margan hátt út af venjulegri rás í viðskiftum og starfsemi, svo að hið opinbera hefir að miklu leyti neyðst til að taka bjargráðin í sínar hendur. Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um þetta að sinni, en vona, að hv. deild taki málinu vel. Jeg vil geta þess, að mjer finst það liggja svo ljóst fyrir, að þess gerist ekki þörf að setja það í nefnd, en þó er jeg því ekki mótfallinn, ef einhver kynni að koma fram með uppástungu um það.

ATKVGR.

Frv. *felt* frá 2. umr. með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Sv. Ó., B. Sv., B. K., B. St., E. A., E. J., G. Sv., H. K., P. O., P. Þ.

nei: S. S., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., J. J., J. B., M. G., M. P., M. Ó., Ó. B.

4 þm. (B. J., E. Árna., J. M. og P. J.) fjarstaddir.

21. Sala þjóðjarðanna Helgustaða og Sigmundarhúsa.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sölu þjóðjarðanna Helgustaðir og hjáleigunnar Sigmundarhús í Helgustaðahreppi. (A. 210).

Á 28. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Stefánsson): Jeg þarf ekki að hafa langa framsögu í máli þessu, því að það liggur nokkurn veginn ljóst fyrir. Þó skal jeg leyfa mjer að gefa væntanlegri nefnd í málinu nokkrar upplýsingar.

Ábúendurnir sóttu um kaup á jörðinni 1912, en var synjað um það. Býst jeg við, að synjunin hafi bygst á því, að óskift land er milli jarðanna, og af því, að silfurbergsnámur eru í Helgustaðalandi. Jeg hefi að vísu ekki sjeð synjunarástæðurnar, en geri ráð fyrir, að stjórnin hafi haldið, að óhægra mundi fyrir landið að hagnýta sjer silfurbergsnámurnar væri jörðin seld. Nú er í frv. girt fyrir þetta, með því að jafnframt því, sem náman er undanskilin sölunni og silfurberg það, sem finnast kynni á öðrum stöðum í landeign jarða þessara, þá er og áskilinn endurgjaldslaus afnotarjettur lands og vatnsafls eftir þörfum, til að vinna námuna, nema ef spjöll verða á túni, engjum eða mannvirkjum jarðanna, vegna námugraftarins. Eins og til hagar mun varla koma fyrir, að spjöll verði á engjum vegna námugraftarins, og hefði því í raun rjettri ekki þurft að nefna þær. Verði spjöll á mannvirkjum ábúandans, þarf jafnt að bæta þau, hvort sem landssjóður á jörðina eða einstakir menn. Um spjöll á túnum er líkt að segja; nemi þau nokkru, yrði að lækka jarðarafgjaldið, ef landssjóður á jörðina. Reyndar þarf varla að gera ráð fyrir þeim spjöllum, því að náman liggur langt frá bæ. Það getur líka verið, að landsstjórninni hafi þótt virðing jarðanna oflág, og í þá á átt hnigu ummæli umboðsmanns, að svo mundi vera. Þá voru Helgustaðir ekki virtir nema á kr. 1499,84, en umboðsmaður taldi hæfilegt að selja hana fyrir 2600—2700 kr. Nefndin, sem jeg vænti að fái mál þetta til meðferðar, getur fengið lánuð skjöl þau, er jeg hefi fengið hjá stjórnarráðinu, og benda þau í þá átt, að hæfilegt muni að selja jörðina líkt og umboðsmaður tók fram, á 2600—2700 kr., í samanburði við aðrar þjóðjarðir, sem seldar hafa verið. Jeg hefi þó farið töluvert lengra, og legg til, að hún sje seld á 3500 kr. Byggi jeg það á því, að undirmatsmenn í Suður-Múlasýslu hafa þegar metið jörðina þetta.

Þegar frv. stjórnarinnar, sem nú hefir verið felt, um frestun á sölu þjóðjarða, var hjer á ferðum, ljet jeg í ljós, að jeg væri yfirleitt ekki hlyntur þjóðjarðasölu, en jeg tók það þó líka fram, að það væri ekkert aðalatriði fyrir mjer, heldur hitt, að haft væri í þessu máli fylsta samræmi og sanngirni. Um fram alt álít jeg, að þjóðfjelagið megi ekki beita einstaklingana misrjetti. Þarna fyrir austan hafa jarðir landssjóðs verið seldar á báða bóga við Helgustaði, en ábúandanum þar neitað um kaup. Sumar þær jarðir hefði miklu síður átt að selja. Jeg skal svo ekki þreyta hv. deild lengur, en skal rökstyðja mál mitt, ef mælt verður móti. Leyfi jeg mjer

svo að stinga upp á, að málið gangi til landbúnaðarnefndur, að lokinni þessari umræðu.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi ógnarlega lítið um þetta mál að segja, vil að eins láta þess getið, að mjer finst óþarft að setja sjerstök lög um að selja þjóðjörðina Sigmundarhús. Að vísu er þetta hjáleiga, sem er metin í fornu jarðamati með Helgustöðum, en slíkar jarðir hafa oft verið seldar eftir þjóðjarðasölulögunum frá 1905, og þá skift um leið. Jeg held því, að ekki sje þörf á sjerstökum lögum um þessa jörð. Öðru máli er að gegna með Helgustaði. Jeg veit reyndar ekki, á hverju hæstv. stjórn hefir bygt neitun sína, en það liggur þó í augum uppi, að það getur verið vafasamt, hvort ætti að selja þessa jörð, vegna námunnar, og því væri viðkunnanlegra að hafa sjerstök lög um það efni, en þeirra þarf ekki með vegna Sigmundarhúsa. Borið saman við jarðaverð alment við sjó á Austurlandi, finst mjer verðið á Helgustöðum vera hæfilegt en oflágt á Sigmundarhúsum. Það má heita venjuleg sala eystra á hlunnindalausum jörðum við sjó að meta hundrað hvert á 200 kr., en hlunnindajarðir miklu hærra.

Sigmundarhús eru rösk 7 hundruð að fornu mati, og virðist mjer því nær hæfi að meta þá jörð 14—1500 kr., ef borið er saman við verðið á Helgustöðum.

Annað hef jeg ekki að athuga við frv. þetta en matið, og vildi jeg taka það fram, til leiðbeiningar nefndinni, sem væntanlega fjallar um málið.

Flm. (Björn Stefánsson): Jeg stend að eins upp vegna þess, er hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að óþarft væri að taka Sigmundarhús með í frv. þetta. Það er alveg rjett, að ekki þarf sjerstök lög um þá sölu, þótt jörðin hafi óskift land með Helgustöðum. Jeg tók samt Sigmundarhús með inn í frv., af því að mjer fanst óþarfi að vera að skilja það frá Helgustöðum, vegna þess, að það myndi einungis tefja fyrir sölunni og valda óþörfum drætti og fyrirhöfn. Ábúandinn sótti um kaup 1912, en hefir ekki enn fengið svar; sjálfsagt goldið þar Helgustaða, sem stjórnin virðist ekki vilja selja, þótt ástæðulaust og óverjandi sje að neita sölu á þeirri jörð, þegar litið er til annara jarða, sem seldar hafa verið. Hv. ræðumaður (Sv. Ó.) er öðrum kunnugri hvernig til hagar, því að hann er landsdrottinn. Hjer er ekki eftir miklu að sækjast; jörðin hefir verið metin $^1/_3$ úr Helgustöðum, en er ekki svo mikils virði, ef þau skifti fara fram, sem fyrirhuguð eru. Sigmundarhúsum og Helgustöðum fylgja óskiftar landsnytjar, en þegar þeim er skift eftir því, sem hjer hefir orðið samkomulag um milli ábúendanna, þá vantar mikið á, að Sigmundarhús sjeu að verðmæti $^1/_3$ partur óskiftra jarðanna. Þar er tæplega brúkleg bátalending, og landkostir litlir. Túnið er lítið annað en það, sem núverandi ábúandi hefir ræktað upp úr blautum aur, en hitt skal játað, að utan túns eru móar, sem álitlegri eru til ræktunar en túnið sjálft. Ábúandinn er fátækur og hikar við að leggja í mikinn kostnað á jörðinni, sem hann veit ekki enn, hvort hann eða börn hans fá að njóta. Hann hefir búið á þessu mjög rýra koti, bygt það upp, gert góðar jarðabætur, en hikar nú við að verja því litla fje og kröftum, sem hann á, ef engin trygging er fyrir því, að afkomendur hans njóti góðs af. Ef jörðin væri ekki látin fylgjast með Helgustöðum í þessu frv., yrði að virða hana á ný, og sækja um kaup á ný, með öllum þeim brjefaskriftum, sem því fylgja, og það mundi tefja söluna um heilt ár eða meira. Það vill nú svo vel til, að umboðsmaður á að gefa ítarlega og ábyggilega umsögn um málið, og hann er nú einmitt hjer. Það er því að eins til að flýta

fyrir því, að bóndinn fái jörðina, að jeg tók Sigmundarhús upp í frv., því að mjer dettur ekki í hug, að neitt verði í vegi fyrir sölu, úr því að frv. um frestun á sölu þjóðjarða hefir verið felt. Umboðsmaðurinn, sem er kunnugur þarna, hefir ekkert á móti sölunni.

Bóndinn á Helgustöðum hefir búið þar í 9 ár og gert myndarlegar jarðabætur. Jeg kom þangað í vetur á góu, í illu veðri, og þá var hann að vinna að jarðabótum, var með járnkall að pæla upp grjót í túninu, ásamt 3 sonum sínum, þeim elsta 8 eða 9 ára. Þeir tíndu í hrúgur eða báru burt það, sem hann losaði. Verðið á Sigmundarhúsum tel jeg fyllilega nógu hátt með þeirri skiftingu, sem fyrirhuguð er. Jeg man, að þegar umsóknin um kaup lá fyrir 1912 og umboðsmaður gaf álit sitt, þá vildi hann hækka verðið úr 2600 kr. upp í 4000 kr. á báðum jörðunum til samans, en það verð, sem hjer er farið fram á, er 4800 kr., og kalla jeg það allverulega hækkun, og fullyrði, að það sje hærra verð en aðrar landssjóðsjarðir þar eystra hafa verið seldar fyrir.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það mætti má ske í þessu sambandi minna á gömlu setninguna: „Þau tíðkast nú, breiðu spjótin“, því að þegar um þjóðjarðasölu er að ræða, er einkis látið ófreistað til að fá jarðirnar keyptar, þegar landsstjórnin vill halda í þær. Hvað eftir annað er komið með lagafrv. um þetta efni, um daginn um Hafnir, þetta einkennilega, gamla höfuðból, og nú um Helgustaði, þar sem þessi einkennilega náma er, sem varla á sinn líka. Kvöldskuggarnir eru farnir að lengjast og liðið er á þingtímann, eins og nú er á daginn, og því lítill tími til að athuga þetta. Jeg vil vona, að hv. nefnd muni eftir því, að það stendur alveg sjerstaklega á með þessa jörð, og verra er, að eignar- og umráðarjettur sje sitt í hvorri áttinni heldur en á sömu hendi, ef landið einhvern tíma vildi reka námuna.

Greinargerð frv. telur 2 ástæður. Í fyrsta lagi, að jarðir í nágrenninu hafa verið seldar, og því misrjetti, ef ekki yrði leyfð sala á þessari jörð. Þetta misrjetti er að eins orðið slagorð hjá þinginu, og það er engin sönnun fyrir því, að það væri meira misrjetti gagnvart einstaklingunum að selja ekki en gagnvart þjóðfjelaginu í heild sinni að selja. Greinargerðin giskar á, að verðið hafi þótt oflágt. Það getur vel verið, en frv. leggur líka til, að verðið verði $^3/_5$ hærra en virðingin.

Önnur ástæðan er sú, hve vel ábúandinn hafi farið með jörðina. Það getur vel verið rjett. Jeg hefi einu sinni farið þar um í góðu veðri, og þótti fallegt þar um að litast og mannvirki töluverð. Virðingin fór fram fyrir nokkrum árum, og ábúandinn mun hafa bætt jörðina mikið síðan. Er það ekki einmitt til að sanna það tvent, að virðingarnar eru oft oflágar, og ábúendur leggja oft rækt við blettinn, sem veitir þeim lífsviðurværi, *þótt þeir eigi hann ekki sjálfir?* Þetta er nú almenn ástæða, en hjer er líka um þá *sjerstöku* ástæðu að ræða, að þarna er þessi einkennilega náma, og best, að landið eigi ekkert undir högg að sækja, ef það vill reka hana,

Jeg tel víst, að málinu verði vísað til 2. umr. og vona, að háttv. nefnd athugi þetta, sem nú hefi jeg tekið fram.

Flm. (Björn Stefánsson): Jeg veit ekki, hvað hæstv. atvinnumálaráðherra hefir meint með því, að frv. kæmi fram í kvöldskugganum. Að minsta kosti ætti honum að vera kunnugt, að það er ekki jeg, sem ræð dagskránni, og jeg hefi ekki tafið umræður hjer. Ef hann hefir átt við, að það kæmi ofseint, þá vil jeg segja honum það, að það kom á lögsettum

tíma. Jeg dró að vísu að koma með það þangað til jeg sæi, hvort frv. um frestun á sölu þjóðjarða yrði felt, en jeg gætti þess samt að koma með það í tæka tíð, til að þurfa ekki að eiga það undir miskunn ráðherrans og deildarinnar, hvort það yrði tekið til greina. Hæstv. ráðherra (S. J.) sagði, að orðið misrjetti væri haft fyrir slagorð, en því mótmæli jeg, þegar verðugum og duglegum bónda er neitað um kaup, en samtímis eru seldar miklu líklegri jarðir í nágrenninu. Á aðra hlið fjarðarins eru útróðrarpláss, og þar eru seldar þjóðjarðir, en þessi jörð er svo langt inni í firðinum, að aldrei getur orðið útræði þaðan, nema frá heimilinu, því að þeir, sem á annað borð taka sig upp til að setjast að á vertíðinni nær fiskimiðunum, þeir fara lengra út með firðinum en til þessarar jarðar. Hins vegar er seld jörð, sem er svo nálægt Eskifjarðarkaupstað, að töluverður hluti hennar liggur nú innan takmarka kaupstaðarins. Þessi jörð, Helgastaðir, er svo langt frá Eskifjarðarkaupstað, að engin líkindi eru til, að hann nái nokkurn tíma þangað út; að minsta kosti yrði hann þá að verða jafnoki Lundúna. Mjer finst engin furða, að ábúendanum finnist hann misrjetti beittur, þegar allra álitlegustu jarðir eru seldar hringinn í kringum hann, en honum neitað um kaup. Með þessu frv. er líka fyllilega trygt, að landssjóði verði námunotin hvorki dýr nje erfið.

Önnur ástæðan, sem margir halda fram gegn þjóðjarðasölunni er sú, að ábúendur þurfi ekki að eiga ábúðarjarðir sínar til þess, að þær sjeu vel setnar. Jeg veit, að til eru slíkar undantekningar, og eina er hjer um að ræða, en þær eru fáar, og hart er það, ef á að straffa þá leiguliða, sem reynast öðrum betur, og láta þá gjalda þess, að þeir sitja jarðir sínar vel, og neita þeim um kaup, þegar öðrum er veitt. Eftir þessu ætti sú leiðin að vera heppilegust, til að fá keypt býli sitt, að níða það niður, til að fá sönnun fyrir því, að einkis góðs sje að vænta af leiguliðaábúð. Eins og jeg hefi áður lýst yfir hefi jeg aldrei verið því fylgjandi, að þjóðjarðir væru seldar, en fyrst að það á annað borð er lög, er það vitanlegt, að flestir landssjóðsleiguliðar munu leggja alt kapp á að kaupa jarðir sínar á næstu árum, og þá kalla jeg það misrjetti að halda þessari, þegar aðrar þjóðjarðir eru seldar unnvörpum. Jeg man ekki, hve margar umsóknir liggja í stjórnarráðinu, en þær væru þó fleiri, ef þessi dráttur hefði ekki verið hjá stjórninni, því að menn hafa búist við, að hann táknaði það, að hætta ætti allri þjóðjarðasölu, og því ekki talið ómaksins vert að fara af stað. En nú er önnur raun á orðin. Jeg get fullvissað hv. deild um, að umsóknirnar munu drífa að á næstu árum.

Jeg hefi borið fram frv. um erfðaábúð af því, að jeg álít, að það sje eina leiðin til að draga úr eftirsókn þjóðjarða að bæta kjör leiguliðanna svo, að þeir megi vel við una, en það frv. lítur út fyrir að háttv. landbúnaðarnefnd ætli að svæfa á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. St., G. Sv., H. K., J. J., J. M., M. G., M. P., P. O., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

nei: B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. Árna., J. B., M. Ó., P. J., S. S., St. St., Þorst. J.

Einn þm. (E. J.) var fjarstaddur.

Frv. vísað til landbúnaðarnefndar, (sjá A., bls. 1612) með 17 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., J. J., J. M.,

M. G., M. P., P. J., P. O., St. St., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.
nei: B. Sv., E. J., J. B., M. Ó., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þorst. J.

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 1. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 210, n. 707).

Frsm. (Einar Árnason): Landbúnaðarnefndin leggur á móti því, að frv. þetta verði samþ. Eru til þess tvær ástæður. Önnur ástæðan er sú, að þar sem lög um sölu þjóðjarða eru í gildi, þá telur nefndin ekki rjett að vera að heimila sölu einstakra jarða með sjerstökum lögum. Ef jarðir fást ekki keyptar eftir þeim reglum, sem gilda um sölu þjóðjarða, þá eru venjulega til þess lögmætar ástæður, og því sjálfsagt að visa þeim frá. Hin ástæðan snertir þessa sjerstöku söluheimild. Helgustaðir eru þektir um alt land fyrir silfurbergsnámuna, sem er í Helgustaðafjalli. Þó að náman sje tekin undan, og sömuleiðis allar námur, sem kynnu að finnast í landareigninni, þá finst nefndinni ekki ráðlegt að selja þessa jörð, telur það næstum óforsvaranlegt að selja þá jörð, sem geymir merkustu námu landsins. Gæti líka orðið óþægilegt, ef náman og jörðin væru ekki í sömu höndum.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að tala fleira um málið, en vil skjóta því til hv. flm. (B. St.), hvort honum sýnist ekki rjett að taka frv. aftur, þar eð víst má telja, að það verði felt.

Björn Stefánsson: Það hefir verið talað um það, og þingmönnum lagt það til ámælis, að þeir hafi flutt mörg frv. inn á þetta þing, samtals 110 frv. Af þeim hefi jeg flutt eða verið frumkvöðull að þrem. Eitt þeirra var steindrepið með öllum greiddum atkv. gegn 3. Þetta er annað frv., sem ekki blæs heldur byrlega fyrir, en 3. frv. má búast við að landbúnaðarnefndin kyrki í greip sinni, þótt mig furði á því, að minni hlutinn þar skuli ekki knýja frv. fram til umr. Eftir þessari útreið mætti ætla það, að þessi frv. mín væru allra frv. vitlausust, en við það vil jeg alls ekki kannast, en hitt munu afdrif þeirra bera vott um, að jeg geng ekki í milli manna með „agitationum“ og er ófáanlegur til hrossakaupa. Nú veit meiri hluti landbúnaðarnefndar, að fjöldi þjóðjarða hefir verið seldur, sem miklu nauðsynlegra hefði verið að eiga fyrir landssjóð heldur en þessar jarðir. Jeg gat þess við 1. umr., að í þessu máli lægju fyrir ítarleg gögn, bæði frá virðingarmönnum, sýslunefnd og umráðamanni jarðanna, en þegar jeg mintist á við nefndina að kynna sjer þessi skjöl, þá var mjer svarað því, að þess þyrfti ekki, forlög þess væru þegar ráðin. En hverjar eru þá ástæður nefndarinnar? Hún segir, að nauðsynlegt sje að hafa vatn undanskilið. En einmitt í 2. gr. er ákvæði um það. Jeg skal enn fremur segja hv. nefndarmönnum það, ef þeir vita það ekki áður, að í flestum jörðum þar eystra hefir fundist silfurberg í lækjarfarvegum, svo að það er þar í fjöllunum. Nú hafa jarðir þar verið seldar unnvörpum án þess, að skilyrði hafi verið sett um vatnsafl til notkunar við vinslu náma, sem kynnu að finnast, og engiun vafi er á því, að þær verða flestar seldar á næstu árum, sem eftir eru.

Jeg skal ekki minnast á verðleika ábúandans, því að það gerði jeg við 1. umr. En þótt jeg sje fremur andvígur þjóðjarðasölu, þá kalla jeg það óverjandi misrjetti að selja ekki þessum manni jörðina, fyrst að jarðir eru seldar alt í kringum hann, eins og nefndin hlýtur að vita að verið

hefir undanfarið, og þótt hún neiti að reisa skorður við því, að svo verði gert framvegis.

Eftir nefndarálitinu mætti ætla, að hjer væri um heljarmikla námu að ræða, en hjer er ekki svo mikið sem hola niður í jörðina, heldur er silfurbergið tekið úr lækjarfarvegi, og engin mannvirki eru þar önnur en tveir timburkofar vindblásnir.

Það má vera, að frv. verði ekki lengra lífs auðið, en ekki mun jeg samt taka frv. aftur, því að vera má, að jeg geti síðar meir mint hv. nefndarmenn og aðra deildarmenn á afstöðu þeirra til þessa máls.

Sigurður Sigurðsson: Með því að jeg man ekki aðstöðu hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) gagnvart frv. um frestun þjóðjarðasölu, þá vil jeg beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort hann hafi greitt atkvæði móti því. (B. St.: Nei!). Ef hann hefir ekki gert það, þá er hann ósamkvæmur sjálfum sjer, með því að flytja þetta frv.

Jeg skal nú ekki andmæla þessu frv. sjerstaklega, enda hygg jeg, að þess þurfi ekki. En þar sem hv. flm. (B. St.) sagðist hafa verið óheppinn með frv. sín, þá er það rjett. Mannfjölgunarfrv. var felt, og þetta frv. er þannig, að það gengur hneyksli næst að flytja það. Í landi þessara jarða er einhver merkasta náma landsins, og auðvitað hlýtur reksturinn að að hafa áhrif á ábúð jarðarinnar, og því glapræði að selja hana, en hneyksli að flytja frv.

Út af ásökun hins hv. þm. (B. St.) til landbúnaðarnefndar fyrir það, að hún hefir ekki enn afgreitt erfðaábúðarfrv. það, sem henni var falið á síðasta þingi, þá skal jeg geta þess, að nefndin hefir haft mörgum aðkallandi málum að sinna. Og það er nú svo um þetta frv., að meiri hluti nefndarinnar getur ekki aðhylst það nje stefnu þess, og veit jeg þá ekki, hvort hv. flm. þess (B.St.) er meiri ánægja að því að fá það afgreitt úr nefndinni með þeirri tillögu, að það verði felt. Jeg held, að nefndin sje í þessu máli samkvæmari sjálfri sjer en hinn hv. þm. (B. St.) virðist vera.

Frsm. (Einar Árnason): Jeg get verið stuttorður, með því að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir tekið af mjer ómakið.

Jeg býst ekki við því, að hv. flm. (B. St.) haldi, að frv. gangi nú fram, eða að honum hafi komið það óvart, að landbúnaðarnefndin leggur á móti því, og því var það, að jeg skaut því til hans, hvort hann vildi ekki taka frv. aftur.

Hv. flutnm. (B. St.) mintist á, að nefndin hefði ekki kynt sjer skýrslur um málið. Þetta er alveg rjett. En hjer er um principmál að ræða, og engar skýrslur þurfti, með því að nefndin er þeirrar skoðunar, að eigi beri að aðhyllast frv., sem fara í kringum lög, sem sett hafa verið, og þetta frv. er ekkert annað en krókaleið, sem nefndin vill engan þátt eiga í að innleiða.

En svo að jeg víki aftur að skýrslunum, þá skal jeg geta þess, að hv. flm. (B. St.) kom til mín og bað mig að bíða í nokkra daga að láta prenta nefndarálitið, þangað til hann gæti sýnt mjer skýrslurnar. Jeg lofaði því, og beið í viku, en engar skýrslur komu.

Hinn hv. flm. (B. St.) sagði, að vatnsafl og ýmislegur notkunarrjettur landsins væri undanskilið. En þótt svo sje, þá er oftast svo, að þegar tveir hafa umráð yfir sama hlut, þá verða hagsmunir þeirra fyrir árekstri.

Hinn hv. flm. (B. St.) mintist á verðleika ábúandans. Það er svo langt frá því, að nefndin vilji beita hann nokkurri harðdrægni, enda verður ekki sjeð, að hann sje harðdrægni beittur í þessu máli. Ef þessar námur verða reknar, þá getur hann

haft hagnað af námurekstinum á ýmsan óbeinan hátt, og hann er að engu ver settur en aðrir, sem neitað hefir verið um kaup á ábýlisjörðum þeirra.

Hann sagði enn, hinn hv. flm. (B. St.), að nefndin hefði ekki farið gætilega. Það ætti hún að hafa gert, einmitt að hans dómi, sem lýsir sig andvígan þjóðjarðasölu.

Björn Stefánsson: Jeg verð að svara fyrirspurn hv. 2. þm. Árn. (S.S.), fyrst að hann man ekki aðstöðu mína til frv. um frestun þjóðjarðasölu. Jeg greiddi atkv. með frv. stjórnarinnar, og gat þess við 1. umr. þessa máls, að jeg hefði ekki komið fram með þetta frv., ef frestunin næði fram að ganga, en úr því að svo fór ekki, þá sá jeg enga ástæðu til þess að flytja ekki frv., og annað dugði ekki, með því að stjórnin hafði neitað um söluna.

Jeg get vel fyrirgefið hv. 2. þm. Árn. (S. S), þótt hann kalli þetta frv. hneyksli, með því að hann er á móti allri sölu þjóðjarða. En jeg verð þá líka að segja, að það gangi hneyksli næst, hvað hann, fulltrúi landbúnaðarins, gerir lítið að því að styðja hag landbúnaðarins. Hann er með í því að kæfa erfðaábúðarfrv., og frv. hans um ábúð jarða var svo vaxið, að enginn mundi hafa trúað, að komið væri frá landbúnaðarráðunaut; svo óverulegar endurbætur á lögum um ábúð og úttekt jarða felast í því. Frv. var líkast því, sem hefði mátt vænta frá hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). En það má nú líka segja um þau frv., er hv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir verið einn um, að þau hafa ekki fengið betri útreið en mín, eins og menn sjálfsagt muna.

Hv. frsm. (E. Árna.) hjelt, að mjer mundi aldrei, síst eftir innræti landbúnaðarnefndar, hafa dottið í hug, að frv. yrði samþ. Jú, mjer meir en datt það í hug, eða hvers vegna var þá ekki þjóðjarðasölunni frestað? Og það er víst, að jarðir hafa verið seldar, sem meiri ástæða væri að halda í en þessar, og jeg geng ekki frá því, að það er misrjetti að neita um sölu þessara jarða, þar sem alt í kring eru seldar jarðir, sem síður skyldi, og landbúnaðarnefndin gerir sitt til þess að ýta undir söluna.

En frv. tek jeg ekki aftur, heldur vil jeg lofa hv. deild að sýna mannskap sinn á því.

Sigurður Sigurðsson: Hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) hefir ráðist á mig út af frv. þeim, sem jeg hefi flutt, og á landbúnaðarnefnd fyrir afgreiðslu á frv., sem henni hafa verið falin. Frv. um ábúð jarða, sem jeg flutti nú á þingi, hafði verið flutt hjer áður, og hlotið viðurkenningu margra manna, er hafa til brunns að bera meiri þinghæfileika heldur en hv. 2. þm. S.-M. (B. St.). Og sömuleiðis hafa ýmsir bændur tjáð sig því hlynta. Hingað til hefir staðið á þinginu að afgreiða það. — En að það er enn ekki komið frá nefnd er því að kenna, að nefndin hefir mikið að gera, og vill athuga málið vel. — Jeg hefi grun um það, að hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) sje ekki vel kunnugur ábúðarlögunum, eða þessu máli yfir höfuð, enda kom það fram við 1. umr., að hann hefir annaðhvort ekki lesið frv., eða misskilið það eins rækilega og unt er að misskilja.

ATKVGR.
1. gr. feld með 10 : 2 atkv.

Frv. því
fallið.

22. Kaup í landaurum.

Á 21. fundi í Nd., þriðjudaginn 31. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga, er mæla svo fyrir, að verkamönnum hins íslenska ríkis skuli reikna kaup í landaurum. (A. 223).

Á 25. fundi í Nd., laugardaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 9. ágúst, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Þetta frv. er það sama sem jeg flutti á síðasta þingi hjer í hv. deild. Jeg ætla mjer því ekki að fjölyrða mjög um það að sinni, en vísa í aðalatriðunum til þess, sem jeg sagði þá, og þess, sem jeg síðan hefi tekið fram í öðru máli, sem hjer hefir legið fyrir, en það er, að þessi verðmælir, sem jeg vil láta nota, er sá eini rjetti til að miða við. Menn geta sjálfir gert sjer í hugarlund, hvort ekki sje rjettara að mæla gildi hlutanna, sem við eigum með að fara, við einhvern fastan og ákveðinn verðmæli, sem altaf stendur óhaggaður, eða þá við eitthvað, sem altaf er hvarflandi úr einu í annað, eftir atvikum, sem landsmenn sjálfir hafa ekki vald á. Þó nú að þannig sje reiknað eftir álnum, þá er þar með hvorki farið fram á að hækka nje lækka kaupgjald manna; gamlar reglur þar að lútandi geta staðið alveg eftir sem áður; það er að eins verðmælirinn, sem jeg vil láta breyta.

Af því gæti svo aftur leitt, að krónutalan yrði meiri eða minni, sem mönnum væri goldin, en það fer auðvitað eftir því, hvort peningar stíga eða falla í verði. Þegar jeg fyrst bar þetta frv. fram hjer á þingi síðast, þá lagði jeg það til, að álnarverðið skyldi miðað við það meðalverð, sem hefði verið á alninni síðastliðin 20 ár, en í frv. því, er jeg nú flyt, er þessu breytt á þann veg, að álnarverðið skuli miðað við meðalverð það árið, sem lögin öðluðust gildi. Eftir lauslegum útreikningum kemur þetta undarlega vel heim við þá verðhækkun, sem hefir orðið á nauðsynjavörum, eða lækkun á peningaverði, í síðastliðin ár, en er þó heldur lægra, en alls ekki hærra. Það hlýtur að vera rjett hjá mjer að ákveða, eftir vilja löggjafans, einmitt þegar lögin eru gefin út, hve mikið skuli vera í alin.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta nú, en vil mælast til þess við hv. deild, að hún vísi málinu til fjárhagsnefndar. Nefndin er vel mönnum skipuð, og tel jeg eflaust, að hún geti athugað málið betur en jeg hefi getað. Sjerstaklega vildi jeg mælast til, að hún athugaði, hvernig haga skuli samningu á nýrri verðlagsskrá; sú gamla er orðin úrelt, og tíminn vaxinn upp úr henni, ef jeg mætti svo segja; þar stendur ýmislegt, sem ekki á að vera, en annað vantar í staðinn. Jeg álít, að hægra sje fyrir nefndina að fást við þetta, og hefi hugsað mjer, að hagstofan hefði hönd í bagga með og semdi verðlagsskrá, en þá yrði auðvitað að gefa henni heimild til að kveðja sjer til hjálpar aðra þjóna ríkisins, sem henni líst. Jeg vil svo að endingu vona, að lögin fái umbætur í höndum nefndarinnar, því að, eins og jeg tók fram áðan, er hún vel mönnum skipuð, og því vel treystandi til þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til

fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1608) í e. hlj.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 16. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 223, n. 442).

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg hefi í raun og veru engu við nál. á þgskj. 442 að bæta. Álit nefndarinnar er, að þetta mál, eins og það nú liggur fyrir, sje ekki nógu vel undirbúið, en hún vill, að það fái rækilega athugun og afgreiða það því til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá. Það er nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að athuga innan skamms nákvæmlega launamál þessa lands enn á ný, því að þótt nefndir hafi um þau fjallað og margt hafi verið um þau skrifað, þá eru þau ekki svo vel undirbúin, sem nauðsynlegt er. Fyrir sitt leyti vill nefndin stuðla að því, að þetta mál verði athugað rækilega. Jeg fæ ekki betur sjeð en að hv. flm. (B.J.) geti vel unað því, að málið sje afgreitt þannig, því að því er allur sómi sýndur, og best fer á því, að það fylgi öllum launamálabálkinum, er hann verður endurskoðaður. Jeg þykist vita, að honum (B.J.) sje ljóst, að þetta mál er ekki svo undirbúið, að það geti náð fram að ganga nú.

Jeg skal geta þess., að þegar gert er ráð fyrir að ákveða laun eftir verðlagsskrá, er ekki hægt að hlíta við ákvæði slíkrar verðlagsskrár sem nú gildir. Ef launin á að ákveða í landaurum, verður það að vera bygt á því, að nauðsynjar manna sjeu teknar til greina, en eins og kunnugt er þá fer fjarri því, að sú verðlagsskrá, er nú gildir, taki tillit til þeirra. Það er t. d. ekki hægt að telja til lífsnauðsynja manna hespugarn og eingirnissokka, tvibands-gjaldsokka og eingirnispeysur, nje heldur er nú um greiðslur að tala í vaðmáli og einskeftu, hákarli og hvallýsi, kýrhúðum og hrossskinnum, fuglafiðri og fjallagrösum. Dagsverk og lambsfóður eru líka svo fátíður gjaldeyrir, að ekki er hægt að gera þau að gjaldmiðli. Slík verðlagsskrá, er nothæf væri til launaákvörðunar, yrði að hljóða um helstu nauðsynjar manna, hinar algengustu, útlendar og innlendar, til viðurværis og aðhlynningar, svo sem kornmat, eldsneyti og jafnvel húsaleigu o. fl. Það er því hvergi fullnægjandi að hafa eingöngu verðlagsskrá þá, er nú gildir, til hliðsjónar, því að með henni næst ekki það rjettlæti, sem til er ætlast.

Jeg vona, að stjórnin taki þetta til greina og athugi það ekki ver en aðrar hliðar þessa mikla máls..

Bjarni Jónsson: Það er ekki mikil spurning, hvort jeg er ánægður eða ekki við hv. nefnd. Jeg er reyndar ekki eins ánægður með gerðir hennar eins og hv. frsm. (G.Sv.) virtist ætla, en það gleður mig þó, að þetta mál fær betri undirtektir en síðast, er jeg bar það fram, eða samskonar frv. hjer á þingi. Mjer finst, að hv. nefnd hafi ekki tekið það til greina, að aldrei hefir verið svo mikil þörf þess sem nú, að verkamönnum hins íslenska ríkis væri reiknað kaup í landaurum, sökum hins mikla verðfalls, sem orðið er á peningum.

Fyrir þessa þjóð, sem reiknað hefir í landaurum alla tíð, ætti ekki að vera vandasamt að leiða þetta í lög, án mikils undirbúnings.

Ef tekin eru laun og reiknuð út eftir gildandi verðlagsskrá, fer sá reikningur ekki fjarri sanngirni. 3000 kr. laun t. d. væru þá orðin 6000 kr. (G. Sv.: Eða 7000). Já, 3000—7000, en eftir nákvæmri skýrslu, frá matvælahagstofu Íslands hefi jeg sannað það, í öðru máli, sem var hjer á ferðinni, að þær lífsnauðsynjar, sem áður mátti kaupa fyrir 3000 kr., kosta nú yfir

7000. Þetta kemur því alveg heim við verðlagsskrána, og hún fellur saman við það, sem á sjer stað. Það ætti því ekki að kosta okkur Íslendinga, sem höfum reiknað í landaurum frá ómunatíð, mikið erfiði eða undirbúning að breyta til í þessa átt.

Það er annars undarlegt, að það vilja engir vera mjer sammála í svona málum, nema Danir. Jeg bar t. d. á þingi 1915 fram tillögu um, að landssjóður gyldi nokkuð af verðhækkuninni á helstu nauðsynjavöru. Þá vildu engir vera mjer sammála, en nú hafa Danir og fleiri þjóðir gert það.

Jeg sá nýlega í grein úr dönsku blaði, að það hafði verið til umræðu á þingi Dana, að laun embættismanna yrðu ákveðin þannig, að þau væru færanleg eða hreyfanleg, eins og þeir kalla það, á svipaðan hátt og preststekjur, sem goldnar eru í korni og smjöri, en Danir eru ekki kunnugir landaurareikningi eins og við. Það þarf ekki að tala um undirbúning til þess, að þau yrðu rjett reiknuð hjá okkur á þennan hátt, því að það ár, sem launin voru sett var miðað við gildi peninga það ár, eða meðalverð allra meðalverða það ár, sem löggjöfin ákvað launin. Þetta er því ekki að breyta launalögunum, því að þau eru hin sömu, en það er gjaldmiðillinn, sem er breyttur, og löggjafanum hefði aldrei dottið í hug að ákveða launin eins og hann gerði, ef honum hefði dottið í hug, að slík breyting yrði á gjaldeyri, sem nú er komið á daginn. Þetta þarf því ekki undirbúning, en það þarf undirbúning að semja nýja verðlagsskrá. En þótt ýmsir gallar sjeu á gildandi verðlagsskrá, þá er þó meðalverð allra meðalverða ekki fjarri sanni. Þegar menn sjá, að þessar gömlu reglur falla saman við þarfir nútímans, er auðsjeð, að það er ekki hættulegt að samþykkja þetta.

Jeg býst ekki við, að þetta verði samþykt, því að það er eins og menn hafi ekki hug til að stíga þau spor, sem allra sjálfsögðust eru og allir vita, að eru rjett.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um málið meira að sinni. Jeg vænti því góðs í framtíðinni, en mjer þykir það leitt, að þingið skuli ekki fallast á það í nútíðinni, til að forðast alt rifrildi um launamálið á næstu þingum. Ef menn vildu samþykkja þetta frv. mitt nú, væri þar með stungið upp í og sett stífla fyrir það þvarg, sem annars verður á næstu þingum, því að ef kaupið væri reiknað í landaurum, þyrfti aldrei að veita neina uppbót.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Mjer skilst á hv. flm. þessa frv. (B.J.), að hann sje tilbærilega ánægður með, að málið verði afgreitt til hæstv. landsstjórnar, og furðar mig það ekki, því að nefndin hefir tekið málinu vel, og hv. flm. þarf ekki að furða, að nefnd, sem á að gefa rökstutt álit, geti ekki afgreitt annað eins mál og þetta á annan hátt. Þar með er ekki sagt, að það, sem frv. fer fram á, sje ósanngjarnt, þegar það hefir fengið nægan undirbúning. En það gefur að skilja, að það er ekki auðhlaupið að því að gera svona „radikal“ breytingu á þeim launakjörum, sem ríkt hafa svo langa tíð. Það mætti segja, að nokkur þörf væri á að fá þetta lögleitt nú, sjeð frá því sjónarmiði, hvað embættismönnum hentar best. En hjer er líka margs fleira að gæta, þegar um er að ræða að umsteypa gömlu kerfi, sjerstaklega í peningamálum, og til þess eru yfirstandandi tímar afaróheppilegir. Jeg efast ekki um, að eftir alt það þvarg, sem orðið hefir um launamálin, verður reynt að koma á því fyrirkomulagi, sem ekki breytist óðar aftur. Það er ekki svo að skilja, að þingmenn hafi ekki hug til að stíga spor í rjettlætisátt. Hjer er að ræða um, hvort á að hlaupa út í hitt og þetta, óundirbúið, eða styðja að framgangi þess með

góðum undirbúningi. Mjer þykir ekki þörf að fjölyrða meir um þetta. Þótt hv. flm. (B.J.) sjái grein í dönsku blaði um, að heppilegt gæti verið að gjalda laun í friðu, þá er það engin ný hugmynd, því að hún er þekt líka erlendis, enda þótt þar sje engin verðlagsskrá höfð, á sama hátt og hjer hefir tíðkast. En það er ekkert land, sem lögleiðir slíkt á þessum tímum; málið er að eins rætt og athugað.

Jeg verð að segja það, að það er ekki sannleikanum samkvæmt hjá hv.flm.(B.J.),að þetta geri enga breytingu á upphæð launanna, og þarf jeg, því til sönnunar, ekki annað en vitna í orð hv. flm. sjálfs, er hann sagði, að 3000 kr. laun hækkuðu eftir þessu upp í 7000 kr. (B. J.: Já, hækkaði í krónum). Já, það hefir nú hingað til verið reiknað í krónum. Breytingin gæti verið sanngjörn frá sjónarmiði ýmsra manna, en þess ber ekki að dyljast, að hún er stórkostleg og getur verið misjöfn, því að þetta árið yrði upphæðin að vera svona mikil og hitt árið öðruvísi. Jeg vil geta þessa að gefnu tilefni, en annars er óþarfi að ræða frekar einstök atriði málsins.

Bjarni Jónsson: Frv. þetta fer ekki fram á breytingu á því, sem löggjafarnir ætluðust til, er laun embættismanna voru ákveðin. Það fer fram á jafnmikla fúlgu lífsnauðsynja eins og þeir ætluðust til að embættismennirnir fengju fyrir laun sín. (G. Sv.: 7000 kr.). Já, ákveðna fúlgu lífsnauðsynja, hvort sem hún kostaði 3000 kr. eða 7000, ætlaðist löggjafinn til að menn fengju fyrir ákveðið starf. Þetta er ekki annað an dæmi í margs konar tölum, að breyta ákveðinni krónutölu í álnatölu. Það á ekki skylt við launabreytingu, því að þótt skift yrði um og reiknað í álnatölu, er ekki sagt, að þau laun hjeldust; þau yrðu að eins á næstu árum hækkuð í álnatali, í stað þess í krónutali. Það er mergurinn málsins. Jeg endurtek það, að þetta er svo einkarljóst, að hver maður skilur það, og þar ræður ekki annað en hugleysi eða skortur á rjettarmeðvitund, ef menn eru á móti því.

Björn Stefánsson: Af því að jeg ætla að greiða atkvæði með dagskránni, en álít það hins vegar ekki neina fjarstæðu, sem farið er fram á í frv., vil jeg segja nokkur orð. Jeg get best trúað því, að úr því ráðaleysi og flækju, sem launamálið er komið í, verði sú leið hin líklegasta til þeirrar niðurstöðu, sem bæði almenningur og embættismenn geta unað við, sem frv. bendir á. En jeg álít, að málið sje ekki nægilega undirbúið til þess, að hægt sje að leiða það til lykta á þessu þingi. Verðlagsskráin er orðin úrelt, og verður því að semja nýjan grundvöll fyrir samningu verðlagsskrár og taka bæði ýmsar tegundir út úr, sem þar eru nú, og bæta öðrum inn, bæði innlendum og útlendum, ef hún á að geta orðið sá grundvöllur, sem laun embættismanna verða greidd eftir. En hjer er um það vandaverk að ræða, sem vonlaust er að verði viðunanlega af hendi leyst á þessu þingi. Til þess þarf nákvæman undirbúning og rannsókn hagstofunnar.

Ef verðlagsskrá ætti einnig að verða grundvöllur til að gjalda eftir öll opinber gjöld og skatta, þá kemur til greina, hvort hún þarf ekki að semjast í tvennu lagi, eða þær að vera tvær, önnur fyrir landbúnað, en önnur fyrir sjávarútveg.

Svo getur farið eitt ár, að t. d. væri hallæri, eða því sem næst, í sjávarsveitum, en góðæri í landsveitum og hátt verð á öllum landafurðum; þá væri ranglátt að láta sjávarútvegsmenn borga skyldur sínar og skatta eftir verðlagsskrá, sem hátt verð á landafurðum hefði hleypt upp.

Þetta horfir eins við fyrir landbændum, þegar svo stæði á, sem fyrir getur komið,

að harðindi sjeu í landsveitum, en kann ske sama ár góð aflabrögð og hátt verð á sjávarafurðum. Þá mundi bændum erfitt að borga gjöld sín eftir verðlagsskrá, sem t. d. síldar- eða lýsisverð og fleiri sjávarafurða hefði hleypt mjög upp. Jeg vildi einungis benda á þetta til að sýna, að komið getur til mála að hafa verðlagsskrárnar 2 eða jafnvel fleiri. En þrátt fyrir þessa athugasemd á frv. þá skal jeg taka það fram, að jeg álít það enga fjarstæðu, sem fram kemur í því, heldur þess vert, að stefna þess sje tekin til nánari rannsóknar, og hefi gefið þessar bendingar í því skyni.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þgskj. 442 (sbr. 498) samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 1.

Frv. því talið

fallið.

23. Aðflutningsbann á áfengi.

Á 22. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um aðflutningsbann á áfengi. (A. 240).

Á 30. fundi í Nd., föstudrginn 10. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 11. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. ágúst, var frv. enn tekið til 1. umr. (A. 240, 278).

Flm. (**Jón Jónsson**): Þetta frv. okkar er komið fram af þeim ástæðum, að við flutningsmenn höfum ekki getað sætt okkur við þá leið, sem þingið hefir valið að fara í þessu áfengismáli. Okkur fanst þetta vera að verða að því æsingamáli í landinu, að full þörf væri á að reyna að finna einhverja leið, sem fær væri til samkomulags.

Jeg vil taka það strax fram, að við berum þetta frv. fram í fylstu alvöru, af því að við viljum reyna að miðla eitthvað málum í þessu mikla deilumáli, því að það er áreiðanlega ekki holt, síst á þessum tímum, að stofna til stórvandræða í landinu, sökum flokkadrátta út af þessu máli, eins og nú lítur út fyrir að ætli að verða.

Menn hafa nú sjeð, hvaða stefnu við höfum valið, sem sje að leyfa aðflutning á veikari vínum, en útiloka sterkari drykki. Þegar við fluttum frv. þá var okkur ekki vel ljóst, hve mörg „prósent“ væru í hverri tegund fyrir sig, og því hefi jeg komið fram með brtt. við frv. okkar, á þgskj. 278, og legg þar til, að prósenttalan verði hækkuð töluvert frá því, sem við lögðum til upphaflega. Jeg hefi gert þetta eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið síðan frv. okkar var útbýtt. — Jeg hefi nú hjer nokkur sýnishorn, þótt ekki sje nema á pappírnum, af því, hve mörg prósent af áfengi eru í þeim vínum, sem leyfður er innflutningur á samkvæmt þessu frv., og skal jeg leyfa mjer að láta hv. deild heyra það. Það er þá fyrst:

Portvín	22—23%
Sherry	15—22—
Madeira	16—20—
Malaga	12—16—
Rauðvín . . .	9—14—
Rinskvín . . .	9—13—
Badisk vín . .	9—12—
Ungversk vín .	9—11—

Mosel	7—10—
Franskvín . .	6—11—
Kampavín . .	8—12—
Cider	5—7—

Tollfrjálst öl reynist líka altaf hærra en ákveðið er, t. d. 2,70, 2,80, 2,90 til 3%, og því höfum við viljað takmarka leyfi til opinberrar sölu á öli við $2^4/_5$%, í stað $2^1/_4$%, og vona jeg, að allir sjái, að menn muni verða jafnt fullir eða ófullir fyrir því. Til samanburðar get jeg getið þess, að þeir drykkir, sem við viljum nú hjálpa til að gera landræka, hafa í sjer þetta áfengi, eftir rúmmáli:

Whisky	. . . .	45%
Cognak	í flöskum	45—
Brennivín	- —„—	45—$47^1/_2$%
Romm	- —„—	45%

Þessir drykkir eru þó eitthvað sterkari í tunnum. Grísk og ítölsk vín koma hjer ekki til greina, því að þau halda sjer hjer ekki og hafa ekki verið keypt. Jeg hygg nú, að allir gætnari bannmenn hljóti að sjá, að hjer er um mikla tilslökun að ræða frá okkar hálfu, sem aldrei höfum verið banni meðmæltir í neinni mynd, og skal það tekið fram, að þessi tilslökun frá okkar hálfu er að eins gerð til þess að reyna að draga úr þeim æsingum, sem farið er að bóla á í landinu. Líka hljóta allir gætnari bannmenn að viðurkenna það, að miklar líkur eru til, að minna yrði drukkið í landinu, ef ekki flyttist inn annað en þessi veikari vín, því að almenningur drekkur ekki þessi vín; til þess eru þau ofdýr.

Jeg skal þá ofurlítið minnast á ástandið, sem bannlögin hafa skapað í þessu landi. — Það játa allir, jafnvel flm. breytinganna á bannlögunum, sem hjer voru á ferðinni um daginn, að bannlögin eru brotin, og menn vita það einnig, að pukrað er með að selja áfengi, í ekki svo smáum stíl, og að sú sala er ekkert annað en hreinasta okur. Þetta vita allir, og láta það eins og vind um eyrun þjóta, með öðrum orðum, menn hylma yfir með lögbrjótunum. Við vitum það reyndar, að sumir af lögbrjótunum nást, og eru þeir þá sektaðir. Það getur nú auðvitað verið gott og blessað að fá sektir í landssjóðinn, en ekki held jeg, að neinum blandist hugur um það, að betra væri þó að losna alveg við öll málaferli, þras og æsingar, sem af slíku leiða, því að þessi málaferli geta vel leitt til meinsæris, og allir vita, hvað af því getur leitt. Sumir tala líka um að leggja fangelsisvist við brotum á bannlögunum. Það má vera, að sumir felli sig við það, en hitt er þó tvímælalaust æskilegra, að ala menn svo upp, að þeir verði nýtir borgarar, en ekki lögbrjótar. Það má líka benda á það, að ýmsir leggja sjer ýmsa banvæna drykki til munns, og er það ein hryggilegasta afleiðing bannlaganna. Þá má enn benda á það, að bannlögin hafa orðið til þess, að landið hefir mist þann besta tollstofn, sem hugsast gat, og mátti það þó síst á þessum tímum. Þetta var sá tollur, sem sífelt mátti hækka, og hefði hann nú gefið landinu stórfje. Auk alls þessa tjóns, sem landið hefir orðið fyrir vegna bannlaganna, er það, að þau hafa alið upp í mönnum hræsni og yfirdrepsskap. Jeg fullyrði, að það sje fjöldi bannmanna og goodtemplara á þessu landi, sem drekka áfengi, þrátt fyrir það, þótt þeir þykist vera með bannlögunum, og sjá allir, hve heilbrigt slíkt ástand er. Bannlögin hafa líka orðið þess valdandi, að nú er, lögum samkvæmt, helt niður víni, sem þó mætti selja fyrir þúsundir króna, og verður ekki orðum að því eytt, hvílíkur skrílsháttur það er. Og gagnvart öllum þessum ófögnuði stendur svo lögreglan í landinu gersamlega ráðþrota, því að það er orðin almenn reynsla í þessu landi, að ómögulegt sje að gæta bannlaganna.

Það getur nú ekki hjá því farið, að þetta ástand hafi ýmsar ófjelegar afleiðingar í för með sjer, enda leyna þær sjer ekki. Það þekkja allir, að bannlögin eru orðin þess valdandi, að megnar deilur hafa risið upp í landinu, og verð jeg beint að telja það pólitíska siðspilling, að menn skuli skiftast í flokka eftir því, hvar þeir standa í bannmálinu. Þessar deilur eru jafnvel orðnar svo magnaðar, og óánægjan svo mikil, að sumir tala um, að komið geti fyrir, að menn slái sjer saman í flokka, sem hafi það beint fyrir markmið að brjóta bannlögin, og verður þá lögreglan vitanlega í standandi vandræðum og fær ekki við neitt ráðið. Jeg vil nú spyrja hv. þingmenn, hvort þeir álíti, að slíkt ástand muni vera mjög holt. Nei, það vita allir, að bannlögin eru að verða til þess, að almenningur fyrirlíti þingið og virði mörg lög vettugi. Auk alls þessa verður ekki um það deilt, að bannlögin auka óvild og hatur á milli manna. Og jeg skal ekki ábyrgjast, nema að því kunni að reka, fyr eða síðar, að menn, sem kappsfullir eru, á báðar hliðar, kunni að hætta algerlega viðskiftum hvorir við aðra, svo að úr því verði fullur fjandskapur. Og þetta, sem jeg hefi nú lýst, er „gimsteinninn“ sem hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) talaði hjartnæmast um um daginn.

Nei, við þurfum ekki að láta okkur koma til hugar, að algert bann sje framkvæmanlegt á þessu landi. Um þetta ber öllum lögreglustjórum saman, sem haft hafa eftirlitið með lögunum á hendi, og líta á málið með skynsemd og sanngirni, og jeg er ekki í neinni óvissu um það, að afnám bannlaganna er óhjákvæmilegt, svo framarlega sem ekki verður samkomulag um þau. Mjer virðist það því vera einsætt, frá sjónarmiði bannmanna, að reyna þessa miðlun, og sjá, hvort ekki muni hverfa þá freistingin til að brjóta lögin. Bannstefnan er líka mjög skökk stefna í þessu máli. Þetta er ekki heppilegasta leiðin til þess að láta þjóðina hætta við allan drykkjuskap. Það verður enginn betri maður, þótt þeir, sem valdið hafa, meiri hlutinn, kúgi hann til að gera þetta eða hitt. Menn verða ekki góðir nema þeir sjeu aldir upp undir hollum aga, en ekki við þrælsótta. Það hvílir því mjög mikil ábyrgð á þeim mönnum, sem nú greiða atkvæði á móti þessu frv., og það skal sannast á sínum tíma, að þjóðin launar þeim eftir verðleikum. — Mjer finst nú, að bannmenn ættu bráðum að fara að haga sjer skynsamlega og afla sjer matar og drykkjar eins og siðaðir menn. Enda tel jeg miklar líkur til þess, að gætnari bannmenn muni sætta sig við þetta frv., eins og það liggur hjer fyrir. En þótt jeg vilji engu spá, þá veit jeg það með vissu, að menn sætta sig aldrei til lengdar við það ástand, sem nú er í landinu og jeg hefi nú lýst. Þótt menn haldi nú, að kjósendur sjeu yfirleitt fylgjandi bannlögunum, þá getur rekið svo langt, að menn sannfærist um, að fylgið við bannlögin er ekki eins mikið og margur býst nú við. Menn munu brátt fara að sannfærast um, að ástæðulausar æsingar mega ekki skifta mönnum í flokka og eyðileggja velferðarmál landsins, og síst af öllu má þingið sluðla að því, að svo verði. Þjóðin sannfærist nú altaf betur og betur um það, að löggjafarnir mega ekki nota vald sitt til að beita hana þrælatökum, heldur verða þeir að vera heiðarlegir gagnvart henni. Sjeu þeir það ekki, þá elur það upp í þjóðinni virðingarleysi fyrir lögunum, og auk þess verða menn óánægðir með þau lífskjör, sem þeir verða við að búa; finst vera óverandi í landinu, og flytja sig ef til vill að lokum í burt af því.

Það hefir komið til mála að taka vínið af þeim mönnum, sem nú eiga það lögum samkvæmt. Þetta finst mjer taka út yfir

allan þjófabálk. Þessir menn hafa með vininu glatt margan mann, og jeg veit ekki til þess, að það hafi nokkru sinni komið að meini. Og nú vil jeg spyrja þessa hv. þm., sem eru þessu meðmæltir, hvaða hættu þeir áliti stafa af því, að þessir menn fái framvegis að hafa sínar vínbirgðir. Jeg hygg, að þeim verði ógreitt um nokkur skynsamleg svör.

Það er hægt að benda á, að menn lifðu miklu betra lífi, ef þeir hefðu hverskonar ölföng, heldur en ef menn verða að drekka blátt vatn. Nú er verið að tala um mjólkurleysið hjer í Rvík. Það myndi bæta mikið úr mjólkurleysinu, ef menn hefðu gott öl. Það er holt og gæti komið í mjólkur stað. Góð og ljett vín eru einnig holl, enda hafa læknar þau mikið til lækninga. Það er alkunnugt, að þeir, sem eru andvígir bannlögunum, eru mjög gramir yfir því, að löggjöfin skuli banna innflutning á drykkjum, sem getur verið holt að neyta. Það er ekki vegna þess, að drykkirnir sjeu áfengir, að mönnum finst hart að geta ekki náð í þá. Jafnvel þótt menn hefðu enga áfenga drykki, væru þeir ánægðir, ef það væri ekki löggjöfinni að kenna. Það eru afskifti löggjafarinnar, sem mönnum gremjast. Við erum nú svo gerðir, að við viljum ekki láta kúga okkur.

Skýt jeg svo máli mínu til deildarinnar, og vil vekja athygli hennar á, að vert sje að hugsa sig vel um áður en frv. er felt. Væri sumum þm. holt að hugsa til kjósenda sinna; gæti hugsast, að gremju þeirra væri að mæta, þegar heim kemur, ef þm. ganga nú móti þessu máli, en það er sumum, eftir því sem mjer hefir skilist, ekki meir en svo um.

Sting jeg svo upp á því, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi áður lýst yfir því á þessu þingi, að jeg telji mjög óheppilegt að vera altaf að breyta bannlögunum. Jeg gerði það í sambandi við annað frv., sem fór fram á óverulegar breytingar á bannlögunum, sem þó hefðu kann ske getað orðið lítið eitt til bóta, sumar hverjar. Jeg tel það eitt rjett, að lofa bannlögunum nú að sýna sig um lengri tíma. Að mínu áliti má vel nota þau eins og þau eru. Það eina, sem vantar, er nógu kröftugt eftirlit. Það er eftirlitið, sem á að bæta, en ekki lögin. Þó virðist mjer sem margir, sem frá upphafi hafa verið á móti bannlögunum, hafi reynt eftir mætti að hindra, að eftirlitið væri aukið.

Þetta frv. er svo fráleitt, að deildin ætti ekki að tefja sig á að láta það ganga lengra. Þeir, sem fylgja bannlögunum, ættu að fella það þegar í stað. Annars er jeg vanur því að leggja til, að mál sjeu athuguð, þótt jeg sje þeim mótfallinn, en þetta mál er svo vaxið, að jeg hika ekki við að mælast til, að deildin vísi því strax frá. Öllum, sem eru hlyntir bannlögunum, ætti að vera ljóst, að þetta er ekki fær vegur. Enda gægist það fram í ástæðunum fyrir frv., að ekki er ætlast til, að hjer við sitji. Þar stendur: „Rjettur manna er hjer því *nokkuð* rýmkaður“. Eftir því er ætlast til, að þetta verði fyrsta sporið í áttina til að afnema bannlögin með öllu. Enda myndi svo verða. Það ættu allir að verða mjer sammála um, að miklu verra myndi að gæta þessara laga en sjálfra bannlaganna. Því er ekki saman að jafna. Þar skjátlast flutningsmanni (J. J.), er hann heldur, að skaðræðisdrykkir mundu hverfa úr sögunni, ef ljettari vín væru leyfð. Svo mundi ekki verða. Þeir eru jafnvel druknir þar, sem sterk vín eru leyfð.

Jafnvel þótt ekki þurfi að efast um, að þetta mál sje af góðum hug fram borið, þá er það skylda allra, sem eru hlyntir bannlögunum, að fella það strax. Jeg sje

ekki ástæðu til að fara að halda neina bindindisræðu; þetta mál er svo margrætt, að ekki er vert að tefja tímann á því. Jeg legg til, að frv. verði felt umsvifalaust.

Þorsteinn Jónsson: Jeg hefði helst kosið, að ekki hefði verið hreyft við bannlögunum á þessu þingi. Bannlögin eru, eins og menn vita, lög í bernsku. Fullkomin bannlög hjer á landi eru að eins $2^1/_2$ árs gömul. Þótt aðflutningsbannslögin sjeu að nafninu til 3 árum eldri, þá gátu þau ómögulega komið til neinna nota fyr en vínsölubannslögin gengu í gildi. Það má því heita, að þau sjeu óreynd enn þá. Það er ekki fyrir það, að jeg álíti bannlögin gallalaus, að jeg vildi helst, að þeim væri ekki breytt, heldur af því, að jeg lít svo á, að vont sje að vera altaf að breyta lögum. Þótt bannlögin væru samþykt hjer árið 1909, hafa þau altaf átt örðugt uppdráttar í þinginu. Fyrst þegar þau voru samþykt, voru það nokkrir þm., sem ekki sáu sjer annað fært, vegna kjósenda sinna, en að fylgja lögunum, en komu inn í þau fleygum, sem hafa gert það að verkum, að verra er að framfylgja þeim en skyldi. Lögin eru því að ýmsu leyti öðruvísi en ætlast var til í upphafi. En samt er ekki hægt að neita því með nokkurri sanngirni, að bannlögin hafa unnið þjóðinni afarmikið gagn á þessum stutta tíma. Mjer dettur ekki í hug að fullyrða það, að þau hafi alveg girt fyrir drykkjuskap, en þau hafa dregið feikn úr honum. Nú kemur varla fyrir, að maður sjái drukkinn mann í kaupstöðum, en upp til sveita alls ekki.

Hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) sagði, að allir vissu, að bannlögin væru brotin, en menn vildu ekki koma því upp um kunningja sína, enda væri það ekki lofsvert. Jeg veit, að hann hefir ekki hugsað þessi orð, því að ef hann hefði gert það, þá hefði hann aldrei leyft sjer að segja þau á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Hins vegar er það ekki rjett, að menn vilji ekki koma upp brotum. Þarf jeg ekki að benda á annað en að þrjú stórbrot hafa komist upp hjer í Reykjavík það sem af er þessu ári. Menn segja, að aðflutningsbannslögin sjeu brotin. En eru það nokkur lög, sem ekki eru brotin? Jeg vil segja, að ef ekki væri hætta á, að einhver lög væru brotin, þá þyrfti alls ekki að setja þau, ef þau væru bann gegn einhverju. Og þegar það nú heyrist jafnvel á löggjafarsamkomu þjóðarinnar, að það sje ljótt að koma upp brotum á lögum, þá er ekki að furða, þótt fyrirlitningin fyrir landslögum aukist. Því hefir verið haldið fram af andbanningum, að bannlögin æsi menn upp gegn landslögum. En þannig er mál með vexti, að ofstækisfullir andbanningar, sem hafa reynt að spilla hugsunarhætti þjóðarinnar með því að prjedika, að ekkert sje athugavert við það að brjóta þessi lög, geta sjálfum sjer um kent. En því fer betur, að meiri hluti þjóðarinnar vill halda lögunum. Ef svo væri ekki, væru þau meir brotin.

Frá fjölda þingmálafunda í vor hafa Alþingi borist óskir um að bæta bannlögin og auka eftirlit með þeim. Hvað var það, sem ýtti þessum áskorunum af stað? Það mun vera áskorun frá nokkrum mönnum um að afnema bannlögin, sem dreift var út um landið. Þessari áskorun hafa menn svarað á þennan hátt. En þær eru teljandi, óskirnar um að afnema bannlögin, sem þinginu hafa borist. Önnur ástæða mun og hafa stuðlað að því, að þjóðin hefir sent Alþingi þessar áskoranir, sem sje sú, að reynt hefir verið að koma því inn hjá þjóðinni, að bannlögin sjeu brotin gífurlega. Þeir, sem hafa trúað þessu, vilja, að ráðin sje bót á því. Má vera, að nokkrir vilji afnema þau af þessari ástæðu, en flestir sjá, að eina rjetta meðalið er að bæta eftirlitið. Sumir vilja

auk þess láta bæta lögin sjálf. Frv. það, sem var til umræðu hjer í deildinni um daginn, mega andbanningar því sjálfum sjer um kenna. Þjóðin sjer ekki ástæðu til að afnema lögin, en vill ganga svo frá, að þau komi að fullum notum. Við umræðurnar, sem urðu um þetta mál um daginn, töluðu andbanningar mest, og get jeg ekki stilt mig um að minnast á einstaka atriði úr ræðum þeirra. Hv. 2. þm. Rang. (E. J.) kvað lögin brotin svo stórkostlega, að engan hafi getað órað fyrir slíku þegar lögin voru sett. Það er þess vert að bera þessi ummæli saman við orð sama þm. (E.J.) þegar bannlögin voru samþykt. Þá kvað hann bindindishreyfingar hafa verið alveg áhrifalausar á þessu landi; það væri þrautreynt, og nú dygði ekkert annað en gallhörð bannlög, Svo voru orð hans þá. Nú er þm. kominn að þeirri niðurstöðu, að þau dugi ekki heldur. Vínið komi jafnt inn í landið sem áður og sje jafnþakksamlega þegið.

Hjá þeim manni, sem hann (E.J.) þekkir best, er reynslan líklega sú. Hann telur jafnmikið drukkið nú og um 1880. Jeg man að vísu ekki svo langt, því að þá var jeg ekki fæddur. Flestir andbanningar telja nú bindindisstarfsemina lofsverða og segja, að hún hafi verið búin að draga svo úr vínnautninni, að lítið hafi víns verið neytt þá er bannlögin gengu í gildi. Jeg læt þá um að svara hv. 2. þm. Rang. (E. J.) um drykkjuskap nú og um 1880. Jeg býst ekki við, að þeir sjeu margir hjer, sem haldi því fram, að ekki sje minna drukkið nú en áður en sölubannið gekk í gildi. Áður gat maður ekki gengið svo um göturnar hjer í Reykjavík, að maður ræki sig ekki á marga menn drukna. Nú sjest varla nokkur maður ölvaður. Síðan jeg kom til bæjarins núna hefi jeg ekki sjeð nema einn. Það þarf engan að undra, þótt þeir, sem upphaflega voru á móti bannlögunum, telji þau nú svo brotin, að þau sjeu óhafandi. Þeir hafa altaf verið að leita að ráðum, fyrst til að koma í veg fyrir, að lögin væru samþ., en svo til að fá þau afnumin. Einu sinni var því haldið fram hjer í þinginu, að þau myndu eyðileggja Spánarmarkað fyrir íslenskan fisk, að konungurinn myndi ekki fást til að samþykkja þau, að þau myndu koma í veg fyrir ferðir útlendinga hingað, þau þættu skrælingjamark á þjóðinni, þau væru óhæfileg frelsisskerðing o. s. frv. En reynslan varð sú, að konungurinn undirskrifaði þau og lýsti ánægju sinni yfir þeim, Spánverjar átu saltfisk vorn eftir sem áður og skiftu sjer ekkert af bannlögunum, engir útlendingar yggldust við þeim, og bannlagahreyfingin vinnur sjer sí og æ meira og meira fylgi út um hinn mentaða heim, og vjer höfum haft sæmd af lögunum, en ekki vansæmd.

Hv. 1. þm. N.-M. (J.J.) sagði, þá er bannlögin voru rædd á dögunum, að því meir, sem væri hert á þeim, því meiri yrði óánægjan með þau úti um land. Jeg játa það, að svo muni vera um hann og hans fylgismenn. Þeim þykir alt það verra, sem gert er lögunum til bóta; það eykur þeim ótta fyrir því, að lögunum aukist fylgi. Hann sagði og, að það væri óhæft að gera bannlögin að almennu deilumáli í landinu. En hví gera andbanningar það þá? En ef málið er mikilsvert, og það er svo frá mínu sjónarmiði, þá er það þess fullkomlega vert, að barátta sje hafin um það í landinu. 1. þm. N.-M. (J. J.) og 2. þm. Rang. (E. J.) vildu koma á samvinnufjelagsskap milli bannmanna og andbanninga í bannmálinu; þeir vildu gera einhvern bræðing, sem mátulegt væri í af góðri lykt og bragði. Nú mega menn sjá, í hverju þessi bræðingur er fólginn.

Hv. flm. (J. J.) hjelt því fram í framsöguræðu sinni, að sjálfsagt væri að leyfa innflutning á hinum veikari vínum, sem hann svo taldi upp, en banna aftur inn-

flutning og neyslu hinna sterkari drykkja. En nú vil jeg spyrja hv. þm. (J.J.), hvernig ætti að vera mögulegt að halda þessi lög, þar sem á annað borð er leyft að neyta vína? Því að hver ætti að hafa eftirlit með og rannsaka, hvort vínandi í því, sem drukkið væri, næmi meiru en 12%, eins og áskilið er í frv. Jeg hygg, að það muni verða æði erfitt, en finst hins vegar, að margt bendi til þess, eins og jeg líka hefi heyrt, að þetta muni vera fyrsta skrefið til þess að afnema bannlögin alveg. Enda mundu langtum fleiri menn vilja fara heldur þá leið en þessa. En gaman er að athuga, hvað hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) sætti sig lengi við 12% vínið. 1—2 dögum eftir að frv. hans og hv. þm. S.-Þ. (P.J.) var lagt fram komst hann (J.J.) að þeirri niðurstöðu, að hámarkið af vínanda í því, sem leyft væri að drekka, 12%, væri altof lágt, og hækkaði það um hvorki meira nje minna en næstum helming, eða upp í 22%. Fyr má nú vera forsjálnin! Ein af ástæðunum, sem hv. flm. (J.J.) færði fyrir því, að samþ. ætti þetta frv., var sú, að ef það næði fram að ganga, þá mundi miklu minna verða drukkið af þeim skaðsemdadrykkjum, sem menn nú leggja sjer til munns, t. d. „kogesprit“. En jeg vil leyfa mjer að spyrja hv. þm. (J. J.), heldur hann, að nokkur myndi neyta þess óþverra, ef hann hefði ekki áður vanið sig á hin veikari vín? Jeg get með góðri samvisku beint þessari spurningu til hv. flm. (J. J.), því að hann þekkir miklu betur til áfengis heldur en jeg. — Jeg skal svo ekki fjölyrða mikið um þetta, en vil bæta því við, að mjer þykir miður, að þetta frv. skuli nokkurn tíma hafa komið fram, ekki svo mikið málsins vegna, heldur mannanna, sem flytja það. Hv. samþingismaður minn (J. J.) hafði orð á því, að þingið hefði gert sig að athlægi fyrir þjóðinni með bannlögunum. Jeg á ómögulegt með að skilja, að hv. þm. (J. J.) meini það, að þingið hafi gert sig að athlægi með að búa til lög, sem meiri hluti þjóðarinnar hafði lýst yfir, að hún væri samþykk.

Að mínum dómi gerði hv. deild rjettast í að fella þetta frv. nú þegar frá 2. umr.; mjer finst það ekki eiga betra skilið. Mjer þykir það æði djarft spilað að ætla sjer að eyðileggja bannlögin nú, einmitt á þeim tímum, þar sem hreyfing í þessa átt fer óðum vaxandi víða úti um hinn mentaða heim.

Jeg legg ekki lítið upp úr því, ef svo færi seinna meir, að hún ryddi sjer til rúms meðal annara þjóða, að geta þá litið aftur til þess, að við Íslendingar hefðum verið einna fyrstir til að semja og halda lög, sem væru á undan tímanum. — Jeg ætla að endingu að taka það fram, að mjer hefði þótt flm. (J. J.) sæmra að fara fram á að afnema bannlögin með öllu, því að annaðhvort er að hafa algert bann eða ekkert.

Benedikt Sveinsson: Mjer er algerlega ókunnugt um, að áhugi sje svo mikill í landinu fyrir því að fara nú að lappa upp á bannlögin, eins og ætla mætti af þessu frv. Það hafa að vísu risið upp tveir flokkar hjer í Reykjavík síðastliðið vor, sem hafa það á stefnuskrá sinni að bæta bannlögin, hvor á sinn hátt! Þeir hafa hvorir tveggja starfað töluvert, en jeg hefi þó ekki sjeð mikinn árangur af þeirra starfi.

Jeg tel það engan árangur, þótt þeir hafi komið fram tillögum á einstaka þingmálafundi, síst þar sem sumir af forvígismönnum eru þektir að því að vera ötulustu menn. — Hjer á þingi hafa svo, eins og mönnum er kunnugt, komið fram tvö frv., sem bæði miða að því að *bæta bannlögin*, að því er flutningsmenn sjálfir segja. En jeg hygg það fullkomlega rjett, sem hæstv. forsætisráðherra (J. M.) tók fram, að hvorugt þessara frv. bæti í neinu lögin,

og hefðu betur verið ósamin, enda kvaðst hann greiða atkv. móti því, að þau gengju til 2. umr.

Jeg hlýt að taka mikið tillit til þess, sem hæstv. forsætisráðherra segir um þetta mál, því að hann er sá maður, sem jeg hygg að beri einna best skynbragð á það og hafi mesta reynslu í þessum efnum. Honum er manna kunnugast um, hvernig bannlögin hafa verið haldin, og alt, sem að þeim lýtur, og hann er sjálfur einn af helstu fylgismönnum bannmálsins frá upphafi.

Það liggur nú sannarlega alt annað fyrir þessu þingi en að taka upp alóþarfa mál, mál, sem eru best fallin til að kveikja úlfúð og hatur manna milli. En eins og öllum er kunnugt þá er þetta eitthvert mesta *tilfinningamál* þessarar þjóðar, og verður varla svo á það minst, að ekki veki *sundrung og æsing*. Það eru önnur störf, sem kalla að nú á þessum erfiðu tímum, en þras út af óþarfa málum. Erjur um bannmál, trúarbrögð og þesskonar mega sannarlega bíða hentugri tíma. Þjóðin þarf að beita kröftum sínum til þess að komast með sem minstum skakkaföllum út úr því öngþreyti, sem hún er komin í sakir styrjaldarinnar, og kosta kapps um að *sameina* kraftana til þess að fá framgengt *rjettarkröfum* sínum, í stað þess að kveikja nú ófrið að ófyrirsynju um alls ótímabær mál. Jeg vil því leyfa mjer að bera upp svo felda rökstudda dagskrá, ef vera mætti, að það yrði til að hefta frekari umræður:

„Með því að engin brýn nauðsyn er á að gera neinar breytingar á bannlögunum, og önnur annvirki liggja nær garði heldur en að kveikja sundrung út af breytingum á þeim að sinni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Jeg vil svo biðja hæstv. forseta að bera þessa dagskrá undir atkv., að umr. loknum, því að hún er sú *fyrsta, sem lýst er hjer í hv. deild*, og á því fyrst að berast upp samkv. þingsköpum, þótt einhver kunni að koma með aðra dagskrá síðar. Ef svo ólíklega kynni að fara, að þeir yrðu í meiri hluta, sem vilja halda áfram deilum um þetta mál, og því yrði vísað til nefndar, vil jeg mælast til þess við hv. nefnd, að hún sjái um, að bæði þessi frv. sofni svefni hinna rjettlátu, og komi ekki aftur fram í dagsljósið á þessu þingi.

Einar Jónsson: Mjer þykir dálítið leiðinlegt að þurfa að byrja mál mitt á að lýsa yfir því, sem öllum er kunnugt, að þegar bannlögin voru samþykt á þingi 1909, þá var það þing svo óheppið að eiga ekki annan eins mann og háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.). Jeg býst við, að engan furði á, þótt talað sje af dálítilli tilfinningu í þessu máli, og jeg fyrir mitt leyti get fyrirgefið hverjum, sem stendur dálítið stífur fyrir, þegar um þetta er að ræða. Jeg hygg, að háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) hafi ekki athugað nægilega, hvernig á stóð, þegar bannlögin voru samþykt 1909. Þá var að mínum dómi ekki rjett að farið, Þjóðin var að vísu látin greiða atkvæði um, hvort hún vildi hafa bann eða ekki, en henni var ekki skýrt frá, hvernig þessi lög ættu að vera, og hún fjekk ekki að greiða atkvæði um sjálf lögin, eins og þau komu frá þinginu. Jeg hefi áður lýst yfir því, að jeg var þá hlyntur lögunum, í þeirri von, að þau yrðu betur haldin en raun hefir á orðið. Og jeg skammast mín ekki fyrir að segja, að jeg er kominn á aðra skoðun nú, eins og málinu horfir við, þar sem þau eru svo hörmulega brotin.

Mjer leiðist altaf að sjá menn svikja loforð sín, og það getur enginn fært mjer sönnur á það, að þessi lög verði ekki meir brotin á „normal"-tímum en nú

á sjer stað, því að, eins og öllum er kunnugt, eru skipakomur að miklum mun fátíðari en eðlilegt er, og því geta menn ekki fengið eins mikið áfengi og þeir óska og þeir annars mundu geta, ef skipaferðir væru tíðari. Það ætti því engan að furða á, þótt dálítið hlje kunni að vera á brotunum nú, en jeg er viss um, að jeg á eftir að lifa þann dag að sjá þau fara mikið í vöxt, að stríðinu loknu. — Það er margt fleira, sem kemur til greina í þessu máli. Það er t. d. fyrir löngu sannað mál, að þeir, sem vilja fá áfengi til neyslu, þeir fá það þrátt fyrir þessi lög, því að menn kunna ekki við að láta setja sjer þannig stólinn fyrir dyrnar. Ein afleiðingin af þeim er því sú, að þau venja menn á ólöghlýðni og allskonar önnur afbrot, sjálfum þeim til tjóns. Hjer liggja fyrir þessu þingi 3 frv. um þetta mál, en þótt þau næðu öll fram að ganga, væri ekkert þeirra til bóta. Jeg vil svo með leyfi hæstv. forseta, minnast lítils háttar á þau, hvort í sínu lagi. Jeg skal játa, að frv. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) er í sjálfu sjer ekki til meins, því að ef fara ætti að veita fje til aukins eftirlits með lögunum, væri það að mínu áliti sama og að kasta peningum í sjóinn. Það gilti einu, hvort það væru heldur 10 þús. kr. eða 100 þús. kr., því að bannlagabrjótar væru ekki svo vitlausir að sigla með fult skip af áfengi inn í þá vík, þar sem maður stæði fyrir til að grípa þá glóðvolga. Það eru sannarlega nógar aðrar víkur hjer á landi, þar sem þeir gætu lent óáreittir með feng sinn. Að þessu leyti er þetta frv. skynsamlegt, að það fer ekki fram á að kasta peningum til þess, sem er bláber heimska.

Þá kem jeg að frv. þeirra háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) o. fl., sem er vitlausara en alt, sem vitlaust er, og minnist jeg ekki að hafa sjeð aðra eins endileysu áður. Það er verra en svo, að það taki nokkru tali. Jeg vil því ekki fara að benda hv. flm. (J.B.) á stærstu vitleysurnar í því, ef ske kynni, að þeir fyndu upp á að breyta þeim, mjer til bölvunar. Þetta frv., sem hjer liggur nú fyrir til umr. fyrir háttv. deild, ber af hinum báðum, bæði að gæðum og sanngirni. Jeg fæ ekki skilið, að nokkur goodtemplari sje svo stækur, sem hefir sjeð, hvernig menn fara að ráði sínu undir þeim lögum, sem nú gilda, að hann geti ekki skilið það, að þegar mönnum væri leyfð drykkja hinna vægari vína, samkvæmt þessu frv., þá mundi afleiðingin verða sú, að menn yrðu skikkanlegir, en ofdrykkjumenn hverfa úr sögunni. Ef þeir geta ekki gripið þetta, þá er ekkert við þá eigandi, en það mun verða til þess, að alt kemst í loft upp, og þá spái jeg, að einhver kreppi hnefann áður en lýkur. Jeg tala nú ekki um ósköpin, ef sú vitleysa ætti nú fram að ganga, sem heimilar, að gengið sje inn á heimili manna og þeirra löglegu eignum rænt. Jeg trúi því ekki, fyr en jeg tek á, að allir Íslendingar sjeu þeir aumingjar, að þeir horfi þegjandi á, að vaðið sje ofan í þeirra hirslur og tekin flaska, sem þeir kunna að eiga frá 1912. Svo að jeg víki nú að öðru, þá vil jeg spyrja, hvernig stendur á því, að lögreglustjórnin brýtur lögin allra manna mest? Jeg veit ekki betur en að það sje skýrt og skorinort bannað í aðflutningsbannslögunum að flytja vín á land En þó hefi jeg með eigin augum sjeð lögreglustjórnina veiða áfengi upp úr sjó og flytja hjer á land, og aka því í vagni um göturnar. Hefði jeg haft vald til þess, þá hefði jeg hiklaust stöðvað vagninn og sagt: „Hingað og ekki lengra“. — Þetta, sem jeg hjer hefi skýrt frá, eru stærstu lögbrotin, og þýðir ekkert fyrir menn að þræta fyrir, því að allir vita, að svona er það. Einkum hefir borið mikið á þessu síðan nýi bæjarfógetinn kom til valda. En ef einhver auningi sjest á götu með dreitil á flösku, þá er

rokið upp til handa og fóta, þó að hlaðnir vagnar sjeu látnir óáreittir. Slíkt er með öllu óþolandi athæfi hjá lögreglustjórninni og hlýtur að sannfæra menn um, hve meiningarlaust það er að hafa lög, sem þannig er farið með. Það væri miklu skárra að afnema lögin alveg en að láta líðast, að þeir, sem eiga að gæta þeirra, hafi fyrir mönnum, hvernig þau best verði brotin. Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) kvað það skapa heift og úlfúð að tala um þetta mál, en jeg vil, að menn ræði málið með ró og skynsemi, því að þetta er tilfinningamál, sem fara verður varlega með. Það er ekki að miða við, þótt sumir bannmanna sjeu svo æstir og ofstopafullir, að engu lagi er líkt. T. d. sá jeg það í blaði í vor, að yfirdómari hafði skrifað undir skjal, sem fór fram á afnám bannlaganna. Það verður til þess, að bannmenn krefjast að vita, hvers vegna hann hafi skrifað undir. Þeir hafa jafnvel gengið svo langt, að fara svívirðilegum orðum um fræðslumálastjórann út af engri sök. Þótt þetta sje í alla staði óafsakanlegt framferði, get jeg fyrirgefið þeim það. En ef þeir ætluðu að sækja mig heim og taka frá mjer flösku, sem jeg kynni að eiga, þá skyldi jeg sýna þeim „hvar Davíð keypti öli".

Bjarni Jónsson: Það vill svo óheppilega til fyrir mjer, að jeg verð að standa upp, til að segja þessi fáu orð, á eftir langskemtilegasta ræðumanni deildarinnar. Jeg skal ekki vera fjölorður, en vil leyfa mjer að benda mönnum á, hvernig þessi lög eru til komin. Þau voru upphaflega gerð sem tilraun til að komast að raun um, hvort ekki mætti takast að útrýma vini okkar „Baccusi" úr landinu, svo að hann leiddi ekki fleiri menn á glapstigu. Það var í fyrstunni hálfilla til þessarar tilraunar stofnað, en því fer fjarri, að hún sje á enda enn. Hjer liggur fyrir þinginu frv., sem fer fram á, að stofnað verði sjerstakt tollstjóraembætti hjer í Reykjav., til að byrja með, og svo víðar seinna meir, sem jeg hygg að muni hjálpa mikið til að færa okkur heim sanninn um, hvort þessi tilraun hafi hepnast eða ekki. — En nú kemur hv. 1. þm N.-M. (J. J.), eins og freistarinn forðum, og leiðir oss upp á hátt fjall, og sýnir okkur öll bestu vín veraldar, og spyr, hvort vjer viljum ekki þiggja. Það er auðvitað hart að neita svo góðu boði, en jeg vil minna menn á, að þessi lög eru til orðin með alþjóðaratkvæðagreiðslu, og því liggur í hlutarins eðli, að ekki er hægt að afnema þau, nema með sama móti, sem sje atkvgr. allrar þjóðarinnar. Jeg hefi því leyft mjer, áður en hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) lýsti sinni dagskrá, að afhenda hæstv. forseta aðra rökstudda dagskrá með mínu nafni. Hún á fullkominn rjett á því að vera fyr borin upp til atkv. samkvæmt þingsköpum, þar sem hún er afhent fyr hæstv. forseta, því að hún fullnægir þingsköpunum, þótt hún sje afhent ræðulaust.

Hún hljóðar svo:

„Samþykt þessa frumvarps væri sama sem afnám bannlaganna. En nú eru þau lög orðin til samkvæmt alþjóðaratkvæði, og væri því óhæfa að afnema þau, nema samkvæmt undangenginni almennri atkvæðagreiðslu um málið. Þar sem engin slík atkvæðagreiðsla hefir farið fram, verður deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá".

Jeg skal geta þess, að það er samkv. flokkssamþykki, að jeg ber þessa dagskrá upp, þannig orðaða, og vil jeg því gera gildandi, eins og rjett er, að jeg hafi komið fyr með mína tillögu en hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) með sína. Það er dálítill munur á tillögunum, því að þeir, sem samþ. tillögu

hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), skuldbinda sig með því til að fella annað mál samskonar, sem hjer verður tekið fyrir seinna. Það er því dálítil gildra, sem hann leggur fyrir menn. Bæði af þessu og svo hinu, sem jeg mintist á áðan, vil jeg, að mín sje borin upp fyr, ef hæstv. forseti leyfir.

Forseti: Að gefnu tilefni verð jeg að hallast að skoðun þeirra hv. þm., er telja rjettast að bera fyr undir atkv. þá rökstuddu dagskrá, er fyr var afhent mjer, af hv. þm. Dala. (B. J.), enda mun það samkvæmara þingsköpunum.

Benedikt Sveinsson: Jeg vil telja fult eins rjett að bera fyr upp þá dagskrá, sem fyr var lýst í heyranda hljóði. Það er ekki regla að bera fyr upp þá dagskrá, er fyr kemur til forseta, allra síst ef hún er afhent í pukri. Hitt samkvæmara hlutarins eðli, að sú tillaga sje fyr borin undir atkvæði, er þingheimur hefir fyr heyrt og haft betri tíma til að átta sig á.

Bjarni Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að lýsa yfir því, að eftir minni skoðun er úrskurður hæstv. forseta hárrjettur, því að í 42. gr. þingskapanna stendur: „Meðan á umræðum stendur, má gera tillögu, er bygð sje á ástæðum, um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni, og skal þá afhenda forseta tillöguna um það skrifaða". Þessi rökstudda dagskrá er afhent á undan; ástæðurnar eru í henni, og er því skylt að bera hana fyr upp, þótt engin ræða fylgi.

Forseti: Með því að aðrir hafa ekki beðið sjer hljóðs, er umr. lokið, og verður gengið til atkv.

Matthías Ólafsson: Jeg er enginn ofstækismaður í þessu máli, og get vel talað með fullri rósemi, og ætla að eins að tala um dagskrána. (**Forseti:** Að eins um það, hvernig dagskrárnar eru upp bornar). Það er einkennilegt að mega ekki gera grein fyrir atkvæði sínu. Þetta er svo harður úrskurður, að illa er þolandi. (**E. J.:** Gat þingmaðurinn ekki beðið um orðið?). Þjóðin vissi ekkert, hvernig lögin yrðu, þegar hún samþ. aðflutningsbannið, og er því hæpið að halda því fram, að hún hefði samþ. lögin um aðflutningsbann. Að í frv. því, sem hjer liggur fyrir, sje farið fram á afnám bannlaganna, er fullkomin fjarstæða. Að vísu má kalla hverja breytingu, sem eitthvað rýmkar um lög, hver sem þau eru, afnám þeirra, en það er þá aldrei nema „partielt" afnám, og þá erum vjer einnig búnir, eftir þeim skilningi, að afnema bannlögin með undantekningunni til konsúlanna og læknanna.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm Dala., B. J., (sjá A. 476) samþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. K., E. A., E. Árna., G. Sv., J. M., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., S. St.

nei: B. Sv., B. St., E. J., H. K., J. J., M. P., M. Ó., P. J., Ó. B.

Frv. því talið

fallið.

24. Forðagæslubreyting.

Á 25. fundi í Nd., laugardaginn 4. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæslu. (A. 283).

Á 31., 35., 37. og 40. fundi í Nd., dagana 11., 16., 18. og 22. ágúst, var frv. tekið til 1. umr., en forseti tók málið jafnan af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. sept., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. var ofseint fram komið samkv. þingsköpum.

Leitað var leyfis deildarinnar til að taka það til umr.

Leyfisins var synjað með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Sv. Ó., E. Árna., J. J., J. B., P. Þ., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

nei: B. K., B. St., E. A., E. J., G. Sv., H. K., M. G., M. P., P. J., P. O., S. St., Sv. Ó.

4 þm. (B. J., J. M., M. Ó., S. S.) fjarstaddir.

Frv. því

fallið.

25. Dýrtíðarstyrkur.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um dýrtíðarstyrk. (A. 395).

Á 32., 33., og 36. fundi í Nd., dagana 13., 14. og 17. ágúst, var frv. tekið til 1. umr., en forseti tók málið jafnan af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 20. ágúst, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. ofseint fram komið. — Leyft í e. hlj., að það mætti taka til umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. *felt* frá 2. umr. með 12 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. St., E. A., G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. P., P. Þ.

nei: B. K., E. Árna., J. J., M. G., P. O., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Fjórir þm. (B. Sv., E. J., M. Ó., P. J.) fjarstaddir.

26. Samábyrgðin.

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 11. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, og viðauka við þau. (A. 400).

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. ofseint fram komið. — Leyft með öllum gr. atkv., að það mætti taka til umr.

Flm. (**Sveinn Ólafsson**): Sjávarútvegsnefnd hefir leyft sjer að koma með frv. þetta, í þeirri von, að það fái fram að ganga, þótt eigi komi það fyr en þetta, og að því verði lokið í tæka tíð. Málið er hjer borið fram eftir óskum margra þingmálafunda á Austurlandi og víðar, því að

margir eru óánægðir með lögin, eins og þau eru nú. Það er tvent, sem nefndin hafði aðallega fyrir augum við samningu frv. þessa. Hún vildi gera ábyrgðarstofnunina sem tryggilegast úr garði, með því að bæta inn í lögin nýjum ákvæðum, sem miðuðu að því, og í öðru lagi vildi hún sníða burt þá agnúa, sem fæla menn mest frá því að tryggja skip sín hjá Samábyrgðinni, og bæta kjör þeirra, sem skifta við Samábyrgðarfjelagið. Þetta er eina þjóðstofnunin, sem að þessu starfar, og þyrfti hún því að geta nokkurn veginn fullnægt þörfum manna, en til þessa hefir það ekki tekist, því að enn er fjöldi báta og skipa óvátrygt, eða trygt í útlendum vátryggingarfjelögum.

Það, sem mest hefir dregið úr viðskiftum almennings við Samábyrgðarfjelagið, er að mönnum finst ábyrgðargjaldið ofhátt, og ýms ákvæði í lögum þess og reglugerðum óhagkvæm. Úr öllu þessu, sem að framan er nefnt, hefir nefndin viljað bæta, svo sem hún hefir sjeð sjer kost á. Hún hefir reynt að gera stofnunina tryggari, með því að kveða svo á, að öll skip í Samábyrgðinni skuli flokkuð eftir föstum reglum, og þannig firra hana tjóni af því að taka í ábyrgð og bæta ónýta eða ósjófæra skipsskrokka.

Enn fremur ætlast nefndin til þess, að landssjóður haldi áfram að efla stofnunina með 5000 kr. árstillagi, þangað til hreinn varasjóður þess er orðinn 50000 kr., en þá ætti fjelagið að vera orðið fært um að taka að sjer viðtækari ábyrgðir en nú.

Það, sem hjer hefir verið nefnt, miðar einkum að því að tryggja fjelagið og stuðla að því, að það geti fært út starfssvið sitt. En þá kem jeg að þeim ákvæðum frv., sem eiga að aukavinsældir fjel. og gera aðgengilegra að skifta við það. Það eru einkum tvö ákvæði, sem óvinsæl hafa reynst; annað er, að jafnan skuli draga 2% frá skaðabótum, og hitt er, að skipaeigendur hafa orðið að gjalda þess, ef skipstjórar hafa sýnt vítavert skeytingarleysi, sem skipskaði hefir hlotist af. Þessi tvö óvinsælu ákvæði eru nú numin burt í frv. nefndarinnar. Þá er í frv. fastákveðið hámark og lágmark iðgjalda, sem eigi var áður lögbundið, og er þó hvorttveggja sniðið eftir því, sem venja hefir verið. Um þetta var nefndin ósammála Samábyrgðarstjórninni, sem við höfum verið í samvinnu við um samning frv.; fjelagsstjórnin áleit þetta fremur eiga heima í reglugerð. Eigi að síður töldum við rjettara að taka það í lögin, en heimila stofnuninni að ákveða sjálfri iðgjaldaupphæðina milli þessara tveggja takmarka.

Ástæða finst mjer ekki til að fjölyrða um málið frekar við þessa umr. Það er fram komið með litlum fyrirvara, en jeg vænti þess, að hv. deild taki því vel og leyfi því greiðan gang til 2. umr. Þá geta þeir hv. þingdeildarmenn, sem ef til vill hafa eigi enn haft tíma til að átta sig á málinu, fengið tíma til þess.

Jeg skal geta þess, að meinleg ritvilla hefir slæðst inn í greinargerð frv., og á greinargerð 5. gr. við 4. gr., en 4. gr. við 5.

Hjer er um nokkurt fjárhagsatriði að ræða, þar sem gert er ráð fyrir, að landssjóður verði enn að leggja fram fje til Samábyrgðarinnar um 3—5 ára skeið, til að tryggja fjelagið og treysta. Þetta atriði hefir nefndin borið undir fjárhagsnefnd, og er hún því samþykk.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr. atkv.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 16. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 400).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Við 1. umr. þessa máls gerði jeg stuttlega grein fyrir, hvers vegna sjávarútvegsnefnd hefði komið með þetta mál, og sömuleiðis fór jeg nokkrum orðum, til skýringar, um breytingar á samábyrgðarlögunum frá 1909. Jeg skal nú í fám orðum fara dálítið nánar út í skýringar á þeim helstu breytingum, sem gerðar hafa verið, og jeg hygg, að helst muni geta valdið ágreiningi. Það blandast engum hugur um, að þetta mál þarf að athuga vel og rækilega, því að sú stofnun, sem hjer er um að ræða, er mjög mikilsverð, og þarf að geta orðið sjálfstæð og styrk. Ef vel ætti að vera, þyrfti hún að geta tekið öll innlend skip í tryggingu, bæði stór og smá, en eins og mönnum er kunnugt, er hún enn að eins fyrir báta og smáskip. Jeg efast ekki um, að það muni eiga langt í land, að hún geti tekið stærri skip, og við höfum ekki sjeð okkur fært, að svo stöddu, að koma með stórvægilegar breytingar í þá átt, en tilgangurinn með þessum breytingum, sem gerðar hafa verið, er sá, að gera stofnunina tryggari og vinsælli. Aðalatriðið í þessum breytingum er að flokka öll skip að opinberri ráðstöfun, en láta það ekki vera tilviljun eða undir áliti stjórnar Samábyrgðarinnar komið, hversu hátt hvert skip skuli trygt undir hámarkinu, $^4/_5$ virðingarverðs. Í reyndinni hefir þetta verið handahóf. Skip úr fjarlægum landshlutum hafa verið trygð að meiru eða minnu leyti, alt eftir áliti og geðþótta stjórnar fjelagsins. Hana hefir skort kunnugleika um mörg þeirra, og afleiðingin er auðsæilega, að ónýtir skrokkar hafa verið trygðir eða skip með ljelegum fargögnum, sem svikið hafa, þegar á reyndi. Enginn veit, hve margir skipskaðar, sem stofnunin hefir bætt, muni stafa af þessu, en ætla má, að varasjóður hennar hefði nú náð hámarkinu, 50000 kr., ef flokkun hefði verið fylgt og eftirlit verið betra.

Nú hefir nefndin lagt til, að 1. fl skip sjeu trygð að $^4/_5$, 2. fl. að $^2/_3$ og 3. fl. að $^1/_2$, en vel má vera, að nær stofnuninni mætti ganga í þessu, og um það gætu þá brtt. komið.

Við 5. gr. laganna hefir nefndin lagt til talsverðra breytinga. Þar er ákveðin hæsta trygging á einu skipi 15000 kr. og 5000 kr. trygging á veiðarfærum eins skips. Þessar upphæðir höfum við fært upp um 5000 kr. hvora, og virðist mjer það á fullum rökum bygt, þar sem skipin fara ávalt stækkandi og veiðarfæraútbúnaður vex, enda er stjórn fjelagsins okkur sammála í þessu. Ákvæðin í 7 gr. hafa aftur á móti orðið ágreiningsefni milli okkar og stjórnar Samábyrgðarinnar. Þar er ákveðið, að ávalt skuli 2% dregið frá skaðabótafje, og enn fremur, ef skipstjóri væri grunaður eða sekur um að hafa með hirðuleysi eða vísvitandi hirðuleysi valdið skaða á skipi, mætti draga frá alt að $^1/_5$ virðingarverðs. Þessi ákvæði bæði viljum við fella burt, því að okkur virðast þau afskaplega ósanngjörn, sjerstaklega eftirleiðis, þar sem gert er ráð fyrir flokkun á öllum skipum, því að gera verður ráð fyrir, að þeir, sem hafa mikinn hluta skips í sjálfsábyrgð, hafi með því nægilegt aðhald um að velja áreiðanlega menn til skipstjórnar, og því ósanngjarnt, að þeir gjaldi ótrúmensku þeirra.

Í þessu var stjórn Samábyrgðarinnar okkur ekki sammála; hún vildi að vísu fallast á, að færa mætti eitthvað niður úr $^1/_5$ frádráttinn, en ekki fella hann alveg burt. — Þá er lítilvæg breyting í 4. gr. þessa frv., þar sem við gerum ráð fyrir, að burt falli fyrirmæli um sjórjettarpróf í 9. gr. samábyrgðarlaganna, en í staðinn komi, að próf skuli að eins haldin svo framarlega sem stjórn Samábyrgðarinnar óskar. Þá höfum við enn fremur lagt til, að bætt sje inn í 13. gr., að reikningar stofnunarinnar skuli lagðir fyrir endur-

skoðunarmenn landsreikninganna, en um það var ekkert ákveðið í lögunum frá 1909. Þá er breyting við 13. gr. laganna frá 1909, þar sem ákveðið var, að landssjóður greiddi stofnuninni 5 þús. kr. árlega fyrstu 5 árin. — Árið 1915 var þessi tími útrunninn, og hefir því stofnunin ekkert fengið frá landssjóði síðastliðin 2 ár. — Þetta finst okkur ná ofskamt, og stofnunin offátæk til að missa styrkinn, og förum við því fram á það í 5. gr. frv., að landssjóður borgi árlega 5 þús. kr., þar til varasjóður er orðinn 50 þús. kr., og þá auðvitað fyrir þau tvö ár, sem fjellu úr 1916—17. Þetta miðar, eins og menn hljóta að sjá, eingöngu að því að styrkja stofnunina, og finst mjer ekki, að landssjóði ætti að vera eftirsjón í þeim peningum, enda verður sú greiðsla eigi langvinn, sennilega 3—4 ár úr þessu. — Loks kemur 6. gr. frv., sem ekki er breyting frá lögunum 1909, heldur viðauki. Játa jeg, að stjórn Samábyrgðarinnar var okkur ekki sammála um hann; hún heldur því fram, að þessi ákvæði sjeu og eigi að vera í reglugerð, en ekki í lögunum. En þessi reglugerðarákvæði hafa verið mjög óvinsæl. Nefndin leggur nú til, að hámark ársiðgjaldsins fyrir trygð skip sje 9%, svo sem verið hefir, en jafnframt vill hún ákveða iðgjaldið frá 1. mars til 15. október 6%, hvorttveggja að meðtöldu varasjóðsgjaldi skipsins.

Við lítum svo á, að þessi breyting sje sjálfsögð og sanngjörn, því að undanfarið hefir verið greitt hærra tryggingargjald fyrir sumarmánuðina en vetrarmánuðina; 6% hafa verið heimtuð fyrir tímabilið frá 1. mars til 15. september, en þaðan af hefir gjaldið lækkað, eða frá 15. okt., svo að 9% hafa hæst verið tekin fyrir árstryggingu. Með þessu hefir aðalgjaldið verið lagt á hættuminsta tímann, og þeim óþarflega íþyngt, sem þurftu að tryggja að sumri.

Nú er sumartryggingin færð fram um einn mán., frá 15. sept. til 15. okt., fyrir þessi 6%, og verður vetrartryggingin þá lægri.

Segja má, að þetta geti í reglugerð staðið, en reynslan frá 1910 sýnir, að fult eins tryggilegt muni að lögbinda þetta.

Síðasta breytingin lýtur að því, að breytingarnar skuli færðar inn í meginmál laganna, og þarf ekki um hana að fara frekari orðum.

Benedikt Sveinsson: Hv. frsm. (Sv. Ó.) hefir bæði nú og við 1. umr. þessa máls gert glögga grein fyrir því, hvað vakað hafi fyrir honum og sjávarútvegsnefnd með frv. því, sem hjer liggur fyrir. En jeg get ekki betur sjeð en að líta beri á málið frá öðru sjónarmiði en þeir hafa gert, og ýmsar af þessum breytingum sjeu í fylsta lagi athugaverðar. Hv. frsm. (Sv. Ó.) viðurkendi, að stofnunin þyrfti að styrkjast og eflast, til þess að geta tekið stærri skip í tryggingu, og helst að verða öflugri en þetta frv. fer fram á. Og er það alveg rjett athugað. En mjer er nær að halda, að frv. þetta nái ekki tilgangi sínum, því að sumar af þeim breytingum, sem fram á er farið, stuðla ekki að því að styrkja stofnunina og efla, heldur til hins gagnstæða, að gera hana veikari og ósjálfstæðari en hún er nú.

Skal jeg nú leyfa mjer að fara nokkrum orðum um einstakar greinar frv.

Í fyrsta lagi er hjer viðbót við 2. gr., um flokkun skipa þeirra og báta, sem eru í beinni vátryggingu. Flokkun skipa, eins og hjer er ætlast til, er ekki vandalitið verk, jafnvel þótt fyrir lægi reglugerð um grundvöll slíkrar flokkaskipunar. Til þess, að flokkaskipunin sje svo ábyggileg sem þarf, verða að framkvæma hana skipasmiðir eða aðrir hæfir „fag“-menn. Hjá helstu vátryggingarfjelögum annara ríkja framkvæma hana allra hæfustu sjerfræð-

ingar í hverju landi, svo sem hjá Bureau Veritas í París, Lloyds í London, Deutsche Lloyd í Berlín og Norsk Veritas í Kristjaníu. Hjer er ekki hægt að grípa upp hæfa menn til að flokka skipin.

Það er nærri broslegt, sem stendur í 2. málsgr. 1. greinar frv., að lögreglustjóri eða hreppstjóri skuli vera oddamaður. Þótt hreppstjórar dugi vel til að halda uppboð, munu þeir alment ekki „fag"-menn um skipasmíðar. Og það er reglulega broslegt, að þeir eigi að skera úr ágreiningi með þeim, er einhverja þekkingu hafa á skipasmíði. Þar sem þessum mönnum er ætlað að gefa vottorð, að viðlögðum drengskap, um flokkunina, en hún er hið mesta vandaverk, þá má ætla, að erfitt muni veita að fá samviskusama menn, sem sjálfir vita, að þeir hafa mjög takmarkaða þekkingu á þessu sviði, til að gangast undir slíkt. Enda er til mikils ætlast, er menn skulu leggja drengskap sinn við um úrskurð á efni því, sem þá brestur þekking á. Að vísu gæti verið, að fá mætti hjer í Reykjavík hæfa menn til þessa starfs, en það mun líka sá eini staður, þar sem slíkum mönnum er til að dreifa.

Í síðustu málsgr. 1. gr. segir svo: „Að jafnaði skal ekkert dregið frá skaðabótum fyrir spjöll á skipum í beinni vátryggingu". En þetta ákvæði fer í bág við þær reglur, er gilda í erlendum vátryggingarfjelögum. *Öll* vátryggingarfjelög draga frá skaðabótum þegar gert er við skip eftir áfall, sem og er sanngjarnt, einkum ef um mikla viðgerð er að ræða, þar sem skipið verður þá venjulega betra en áður; *nýtt* kemur í stað *gamals*, sem tekið er burt. Og yfirleitt hafa erlend vátryggingarfjelög bygt reglur sínar á margra áratuga reynslu, og er varhugavert að taka hjer upp nýmæli, nema bygð sjeu á reynslu hjer og vel athuguð áður. Það getur þótt hart, að dregið sje af skaðabótum, er um lítils háttar viðgerð er að ræða, en sje um meiri háttar viðgerð að ræða, þá er vissulega ekki ofmikið, að 2% sjeu dregin frá.

Viðvíkjandi 2. gr. er ekkert sjerstakt að segja. Það er ekkert athugavert, þótt tölurnar hækki nokkuð, enda mun stjórn Samábyrgðarinnar ekki á móti því.

Viðvíkjandi 3. gr. frv. hefi jeg þegar minst á, að það er ekki til bóta, að stafl. *a.* í 7. gr. laganna falli niður. En þó er meir athugaverð sú tillaga, að 1. málsgr. af staflið b. í sömu gr. skuli niður falla. Fór hv. frsm. (Sv. Ó.) ekki með rjett mál, er hann skýrði frá þeirri brtt. Það, sem hann vill fella niður, er þetta:

„Ef það *sannast*, að skipstjóri hafi, *af ásettu ráði* eða *fyrir vítavert hirðuleysi valdið tjóninu*, má draga alt að því 20% af skaðabótafjenu".

Hv. frsm. (Sv. Ó.) tók það fram, bæði við 1. og 2. málsgr., að það væri hart, að þessi upphæð, 20%, skyldi dragast frá fyrir *grun* um, að skipstjóri væri valdur að tjóninu. En eins og menn sjá er hjer algerlega rangt með farið. Eftir lögunum er slíkt ekki gert nema „ef það *sannast*". Hjer er því ekki um neinn *grun* að ræða, heldur *lögfulla sönnun*. Í þessu efni má benda á, að þessu ákvæði hefir alls *tvisvar sinnum* verið beitt, og er því síður en svo, að hjer sje um atriði að ræða, er oftlega komi niður á vátryggjendum, en á hinn bóginn er þó sjálfsagt og nauðsynlegt, að það standi í lögunum. Menn sjá og, að í þessu ákvæði er ekki alllítil trygging fyrir því, að útgerðarmenn gæti þess að velja góða og skyldurækna skipstjóra á skip sín. Ábyrgð þeirra, sem mennina ráða, ætti að vera meiri í þessu atriði en Samábyrgðarinnar, sem engu ræður um það, hverjir skipaðir eru í þessa ábyrgðarmiklu stöðu. Og þó verður Samábyrgðin ætíð að gjalda 4/5 af skaðabótafjenu, þótt það sannist, að *vítaverðu hirðuleysi*

sje um slysið að kenna, eða að það sje beint framið vísvitandi. Þessa breytingu má því ekki gera; hún er til stórskemda. Viðvíkjandi þessu atriði tók hv. frsm. (Sv. Ó.) það fram, að Samábyrgðin væri sjer sammála. Því þverneitar samábyrgðarstjóri og segir, að þetta sje gersamlega móti sínum till., og leggur eindregið á móti því, að þetta nái fram að ganga. Hv. frsm. (Sv. Ó.) segir, að í greinargerð frv. standi, að þessi tvö atriði í 7. gr. laganna sjeu mjög ósanngjörn og óeðlileg, einkum er flokkun skipa sje á komin. Mjer sýnist flokkunin ekki koma kæruleysi skipstjóra við. Þeir geta verið jafnhirðulausir þótt flokkunin sje á komin.

Þá er í 6. gr. frv. ákveðið hámark iðgjalda, ársiðgjald 9% og fyrir tímabilið frá 1. mars til 15. okt. 6%. Þetta er eitt nýmælið, að iðgjöldin sjeu ákveðin í lögum, því að vanalega eru iðgjöld ekki ákveðin í lögum, heldur sett í reglugerð, og er það miklu hagkvæmara. Það getur orðið nauðsynlegt að hækka iðgjöld fyrir sjerstakt slys, án þess að lögum sje hægt að breyta. Viðvíkjandi þessum breytingum yfir höfuð er það að segja, að Samábyrgðin er bundin við samninga um endurvátryggingu í erlendum fjelögum, og sjeu gerðar breytingar í þessa átt, bitnar það eingöngu á hinni íslensku Samábyrgð, því að endurvátrygging hinna erlendu fjelaga, verður ekki breytt fyrirvaralaust, og af slíkri breytingu gæti jafnvel leitt það, að endurvátryggingarfjelögin segðu upp samningum við Samábyrgðina. Því er sjálfsagt að gefa fjelaginu ráðrúm til að leita samninga um slíkar breytingar hjá erlendu fjelögunum, áður en iðgjöldunum er slegið föstum með lögum.

Það er auðvitað, að flytjendum frv. þessa gengur það til að bæta kjör þeirra, er skifta við Samábyrgðina. En þeir verða að gæta þess að ganga ekki svo nærri Samábyrgðinni, að hagur hennar verði valtur, því að það lendir á útgerðarmönnum sjálfum, þar sem fjelagið hefir rjett til að hækka iðgjöldin um $^1/_3$, ef fje þess gengur til þurðar.

En þar sem einar allsherjarreglur gilda um þetta, bæði á Norðurlöndum og í öðrum siðuðum löndum, og lög Samábyrgðarinnar eru sniðin eftir þeim, þá er afarvarhugavert að breyta einstökum atriðum. Gæti þó verið, að breytingar á einstökum atriðum mættu fram ganga, en það verður að athuga rækilega áður og í samráði við Samábyrgð Íslands.

Vil jeg því leyfa mjer að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

Með því að mál þetta er ekki svo rækilega undirbúið, að því verði ráðið til heppilegra lykta að þessu sinni, og í því trausti, að landsstjórnin endurskoði lögin nr. 54, 30. júlí 1909, í samráði við stjórn Samábyrgðarinnar, og leggi fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um breytingar á þeim, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Frsm. (**Sveinn Ólafsson**): Jeg hafði búist við andmælum gegn frv. þessu. Það er ekki nema eðlilegt, að einhver finni agnúa á því, og jeg get strax sagt, að jeg býst helst við aðfinningum á þeim atriðum, sem nú hefir verið um rætt. En þar með er ekki sagt, að þessi ágreiningsatriði þurfi að verða frv. að falli.

Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) áleit ákvæði 1. gr. frv. ekki framkvæmanlegt; hjer væri enga menn að fá, er þess væru um komnir að meta skipin. Þetta er fjarstæða. Það er aðgætandi, að alt síðan 1905 eigum vjer lög um skoðun á skipum, hvort sjófær sjeu og megi leggja út á vertíð. Þessa skoðun framkvæma engir sjerfræðingar, og þessa skoðun eða flokkun höfum vjer unað við tiltölulega lengi. En þar, sem er að ræða um smá skip og báta, getur

hver skynbær sjómaður, sem jafnframt er skipasmiður, álitið og metið, hvort skipið sje vandað eða í slæmu ástandi. Og að það sje kátlegt, að lögreglustjóri sje oddamaður, er ekki nema *slagorð*. Hann á þó að vera óhlutdrægur, og það skiptir mestu, enda er einmitt gert ráð fyrir, að hann byggi á áliti skoðunarmanna Samábyrgðarinnar, sem flokka. Það ætti ekki að veikja álit þeirra, þótt lögreglustjóri aðstoði þá. Jeg álít þessa viðbáru gersamlega þýðingarlausa. Og ef bíða ætti eftir því, að við hefðum sjerfræðinga til að meta og flokka þessar smáfleytur, eins hæfa og erlend fjelög hafa, vegna miljónafjelaga sinna, eins og t. d. Norsk Veritas og Lloyds í London, gæti svo farið, að við mættum bíða heilan mannsaldur eða lengur. En mjer þótti þetta atriði svo mikilsvert, að jeg vildi ekki sleppa því úr frv., og því má ekki sleppa. Samábyrgðin verður að taka upp flokkun; ella er hún dauðadæmd.

Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) tók það fram, að jeg hefði ekki farið með rjett mál um frádráttinn á skaðabótunum fyrir skipspjöll. Jeg tók fram, að rjett væri að nema burt 2% frádráttinn; hann væri óvinsæll og ástæðulaus. Enn fremur ljet jeg í ljós, að rjett væri að fella burt 20% frádráttinn, vegna yfirsjóna skipstjóra, og skýrði frá því, að um þetta hefði ekki fengist samkomulag við stjórn Samábyrgðarinnar. Hv. þm. (B. Sv.) hefir afbakað orð mín um þetta. Samábyrgðarstjórinn stendur þarna og verður að kannast við, að þetta sje rjett. (G. Sv.: Hann hefir ekki málfrelsi hjer.) Það veit jeg vel, en er viðbúinn, að loknum fundi, að endurtaka þetta við hann utan þings. (B. Sv.: Þingmaðurinn nefnir ekki *gruninn*).

Það getur því að eins verið rjett að draga þennan fimtung skaðabótanna frá, að það sje rjett að hengja Pjetur, þegar Páll er sekur. Það nær engri átt, að skipseigandi gjaldi svika skipstjóra.

Þá tók hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) það fram, að af því, að í lögum frændþjóða vorra væri fyrirmyndin fyrir lögunum, bæri oss að halda sömu ákvæðum. En eftir því, sem mjer er kunnugt, eru slíkar stofnanir erlendis einstakra manna eign, en vor stofnun er opinber eign. Einstakir menn setja þar þau kjör og skilyrði, er þeim sýnist, en það þarf ekki að taka til vorrar stofnunar, sem komið er á fót með tilstyrk landssjóðs. Það getur verið, að Samábyrgðin eigi það á hættu að missa tryggingarsambönd við útlend fjelög, ef lagaákvæðum hennar er breytt, en hvað er á móti því að leita samkomulags við þau fjelög um þessi breyttu ákvæði? Jeg fæ ekki sjeð annað en að þessum lögum verði að breyta, er þau eru orðin óvinsæl, og það getur ekki verið tilgangurinn, að þau standi um aldur og æfi óbreytt. Um þessar breytingar, sem við vorum sammála samábyrgðarstjórninni um, virðist mega semja við erlendu fjelögin, og þótt þessi breyting yrði gerð, þá mætti fresta framkvæmd laganna meðan samið væri. Stjórn Samábyrgðarinnar mintist ekki á neina hættu, er stafað gæti af samningaslitum við útlend fjelög.

Annars get jeg sagt, að frekari undirbúningur þessa máls er sjálfsagt æskilegur. Þetta, sem við komum fram með, ætti að vera til bráðabirgða, og innan tíðar hlýtur að reka að því, að gagnger breyting verði gerð á þessari stofnun. Kyrstaða má engin vera, því að þá nær stofnunin ekki tilgangi sínum.

Benedikt Sveinsson: Hv. frsm. (Sv. Ó.) hjelt því fram, að þetta „sumt“ í frv., sem hefði ágreiningi valdið, þyrfti ekki að aftra því, að frv. gengi fram í einhverri mynd. En jeg held, að sú lagasmíð yrði mjög

af handahófi, ef farið væri að vinsa úr þau atriði, sem meiri hluti deildarinnar gæti komið sjer saman um. Miklu meiri trygging yrði fyrir því, að vel og viturlega yrði frá þessu máli gengið, ef stjórnin fengi ráðrúm til að undirbúa það undir þing með ráðum og aðstoð Fiskifjelagsins og samábyrgðarstjórnarinnar.

Hv. frsm. (Sv. Ó.) sagði, að flokkuni væri auðveld. Kvað hann það fjarstæðu, að vandfengnir myndu menn til þeirra hluta. Skírskotaði hann til laga frá 1905, um flokkun fiskiskipa. En á þau lög hefði hann eigi átt að minnast, því að á framkvæmd þeirra hefir orðið mjög *sorgleg* reynsla. Jeg vil spyrja hv. þingdeild, hvort sú flokkun hefir ekki verið herfilega misbrúkuð, og hvort ekki hefir beinlínis leitt manntjón af því, að skipin hafa ekki verið skoðuð með nægri nákvæmni, þekking og samviskusemi?

Þetta mál hefir verið gert að blaðamáli, og það með fullum rökum. (**M. Ó.**: Engum rökum!) Jeg get nefnt *eitt dæmi*, þegar tvö skip voru dæmd ósjófær hjer í Reykjavík, en síðan var farið með þau í Hafnarfjörð. Þar voru þau skoðuð af öðrum skoðunarmönnum og talin sjófær. Bæði hjeldu svo út til fiskveiða. Annað komst út á miðjan Faxaflóa; þá datt gat á það, og menn fengu með naumindum draslað því í land og borgið svo lífi sínu. Þá var þetta skip nýkomið úr skoðun frá eiðsvörnum mönnum, sem sjálfsagt hafa framkvæmt hana eftir bestu vitund. Hitt skipið fórst með hverju mannsbarni, sem innanborðs var, fyrir sunnan land. Það er því sannarlega sorgleg reynsla fyrir því, hvernig sú skoðun hefir verið af hendi leyst.

Viðvíkjandi skoðun á vjelbátum er sama að segja, og jeg býst við, að ef stjórn Samábyrgðarinnar væri að spurð, teldi hún þá skoðun ekki á marga fiska. Á Seyðisfirði var mótorbátur nýskeð tekinn í ábyrgð af Samábyrgðinni. Þegar hann var kominn út á miðjan fjörð, bilaði vjelin. Segl voru fúin og ekki hægt að notast við þau, og þar eð bátverjar vildu ekki láta sig reka á land, gripu þeir til akkerisins, en þá fór ekki betur en svo, að stjórinn slitnaði; hann var fúinn líka.

Hv. frsm. (Sv.Ó.) kannast við að hafa komist ónákvæmt að orði er hann sagði, að 20% væru dregin frá fyrir *grun* einn um, að skipstjóri hefði tjóninu valdið. Hann hlýtur að kannast við, að það er rjett, sem í lagagreininni stendur, að það sje vítavert, ef skipstjóri verður valdur að tjóni *af ásettu ráði*, og geri hann það, er ekki ástæða til að breyta lögunum. Þessu ákvæði hefir, eins og jeg sagði áður, verið að eins tvisvar beitt. Í annað skiftið hafði öll skipshöfnin sofið í bátnum, meðan hann var að reka á land. Sannarlega ætti að komast hjer á ríkara aðhald og eftirlit með gætni og samviskusemi í skipstjórn, en ekki ljetta ábyrgðinni af í því efni. Jeg held, að Samábyrgðin beri fullkomlega nógu mikla ábyrgð ef skip strandar fyrir gáleysi eða vítavert hirðuleysi, því að eftir reglugerð sinni er hún ávalt „skyld til að greiða svo mikið af skaðabótunum, sem þarf til að greiða lán af almannafje, þar með talin lán úr íslenskum bönkum og sparisjóðum, sem veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða bátnum, þó eigi meira en $^4/_5$ tryggingarfjárhæðarinnar, og á Samábyrgðin þá endurgjaldskröfu á hendur þeim, sem sekur er". Hjer ber Samábyrgðin ábyrgðina, og verður svo að eltast við þá ólánsmenn, er sett hafa skipin upp, en það mundi oftast verða árangurslaust. Er því síður en ástæða til að íþyngja Samábyrgðinni um þetta atriði frekar en orðið er.

Háttv. frsm. (Sv. Ó.) sagði, að nauðsynlegt væri að breyta lögunum. Jeg hefi ekki sagt eitt orð í þá átt, að ekki mætti breyta lögunum; meira að segja felur

dagskráin, sem jeg ber fram, það í sjer, að ætlast er til, að stjórnin búi undir breytingar á lögunum. Þessi ummæli hv. frsm. (Sv. Ó.) eru því alveg út í hött. Hv. frsm. (Sv. Ó.) sagði, að þótt þau fjelög, sem nú endurvátrygðu fyrir „Samábyrgðina", neituðu um endurtryggingu, ef þetta frv. yrði samþykt, þá væri hægt að semja við önnur. Jeg hygg, að þetta sje alveg rangt, og að minsta kosti ósannað og ósennilegt, því að ef Samábyrgðin fælir nú frá sjer þessi fjelög, þá yrðu það varla meðmæli með henni, og mundi hún eiga undir högg að sækja að fá endurtryggingu hjá öðrum fjelögum. Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um þetta að sinni, en vona, að háttv. deild sjái, að eina rjetta leiðin í þessu máli er sú að samþykkja dagskrána.

Matthías Ólafsson: Það er mikil þekking, sem háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hefir alt í einu fengið á þessu máli, því að jeg veit ekki til, að hann hafi nokkurn tíma áður hugsað um þessi mál.

Hann þykist ekki vita, af hverju þetta frv. sje komið fram. Jeg get sagt honum, að það er af því, að í landinu er orðin almenn óánægja með það, hvernig Samábyrgðin er starfrækt. Fyrst og fremst hefir hún aldrei fengist til að tryggja sjer það, að bátarnir, sem trygðir eru hjá henni, sjeu í notandi ástandi. Hún hefir ætíð færst undan því að gera breytingar á því fyrirkomulagi, sem hefir verið hjá henni, um skoðun á skipum þeim, sem hún vátryggir, og hafi svo skipin farist, þá hefir vátryggingarupphæðin ekki verið greidd nema með eftirtölum og undanfærslu.

Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) gerði lítið úr flokkuninni, sem frv. fer fram á, og færði fram dæmi því til sönnunar, að lítið mundi á henni að græða. Jeg skal benda háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) á það, að það er svo með fleira en þennan hlut, að menn eru fákunnandi í fyrstu, en reynslan og æfingin þroskar mennina. Annars var þetta dæmi, sem þm. N.-Þ. (B. Sv.) tók, máli sínu til sönnunar, mjög óheppilega valið, því að það gat eins vel bent á vitleysu landsmanna eins og þeirra, sem skipið skoðuðu, því að það, að þilfarið sje mjög sterkt, er ekki það aðalatriði, sem á að ráða því, hvort skipið skuli vera sjófært eða ekki. Hitt er alt annað mál, að það er mjög óheppilegt að fara með skipin úr einum stað í annan, til þess að láta skoða þau, og ákvæði, sem kæmu í veg fyrir slíkt, hefðum við sett inn í þetta frv. ef okkur hefði dottið í hug, að Samábyrgðin fjellist á það.

Að fela stjórninni þetta mál getur aldrei farið betur en svo, að málinu seinki um eitt ár. En hafi nú stjórnin Samábyrgðina fyrir sinn aðalráðunaut í þessu máli, þá, satt að segja, vænti jeg mjer ekki mikils í framkvæmdunum. (B. Sv.: En Fiskifjelagið?). Fiskifjelagið getur engin áhrif haft í þessu máli. Það hefir reynt það áður, en alt strandað á því, að Samábyrgðin hefir ekki viljað ganga inn á neinar skynsamlegar breytingar.

Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) var að tala um, að ósanngjarnt væri, að eigandi báts fengi hann borgaðan, ef slys hlytist af því, að öll skipshöfnin svæfi í bátnum. Jeg get ekki sjeð annað en að það væri sama sem að hengja bakara fyrir smið að vilja ekki borga bátinn, því að ekki getur eigandinn að því gert, þótt formaðurinn gæti ekki skyldu sinnar. Það væri þá líkast því, að rjett væri að neita að borga háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) vátryggingarfjeð, ef svo vildi til, að annar maður brendi hús hans af hefndargirni eða einhverjum öðrum orsökum. Jeg get ekki sjeð annað en að þetta tal hans sje lokleysa ein. Jeg verð að álíta, að flokkunin á skipunum sje bráðnauðsynleg, en auðvitað er hún vandasöm. En ætti okkur ekki að vera mögu-

legt að koma henni á, eins og öllum öðrum þjóðum. Ef við ekki gerum það, þá er það áreiðanlegt, að fjelagið er í mestu hættu statt, því að einmitt í flokkunum er mest tryggingin fyrir fjelagið. En það var einmitt hugsun nefndarinnar að reyna að koma því svo fyrir, að bæði fjelagið og skipaeigendur væru tryggari, hvað sem fyrir kæmi.

Jeg vona, að menn sjái nú, hvoru megin rjettlætið og skynsemin eru í þessu máli, og láti frv. ganga fram.

Gísli Sveinsson: Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) virtist hneykslast á því, að hv. þm. (B. Sv.) hefði aflað sjer þekkingar á þessu máli, og eru það nokkuð einkennilegar röksemdir. En samt í ræðu hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) bar ljósan vott um það, að þekking hans á þessu máli væri ekki eins staðgóð og hann sjálfur virðist halda.

Þegar þetta frv. kom fram í dagsljósið, þá bjuggust menn vitanlega við því, að það væri vendilega íhugað, þar sem málið var komið frá hv. sjávarútvegsnefnd. Menn bjuggust við því, að málið hefði verið borið undir Samábyrgðina, og að hún væri að öllu leyti sammála nefndinni um frv. Það varð ekki heldur annað heyrt á hv. frsm. (Sv. Ó.) við fyrstu umr. málsins en að svo væri.

En því ver varð mönnum við, er það varð kunnugt, að Samábyrgðin er ekki einungis mótfallin málinu, heldur jafnvel telur það stórhættulegt fyrir fjelagið. Þetta mál er svo vaxið, að Samábyrgðin hefir samið við sjerstök fjelög um að endurtryggja það, sem trygt er hjá henni. Verði nú þessar breytingar samþyktar, þá fellur úr gildi þessi endurtrygging. Það er því sá einn kostur til, að semja á ný við sama fjelagið, eða við eitthvert annað fjelag, ef ekki takast samningar við það. Það er ekki víst, að þessir samningar gangi svo greiðlega, og getur því verið hættulegt að afgreiða þetta mál frá þinginu, án þess að hafa leitað fyrir sjer áður um það, hvernig slíkir samningar mundu ganga. Það er enginn að segja það, að þetta mál sje ekki borið fram af góðum vilja, en þrátt fyrir það er ekki gefið, að það sje vandlega undirbúið, og ekki virðist vera nein ástæða til að flaustra málinu af.

Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), talaði um, að Samábyrgðin tengist aldrei til að sinna þessu máli. Þetta er nú, eins og allir sjá, fullyrðing út í loftið, og jeg fyrir mitt leyti trúi henni ekki, en þótt það væri rjett, þá má leita til landsstjórnarinnar. (P. Þ.: Ekki hefir landsstjórnin vit á sjómensku). Hv. þm. Mýra. (P. Þ.) heldur kann ske, að landsstjórnin sje ekki til nema fyrir búandmenn uppi á Mýrum. Landsstjórnin getur hæglega útvegað sjer aðstoð fróðra manna um þessi efni, og því er sjálfsagt að vísa þessu máli til hennar, en ekki flaustra því svona af, eins og sumir virðast ætlast til að gert verði. Annars má segja, að það stappi vítaverðu næst, að ein meiri háttar þingnefnd skuli bera fram mál, sem ekki er betur undirbúið, og auk þess fara þannig að, að ýmsir mundu vilja kalla tilraun til blekkinga.

Eitt af því, sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) villist á í þessu máli, er það, að hann virðist rugla saman skoðun á skipum og flokkun á þeim. En skoðun sú, sem hjer á landi hefir verið, er alt annað en flokkun, því að skoðunin er ekkert annað en það að komast að því, hvort skipið sje sjófært eða ekki.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) þótti dæmið, sem háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) tók um skipið, sem skoðað var bæði hjer og í Hafnarfirði, ekki vera vel valið. Dæmið var einmitt ágætlega valið. Málið var þannig vaxið, að jeg er ekki í neinum vafa um, að hefði það komið fyrir ein-

hversstaðar annarsstaðar en hjer, þá hefði það varðað stórvítum þá, er gerðu skipið út.

Skipið, sem um var að ræða, var gamall dallur, og skoðunarmennirnir hjer vildu ekki gefa vottorð um, að skipið væri sjófært. En þá er það tekið til bragðs að fara með skipið suður í Hafnarfjörð og fá skoðunarmennina þar til að gefa vottorð um, að skipið sje sjófært. Þetta varð svo að blaðamáli, og fór svo á endanum, að rannsókn var hafin bæði hjer í Reykjavík og í Hafnarfirði. Kom það fram við rannsóknina, að gagngerð mótsögn var í framburði skoðunarmanna hjer og þeirra í Hafnarfirði, og var vefengd skýrsla Hafnfirðinga. Annað dæmi má líka nefna, sem háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) drap víst líka á, um skoðun, sem fór fram í Hafnarfirði. Þeir höfðu þar gefið vottorð um skip, sem átti að fara á fiskveiðar; skipið leggur af stað, en er varla komið út af höfninni þegar gat dettur á skipið af sjálfu sjer! — Það er von, að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) vilji óðfús koma á flokkun, sem bygð sje á svona skoðun.

Mjer heyrðist nú helst á því, sem hv. frsm. (Sv. Ó.) hafði fram að bera, að honum hlyti að vera fullnægt, ef þessu máli yrði vísað til stjórnarinnar. Jeg vænti því þess, að hann greiði dagskránni atkvæði.

Jeg skal að lokum að eins drepa á eitt, sem hv. þm. V.Ísf. (M. Ó.) gerði að umtalsefni, sem sje, hver ætti að bera ábyrgðina, ef slys vildi til af hirðuleysi skipstjóra. Það sjá allir, að eigandi skipsins hefir meira um það að segja, hver ráðinn er skipstjóri, heldur en vátryggingarfjelagið. Það virðist því öll sanngirni mæla heldur með því, að hann beri ábyrgðina, en ekki fjelagið, sem engin tök hefir á að ráða nokkru um ráðningu skipstjóra eða skipshafnarinnar.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vona einungis, að háttv. deild samþykki þá rökstuddu dagskrá, er hjer liggur frammi.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Jeg hefi litlu við að bæta, því að þegar hefir verið svarað ýmsum andmælum gegn frv. Mig furðar á því, hvað menn gera mikið veður út af því, að komið hafi fyrir slys, sem vitanlega hafa stafað af viksemi eða óvandvirkni skoðunarmanna; mjer finst það alveg óskylt þessu máli og óviðeigandi að fara með slíkar sögur sem hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) fóru með. Eins og það komi ekki fyrir í öllum löndum og á öllum öldum, að óreiðumenn svíkist undan skyldum sínum; þesskonar er því ekkert nýstárlegt. Reyfarasagan um vjelbátinn, sem var gangvjelarlaus, reiðalaus og stjórafærislaus, kemur ekki þessu máli við. En ef slíkur bátur hefir verið metinn í siglingarfæru ástandi, þá bendir það á sama sem fyrri sagan, sem sje, að um svik hefir verið að ræða, og sannar þess vegna, að flokkun skipa er sjálfsögð,

Fyrir frv. eru 3 leiðir. 1. Sú, sem hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hefir lagt til, rökstudd dagskrá. 2. Að vísa frv. til 3. umr., í þeim tilgangi að ráða bót á þeim agnúum, sem mönnum kann að þykja á því vera. 3. Að skera frv. alveg niður. Það mundi stjórn Samábyrgðarinnar líklega helst kjósa, því að kyrstöðu virðist hún kunna best.

Jeg skal láta mjer í ljettu rúmi liggja um afdrif frv. að þessu sinni. Það líður eigi á löngu, að það komi fram aftur í einhverri mynd, ef það nú verður svæft. Um að vísa frv. til stjórnarinnar er það að segja, að sjálfsagt yrði það til bóta málinu, ef hún sinti því, en þegar vjer athugum, hvílíkum aragrúa mála vjer höfum vísað til stjórnarinnar, þá er það mikið vafamál, að hún fái sint þeim öllum, og jeg mundi,

satt að segja, ekki furða mig á því, þótt þetta mál yrði þá látið sitja á hakanum.

En til þess að sýna, að frv. er ekki ástæðulaust, skal jeg, eins og aðrir hv. þm., koma með sögu, sem sýnir, hve viðtæk og frjó starfsemi fjelagsins er. Þegar vertíðin byrjaði á Austfjörðum næstl. vetur, kom það í ljós, að þar voru að eins 2 bátar trygðir, annar í Samábyrgðinni, hinn í tryggingarfjelagi Seyðisfjarðar; það var — segi og skrifa — $^1/_8$ þeirra báta, sem sendir voru í hættuna suður með vitalausri og hafnarsnauðri ströndinni. Auðvitað stafar þetta af því, að mönnum þykir ótækt að nota Samábyrgðina, en tryggingarfjelag Seyðisfjarðar tekur aðeins báta, sem ganga frá Seyðisfirði; til tryggingar. Allir aðrir bátar en þessir tveir voru tryggingarlausir eða í sjálfsábyrgð.

Samábyrgðarstjórnin telur ófært að breyta þeim ákvæðum laga og reglugerðar, sem aftra viðskiftum þarna. Hún telur því líklega kjörin boðleg, þótt flestir kjósi sjálfsábyrgð framar en hana.

Auðvitað ræður deildin, hvað hún gerir.

Út af því, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að nefndin leitaðist við að blekkja hv. þingd., þá verð jeg að segja, að jeg tel slík ummæli alveg ósæmileg og með öllu ósamboðin hv. þm. (G Sv.), og ekki bætir það úr, þótt hann yki því við, að frv. væri þó borið fram í góðum tilgangi; það er yfirklór yfir rangar fullyrðingar.

Einar Arnórsson: Það er eitt ákvæði í frv., sem gerir það að verkum, að rjett er að samþykkja þá till. til rökstuddrar dagskr., sem hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) bar fram. Jeg á við ákvæði 6. gr. frv. Það má telja víst, að endurtryggjandi sje ekki lengur bundinn við endurtrygginguna, eftir að ákvæðum, sem samningar voru bygðir á, hefir verið breytt til óhagræðis honum, án hans vitundar. Ef þetta verður gert og 6. gr. samþykt, sem mjer skilst hv. frsm. (Sv. Ó.) leggja áherslu á, þá sje jeg ekki betur en að endurtryggjandi sje laus við þá samninga, sem hann hefir gengist undir; að minsta kosti er hann ekki skyldur til að tryggja framvegis, og ef svo fer, þá vantar Samábyrgðina endurtrygging. Auk þessa finst mjer það stappa nærri því að vera ósæmilegt löggjafarvaldinu að samþykkja lög, er ganga ofan í samninga, sem áður hafa verið gerðir. Hv. frsm. (Sv. Ó.) sagði, að með þessu lagi yrðu bátar að vera ótryggðir. En sú röksemd er veigalaus, af því að með því að samþykkja frv. getur svo farið, að ekki að eins þessir bátar, heldur allir, verði að vera tryggingarlausir, sökum þess, að Samábyrgðin getur sjálfsagt ekki tekið að sjer tryggginguna, ef hana vantar endurtrygging.

Matthías Ólafsson: Á þingi 1915 voru samþykt lög lík þessu, þar sem ætlast var til endurtryggingar; að vísu átti að samþykkja þau, hvort sem endurtrygging fengist eða ekki. Þá voru miklar hrakspár um það, að sík endurtrygging fengist ekki, en þær urðu að engu.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) telur ekki leyfilegt að breyta þessum lögum án þess að leita samþykkis endurvátryggjanda. Eftir því ætti ekki einu sinni að mega samþykkja lög, sem bættu kosti endurvátryggjanda. Ef þingið kemst að þeirri niðurstöðu, að endurtrygging sje jafntrygg eftir sem áður, hvernig ætti þá endurtryggjandi að draga sig í hlje? Og ekki hefir verið sýnt fram á, að honum sje meiri bætta búin með frv. en áður. Tryggingin liggur í flokkuninni, og sú tortrygni, sem bólað hefir á hjer við umræðurnar, er blátt áfram hlægileg. Það er kynleg kenning, að ekki sje hægt að fá sæmilega matsmenn til þessa hjer á landi, og jafnvel, eins og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) gaf í skyn, að

aldrei verði hægt að fá þá. Eins og þingið bæði nú og áður hefir oftsinnis ákveðið, að mat skuli fara fram um hitt og þetta, þá er það undarlegt að gera ráð fyrir því, að engir matsmenn verði hæfir til þessa starfs. Auðvitað fást slíkir menn ekki nema með æfingunni. En ef mönnum sýnist svo, þá má senda menn til útlanda til þess beinlínis að læra að meta skip; þá mundi flokkunin fara fram svo, að örugt væri.

Þess utan er gert ráð fyrir, að landsjóður haldi áfram að borga, með því að lögin gera honum skylt að borga tap, sem hlýst af handvömm eða jafnvel glæp skipstjóra. Það er satt, að Samábyrgðin ræður ekki skipstjórana, en svo er heldur ekki í öðrum löndum, en reglur eru um það, að skipstjórar, sem vegna hirðuleysis missa skip sín, fá ekki skip aftur fyr en eftir lengri eða skemri tíma eða jafnvel aldrei, eftir atvikum. Í þessu liggur mikil trygging fyrir stofnanirnar; ef skipstjórum er hægt að kenna um slysin, þá er venjulega hirðuleysi um að ræða. Annað mál er það, ef útgerð hefir keypt skipstjóra til að týna skipinu; þá eru hvorir tveggja orðnir glæpamenn.

Jeg álít það eiga mjög illa við að þylja nú enn, í 3. sinn á þessu þingi, söguna um skútuna í Hafnarfirði. Það er eins og menn vilji gera hjer úr vísvitandi glæp, sem leitt hafi af manntjón. Jeg get leitt fram mann, sem var skipstjóri á þessu skipi árið áður en slysið varð, og hann hefir sagt mjer, að skipið hafi verið eitt hið besta við Faxaflóa. Heimildarmaður minn gaf mjer leyfi til að nafngreina sig, ef jeg vildi, og er hann Kristinn Brynjólfsson frá Engey. Jeg skal geta þess, að hann sagði mjer þetta áður en slysið varð, og ekkert gat honum gengið til; ekki ætlaði jeg að kaupa skipið. Jeg held, að best sje að tala sem minst um andann, sem þá var á móti eiganda skipsins, versluninni Edinborg, og miður gætilegt hygg jeg vera að fara eftir blaðafleipri um málið. Vjer vitum allir, hvernig blöðin eru hjer á Íslandi. — En ef ekki er hægt að nota menn Samábyrgðarinnar til að flokka skip, hvernig má þá treysta skoðun þeirra? Skoðunin er þó nokkurskonar flokkun.

Jeg get ekki enn sagt um, hvort heppilegt muni að skjóta málinu til stjórnarinnar; jeg þykist vita, að hún muni athuga það vel, en býst við, að hún mundi fara mikið eftir tillögum hinnar vœrukæru stjórnar Samábyrgðarinnar.

Einar Arnórsson: Jeg stend upp til þess að gera fáeinar athugasemdir við sumt í ræðu hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Hann tók brunabótalögin til samanburðar, en það dæmi á ekki við, vegna þess, að 1915 voru lögin, sem sett voru 1907, ekki komin til framkvæmda, svo að ekki var að ræða um það að ganga á gerða samninga. Svo heppilega vildi til, að endurtrygging fekst hjá norsku fjelagi, en enginn vissi um, hvort fást mundi 1915, ekki fremur en vjer vitum nú, hvort fást mundi endurtrygging, ef þetta frv. yrði samþykt.

Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) grípur fram í og segist búast við, að vjer megum sjálfir setja lög vor. Satt er það, en jeg tel það óhæfu, bæði siðferðilega og eins pólitískt rangt, að setja lög, er ganga á gerða samninga, og það skapar vantraust á landinu, að vjer förum að setja lög, sem ganga þvert ofan í samninga, sem gerðir hafa verið við þriðja mann.

Það virðist svo, sem orð hv. þm. N.-Þ. (B.-Sv.) og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hafi alveg farið fram hjá hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Orð þeirra lutu að því, að Samábyrgðin yrði miður trygð, ef þetta frv. yrði að lögum. En mín orð hefir hann skilið svo, að ekki mætti gera lög, sem veittu endur-

tryggjanda betri kosti. En mín orð hnigu að því, að með frv. væru endurtryggjanda gerðir verri kostir. Jeg veit ekki, hvaða sannanir hv. þm. tekur gildar, en hver maður með heilbrigðri skynsemi getur sannfærst um orð mín, með því að ganga í gegnum greinar frv.

Tökum t. d. 3. gr. Þar er farið fram á að kippa burt ákvæðinu um frádrátt frá skaðabótum, og um það, að ábyrgðareigandi beri ábyrgð á skaða, sem hlotist hefir af skeytingarleysi eða svikum skipstjóra. Þessi atriði sýna, að Samábyrgðin verður ver trygð, og veita því endurtryggjanda rjett til þess að leysa sig undan samningunum. Jeg skal ekkert fara út í það, hvort ákvæði 3. gr. samábyrgðarlaganna eru sanngjörn eða ekki, en úr því að samningur hefir verið gerður á þeim grundvelli, þá er það næg ástæða til þess að rifta samningnum, því að með frv. er rýrð trygging fjelagsins.

Þá er með breytingunni við 4. gr. numin burt skyldan til þess að halda sjórjettarpróf, nema því að eins, að stjórn Samábyrgðarinnar telji þess þörf. Þetta kann að þykja ekki mikilsvert atriði, en svo er þó ekki. Það er almenn regla, að vátryggjendur setja beint skilyrði fyrir greiðslu bóta, að sjórjettarpróf sjeu haldin út af skipskaða. (Sv. Ó.: Þetta ákvæði er sett eftir tillögum stjórnar Samábyrgðarinnar). Það skiptir engu, þótt stjórn Samábyrgðarinnar hafi einróma lagt þetta til. Þetta getur leitt til tortryggni hjá endurtryggjanda, svo að Samábyrgðinni verði skylt að greiða tjónið. Endurtryggjandi getur sem sje sagt, að ekkert liggi fyrir, sem upplýsi tjónið, svo að hann sje ekki skyldur að greiða það.

Í 6. gr. frv. er ýmislegt, sem er athugavert frá sjónarmiði endurtryggjanda. Jeg skal ekki segja um, hvort hámarkið þyki við hlítandi, en í lögum slíkra fjelaga sem þessa er ekki venja að setja „tarif“; það er reglugerðaratriði, sem fer eftir atvikum, er löggjafarvaldið getur ekki rannsakað, því að ekki er víst, að „tarifin“ geti verið í föstum skorðum; slíkt fer eftir margra ára athugun, landsháttum, veðráttufari o. s. frv.

Mjer hefir verið sagt að iðgjald til Samábyrgðarinnar sje nú 11%, og verður að athuga, að endurtryggingarfjelagið hefir gengið að endurtryggingunni með þetta fyrir augum. Þetta eitt er nóg til þess, að endurtryggingarfjelagið hefir fulla heimild til að segja þegar í stað upp endurtryggingunni.

Þá hefi jeg þegar sýnt fram á þrjú atriði í frv., sem gera Samábyrgðina ótryggari. Þá skaut einn hv. þm. því inn í, að ekki væri það til tryggingar, að frv. gerir ráð fyrir, að tryggja megi 20000 kr. í sama fari, en í samábyrgðarlögunum eru það ekki nema 15000 kr. Tryggingin ætti þá að vera fólgin í þessari flokkun skipanna. Jeg er ekki nógu kunnugur til að geta dæmt um þetta, nje heldur veit jeg með nokkurri vissu, hve hæfa menn vjer höfum til að vinna að þessari flokkaskipun. En setjum svo, að þetta sje kostur í sjálfu sjer; þar fyrir er ekki hægt að ábyrgjast, að endurtryggingarfjelagið meti þann kost svo mikils, að því þyki hann vega upp á móti öllum göllunum, sem hætt er við að þeim þyki þetta frv. hafa í för með sjer. Jeg mundi ekki gera það; mjer mundi þykja Samábyrgðin ótryggari en áður. Þá má segja, að þessar 5000 kr., sem landssjóður á að halda áfram að leggja Samábyrgðinni til, geri hana tryggari. En sú upphæð er svo lítill hluti alls, sem trygt er, að hún gerir naumast frá nje til með að gera fjelagið tryggara eða ótryggara. (M. Ó.: Það má þá hækka landssjóðstillagið). Það er satt, og reyna mætti að koma með brtt. í þá átt, þótt óvíst sje, að hún fái framgang, enda væri það frá mínu sjónarmiði naumast æskilegt; það

þarf að búa svo um hnútana, að fjelagið geti orðið styrkt og borið sig sjálft, því að það er eitthvað bogið við það, ef það þarf til langframa að vera landsómagi.

Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) kvaðst varla vita, hvort rjettara væri að vísa málinu til stjórnarinnar, til frekari undirbúnings, eða samþykkja frv. þegar á þessu þingi. Þetta er sönnun þess, að farnar eru að renna tvær grímur á hv. þm. (M. Ó.). Jeg skal að vísu játa það með hv. frsm. frv. (Sv. Ó.), að það geti verið ýms atriði í samábyrgðarlögunum, sem þörf sje að taka til athugunar; en jeg sje ekki, að það sje forsvaranlegt af okkur hjer í Nd. að samþykkja frv. þetta, án þess að vita um það, hvort endurvátryggingarfjelagið muni fáanlegt til að halda áfram endurtryggingum sínum. Jeg held, að mjer sje óhætt að fullyrða, að fæstir hjer í deild sjeu svo kunnugir sjávarvátryggingum, að við getum í fljótu bragði sagt, hvað þurfi og megi standa í frv. slíku sem þessu, og hvað ekki. Jeg þykist vita, að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) muni vita það; þeir hafa báðir fengist svo lengi við sjávarútveg. En við hinir höfum ekki átt tök á að ganga í læri hjá þeim og afla oss fræðslu í þeirra skóla; og þeir mega ekki heimta það af oss, að vjer tökum umsvifalaust orð þeirra trúanleg, eins og heilagt guðsorð, þar sem vjer höfum fyrir oss orð samábyrgðarstjórnarinnar um, að frv. sje mjög varúðarvert; hún ætti þó að vera málinu kunnugust allra, því að hún hefir mesta reynsluna. Jeg vil ekki taka upp á mig þá ábyrgð að samþykkja frv., þvert ofan í tillögur samábyrgðarstjórnarinnar, og tel það, eins og jeg hefi áður sagt, ósæmilegt af löggjafarvaldinu að samþykkja lög, sem fara í bág við áður gerða samninga, að fornspurðum hinum málsaðilanum.

Björn Stefánsson: Jeg er sammála hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) í flestu, nema því, að hann taldi eðlilegt, að mótmæli kæmu fram gegn frv. þessu; því að jeg tel það óeðlilegt, að jafnsjálfsögðu máli skuli vera mótmælt af nokkrum. Flest það, sem frv. hefir verið fundið til foráttu, finst mjer lítilsvert, að undanteknu sumu af því, sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) bar fram, sjerstaklega það, sem hann talaði um endurvátrygginguna; það er þess vert, að það sje tekið til athugunar; en það skoða jeg fremur sem bendingu um, að ástæða geti verið að koma með brtt. til 3. umr., en hitt, að fella beri frv. fyrir þá sök, að þar sje ekki nógu vel um hnútana búið. Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) taldi það ekki sæmilegt fyrir löggjafarvaldið að ganga fram, hjá endurvátryggingarfjelaginu. En úr þessu má bæta með því að taka það fram, að lög þessi skuli ekki ganga í gildi fyr en 1. janúar 1918 eða jafnvel seinna; með öðrum orðum, gefa nógan tíma til nýrra samninga, áður en komast í gildi breytingar á gildandi samábyrgðarlögum. Jeg tel engan veginn þröngvað svo kosti Samábyrgðarinnar, að nokkrar líkur sjeu til þess, að hún geti ekki náð aðgengilegum endurtryggingarsamningum við sama fjelag sem nú, eða þá við annað fjelag. Á því ríður þó, að samningum sje hraðað, því að helst mætti það ekki dragast lengur en til marsmánaðarloka 1918, að þessar breytingar, sem hjer er um rætt, kæmust á.

Þá var háttv. þm. (E. A.) að tala um, að svo þyrfti um að búa, að Samábyrgðarfjelagið yrði ekki til frambúðar ómagi á landssjóði. Jeg veit ekki, nema það væri þó eðlilegt, að landið hjeldi áfram að styrkja stofnun þessa. Hjer er verið að ræða um að styrkja og tryggja stærsta atvinnuveg landsins, þann atvinnuveg, sem gefur landssjóði mestar tekjurnar, og, sannast að segja, tel jeg það enga goðgá, þótt landssjóður hlaupi þar undir bagga með

lítils háttar fjárframlagi, því að með því er hann að tryggja sjálfan sig og efla; hann fær ekki litlar tekjur af hverjum einum mótorbát, sem sjó stundar, og um leið og útvegsmaður missir bát sinn, missir landssjóður tekjurnar af honum; því er um að gera fyrir hann að stuðla að því, að þeir, sem missa báta sína, geti haldið framkvæmdum sínum og framleiðslu áfram, og að nýr bátur komi jafnharðan í skarðið. Það er bráðnauðsynlegt að sporna við því, að sjó sæki óvátryggðir bátar, fleiri hundruð þúsunda króna virði. Í vetur voru einir tveir bátar vátryggðir af öllum þeim bátafjölda, sem veiðar stunda austanlands. Þetta má ekki svo til ganga, og full ástæða til að hlutast til um, að breyting verði á þessu; en til þess þarf fyrst og fremst að breyta ábyrgðarkostunum. Væri nú svo, sem hvorki er sýnt nje sannað, að Samábyrgðinni væri svo íþyngt með ákvæðum frv., að hún bæri sig ekki, þá verður landssjóður að hlaupa undir bagga, því að sjávarútvegurinn þolir ekki þyngri kosti en honum eru boðnir hjer.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að máli þessu væri flaustrað inn á þing óundirbúnu. Jeg kannast ekki við, að svo sje; það hefir legið fyrir fjórðungsþinginu, verið rætt og athugað á fiskiþingi Íslands, og sjávarútvegsnefndin hefir haft það til meðferðar og borið sig saman við samábyrgðarstjórnina um það. Þetta kalla jeg ekki að kasta málinu óundirbúnu inn á þing.

Þá hefir verið lagt til að vísa málinu til stjórnarinnar, og því talið þannig best borgið. Ekki búumst vjer við miklum umbótum úr þeirri átt. Það má gera ráð fyrir, að hún beri málið undir stjórn samábyrgðarfjelagsins og fari eftir tillögum þess, en eftir undanfarinni reynslu viljum vjer ekki við það una, og ræða hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) sýnir fullljóslega, hvers þaðan muni vera að vænta.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) játaði, að hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefðu gott vit á máli þessu, en hvorki hann nje aðrir hv. þdm. hefðu átt kost á að ganga í læri hjá þeim. En fyrst að svo er, þá ætti hv. þm. (E. A.) að láta sjer sæma að fara eftir orðum og áliti sjer fróðari manna; á þann veg er líklegast, að hann geti firt sig því að fremja glapræði.

Hákon Kristófersson: Mjer þykir mál þetta þess vert, að jeg geri grein fyrir atkvæði mínu um það. Jeg sje, að frv. gengur í umbótaátt, og er það æskilegt, því að það er viðurkent, að kostir þeir, sem Samábyrgðin býður, sjeu svo erfiðir, að varla sje gerlegt að fá skip vátryggð hjá henni. En ýms atriði hafa komið fram við umræðurnar, einkum hjá hv. 2. þm. Árn. (E. A.), sem sýna það, að ástæða geti verið til að fresta málinu og vísa því til stjórnarinnar og láta hana undirbúa það að nýju. Ekki þó svo að skilja, að jeg búist við svo miklu frá henni í umbótaáttina, að við það mundu allir una; miklu frekar því gagnstæða, ef maður lítur til ýmsra annara gerða hennar. En ef þetta er gert, þá er ekki hægt að bera oss á brýn, að vjer höfum rasað fyrir ráð fram, og að minsta kosti má þó vænta þess, að stjórnin hafi rannsakað alt, sem að endurtryggingunni lýtur. En það atriði tel jeg svo þýðingarmikið, að jeg sje mjer ekki annað fært en að greiða atkvæði með hinni rökstuddu dagskrá, sem fram er komin.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. N.-Þ., B. Sv., (sjá A. 499) samþ. með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: St. St., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., J. M., M. G., M. P., S. S., Ó. B.

nei: Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. St., E. J., J. J., J. B., M. Ó., P. O., P. Þ.

Einn þm. (P. J.) fjarstaddur.

Frv. því talið
fallið.

---

27. Útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um bráðabirgðahækkun á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. (A. 472).

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., föstudaginn 24. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., laugardaginn 25. ágúst, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. ofseint fram komið. — Leyft, að málið mætti taka til umr., með 20 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. K., B. St., E. Árna., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., P. J., Ó. B.
nei: B. Sv., E. J., M. Ó.
Tveir þm. (E. A. og S. S.) fjarstaddir.

Frsm. (**Gísli Sveinsson**): Áður en jeg vík að þessu máli og byrja að tala um þetta frv., sem er komið frá fjárhagsnefnd, vil jeg leyfa mjer að geta þess, að jeg get ekki leitt hjá mjer að víkja örfáum orðum að þeirri einkennilegu aðferð, sem hv. Ed. virðist ætla að beita sum tekjuaukafrumvörp, sem koma frá þessari hv. deild. Það kom í ljós í gær og aftur í dag, að hv. Ed. virðist ætla að sálga, eða að limlesta að mun, tekjuaukafrumv., sem hafa verið afgreidd hjeðan einróma eða fast að því. Jeg sje ekki annað en að það sje þvert ofan í grundvallarreglur í gildandi stjórnarskrá. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að neðri málstofur þinga eiga jafnan frumkvæði í fjárhagsmálum landsins og tekjumálum, og það er engum vafa undirorpið, að það ber líka að skilja þetta svo, að þegar þessi deild hefir afgreitt nær einróma slík frv., þá á hún að eiga aðalatkvæði um þau. Það gæti komið fyrir, að hv. Ed. leyfði sjer, með örlitlum atkvæðamun, að sálga frumvörpum, sem vist væri um, að mikill meiri hluti þingsins væri meðmæltur, og sjá menn, út í hvaða fásinnu þá er komið, er um tekjumál er að ræða. Það er kunnugt, að við fjárhagsnefndarmenn hjer í deildinni höfum verið að leitast við að koma með ýms tekjuaukafrumvörp, og þótt það hafi ekki orðið fyr en upp á síðkastið, þá kemur það til af því, hvernig ástandið er, og nefndin var hins vegar að bíða eftir framkvæmdum stjórnarinnar um þessi mál. Það má deila um, hve heppileg sum þessara frv. eru, miðað við vanalega tíma, en úr því að þessi hv. deild hefir samþykt þau, þá á hv. Ed. að taka fult tillit til þeirra. Það gleður mig, að þessi aðferð hefir einnig mætt aðfinslum í hv. Ed., hjá einum elsta og reyndasta þingmanninum þar (E.P.). Jeg hefi talað um þetta hjer til þess, að hv. Ed. sjái, að við gerum okkur ekki ánægða með slíka

meðferð á málum þeim, sem afgreidd eru hjeðan. Mjer finst, að hv. Ed. ætti að láta sjer nægja að garfa í öðrum málum sem hjeðan koma, þótt hún skemdi ekki fjárhagsmál, sem afgreidd eru hjeðan með miklum meiri hluta atkvæða, eða ljeti þau hlutlaus í höfuðatriðunum.

Þá skal jeg víkja að þessu frv., sem komið er frá fjárhagsnefndinni, og fer fram á að hækka um helming útflutningsgjald af sjávarafurðum. Jeg hefi litlu við það að bæta, sem stendur í greinargerðinni, sem fylgir frumvarpinu, en vil að eins geta þess, að það útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem nú er, er mjög lágt, enda eru einungis um þetta gömul ákvæði í gildi. Það er áreiðanlegt, að þá, sem þessa atvinnu stunda, munar ekkert um þetta gjald, ef þeir á annað borð stunda hana með nokkrum hagnaði. Nú býst jeg við, að ef þessi atvinnuvegur verður stundaður í framtíðinni, ekki síður en hingað til, sem vonandi er, þá gefi hann svo góðan arð, að þessi hækkun komi ekki hart niður. Jeg vil geta þess, að þetta er ekki nema rjettlát hækkun gagnvart þeim sköttum, sem á landbúnaðinum hvíla. Það hefir áður verið á það minst hjer, hvernig landbúnaðarmenn eru settir gagnvart lausafjárskattinum, og það var eiginlega það atriði, sem varð þess valdandi, að fjárhagsnefndin afrjeð að koma með þetta frv. Hækkunin á verðlagsskráralin hefir orðið gífurleg, alt að helmingi á síðustu tímum, miðað við þann tíma, sem lögin um lausafjárskatt eru frá, og þar af leiðandi hefir lausafjárskatturinn orðið hærri og tilfinnanlegri. Nú stendur svo á, að bæði þessi gjöld eru frá svipuðum tíma, en útflutningsgjaldið hefir staðið í stað, jafnframt því, sem lausafjárskatturinn hefir hækkað. Eins og hv. þingdeildarmenn muna, kom hjer fyrir skömmu fyrir deildina frv. til laga um hækkun á útflutningsgjaldi af síld, sem ekki er nema sanngjarnt, ef eðlilegt ástand ríkti nú, þar sem síld hefir hækkað afarmikið í verði síðan það útflutningsgjald, sem nú er á henni, var ákveðið. Fjárhagsnefndin, sem fjekk það frv. til meðferðar, ætlar ekki, eins og sakir standa nú, að láta það frv. koma fram, en kemur með þetta frv., sem fer fram á hækkun á útflutningsgjaldi af öllum sjávarafurðum, í staðinn. Nefndin ætlar ekki heldur að koma með frv. um framlengingu verðhækkunartollslaganna, enda kemur þetta frv. að nokkru leyti í staðinn.

Jeg sje svo ekki þörf á að fara fleirum orðum um frv. þetta, enda á það að vera óþarft, og vona jeg, að hv. deild taki því vel og afgreiði það slindrulaust. Það er óþarft að geta þess, þar eð það stendur bæði í fyrirsögninni og greinargerðinni, að þetta er að eins bráðabirgðahækkun, sem gildir til ársloka 1919, eða út það fjárhagstímabil, sem nú fer í hönd. Frv. á að ganga í gildi sama dag og lögin um verðhækkunartoll falla, eða 17. sept. í haust, og má þá segja, að betur sje farið en heima setið fyrir sjávarútveginn, því að þessi útflutningsgjaldshækkun nemur ekki eins miklu og verðhækkunartollurinn hefir verið. Með þessu frv. virðist fjárhagsnefndinni, ef það verður að lögum, vera skapað jafnvægi milli tveggja aðalatvinnuvega landsins, og einnig með frv. um hækkun tekjuskatts, nái það fram að ganga, því að það fellur bæði á landbúnað og sjávarútveg. Því væntir nefndin þess, að báðum þessum frv. verði vel tekið.

Enda þótt ef til vill megi búast við andmælum, sje jeg ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um þetta mál, nema mjer þyki þurfa seinna.

Fjármálaráðherra (B. K.): Þótt jeg sje fylgjandi útflutningsgjöldum yfir höfuð, eins og kunnugt er, á jeg mjög bágt með

að veita þessu frv. fylgi mitt. Jeg er hlyntur útflutningsgjöldum vegna þess, að þau er auðvelt að innheimta, trygt að ekkert tapast af þeim og ómakið við innheimtuna lítið. Þau eru því hentug hjer á landi, af því að hjer er engin sjerstök tollgæsla. Það verður að taka tillit til þess, hvort tollarnir renna skilvíslega í landssjóð, og hvort þeir hafa siðferðilega ill áhrif á viðskiftalífið. Eins og sjá má á þessu frv. nær það að eins til *annars aðalatvinnuvegar landsins*, sjávarútvegarins. Jeg fer þá að skilja, hvers vegna hv. fjárhagsnefnd ætlar sjer ekki að koma með frumvarpið, sem stjórnin lagði fyrir þingið, um framlengingu verðhækkunartollsins til þessa árs, og jeg fer þá líka að skilja, hvers vegna einn hv. flokkur hjer í þinginu vildi ekki aðhyllast frv., sem stjórnin ráðgerði að koma með í þessa átt, til þess að auka tekjurnar. Jeg hafði samið drög til frv., sem gekk út á hækkað útflutningsgjald, sem átti að ná til *allrar útfluttrar vöru*, og svo vægilega var í sakirnar farið, að jeg ætlaðist til, að gjaldið af hverju útfluttu hrossi yrði að eins 1 kr., af hverri sauðkind 15 aur., af 1. flokks ull $^3/_4$ eyris og 2. flokks ull $^1/_2$ eyrir og að hækka útflutningstollinn af sjávarafurðum um 25—40%. En það voru ekki allir í stjórninni sammála um að bera frumvarpið fram, því að atvinnumálaráðherrann vildi ekki fallast á það, og vegna þess var það ekki borið fram, en þetta sýnir þó, að stjórnin hefir hugsað eitthvað um að auka tekjurnar. Jeg hugsaði að hafa gjaldið sem svaraði 1% af verði vörunnar, eða sama gjald og lagt var til grundvallar þegar útflutningsgjaldslögin voru sett 1881, því að þá var tollurinn sem næst 1% af sannvirði vörunnar, eins og verðið var þá. Þetta gjald, sem farið er fram á með þessu frv., svarar til $1^1/_2$—2% af vanalegu verði á sjávarafurðum, en það er talsvert hærra en þingið hugsaði sjer 1881 og að eins lagt á annan atvinnuveginn. Það hefir meir en bryddað á því á síðari tímum, að þeir þm., sem koma frá landbúnaðarhjeruðum, hafa viljað hlífa bændum við að borga skatta í landssjóð, en að vilja hlífa einni stjett við því, annari fremur, er mjög hættulegt fyrir samvinnu þingsins, sem er nauðsynlegt að sje hin besta. Jeg efast mjög um, að þessi andi, sem komist hefir inn í þingið, sje bændum *yfirleitt* að skapi, því að svo marga bændur þekki jeg, sem það væri fjarri skapi að vilja ekki greiða sinn hlut. Yfir höfuð er þjóðin farin að greinast í allskonar sjerfjelagsskap, sem jeg held að mætti kalla *hringa*, því að þeir miða oftast að því að efla hagsæld þeirra, sem þeim tilheyra, á annara kostnað. Þessir hringar hafa myndast alla leið frá fámennum verkfræðinga- og lögfræðingahóp til fjölmennustu hópa. (M. Ó.: Sláturfjelagið t. d.). Hver og einn hringurinn hugsar mest um *sinn hag*, en minna um landsheillina í heild sinni. Og þetta er innleitt að útlendri tísku stærri landanna, þar sem hver stjett er margfalt fjölmennari, já, oft fjölmennari en öll íslenska þjóðin.

En hjer er þjóðin svo lítil, að það má næstum skoða hana sem eitt heimili, og því eiga þessir hringar alls ekki við hjer. Þessi sundurgreining þjóðarinnar í eiginhagsmunaskyni er ekki til góðs; hún venur menn á að hugsa eingöngu um eigin hag eða hag þess litla fjelagsskapar, sem maður er í, en við þá hugsun lamast fyrirhyggjan fyrir bæði landi og þjóð í heild sinni. Það leiðir enn fremur til ójafnaðar milli atvinnuflokkanna eða jafnvel fullsfjandskapar. Jeg get vel litið á núverandi þingflokkana sem *hringa*, því að hjá þeim er nú ekkert stórmál, sem skiftir mönnum í flokka. Þeir verða því nokkurskonar hringar, vegna þess, hve óeðlilega þeir eru til orðnir, og þegar þingið

þannig er klofið í marga hringa, þá er opnuð leið fyrir „börsspekulationum“, sem eru enn svo lítt þektar hjer, inn í þingið. Jeg hefi orðið þess var, að á þessu þingi hafa þessar „börsspekulationir“ farið ljettfeta fram með þingborðunum og jafnvel upp á hæstu tinda. Mjer finst, að þegar um skatta og tollalögur er að ræða, verði þingið að skoða alla einstaklinga þessarar þjóðar sem greinar á sama stofni, en það hefir ekki verið talin venja greinanna á trjánum að vera að metast um, hvað hver þeirra á að bera eða hve mikla næringu hver þeirra á að draga frá stofninum, þegar um tollmál er að ræða. *Rjettsýni og kærleikur til allra jafnt* er besta leiðarstjarnan í öllum tollmálum.

Af þessum ástæðum sje jeg mjer ekki fært að mæla með þessu frv., nema úr sje bætt og lagt á alla atvinnuvegi jafnt. Heldur en að samþykkja þetta frv. myndi jeg sætta mig við, að landið tæki lán, nema því að eins, að þingið og hv. fjárhagsnefnd sjái sjer fært að bæta úr á annan veg. Hv. frsm. (G. Sv.) sagði, að núverandi útflutningsgjald á sjáfarafurðum væri lágt, og það er rjett, því að kaupmenn hafa skoðað það sem verslunarkostnað og því ekki látið það koma fram í verðlaginu, en ef það verður *tvöfaldað*, verða þeir að taka tillit til þess.

Háttv. frsm. (G. Sv.) sagði enn fremur, að þetta væri til að jafna upp á móti ábúðar- og lausafjárskatti, sem hækkaði við dýrtíðina. Það er rjett, að þessir skattar hækka, en hve mikil er þessi hækkun? Eftir fjárlögunum er hækkunin frá því fyrir stríðið ekki nema 25000 kr. Þetta er svo lítið, þegar það dreifist á $^2/_3$ landsmanna, að ekki er takandi tillit til þess, og því síður þegar þess er gætt, að miklu meiri upphæð er veitt til landbúnaðarins, beint og óbeint, í sömu fjárlögunum. Hv. frms. (G. Sv.) benti á það, að lögin ættu að ganga í gildi sama daginn og verðhækkunartollslögin ganga úr gildi og ættu því að taka við af þeim. Jeg hygg, að rjettlátara hefði verið að láta verðhækkunartollslögin gilda út þetta ár. Þau hefðu þó náð nokkurn veginn jafnt til flestra vörutegunda, og alls engin deila getað orðið milli atvinnuveganna.

Jeg hygg, að það mundi skapa meiri jöfnuð og almennari ánægju, að eitt yrði látið ganga yfir alla atvinnuvegi jafnt. Annars er til leið til að auka landssjóði tekjur. Það t. d. má hækka vörutollinn um 30 eða 40 %, eins og sykurtollurinn var hækkaður um 30 % hjer á árunum. En það er nógur tími að grípa til þess þegar menn sjá, hvernig fjárlögin líta út frá þinginu. Jeg vona, að háttv. deild takist að láta tekjurnar koma sanngjarnlega niður, svo að allar stjettir verði ánægðar.

Bjarni Jónsson: Jeg þarf ekki að orðlengja um útflutningstoll. Jeg hefi svo oft sagt það áður, og að jeg hygg með góðum rökum, að útflutningstollar eigi ekki að eiga sjer stað. Sjerstaklega var jeg mótfallinn verðhækkunartollinum, af sömu ástæðu, enda er hann nú sjálffallinn. Útflutningstollana gjalda sumir landsmenn, en aðrir ekki. Þess vegna eru þeir ranglátir og eiga að falla. Þar sem hjer er að ræða um bráðabirgðaútflutningstoll af sjávarafurðum, þá get jeg auðvitað ekki orðið því fylgjandi. Jeg er sammála hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) um það, að með þessu sje annari af tveimur aðalatvinnugreinum vorum bundinn ranglátur og óeðlilegur baggi. Þessi atvinnugrein er nú auk þess í háska stödd og síst fær um að bera auknar álögur. Það, sem mjer líkar best af tilraunum háttv. fjárhagsnefndar til að auka tekjur landssjóðs, er frv., í líkingu við frv. mitt, um tekjuskatt. Verði það að lögum, þá kemur

það niður á sjávarútvegsmönnum, ef gróði þeirra er svo mikill, að ástæða sje til að leggja álögur á þá. Þar sem sá skattur á að koma í stað verðhækkunartollsins, þá er engin ástæða til að leggja nýjan verðhækkunartoll á þessa menn, svo að þeir verði að gjalda tvenn gjöld, í staðinn fyrir ein. Jeg hygg, að það sje frágangssök að hækka álögur á atvinnuvegum á annan hátt en með tekjuskatti, þótt ekki sje nema til bráðabirgða. Þetta gjald mundi hvíla mjög þungt á útgerðarmönnum í ár. Eins og öllum er kunnugt vinna þeir allir eða allflestir með skaða, en engum gróða. Aftur á móti hefir tekjuskatturinn þann mikla kost, að hann nær til annara, sem græða. Kaupmennirnir hafa, eins og allir vita, stórgrætt á stríðinu. Eftir orðum viturs og sannorðs manns hjer í deildinni hafa þeir grætt svo mikið, að engum þeirra hefir tekist að fara á höfuðið síðan stríðið byrjaði, sem þeim þó hepnaðist oft áður. Ef það er satt, að kaupmenn stingi í sinn vasa 100% af fæði og klæði fátæklinganna, þá er rjettmætt að leggja á þá tekjuskatt. Þann kost hefir tekjuskattsfrv. fram yfir öll önnur, að það nær í gróðann, þar sem hann er til. En þetta finst mjer að bera í bakkafullan lækinn, að ætla sjer að leggja tvöfalt gjald á sjávarútvegsmenn, fyrst útflutningsgjald af afurðunum og síðan tekjuskatt, og það því fremur, sem nú virðist meiri ástæða til að styrkja þessa atvinnugrein en að íþyngja henni með gjöldum.

Jón Jónsson: Af því að hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) mintist á það, að hann hefði borið undir flokk hjer í þinginu frv., sem hann ætlaði að bera fram, og jeg geng út frá, að hann eigi hjer við bændaflokkinn, þá finn jeg mjer skylt að segja nokkur orð. Það reyndist svo, að flokkurinn sá sjer ekki fært að aðhyllast þá stefnu, sem hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) er fylgjandi, að lögleiða alment útflutningsgjald á allar afurðir. Þótt það sje rjett, að auðvelt sje að ná þessum tolli, þá fylgja honum þó tveir ókostir. — Þótt hann næði til margra, þá yrðu samt ýmsir undanþegnir, sem ekki framleiða neitt, en eru þó allvel efnum búnir. Þeir nytu þá hlunninda, sem afleiðingar af því, að þeir legðu efni sín í eitthvað annað en framleiðslu. Hinn ókosturinn er sá, að það er yfirleitt óvinsælt að leggja á útflutningstolla. Menn sætta sig yfirleittt betur við aðflutningstollana, þótt þeir komi ekki rjettlátlega niður, því að yfirleitt veita menn því ekki eftirtekt, hve mikið rennur í landssjóð af andvirði þess, sem menn kaupa, og amast því síður við því. Hvað snertir þetta frv., þá held jeg, að það sje dálítið óheppilegt. Menn reka augun í það, að hækkaður er tollur á sjávarafurðum eingöngu, en ekki líka á landbúnaðarafurðum. Þetta frv. hlýtur því að valda óánægju annars atvinnuvegarins og gæti leitt til óvináttu á milli þeirra. Það er ekki heldur rjettlátt að haga þessu svona. Eftir gömlum lögum mun þess hafa verið gætt, að sjávarútvegsmenn gyldu í landssjóð hlutfallslega á móti ábúðar- og lausafjárskattinum, sem bændur greiða. Það er því ekki rjettlátt að hækka útflutningsgjald af sjávarafurðum um helming, en láta ábúðar- og lausafjárskattinn halda sjer. Þó að bændur sjeu margir á þingi, þá erum við ekki svo ásælnir, að við getum ekki litið sanngjörnum augum á hlutina. Að vísu má gera ráð fyrir, að ábúðarskatturinn hækki eitthvað, þegar fasteignamatið er komið í kring og farið er að reikna skattinn eftir því, en jeg hygg, að skattgjald landbúnaðar og sjávarútvegar haldist nokkurn veginn í hendur, eins og nú er. Jeg held, að það sje ekki efnilegt til samkomulags, sem háttv. fjárhagsnefnd bendir á. Þó að ekki sje gott, þá mundi jeg heldur sætta mig við frv. stjórnarinnar um bráðabirgða-

framhald verðhækkunartollsins. — Jeg greiði því atkvæði á móti þessu frv.

Matthías Ólafsson: Jeg get ekki neitað því, að mjer þykir mjög leitt, að þetta frv. skuli vera komið fram hjer í deildinni. Ekki af því, að jeg sje ekki yfirleitt hlyntari útflutningstollum heldur en aðflutningstollum. Útflutningstollarnir koma niður á þeim, sem eitthvað framleiða, og þeir hafa þó altaf eitthvað handa á milli, en aðflutningstollar koma eins mikið niður á fátæklingum, og mest á ómagamönnum, sem flesta hafa fram að færa. Útflutningstollarnir eru því eðlilegri. En þegar á að fara að leggja skatta á eina atvinnugrein, þá er eitthvað bogið við það. Og þetta á nú einmitt að gera, eftir þessu frv. Það er eftirtektarvert, að aðalástæðan fyrir frv. er það, að ábúðar- og lausafjárskattur hafi hækkað. Það er rjett, að hann hefir hækkað úr 50000 upp í 75000 kr. En hvað eru 75000 kr. sem aðalútgjöld landbúnaðarins? Hann má vera hörmulega staddur, ef hann munar nokkurn hlut um þessa hækkun. — Í fjárlagafrv. stjórnarinnar er gert ráð fyrir, að ábúðar- og lausafjárskattur verði 75000 kr., en útflutningsgjöld af sjávarafurðum 220000, en öll útflutningsgjöld 374000 kr. Ef þetta er tvöfaldað, þá verða beinar álögur á sjávarútveginn 440000 kr., og er það miklu meira en honum getur borið að greiða, í samanburði við aðrar atvinnugreinar. — Þetta er svo mikið ósamræmi, að það hlýtur að liggja í augum uppi, enda sýndi það sig, að einn sanngjarn maður úr bændastjettinni hefir þegar kvatt sjer hljóðs til að lýsa því yfir, að honum þætti þetta ótækt. Hann er nýsestur niður, svo að mönnum er í fersku minni, hvernig hann leit á málið, frá sjónarmiði bændanna.

Jeg skil ekki í, að flutningsmenn fái neitt þakklæti hjá kjósendum sínum fyrir þetta frv. Þá er eitthvað breytt orðið blóðið í hinum gömlu höldum, ef þeir vilja losa sig við rjettmæt gjöld til landssjóðs og koma þeim yfir á aðra. Jeg held, að þeir vilji miklu frekar sýna gamla íslenska rausn og greiða umyrðalaust sinn hluta af þeim útgjöldum, sem nauðsynleg eru til almenningsþarfa. Það væri miklu þarfara að ala upp þann hugsunarhátt hjá bændum, ef hann er farinn að dofna, heldur en að telja þeim trú um hið gagnstæða. Það væri ekki vansalaust af þinginu, ef það samþykti þetta frv., og helst ætti ekki að auka kostnað með því að vera að ræða það. — Það hefir verið borið saman við verðhækkunartollsfrv., en þar er alt öðru máli að gegna. Verðhækkunartollurinn átti að koma niður á óverðskulduðum gróða, sem ekki væri fenginn að tilhlutun mannanna sjálfra, og hann átti að leggja á allar atvinnugreinar jafnt. Ef sett hefði verið hæfilegt lágmark á tollskylt verð vörunnar, þá hefði ekki munað svo mikið um það gjald. En ef ætti að fara að eins og stjórnin ætlaðist til í frv. sínu, að setja t. d. lágmarkið á síldartunnu 22 kr., eða að eins 2 kr. hærra en það var sett 1915, þá er blátt áfram ekkert vit í því.

Annars erum við líklega eina þjóðin í heiminum, sem er að baksa við að leggja nýja skatta á í þessu árferði. Allar aðrar þjóðir taka hernaðarlán, til að standast þessa tíma, hvort sem þær eru í ófriðnum eða ekki. Allir gjaldendur standa nú hallari fæti fyrir nýjum álögum heldur en í eðlilegu árferði. Eina rjetta ráðið til að fleyta sjer út úr vandræðunum er að taka lán. Það er heldur engin meining í því, að allur dýrtíðarþunginn hvíli á einni kynslóð. Við erum búnir að búa svo vel í haginn fyrir eftirkomendur okkar; höfum keypt skip, lagt vegi, og gert yfir höfuð að tala miklu meira en eldri kynslóðir. Það er því fyllilega rjettmætt, að

við kljúfum vandræðin með lántöku, sem lendir á niðjum okkar, ef við getum ekki klofið þau á annan hátt.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi verið á móti tveim frumvörpum um að hækka tekjur landssjóðs, sem verið hafa til umræðu hjer í deildinni, frv. um stimpilgjald og frv. um tvöföldun póstburðargjaldsins. Aftur mun jeg fylgja þessu frv., sem jeg tel styðjast við fylstu sanngirni. Jeg held, að hjer sje ekki um þá ósanngirni að ræða, sem andmælendur málsins gera svo mikið úr. Það er alveg rjett, sem hv. frsm. (G.Sv.) tók fram, að skatthækkunin er þegar fallin á landbúnaðinn, með hækkuninni á meðalalin. Þótt hækkunin sje ekki komin fram í landsreikningnum, þá stafar það af því, að við höfum ekki fyrir okkur nema landsreikninginn fyrir 1914—15, en meðalalin hefir aðallega hækkað síðan. Nú er hún orðin hjer um bil tvöfalt hærri en hún var fyrir stríðið, og ábúðar- og lausafjárskattur tvöfaldast þá líka um leið. Útflutningsgjald af fiski og lýsi hefir aftur á móti staðið í stað. Af fiskinum er útflutningsgjaldið, ef mig minnir rjett, 10 aur. af hverjum 100 pd., eða 2 kr. af smálest. Þetta er ekki hátt gjald. Ef það er tvöfaldað, verður það 4 kr. af smálest. Og hvers virði er nú ein smálest af fiski? Að minsta kosti 720—750 kr.; útflutningsgjaldið er þá með hækkuninni ekki nema ca. $^1/_2\%$ af andvirði vörunnar. Það virðist því ekki vera neitt fjarri lagi að hækka það dálítið, og jafnvel ekkert djúpt tekið í árinni, þótt það sje tvöfaldað. Um lýsi er dálítið öðru máli að gegna. Þar mun útflutningsgjaldið hafa verið hlutfallslega hærra áður, en nú er verð á lýsi orðið þrefalt við það, sem var fyrir stríðið, og 50 aura tollur af tunnu því smáræði eitt. Það er alveg rjett, að framleiðslukostnaður á þessum vörutegundum hefir vaxið, en útflutningsgjaldið er ekki hærra en svo, að það er alveg hverfandi í samanburði við þær háu tölur, sem útgerðarmenn reikna með. — Aftur á móti munar útflutningsgjald af síld svo miklu, í samanburði við verðið, að það getur orðið tilfinnanlegt.

Jeg er ráðinn í að fylgja frv., þó að jeg sje úr kjördæmi, þar sem allur þorri manna stundar sjávarútveg. Jeg er ekki hræddur um, að útvegsmenn þar um slóðir sjeu svo þröngsýnir, að þeir sjái ekki, að hjá bændum hafa útgjöldin hækkað með hækkaðri meðalalin, og jeg óttast ekki meting milli þeirra og landbænda um þetta. Um þessar tilraunir fjárhagsnefndar til að auka landssjóði tekjur verð jeg að segja, að þær eru miklu staðbetri og álitlegri en hin fyrri frv. Þó að hægt sje að bjarga sjer út úr vandræðunum í bili, með lántökum, þá er sjálfsagt að takmarka þær svo sem hægt er. Þó að útflutningsgjaldið af sjávarafurðum sje 220000 kr. á fjárhagstímabilinu, eða 440000 kr., ef það verður tvöfaldað, þá er sú upphæð hverfandi lítil, í hlutfalli við þær háu tölur, sem reiknað er með í þessari atvinnugrein. Ef nokkur afgangur er á annað borð, þá munar ekki mikið um þetta.

Einar Jónsson: Jeg get verið mjög stuttorður, fyrst að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) er búinn að tala á undan mjer. Hann tók fram flest af því, sem jeg ætlaði að segja um frv., og færði svo skýr rök fyrir því, að jeg hefi ekki miklu við það að bæta. En jeg kann ekki vel við þau orð, sem bændastjettin hefir fengið frá hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) og hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Hæstv. fjármálaráðh. (B.K.) sagðist ekki ætla að álasa bændastjettinni, en ljet þó falla ýms orð, sem jeg held að hefðu betur verið ósögð, um eigingirni, eiginhagsmuni, eigingjarna flokka o. s. frv. Hann er þar sjálfur í svo veiku húsi, og

sumt af því, sem hann sagði, hjó ekki svo fjarri honum sjálfum, að jeg hjelt, að hann mundi hlífast við að láta sjer þau orð um munn fara. Jeg gæti mint hæstv. fjármálaráðh. (B.K.) á ýmislegt, sem kemur við eiginhagsmunum og eigingirni, en jeg hjelt, að hægt væri að tala um þetta frv. án þess að fara út í þá sálma. — Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) er gjarnast að svara okkur bændum um samanburð á gjöldum og um það, að við viljum ekki, að landbúnaðurinn sje látinn greiða neitt til almenningsþarfa. Mín skoðun er sú, að þetta sje ekki á neinum rökum bygt. Jeg fyrir mitt leyti hefði haldið, að ekki myndi ráðlegt að samþykkja þetta frv., því að sjávarútvegsmönnum kynni að vera íþyngt með því. En nú hefi jeg fyrir mjer orð hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að svo muni ekki vera. Jeg geri því ráð fyrir, að hjer sje ekki verið að níðast á neinum um skör fram. — Jeg ætla ekki að tala langt mál um þetta, en get eigi látið hv. deild einráða um, hvaða leið hún heldur til að afla tekna. En mjer er það ekki ókærara en öðrum, að haldið sje sem mestum jöfnuði milli atvinnuveganna.

Jeg hygg, að hv. þingmenn hafi tekið eftir þeim tölum, sem hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) fór með. Hann sýndi fram á það, að þessi hækkun munaði sjávarútveginn 30—40 þús. kr., sem ekki verður talið ægilegt. En svo er á hitt að líta, að afli er lítill nú sem stendur, og er jeg þess vegna nokkuð hikandi við að greiða atkv. með frv., og vildi gjarnan heyra fleiri rök meðhaldsmanna þess. Jeg býst ekki við, að nokkur þori að væna mig þess, að jeg hafi þá ástríðu að vilja leggjast á sjávarútveginn, en hlífa landbúnaði, með ójöfnum hlutföllum. Og þótt jeg vilji eigi illyrðast við einstaka menn, þá vil jeg þó alvarlega mótmæla þeim orðum hæstv. fjármálaráðh. (B.K.), að vjer bændur sjáum eftir gjöldum vorum til landssjóðs. Þau orð eru algerlega gripin úr lausu lofti, sem og hitt, að bændur myndi óheilbrigða hringa eða flokka, og sýni eigingirni fremur en aðrir hv. þingmenn. Hjer er einmitt snúið við blaðinu — öfugt þó — og orð þessi komin frá manni (B.K.), sem almennt er álitið að eigi sje síður eigingjarn en aðrir í landi voru, og væru tök á að færa rök fyrir þessu, ef með þyrfti. En að þessu sinni skal því slept, en því við bætt, að hjer höggur sá, er hlífa skyldi.

Magnús Guðmundsson: Það er auðsætt, að þetta frv. ætlar ekki að fá góðar undirtektir. En með því að svo er, þá er það ómaksins vert að sýna mönnum þó fram á það, að það er á sanngirni bygt. Og það ætla jeg nú að reyna að gera, en hver og einn ræður, hvort hann vill sannfærast.

Jeg skal fúslega viðurkenna, að það var jeg, sem átti upptökin að þessu frv. í nefndinni, og er þeim því rjettast að beina broddunum að mjer, er andæfa vilja frv. Ástæður fyrir þessu frv. eru þær, að þegar útflutningsgjald var lagt á fisk og lýsi árið 1881, þá var það gert í því skyni, að vega skyldi á móti ábúðar- og lausafjárskatti, en sá skattur hefir stigið jafnt og þjett síðan, svo að hann er nú tæplega helmingi hærri en hann var þá. Af þessu leiðir það, að ef útflutningsgjald af sjávarafurðum hefir verið rjett, þegar það var sett í öndverðu, þá er það orðið rangt nú, þannig að hæfilegt er að hækka það um því sem næst helming. Til samanburðar skulum vjer taka verðmæti sjávarafurða og landbúnaðarafurða og tökum það á landsvísu. Ef vjer tökum 6 ær, sem er 1 hndr. á landsvísu, þá er verðmæti þeirra, með 40 kr. ærin, 240 kr. Af þeim geldst í lausafjárskatt sem næst 95 aur. 6 vættir af fiski eru einnig 1 hndr. á landsvísu, en gera má nú skippundið af fiski 160 kr.,

og er þó ekki miðað við 1. flokks fisk. 6 vættir af fiski eru því að verði 240 kr.; með öðrum orðum, 1 hndr. af fiski jafngilda einu hndr. í ám. Í útflutningsgjald af 1 hndr. af fiski eru greiddir 48 aurar, en í lausafjártíund af hndr. í ám eru greiddir 95 aurar, svo að ef útflutningsgjaldið af fiskinum væri tvöfaldað, næmi það *einum eyri* meira á 1 hndr. í fiski en 1 hndr. í ám. Og er þá alveg ótalinn ábúðarskatturinn, sem beinlínis geldst til þess að framleiða þetta lausafje, svo að í raun og veru verður að greiða meira en 95 aura af 6 ám, sem sje nokkuð á aðra krónu, þegar alls er gætt.

Jeg vona, að menn sjái þetta, og að sanngjarnt er að miða við verðmæti, en ekki hvað greitt er alls og alls. Jeg viðurkenni, að borgað er meira af sjávarafurðum en af landbúnaðarafurðum í heild sinni, en það kemur til af því, að framleiðslan er miklu meiri til sjávarins en til sveitanna, og að hún borgar sig betur. En í þessu máli ber að leggja áherslu á verðmæti, en ekki framleiðslumagn. Því hefir verið haldið fram, að ábúðar- og lausafjárskatturinn væri svo lítill. Það er satt, að hann nemur ekki nema tæpum 100 þús. kr. á ári, eins og nú er, og er það ekki mikið, borið saman við útflutningsgjald af sjávarafurðum. En þetta sýnir ekkert annað en það, að framleiðslan er miklu meiri til sjávarins. Það er alveg gripið úr lausu lofti að segja, að bændur borgi ekki neitt í landssjóð; í rauninni borga þeir meira en framleiðendur til sjávar, að tiltölu. Auk þess, sem þeir nú borga helmingi meira í lausafjárskatt en sjávarframleiðendur borga í útflutningsgjald, þá hafa þeir einnig áður jafnan greitt meira, með því að verðlagsskráin hefir farið síhækkandi frá 1881, þegar útflutningsgjaldið var fyrst lagt á, svo að bændur hafa þannig árum saman borgað tiltölulega miklu meira í landssjóð en sjávarmenn. Að vísu er greidd lausafjártíund af skipum og bátum, en það er mjög lítið, og læt jeg þá tíund koma á móti ábúðarskattinum, og er það síst í óhag sjávarútveginum. Í dæmi því, er jeg tók hjer að framan, tók jeg hærra verð á fiski en meðalverð nú er, en til að vega það upp set jeg á móti alla hækkun verðlagsskrárinnar frá 1881 til þessa tíma, sem landbúnaðurinn hefir greitt, en sjávarútvegurinn losnað við, af því að útflutningsgjaldið hefir ekkert hækkað.

Um lýsið hygg jeg að líkt verði ofan á, en get þó ekki sýnt það með tölum, af því að mjer ekki kunnugt um verð þess.

Þetta ætti að nægja til þess að sýna, að frv. er sanngjarnt. Það getur verið, að menn sjeu á móti auknu útflutningsgjaldi yfirleitt, en menn geta ekki verið andvígir frv. vegna þess, að það sje ósanngjarnt.

Hæstv. fjármálaráðh. (B.K.) sagði, að menn ljetu eiginhagsmuni sína leiða sig í þessum málum. Jeg veit ekki, hvert þessu var stefnt, hvort því var stefnt til fjárhagsnefndarinnar eða ekki. Ekki getur því verið stefnt til mín, með því að jeg hefi ekki framleiðslu, hvorki til lands nje sjávar.

Það gleður mig að heyra, að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) tekur í þann streng, sem hann gerir; hann er sjálfur sjávarútvegsmaður og hefir til að bera þekkingu á öllu, sem hjer að lýtur. En hann komst í ræðu sinni að alveg sömu niðurstöðu sem jeg hafði komist að með útreikningi mínum, með því að miða við verðmæti, og það er sá eini rjetti mælikvarði. En það, að sjávarútvegurinn greiðir meira í landssjóð en landbúnaðurinn, stafar af því, að til sjávarins er framleiðslan meiri og borgar sig betur. En það er þá einni ástæðu meira í þá átt að hlynna að landbúnaðinum, með því og, að ekki verður

því neitað, að þegar í harðbakkann slær, þá verður landbúnaðurinn og hefir verið til þess að halda þjóðinni uppi.

En í þessu frv. felst ekkert annað en sanngirniskrafa um það, að báðir höfuðatvinnuvegir landsbúa beri tiltölulega jafnhátt gjald.

Pjetur Jónsson: Jeg býst við því, að menn hafi ætlast til, að það væri yfirleitt hlutverk fjárhagsnefndar að annast fjárhag landsins, finna ráð til þess að rífka tekjurnar, svo að ofurlítið yrði hamlað upp á móti þeim tekjuhalla, sem sjálfsagt verður á þessu ári og næsta fjárhagstímabili. Þetta hefir fjárhagsnefndin reynt að gera með ýmsum tillögum, þar á meðal með tekjuskattsfrv., en þær tilraunir hafa ekki verið metnar að verðleikum, og enn virðist svo, sem undirtektirnar ætli ekki að verða eins og þær ættu að vera, þegar nú þessi síðasta tilraun kemur fram, frv., sem nú liggur fyrir.

Jeg sje nú ekki betur en að alveg sje í óefni komið, ef tillögur nefndarinnnar eru drepnar vegna hnotabits á milli atvinnuvega landsins. Þessi metingur er algerlega óviðeigandi. Jeg skal nú ekki fara út í neinn samanburð, en benda vil jeg á það, að hjer er ekki um neina verulega kvöð á sjávarútveginn að ræða; aðallega legst gjaldið á kaupmennina, sem setið hafa með gróða af ófriðarástandinu til þessa, en ekki eða mjög lítið á framleiðendurna. En ef menn eru óánægðir með frv. sjerstaklega af því, að það nær ekki til landbúnaðarins, þá hefir nú verið sýnt fram á, að útflutningsgjald af fiski og lýsi var upphaflega sett til þess að vega á móti ábúðar- og lausafjárskatti. En ef mönnum finst nú vogarskálin heldur halla í hag landbúnaðinum, væri þá ekki reynandi að hækka ábúðar- og lausafjárskattinn, fremur en að ýta af sjer þessu gjaldi með metingi. Jeg fyrir mitt leyti álít það miklu tiltækilegra og sæmilegra, úr því að um bráðabirgðaráðstöfun er að ræða, að hækka þá skatta, sem til eru, heldur en að búa til nýtt útflutningsgjald á landbúnaðarafurðir, sem ekki hefir þekst áður. Þess vegna er það, að þótt jeg geti ekki verið með því að leggja nýtt útflutningsgjald á landbúnaðinn, þá er hitt annað mál, þótt hækkaðir væru skattar, sem á landbúnaðinum hvíla, ef heldur þykir halla á sjávarútveginn. Er jeg reiðubúinn til þess að vera með því, ef á þarf að halda.

Matthías Ólafsson: Jeg er þakklátur háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) fyrir ræðu hans, með því að hann varð til þess að upplýsa það, sem jeg hefði ella orðið að taka fram, að gjaldið ætti að vera til þess að jafna það, sem útflutningsgjald er minna en ábúðar- og lausafjárskattur. En svo vildi hann sanna, að þetta síðarnefnda gjald væri í raun og veru hærra, og setur upp reikninginn þannig, sem auðvitað er rjettur á þeim grundvelli, sem hann er búinn til. Hann telur fiskinn með því verði, sem er á nr. 1, en gáir þess ekki, að mest af þeim fiski, sem aflast, nær ekki einu sinni $^1/_3$ af dýrasta fiskinum að verði; þennan dýrasta fisk tekur hann til þess að fá út alveg bandvitlausan reikning. Hann gengur alveg fram hjá því, að mest af því, sem botnvörpungarnir veiða á vetrartímum, er upsi og að annar þeirra fiskur kemst yfirleitt ekki í nr. 1. Hann gengur einnig fram hjá því, að sjávarútvegsmenn verða einnig að greiða lausafjártíund af bátum sínum.

Það er ekki jeg, sem hefi leitt asnann inn í herbúðirnar, heldur þeir, sem flutt hafa þetta einhliða frv.

Þess er enn að gæta, að ef menn vilja fara að tala um, hvað kemur á hvert nef í landinu af gjöldum til landssjóðs, þá held jeg, að margfalt meira gjald komi á sjávarútveginn en landbúnaðinn, af þeirri

ástæðu, að hann þarf svo miklu meira af vörum, sem gjald er greitt af í landssjóð, svo sem kol, salt, strengir, kaðlar og segldúkar.

Það er auðvitað leiðinlegt að þurfa að fara út í þennan meting milli atvinnuveganna, en ef nefndin hefði tekið upp það ráð, sem háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) benti á, að leggja til að hækka ábúðar- og lausafjárskatt um leið og útflutningsgjald af sjávarafurðum, þá mundi enginn hafa hreyft mótmælum.

Mjer er brugðið um, að jeg stökkvi upp á nef mjer, þegar um gjöld sje að ræða af sjávarútveginum, en það hefi jeg aldrei gert að ástæðulausu, aldrei, ef hækkað hefir verið samtímis á öðrum afurðum. En jeg get ekki setið þegjandi hjá, þegar lagt er að eins einhliða á þessa atvinnugrein, en ekki á aðrar. En með þessu frv. er farið fram á það, en engum öðrum atvinnuvegum ætlað að taka þátt í samskonar hækkun, og því á frv. ekki að ná fram að ganga.

Út af því, sem háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) sagði um háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að hann væri sjávarútvegsmaður, þá mun það rjettara að segja, að hann sje aðallega landbóndi. (**Sv. Ó.**: Jeg stunda meir sjávarútveg). Ef svo er, þá sýnir þetta að eins ósjerplægni mannsins og óvenjulega rausn; raunar hefi jeg þekt menn, sem af hjegómaskap vildu greiða hærri opinber gjöld en þeim bar.

Þegar alt er til tínt, sem sjávarútvegurinn borgar í útflutningsgjald og tolla, þá mun útkoman verða sú, að tiltölulega hvíli á honum hærri gjöld en á landbúnaðinum. Jeg skal ekkert fara út í það, hvað landið leggur til sjávarútvegarins og hvað það leggur til landbúnaðarins, af því að jeg tel sjálfsagt að koma landinu upp og tel því ekki eftir fjárveitingar til vega, brúa o. s. frv.; þau gjöld eru eðlileg og bændur finna betur, hvar skórinn kreppir en sjávarmenn, og landið verður að fara að dæmi siðmenningarlanda; en það annar höfuðatvinnuvegurinn verði sjerstaklega að leggja fram mest af fjenu, sem til þess gengur, — með því get jeg aldrei orðið.

Magnús Guðmundsson: Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði í ræðu sinni, að jeg hefði ekki tekið tillit til þess, að jeg hefði tekið hjer um bil hæsta fiskverð til samanburðar. Þetta er gersamlega rangt, og furðar mig á, að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) skuli segja þetta, því að á móti þessu setti jeg hækkunina á verðlagsskránni allar götur síðan 1881 til þessa dags. Hann viðurkendi annars, að reikningur minn væri rjettur, enda tók jeg líka með lausafjárskatt af bátum og skipum. Vel má vera, að meira komi í sköttum á nef hjá sjávarútvegsmönnum en landbúnaðarmönnum, en það sannar ekki annað en að sjávarútvegurinn borgar sig betur en landbúnaður, en aftur á móti ekkert um það, hvor atvinnuvegurinn borgar hlutfallslega meira eftir arðinum. Annars get jeg ekki sjeð, hvað brýr og vegir koma þessu máli við. En háttv. þm V.-Ísf. (M. Ó.) ætti að fara í bankana og athuga, hvorn atvinnuveginn þeir styrkja meir, sjávarútveginn eða landbúnaðinn.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Það kom mjer ekki á óvart, þótt töluverðar umræður yrðu um þetta mál, einkum þó frá þeirra hálfu, sem verður að telja fulltrúa fyrir sjávarútveginn hjer á þingi, frekar en landbúnaðinn. En mjer datt síst í hug, að umr. mundu komast í þetta horf, sem nú raun á orðin, að menn töluðu mest um það, að með þessu væri verið að skapa misrjetti í garð sjávarútvegarins. Þetta frv. er komið frá fjárhagsnefnd, og, eins og mönnum er kunnugt, eiga þar sæti menn, sem þekkja til beggja atvinnuveganna og vilja þar ekki

upp á milli gera. Og ættu menn því að geta orðið ásáttir um það, að hjer er ekki verið að gera neinum til miska, heldur að eins að leita jafnrjettis og jafnvægis. Jeg sje heldur enga ástæðu til fyrir menn að áfellast fjárhagsnefnd fyrir það, þótt hún láti sjer ant um að afla landinu tekna, því að það er fleira en eitt, sem hvetur til þess, bæði þessir fjárhagslega erfiðu tímar, og enn fremur hefir stjórnin ætlast til, að nefndin gerði það, að því er virðist og eftir því, sem hún hefir látið í ljós, því að hún hefir sjálf ekkert gert til þessa. Þótt við sjeum nú á þeirri skoðun, að það standi ekki jafnnærri nefndinni, eins og stjórninni að garfa í þessum málum, þá höfum við samt gert það, samkvæmt óskum fleiri manna hjer á þingi en hæstv. stjórnar, að leitast við að auka tekjurnar dálítið. Það voru sannyjörn orð háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) í þessu máli. En ekki verður annað sagt en að hann sje manna kunnugastur þessum hnútum hjer á þingi og hefir það ætíð fyrir augum, þegar útgjöldin hækka, að eitthvað verði gert, sem geti aflað landssjóði tekna í skarðið. Við þóttumst nú hafa ástæðu til að vænta þess af hæstv. stjórn, að hún yrði hlynt þessari stefnu fjárhagsnefndar, þar sem jafnauðvelt er að sjá og hjer, að þetta er ekki ranglæti í neins garð. En nú, þegar til kastanna kemur, hefir komið í ljós, að sjávarútvegurinn hefir orðið ofan á hjá hæstv. fjármálaráðherra (B. K.), eða sjálfur fjármálaráðherrann kafnaði undir sjávarútvegsfulltrúanum. Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.), sem talaði ekki sem slíkur í dag, kvaðst að vísu vera hlyntur útflutningsgjöldum yfirleitt, og taldi þetta að því leyti rjett hjá nefndinni. En hún hefði að eins farið heldur skamt, því að rjettara hefði verið að taka landbúnaðinn líka með. Þetta hefði hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) getað sparað sjer, jafnvel þótt honum fyndist, við að renna augunum til síns eigin kjördæmis, að þar væri í einhverju á hallað, sem nú reyndar ekki er. Hæstv. fjármálaráðh. (B.K.) ætti að geta sjeð, að hjer er ekki verið að skapa misrjetti, heldur leiðrjetta misrjetti. Með þessu er ekki farið fram á annað en hlutfallslega jafna hækkun á gjöldum sjávarútvegarins við þá, sem orðin og komið hefir niður á landbúnaðinum í lausafjárskatti. Hjer er verið að leiðrjetta misrjetti, sem hefir komið til af því, að meðalalin verðlagsskrár hefir hækkað afskaplega hin síðari ár, en aftur á móti útflutningsgjöld af sjávarafurðum hafa altaf verið eins, síðan lög um þau voru sett, enda hafa þau verið hverfandi lítil og útgerðarmenn jafnan játað það og gengist við því, að það munaði þá engu. Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) talaði um það í ræðu sinni, að miklu meira kæmi í landssjóð frá sjávarútveginum heldur en landbúnaðinum. Þar til er því að svara, að það er ekki það, sem miða á við, heldur við hitt, fyrir hvorn atvinnuveginn gjaldið sje tilfinnanlegra, af hvoru verðmætinu sje meira borgað. Það þarf ekki annað en líta í verðlagsskrá til þess að sjá, að 1916—17 er meðalalinin hækkuð um hjer um bil helming frá þeim tíma, er lög um útflutningsgjöld og eins um lausafjárskatt voru sett. Það er ekki heldur rjett hjá háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), að ekki sje tekið tillit til þess, að sjávarútvegsmenn borgi líka lausafjárskatt, það er að segja af skipum sínum. Því að það er að sjálfsögðu gert, enda sjálfgefið. En ef við berum saman t. d. kúna og skipið, og athugum, hvor hefir meira upp úr sínu, bóndinn eða útgerðarmaðurinn, þá þolir það engan samjöfnuð, hvað skipið gefur meira af sjer en kýrin, en af því er einmitt ekki goldinn lausafjárskattur, sem þar á móti er goldinn af því, sem undan kúnni er alið. Hjer er því alger-

lega skotið fram hjá markinu hjá hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Það er verið að tala um það af sjávarútveginum, sem enginn lausafjárskattur hvílir á, og verður því ekki borið saman við landbúnaðinn. Það er annars leiðinlegt, að þeir, sem eru andmælendur þessa frv., skuli ganga burt meðan á umr. stendur, eins og jeg sje að nú á sjer stað um hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) og háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Háttv. þm. Dala. (B. J.) var að tala um, að það væri ranglátt að leggja á bæði tekjuskatt og svo þetta útflutningsgjald. En þar sem nú sýnt hefir verið, að þetta er að eins leiðrjetting á því, sem er, og til þess að ná jafnvægi, og þar sem hins vegar tekjuskatturinn gerir hvorttveggja jafnt undir höfði, landbúnaði og sjávarútvegi, þá er þar með auðsætt, að hjer er ekki verið að fremja neitt ranglæti, heldur hið gagnstæða, eins og margtekið hefir verið fram. Af því að háttv. andmælendur frv. eru ekki komnir á vettvang enn, þá sje jeg ekki ástæðu til að segja meira að sinni, en áskil mjer rjettinn til að segja það, sem jeg á eftir, þegar háttv. þm. þóknast að láta sjá sig.

Jón Jónsson: Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) bryndi það mikið fyrir háttv. deild, að hún væri sjer þess meðvitandi, að það hvíldi mikil ábyrgð á henni, ef hún hafnaði þessu frv., vegna þess, að fjárhagurinn heimtaði, að eitthvað yrði gert. En eins og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) tók fram þá hefir fjárhagsnefnd komið með ýms frv., sem miða að því að auka tekjurnar. Og það segir sig sjálft, að ekki getum við borið ábyrgð á því, hvernig háttv. Ed. tekur í þessar uppástungur. Jeg get engan veginn sjeð, að við þurfum að leggja okkur sjerlega í líma til að afgreiða þetta mál fljótt, því að ekki vitum við, hvaða meðferð það hlýtur hjá hv. Ed. Mjer finst, að við megum síst afgreiða það svo, að við verðum óánægðir eftir á eða gerum einhverjum rangt til. Það gæti t. d. hæglega farið svo, að háttv. Ed., einhverra ástæðna vegna, kastaði höndum til málsins, og afgreiddi það í flaustri, og væri þá verr farið, ef illa væri frá málinu gengið hjeðan.

Jeg skal ekki fjölyrða um þetta mál, en vil þó geta þess, að mjer finst ekki rjett það, sem hefir komið fram í umræðum hjer, að miðað sje við það, þótt meðalalin hafi hækkað mikið á síðustu árum, því að það er aðgætandi, að meðalalin er miðuð við gangverðið, og þess hærra sem það er, því meir fá framleiðendur fyrir afurðir sínar. Hins vegar finst mjer rjett það, sem háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) sagði, að miða ætti við verðmæti afurðanna. Og þá kemur sú spurning, hvort fjárhagsnefnd hafi gert það með þennan skatt, sem hjer er um að ræða. Ef svo væri, þá mætti heita undarlegt, að það skuli vera nákvæmlega 100%. Ef gæta á sanngirni í þessu máli, þá ber að athuga nákvæmlega samanburð á verði á landbúnaðarafurðum og sjávarútvegsafurðum, og haga sjer eftir því. — Jeg tel mjög varasamt að stíga þetta spor nú, á þessum tíma. En hins vegar sje jeg ekki, að hv. deild þurfi að bera neinn kinnroða fyrir því, þó að hún afgreiði ekki þetta mál nú þegar, þar sem hún hefir komið með ýms önnur frv., sem ganga í þessa sömu stefnu, að auka tekjurnar.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Það er ekki rjett athugað hjá hv. 1. þm. N.-M. (J. J.), að það geti orkað áframhaldandi misrjettis, þó að þessar tillögur nái fram að ganga, ef landbúnaðarafurðir stíga í verði. Hv. þm. gætir ekki að því, að sjávarafurðir hafa líka hækkað og það stórum, þó að útflutningsgjald af þeim hafi staðið í stað. Það er ekki heldur gefinn hlutur, að það hafi verið landbúnaðinum í hag, þó að

meðalalinin hafi hækkað, vegna þess, að afurðirnar hafa stigið í verði. Þessi samanburður hjá hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) er engan veginn rjettur, vegna þess, að þetta gjald sem hvílir á sjávarafurðum, er miðað við alt annað. Það er sem sje miðað við þungann einan, en ekki við verðið, eða verðhækkunina, enda mundi það fljótt sýna sig, ef útflutningsgjaldið væri lagt á eftir verðinu, að það mundi auka tekjurnar að miklum mun, og fara þá auðvitað nær því, sem er sanngjarnt og rjett, en ekki býst jeg við, að sjávarútvegsmenn þættust betur settir fyrir það.

Jeg var að kvarta um það áðan, að hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) væri ekki viðstaddur, þar sem jeg beindi orðum mínum aðallega að honum. En jeg sje nú, að jeg hefi verið búinn að taka flest af því fram, er jeg ætlaði, og þarf jeg því ekki að ræða þetta frekar. — Að eins vildi jeg benda hv. þm. (M. Ó.) á það, að það er alger misskilningur hjá honum, að verðhækkunartollurinn, sem hann og mintist á, hafi verið æskilegur vegna þess, að með honum væri lagður skattur á gróða eingöngu. Jeg á ilt með að skilja, að hv. þm. (M. Ó.) standi í þessari meiningu, því að þetta er ekki annað en tollur, sem lagður er á allar afurðirnar, eða verðhækkun þeirra, sem út flytjast, hvort sem viðkomandi rekur atvinnu með gróða eða tapi. En með sjerstöku tilliti til þess ástands, sem nú er, þá þykir fjárhagsnefnd ekki æskilegt, að þessi tollur, verðhækkunartollurinn frá 1915, verði framlengdur. Viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, þá heyrðist mjer hann komast svo að orði, að þetta gjald mundi koma sjerstaklega hart niður á útfluttri síld. Það er fjarri sanni hjá hv. þm., því að þetta gjald af síldinni, sem frv. gerir ráð fyrir, er þvert á móti lægra heldur en verið hefir nú undir verðhækkunartollinum. Jeg sje, að hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) er enn þá fjarverandi, og átti jeg þó ósögð nokkur orð út af ræðu hans. En jeg get algerlega leitt það hjá mjer, enda var ræða hans að miklu leyti fyrir utan þau takmörk, sem umræður hjer geta haft, og hefir ef til vill ekki verið honum að öllu leyti sjálfráð.

ATKVGR.

Nafnakall var viðhaft að ósk þessara manna: M. Ó., B. Sv., St. St., J. B., J. J., P. Þ., og var frv. vísað til 2. umr. með 13:8 atkv. Sögðu

já: B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., J. M., M. G., P. J., P. Þ., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

nei: B. Sv., B. J., J. J., J. B., M. Ó., P. O., St. St., Þorl. J.

Fjórir þm. (B. K., E. J., M. P., S. S.) fjarstaddir.

Á 45. fundi í Nd., þriðjudaginn 28. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 472).

Matthías Ólafsson: Jeg vil ekki láta þetta mál ganga gegnum umræðuna án þess að víkja að því nokkrum orðum, því að frá mínu sjónarmiði er það jafnvarhugavert og áður.

Jeg skal geta þess nú, af því að það var ekki nefnt við 1. umr., að framleiðsla á einu skpd. af fiski kostar 60 kr., en meðalverð á hverju skpd. er 100 kr. Það, sem af gengur, eru 40 kr. Af þeim á að gjalda af skipinu, veiðarfærum o. fl. Saltið eitt kostar nærri 50 kr. í skpd. Það sjá því allir, hvaða fjarstæða væri að hækka gjald á sjávarafurðum. Jeg vona því, að menn láti frv. ekki ganga lengra en það er komið.

Frsm. (**Gísli Sveinsson**): Jeg hafði ætlað mjer að fjölyrða ekki um þetta þetta mál við þessa umræðu. Það hefir ekkert nýtt komið fram í málinu. Ummæli hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) breyta engu um þetta. Það er öllum kunnugt, að útgerð er nú dýrari en verið hefir. Það er ekki vegna þess, að fjárhagsnefnd hafi verið ókunnugt um það, er hún kom fram með þetta frv. Spursmálið er, hvort þessi hækkun á útflutningsgjaldinu sje svo tilfinnanleg, að til mála komi, að menn hætti útgerðinni hennar vegna. Það er mál manna, að útflutningsgjaldið hafi verið sjerlega lágt hingað til, ekki síst þar sem þessir framleiðendur hafa fengið gott verð fyrir vöru sína. Hjer er ekki verið að fremja neitt ranglæti, því að hækkuninni á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum er ætlað að koma á móti hækkuninni, sem orðið hefir á ábúðar- og lausafjárskatti, sem á landbændum hvílir. Meðalalin hefir nú hækkað um helming frá því, sem var þegar ábúðar og lausafjárskatturinn var ákveðinn. Skömmu síðar var útflutningsgjald á sjávarafurðum ákveðið með tilliti til þess, að það yrði jafnhátt tiltölulega og skattarnir á hinum atvinnuvegunum. Síðan hefir það staðið í stað, með örfáum undantekningum. Nú um stundir eru landbændur því ver settir, en líkt mun á komið með báðum stjettunum, ef hækkunin, sem farið er fram á í frv., nær fram að ganga.

Annað mál er það, hvort sjávarútvegurinn sje nú svo illa staddur, að ekki megi á hann leggja. Það var helst á hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og útreikningum hans að skilja, að í raun og veru ætti að ljetta af honum gjöldum, eða jafnvel gefa með honum. En þá er illa komið fyrir sjávarútveginum, ef hann þolir ekki þennan litla gjaldauka.

Matthías Ólafsson: Af því að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir enn einu sinni komið með þá fjarstæðu, að þessi hækkun eigi að koma á móti hækkuninni, sem orðið hefir á ábúðar- og lausafjárskatti, þá verð jeg að segja nokkur orð. Það er leitt að þurfa altaf að vera að reyna að berja jafneinfalt mál inn í höfuðið á þm. (G. Sv.), og það, að það er ekki nema gott fyrir bændur, að meðalalinin hefir hækkað. Það sýnir, að afurðir þeirra hafa hækkað stórum í verði. Þó að menn vilji nú koma þessu gjaldi á, þá ættu þeir þó að vera svo hreinskilnir, að láta ekki sem það sje gert af þessari ástæðu. Ef athugað er, hvað landbúnaður og sjávarútvegur gjalda í landssjóð, þá sjest fljótt, að það er ekki saman berandi. Enda þótt jeg hefði sagt, að lækka ætti gjöld á sjávarútveginum, þá hefði það ekki verið nein óhæfa. Því að ef draga verður úr honum, og aðflutningarnir, og þar af leiðandi tollarnir, minka, þá hygg jeg, að þröngt gæti orðið í búi hjá mörgum búkarlinum. Þá er bætt við, að færri vegarspottar yrðu lagðir. Það væri því búhnykkur að afnema álögur á sjávarútvegi, ef það væri skilyrði fyrir, að ekki drægi úr honum.

Sigurður Stefánsson: Það sje fjarri mjer að vilja með orðum mínum vekja rig eða kala milli sjávarútvegs og landbúnaðar, eða ala á honum, sje hann einhver, því að óheill hlýtur að fylgja því, ef þeir vinna ekki saman í bróðerni, sem þessa atvinnuvegi stunda, og styðja hvorir aðra. En, eins og nú stendur á, sje jeg ekki fært að hækka gjöld á sjávarútvegi. Hafi nokkurn tíma verið ástæða til að ljetta af honum gjöldum, í stað þess að þyngja þau, þá er það einmitt nú. Þó dettur mjer ekki í hug að fara fram á það, og er þar þó fordæmi eftir að fara. Þegar landbúnaðurinn átti sem örðugast uppdráttar hjer um árið, sökum hafísa og

harðæris, þá taldi þingið sjer skylt að ljetta af honum lausafjárskattinum, sem má þó teljast fremur ljettur skattur. Síst átti hann þó örðugra uppdráttar þá en sjávarútvegurinn nú. Og á hverja á svo að leggja þenna gjaldauka? Á menn, sem hafa tapað stórfje á þessum atvinnuvegi, og sumir svo, að þeir eru á gjaldþrotabarminum? Raddir um neyðarástand og fjeþrot fjölda sjávarútvegsmanna hafa borist hingað inn í salinn, svo að ekki er hægt því við að bera, að þingmönnum sjeu ókunnar horfur sjávarútvegsins um þessar mundir. Þegar nú þessi atvinnuvegur liggur svo að segja fyrir dauðans dyrum, þá er í alvöru verið að hugsa um að ráðast á hann og íþyngja honum með 100% gjaldauka. Jeg krefst þess, að hann sje í friði látinn. En hitt heimta jeg ekki, að hækkuð sjeu gjöld á landbúnaðinum, því að jeg veit, að hann á líka við töluverða örðugleika að stríða, og þessir örðugleikar munu vaxa, ef sjávarútvegurinn bregst. Það er svo sem ekki ástæðulaust, eins og nú er gengið frá fjárlögunum, þótt reynt sje að finna nýjar tekjulindir fyrir landssjóð. En það er og annar vegur til að láta tekjur og gjöld standast betur á en fjárlagafrv. sýnir, en að auka tekjurnar með gífurlegum sköttum á atvinnuvegi landsins; hann er sá, að minka gjöldin með því að spara það, sem sparað verður. Menn verða jafnan að sníða sjer stakk eftir vexti, og þá ekki síst á slíkum tímum, sem þessum. Mjer hefir verið sagt, að tekjur og gjöld hafi hjer um bil staðist á í fjárlagafrv. stjórnarinnar, en nú er tekjuhallinn orðinn á áttunda hundrað þús. kr. Ef gætilega hefði verið að farið, hefði sjálfsagt mátt spara töluvert af útgjöldunum, og þá hefði verið minni þörf á, að vera að leita að nýjum tekjustofnum, eða hækka gjöldin eins gífurlega og hjer er í ráði. Hvað sem tautar, er það ekki ráðlegt nje álitlegt, hvorki fyrir sjávarútveg nje landbúnað, að í þessu árferði sje stórhækkaður tollur af sjávarafurðum.

Þótt það muni sumum þykja kotungslegur hugsunarháttur, þá held jeg því fram, að nú sje slík vá fyrir dyrum, að eigi tjói annað en að draga saman seglin og spara alt hvað sparað verður; þegar jafnvel hungurvá er fyrir dyrum, þá árar ekki til að leggja út í neitt það, er á nokkurn hátt má fresta eða undanfella. Svo fara forsjálir bændur að ráði sínu, og þá ætti þjóðarþing Íslendinga eigi síður að gera það, og vitanlega er fátt vissara til að baka því óvinsældir en ef það fer nú að íþyngja atvinnuvegum landsins með auknum gjöldum, ekki síst ef það legst á þann, sem erfiðast á uppdráttar, sjávarútveginn. Mun jeg ekki hika við að greiða atkvæði móti frumvarpinu og óska, að það væri komið 18 álnir ofan í jörðina.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg sný mjer fyrst að fullyrðingu hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), þeirri, að hann kveður það betra fyrir landbúnaðinn, að lausafjárskatturinn hækki. Hefir hann líklega átt þar við það, að er meðalalin hækki, þá beri það vott um, að landbúnaðarafurðir hafi hækkað í verði. Þessu ber ekki að neita. En mundi það þá ekki rjettast að bera saman hlutfallið milli verðhækkunar landbúnaðarafurða og sjávarafurðanna, og gjaldhækkuna á þeim við verðhækkunina? Litur það þannig út, að eftir því, sem landbúnaðarafurðir hækka í verði, eftir því hækkar lausafjárskatturinn, en hvað mikið sem sjávarafurðirnar hækka í verði, þá er útflutningsgjaldið af þeim óbreytt, útflutningsgjaldið af einu skpd. af fiski jafnhátt, hvort sem fyrir það fást 60 kr eða 160 kr., því að gjaldið er greitt af þunga, en ekki verði, fisksins. Sjávarútvegsmenn hafa því haft verðhækkun sína í friði fyrir auknum álögum,

alla tíð síðan útflutningsgjaldslögin voru sett, að undanteknum þeim tíma, sem verðhækkunartollurinn hefir gilt, en hann hefir líka legið á landbúnaðarafurðunum, og er nú auk þess að falla úr sögunni. Að vísu er það rjett, að sjávarútvegsmenn greiða lausafjárskatt af skipum sínum, eins og bændur af skepnum sínum. En fyrst og fremst er það alveg hverfandi, ef nefnt er það dæmi, sem áður hefir verið tekið í þessu sambandi, — það sem kýrin gefur af sjer, í samanburði við skipið, og auk þess fellur lifandi afrakstur kýrinnar undir lausafjárskattinn, en ekki afli skipsins, og með það fyrir augum m. a. er útflutningsgjaldið sett.

Nefndin var að leitast við að finna rjett hlutfall milli skattgjalds á landbúnaði og sjávarútvegi, og sá hún ekki betur en að það gæti ekki fengist hentugra til bráðabirgða með öðru en því að hækka útflutningsgjald sem svaraði því, er lausafjárskatturinn hefir hækkað, því að hún sá, að ástæður leyfðu ekki að lækka hann, og tilgangurinn var að auka tekjur landssjóðs. Hitt er annað atriði, sem eigi má blanda saman við þetta, að einn atvinnuvegur getur verið svo illa staddur um stundarsakir, að hann þoli lítil eða engin gjöld. Slíkt stendur að sjálfsögðu í engu sambandi við þennan samanburð.

Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sló á þá strengina, að sjávarútvegurinn væri nú kominn á heljarþröm. Jeg játa það, að hagur hans muni vera erfiður nú sem stendur. En jeg bið menn að gæta þess, að þetta frv. er komið frá fjárhagsnefnd, til að fylla ofurlítið upp í skarð það, sem hlýtur að höggvast í tekjur landssjóðs við óhjákvæmileg og aukin útgjöld og fyrirsjáanlega tekjurýrnun. Og er því eðlilegt, þótt hingað sje leitað, sem byrðarnar eru ljettastar fyrir, þegar á alt er litið, enda mun það, sem betur fer, nokkuð gífurlega til orða tekið hjá háttv. þm. (S. St.), er hann segir, að hjer eigi að stofna til þess að leggja aukin gjöld á gjaldþrota menn. Væri þetta rjett, þá væri ekki einungis tilgangslaust að leggja á þá aukin gjöld, heldur hlyti að verða að leysa þá undan öllum gjöldum. En til allrar hamingju er sjávarútvegurinn ekki svo djúpt sokkinn enn, og sekkur vonandi aldrei svo djúpt, að til þess þurfi að koma. Hjer er nú ekki um annað að ræða en hvort gjaldauki sá, sem nefndin leggur til, sje í sjálfu sjer sanngjarn, og hefir það verið sýnt með gildum rökum, að svo sje; sömuleiðis verður því ekki neitað, að útflutningsgjaldið er ekki tilfinnanlegt. Það hefir verið borið fram hjer í deildinni, að mikið af fiskinum í ár sje þegar selt „stórspekulöntum“ fyrir tiltölulega lágt verð, og hefir eigi þótt ástæða til þess, að hann fjelli undan verðhækkunartolli, því að hagnaðurinn af því mundi renna í vasa stórbokka þessara. En yrði frv. þetta samþykt nú, þá mundi nokkuð nást í landssjóð til uppbótar fyrir verðhækkunartollinn, sem nú liggur við borð að falli, og væri það sanngjarnt, því að sjálfsögðu munu fiskkaupmennirnir hafa keypt fiskinn með það fyrir augum að verða að greiða hann, og hagað verði sínu eftir því. Það var fjarri nefndinni að vilja níðast á þessum atvinnuvegi, en henni fanst sanngirni mæla með því að auka lítið eitt gjöld á honum, borið saman við landbúnaðargjöldin, fyrst að varla verður hjá því komist að auka gjöldin einhversstaðar. Og engin sjerstök hækkun á síldartolli kemur til greina á þessu þingi. Það var sannmæli hjá háttv. 1. þm. N.-Ísf. (S. St.) að síst bæri að ala á ríg milli atvinnuveganna. En stappið og eftirtölurnar, sem skapa ríg, koma að miklu leyti af því, að í hvert sinn, sem talað er um að leggja eitthvað á sjávarútveginn, þá rísa málsvarar hans upp til handa og fóta og heimta, að líka sjeu lögð gjöld á landbúnaðinn;

allur slíkur metnaður er beinasti vegurinn til að skapa ríg og kala. Það er ekki okkur að kenna, þótt eldurinn sje tendraður og glæddur. Kyndararnir eru þeir, sem fara að eins og háttv. þm. Ísf. (M. Ó. og S. St.).

Þá kom háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) að því, að minka þyrfti útgjöldin og mintist á tekjuhallann í fjárlagafrv. Jeg ætla ekki að blanda mjer í það mál. En það mun vera sprottið af ókunnugleika háttv. þm. (S. St.), hvernig hann talaði. Það er alls eigi lofsvert af stjórninni, að henni tókst að halda fjárlagafrv. sínu tekjuhallalausu, með því að setja tekjuliðina hærri en varlegu hófi gegndi, en ýmsa útgjaldaliði lægri en nokkur von er til að þeir geti orðið eða nokkurt vit er í að setja þá, og auk þess slept ýmsum óhjákvæmilegum gjaldaliðum. Hækkunin, sem orðið hefir í meðferð þingsins, miðar einmitt mest að því, að sjá mönnum og stofnunum fyrir „mat", eins og hv. þm. (S. St.) einmitt komst að orði, að nú ætti að vera aðalatriðið, og mun hann því síst víta það, svo óálitlegar sem hann telur horfurnar. Býst jeg við, að háttv. þm. (S. St.) muni nokkuð breyta skoðun, er hann hefir áttað sig betur.

Jörundur Brynjólfsson: Þegar mál þetta kom til umræðu hjer í deildinni, mætti það allmiklum mótmælum, og bjóst jeg þá við, að háttv. fjárhagsnefnd mundi taka það aftur til athugunar og reyna að miðla málum, með því að breyta frv. á þann veg, að sjávarútvegsmenn mættu betur við una. En þessar vonir hafa með öllu brugðist, því að enn er frv. í sömu mynd sem það var áður.

Meðhaldsmenn frv., og þá líka hv. nefnd, halda því fram, að þeir hafi borið mál þetta fram til að koma á jafnvægi á milli landbúnaðar og sjávarútvegs að því er landssjóðsgjöldin snertir. Þeir segja, að lausafjárskatturinn, sem aðallega legst á landbúnaðinn, sje orðinn svo hár, að eitthvað verði að fá, til að vega móti hækkun hans, af sjávarútv., og ráðið til þess sje að hækka útflutningsgjald á fiski um helming. Það getur verið, að þetta sje ekki fjarri sanni, þegar litið er á það eitt, að meðalalin hefir hækkað og þar af leiðandi lausafjárskatturinn, en útflutningsgjaldið ekki verið hækkað; en hjer er á miklu fleira að líta en það, sem meðhaldsmenn frv. hafa borið fram, og hefir þegar að nokkru leyti verið sýnt fram á það, og vil jeg ekki tefja tímann með því að fara frekara út í það að sinni.

Jeg skil það vel, að háttv. nefnd hafi leitað að öllum framleiðendum til að afla tekna, og jeg mundi ekki hafa sett mig á móti þessum gjaldauka, ef hann væri ekki svo einhliða og órjettmætur sem hann er. Jeg sje fyllilega þörfina á auknum tekjum, og þótt sjávarútvegurinn standi nú höllum fæti, þá mundi þessi gjaldauki ekki velta honum um koll, þótt hann geri honum erfiðara fyrir. En ef sjávarútvegurinn á að taka á sig nýja byrði á þessum erfiðu tímum, þá má landbúnaðurinn ekki hliðra sjer hjá að gera hið sama. Jeg hygg, að það sje ekki til neins að vera að tala um að sníða sjer stakk eftir vexti, þannig að láta tekjur og gjöld standast sem mest á. Ástandið er óvenjulegt, og sjálfsagt ófær vegur að auka nú í bili skattabyrðina svo, að tekjur vegi upp á móti gjöldum. Slík aðferð mundi veikja gjaldþol einstaklinganna um of, og þá jafnframt gjaldþol og tiltrú þjóðarinnar í heild sinni, og það mundi verða til þess að skapa ný vandræði. Hjer mun því ekki annar vegur fær en að landið hleypi sjer í skuld, meðan svo stendur, til að reyna að halda öllu í horfinu, svo að sem minst verði komið í kalda kol, þegar úr fer að rætast.

Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka til máls að þessu sinni, en nokkur orð í ræðu

háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) komu mjer til þess. Hv. þm. (G. Sv.) mintist á þann rig, sem gæti orðið milli sveita- og sjávarbúa, og bjóst við, að hann mundi síst verða minni eftir þetta þing en áður. Kvað hann oss, sem erum málsvarar sjávarútvegarins, vera orsök þessa. Jeg hygg, að allir sanngjarnir menn sjái, að þessi ásökun er röng. Það erum ekki vjer, sem erum að ýta byrðum yfir á landbúnaðinn, heldur hinn flokkurinn, sem reynir að ljetta gjöldum af landbúnaðinum, en þyngja þau á sjávarútveginum. Má þar benda háttv. þm. (G. Sv.) á einstök atriði. Öndverðlega á þinginu var farið fram á að afnema verðhækkunartollinn á ull, og var sagt, að það væri gert til að ljetta á bændum. Það hefir og verið borið fram frv. um að hækka síldartollinn; og þetta er gert einmitt nú, þegar það eru því nær eingöngu innlendir menn, sem síldveiðarnar reka. En meðan útlendingar óðu hjer uppi og tóku fólk frá landbúnaðinum, þá var ekki á þetta minst. Þetta sýnir fyrirhyggjuleysi og þröngsýni og er líklegt til að vekja kala.

Þá hefir stjórnin komið með tvö frv. nú um þingtímann, annað um verðhækkunartoll, sem að nokkru snertir landbúnaðinn, en þó miklu meir sjávarútveginn, hitt um hækkun á vitagjaldi.

Fjárhagsnefnd hefir ekki haft neitt við vitagjaldshækkunina að athuga; auðvitað sigla bændur heldur ekki með rollur sínar fram hjá vitunum, og hækkunin lendir ekki á þeim. Þó er ekki svo að skilja, að jeg hefði á móti vitagjaldshækkuninni. En frv. um verðhækkunartollinn svarar háttv. fjárhagsnefnd með því að koma með þetta frv., og leysir með því bændur undan gjaldauka þeim, sem stjórnarfrv. ætlaðist til að á þá væri lagður. Jeg hefði ekki haft svo mjög á móti því, þótt háttv. nefnd veldi þessa leið, ef hún hefði, til að miðla málum, lagt til, að eitthvert ofurlítið gjald væri líka lagt á landbúnaðinn, og jeg vonaði í lengstu lög, að svo yrði, og með því sneitt hjá ágreiningi milli þessara atvinnuvega.

Það er rjett hjá háttv. þm. Ísf. (S. St. og M. Ó.), að sjávarútvegurinn er hætt staddur og ekki sýnilegt nú, að hægt verði að halda úti öðrum skipum í vetur en róðrabátum. Alt, sem til botnvörpungaútgerðar heyrir, er svo dýrt, að vonlítið er um, að þeir gangi nokkuð í vetur, og óvíst um mótórbáta, með því að olía og salt er nú svo dýrt.

Háttv. fjárhagsnefnd hefir gefið fyrirheit um að afgreiða ekki verðhækkunartollsfrv. fyr en útsjeð væri um, hvort þetta frv. yrði samþykt eða ekki. Af þessu er það auðsætt, að hv. nefnd hugsar eingöngu um annan atvinnuveginn, því að verðhækkunartollurinn næði þó ofurlítið til landbúnaðarins, en eftir þessu frv. er eigi snert við honum. Sem betur fer, eru sumir landbúnaðarmenn hjer á þingi svo skapi farnir, að þeim þykir nú oflangt farið og vilja ekki fylgjast með. Helst hefði jeg kosið, að háttv. nefnd tæki málið til nýrrar athugunar og reyndi að finna einhvern miðlunarveg, sem báðir málsaðiljar gætu unað við.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg skal að eins geta þess, út af því, er háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) sagði, að það er ekki þakklátt verk að vera í fjárhagsnefnd, enda lítur ekki út fyrir, að sjerlega vel ætli að ganga fyrir hverki þessari nje öðrum þeim till., sem nefndin hefir komið með, til að reyna að vinna upp að einhverju leyti þann tekjuhalla, sem útlit er fyrir að verði á næsta fjárhagstímabili. Því miður er ekkert útlit fyrir, að þetta muni takast, enda álítur nú bæði þing og stjórn, að til þess verði að taka lán, enda er þessi mikla hækkun á gjöldunum vandræðahækkun, sem stafar af dýrtíð og óáran.

Allar þær tilll., sem fram hafa komið frá fjárhagsnefndinni, hafa miðað að því að ná í einhverja tekjustofna til að vinna þetta upp, og er þess ekki síður þörf, þar sem víst er, að sumir tekjustofnar falla burt með öllu, svo sem verðhækkunartollurinn. Það þarf ekki að bera fjárhagsnefndinni það á brýn, að hún vilji sjúga út landslýðinn með auknum sköttum, því að þessar tillögur hennar eru að eins tilraun til að ná í dálitlar tekjur, að því er nefndinni virðist *á sanngjarnan hátt.*

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) vildi halda því fram, að fjárhagsnefndin væri hlutdræg í garð atvinnuveganna, og nefndi sem dæmi því til sönnunar, að hún hefði viljað fella úr gildi verðhækkunartoll á ull. Þetta dæmi var illa valið, en það yrði oflangt mál að fara að gera grein fyrir því nú, og áður hefir verið um það rætt. Í stuttu máli er um það að segja, að það var gert til þess, að búandmenn fengju það fyrir ull sína, sem þeir áttu skilið, því að vitanlega keyptu stórkaupmenn ullina með það fyrir augum, að þeir yrðu að borga af henni verðhækkunartoll, en þeir gátu þó hæglega geymt hana fram yfir 17. sept., eða verða að gera það, og sloppið þannig alveg við að greiða af henni tollinn. Frv. um að nema úr gildi verðhækkunartoll af ull var því borið fram til þess að láta heldur búendur en stórspekúlanta njóta þess verðshluta, sem verðhækkunartollurinn nam. Frv. var borið fram án minstu löngunar til að ráðast á sjávarútveginn, enda hefði það verið heldur lítilfjörleg árás, þar sem sjálfir meðhaldsmenn sjávarútvegarins segja, að ekkert hafi munað um þetta gjald. Það þarf ekki að nefna frv. um hækkun síldartollsins í þessu sambandi, því að það var ekki borið fram af fjárhagsnefnd, heldur einstökum manni, og nefndin ætlar sjer ekki að afgreiða það nú, heldur kýs hún vægari veg, sem sje þann að hækka útflutningsgjaldið ofurlítið, og er því þetta frv. komið fram til þess að miðla málum, en alls ekki til þess að beita misrjetti nje leggja svo mikið á, að ósanngjarnt sje. Það kom hjer líka fram frv. um hækkun vitagjalds, og telur háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) það víst árás á sjávarútveginn, en var nú borið fram af stjórninni, og allir töldu það í hæsta máta rjettmætt, að það gjald væri hækkað. (J. B.: Það snerti ekki landbúnaðinn). Það hefir líka varla verið borið fram af neinum sjerstökum landbúnaðarvinnáttuhug hjá hæstv. stjórn, ef jeg hefi skilið hana rjett.

Hjer í þessu frv. er ekki farið fram á annað en að leiðrjetta það misrjetti, sem áður hefir átt sjer stað, og rjettlætir það því þetta frv., að það er fram komið til þess, að jöfnuður nokkur mætti verða, og koma í veg fyrir rig. Þótt sumir sjeu fíknir í verðhækkunartoll, þá er hann alls ekki æskilegur, því að væri hann leiddur í lög, yrði landbúnaðurinn ranglæti beittur, því það er ómögulegt að bera á móti því, að landbúnaðurinn ber hlutfallslega hærri skatta, en sjávarútvegurinn hina sömu og áður. Það misrjetti er að nokkru lagað með þessu frv., verði það að lögum.

ATKVGR.

Frvgr. feld með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. A., G. Sv., H. K., J. M., M. G., P. J., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

nei: B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. Árna., J. J., J. B., M. P., M. Ó., P. O., S. St., St. St., Þorl. J.

Einn þm. (E. J.) fjarstaddur.

Frv. því

fallið.

28. Markalög.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 23. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til markalaga (A. 596).

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., miðvikudaginn 29. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. ofseint fram komið. — Leyft, að það mætti taka til umr., með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, sökum óljósrar atkvgr., og sögðu

já: J. J., J. M., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. K., E. A., E. Árna., G. Sv., Ó. B.
nei: M. P., M. Ó., P. J., S. St., Sv. Ó., Þór. J., B. Sv., B. St., E. J., H. K.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Það blæs nú ekki byrlega fyrir þessu frv. eftir byrjuninni að dæma. Jeg skal strax geta þess, að þótt landbúnaðarnefndin beri fram þetta frv., þá er það þó ekki samið af henni, heldur af Pjetri skrifara Zóphóníassyni, en nefndin hefir tekið það til flutnings, með litlum breytingum, af því að hún áleit, að full þörf væri að kveða nánara á um það skipulag, sem er á fjármörkum yfirleitt. Nú er hver maður næstum sjálfráður að marki sínu og getur tekið upp mark, þótt sama mark sje til í sömu sýslu, og jafnvel í næstu sveit. Þetta hefir valdið hinni mestu óreglu og óskilum, sem ljósast sjest á auglýsingum þeim um óskilafje, sem úir og grúir af í Lögbirtingablaðinu. Hefir þetta fje verið selt hjer og þar, ekki í tugum, heldur í hundruðum, eftir að hafa verið hrjáð og hrakið fram og aftur um lengri tíma. Menn hafa lengi sjeð vandkvæðin á þessu, enda hefir Búnaðarfjelag Íslands nú á síðasta fundi sínum skorað á Alþingi að vinna að lagasetningu í þessu efni. Er því full ástæða til þess að gera eitthvað í málinu, því til lagfæringar. Hefir verið stungið upp á ýmsum leiðum í þá átt að ráða bót á þessu, og hafa menn, þótt ótrúlegt sje, einkum hallast að sjerstökum sýslumörkum, hreppamörkum og jafnvel sjerstökum heimilismörkum. En á þessu er sá hængur, að naumast nokkur maður getur þá haldið sínu marki, sem allflestum er þó mjög ant um, sjerstaklega þegar um ættarmörk er að ræða. Fyrir þá sök má telja þá leið ófæra. Þar á móti virðist sú leið, sem farin er í þessu frv., vera sú heppilegasta, sem fram hefir komið, og með henni geta allflestir haldið sínum mörkum. En til þess, að hægt sje að hafa fast skipulag á mörkunum, er lagt til að hafa sjerstakan mann, markvörð, er heldur skrá yfir mörkin og veitir leyfi um upptöku marka.

Og í samræmi við það á engum að vera leyfilegt að taka upp mark nema með samþykki markvarðar. Með þessu móti ætti að vera hægt að fyrirbyggja þann misdrátt, sem á sjer stað vegna sammarka, og öllum kemur saman um að sje mjög bagalegur. Jeg ætla mjer ekki að svo komnu máli að fara út í einstök ákvæði í frv., en vildi að einstaka fram aðalstefnu þess. — Það er gert ráð fyrir því í frv., að markvörður fái 1200 kr. á ári að launum, og getur það að vísu verið álitamál, hvort það sje hæfilega í sakirnar farið. Því að, eins og gefur að skilja, er aðalverkið í fyrstu það, að skrásetja mörkin og leiðbeina um upptöku marka, sem auðvitað verður langtum minna starf, er fram í sækir. En þetta verður óefað mikið verk í fyrstu, og

eru launin því alls ekki ofhátt ætluð fyrstu árin, en síðar mætti má ske draga úr þeim, ef mönnum þá sýndist. — Tekjur þær, sem inn mundu koma fyrir skrásetning marka, mundu nema talsverðu fje, því að, eins og menn sjá í frv., þá er gert ráð fyrir, að 1 kr. skuli goldin fyrir að fá mark skrásett, sem nú er skráð í markatöflum sýslnanna, en 2 kr. ef um nýtt mark er að ræða, og ætti það að geta orðið alt að 20—30 þús. kr. fyrst í stað. En síðan færu tekjurnar auðvitað minkandi, þótt þær hyrfu aldrei með öllu. — Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meir um þetta að sinni, enda hafa nú ýmsir beðið um orðið, og er gott að heyra, hvað þeir hafa að segja.

Bjarni Jónsson: Jeg skal ekki gerast margorður um þetta frv., því að það er sjálfsagt ágætt í alla staði, og verður enn ágætara eftir að búið er að vísa því aftur til nefnarinnar, eins og sjálfsagt er að gera. En jeg vil að eins minna nefndina á það, þar sem hún ætlar að vera svo forsjál að setja markvörð, sem á víst um leið að vera „markgreifi“, að þá þarf að vera eitthvað að marka. Hún hefir nú haft frv. frá mjer með höndum lengi, og ekki enn þá þóknast að láta neitt uppi um, hvernig fari fyrir þeim, svo að það er varla að búast við, að jeg taki mikið mark á henni. Enn fremur vildi jeg benda þessari sömu nefnd á það að marka ekki sjálfa sig altof ljóst hjer á þingi.

Einar Arnórsson: Þetta frv. er á sinn hátt mjög einkennilegt og merkilegt. Hjer er verið að tala um að breyta alt að þúsund ára gömlum venjum, sem hafa fiðkast hjer á landi. Sumar af þessum breytingum virðast dálítið varhugaverðar. — Aðalstefna frv. er í fáum orðum sú, að einn maður á að vera hjer í Reykjavík, sem á að hafa það starf á hendi að „færa“ öll mörk, þó að jeg viti ekki enn þá, hvert hann á að færa þau. Jeg býst nú við, að mönnum muni þykja það allóhagkvæmt og umsvifamikið, ef einhver ætlar að fá sjer nýtt mark, þá eigi hann að snúa sjer til Reykjavíkur, til þessa markvarðar eða „markgreifa“, eins og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) komst svo ágætlega að orði. Þessi útnefndi „markgreifi“ á svo að rannsaka í fyrsta lagi það, hvort þetta mark sje hæfilegt til notkunar, og svo í öðru lagi, hvort það brjóti ekki í bága við mörk, sem aðrir kunna að hafa, og til þess verður hann auðvitað að fara í gegnum þessa voðalegu markaskrá, sem ætlast er til að sje yfir öll mörk, sem til eru á landinu. Svo þegar þetta er búið, þá á þessi „markgreifi“ að skrifa öllum þeim mönnum úti um land, sem annars mundu röngu beittir, og þeir svo auðvitað að svara. Ef það nú dregst nokkuð lengi, getur það skift árum, sem hlutaðeigandi maður verður að bíða eftir ákveðnu svari, hvort sem hann fær markið eða ekki. En það ákveður þessi markgreifi þegar alt þetta er um garð gengið. Þetta er aðalstefna þessa frv. og aðalbreytingar frá núgildandi reglum. — Ef svo færi, að frv. yrði ekki urðað nú þegar, heldur færi til 2. umr., þá vildi jeg mega benda á ýms einstök atriði. Og ætla jeg þá fyrst að byrja á endanum. Mjer þykir leiðinlegt, að landbúnaðarnefnd, sem jeg virði mikils, skuli láta bera þetta fram í sínu nafni, svona úr garði gert. Það mætti segja, að nefndin ályktaði eftir reglunni „superflua non nocent“, að ekki skaðaði að taka með það, sem ofaukið er. Hún fer hjer að nema úr gildi lög, sem aldrei hafa verið til, hvorki hjer á landi nje annarsstaðar, því að Landsbrigðabálkur Jónsbókar er að eins 12 kapitular, en eigi 47 eða 48, eins og í frv. segir að þeir sjeu að minsta kosti. Nefndin hefir hjer auðsjáanlega treyst altof mikið á þann petros, það hellubjarg, sem hún segir hafa

samið þetta frv. Slíkar villur sem þessi geta að vísu altaf slæðst inn í þegar samið er, en maður skyldi ætla, þar sem heil nefnd ber upp frv., að þá sýndi hún því þann sóma að fletta upp þeim lögum, sem á að afnema, auk þess, sem nafnið á lögunum er ekki rjett; jeg þykist vita að það eigi að vera Landsleigubálkur, ekki Landsbrigðabálkur. — Það, sem háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) skaut að mjer, er líkt og þegar maðurinn sagði, að það gæti valdið misskilningi, ef blandað væri saman „kubikrót“ og „kvaðratrót“. — Þá ræðst nefndin á Rjettarbót frá 1294, og nemur úr gildi 44. gr., sem hljóðar svo: „Um kálfa og lömb, kið og grísi þá sekist maður eigi þó að ómarkað sje meðan í sjálfs hans landi gengur“. — Jeg býst nú ekki við því, að nefndin ætlist til, að menn fari að marka kálfa. En kiðin, sem eru afkomendur geitanna, ætlast nefndin ekki til að sjeu með, og er þó spursmál, hvort það er rjett, því að töluvert er af geitfje hjer á landi, t. d. í Norður-Þingeyjars. og víðar. — Þá stendur í 13. gr., að brot gegn lögum þessum varði sektum. Eftir því, sem jeg kemst næst, þá mun meiningin vera sú, að þegar þetta frv. er orðið að lögum, þá eigi að sekta menn, ef þeir hafa ekki markað alt fje, sem þeir mega henda í sínu eigin landi samkv. 1. gr. — Enn fremur ætlar nefndin að afnema síðustu málsgrein 70. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóv. 1905, en gætir ekki að því, að þessi gr. er að eins *ein* málsgrein, svo að þá getur ekki verið að tala um að nema úr gildi síðustu málsgrein. Þessi villa hjá nefndinni mun stafa af því, að hún gerir ekki greinarmun á málsgrein og málslið. Í þessu frv. er margt, sem tekið er úr Jónsbók, og er það gott, en það, sem frá nefndinni er sjálfri eða höf frv., er fátt nýtilegt. Eitt af þessu er það, þar sem talað er um, að kýr helgi sjer kálf, hryssa folald o. fl. — Jeg held, að nefndin hefði að skaðlausu getað slept þessu ákvæði alveg. Hún virðist ganga út frá því, sem óneitanlega er dálítið einkennilegt, að menn sjeu í efa um t. d., hver eigi þennan og þennan kálf. Slíkt gat átt sjer stað fyr á tímum, meðan kýr voru reknar á afrjett, en jeg held, að allir hljóti að vera á einu máli um það, að þau komi ekki fyrir nú á tímum, þessi ákvæði í Jónsbók; þau eru bygð á alt öðru landbúnaðarástandi heldur en nú á sjer stað. Og ef á að fara að taka þau upp í nýj lög, þá spái jeg, að mörgum verði að brosa. — Þá er í 12. gr. ákvæði, sem mjer er ekki vel ljóst. Jeg skil ekki, hvers vegna á að prenta markaskrá sjaldnar ef sýslubúar eru undir 3500 heldur en ef þeir eru fleiri. Því að ef þetta er gert með tilliti til fjölda fjárins, þá getur alveg eins verið fleira fje í þeirri sýslu, sem hefir færri íbúa. — Í 10. gr. stendur: „Brennimark sýslunnar *skal* vera einn bókstafur, en mest þrír bókstafir“. Þetta ákvæði veit jeg ekki, hvernig á að skilja, og verð því að gefa það frá mjer, en skilji hver, sem skilið getur. — Í 8. gr. frv. stendur þessi klausa: „Flytji markeigandi búferlum milli sýslufjelaga, má hann ekki flytja mark sitt með sjer, nema með samþykki markvarðar“. Það liggur næst að halda, að nefndin geri ráð fyrir, að markið sje eins og hver annar hlutur, sem menn geti tekið og stungið ofan í malpoka sinn þegar þeir flytja. En meiningin mun eiga að vera sú, að menn megi ekki flytja fje sitt með því marki, nema með samþykki markvarðar. — Í 7. gr. stendur; „Skifta skal marki sem öðrum arfi, ef fleiri standa til“. Þetta er tekið orðrjett upp úr Jónsbók og er gott, en svo kemur: „Taki einhver erfingjanna við jörðinni, skal hann halda markinu“. — Þarna gengur nefndin út frá því, að maður, sem á mark, þurfi endilega að eiga jörð líka, sem svo erfingjar hans eiga að taka við

að honum látnum. En, eins og menn geta sagt sjer sjálfir, þarf það ekki endilega að fylgjast að. Jeg þekki marga, sem einungis eiga fje, og þar af leiðandi mark, en aftur enga jörð. (St. St.: Þetta eru hártoganir). Nei, þetta eru engar hártoganir; þetta er ekki annað en eins og hver skynsamur maður hlýtur að álykta. — En nefndin er að nokkru leyti afsökuð, þar sem hún mun ekki hafa athugað frv. neitt nákvæmlega, ef afsökun skal kalla. — Þá er í 1. gr. talað um búfje. Þar er jeg aftur í vafa um, hvað það á að merkja, hvort það þýðir sauðfje eingöngu, eða hvort það nær yfir hross og kýr líka. Mjer þykir líklegast, að það muni eiga að merkja sauðfje að eins, þar sem fyrst í greininni er talað um „sauðfjáreiganda". — Í greinargerð frv., þar sem nefndin skýrir hverja grein fyrir sig, segir, að 1. gr. sje nákvæmlega eins og ákvæði Jónsbókar. Það er ekki rjett, því að í Jónsbók stendur: „Menn skulu einkenna búfje sitt alt nema hross, og hafa einkent er 8 vikur eru af sumri alt það, er hann þá má henda".

Eins og allir geta sjeð þá er talsverður munur á þessu og því, er stendur í frv., og er því rangt það, sem sagt er í athugasemdunum, að það sje nákvæmlega eins. — Nú hefi jeg í fáum orðum minst lítils háttar á einstakar greinar í þessu merkilega frv., og lít jeg svo á, sem athugasemdir mínar sjeu beinlínis í þágu nefndarinnar, ef frv. skyldi fá að sjá sólina við 2. umr. En höfuðatriðið er auðvitað stefnan, sem þar er tekin, og hefi jeg þegar gert grein fyrir afstöðu minni til hennar.

Þorleifur Jónsson: Mjer hefir ekki tekist að finna sjerlega margt í þessu frv., sem væri nýtt og miðaði til bóta. Hið fáa, sem er nýtilegt í því, er tekið úr fornum lögum og reglugerðum sýslunefndanna. Aðalnýmælið í frv., aðal „glanspunkturinn" er vitanlega þessi „markgreifi", eða markakongur, sem á að sitja hjer í Reykjavík og ráða yfir fjármörkum. Satt að segja hygg jeg, að nóg sje hjer af skrifstofum og allskonar „skriffinsku", svo að ekki sje mikil þörf á að bæta einni nýrri við fyrir fjármörk, með föstum, launuðum forstöðumanni, auk þess, sem þetta mun ekki verða til annars en trafala og stórkostnaðar, því að ef að líkindum lætur, mun kostnaðurinn ekki verða að eins 20 þús., heldur 30—40 þús. kr. Mjer skilst, að nefndin hafi einungis reiknað gjöld fyrir eyrnamörk, en eftir frv. á að greiða jafnhátt gjald fyrir skrásetning brennimarka, og þau slaga hátt upp í eyrnamörkin að tölu til. Þess vegna mun óhætt að tvöfalda þá upphæð, sem tiltekin er hjer í frv. Hvað snertir þessa skrásetningu, sem talað er um í frv., þá skil jeg ekki, hvað meint er með því. Hvort þessi markaskrá á að gilda fyrir alt landið um lengri tíma, eða hvort ætlast er til, að allsherjarskrásetning fari fram í hvert sinn og markaskrár sýslnanna eru prentaðar. Yfirleitt fæ jeg ekki sjeð, að þetta sje til nokkurra bóta, nje heldur, að það geti komið í veg fyrir þann rugling á mörkum, sem menn gera svo mikið úr, og miklu meira en vert er. Því að það mun vera venja víðast, að sá maður, sem undirbýr markaskrár sýslnanna undir prentun, kynni sjer rækilega markaskrár í næstu sýslum og stuðli að því, að menn hafi ekki sammerkt við aðra, þar sem fje getur gengið saman. — Það er ekki gott að sjá, hvers vegna hv. landbúnaðarnefnd hefir tekið ástfóstri við þetta frv., sem er ekkert annað en hreinasti óþarfi, og fjarri því, að hjer sje um nokkurt þjóðþrifamál að ræða. Jeg tel frv. ekki þess vert, að haldið sje í því lífinu, og þætti mjer því æskilegast, að það yrði felt nú þegar.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Það hefir

nú verið ráðist svo óþyrmilega á þetta frv., að maður skyldi ætla, að í því væri ekki nokkur heil brú.

En hvað sem því líður, þá hygg jeg, að hjer sje um nytsamt mál að ræða, sem þó síðar nái fram að ganga. — Það skal jeg að vísu játa, að orðalagi frv. kann að vera í ýmsu ábótavant, enda var það sjerstaklega það, sem hv. 2. þm. Árn. (E. A.) var að fetta fingur út í. (E. A.: Jeg talaði um stefnu frv.). Að vísu mintist hv. þm. á stefnuna, en aðallega var það þó orðalagið, sem hann fjölyrti um, og „lagasíteringarnar“. En, eins og gefur að skilja, er hægur vandi að lagfæra þessi missmíði. Báðir þeir háttv. þm., sem talað hafa, (E. A. og Þorl. J.) hafa mælt mjög á móti frumvarpinu, en hvorugur þeirra hefir þó fundið hvöt hjá sjer til að koma með neitt betra í staðinn, sem þá rjeði bót á þeirri óreiðu og ólagi, sem er á markamálinu, því að þetta þarf að laga, á því er enginn efi, og hvers vegna mundi einmitt það fjelag, sem lætur sig mestu máli skifta öll landbúnaðarmál, vera að mælast til, að í þessu máli sje borið fram lagafrv. hjer á þingi, nema þess vegna, að það telur nauðsyn á því, að um þetta verði sett föst akvæði, — og þó að jeg telji hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) sæmilegan mann í alla staði, þá verð jeg þó að meta meira umsögn þessa fjelags um þetta heldur en hans. Jeg tel vafalaust, að meira kveði að misdrætti, sem stafar af sammörkum hjer á landi, en hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) vill halda fram. Þá var hann að tala um, að meiri tekjur yrðu að þessu fyrir landssjóð en nefndin gerði ráð fyrir, eða alt að 40000 kr., vegna brennimarkanna, sem nefndin slepti vegna þess, að hún vildi ekki gera ofmikið úr tekjuhlið málsins. Hann taldi, að hjer væri um skatt á markaeigendur að ræða, en það er misskilningur. Markaeigendur auka eign sína; markið fær á sig friðhelgi, og getur gengið kaupum og sölum, fyrir meira en skrásetning marksins og brennimarksins kostar; annars má ekki búast við miklu af þingmanninum (Þorl. J.), þar sem hann kvaðst ekki skilja, hvað meint væri með málinu. — Sem dæmi upp á, hvernig tekið hefir verið móti þessu frv. hjer í hv. deild, mætti nefna spurningu hv. 2. þm. Árn. (E. A.) um það, hvað eigi að marka, og annað fleira því líkt. Landbúnaðarnefnd hafði ekki búist við, að svo barnalegar spurningar yrðu bornar fram hjer. En það sýnir best þann hug, sem fylgir málum hjá þeim, sem hafa komið með þær. — Viðvíkjandi því, hvaða „búfje“ eigi að marka, þá fæ jeg ekki sjeð, að vafi geti verið um það, og býst ekki við, að jeg þurfi að fræða prófessorinn um þýðingu á jafnalmennu orði. Eins og menn vita hafa hross miklu minna samgöngusvæði en sauðfje, og eru því sjerstök ákvæði um mörk á þeim. Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) var að finna að orðalagi 3. gr., þar sem sagt er, að mörk skuli færð. — Jeg veit ekki betur en að það sje algengt mál t. d. að segja „að færa reikninga“. (E. A.: Það er ekki íslenska). Það gildir einu; sama má segja um fjölmörg önnur orð, sem komin eru inn í íslenska tungu, að þau eru úr erlendum tungum tekin, enda tíðkast þetta án þess að fundið sje að. En þetta má auðvitað lagfæra, svo að hv. þm. (E. A.) hefði getað sparað sjer þessar hártoganir. Jeg ætla ekki að eyða fleirum orðum að þessu, en mjer er talsvert umhugað um þetta mál, og það sem vakti fyrir nefndinni, var að fá það hjer til umræðu, en ekki hitt, að því væri til lykta ráðið á þessu þingi. Að vísu væri æskilegt, að málið fengi að ganga til hv. Ed., en það sýnist mjer ekki muni eiga fyrir því að liggja.

Nefndin býst við, að 2500 kr. verði oflítið. En sú upphæð mundi fást af lög-

skráningu markanna, eða því sem næst, þar sem öll mörk landsins eru um 23471. Verður það því sýnilega hverfandi, sem geldst í landssjóð, og í byrjun sjálfsagt nokkur útgjöld, en jeg vil segja: „Til mikils skal mikið vinna“. Jeg álít þetta mál svo merkilegt og svo mikla þörf að koma því í lag, að rjett sje að kosta einhverju til þess.

Jeg býst við, að ýmislegt af því, sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) fann frv. til foráttu, sje rjett, og jeg tel mjög líklegt, að ef málinu verður lengra lífs auðið, muni nefndin gjarnan vilja eiga von á aðstoð háttv. 2. þm Árn. (E. A.) um lagaatriði og „citöt“. Hann talaði um flutning markanna. Já, þegar maðurinn flytur, flytur hann auðvitað markið með, í hvaða umbúðum sem það er. (**B. J.**: Er nokkur munur á að „færa“ og „flytja“?). Getur verið talsverður.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) taldi málið ómerkilegt. Því hefi jeg áður svarað. Jeg tel málið merkilegt og vel þess vert, að því sje gaumur gefinn.

Einar Arnórsson: Jeg skal nú vera stuttorður um þessa „markleysu“, er hjer liggur fyrir. Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.), sessunautur minn, studdist við drottinvald Búnaðarfjelagsins, að mjer skildist; kvað búnaðarþingið því hlynt, að þetta mál gengi fram. Mjer er sama, hvaðan gott kemur. Jeg tel frv. engu betra þótt það komi frá hinu háa búnaðarþingi, en ekki frá þeirri háttv. landbúnaðarnefnd.

Háttv. sessunautur minn (St. St.) furðaði sig á því, að jeg spurði, hvað ætti að marka. Frv. segir ekki ljóst fyrir um það. Það segir „búfje“, en búfje getur þýtt sauðfje, eins og það virðist þýða í frv., en svo getur það nafn og náð yfir hross, nautgripi og geitfje. (**P. Þ.**: Þingmaðurinn sagði áðan, að geitur væru ekki búfje). Ef háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) hefir heyrst það, átti hann að taka betur eftir, eða reyna að skilja betur. En þar sem stendur í 11. gr., að kýr eigi að helga eignarrjett að kálfi, ef „fje er ómarkað, eða markið óglögt“, hlýtur það að byggjast á því, að nefndin hugsi sjer nautgripi markaða. (**S. S.**: Eiga að vera markaðir). Jeg er feginn að fá þær upplýsingar frá háttv. samþingismanni mínum. En alt ber þá að þeim sama brunni, að 1. gr. er gersamlega ranglega orðuð, er þar stendur: „sauðfjáreigendur“. Margir eiga sauðfje, þótt þeir eigi ekki kýr, og sjeu kýr búfje, og þær eigi að marka, ætti að standa í greininni „búfjáreigandi“, en ekki „sauðfjáreigandi“.

Annars sje jeg ekki ástæða til að karpa frekar út af frv. Þó skal jeg nefna eitt mjög ósanngjarnt ákvæði, sem sje það, að sá, sem kaupir fje, á að færa það til marks innan tveggja daga. Það getur oft reynst erfitt, eða jafnvel ómögulegt.

Annars hefir hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) tekið í sama strenginn og jeg, að stefnan sje óheppileg, frv. bæti lítið úr ruglingnum og geri mönnum óþarfa örðugleika og kostnað.

Sigurður Sigurðsson: Jeg skal ekki mæla margt, en það hefir glatt mig að sjá aðra glaða. Það er ekki svo oft, að alvörusvipurinn fer af mönnum hjer í deildinni, og sjaldnast nema þegar háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) heldur einhverja af sínum skemtilegu ræðum. En sjaldnast er ofmikið af því góða, og hláturinn er eitt af því góða. Þingmenn mega því gjarnan hlæja að þessu frv.; jeg get vel unnað þeim þess.

Eins og háttv. frsm. (St. St.) tók fram hefir þetta mál, markamálið, verið oftar en einu sinni til umræðu á búnaðarþinginu. Formaður Búnaðarfjelagsins, sem nú er, afhenti landbúnaðarnefnd frv. til markalega, þar sem aðalatriðin voru að heim-

ila sýslufjelögum að taka upp yfirmark á hægra eyra, en hreppsmarkið sje yfirmark á hinu. Nefndin gat ekki fallist á þessa stefnu í markamálinu, afhenti þetta frv. þingskrifaranum hr. Pjetri Zophoniassyni og mæltist til þess, að hann athugaði málið. Varð það til þess, að þessi maður bjó til frv. það, sem hjer liggur fyrir, á þgskj. 596.

Því er ekki að leyna, að mál þetta hefir verið rætt töluvert í blöðum þeim og tímaritum, er ræða búnaðarmál, og altaf hefir það komið fram og verið kvartað um, að lagaákvæði vantaði, og að nauðsynlegt væri að gera eitthvað í þessu efni. Flestir hafa hallast að því að lögákveða sýslumark sem yfirmark á öðru eyra, en hreppsmark á hinu. En gegn því hafa risið allmikil andmæli, og hefir málið því ekki komið fram á þingi í þeirri mynd, nema einu sinni og átti þá ekki vinsældum að fagna.

Það er aðalatriðið frá nefndarinnar sjónarmiði og annmarkinn mesti, að nú geta *allir tekið upp fjármark*, hvernig sem á stendur. Eftir því, sem fjáreigendum fjölgar og mörkin verða fleiri, veldur það meiri og meiri erfiðleikum og glundroða frá því sem áður var. Enda eru fjármörk altaf að aukast, eins og óskilafjárauglýsingar í blöðunum bera ljósastan vott um. Er full ástæða til að ráða bót á þessu.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að erfitt væri að ráða bót á þessu, nema að setja hemil á, að menn geti tekið sjer mörk upp úr þurru og án þess að vita, hvort aðrir hefðu notað það áður. Sumum hefir dottið í hug að fela stjórnarráðinu sjálfu að hafa eftirlit með þessu og halda spjaldskrá yfir öll mörk á landinu og þá líklega á 2. skrifstofu stjórnarráðsins. En svo virtist flestum, sem þessi skrifstofa myndi hafa nóg að starfa, þótt ekki væri á hana bætt. Þá kom mönnum til hugar að setja sjerstakan markvörð, sem háttv. þm. hafa nú hent gaman að og nefnt ýmist markakonung eða markgreifa. Hefir komið út allítarleg ritgerð um þetta eftir Björn hreppstjóra í Grafarholti, og eru fleiri honum samdóma um þetta. Það á að vera einn maður, er hafi eftirlit og umsjón með öllum mörkum hjer á landi, upptöku þeirra og lögskráning. Þetta eru drögin eða ástæðurnar til að frv. kom fram.

Um aths., sem komið hafa fram nú við 1. umr., skal jeg ekki fjölyrða. Sennilega eru sumar þeirra á rökum bygðar. Háttv. samþingismaður minn (E. A.) las frv. aftur á bak, eins og sagt er, að viss persóna lesi biblíuna, og var því ekki á góðu von. (**E. A.**: Eða eins og guðfræðingarnir lesa biblíuna á hebresku). En sennilega hefir honum ratast margt rjett á munn, þeim góða og vísa manni, og er gott að eiga hann að til aðstoðar landbúnaðarnefndinni í þessu máli. (**E. A.**: Ef frv. fer til 2. umr.). Hana vantar tilfinnanlega lögfræðing til ráðuneytis. (**B. J.**: Hún hefir ráðanaut). Annars fanst mjer margt af því, sem hann og aðrir hafa sagt móti frv., frekar sprottið af viðleitni til að snúa út úr en af góðum vilja til að lagfæra það, sem miður fer.

Þar sem rætt hefir verið um, að nautgripir sje markaðir, þá er það víst og satt, að það tíðkast sumstaðar. Það er ekki alment, en það á sjer stað, og þá víst einkum þar, sem geldgripir eru reknir á fjall, eins og sumstaðar átti sjer stað áður og enn ber við að gert sje. Það má vel vera, að til sjeu menn, er eiga hross og nautgripi, en ekki sauðfje, en það mun ekki alment. (**E. A.**: Í mörgum kaupstöðum). Já, vitanlega, t. d. hjer í Reykjavík, og með tilliti til þess mætti laga upphafið á 1. gr.

Jeg ætla ekkert að segja um einstök atriði frv. nú við 1. umr.; það hafa aðrir leyft sjer það. En fái málið að ganga til

2. umr., vænti jeg, að nefndin eigi vísa góða aðstoð í háttv. samþingismanni mínum (E. A.) að laga misfellur, sjerstaklega misgripin um „citöt“ í önnur lög. Jeg vil helst ætla, að þessar aths. sjeu gerðar til þess að henda gaman að þessari einföldu landbúnaðarnefnd, en ekki sprottnar af illgirni. Og með það fyrir augum, að þær hafi verið gerðar í góðu skyni, vona jeg, að málið fái að ganga til 2. umr. og verði síðan lagað, svo að vandlátir menn megi vel við una.

ATKVGR.

Frv. *felt* frá 2. umr. með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., E. Árna., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Ó. B.

nei: B. Sv., B. J., B. St., E. A., E. J., H. K., M. P., P. J., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J.

29. Sameining Ísafjarðar og Eyrarhrepps.

Á 3. fundi í Ed., fimtudaginn 5. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sameining Ísafjarðar og Eyrarhrepps (A. 24).

Á 4. fundi í Ed., föstudaginn 6. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Ofskamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ.

Flm. (Magnús Torfason): Þetta frv. er flutt samkvæmt beiðni Ísfirðinga og Eyrhreppinga. Frv. fylgir allítarleg greinargerð og skjöl, er snerta málið, og tel jeg þess vegna óþarft að fara um það mörgum orðum að þessu sinni. Jeg skal að eins geta þess, að Ísafjörður var upphaflega hluti úr Eyrarhreppi. Því sambandi var slitið árið 1866, að beggja vilja. Var sú breyting næsta eðlileg þá, því að sveitin og bærinn áttu ekkert mál sameiginlegt nema fátækrabyrðarnar einar. Auk þess var svo háttað sveitarstjórn í þá daga, að hreppstjóri stýrði einn sveitarmálum, og var þess ekki von, að bærinn gæti tætt við slíka stjórn.

Nú er farið fram á, að hreppurinn og bærinn renni aftur saman, og er sú breyting jafneðlileg og skiftingin var áður. Báðir, sveitarmenn og bæjarbúar, sjá, að skiftingin hefir orðið til stórtjóns og muni verða til óbætanlegs skaðræðis eftirleiðis, ef ekki er við sjeð. Báðir sjá, að sammálin eru orðin bæði mörg og mikilvæg. Og báðir sjá, að sameiningin muni auka þeim afl og þor og þrótt til allra nytsamlegra framkvæmda. Því hefir samhugur þeirra aukist ár frá ári, enda er mál þetta stutt af yfirgnæfandi afli atkvæða, jafnt hreppsbúa sem bæjarbúa, án tillits til flokkaskiftinga í hjeraði.

Að svo mæltu óska jeg þess, að málið mætti ganga til 2. umr., og verði síðan vísað til allsherjarnefndar.

Guðjón Guðlaugsson: Hv. flm. þessa máls (M. T.) fræddi þessa hv. deild um það, að Ísafjarðarkaupstaður hefði eitt sinn verið hluti úr Eyrarhreppi. Mjer virðist sú upplýsing vera álíka mikilsverð og að hann hefði sagt frá því, að Reykjavík hefði eitt sinn verið hluti úr Seltjarnarneshreppi. Það er algerlega rjett, en þó hefir ekki verið farið fram á að sameina Reykjavík og Seltjarnarneshrepp. Hv. flm. (M. T.) upplýsti enn fremur, að mál þetta væri fram komið fyrir eindregið fylgi

manna frá Ísafirði og Eyrarhreppi. Mjer hefir verið sagt, að málið hafi verið felt í hreppsnefndinni með jöfnum atkvæðum. Ekki verður eiginlega sagt, að það beri vott um sjerstaklega einhuga óskir. Annars er þetta mál að öðru leyti æði athugavert. Í fyrsta lagi er vert að athuga, hvort það standi til eða það eigi við, að þingið taki málið til meðferðar, þar sem gengið hefir verið fram hjá sveitarstjórnunum, sem um slík mál eiga að fjalla. Hingað til hefir það verið siður, að slík mál gengi frá hreppsnefnd til sýslunefndar, og þaðan til stjórnarráðsins. Málið fór svo í hreppsnefndinni, sem jeg hefi bent á, og sýslunefndin ræddi málið alls ekki, heldur frestaði því til næsta fundar. Jeg vil leyfa mjer að minna á það, sem stendur í 3. gr. sveitarstjórnarlaganna. Hún hljóðar svo: „Stjórnarráðið hefir heimild til að skifta hreppi, sameina hreppa og breyta hreppamörkum. Eigi má neina slíka breytingu gera, nema eftir beiðni hreppsnefnda þeirra, sem hlut eiga að máli, og meðmælum sýslunefndar, nema þegar svo stendur á, sem í 4. gr.“ Og í 4. gr. er það eitt tekið fram, að kauptún eða þorp, sem hefir 300 íbúa eða fleiri, hafi rjett til þess að fá sjerstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig. Meðmæli sýslunefndar þarf með öðrum orðum ekki þegar skifta á hreppi undir þessum sjerstöku kringumstæðum, en ávalt annars. Og þegar þetta er athugað, og að sýslunefndin hefir málið til meðferðar, þá er það nokkuð hart, að hlaupið skuli vera fram hjá henni og stjórnarráðinu og málinu kastað inn á Alþingi, sem áreiðanlega hefir margt nauðsynlegra að starfa en að fást við þetta. Jeg gæti enn fremur mint á 72. gr. sveitarstjórnarlaganna í þessu sambandi. Hún hljóðar svo: „Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sýslu sjerstaklega, til lykta ráðið fyr en álits sýslunefndar þar hefir verið leitað um það“. Vitanlega má hártoga þetta og segja, að álits sýslunefndar hafi verið leitað, en það verður nokkuð litilsvirði, þegar ekki er beðið eftir svarinu frá henni. Sýslunefnd frestaði málinu með 8 atkv. gegn 2.

Mjer skilst svo, sem að hv. flm. (M. T.) teldi þetta mikið nauðsynjamál, og verð jeg þá að segja, að flest mál fara nú að gerast nauðsynjamál. Ef nauðsyn ber til að innlima fjarliggjandi sveitarfjelög í önnur, þá er eins sjálfsagt að innlima Hafnarfjörð í Reykjavík, því að þó að vegurinn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur sje ef til vill nokkru lengri en vegleysan milli Ísafjarðar og Hnífsdals, þá eru samgöngurnar miklu betri. Mjer finst þetta alt vera svo óeðlilegt og fráleitt, að jeg skil ekki, hvernig unt hefir verið að varpa svo dökku ryki í augu Hnífsdæla, að þeir hafi getað ímyndað sjer, að þeim væri hagur í þessari breytingu. Þeim ætti að vera hagur í því að kasta öllum umráðum yfir sínum málum í hendur bæjarstjórninni á Ísafirði. Jeg geri ráð fyrir því, að þeir hafi fengið fögur loforð um svo og svo mörg sæti í þeirri stjórn, en þau loforð ná skamt. Það má fyrst og fremst blátt áfram svíkja þau, og þau ná minsta kosti ekki lengra en til þeirra manna, sem nú ráða lögum og lofum þar í landi. Annars má segja, að mikil og góð reynsla er fengin fyrir því, að oft er holt að skifta hreppum, þar sem svo er háttað, að munur er mikill á atvinnuvegum manna, eða aðrir örðugleikar á sambandinu. Slíkt hefir alstaðar orðið til blessunar, þar sem jeg þekki til. Sameiningu sveitarfjelaga þekki jeg ekki; engin reynsla er til um hana hjer á landi. En ekki er ótrúlegt, að hún verði víðast hvar til tjóns, þegar skiftingin gefst yfirleitt svona vel. Hún er vitanlega ekki til tjóns fyrir Ísfirðinga, heldur fyrir þá, sem minni máttar eru. Og vjer erum þó fyrst og fremst

hingað komnir til þess að reyna að bera blak af þeim, sem máttarlitlir eru, eða hafa ekki vit á að fara með sín eigin mál.

Eins og mönnum er kunnugt er Hnífsdalur á öðrum kjálkanum við Skutilsfjörð. Jeg hefði vel getað skilið, að Hnífsdalur hefði viljað fá sjerstaka sveitarstjórn í sínar hendur, og sagt þá skilið við Eyrarhrepp, enda er fólksfjöldi þar svo mikill, að íbúarnir hefðu getað heimtað slíka breytingu samkvæmt lögum. Þá er Arnardalur á hinum kjálkanum. Hann er ekki svo fólksmargur, að hann geti gerst sjálfstætt ríki, eins og Hnífsdalur, en hann hefir heldur alls ekkert gagn af því að sameinast Ísafirði. Þá er að lokum miðkaflinn, botninn á firðinum. Jeg skil það vel, að Ísfirðingum sje mikið í mun að ná honum undir sig, því að þar er landrými gott. En nú vill einmitt svo til, að sá hluti Eyrarhrepps er mest á móti sameiningunni. Þar eru menn algerlega mótfallnir þessum bersýnilega barnaskap. Þeir vita, að meiri líkindi eru til þess, að þetta verði stórskaðsamlegt heldur en gagnlegt, og er jeg þeim fyllilega sammála í því efni. Jeg tel þess vegna langrjettast að vísa málinu frá, eða að fella það þegar við þessa 1. umr., því að það á ekkert erindi lengra á þessu þingi.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg verð að játa það, að jeg bjóst ekki við, að svo hart mundi verða spyrnt við þessu frumvarpi í þessari umræðu, sem raun hefir á orðið. Jeg bjóst ekki við, að neinn mundi hafa á móti því, að málið yrði að minsta kosti athugað í nefnd, því að það er alger misskilningur, að málið eigi ekki heima á þinginu. Sveitarstjórnarlögin mæla einungis fyrir um það, hvernig fara eigi með mál þegar á að skifta hreppi, en alls ekki þegar bæjarfjelag á í hlut. Sýslunefndir hafa heldur ekkert úrskurðarvald um slíkt. Þær eiga einungis að segja sitt álit. Og í þessu máli hefir verið leitað álits sýslunefndarinnar, en hún er vitanlega sjálfráð um það, hvort hún lætur uppi sitt álit. Það er þess vegna algerlega rangt, sem háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) þóttist geta lesið úr 72. gr. sveitarstjórnarlaganna. Annars hefir aldrei verið farið neitt eftir tillögum sýslunefnda í slíkum málum. Og Gullbringusýsla hafði t. d. alls ekki atkvæði um það, hvort Hafnarfjörður skyldi verða kaupstaður. Hjer veltur á því, hvað batar þá, sem saman vilja ganga.

Jeg gat þess áðan, að breyting þessi hefði verið samþykt í hreppsnefnd Eyrarhrepps. Jeg fer þar með rjett mál, og er það algerlega röng staðhæfing hjá háttv. 4. landsk. þingmanni. (G. G.), að hún hafi verið feld með jöfnum atkvæðum. Skil jeg, satt að segja, alls ekki, að jafnskýr maður skuli fara svo skakt með. Og minna mátti ekki heimta en að hv. þm. (G.G.) hefði kynt sjer skjöl þau, sem lúta að málinu, úr því að hann andæpti því. Hefði hv. þm. gert þetta, þá hefði hann komist að raun um, að tillagá þessi var samþykt í sveitarstjórninni með 3 atkv. gegn 3 og úrskurðaratkvæði oddvita.

En hvað sem öðru líður, þá er aðalkjarni þessa máls vitanlega sá, hve nauðsynin á stækkun kaupstaðarins er brýn. Það tjáir lítið að vitna til sameiningar á Reykjavík og Seltjarnarnesi, því að Seltirningar hafa aldrei viljað hana. Hitt er áreiðanlegt, að Reykjavík hefir skaðast svo að miljónum króna skiftir á því að hafa ekki tekið Nesið fyrir löngu, og það tjón verður aldrei bætt.

Þessi nauðsyn Ísafjarðar á því að fá meira land stendur í sambandi við hinn nýja atvinnuveg, sem þar hefir hafist á síðari tímum, síldveiðina, sem nú eykst ár frá ári. Kaupstaðurinn hefir minst upplland allra bæja á landinu, er í hreinni landsveltu. Hann þarfnast þess vegna

átakanlega að fá meira land, enda er nú fram komið hjer annað frumvarp á þinginu um útfærslu verslunarlóðar kaupstaðarins í Eyrarhrepp. Væri það álíka viðrinislegt að láta verslunarlóðina vera í tveim þinghám og ef kaupstaðarmörkin hjer væru um Fúlutjörn.

Það eitt er víst, að skiftingin hefir óbætanlegt tjón í för með sjer fyrir báða parta. Þörfin er svo brýn á að kippa þessu í lag, og hættan er svo mikil við að láta þetta óbreytt, að slíkt verður ekki tölum talið.

Annars furðar mig á því, að háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) ætlar sjer að fara að knjesetja Hnífsdæli. Þeir eru dugnaðar- og atorkumenn og fjáðir vel og bera fult skyn á fjármál sín, og í þeim þykir oss Ísfirðingum gott mannkaup; enda hafa þeir stofnað til þessa máls með fullráðnum huga. Mörg ár eru liðin síðan þetta mál bar fyrst á góma. Það er svo langt frá því, að þeir hafi óskað að verða sjerstakur verslunarstaður, að það eru þeir, sem áttu frumkvæði að sameiningunni, enda mundu hafa stórgagn af. Af skjölum málsins, sem liggja hjer frammi á þingi, má sjá, að Ísfirðingar og Hnífsdælir hafa þegar eitt stórmerkt sammál, en það er raflýsing.

Hafa Eyrhreppingar trygt sjer fossaflið dýru verði, en bænum láta þeir það eigi falt nema sameinað sje; svo fast sækja þeir hana. Er þetta eitt nóg til að sýna, hve brýn og bráð þörfin er.

Um Arnardal er það að segja, að þar var mikil verstöð í gamla daga. Nú er það alt í kalda koli, og Arndælir vita, sem er, að þeir eiga ekki uppreisnar von, nema með stuðningi Ísfirðinga.

Þegar alls þessa er gætt, og hitt er einnig athugað, að tillaga þessa efnis fjekk 225 atkv. gegn 47 á fundi á Ísafirði, og 112 gegn 24 í Eyrarhreppi, þá er ekki svo að sjá, sem hv. 4. landsk. þm. (G.G.) geri mikið úr þjóðræðinu hjer á landi, er hann vill ekki einu sinni lofa málinu að komast í nefnd, til athugunar þar. Annar er óþarft að ræða frekar um málið á þessu stigi. Jeg vona fastlega, að það fái að komast í nefnd, og þá fyrst, er það kemur úr henni, er rjett að ræða það frekar.

Guðjón Guðlaugsson: Eins og háttv. deild er kunnugt er tíminn dýr núna. Jeg er þess vegna þeirrar skoðunar, að rjettara sje að drepa þau mál strax, sem eiga að deyja, heldur en að vera lengi að veita þeim náðjargirnar.

Hv. flm. (M. T.) taldi það vera rangt hjá mjer, að mál þetta hefði verið felt með jöfnum atkvæðum í hreppsnefndinni, og benti á, að það hefði verið samþykt með 3 atkv. gegn 3. Slíkar samþyktir eru að vísu fáheyrðar, en það kom þá í ljós, að oddviti hafði úrskurðað málið samþykt. 3 menn á móti 3 mönnum er sannarlegt jafntefli, því að oddviti er aldrei nema maður, eins og hinir.

Oddvitinn úrskurðaði það samþykt. Hann hefir ekki flökrað við því, þann heiðursmann, að koma dálítið fram sem „parti“-maður. Það eru þó flestir oddvitar, sem hafa þann sið að telja mál fallið þegar ekki fæst meiri hluti atkvæða.

Hv. þm. Ísf. (M. T.) talaði um, að það væri gott mannkaup í Hnífsdælum. Ef Ísafjarðarkaupstaður á að fara að kaupa Hnífsdæli sem þræla, má geta þess, að það hefir oft komið fyrir, að hertekið fólk hefir verið keypt dýru verði, og það hefir þótt borga sig, en það er ekki víst, að það hafi verið svo gott fyrir þá, sem herteknir voru, heldur fyrir þá, sem nutu þeirra á eftir.

Hv. flm. (M. T.) tók fram, að hreppsnefnd Eyrarhrepps vildi fyrirmuna Ísafjarðarkaupstaði kaup á fossafli, og fæ jeg varla skilið, að hún vilji fyrirmuna þeim fossaflið, ef vináttan er jafnmikil og hv.

flm. (M. T.) segir. Vináttan getur ekki staðið á eins föstum fótum og háttv. flm. (M. T.) segir, eða hjer er orðum aukið eða eitthvað misskilið.

Jeg geri það ekki að neinu kappsmáli, hvort frv. er lofað að fara til nefndar eða ekki, þótt það raunar sje að eyða tíma í hjegóma, sem hingað á ekki að koma.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg skal geta þess, að tillögur um sameininguna voru samþyktar á fundi hreppsnefndarinnar með 4 atkv. gegn 3 og þaðan af fleiri.

Jeg skil ekki ummæli hv. 4 landsk. þm. (G. G.) um þrælakaup á Hnífsdælum. Þau koma engum til hugar. Og jeg má fullyrða, að Hnífsdælir munu ekkert þakklátir hv. 4. landsk. þm. (G. G.) fyrir umhyggju hans fyrir þeim í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 : 1 atkv., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) með 8 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., fimtudaginn 26. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 145).

Frsm. meiri hl. (Magnús Torfason): Eins og nefndarálitið ber með sjer hefir nefndin, sem um málið fjallaði, klofnað. Meiri hlutinn leggur til, að frumvarpið verði samþykt, en minni hlutinn vill ekki samþykkja það að *svo stöddu*, sakir þess, að meðmæli sýslunefndar með sameiningunni vanti. Þessari mótbáru tel jeg rækilega svarað í nefndaráliti meiri hlutans, og þarf því eigi að fara um hana fleirum orðum að þessu sinni.

Meiri hlutinn leggur til, að 3. gr. falli niður. Hún var að eins sett í frv. til varúðar, en hennar þurfti ekki með, með því að hún var sjálfsögð að lögum. Öll nefndin var sammála um, að þessi grein væri óþörf, og að það nægði að geta þess í framsögunni, að sú regla, sem þar væri tekin fram, ætti að gilda.

Jeg finn ekki ástæðu til að rekja málið nánar við þessa umræðu. En jeg vil þó minnast á eitt sjerstakt atriði, sem olli því, að Ísafjarðarkaupstaður sóttist eftir Eyrarhreppi. Svo er sem sje mál með vexti, að landkostir eru mjög litlir á Ísafirði. En bænum er þó nauðsyn á, að hafa næga mjólk. Á því er þó mikill brestur. Bærinn verður þess vegna að hafa frjálsar hendur um næga aukningu á mjólkinni. Og þó er það eitt ekki nóg. Hann verður líka að hafa tök á að geta sjeð fyrir því, að mjólkin verði sæmilega góð til nautnar. En kaupstaðurinn hefir engin umráð þessa sem stendur. Umdæmi bæjarins nær ekki til mjólkurframleiðendanna. Vjer getum að eins sett reglur um meðferð á mjólkinni í sjálfum kaupstaðnum. Þessir annmarkar skaða að vísu ekki mjög þar, sem mjólkin er nóg, en þeir eru afarbagalegir þeim, sem litla mjólk hafa. Nú orðið neita bændur að flytja mjólkina til bæjarins og segja: „Viljið þið ekki gera svo vel að sækja hana til okkar“. Undir þetta verðum vjer að beygja oss, hvernig sem frá mjólkinni er gengið. Og vjer getum ekkert eftirlit haft með hreinlæti á mjólkinni.

Eitt er það, sem mjög hefir loðað við Ísafjarðarkaupstað. En það er barnadauði. Hann hefir verið hreint og beint afskaplegur. Reyndar hefir dregið töluvert úr honum nú á síðari árum, fyrir góðar og gegnar ráðstafanir landlæknis. En hann er samt enn þá meiri á Ísafirði en víðast hvar annarsstaðar. Og því meiri hörgull sem verður á mjólkinni, því meiri verður barnadauðinn. En mjólkurskorturinn verður ekki bættur á annan hátt en með sameiningu Eyrarhrepps og kaupstaðarins.

Það má ganga að því vísu, að Ísafjarðarkaupstaður nái miklum þroska eftir

ófriðinn, og því meiri verður mjólkurþörfin.

Jeg skal ekki færa fleiri ástæður, máli mínu til sönnunar, að þessu sinni, en geymi mjer það, ef síðar skyldi verða þörf. Þó get jeg ekki stilt mig um, að benda hv. deild á það, að Ísafjarðarkaupstaður á kröfu til að fá uppbót á því, sem við hann hefir verið misgert.

Fyrir fám árum voru tvær kirkjujarðir seldar frá honum, gegn einróma mótmælum bæjarfjelagsins. Önnur þeirra var ágætlega fallin til kúabús. Þetta var að vísu ekki þinginu að kenna, heldur þáverandi stjórn. Þessar jarðir mundi bærinn hafa getað notfært sjer, ef þær hefðu ekki verið seldar. En úr því að þær hafa gengið bænum úr greipum, þá eru ekki önnur ráð til þess að ná þeim aftur en að bærinn nái hreppnum, sem þær eru í, undir sitt umdæmi.

Að lokum skal jeg geta þess, að jeg er því samþykkur, að málið verði ekki afgreitt í Nd., fyr en fulltrúi sýslunnar hefir tekið sæti á þingi.

Frsm. minni hl. (Hannes Hafstein): Jeg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara. Jeg get ekki verið samþykkur meiri hlutanum um það, að frv. verði samþykt að svo komnu máli. Það er fullkomlega næg ástæða fyrir því, að frv. verði ekki látið fara lengra, að sýslunefndin hefir ekki látið álit sitt uppi um sameininguna.

Þegar á að taka stóran hrepp og leggja hann undir annað umdæmi, þurfa báðir aðiljar að láta í ljós vilja sinn á þeirri ráðstöfun. Það er mál, sem tveimur kemur við. Jeg skal ekki segja neitt um það, hverjar tillögur sýslunefndarinnar kunni að verða. En hingað til hafa að eins tveir nefndarmanna viljað veita sameiningunni fylgi sitt.

Fyrir utan þessar ástæður er þess að gæta, að málsvari Norður-Ísafjarðarsýslu er nú ekki lengur til svara. En hann hafði mjög ákveðnar skoðanir í þessu máli, og var eindregið á móti breytingunni.

Jeg álít því, að það sje ekki hyggilegt af hv. deild, að samþykkja frumvarpið að svo stöddu. Og jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að málinu sje vísað frá með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

Með því að sýslunefndin í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem með frumvarpi þessu er farið fram á að skerða, hefir enn ekki látið uppi tillögur sínar, og kjördæmið er sem stendur þingmannslaust, telur deildin ekki rjett, að mál þetta gangi lengra að svo stöddu, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Guðjón Guðlaugsson: Skoðanir mínar á þessu máli hafa ekki breyst mikið síðan við 1. umr. Jeg var þá þeirrar skoðunar, að frumvarpið væri ekki þannig vaxið, að það bæri að samþykkja, heldur taldi jeg rjettast að fella það þá þegar. Og úr því að jeg hafði þessa skoðun þá, vil jeg einnig nú, að málið sje sem fyrst úr sögunni. Mjer er reyndar meinlaust, að málinu sje vísað frá með rökstuddri dagskrá. En jeg álít samt, að ekki beri að sýna því slíka vægð.

Í fyrsta lagi vil jeg gera þá athugasemd sem nauðsynlega, að kjördæmið, sem hreppurinn liggur í, er nú þingmannslaust. Og jeg skal geta þess enn fremur, að þingmaðurinn (Sk. Th.) bað mig að gera alt það, sem jeg gæti, til þess, að frumvarpið fjelli alveg úr sögunni. Hann var stórlega mótfallinn sameiningunni. Áleit hana engum að gagni, en sýslunni til skaða og skapraunar.

Í öðru lagi er það, að nú hafa bæst þrjár áskoranir við þær þrjár, sem fyrir voru við 1. umr. málsins, um að frum-

varpið verði felt. Ein áskorunin er undirskrifuð af 80 manns úr hlutaðeigandi hreppi. Þeir skora allir á þingið að samþykkja ekki frumvarpið, en fara hins vegar fram á, að Eyrarhreppi verði skift í 2 hreppa, alveg gagnstætt við frumvarpið. Nú hafa þess vegna allir hrepparnir kringum Djúpið sent áskorun, nema að eins einn. Jeg hefi því miður eigi haft enn tækifæri til að kynna mjer skjölin, og man því ekki glögt undirskrifendafjöldann. En hrepparnir eru 6 að tölu, Nauteyrarhreppur, Ögurhreppur, Snæfjallahreppur, Súðavíkurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur og Eyrarhreppur. Þeir leggjast allir eindregið á móti sameiningunni og skora á þingið, að samþykkja alls ekki frumvarpið.

Þetta finst mjer alt annað en bending um, að sameiningin sje nauðsynleg. Mjer finst þinginu vera stórvansæmd að samþykkja frv., þvert ofan í áskoranirnar. Og jeg get því ekki sjeð, að hjer sje um annað að gera en að fella frv.

Hv. 1. landsk. þm. (H. H.) gat þess, að sýslunefndin hefði skifst í tvo flokka um þetta mál. En síðar sameinaði hún sig í stórkostlegum meiri hluta um að fresta málinu.

Það er því í rauninni alt mótmæli gegn frv. Það eru frekar mótmæli frá sýslunefndinni gegn því, að frv. sje gert að lögum, þar sem hún frestar málinu, og því er mótmælt af 3 af 7 hreppsnefndarmönnum Eyrarhrepps. En það væri nú ekki svo mikið, ef það væri eindreginn vilji Ísfirðinga, að þetta frv. gengi fram, en mjer er það ósköp vel kunnugt, að svo er ekki, því að jeg var á Ísafirði, er málið var í undirbúningi þar. Það skifti tugum manna á Ísafirði, er fóru fram á, að jeg stuðlaði að því, að þetta frv. fengi ekki fram að ganga. Allir vildu þeir gjarnan fá jarðirnar inni í Skutilsfirði, en sumir álitu það einkis virði, jafnvel heimsku, að vera að berjast við að ná í Hnífsdal og Arnardal. Það má því segja, að frv. þessu sje mótmælt frá öllum málsaðiljum nema Ísafjarðarkaupstað, og þaðan hafa engin meðmæli komið fram með því, nema frá bæjarstjórninni. Annarsstaðar frá hefir, að því er mjer er kunnugt, ekki komið fram nein beiðni um að styðja frv.

Bending er það og, um að ekki sje sem heppilegast að samþykkja frv., að sá maður, sem kunnugastur er þar, að undanskildum háttv. flm. (M. T.), leggur einmitt á móti málinu. En mjer skilst svo, sem hv. flm. (M. T.) sje talsvert «interesseraður" í málinu, og svo er það í öðru lagi, að jeg hygg, að hann líti svo skrítilega á málið í mörgum atriðum, að það verði úr því nokkurskonar misskilningur. Sem dæmi þess skal jeg minnast á það, sem háttv. flm. (M. T.) var að minnast á, að þar væri gott sauðland, mjólkurland, beitarland o. fl. (M. T.: Jeg sagði ekki sauðland). Ef þm. hefir ekki svo mælt, skal jeg bæta því við, því að þar er gott sauðland.

En hvað kemur þetta í raun og veru málinu við? Þeir, sem eiga jarðirnar þar í kring, búa á þeim eftir sem áður, og það er ekki unt að kúga þá til að selja mjólk til Ísafjarðarkaupstaðar, og það hefir engin áhrif á það, í hvaða sveitarfjelagi þeir eru. Það sjá því allir, að ummæli þingmannsins (M. T.) um mjólk voru hjegóminn einber, þótt þau hins vegar að sumu leyti, t. d. um nauðsyn mjólkur, væru rjett. Sama er að segja um beitarlandið. Jarðeigendur geta afgirt lönd sín og bannað öðrum að beita þau. Það getur enginn bannað. Þetta kemur því heldur ekkert málinu við. Þá sagði háttv. flm. (M. T.), að ef frv. næði fram að ganga, þá mundi mjólkin aukast í Ísafjarðarkaupstað. Jeg býst nú við því, að þótt svo yrði, þá mundi Ísafjörður fá lítið af mjólk úr Hnífsdal, sem er stærðar sjó-

þorp með tveimur verslunum og mikilli útgerð.

Nei — mjólkurskorturinn á Ísafirði batnar ekki við þetta, en það er ekki nema eðlilegt, að Ísfirðingar vilji fá yfirráð yfir jörðunum inni í Skutilsfirði. Það er aðalatriðið, að Ísafjörður gæti fengið þær jarðir keyptar, og ósk um það er í alla staði rjettmæt, því að þá fær bærinn yfirráð yfir jörðunum, en þau fær hann ekki með sameiningunni einni. Slíkt frv. lá hjer fyrir í háttv. deild, þar sem bærinn fjekk keyptan hluta úr jörðinni Tungu. Það var rjetta leiðin, enda hefir hv. deild samþykt það fyrir sitt leyti.

Þá vil jeg minnast á nál. meiri hl. — Það er hreinasta gersemi.

Þar segir svo:

„Í sveitarstjórnarlöggjöf vorri hefir sú stefna orðið æ ríkari með ári hverju, að láta hjeruðin ráða sem mestu um mál sín, án íhlutunar löggjafarvaldsins . . .“

Er það að láta hjeruðin ráða sem mestu um mál sín, þegar tekið er beint fram fyrir hendur þeirra, gegn öllum mótmælum, sem fram geta komið. Þetta er ástæða, sem jeg held að hefði verið rjett, ef minni hluti nefndarinnar hefði viljað segja nokkuð um málið, því að það styður hans mál, en alls ekki meiri hlutans.

Jeg fæ ekki skilið það, sem sagt er í nál. meiri hl. að Norður-Ísafjarðars. hafi jafnvel hag af því að missa einhvern stærsta og besta hreppinn úr sýslufjelaginu, en um þetta segir svo í nefndarálitinu:

„Þvert á móti er Norðursýslunni verulegt hagræði að því að losna við öll útgjöld til sýsluvegarins frá Ísafirði og vestur á Breiðdalsheiði . . .“.

Jeg skil ekki þessa ástæðu, og mjer finst þar fylgja böggull skammrifi. Ef sýslufjelagið losnar við þessa vegagerð, þá missir það og af tekjunum, og jeg veit ekki, hvort betur má sín. Og eitthvað kynduglega er málið meðhöndlað af meiri hluta nefndarinnar. Jeg fæ ekki skilið, eftir hvaða lögum Ísafjörður er skyldur til að kosta vegi í öðrum hreppum, og ekki er það ætlunin að leggja Bolungavík eða Hólshrepp undir Ísafjörð, svo að sýslan verður eftir sem áður að kosta heiðarveginn.

Það er mjög dýrmæt og mikilvæg upplýsing um það í nefndarálitinu, að bærinn standi í miðri sveit — jeg tók það raunar fram um daginn við 1. umr. — svo að hvergi sje lengra en 5 kílómetrar. 5 kílómetrar á hvern veg, og strandlengja kaupstaðarins nú, 1—2 km., verður því 11—12 km., sem þessi útkjálkakaupstaður á að ná yfir. Hann fer að slaga hátt upp í Lundúnaborg á lengdina, þótt breiddin verði ekki eins. Þetta hefir sjálfsagt átt að vera til að styðja fremur málstað meiri hl., en mjer finst, að hún hefði heldur átt að koma frá minni hlutanum, og þess vegna tek jeg hana upp.

Jeg hefi svo ekki meira að segja um þetta mál. Málið er ekki svo mikilsvert, að rjett sje að gera því hátt undir höfði. Mjer finst það liggja beinast við að fella frv. strax,

Málið snertir marga, og flestir af þeim óska þess, að það verði felt. Það sýna þessi mörgu og margvíslegu mótmæli.

Kristinn Daníelsson: Jeg hefi skrifað undir álit meiri hluta nefndarinnar, og vil jeg láta fylgja því áliti nokkur orð, þótt það sje ef til vill óþarfi, og jeg viðurkenni, að það sje góð og gild regla, að frsm. einn útskýri málið fyrir nefndina. En aðstaða hv. frsm. meiri hl. (M. T.) í þessu máli er nokkuð sjerstök, þar sem hann er bæjarfógeti í kaupstað þeim, sem hjer ræðir um, svo að það getur litið svo út, enda ekki trútt um, að því hafi verið að honum beint, að hann sje hlutdrægur í málinu. Það ætti raunar að vera útilokað, því að hann er líka yfirmaður þessa hrepps, og ber því að gæta hagsmuna hans, ekki

síður en annara sveitarfjelaga í umdæmi sínu. Það má líka minna á það, hversu mikið mörg bæjarfjelög og kauptún eiga upp að unna ötulum yfirmönnum, er láta sjer ant um hag þeirra. Hjer sitja eflaust margir menn, er skilja til fulls áhuga frsm. meiri hl. (M. T.) á að gagna stað sínum, svo sem fremst er kostur á.

Það er álitamál, hversu mikinn hagnað Eyrarhreppur hefir af sameiningunni, en að minsta kosti hygg jeg, að margir okkar mæli með því, enda eru þess dæmi annarsstaðar frá, að það hefir reynst gott fyrir lítið sveitarfjelag að sameinast öflugu kaupstaðarfjelagi. Og allur vafi í þessu efni ætti að hverfa, þegar á það er litið, hversu mikið fylgi þetta hefir haft í báðum þessum sveitarfjelögum. Og ekki efa jeg, að þótt þetta mál verði tafið nú, þá komi það til þingsins aftur og aftur, uns það verður samþykt. Á það bendir reynslan ótvírætt.

Jeg sje ekki, að það geti verið nema ein ástæða, sem geri það rjettmætt að tefja málið á þessu þingi. Og það er, að hv. Alþingi dragi í efa, að óskir þær, er komið hafa fram um sameininguna, sjeu alvarlega meintar. En jeg sje ekki, að það sje nein ástæða til að ætla, að svo sje.

Mótþrói sá, sem er á móti þessu frv., er aðallega úr 3 áttum.

Í fyrsta lagi úr þeirri átt, sem í raun og veru er fyrir utan aðilja þessa máls. Úr þeirri átt finst mjer vera rjett að telja kapp það, er hv. 4. landsk. þm. (G. G.) leggur á að fella málið; virðist það allóeðlilegt, þar sem hann vill forða frá sameiningu tveimur sveitarfjelögum, sem sjálf vilja sameinast.

Í öðru lagi mótspyrna frá hreppnum. Það er æfinlega svo, þegar slíkt mál sem þetta er á baugi, að fáeinir bæir, eða eitthvert lítið bygðarhverfi, verða á móti því, t. d. ef sameina á tvær sóknir. Og þetta getur verið alt eins, þótt það sje mjög almennur vilji allra annara, að breytingin komist á. Hjer er það líka svo, að slíkur mótþrói er í þessu máli, þótt mjer virðist ekki kveða mikið að honum.

Það lítur svo út, sem eitt bygðarhverfi sje á móti því, og það er einmitt sá hluti hreppsins sem óeðlilegast er að sje á móti því.

Vitaskuld er það, að atkvæði hreppsnefndarinnar hafa fallið svo, að þar urðu þrír á móti þrem, svo að atkvæði oddvita skar þar, lögum samkvæmt, úr. En þess ber að gæta, að einn hreppsnefndarmaðurinn hefir ekki greitt atkvæði í málinu, og það sýnir, að hann hefir ekki treyst sjer til að vera á móti því — ekki treyst sjer til að ganga í lið með þeim, sem voru á móti málinu, en hitt er miklu meira um vert, að mikill meiri hluti atkvæðisbærra manna á fundi, er haldinn var um þetta mál, var með sameiningunni. Og það var fjölmennur fundur, en það er sjaldgæft, að fundir sjeu mjög fjölmennir, nema um sjerstök áhugamál manna sje að ræða.

Þriðja áttin, sem mótþróinn kemur frá, er sýslunefndin.

Jeg vil strax taka það fram, að álit sýslunefndarinnar getur ekki verið bindandi fyrir löggjafarvaldið. Það á að leita álits sýslunefnda þegar umboðsvaldið á í hlut, en álit sýslunefnda getur ekki bundið löggjafarvaldið, nema það væri þá ákveðið í stjórnarskránni. Það er ekki hægt að segja við löggjafarvaldið: Þú mátt ekki gera þetta nema sýslunefndin í N.-sýslu samþykki það, en það getur oft verið að þegar framkvæmdarvaldið telur sig verða að ganga frá máli, þá gerir löggjafarvaldið út um það.

Það er alt annað hvað löggjafarvaldið telur hyggilegt fyrir sig að gera, hverjar upplýsingar það óskar að fá, áður en það afgreiðir málið. Það má ekki skilja svo,

sem úrslit slíks máls í sýslunefnd þurfi að sjálfsögðu að vera hindrun fyrir framgangi málsins hjer á þinginu.

En setjum nú svo, að hjer hefði átt að gilda hið sama og ef umboðsstjórnin hefði afgreitt málið, og því átt að leita álits sýslunefndarinnar; þá hefir það verið gert, þótt þess þyrfti vitanlega ekki, að því er kaupstaðinn snertir, sem gat leitað beint til þingsins. En framkoma sýslunefndarinnar virðist vera mjög undarleg. Þegar málið er borið undir hana, þá tekur hún þann kost að tefja málið og draga það á langinn, með því að fresta að láta uppi álit sitt. Af þessari framkomu virðist mjer það vera auðsætt, að hún treystist ekki til að vera á móti málinu. Því að ef svo hefði verið, þá hefði hún ekki þurft neitt að kynoka sjer við að láta það álit sitt í ljós. Mjer finst því, að þingið þurfi alls ekki að vera bundið við gerðir sýslunefndarinnar.

Þá er það mjög kynlegt, að sýslunefndin skuli vísa þessu máli til allra hreppa í sýslunni, til atkvæðagreiðslu og umsagnar þar. Það gæti fyrst og fremst orðið langur dráttur á því, að allir hreppar við Ísafjarðardjúp hefðu greitt atkvæði um málið, og það er harla undarlegt, ef Inndjúpshreppar eiga að fara að verða forsjónarmenn fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp.

Jeg verð að segja það, að þetta er alllíkt því, sem gerist annarsstaðar, þar sem jeg þekki til.

Jeg skal taka dæmi, sem mjer er sjerstaklega vel kunnugt.

Hafnarfjörður var tekinn frá Gullbringusýslu, feitasti biti hennar, án þess að sýslunefndin væri nokkru sinni að því spurð.

Það var álitið eindregið löggjafarmál, datt engum annað í hug.

Og í sama mund og Hafnarfjörður var gerður að sjerstöku bæjarfjelagi þá verður Keflavík, sem orðin var kauptún með meira en 300 manns, hreppsfjelag fyrir sig og er sameinað við hana Njarðvík og alla leið inn undir Vogastapa. Og vegalengdin er líklega álíka mikil og hjer hjá Ísfirðingum. Þetta mál var auðvitað fyrir sýslunefnd Gullbringusýslu, og sýslunefndin ljet í ljós, hvert tjón og söknuður henni væri að því að missa Keflavík og Njarðvík að miklu leyti, en alt um það ljet sýslunefndin það einróma í ljós, að þar sem sveitarfjelögin sæju hag sinn í þessu, þá dytti henni ekki í hug að standa í vegi fyrir þroska þeirra.

Jeg tek þetta fram til athugunar. Jeg vil ekki, að hv. deild eða hv. Alþingi geri svo mikið úr mótþróa sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu, að málið sje felt. Til sýslunefndar á hjer ekkert annað að koma en það, er snertir fjárskifti við hreppinn.

Það hefir verið minst á þá stefnu, að skifta sveitunum í sem minst sveitarfjelög. Það getur verið, að það eigi vel við, þegar um ólíka hagsmuni er að ræða innan sömu sveitarinnar. En hjer er alls ekki um það að ræða. Hagsmunir manna í þessum sveitarfjelögum eru að sjálfsögðu í mörgu svipaðir. Það er líka alveg satt, að oft hefir gefist vel að skifta stórum hreppum í sundur, en það er vitanlega ekki af þeirri ástæðu, að í raun og veru sje rjett að sundra kröftunum. En líka þekki jeg dæmi, þar sem jeg álít, að vel mundi gefast að sameina hreppa aftur, sem eitt sinn hafa verið aðgreindir. Aðalástæðuna hygg jeg vera, hversu sveitarstjórnirnar eru veikar. Við vitum, hvernig þeim er háttað. Menn fá ekkert fyrir þann starfa, en hafa talsvert mikið að gera. Þessu er alt annan veg farið með bæjarfjelögin. Þar er miklu meiri kostur á að hafa stjórnina sterka.

Jeg hefi kastað fram þessum hugsunum, því að mig undrar, hversu stirðlega hefir verið í þetta mál tekið hjer í þessari hv. deild. Mjer finst alt mæla með því, að

þingið taki vel í þetta, og sjálfsagt virðist, að þessi hv. deild láti það ganga áfram til hv. neðri deildar. Það væri ef til vill ástæða til þess, að málinu væri frestað, er þangað væri komið, meðan enginn fulltrúi er fyrir N.-Ísf., enda þótt jeg sjái ekki, að hagsmunir sýslunnar sjeu svo ríkir í þessu máli, að þess vegna sje þörf á sjerstökum fulltrúa fyrir hana. Norður-Ísafjarðarsýslu munar áreiðanlega minna um að missa Eyrarhrepp en Gullbringusýslu munaði um að missa Keflavík og Njarðvík, að jeg tali nú ekki um Hafnarfjörð.

Ekki get jeg gert mikið úr vegagjaldinu, sem minst hefir verið á. Jeg skil ekki, að sýsluna geti munað svo mikið um það, að sæmilegt væri að fella málið fyrir þá sök. Yfirleitt mundi það skifta mjög litlu máli fyrir sýsluna, en það getur aftur á móti verið mikilsvert fyrir hreppinn og bæinn. Jeg leyfi mjer þess vegna að leggja það til, að málið fái að ganga í gegnum þessa hv. deild.

Frsm. meiri hl. (Magnús Torfason): Það hefir verið farið meira út í þetta mál en jeg hafði búist við. Nú er jafnvel svo langt gengið, að komin er tillaga fram um það að skapa því þegar aldur. Jeg verð þess vegna að fara um það nokkrum almennum orðum.

Menn hafa minst á það, að meðmæli sýslunefndarinnar vanti, og sje það svo mikilsvert formspursmál, að fram hjá því verði ekki gengið. Jeg held, að jeg hafi getið þess þegar við 1. umr. málsins, að þegar mál þetta var borið undir sýslunefndina í Norður-Ísafjarðarsýslu, þá var einungis óskað eftir tillögum hennar um fjárskifti. En að öðru leyti var litið svo á, að ekki þyrfti að bera sjerstaklega undir hana, hvort skilnaðurinn skyldi komast á. Og þegar litið er á sveitarstjórnarlögin, verður sama uppi á teningnum. Í 72. gr. þessara laga segir svo: „Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sýslu sjerstaklega, til lykta ráðið fyr en álits sýslunefndar þar hefir verið leitað um það. Sýslunefnd má og að fyrra bragði senda *stjórnarráðinu* tillögur um hvað eina, er verða má sýslunni til gagns, eða til þess að afstýra hallæri". Þetta, að stjórnarráðið er nefnt, sýnir, að hjer er að eins átt við þau mál, sem umboðsvaldið fjallar um. En það nær alls ekki til afskifta löggjafarvaldsins. Sama er að segja um 34. gr. Hún er að öllu leyti eins og 72. gr., nema að hreppsnefnd kemur þar í stað sýslunefndar, og sýnir líka, að þar er átt við mál, sem stjórnarráðinu er ætlað að ráða til lykta. Þá er að lokum 2. gr. Hún hljóðar svo: „Sýslum má eigi fækka nje fjölga, nje heldur breyta takmörkum þeirra, nema með sjerstökum lögum". Hjer er þetta beint gert að löggjafaratriði og ekki minst einu orði á íhlutun sýslunefnda um slík mál. Jeg hygg svo, að jeg þurfi ekki að svara hv. 1. landsk. þm. (H. H.) öðru en þessu, og sný mjer þá að hv. 4. landsk. þm. (G. G.). Jeg get ekki annað sagt en að jeg sje mjög hlessa á framkomu þess hv. þingmanns. Hafi hann ætlað að koma frv. fyrir kattarnef, þá er framkoma hans ærið undarleg. Það er ekki óskrítið, að maður norðan af Ströndum skuli leggja svo mikið kapp á þetta mál, þegar vitanlegt er, að hann er ókunnur öllum staðháttum, og hefir lítið kynt sjer málið. Hv. þingdeildarmenn hafa reyndar heyrt, að hann hafi átt að tala við dáinn þingmann, sem jeg hjelt annars að mundi fá að vera í friði á náfjölunum, og að þessi þm. (Sk. Th.) hafi átt að biðja hann að leggja á móti frv. Það er raunar ætíð hægt að vitna til dáinna manna, en úr því að á hann var minst, get jeg sagt frá því, að hann kveið því mjög, að málið kæmi til Nd.

Var það að vonum, því að afstaða hans var fjarri því að vera öfundsverð í þessu máli.

Mig langar enn fremur til að minnast á nokkur smáatriði í ræðu hv. 4. landsk. þm. (G. G.), þó að naumast sje eyðandi miklum tíma í að svara þeim, ekki merkilegri en þau voru. Hann mintist meðal annars á það, að það hefði ekki neina þýðingu fyrir Ísafjörð að sameinast Eyrarhreppi, í því skyni, að fá þaðan mjólk til bæjarins. Þetta sýnir, að þessi hv. þingm. (G. G.) ber ekkert skyn á málið. Jeg benti einmitt á, að sameiningin væri nauðsynleg til þess að geta komið sameiginlegum heilbrigðisreglum á. En það er ekki unt, nema um sama lögsagnarumdæmi sje að ræða. Og jeg hygg, að hv. 4. landsk. þm. (G. G.) mundi ekki standa á móti öðru eins máli og þessu, ef um hans eigin sveitarfjelag væri að ræða. Einstakir menn verða sjaldan til þess að standa á móti almenningsálitinu í sinni eigin sveit, en utansveitarmönnum er það auðvitað hægur vandi.

Þessi sami hv. þingm. (G. G.) taldi það vansæmd, ef þetta mál næði fram að ganga. Mjer er óskiljanlegt, að það sje meiri vansæmd en aðrar breytingar á takmörkum sveitarfjelaga. Öll slík mál hafa hingað til gengið umræðulaust í gegnum þingið. Svo var t. d. er Njarðvíkurhreppur, sem er 134 hndr., var sameinaður Keflavík, en þegar sameina á Eyrarhrepp, sem er lítið eitt stærri, einum höfuðkaupstað landsins, þá eru margar hendur á lofti móti því. Jeg sje ekki samræmið í þessu, og fæ yfirleitt ekki skilið, að það sje vansæmd fyrir þingið að halda áfram sinni eigin stefnu, sem hingað til hefir verið sú, að láta sveitarfjelögin sjálf ráða sem mest sínum eigin málum.

Menn hafa verið að reyna að leggja sjerstaka áherslu á hagsmuni Norður-Ísafjarðarsýslu, sem í húfi væru, ef þetta mál næði að ganga fram. Sannleikurinn er sá, að ekki er um nein sammál að ræða, nema þau, sem Ísafjörður leggur einnig til. Seinasta sammálið voru sýsluvegirnir. Sjósamgöngur eru allar kostaðar af landssjóði, eins og líka er sjálfsagt.

Hv. 4. landsk. þm. (G.G.) var að vitna til þess, að 1. landsk. þm. (H. H.) væri manna kunnugastur þar vestra, og væri því sjerstaklega mikið leggjandi upp úr hans dómi um þetta mál. Jeg hygg, að þetta muni ekki vera alls kostar rjett. Hann var að vísu manna kunnugastur fyrir 13 árum, en nú er alt umbreytt. Kaupstaðurinn hefir þroskast stórkostlega síðan hv. 1. landsk. þm. (H. H.) var þar bæjarfógeti. Meðal annars hefir risið þar upp öflugur bifbátafloti, sem ekki var til þá. Og ekki mun ofsagt, þó að fullyrt sje, að Ísafjörður muni eiga einna fegursta framtíð fyrir sjer af öllum kaupstöðum landsins, því að nú er útlit fyrir, að síldveiði verði ekki stunduð minna þar en við Eyjafjörð, og vita allir, hversu stórkostlega þýðingu það hlýtur að hafa fyrir bæinn.

Jeg get ekki að því gert, að mig furðar æði mikið á þessari umhyggju manna fyrir Eyrhreppingum, sem svo mjög hefir borið á í þessari háttv. deild. Það er talað um þá eins og þeir væru einhverjir aumingjar og ræflar, sem ekki vissu fótum sínum forráð. Þetta er algerður óþarfi. Eyrhreppingar eru margir mjög duglegir menn, sem hafa einmitt ágætt vit á því, er að fjármálum lýtur. Þetta minnir mig annars á það, að þegar þetta mál var fyrst á döfinni fyrir vestan, þá voru það einstöku Ísfirðingar, sem reyndu að róa Eyrhreppinga undan og telja þeim trú um með kjassi og klappi, að þetta væri sjerstakur skaði fyrir þá. Þetta er ærið skrítið atferli, svo að ekki sje kveðið harðara að orði,

sjerstaklega þegar þess er gætt, að allir Ísfirðingar verða að kannast við, að þetta er sjerstakt þrifnaðarmál fyrir bæinn.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) benti á það, að til þingsins væri komin áskorun frá 80 mönnum í Eyrarhreppi á móti sameiningunni. Þetta er alls ekki nein ný frjett; áskorun þessi var búin út 28. febr. í vetur, áður en nokkuð var farið að ræða málið opinberlega. Einn bóndi, — eini bóndinn í hreppnum, sem ekki hafði lífstíðarábúð á jörð sinni, heldur leigði frá ári til árs — reið um sveitina til þess að smala þessum undirskriftum, áður en menn voru farnir að átta sig á málinu. Jeg sje, að af þessum 80 mönnum eru 34 atkv. úr Arnardal, og eru ýmsir þeirra ekki kjósendur. Jeg get getið þess, að síðar fór þar fram leynileg atkvæðagreiðsla, og þá var að eins eitt atkvæði á móti sameiningunni. Það er þess vegna æði lítið mark takandi á þessari áskorun, enda mátti hún ekki sjást fyrir vestan, svo illa var hún til komin og svo einhuga var fylgi manna þá orðið með sameiningunni. Og jeg verð að halda því fram, að það sje nokkuð hart, ef Ísfirðingar og Eyrhreppingar fá ekki að ráða þessu áhugamáli sínu sjálfir. Og víst er um það, að ekki getur Eyrarhreppur beðið neitt tjón af þessu. Ísafjörður er best stæður allra kaupstaða landsins. Hann á eignir, sem nema um 150,000 krónum, þar af yfir 100,000 kr. í skærum skildingum, en skuldirnar eru einar 30,000 krónur. Allar framkvæmdir eru þar sjerstaklega ódýrar, sökum þess, hve bærinn er þjettbýll og vel settur. Það er þess vegna engin hætta á, að álögur verði þar þungar, nema ráðist verði í einhver stórkostleg framkvæmdafyrirtæki, en slíkt mundi ekki verða nema vissa væri fyrir góðum arði af þeim, og þá mundi Eyrarhreppur engu síður njóta hans en Ísafjörður sjálfur.

Jeg vil svo enda mál mitt með því að benda á, að Ísafjörður á siðferðilega heimtingu á sameiningunni. Jarðir í Eyrarhreppi eru flestar harðbalajarðir, en Ísafjörður gerir þær að góðjörðum. Hann veitir sveitinni allan vöxt og viðgang. Þess vegna er ekki neina eðlilegt, að hann fái að njóta sveitarinnar, og ótækt er, að hún geti verið eins og þverslá fyrir lífsnauðsynjum bæjarins. Þarf ekki að minna á annað í þessu sambandi en rafveituna, sem Hnífsdælir og Ísfirðingar ætla að koma á hjá sjer, en ekkert getur orðið úr fyr en sameiningin er komin á.

Jeg verð að kannast við það, að jeg skil ógerla, hvaða gagn á að hljótast af dagskránni, sem hjer er fram komin. Jeg skil ekki, hvað því veldur, að ekki má fara með þetta mál eins og önnur hjer í þinginu, og hvers vegna á að meina háttv. Nd. og þeim þingmönnum, sem þar sitja, að fjalla um málið. Mjer finst ástæðan því minni til þess, þegar jeg hefi beinlínis tekið það fram, að jeg óska ekki eftir, að málinu verði ráðið til lykta fyr en fulltrúi fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu er kominn á þing.

Ýmislegt var það fleira í ræðu háttv. 4. landsk. þm. (G. G.), sem mátt hefði svara, en jeg ætla að sleppa að þessu sinni.

Guðjón Guðlaugsson: Háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) tók það rjettilega fram, að þingið væri ekki bundið við umsögn sýslunefndarinnar um málið. En úr því að málið var borið undir sýslunefndina, þá er sjálfsagt að bíða eftir svari hennar. Hætt við, að tafsamt verði að ráða þannig vöxnu máli til lykta, þar er um fjárskifti er að ræða milli hreppsins og sýslunnar.

Það er augljóst, að Norður-Ísafjarðarsýsla tapar miklum tekjum við skiftinguna. Hún missir sýslugjöld, öll gjöld hreppsins til almennra þarfa sýslufjelags-

ins. Til þess að ráða þessu máli til lykta þarf því umhugsun og er nauðsynlegt, að það sje borið undir alla hlutaðeigendur til íhugunar, en það eru einmitt allir hreppar sýslunnar, því að tekjur og gjöld sýslufjelagsins koma hverjum einstökum hreppi við.

Ein af ástæðum háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) var harla lítilfjörleg, og veit jeg ekki, á hverju hann byggir hana. Hann var að gera greinarmun á 3 og 3. Kvað þau 3 atkv., sem greidd voru með sameiningunni, vega meira en hin 3, sem á móti henni voru, og sá hreppsnefndarmaður, sem hafði ekki kjark til að greiða atkv., hafi heldur stutt þann málstað með því að þegja. Þetta er mjer óskiljanlegur hugsunargangur. Það er eins og einhver dularfull fyrirbrigði hafi haft áhrif á hv. þm. (K.-D.). 3 atkv. á móti 3 finst mjer jafnt og maður, sem hvorki segir já nje nei, segir jafnmikið með og móti, segir alls ekki neitt.

Háttv. þm. (K. D.) talar um fordæmi það, er gefið var þegar Hafnarfjörður fjekk kaupstaðarrjettindi. Það dæmi er alls ekki samsvarandi máli því, er nú ræðir um. Það er eðlilegt, að stór bær, sem myndast hefir innan sýslufjelags, sje tekinn út úr því, þegar gildar ástæður eru til þess. Hafnarfjörður þurfti að gera margt sem bær; hans áhugamál falla ekki saman við áhugamál sýslunnar. Honum ríður ekki á að gera sýsluvegi, heldur götur innan bæjarins, höfn og koma á raflýsingu. Var þess vegna ekki rjett að halda honum í sýslufjelaginu.

Öðru máli er að gegna um Keflavík. Jeg er ekki kunnugur staðháttum þar syðra, og veit ekki, hvort nokkur óánægja var þar með sameininguna. En eitt skil jeg ekki, hvernig Keflavík og Njarðvík hafa komist með þessu út úr Gullbringu- og Kjósarsýslu. Mjer er ekki kunnugt um, að Keflavík sje orðin sjerstakt sýslufjelag. Mjer þætti gaman að heyra, hvað bæjarfógetinn í Keflavík hjeti.

Háttv. þingm. Ísaf. (M. T.) tók í sama streng um það, að ekki þyrfti meðmæla sýslunefndar. Það er að vísu rjett, en það þyrfti að gefa henni tíma til að segja já eða nei, þar sem álits hennar var leitað.

Hv. þm. (M. T.) þótti undarlegt, að jeg, sem er norðan af Ströndum, skyldi beita mjer á móti þessu máli. (**M. T.**: Á þann hátt, sem háttv. þingm. hefir gert). Jeg er talsvert kunnugur á Ísafirði, jafnvel kunnugri þar en sumstaðar á Ströndum. Þar að auki er jeg landskjörinn þingmaður, og kjósendur inni við Djúpið eru fullkomlega eins mínir kjósendur og Strandamenn, og jeg engu síður þingmaður þeirra en hinna. Jeg er því mótfallinn, að hallað sje á veikari hlutaðeiganda, eins og hreppsfjelag gagnvart sýslufjelagi og sýslufjelag gagnvart sterku bæjarfjelagi.

Jeg vona, að enginn hafi heyrt mig segja neitt til vansa hinum látna þingmanni (Sk. Th.), sem minst hefir verið á. Ekki er það til vansa, að hann var á móti frv., því að hann var frjáls sinna skoðana, sem aðrir. En það væri honum eigi til sæmdar, ef satt væri, sem háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að hann hafi sagst kvíða fyrir því, að málið kæmi fyrir neðri deild, þar eð það væri svo mikið þrifamál.

Skil eigi, að hann hefði kviðið fyrir því, ef þetta væri reglulega gott frv. En hann var gersamlega á móti frv., kveið alls ekki fyrir því og kallaði málið alls ekki neitt þrifamál.

Forseti: Jeg vil biðja háttv. þingmenn að blanda vorum látna þingbróður (Sk. Th.) ekki frekar inn í þetta mál.

Frsm. meiri hl. (Magnús Torfason): Að eins fáein orð, til þess að svara hv. 4. landsk. þm. (G. G.).

Hv. þm. (G.G.) heldur því fram, að það sje skylda þingsins að bíða eftir svari sýslu-

nefndarinnar. Jeg varð forviða á því, að nokkur þm. skyldi láta sjer slík orð um munn fara. Sýslunefndin var skyldug til þess að láta álit sitt strax í ljós, en þá skyldu sína afrækti hún. Hún sýndi þinginu lítilsvirðingu í því að draga að láta uppi álit sitt, þó að hún vissi, að málið mundi verða borið fram á þingi. En sýslunefndin gerði það, sem hún átti ekki að gera. Hún vísaði málinu til hreppsnefndanna. Þetta er spónný aðferð og einkis nýt, nema ætlast hafi verið til, að hreppsnefndirnar biðu með að láta uppi álit sitt, svo að hægt væri að segja við þingið: Málinu verður ekki ráðið til lykta fyr en allar hreppsnefndirnar í Norður-Ísafjarðarsýslu hafa látið álit sitt í ljós, og yrði þess ef til vill lengi að bíða.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) kvaðst kunnugur á Ísafirði. Jeg veit, að hann á þar kunningja. En jeg veit líka, hverra fulltrúi hann er á Ísafirði. Mótspyrnan gegn frv. kemur úr einni átt. Hún kemur frá einni útlendri selstöðuverslun, sem lítur svo á, að hún hafi tjón af sameiningunni, og berst því á móti henni. Þó gat hún ekki fengið meira fylgi en þetta. Annarsstaðar frá kom mótspyrnan ekki.

Jeg vil leyfa mjer að taka það fram, að jeg ætla mjer ekki að vansæma fjarverandi menn og allra síst látna, og þykist ekki hafa gert það. En úr því að hann (Sk. Th.) bar á góma, var það skylda mín, sem málsvara Ísafjarðar, að láta þess ekki ógetið, hvað við mig var sagt. En auðskilið, að afstaða þm. gagnvart kjósendum sínum getur verið viðkvæm og svo mun hafa verið í þessu máli.

Frsm. minni hl. (Hannes Hafstein): Jeg skal ekki lengja umræðurnar mikið. Vil að eins taka fram eitt atriði, sem virðist hafa verið misskilið.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) talar um afstöðu sýslunefndarinnar í þessu máli eins og afstöðu hvers annars sveitarstjórnarvalds, og telur álit hennar óþarft í raun og veru. En þetta er misskilningur. Sýslunefndin er annar málsaðili, en ekki hreppsnefndin. Hreppurinn er að eins hluti af því, sem sýslunefndin á yfir að ráða, og á sýslunefndin að verja hagsmuni hans.

Þetta mál snertir eldgamalt sýslufjelag, og þó að það snerti Eyrarhrepp, er það aðalatriðið, að breyta á mörg hundruð ára gömlu fyrirkomulagi. Þá er eðlilegt, að hlutaðeigandi yfirvöld láti uppi álit sitt. Þau hafa beðið um að mega hugsa betur um málið, og þingið ætlar að fara að synja þess. Það álít jeg óverjandi. Hjer er verið að taka frá einu barninu og gefa öðru.

Það er óþarfi að orðlengja þetta meir. Jeg held fast við það, að þingið geri rjettast að bíða með álit sitt, þangað til það fær að heyra, hvað hinn málsaðilinn hefir að segja.

Því hefir verið haldið fram, að sjálfsagt væri að meina ekki neðri deild að láta uppi álit sitt. Það álít jeg rangt, álít það sama sem að svifta efri deild rjetti sínum. Jeg hygg, að það að láta neðri deild segja álit sitt um málið, sje hið sama sem að efri deild samþykki það, sem hún, ef til vill, hygði rangt. Hver þingmaður á rjett á, og hefir skyldu til að láta uppi álit sitt. Hugsanlegt er, að frv. verði samþykt í neðri deild, og ef þingdeildarmenn eru því mótfallnir, er ekki rjett að hleypa því þangað.

Ef þessi deild er þeirrar skoðunar, að meina ekki sýslunefndinni að láta uppi álit sitt, vil jeg mælast til þess, að hún samþykki dagskrá þá, sem komin er fram, og láti málið eigi fara lengra.

Kristinn Daníelsson: Jeg skal að eins gera örfáar athugasemdir. Hv. 4. landsk. þm. (G. G.) kannaðist við það, að þingið væri ekki bundið við álit sýslunefndar, en kvað

þó rjett að bíða eftir því. Jeg hafði ekki á móti því, að álit hennar væri fengið, en það væri oflangt gengið að bíða svo og svo lengi eptir þóknanlegu svari allra hreppsnefndanna, ef það er til skaða að draga málið.

Háttv. þm. (G.G.) þótti óskýr hugsanagangur í því, sem jeg sagði um atkvæðin í hreppsnefndinni. Jeg tók það beint fram og lagði áhersluna á, að þeir 3, sem atkvæði greiddu á móti sameiningunni, voru fulltrúar fyrir rúma 20 menn, en hinir 3, með oddvita á sínu máli, voru fulltrúar fyrir yfir 100 manns. Jeg lagði áhersluna á það, en ekki hitt, að 7. maðurinn, sem í nefndinni var, treysti sjer eigi að greiða atkv. á móti. En jeg hefi heyrt, að hinn samj maður hafi greitt atkv. með öllu málinu að öðru leyti og öllu samkomulagi um fjárskifti milli sýslunnar og hreppsins.

Þá mintist háttv. þm. (G.G.) á Hafnarfjörð. Jeg nefndi hann að eins til samanburðar, að sýslunefndin ljet þar ekkert álit uppi, og gerði enga tilraun til þess að koma í veg fyrir það, að hann fengi kaupstaðarrjettindi, þótt ólíku sje saman að jafna, hve miklu það skifti hagsmuni sýslunnar. Þetta hefir svo sem enga þýðingu fyrir Norður-Isafjarðarsýslu, heldur að eins fyrir þessi 2 sveitarfjelög, bæinn og hreppinn. Jeg skyldi greiða atkv. á móti þessu undir eins, ef sannað væri, að hlutaðeigendur hefðu ekki meint neitt með þessu.

Háttv. þm. (G. G.) kvaðst ekki vita, hvort Keflvíkingar og Njarðvíkingar hefðu verið ánægðir með sameininguna, en þar voru báðir aðiljar ásáttir. Jeg sagði ekki, að þetta sveitarfjelag væri gengið úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, heldur að þessari sameiningu fylgdi það, að Keflavík og Njarðvík nutu þeirra rjettinda, sem kauptún öðlast, sem er hreppsfjelag fyrir sig. Vegabótafje úr þeim hreppi fellur alveg frá sýslunni. Gullbringu- og Kjósarsýsla hefir mjög mikil útgjöld til vega og er stórskuldug. Nú er þar að auki sýslugjöldunum jafnað þannig niður, að $^1/_3$ er goldinn eftir tölu verkfærra manna, en $^2/_3$ eftir jarðarhundruðum og ábúendafjölda. Í Keflavíkurhreppi er tala verkfærra manna hæst, en jarðarhundruð fá, að eins nokkur í Njarðvík, en sjálf Keflavík að eins um 24 hundruð á landsvísu. Af þessu sjest, að þetta hefir haft tilfinnanlegt tjón í för með sjer fyrir sýsluna.

Mjer fanst hv. þm. (G. G.) vilja gera orð mín nokkuð óskiljanleg. Jeg get ekki orðið honum sammála um málsaðiljana. Málsaðili er sýslan að eins gagnvart hreppsfjelaginu, svo sem um fjárskifti við það, en ekki gagnvart kaupstaðnum.

Jeg er á þeirri skoðun, að ekki sje rjett að svifta neðri deild rjetti sínum til þess að athuga málið. Það getur verið mismunandi um mál, hversu mikils þau varða, og er álitamál, hvort ekki sje rjettast, að um mál þetta sje fjallað í báðum deildum.

Neðri deild getur þá felt frv. eða breytt því og sent það hingað, og getur þessi deild þá ráðið niðurlögum þess.

Frsm. meiri hl. (Magnús Torfason): Að eins ein athugasemd. Jeg vildi minnast á það atriði, hvort Norður-Ísafjarðarsýsla sje annar málsaðili. Vitanlega er ekki hægt að byggja sýslunni alveg út úr þessu máli. En mjög er hlutur hennar lítill. Þegar litið er á fjárhaginn, þá eru tekjur Eyrarhrepps kr. 10,000, en tekjur allrar sýslunnar að eins kr. 2400. Eyrarhreppur er $^1/_{10}$ hluti sýslunnar, og má því henni nokkurn veginn standa á sama. Eyrarhreppur geldur alls ekki mest í sýslusjóð, því að jarða- og lausafjártíund er ekki há í Eyrarhreppi.

Jeg vil enda mál mitt með því, að það er alls ekkert fjárhagsatriði fyrir sýsluna að missa ekki hreppinn. En það getur verið stór skaði fyrir hana að standa á

móti því. Samvinna hefir altaf verið ágæt milli sýslunnar og Ísafjarðarkaupstaðar um öll mál hjeraðsins. Nú er grundvellinum undir þeirri samvinnu kipt burt, haldi sýslan áfram mótspyrnu sinni gegn málinu.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. landsk. þm., H. H., (sjá A, 184) samþ. með 9 : 4 atkv.

Frv. því

fallið.

---

30. Skipun læknishjeraða [Hnappdælahjerað].

Á 10. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 34, 16 nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl. (A. 90).

Á 12. fundi í Ed., föstudaginn 20. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Steinsson): Jeg sá það nýlega í blaði, að mál þetta hefði verið lengi á döfinni, og má það til sanns vegar færa, því að það hefir, að mig minnir, verið flutt á hverju þingi síðan 1911, nema 1915.

Síðan læknaskipunarlögin frá 1907 gengu í gildi hefir það verið aðaláhugamál Hnappdæla, að læknishjerað þetta yrði skipað. Það er mjög miklum erfiðleikum bundið fyrir hjeraðsbúa að ná til læknis. Læknirinn í Borgarnesi situr á enda hjeraðs síns, og til Ólafsvíkur og Stykkishólms er yfir torsótta fjallvegi að fara, og oft ófært um vetur.

Það hefir venjulega gengið mjög erfitt að fá læknaskipunarlögunum breytt. Menn hafa talið það einhverja goðgá að hreyfa við þeim. En jeg fæ ekki sjeð, að þau eigi að vera neitt friðhelgari en önnur lög. Á lögum þessum eru talsverðir annmarkar og gallar, og sjálfsagt að leiðrjetta þá smátt og smátt, þegar reynslan leiðir þá í ljós.

Jeg tel það óþarft að reifa málið nánar við 1. umr., því að flestir hv. deildarmenn hafa áður fjallað um það. Vil jeg mælast til þess, að því verði vísað til 2. umr. Er í vafa um, til hvaða fastanefndar væri heppilegast að vísa málinu; mun þó venja að vísa slíkum málum til allsherjarnefndar, og geri jeg það því að tillögu minni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv., og til allsherjarnefnar (sjá A, bls. 1607) með 11 : 1 atkv.

Á 23. fundi í Ed., mánudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 90, n. 268).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Mál þetta er ljóst og þarf lítillar skýringar við. Það er eitt af mörgum samskonar málum, sem lögð hafa verið fyrir þingið um undanfarin ár. Hafa þau verið sprottin af þörf þjóðarinnar á betri læknaskipun. Það er síður en svo, að nefndin vilji neita þessari þörf, eða nauðsyn þess, sem þetta frv. fer fram á, að breytt verði læknishjeraðaskipun í Snæfellsnessýslu og Hnappadals.

En þar sem brýn þörf virðist vera á

því, að lögin um skipun læknishjeraða verði bráðlega endurskoðuð, og þar sem hv. Nd. hefir haft með höndum samskonar mál, og ekki sjeð sjer fært að útkljá það að þessu sinni, þá hefir nefndin þó leyft sjer að leggja það til, að frv. þetta gangi ekki lengra að þessu sinni, en að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Jeg get lýst yfir því, að þótt þessi rökstudda dagskrá sje stíluð í nefndarálitinu, þá mun nefndin ekkert hafa á móti því, að hún verði öðruvísi orðuð, ef hv. flm. (H. St.) óskar þess.

Að öðru leyti hygg jeg, að hv. flm. (H. St.) muni sætta sig við þessi afdrif málsins.

Halldór Steinsson: Jeg gat þess við 1. umræðu þessa máls, að breyting á lögum frá 1907, um skipun læknishjeraða, hefði átt erfitt uppdráttar á þingi. Mjer komu þess vegna ekki á óvart aðgerðir allsherjarnefndar gagnvart frv. því, er jeg hafði gerst flutningsmaður að hjer í deildinni, með því líka að mjer var kunnugt um, að hv. Nd. hafði áður stútað tveim samskonar frv., og hefir eflaust ætlað þessu sömu forlög. En þar sem jeg fylgi nú þessu frv. í þriðja sinn til grafar, álít jeg ekki óviðeigandi að mæla nokkrum orðum yfir moldum þess.

Jeg ljet þess getið við 1. umr. málsins, að bæði tímar og ástæður hefðu breyst mjög hjer á landi síðustu 10 árin, að því er til þessa máls kemur. Mörg lög, sem voru góð og gild fyrir 10 árum, eru nú orðin með öllu óviðunandi. Það er þess vegna eðlilegt, að læknaskipunarlögin sjeu að mörgu leyti orðin á eftir tímanum og þurfi endurskoðunar við. En þegar til endurskoðunar og breytinga kemur á þeim, er það einkum tvent, sem þarf að taka til greina. Það eru staðhættir, viðátta læknishjeraðanna og fólksfjöldi. Staðhættirnir breytast nú að vísu ekki, en fólksfjöldinn hefir mjög breyst síðustu 10 árin, og er sífeldum breytingum háður.

Aðalástæðan, sem fram hefir komið gegn breytingu læknaskipunarlaganna, er sú, að læknarnir þyrftu að hafa nægar tekjur til þess að lifa á; þess vegna mætti ekki minka læknahjeruðin um of. En þessa ástæðu má og á að upphefja, með því að bæta á annan hátt úr tekjumissi þeim, sem læknar kynnu að verða fyrir, vegna breytinga á lögunum, svo að þeim verði fært að draga sómasamlega fram lífið. Hjer á landi eru víða blettir, þar sem ókleift er að ná til læknis á vetrum. Hvers eiga þeir að gjalda? Er nokkurt rjettlæti í því, að íbúar slíkra staða verði sjálfdauðir vegna þess, að þeir eru afskektir? Þeir greiða þó fje í landssjóð til launa, eins og hinir, sem læknana hafa. Og jeg álít, að það geti ekki talist menningarmerki að tíma ekki að leggja fje til þess að vernda líf og heilsu manna. En svo er því þó farið hjer á landi. Þó að þjóðinni þyki vafalaust vænst um læknana allra embættismanna sinna, þá er samt farið verst með þá. Þeir hafa svo lítil laun, að þeir geta ekki lifað nema í fjölmennustu og víðáttumestu hjeruðunum, þar sem þeir verða að strita eins og húðarklárar, meðan þeir geta staðið. En svo að jeg víki aftur að læknafjölguninni, þá finst mjer ekki sæmandi, og ekki heldur rjett, að láta fólk hrópa ár eftir ár eftir lækni, án þess að því sje veitt áheyrn. Hjer hagar öðruvísi til en erlendis, bæði um staðháttu og fólksfjölda, og fyrirkomulagið á skipun læknishjeraða má því ekki miða við erlent fyrirkomulag í þeim efnum.

Til skams tíma hefir verið læknafæð hjer á landi. En þó að kynlegt megi virðast, þegar gætt er þeirra vesaldarkjara, sem læknar eiga við að búa, hefir læknanemum fjölgað svo síðastliðin ár hjer við

Háskólann, að líkur eru til, að fjöldi lækna verði bráðlega embættislausir, að sínu leyti eins og lögfræðingarnir. En læknarnir eru þó að því leyti ver settir en lögfræðingarnir, að þeir hafa ekki neinn læknisfræðilegan yfirdóm til þess að lifa á. Hvað eiga þá þessir menn að gera? Annaðhvort verða þeir að hröklast af landi burt, og það álít jeg best fyrir þá, eða þeir verða að setjast að í grend við hjeraðslæknana og stunda lækningar upp á eigin spítur. En afleiðingarnar af því mundu verða þær, að hjeraðslæknar yrðu að fá launabætur, eða að þeir verða neyddir til að taka laun sín úr vasa hjeraðsbúa, með því að hækka verðið á læknisverkum sínum.

Hv. allsherjarnefnd hefir nú þóknast að leggja rökstudda dagskrá, eins og nokkurskonar krans, á leiði þessa frv., og jeg verð líklega að sætta mig við þá útför í þetta sinn. En jeg hefði kosið, að dagskráin hefði verið orðuð dálitið öðruvísi, og, með leyfi hæstv. forseta, vil jeg leyfa mjer að lesa upp svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

Í því trausti, að stjórnin á næstu árum taki skipun læknishjeraða til gagngerðrar endurskoðunar, sjerstaklega með tilliti til þeirra óska, sem komið hafa fram á síðari þingum í því máli, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Það er lítill munur á þessari dagskrá og dagskrá nefndarinnar. Hann er að eins sá, að teknar sjeu til greina óskir þjóðarinnar, sem fram hafa komið á síðari þingum, um málið. Ef dagskráin verður samþykt, ber jeg það traust til landsstjórnarinnar, að hún taki hana til greina, og kosti af fremsta megni kapps um að koma máli þessu í sæmilegt horf. En ef það skyldi bregðast, þá treysti jeg því, að landlæknirinn, sem vörður heilbrigðismálanna í landinu, reyni að hrinda því til vegar.

Allsherjarnefndin tók aftur rökstudda dagskrá á þgskj. 268.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Snæf., H. St. (sjá A. 339), samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv. því

fallið.

31. Innheimta og meðferð á kirknafje.

Á 12. fundi í Ed., föstudaginn 20. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 20, 22. maí 1890, um innheimtu og meðferð á kirknafje (A. 116).

Á 14. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eggert Pálsson): Þetta frv., er, eins og allir sjá, stutt, og jeg hafði ekki heldur búist við, að það þyrfti langa framsögu eða meðmæli. Mjer finst, að þetta frv. sje svo ljóst, að auðvelt sje að átta sig á því í fljótu bragði.

Frv. miðar til þess að tryggja hina fjárhagslegu hlið kirknanna í þessu landi; hjer eru þau lög, að öllum forráðamönnum kirkna, sem ekki eru bændaeign, er skylt að leggja fje það, sem kirkjurnar hafa afgangs, í hinn almenna kirkjusjóð. Samkvæmt ársreikningi sjóðsins árið 1915 var hann 148002 kr. og nokkrir aurar,

svo að jeg geri ráð fyrir að láti nærri að segja megi, að hann sje um 150,000 kr.

En fyrir þessum, eftir okkar mælikvarða mikla, sjóði stendur, mjer vitanlega, engin trygging. Sú trygging, er stendur á bak við þennan sjóð, er eingöngu ráðvendni, fyrirhyggja og forsjálni biskupsins. Það er auðvitað góð trygging í sjálfu sjer, því að biskuparnir hafa til þessa sýnt það, að þeir hafa borið mikla umhyggju fyrir sjóði þessum og mjög vel með hann farið, og jeg fyrir mitt leyti geri mjer fulla von um, að núverandi biskup muni sýni sömu árvekni og fyrirhyggju sem fyrirrennarar hans, að því er sjóð þennan snertir, svo að það, að jeg ber fram þetta frv., stafar ekki af ótta fyrir hinu gagnstæða. En hitt er annað mál, að aðrir, sem þekkja ekki persónulega, eða jafnvel og jeg, þessa góðu hæfileika biskups vors, geta ef til vill borið nokkurn ótta fyrir því, að þessu sje ekki sem tryggilegast fyrir komið. Og það því fremur geta einhverjir þóst hafa ástæðu til að óttast slælega stjórn á sjóði þessum, þar sem allir vita, að biskupinn hefir ekki haft og hefir ekki enn neitt fyrir störf sín og ómak fyrir honum. Kostnaðurinn, sem færður er á síðasta reikningi sjóðsins, var 40 kr., og af því er auðsjeð, að biskupinn hefir ekkert fyrir starf sitt í þarfir sjóðsins.

Líka er þess að gæta, að þótt menn gangi út frá því, að biskup geri alt til þess, að sjóðnum sje sem best borgið, þá getur þó ýmislegt fyrir komið, sem hann getur ekki gert við, sem valdi því, að kirkjur, sem lagt hafa fje í sjóðinn, bíði skaða.

Það getur við borið, að kirkja farist; hún getur fokið eða brunnið og söfnuðurinn algerlega leyst upp. Og er þá ljóst, að fje það, sem lánað er slíkri kirkju, hlýtur að tapast, og það tap verður þá að leggja á aðrar kirkjur landsins, eins og nú standa sakir. En óneitanlega er það hart aðgöngu að skipa kirkjum að leggja fje sitt í þennan sjóð, sem ekki veitir hærri vexti en sparisjóðir alment, og verða jafnframt að sæta því, að eitthvað af því kunni, af framangreindum orsökum, að tapast. Því að gefinn hlutur er það, að verja mætti fjenu þannig, að það gæfi meiri arð en nú, og væri jafnframt enn þá betur trygt.

Það virðist því ekki nema sjálfsagður hlutur, fyrst að kirkjum er gert það að skyldu að leggja fje sitt í sjóð þennan, þá sje svo vel um hann búið, að full trygging sje fyrir því, að fjeð tapist ekki að neinu leyti. Mjer virðist það því ofureðlileg krafa, að landssjóður taki að sjer ábyrgðina á fje þessu, og það því fremur þegar þess er gætt, að hjer hjá oss er enn þjóðkirkja, sem landssjóður hefir tekið að sjer að halda uppi.

Mál þetta er svo einfalt, að jeg efast um, að vísa þurfi því til nefndar. En eftir efni þess mundi það eiga best heima í allsherjarnefnd, ef til kæmi. En að svo komnu máli geri jeg það ekki að tillögu minni, að því verði vísað til nefndar; tel það með öllu óþarft, jafnljóst sem það sýnist liggja fyrir.

Vona jeg svo, að málið fái að ganga sem greiðast sína leið, bæði gegnum þessa umræðu og aðrar, sem það á eftir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 16. fundi í Ed. föstudaginn 27. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 116).

Flm. (Eggert Pálsson): Jeg tel óþarft að eyða mörgum orðum að frv., eftir hinn góða byr, sem það fjekk hjer í deildinni við 1. umr. Jeg vildi að eins óska, að því reiddi eins vel af við þessa umræðu.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer skilst, að frv. hafi ekki gengið til nefndar.

Jeg vildi vekja athygli háttv. deildar á því, að í þessu frv. felst dálítil stefnubreyting frá leið, sem áður hefir verið farin. Hingað til hefir landssjóður fylgt þeirri stefnu að koma kirkjunum af sjer. Hjer er farið í töluvert aðra átt. Að vísu óttast jeg ekki, að hjer sje nein hætta á ferðum. En jeg tel rjettara, að frv. sje athugað af nefnd. Ef á að tryggja fjeð, mætti gera það á annan hátt en gert er ráð fyrir í frv., t. d. með því móti, að sjerstök ábyrgð kæmi frá söfnuðunum, er fá lán. Jeg skal samt ekki segja neitt um það, hversu frumvarpið er heppilegt. En þegar um það er að ræða, að landssjóður taki á sig ótakmarkaða ábyrgð, tel jeg rjettara að athuga slíka ráðstöfun gaumgæfilega. Venjulega hefir ábyrgðin verið bundin við einhverja ákveðna fjárhæð, t. d. 15, 20 til 30 þúsundir. Mín tillaga er þess vegna sú, að málið verði athugað í nefnd, ef það hefir ekki verið gert enn þá.

Flm. (Eggert Pálsson): Jeg get ekki sjeð neina nauðsyn á, að skipuð sje nú nefnd í málið, fremur en við 1. umr. Þá mælti enginn þm. með nefndarskipun, nje var þeirrar skoðunar, að hennar væri þörf, svo að mjer væri kunnugt. Nú hefir hæstv. forsætisráðh. bent á, að rjettara muni að vísa málinu í nefnd. Jeg hefi að vísu ekkert á móti því, ef háttv. deild álítur slíkt nauðsynlegt. En jeg fæ ekki sjeð, að þörf sje á nefndarskipun vegna stefnubreytingar, sem felist í frumvarpinu. Jeg hefi ekki orðið var við, að nein sjerstök stefna hafi rutt sjer til rúms í kirkjumálum hjer á landi. Reyndar hefir dálítið bólað á tilhneigingu til aðskilnaðar ríkis og kirkju. En hvorki þing nje stjórn hafa unnið neitt að þeim skilnaði. Stefnan hefir verið að láta móka í sama farinu. Og það samband, sem nú er milli ríkis og kirkju, mun standa um hríð. Jeg sje þess vegna ekkert því til fyrirstöðu, að landssjóður beri ábyrgð á fje hins almenna kirkjusjóðs. Það er að mínum dómi ekki rjett að skylda kirkjurnar til þess að leggja fje í sjóð, sem enga aðaltryggingu hefir að baki sjer. En með þessu lagafrumvarpi er landssjóði gert að skyldu að ábyrgjast fjeð.

Jeg skal ekki þrátta frekar um þetta mál. Ef hæstv. forsætisráðherra gerir það að tillögu sinni, að frumvarpinu sje skipað í nefnd, þá sætti jeg mig við það. En þá er að ráða fram úr, til hvaða nefndar skuli vísa því. Úr því að jeg hefi ekki stungið upp á nefnd í málið áður, mun jeg ekki heldur gera það að þessu sinni.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg talaði ekkert um aðskilnað ríkis og kirkju, heldur sagði jeg, að landssjóður hefði reynt að koma af sjer kirkjunum. Það hefir verið föst regla. (E. P.: Ekki þjóðkirkjunni í Reykjavík). Hann hefir reynt það, en ekki tekist. Þess vegna virðist mjer dálítið vikið frá þessari reglu í frumvarpinu. Þar með vil jeg þó ekki segja, að ekki megi samþykkja frumvarpið. En jeg tel sjálfsagt að athuga það í nefnd. Hugsast gæti, að einhver önnur trygging kæmi til mála. Yfirleitt virðist mjer viðsjárvert að láta landssjóð ábyrgjast meira fje en nauðsynleg þörf er á. Því að þegar landssjóður fær lán, eru reiknaðar ábyrgðir hans. Jeg játa að vísu, að hjer er um lítilræði að tefla. En þrátt fyrir það virðist mjer rjettara að vísa frv. í nefnd. Og jeg leyfi mjer að stinga upp á fjárveitinganefnd.

Forseti: Deildirnar hafa verið í vafa um, í hvaða nefndum ýms mikilsvarðandi mál ættu heima. Jeg hefi átt tal um þetta við forseta neðri deildar. Og okkur kom saman um, að ein föst nefnd í báðum deildum hefði lítið að starfa, sem sje mentamála-

nefndin. Og okkur fanst, að öll kirkjumál og hgilbrigðismál ættu heima í henni. Annars mun flokkun aðalmálanna í nefndir verða athuguð síðar. Jeg vildi skjóta þessu fram til íhugunar.

Kristinn Daníelsson: Jeg vil að eins drepa á það, að hæstv. forsætisráðherra bar frv. saman við þá stefnu, að landssjóður hafi reynt að koma kirkjunum af sjer. En þetta tvent er óskylds efnis. Þó að landssjóður vilji ekki burðast með fjárhag einstakra kirkna, þá er hjer öðru máli að gegna. Kirkjunum er af löggjafarvaldinu gert að skyldu að leggja fje sitt í þennan sjóð, og virðist þá eðlilegast, að löggjafarvaldið sjái einnig um, að fjeð sje þar trygt. Frv. miðar að því að gera umráðamenn kirknanna öruggari með fjárhag kirkjunnar.

En að öðru leyti er þessi ábyrgð ekki svo ægileg, því að sjóðurinn verður vitanlega hjer eftir sem hingað til undir umsjá biskups, og hann mun gæta allrar varúðar, að því er til gæslunnar kemur, eins og hann hefir gert að undanförnu. Hjer er því varla um neina hættu að ræða.

Um nefndina er það að segja, að mjer finst vel til fallið, að kirkjumál fari í mentamálanefnd, eins og hæstv. forseti benti á. En vegna þess, að þetta frumvarp fjallar um fjárhagslegt atriði, þá virðist mjer, að það eigi heima í fjárveitinganefnd. Annars get jeg fallist á hvora nefndina sem er.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg held, að rjettara sje að vísa frumvarpinu í mentamálanefnd, ef kirkjumál eiga þar á annað borð heima. Frumvarpið felur að vísu í sjer fjárhagslega ábyrgð af hálfu landssjóðs. En í eðli sínu er það samt einvörðungu kirkjumál, sem hefir útgjöld í för með sjer, eins og mörg önnur málefni, sem hverfa undir mentamálanefnd. Mentamálanefndin gæti líka leitað fyrir sjer um þetta atriði hjá fjárveitinganefndinni.

Það er að eins eitt atriði í frumvarpinu, sem jeg vildi drepa lítið eitt á. Það eru orðin „frá 1. janúar 1918 að telja". Mjer fyndist rjettast, að þessi orð væru feld úr frv., vegna þess, að draga má í efa, hvort landssjóði beri að tryggja skaða af eldri lánum en frá 1. jan. 1918. Tilgangurinn mun auðvitað vera sá, að trygging landssjóðs nái bæði yfir eldri og yngri tíma. En þá er þetta tímatakmark villandi og ætti að falla burt.

Eftir bendingu hæstv. forseta sting jeg upp á, að málinu verði vísað í mentamálanefnd.

Forseti: Jeg vil vekja athygli háttv. deildar á, að í síðustu málsgr. 16. gr. þingskapanna er skýrt tekið fram, að fjárhagsmál geti vel verið í öðrum nefndum en fjárveitinganefnd, en ef um útgjöld er að ræða, ber nefnd þeirri, sem málið hefir til meðferðar, að leita álits fjárveitinganefndar.

Sigurður Eggerz: Jeg vil mæla með því, að málinu sje vísað til mentamálanefndar, enda mun sú nefnd lítið hlaðin störfum. Hins vegar allar aðrar fastanefndir mjög önnum kafnar. En verst er þó, að fastanefndirnar taka svo upp tíma manna, að aðalnefnd þingsins, sem er lausanefnd, bjargráðanefndin, fær aldrei nógan tíma til að vinna störf sín. Þessu vildi jeg leyfa mjer að skjóta til hæstv. forseta til athugunar.

Hannes Hafstein: Jeg vil mæla með því, að frumvarpinu verði vísað til mentamálanefndar. Jeg felli mig vel við þá uppástungu hæstv. forseta, að þangað sje vísað heilbrigðismálum og kirkjumálum. Ef sú regla væri upp tekin, hefði þessi nefnd eitthvað að gera.

Forseti: Nefnd sú, sem hv. 2. landsk. þm. (S. E.) stakk upp á að málinu yrði vísað til, er ekki fastanefnd, heldur lausanefnd, sem verður að víkja fyrir fastanefndum, þegar hún kemur í bága við þær.

ATKVGR.

Frv. vísað til mentamálanefndar (sjá A, bls. 1606) með 12 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Ed., fimtudaginn 9. ágúst, var fram haldið 2. umr. um frv. (A, 116, n. 331).

Frsm. (Eggert Pálsson): Það er ástæðulaust fyrir mig að tala langt að þessu sinni. Jeg býst við, að það yrði þá líka lítið annað, sem jeg hefði að segja, en endurtekning á því, sem jeg sagði við 1. umr. málsins, og því, sem í nál. stendur. Nefndin hefir ekki gert neina brtt. við frv., en ástæðan til þess, að málinu var vísað til nefndar, var sú, að hæstv. forsætisráðherra gerði nokkrar athugasemdir við frv. og óskaði, að því yrði vísað til nefndar. Hins vegar hygg jeg þó, samkvæmt samtali, sem jeg hefi átt við hann, að hann leggi ekki sjerlega mikla áherslu á athugasemdir þær, er hann hafði fram að færa, heldur hafi hann óskað þess eins, að málið væri íhugað í nefnd. Það hefir nú nefndin gert, og ekkert sjeð við það athugavert. Og vænti jeg því þess, að deildin ljái frv. fylgi sitt og lofi því að ganga áfram sína leið.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 116).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Á 32. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 20, 22. maí 1890, um innheimtu og meðferð á kirknafje,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 421).

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 17. ágúst, var frv tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Þó að frv. þetta sje stutt og þýðingarlítið, er samt rjettara að vísa því til nefndar, því að það fer fram á ótakmarkaða ábyrgð, sem annars er ekki venja að veita sjóðum, þótt ábyrgð þessi sje hins vegar þýðingarlítil. Jeg veit ekki, hvort nokkurn tíma hefir orðið að bæta tjón, sem sjóðurinn hefir orðið fyrir. Hjer er farið fram á, að landssjóður ábyrgist að nokkru leyti kirkjur, sem hann nú er laus við. Það er því tillaga mín, að málinu verði vísað til mentamálanefndar; þar var það í Ed.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 : 7 atkv., og til mentamálanefndar (sjá A, bls. 1614) með öllum gr. atkv. gegn 2.

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 1. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 421, n. 712).

Frsm. (**Sveinn Ólafsson**): Mentamálanefndin, sem hefir haft þetta mál til meðferðar, hefir komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje þörf á þeim fyrirmælum eða breytingum, sem frv. fer fram á. Hún lítur svo á, að allskostar tryggilega sje um fje þetta búið með lögunum frá 1890. Nefndin hefir kynt sjer ástæður kirknasjóðs, og álítur fulltryggilega um hann búið, því að hann hefir ekki orðið fyrir neinu tjóni síðan hann tók til starfa. Hann er á vöxtum, aðallega hjá kirkjum, með vægum lánskjörum, sem sje 4%, og í seinni tíð hafa ekki verið veitt lán úr honum nema gegn tryggingu frá þeim mönnum, sem standa að hlutaðeigandi kirkjum, og er þar alstaðar tryggilega um búið. Þar sem frv. gerir ekki ráð fyrir neinum öðrum breytingum á lögunum frá 1890 en þeim, að landssjóður ábyrgist lánin, og þar sem landsstjórnin hefir ábyrgð á lánunum samkvæmt þeim lögum, álítur nefndin frv. ofaukið og leggur því til, að það verði felt.

Gísli Sveinsson: Mjer virðist frv. það, sem hjer liggur fyrir, alls ekki vera óþarft, og eftir því, sem jeg veit best, er það borið fram fyrir beiðni ýmsra utan af landi og óskum frá þeim, sem kunnugir eru því, hvernig framkvæmdirnar hafa verið með þessi lán og hvernig meðferð fjárins hefir verið varið, og jeg fyrir mitt leyti hefi leitað álits kunnugra manna. Jeg furða mig því mjög á þessu nefndaráliti og þeirri niðurstöðu, sem nefndin hefir komist að, og skilningi hv. nefndar á lögunum frá 1890. Það kemur hvorki fram í nefndarálitinu nje hjá hv. frsm. (Sv.Ó.), hvort nefndin hefir leitað sjer upplýsinga hjá rjettum hlutaðeigendum. Hún þykist hafa rannsakað öll gögn í máli þessu, en það virðist ekki rjett, þegar litið er til niðurstöðunnar, sem hún kemst að. Það er alkunna, að því er svo varið með þessi lán, að þau eru alls ekki trygð sem skyldi, og landssjóður ábyrgist þau ekki. Þess vegna hefir þess verið óskað af forráðamönnum ýmsra þeirra kirkna, sem fje eiga í þessum sjóði, að landssjóður ábyrgðist lánin, þar eð líka kirkjurnar eru skyldaðar til að láta fje sitt í þennan sjóð, en bannað að hafa það á betri vöxtum eða á tryggari stöðum. Meðan þjóðfjelagið heldur uppi þjóðkirkju og ábyrgist hana, er rjett, að landssjóður ábyrgist það fje, sem kirkjurnar eiga í kirknasjóði, og hefði ákvæði um það átt að standa í lögunum frá 1890. En þau lög verða ekki skilin svo, að landssjóður hafi þá skyldu, því að í 4. gr. þeirra stendur, að stiftsyfirvöld, eða stjórnarráðið nú, ábyrgist sjóðinn, en með því er að eins átt við reikningsskil, því að vitanlega getur biskup eða stiftsyfirvöld ekki borið ábyrgð á því fje, sem tapast

Jeg sje ekki, að eftir orðanna hljóðan sje hægt að halda því fram, að landssjóður eigi að bera ábyrgðina. Til þess að fylla í þessa gloppu, sem er á lögunum, er þetta frv. borið fram. Jeg hefi líka fyrir mjer orð sjálfs skrifstofustjórans, sem um þessi mál fjallar, að ummæli 4. gr. laganna hafi ávalt verið skilin svo, að þau ættu að eins við reikningsskil sjóðsins, en ekki við það, að nein ábyrgð hvíli á landssjóði, þótt eitthvað tapist. — Þetta er ekki neitt einstaklingsmál, en snertir almenning. En jeg er hræddur um, að þeir, sem kirkjurnar eiga eða hafa umráð yfir þeim, geti tapað, ef ekki er betur um hnútana búið, þótt í nál. standi, að aldrei sje lánað úr sjóðnum nema gegn öruggri tryggingu. Fjeð er ekki veitt nema til kirkjubygginga, og í lögunum er engin heimild til að krefjast annarar tryggingar en þeirrar, sem kirkjurnar sjálfar veita. En hinn núverandi biskup, Jón Helgason, hefir lýst yfir því, að jeg hygg, að hann sjái sjer ekki fært að lána fje úr þessum sjóði nema

söfnuðurinn ábyrgist með kirkjunni. Eins og nú er og ef söfnuður leysist upp samkvæmt lögum, og kirkjan eyðist af einhverjum óhöppum, þá er það fje tapað, sem þar stendur. Það er því ekki að ófyrirsynju, að þetta frv. er komið fram, um aukna tryggingu fyrir kirknafjám. Af því, að mjer er kunnugt um þessi efni, þá vildi jeg láta þessar upplýsingar í tje, til þess að háttv. deildarm. þyrftu ekki að ganga eingöngu eftir upplýsingum nefndarinnar, sem vafalaust eru rangar og villandi.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Jeg þarf ekki margt að segja viðvíkjandi því, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði um nefndina og niðurstöður þær, sem hún hefir komist að. En það eru 2 atriði í ræðu hans, sem gefa mjer tilefni til skýringa. Það var á honum að skilja, að nefndin hefði ekki leitað upplýsinga á rjettum stöðum og þar af leiðandi ekki fengið ábyggilegar upplýsingar. En jeg get lýst yfir því, að nefndin leitaði upplýsinga bæði hjá landsstjórninni og hjá biskupi, og veit jeg ekki, hvar á að leita upplýsinga um þessi efni, ef ekki hjá þeim mönnum, sem kirknasjóðinn hafa í höndum. Bæði forsætisráðherra og biskup ljetu það í ljós, að óþarft væri að setja ný lög um þetta efni. En nefndin gerði þó meira en þetta. Hún rannsakaði allar eikninga sjóðsins, frá því er hann tók til starfa og fram að þessum tíma, og varð þess vör, að í þessi 25 ár, sem sjóðurinn er búinn að starfa, hefir hann engum eyri tapað. Ef lögin hefðu verið að einhverju leyti ófullnægjandi og reynslan hefði sýnt, að á frekari tryggingu þyrfti að halda, þá var ástæða til að koma með þetta frv. En svo er ekki. Annars skal jeg ekki vera að karpa um þetta; það skiftir ekki svo miklu máli. En jeg stend við það, að nefndin hafi leitað sjer góðra upplýsinga, og verð að líta svo á, að kirknafjeð sje nægilega trygt, og því engin ástæða til að samþ. þetta frv. Það verður að álítast, að starfsemi þessa sjóðs sje nú fullreynd, og þótt því sje haldið fram, að tryggingin fyrir fje hans sje ekki sem áreiðanlegust, þá er það að eins slagorð, sem á ekki við neitt að styðjast. Reynslan sýnir hið gagnstæða, að tryggilega sje um það búið. Þá er fullyrðing hv. þm. (G. Sv.) um ábyrgðarleysi stjórnarráðsins (stiftsyfirvalda) á kirknasjóðnum mjög hæpin. 4. gr. laganna frá 1890 er ákveðin, og ábyrgðin hlýtur að ná lengra en til reikninga, að rjettir sjeu.

Forsætisráðherra (J. M.): Af því að jeg var nefndur, verð jeg að gefa örstutta skýringu, þó að jeg ætlaði ekki að blanda mjer inn í þetta mál. Það er rjett, að hv. frsm. (Sv. Ó.) spurði mig um álit mitt á tryggingu þessa sjóðs, og kvaðst jeg ekki vilja mikið um það tala, en við umræðurnar um þetta frv. í hv. Ed. hafði jeg tekið það fram, að ekki mundi mikil þörf á þessum lögum, þar sem jeg áliti sjóðinn allsæmilega trygðan. En um leið hjelt jeg því fram, að ef landssjóður tæki á sig ábyrgð á þessu fje að einhverju leyti, þá væri rjettmætt að takmarka trygginguna eitthvað, — að landssjóður ábyrgðist t. d. einhverja ákveðna upphæð af sjóðnum. Annars legg jeg ekki mikla áherslu á þetta mál. Áhættan er ekki mikil, hvorki fyrir landssjóð nje fyrir þá, sem kirkjurnar eiga. Einu sinni var dálítil hætta á, að sjóðurinn yrði fyrir halla, en þá var tekin upp sú regla, að láta ekki nægja þá tryggingu, sem hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) reyndar sagði, að lögin ætluðust til að væri látin nægja, að fá tryggingu safnaðarins fyrir láninu. — Annars er ekki vert að ræða mikið um þetta mál. Það er ekki þess vert. En ef frv. verður samþ., þá held jeg, að rjettast væri að setja einhver takmörk fyrir tryggingarupphæðinni.

Gísli Sveinsson: Það er komið í ljós, að hv. frsm. (Sv. Ó.) fer með rangt mál, er hann segir, að nefndin hafi fengið þær upplýsingar hjá landsstjórninni og hjá biskupi, að landssjóður hefði nú ábyrgð á fje sjóðsins. Þetta er ekki svo, eins og kemur berlega fram hjá hæstv. forsætisráðh., en hann kveðst hafa viljað leggja til, að landssjóður verði ekki látinn tryggja sjóðinn að fullu. Það er því upplýst, að nefndin hefir hlaupið í gönur, og það kemur í ljós, að ef svo hefði ekki verið, þá hefðu niðurstöður nefndarinnar orðið alt aðrar. Jeg býst við, að ef nefndin hefði komist að þeirri niðurstöðu, að þessi trygging væri ekki fyrir hendi, þá hefði hún líklega lagt til, að frv. yrði samþ.

Hvað viðvíkur því, sem hæstv. forsætisráðh. talaði um, að landssjóður tæki ekki á sig alla ábyrgðina, þá er það rjett, að ef um mikla áhættu væri að ræða, þá bæri að athuga það, hvort landssjóður eigi að bera ábyrgðina alla. En nú er áhættan lítil fyrir landssjóð, en getur verið talsverð fyrir einstakar kirkjur eða söfnuði, og aðallega verður að líta á hitt, að þegar löggjafarvaldið skipar einstaklingum að leggja fje sitt á ákveðinn stað, þá verður það að ábyrgjast, að sá staður sje tryggilegur. Nú er ekki hægt að segja, að kirkjusjóðurinn sje öruggur eins og hann er. — Þetta er ekki neitt einstaklingsmál, heldur snertir það alla þá, sem kirkjur eiga um land alt, sjerstaklega þó, ef litið er til þeirrar reglu, sem sagt er að núverandi biskup ætli sjer að taka upp, að heimta persónulega ábyrgð fyrir lánum úr sjóðnum. Jeg vona, að háttv. þingmenn stingi hendinni í sinn eiginn barm og líti á það, hvernig því mundi verða tekið heima í þeirra eigin hjeruðum, ef þeirri ábyrgð er varpað yfir á einstaka menn, sem að rjettu lagi á að hvíla á landssjóði, þótt ekki sje um mikla áhættu að ræða. Jeg vona því, að háttv. deild — líka háttv. nefndarmenn sjálfir, eftir þær upplýsingar, sem fram eru komnar, — greiði atkvæði með frv. Þótt það sje lítilsverð krafa, sem um er að ræða, þá er hún þó sanngjörn.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Jeg stend að eins upp til að leiðrjetta mismæli eða mishermi í ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Hann sagði, að jeg hefði haft það eftir forsætisráðh., að landssjóður hefði ábyrgð kirknasjóðsins á höndum. Jeg hafði það ekki eftir honum. (G. Sv.: Eftir hverjum þá?). Jeg hafði það ekki eftir neinum, sagði það alls ekki. En hitt hafði jeg eftir hæstv. forsætisráðh., að hann áliti ekki þörf á þessum lögum, því að sjóðurinn væri fullvel trygður. Það er ekki það sama og að landssjóður beri ábyrgð á honum. — Jeg veit ekki, hvort háttv. nefndarmenn gera það fyrir háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) að greiða atkv. með frv., móti sínum eigin tillögum. Fyrir mig get jeg sagt, að það kemur auðvitað ekki til mála, því að jeg er enn jafnsannfærður um það og jeg var áður, að þetta frv. sje óþarft og kirknasjóðurinn sje nægilega trygður.

Gísli Sveinsson: Að eins örfá orð. Jeg skrifaði það orðrjett upp úr ræðu hv. frsm. (Sv. Ó.), sem líka er í samræmi við nefndarálitið, að hann sagði, að samkvæmt lögunum frá 22. maí 1890, sem nú gilda, bæri landssjóður ábyrgð á fje kirkjusjóðsins. Þetta eru hans óbrjáluð orð. En þessi staðhæfing hans er algerlega röng.

ATKVGR.

Frvgr. feld með 16 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv., J. J., P. Þ., Þorst. J., Þór. J.

nei: B. J., B. K., B. St., E. Árna., H.

K., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Ó. B.

Fimm þm. (B. Sv., E. A., E. J., J. M., P. O.) fjarstaddir.

Frv. því

fallið.

32. Aukin löggæsla.

Á 17. fundi í Ed., mánudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um aukna löggæslu (A. 205).

Á 19. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Það er hæstv. stjórn að þakka eða kenna, að frv. þetta er fram komið. Það stendur í sambandi við lið í fjárlögunum, þar sem stjórnin mælist til, að veittar verði 10 þús. kr. til gæslu bannlaganna. Mjer hefir virst þessi fjárveiting um of einskorðuð, og jeg hefi ekki getað sjeð, að hún mundi koma að tilætluðum notum, nema nánar væri ákveðið, hvernig verja skyldi þessu fje.

Ísland hefir lengi verið friðland og ekki haft neinn her, og vjer óskum allir að vera lausir við þá byrði. En vjer getum ekki verið lögreglulausir. Þar, sem enginn her er, er einmitt þörf á sterkri lögreglu. Þjóðin er farin að skilja þetta, og hún krefst þess, að valdsstjórn þessa lands verði styrkt. Lagabrot fara sívaxandi hjer á landi, og þegar talað er um lagasetningu, sem þarf verulegrar löggæslu, er hrópað meðal fólksins, að slík lagasetning sje þýðingarlaus; lögunum verði ekki hlýtt.

Nú er tími til kominn að hverfa af þessari braut. Hún hefir stórmikinn fjárhagslegan skaða í för með sjer, en þó er hitt verra, að siðir manna spillast. En það vitum við allir, að spillist siðir í landinu, standa þar stærstir skaðar af. Það væri líka undarlegt, ef vjer gætum komist af með sömu lögreglustjórn og vjer höfðum fyrir 100 árum, því að jeg get ekki verið að telja það, þó að hann Ingimundur hafi verið sendur til Siglufjarðar. Jeg ætla mjer ekki þá dul, að lögreglustjórunum verði fjölgað, og þá því síður, er til byrjar liggur að breyta dómgæslunni og setja á stofn tollstjórn og tollgæslu. En hitt tel jeg fyllilega rjettmætt og sjálfsagt, að valdsstjórnin fái sæmilega aðstoð. Lögreglustjórarnir eru nálega liðlausir, og margir þeirra finna til þess, að þeim er ofraun að gæta skyldu sinnar sem skyldi. Og jeg verð að halda því fram, að það er skylda þings og stjórnar að veita þeim svo mikla aðstoð, að þeim verði þetta kleift.

Þetta frv. fer fram á dálitlar umbætur á því ástandi, sem nú er. Það hefir að vísu dálítil fjárhagsleg útgjöld í för með sjer, en hins vegar efa jeg ekki, að landinu aukist tekjur, ef frv. nær fram að ganga, miklu meiri en kostnaðinum nemur, bæði beinlínis og óbeinlínis.

Jeg vil að lokum leggja áherslu á það, að þjóðin er farin að sjá, að vort mesta mein er, að vjer höfum frá upphafi haft ónóga framkvæmdarstjórn, og menn krefjast þess, að landið fái öflugri löggæslu en það hefir haft hingað til. Vil jeg svo leyfa mjer að leggja það til, að frv. verði, að umræðu lokinni, vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 : 1 atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., föstudaginn 17. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 205, n. 461).

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg get tekið það fram, að í þessu frv. er þess ekki getið, hvernig greiðast skuli kostnaður sá, er leiða mundi af lögunum, en ætlast er til, að gerð sje grein fyrir honum í fjárlögunum.

Eins og jeg tók fram við 1. umr. þá stendur frv. í sambandi við sjerstakan lið í fjárlagafrv. stjórnarinnar, þar sem ætlaðar eru 10,000 kr. til gæslu bannlaganna. Í sambandi við þann lið kæmi þá ákvæði um, hve mikið fje yrði veitt til framkvæmda þessara laga og sömuleiðis til undirbúnings, til þess, að fá „fag"-menn í þessari grein. Mál þetta, sem hjer er um að ræða, er alls ekki nýtt. Árið 1914 var skorað á stjórnina með þingsál. að undirbúa betra löggæslueftirlit. Á þingmálafundum 1915 er borin fram sama krafa, og þá var komið með fyrirspurn til stjórnarinnar, hjer í þessari háttv. deild, um það, hvernig hún hefði sint kröfum þessum. Var það þáverandi þm. Ísafjarðar (S. St.) sem fyrirspurnina flutti.

Í ár hafa komið samþyktir frá meira en helmingi allra þingmálafunda um það að skerpa löggæsluna, og á enn þá fleiri fundum hefir hið sama komið fram óbeinlínis, í sambandi við bannlögin.

En stjórnin hefir ekki enn þá sint máli þessu, enda hefir hún í mörg horn að líta. Í mínu kjördæmi voru einnig einróma samþyktar tillögur í þessa átt. Annars er það nýtt fyrirbrigði, að alþýðan skuli krefjast betra lögregluefirlits í landinu. Yfirleitt hefir það við gengist hjer og í öðrum löndum, að henni hafi verið lítið gefið um löggæslu og verið hvimleið öll lögregla.

Í öðrum löndum er það framkvæmdarvaldið, sem heimtar ríkt lögregluvald, því að þess er að sjá um, að lögunum sje hlýtt, og þess er vansinn, ef brotin eru lögin.

En hjer snýr þetta öfugt við, og til þess liggja þær ástæður, að lögvörnin er ónóg. Lögbrot hafa viðgengist og tollsvik fara sívaxandi, svo að stórmikið tekjutjón er að.

Lögregluefirlitsleysið er orðið hneyksli í augum smælingjanna, og í augum útlendinga lækkar það virðing þeirra og álit á okkur, og það einmitt á þeim tímum, þegar mest á ríður að við njótum fullrar virðingar og álits annara.

Frv. þetta er í þeim tilgangi flutt, að nokkur bót verði ráðin á ástandi þessu. Það leggur mönnum ekki neitt bákn á herðar, en ætlast að eins til, að kipt verði í lag, smátt og smátt, eftir því sem þörf krefur og efni leyfa, verstu annmörkunum. Aðallega er farið fram á að fá menn, sem sjerþekkingu hafa í þessari grein.

Mjer er fullkunnugt um það, að til eru í landinu kraftar, sem drepa vilja niður alla lögreglustjórn, og óska þess, að landið lendi í óstjórn og agaleysi, svo að þeir geti lifað og látið sem þá lystir. En jeg þykist þess fullviss, að sú siðspillingarstefna eigi enga formælendur hjer í háttv. deild, og þess vegna veit jeg líka, að frv. þessu hlýtur að verða vel tekið af háttv. þingdeild.

Hannes Hafstein: Þó að frv. þetta sje eigi langt, þá hefir það þó ekki svo lítið nýmæli að flytja. Með því er sem sje þeim útgjöldum kastað yfir á landssjóð, sem alstaðar um víða veröld eru greidd úr bæjarsjóðum. Landssjóður á ekki einungis að greiða þau gjöld, sem annarsstaðar hvíla á ríkissjóðum, heldur á hann

einnig að kosta löggæslu hjer, nái frv. þetta fram að ganga. Þetta álít jeg hættulega braut. Orðalag frv. er þar að auki svo vítt, að engin takmörk eru fyrir því, hve langt mætti ganga í að kasta löggæslunni yfir á landssjóð. Því að þó að einhver takmörk sjeu í greinargerð frv., sem eiga sjer engan stað í texta þess, þá hefir það litla þýðingu. Þar að auki fæ jeg ekki betur sjeð en að orðalag frv. og greinargerðarinnar sje í beinni mótsögn hvort við annað. Í 1. gr. frv. segir svo: „Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem siglingar eru mestar, skulu skipaðir löggæslumenn, eftir því sem þörf krefur, lögreglustjórum til aðstoðar". En í greinargerðinni er gert ráð fyrir, að 3—4 menn verði valdir til starfsins. Hvernig er nú hægt að skifta 3—4 mönnum niður í alla kaupstaði og kauptún landsins, „þangað sem siglingar eru mestar?" Það getur varla verið alvara hv. frsm. (M. T.). Ef til vill gætu 3—4 menn dugað á Ísafirði. En hve marga þyrfti þá ekki annarsstaðar? Landssjóður hefir ekki efni á að borga 3—4 mönnum í hverju kauptúni og kaupstað víðs vegar um landið. Og ef það er tilgangurinn með frv. þessu að gæta bannlaganna, sem jeg hygg að sje, þótt hv. frsm. (M. T.) hafi eigi getið þess, þá þyrfti fleiri en 3—4 menn í sumum kaupstöðunum. Þyrfti ef til vill tífalt fleiri, ef eftirlitið ætti að vera meira en nafnið eitt, og ætti landið að kosta svo miklu til eftirlits bannlaganna, er hætt við, að lítið yrði eftir í landssjóðnum.

Það er ekki ætlun mín að fara í kappræður um málið, og býst jeg ekki við, að jeg muni taka aftur til máls, þó að athugasemdir kunni að verða gerðar við orð mín. En jeg verð að lýsa yfir því, að jeg álít það ekki ná nokkurri átt, að hv. deild samþykki óhugsað gjöld, sem altaf yrðu meiri og meiri með ári hverju, og fari að kasta fje út í bláinn, upp á jafnóákveðið, örstutt og vanhugsað frv., sem þetta er. Með frv. er öllu slengt upp á ókomna tímann, og ekkert tekið fram ákveðið, hvað gera skuli, nema það, að heimilað er ótakmarkað eftirlit, og kemur það í bága við greinargerð frv.

Jeg skal ekki segja um það, hvernig frv. reiðir af. En skemtilegt þætti mjer að sjá, hvort hv. frsm. (M. T.) verður að von sinni, að hv. deild samþ. frv. Því trúi jeg ekki fyr en jeg tek á.

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg hlýt að þakka hv. 1. landsk. þm. (H. H.) fyrir þann sóma, sem hann hefir sýnt þessu litla frv., með því að ráðast á það með svo miklu afli, að hann virtist taka á öllu, er hann átti til. Í því sambandi hjelt hann kosningaræðu, og sagði, að hjer væri verið að taka stórfje úr landssjóði.

Jeg hafði ekki búist við slíkri ræðu frá hv. 1. landsk. þm. (H.H.). Hann hefir haft hina megnustu óbeit á slíkum ræðum, og er jeg honum fyllilega samdóma í því efni.

Jeg hygg, að kostnaðurinn sje gryla ein. Í öðrum löndum er einnig til ríkislögregla, og það í „móðurlandinu" okkar. Þegar jeg var erlendis, var kostað ekki ósmáu fje úr ríkissjóði til ríkislögreglu í Kaupmannahöfn, fyrir utan lögreglu ríkisins víðs vegar um landið, er var óstaðbundin. Sá er einnig munurinn á, að útlendar þjóðir hafa herlið, og gerir það að verkum, að löggæslan gengur betur en ella. Væri því líku saman að jafna, þótt rjett væri, að ríkislöggæsla tíðkaðist hvergi erlendis.

Lögregluþjónar eru hjer að eins í bæjum, og hafa kaupstaðirnir sannarlega nóg við fje sitt að gera; er því engin von, að þeir vilji kosta meiru til en þarf til þess að halda uppi sæmilegum heimilisfriði, ef jeg mætti svo að orði komast, eða bæjarfriði. Þessi nýja lögregla ætti að gæta

almennra landslaga. Er því sanngjarnt, að landið kosti hana, þar sem landssjóður hefir hag af því, að lögunum sje hlýtt, og sektirnar fyrir lögbrotin renna í landssjóð, en ekki bæjarsjóð.

Jeg skal ekki um það deila við hv. 1. landsk. þm. (H. H.), hvort frv. þetta sje vel hugsað eða vanhugsað. En jeg vil benda á það, að ekki er hjer að ræða um að stofna nein ný embætti. Í fjárlögunum verður aftur á móti farið fram á að stofna embætti til eftirlits með bannlögunum. Var það ætlun mín, að þessi löggæsla kæmi í stað bannlagaeftirlitsins, eins og jeg hefi þegar tekið skýrt fram. Hefi jeg því ekki sent frv. þetta til fjárveitinganefndar, sem jeg að sjálfsögðu ella hefði gert. Í fjárlögunum yrði þá ákveðið í hvert sinn, hve mikið fje mætti veita til framkvæmdar þessum lögum.

Hv. 1. landsk. þm. (H. H.) mintist á, að gert væri ráð fyrir 3—4 löggæslumönnum. En það er misskilningur. Í frv. er ekkert ákveðið um tölu mannanna, enda yrði það að sjálfsögðu ákveðið í fjárl. En í greinargerð frv. segir: „.... fje til læringar 3—4 mönnum, er valdir yrðu til starfsins ....“, og er þar talað um að senda 3—4 menn út, til þess að læra að vera lögregluþjónar. Hjer er engin lögregla til, í orðsins eiginlegu merkingu, enda þess engin von, þar sem enginn hefir lært. Menn geta ekki heldur orðið læknar eða bæjarfógetar án þess að búa sig undir það.

Hv. 1. landsk. þm. (H. H.) drap á bannlögin í sambandi við frv. Jeg er ekkert feiminn við að nefna þau. En þar sprakk blaðran hjá hv. þm. Hann má ekki vita til þess, að neitt sje gert til varnar bannlögunum, og legst hann því á móti frv. þessu. En hvers vegna má ekki nefna tollsvik? (H. H.: Þau leiða af bannlögunum). Nei, þau voru til áður. Það er ekki lítil upphæð, sem landið missir við tollsvik, eins og von er í lögreglulausu landi. Jeg segi þetta ekki þjóðinni til lasts; vjer erum sjálfsagt eins löghlýðnir og aðrar þjóðir.

Í tilefni af kostnaðargrýlunni vil jeg geta þess, að til eru lög hjer í landi, sem ákveða, að ekkert aðkomuskip megi leggjast á aðrar hafnir en þær, sem löggiltar eru. (H. H.: Þær eru margar). Já, en það styttir þó strandlengjuna að mun, enda væri hægt að þrengja það ákvæði meir.

Jeg þykist nú hafa hrakið ástæður hv. 1. landsk. þm. (H. H.) gegn frv. Og án þess, að jeg hafi neitt „agiterað“ fyrir máli mínu, trúi jeg eigi fyr en jeg tek á, að hv. deild felli frv., hvað sem hv. 1. landsk. þm. (H. H.) segir.

Hannes Hafstein: Hv. frsm. (M. T.) skýrði nú frv. svo, að tilætlunin væri að takmarka í fjárlögunum tölu löggæslumannanna. En jeg get ekki tekið þessi orð hv. frsm. (M. T.) í fullri alvöru. Þau fara beint á móti orðalagi frv. sjálfs. Í því stendur: „.... skulu skipaðir löggæslumenn, eftir því sem *þörf krefur*“. En ekkert er tekið fram um það, hver skuli ákveða, hvað þörfin krefji. Í því efni verður að fara eftir almennum reglum, og lögreglustjórarnir sjálfir skera úr. Enginn getur sagt um, hve mikillar löggæslu þarf, nema sá, sem yfir á að ráða í hverju einstöku tilfelli. En ef því eru engin takmörk sett, hvað þörf krefji, myndu lögreglustjórar taka sjer aðstoð eftir eigin geðþótta, í því trausti, að landssjóður greiði kostnaðinn samkv. lögum þessum. Hv. frsm. (M. T.) hefði átt að orða greinina öðruvísi en hún er orðuð, t. d. á þá leið, að skipaðir skuli löggæslumenn eftir því, sem fje verði veitt til í fjárlögunum.

Skýring hv. frsm. (M. T.) á orðalagi greinargerðarinnar, að veitt verði fje til utanferðar 3—4 manna, er skuli læra starfið, liggur ekki laus fyrir. Jeg hygg,

að engum, sem les frv., geti dottið í hug, að menn þurfi að læra í útlöndum að hafa opin augun. Er þá tilætlunin sú, að 3—4 skuli vera sjerstaklega lærðir, en hinir miður? (M. T.: Þeir eiga að kenna hinum). Jeg hugði, að allir löggæslumennirnir ættu að geta framfylgt lögunum, og jafnt ætti að ganga yfir þá alla.

Hv. frsm. (M. T.) gat um, að tollsvik væru mikil, og er það því miður afarsatt. En hann mintist ekki á, í hverju þau væru sjerstaklega fólgin. Þau eru aðallega fólgin í bannlagabrotum, enda eru bannlögin þess eðlis, að engin furða er, þó að þau mæti mótspyrnu. Og hv. frsm. (M.T.) má ganga að því sem vísu, að hann fær aldrei svo sterkt lögregluefti rlit, að hann geti komið í veg fyrir, að bannlögin verði brotin, jafnvel þótt hann fengi alt fje landssjóðs til umráða í því skyni.

Kristinn Daníelsson: Jeg hefi skrifað undir nál., og skal jeg því gera stutta grein fyrir skoðun minni á málinu. Jeg skal vera drengur, sem við gengur, að það var ekki síst vernd bannlaganna, er fyrir mjer vakti. Í 11. gr. fjárlagafrv. eru áætlaðar 10,000 kr. hvort árið til eftirlits með þeim. Jeg tel þetta ákvæði í fullu samræmi við krðfur þingmálafunda viðs vegar um land alt um aukið eftirlit með bannlögunum. Það hefir sumum þótt þetta ákvæði í fjárlagafrumvarpinu nokkuð óákveðið. En þetta frumvarp er skref í áttina að gefa leiðbeiningu um fyrirkomulag eftirlitsins. Hikaði jeg því ekki við að fylgja frv., þótt vera kunni, að betur mætti orða það. Jeg hefði fúslega viljað vera í samvinnu við hv. 1. landsk. þm. (H. H.) um að laga orðalagið á frv., t. d. breyta orðunum: „eftir því sem þörf krefur“ í 1. gr. frv. í þá átt, sem háttv. 1. landsk. þm. (H. H.) benti á.

Háttv. 1. landsk. þm. (H. H.) kvað engin takmörk sett, hve langt mætti fara að auka eftirlitið. Þau takmörk eru sjálfgefin, þar sem frv. miðar við upphæð, er veitt yrði í fjárlögunum á ári hverju, eins og svo mörg önnur gjöld, er landssjóður greiðir og ákveðin eru í fjárlögunum í hvert sinn. Þess vegna þykir mjer nokkuð hart að orði kveðið, að það nái ekki nokkurri átt að samþykkja slíkt frv. sem þetta. Hygg jeg, að vel mætti draga úr þeim orðum. Jeg gæti fallist á, að bætt yrði inn í 3. gr. frv. ákvæði um, að kostnaðurinn greiðist úr landssjóði eftir fjárveitingu í fjárlögunum í hvert sinn.

Annars hefir háttv. frsm. (M. T.) skýrt málið nægilega frá sjónarmiði okkar beggja, og læt jeg því staðar numið að sinni.

Magnús Kristjánsson: Jeg vildi gera þá fyrirspurn til háttv. frsm. (M. T.), hvort tilætlun hans er, að þær 10,000 kr., sem stjórnin fer fram á í 11. gr. fjárlagafrv. að veittar verði til eftirlits með bannlögunum, stæðu sjerstaklega, og auk þess verði veitt fje til að standast þann kostnað, er frv. fer fram á.

Vænti jeg skýrs svars frá hv. frsm. (M.T.).

Þá vil jeg geta þess, að jeg álít, að þessi stefna geti ekki skoðast annað en fálm út í loftið. Ætti nokkurt gagn að vera að slíku, þyrfti svipað fyrirkomulag sem nú er verið að undirbúa hjer í Reykjavík, að aðskilja þá eiginlegu lögreglu, er bærinn kostar, frá tollstjórn og tollgæslu, sem landssjóður að sjálfsögðu á að kosta. Hefði háttv. flm. (M. T.) komið fram með frv. um slíkt fyrirkomulag, þá hefði verið vit í því. En þetta er kák, sem getur leitt út í ógöngur, sem enginn getur sjeð fyrir. Þótt háttv. frsm. (M. T.) segi, að fáir muni hafa djörfung til að greiða atkvæði gegn frv., þá greiði jeg þó óhikað atkv. gegn því, af þessari ástæðu. Menn verða að gera sjer ljósa grein fyrir,

hvað verið er að gera, og mega ekki aðhyllast mál, er leikur í jafnlausu lofti og enginn grundvöllur er undir.

Háttv. frsm. (M. T.) drap á tollsvik og sívaxandi siðspillingu í landinu. Tók hann þessi ummæli sín þó að nokkru leyti aftur í síðari ræðu sinni, og kvað oss ekki ólöghlýðnari en aðrar þjóðir. Þarf jeg því ekki að deila við háttv. frsm. (M. T.) um þetta, en hins vegar finst mjer illa til fallið og óheppilegt af fulltrúum þjóðarinnar að slá föstu í sterkum orðum, hve mögnuð siðspillingin sje í landinu. Hygg jeg ástæðulaust að leggja slíkan dóm á þjóðina, enda bætti hv. frsm. (M. T.) úr skák í síðari ræðu sinni, eins og jeg gat um. Jeg vil að eins taka það fram, að þar, sem jeg þekki til, hefi jeg ekki orðið var við neina sívaxandi siðspillingu. Ef siðspillingin keyrir svo úr hófi í umdæmi háttv. frsm. (M. T.) er honum vorkunn, en því vil jeg þó ekki gera ráð fyrir.

Læt jeg svo þetta atriði útrætt, en vil að eins mælast til þess, að háttv. frsm. (M. T.) svari fyrirspurn minni.

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg þarf ekki að svara háttv. 1. landsk. þm. (H. H.) miklu. Nægir að vísa til 27. gr. stjórnarskrárinnar. Þar segir svo: „Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum“. Þetta sýnir, að það nær ekki nokkurri átt, að þessi lög út af fyrir sig geti lagt byrði á landssjóð, sjerstaklega þar sem löggæslan er að eins miðuð við kaupstaði og kauptún, þangað sem siglingar eru mestar. Það er auðvitað, að þeir, sem fjalla um fjárlögin, ákveða, hve margir þeir kaupstaðir og kauptún eru, sem löggæslu þurfa, og hve marga löggæslumenn þurfi á hvern stað.

Um þá fáu menn, sem sendir yrðu út til þess að læra, vil jeg taka það fram, að ekki er ætlast til, að menn þurfi altaf að læra starfann í útlöndum, heldur á innlend þekking að myndast.

Annars hefði verið hægt fyrir háttv. 1. landsk. þm. (H.H.) að bæta úr þessu, ef hann hefði viljað, með því að gera dálitla brtt. við frv., en það verð jeg að segja, að það er ekki rjett hugsað að vera að tala um tollsvik á bannlögunum. Tollsvik komast þar ekki að, nema ef það væri þá helst lyfsalarnir, sem menn vildi fara að gruna. (**H. H.:** En þeir sem smygla?) Það er enginn tollur á þeim vínum. Jeg hefi heldur aldrei ætlast til þess, að hægt væri að koma algerlega í veg fyrir það, að bannlögin væru brotin. Svo að jeg taki til dæmis önnur lög, sem þeim eru alllík, sem sje lögin um friðun æðarfugla, þá kváðu þau vera brotin afarmikið. Mjer hefir verið sagt, að sumstaðar skifti menn æðarkollunum í hluti, alveg eins og þeir væri að koma úr róðri. (**H. H.:** Er það í lögsagnarumdæmi hv. þm. (M. T.)?). Ónei, það er annarsstaðar, en jeg veit til þess. (**H. H.:** Jeg kannast við það.)

Jeg skal þá með fáum orðum snúa mjer að fyrirspurn hv. þm. Ak. (M. K.). Jeg held, að jeg hafi skýrt tekið það fram, að fjárveiting samkvæmt þessu frv. komi í staðinn fyrir fjárveitingu þá, sem tekin er upp í fjárlagafrv., um bannlögin. Svo verður að athuga það, að um leið og tollaganna er gætt, þá er bannlaganna gætt líka. En þótt farið sje fram á það nú að aðgreina tollgæslustarfið og löggæslustarfið hjer í Reykjavík, þá held jeg, að það geti staðið nokkuð í hv. þingi og stjórn, áður en það komist algerlega í lag; slíkt þarf mikils undirbúnings með, og er það því á engan hátt spilt starf, sem fer í þá átt að ná í almennilega löggæslumenn.

Annars get jeg vitnað til þess, að í ráði er á Ísafirði og Akureyri að koma öllum bæjarmálum undir stjórn sjerstaks borgar-

stjóra, og er það ekki að ástæðulausu; jeg veit t. d., að borgarstjórastörf mín taka fullan þriðjung eða meira af starfskröftum mínum.

Jeg talaði ekkert um það, að þjóð vor væri siðspilt. Jeg lít svo á, að þessi þjóð hafi verið sjerlega löghlýðin, svo sem það ber vott um, að þjófar hafa verið sendir einir síns liðs alla leið norðan af Sauðanesi og hingað í „steininn". En þjóðinni hefir farið aftur í þessu efni. Tollsvik voru þegar orðin mikil hjer áður en bannlögin komust á, en þau eru sá þvengur, sem menn hafa lært á.

En hvernig löggæslustarfið í mínu umdæmi sje rekið, á ekki við fyrir mig að fara út í hjer, en sje mjer ábótavant í því efni, verð jeg að reyna að herða mig og taka á því litla, sem jeg á til.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg verð að láta það álit mitt í ljós að mjer finst þetta frv. ekki aðgengilegt, eins og það liggur fyrir. Jeg get ekki skilið 1. gr. frv. öðruvísi en svo, að landsstjórnin verði að skipa menn í þessi störf, og það að líkindum menn til viðbótar lögregluþjónum kaupstaðanna, sem þegar eru fyrir. Hversu margir þeir menn eru nú veit jeg ekki með vissu, en tel víst, að laun þeirra muni vega allmikið skarð í þær 10 þús. kr., sem hjer er verið að tala um, eða jafnvel nema meiru. Við þetta bætist svo eftir frv. allur launakostnaður þessara nýju fyrirhuguðu eftirlitsmanna.

Auk þess virðist mjer það athugavert að ljetta þessum kostnaði algerlega af kaupstöðunum, því að vitanlega hefði þar mátt fara milliveg, ef mönnum hefði sýnst svo, vegna þess, að löggæslumenn þarf hver kaupstaður að hafa, og verða þeir því nokkuð í þágu kaupstaðanna. Hjer er auk þess um allmikla fjárupphæð að ræða, eins og jeg hefi þegar bent á, og landsstjórnin getur vart gert annað en áætlað eitthvað meira og sett það í fjáraukalög, þegar svo stendur á, að ekkert er í fjárlögunum. En mjer finst grundvöllurinn hjer vera sá, að hjer sje myndaður verulegur vísir til tollgæslu í landinu.

Það hefir verið mikið um það rætt á undanförnum þingum að reyna að komast hjá margbrotinni tollgæslu, enda hefir ekki enn verið lagt út í það að koma henni á. En sje þetta byrjunin til að koma á verulegri tollgæslu, þótt þess sje ekki getið þar beinlínis, þá er þetta lagafrv. að minni hyggju ekki nógu ítarlegt. Eins og málið liggur nú fyrir þá get jeg ekki annað en verið á móti því. En með því að háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) og háttv. flm. (M. T.) hafa lofað að koma með frv. í bættri og breyttri mynd næst, skal jeg ekki greiða atkvæði á móti því, að það fái að ganga til 3. umr., en jeg hygg, að það þurfi að taka miklum breytingum, til þess, að jeg geti fylgt því lengra.

Eggert Pálsson: Jeg efast alls ekki um það, að tilgangurinn með frv. þessu sje góður, og þykist skilja það, að fyrir hv. flm. (M. T.) hafi vakað, að betri tollstjórn skyldi verða hjer á landi en nú er. En jeg hygg, að þegar á að fara að leggja grundvöll til nýrrar tollgæslu hjer, þá muni slíkt þurfa rækilegrar íhugunar, og meiri en mjer virðist þetta frv. bera vott um. Get jeg ekki hugsað mjer, að lögð hafi verið mikil hugsun inn í það, heldur hafi því verið flaustrað af, eins og þegar hefir greinilega komið í ljós í umræðunum.

Ef lítið er á 1. gr. frv., þá er hún afarófullkomin, þar sem svo er að orði komist, að þessir nýju tolleftirlitsmenn skuli skipaðir eftir því, sem þörf krefur, en hvergi sagt, hverjir meta skuli þörfina. Mjer virðist þess vegna, eins og jeg hefi áður sagt, að þótt jeg sje hugsun þeirri,

er jeg hygg að bak við liggi, fyllilega samdóma, þá sje full þörf á því, að lagafrv. þetta sje athugað miklu meir en hjer virðist hafa átt sjer stað.

Hv. flm. (M. T.) sagði, að tilætlunin væri sú, að frv. kæmi í stað þeirra 10000 kr., sem stjórnin ætlaði í fjárlagafrumvarpinu til gæslu bannlaganna. En jeg vil þá spyrja, hefir þá hv. flm. (M.T.) náð nokkru samkomulagi við stjórnina í því efni? Ef stjórnin ætlar sjer annað en hv. flm. (M. T.), þá er hjer slegið í baksegl; stjórnin heldur einu fram, og hv. flm. (M.T.) öðru. Stjórnin kann að koma fram og segja: Það var ekki meining mín, að þessum krónum skyldi verja svona. Mjer finst það vera offrekt hjá hv. flm. (M. T.) að taka þannig algerlega óumtalað 10000 kr., sem stjórnin hefir sett í fjárlögin, og verja þeim eftir sínu höfði, án þess að grenslast eftir, hver tilgangur stjórnarinnar hafi verið með þessari fjárveitingu. Jeg þyrfti að minsta kosti að vita það frekar en orðið er, að eitthvert samkomulag hefði átt sjer stað milli stjórnarinnar og hv. flm. (M.T.) í þessu efni.

Jeg hygg, að nú sje orðið svo áliðið tíma þingsins, að ekki sjeu tök á að búa til sæmil. góð lög um tolleftirlit, frekar en þegar hefir gert verið. Spor í þá átt hefir þegar verið stigið af þessu þingi, þar sem er frv. um skifting bæjarfógetaembættisins í Reykjavík, því að sú skifting miðar vitanlega til betra tolleftirlits í stærsta kaupstað landsins. Það frv. hefir þegar gengið í gegnum hv. Nd., og er nú komið til vor. Þar er gott spor stigið til að byrja með, og væri gott, ef það gæti orðið til undirstöðu undir frekari og betri tolllög í framtíðinni. En að svo vöxnu máli get jeg ekki ljeð þessu frv. fylgi mitt, svo meingallað sem það er, sjerstaklega 1. gr. þess, enda þótt jeg kannist fyllilega við, að mikil þörf sje á lögum um þetta efni, væru þau sæmilega úr garði gerð.

Jóhannes Jóhannesson: Mjer finst andmæli manna hjer gegn frv. þessu aðallega stafa af því, að hv. þm. virðist, að hjer sje verið að kasta byrði, sem áður hafi hvílt á bæjar- eða sveitarfjelögum, yfir á landssjóð. En jeg tel það alls ekki tilgang frv. Hv. flm. (M.T.) hefir tekið fram, að tilgangurinn væri aðallega sá, að styðja að því, að tollögunum væri hlýtt. Sama er að segja um aðflutningsbannslögin, sem einnig verður að reyna að halda í heiðri, á meðan þau eru í gildi.

Jeg get ekki sjeð, að hjer komi neitt til mála að leggja bæjar- eða sveitarfjelögum nokkurt fje, heldur sje um það að ræða að veita lögreglustjórum lið til að gæta tolllaganna, enda ber þess að gæta, að tollar eða tollsektir renna ekki í bæjar- eða sveitarsjóði, heldur í landssjóð, og er það hans að sjá um, að þeim lögum sje hlýtt. Bæjar- og sveitarfjelögum er skylt að kosta þá löggæslu eina, sem nægir til að tryggja borgurunum, að þeir geti lifað og ferðast óhultir um sig, sína og sitt. Að ætlast til, að þessi fjelög leggi fram fje til sjerstakrar gæslu tolllaga og bannlaga, nær engri átt.

Jeg verð hins vegar að játa, að það er mikið til í því, sem sagt hefir verið, að frv. sje ekki eins vel úr garði gert og það ætti að vera, en það verður sannarlega að vera verkefni hv. nefndar að bæta úr því. Jeg vildi þess vegna leyfa mjer að gera það að tillögu minni, að þessari umræðu yrði frestað, og að nefndin tæki það aftur til gagngerðari íhugunar og komi fram með breytingar við það, er geri það ákveðnara og aðgengilegra.

Kristinn Daníelsson: Hæstvirtur atvinnumálaráðherra lagði á móti þessu frv. og tók það fram, að honum þætti það galli, að eftir 1. gr. frv. gæti stjórnin ekki annað en skipað þessa löggæslumenn,

að því er mjer skildist, ótakmarkað. (**Atvinnumálaráðh.**: Nei, ekki ótakmarkað). En það er auðvitað, að stjórnin skipar þá ekki frekar en viðkomandi fjárveiting gefur tilefni til, og eftir samráði við ýmsa lögreglustjóra, þar sem þessum starfsmönnum yrði bætt við.

En þar sem hæstv. atvinnumálaráðherra mintist á, að hjer væri að tala um að ljetta nokkru af kaupstöðunum, þá er það alls ekki hugsunin, heldur að þetta sje viðbót við lögregluefirlitið, sem fyrir er.

Hæstv. atvinnumálaráðherra tók það fram, að hjer gæti verið um allmikla fjárhæð að ræða, en jeg hygg, að það sje einnig ljóst, að hjer er ekki um aðra fjárhæð að ræða en þá, sem gefin er í fjárlögunum. Auðvitað gæti komið fyrir, að aukafjárveitingar þyrfti. Segjum t. d., að veittar væru 10000 kr. til þessa eftirlits. Verið gæti náttúrlega, að svo vantaði eitthvað á kostnaðinn við það eftirlit, sem ráðist hefði verið í, og þá yrði að grípa til fjáraukalaga, til þess að bæta það upp. En auðvitað er, að skipa verður eftirlitsmennina í samræmi við fjárveitinguna, sem fyrir liggur, og væri því um enga hættu að ræða í því efni.

Um galla þá, sem á frv. kunna að vera, er það að segja, að þá má athuga til 3. umr., og vona jeg, að háttv. þingdm. láti frv. ganga svo langt, að það verði gert.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) lagði mjög á móti frv. og kvartaði undan því, ef þetta frv. ætti að vera grundvöllur undir sjerstöku tolleftirliti hjer á landi. En þótt frv. þetta sje ófullkomið, þá gæti það þó verið góð byrjun til þess að fá hugmynd um það, hvað hægt væri að gera hjer á landi um tolleftirlit, og mætti setja þetta í samband við skiftingu bæjarfógetaembættisins hjer í Reykjavík.

Þá spurði háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) um, hver ætti að meta þá þörf, sem talað væri um í 1. gr. frv. Mjer finst það liggja í augum uppi, að stjórnin á að meta hana í samráði við hina ýmsu lögreglustjóra.

Hvað þann lið í fjárlögunum snertir, sem ætlaður er til líkra útgjalda og þetta, þá hygg jeg, að ekkert hafi verið gert hjer enn, er geti hamlað því, að gott samkomulag um þau atriði geti fengist við stjórnina.

Háttv. þm. (E. P.) sagði, að þetta frv. væri svo meingallað, að hann gæti ekki greitt því atkv. sitt. Jeg var nú ekki viss um, hvort hann ætlaði að meina því að ganga til 3. umr., en mjer finst hann geta, þrátt fyrir þau orð, sem hann hefir viðhaft um frv., greitt því atkv. að þessu sinni.

Vil jeg endurtaka þá ósk mína, að frv. fái að ganga til 3. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg talaði um þetta frv., eins og það lá fyrir, og mjer lá næst að skilja það. En skýringar þær, er háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) hefir tekið fram, eru góðar, og er sjálfsagt að taka þær til greina, að því leyti, sem við á, en þær eru þó ekkert annað en skýringar, sem ónógar yrðu við framkvæmd laganna, og get jeg því ekki betur sjeð en að rjettara hefði verið að tilfæra þá þetta í 1. gr. frv.

Jeg get því ekki annað en haldið mig að hinu sama og áður, að stjórnin verði að skipa þessa löggæslumenn, en eins og nú stendur er ekki til annars að grípa en til fjáraukalaga. En eftir því, sem jeg veit best, þá eru þessar 10000 kr., sem verið er að minnast á í þessu sambandi, veittar í sjerstökum tilgangi, og komi því ekkert í þeirra stað, þá verður stjórnin að gera eitt af tvennu, annaðhvort að vanrækja að framfylgja lögunum, sökum þess að engin fjárveiting er ætluð í þessu skyni, eða taka upp í *aukafjárlög* viðeigandi fjárhæð.

Frsm. (**Magnús Torfason**): Það er

einungis örstutt athugasemd. Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) sagði, að frv. hefði verið flaustrað af. Það er misskilningur, því að það er ætlast til þess, að í fjárlögunum verði nákvæmari ákvæði gefin um þessi lög, þar á meðal hve margir og á hve mörgum stöðum þessir eftirlitsmenn skuli vera.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. Sn., Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. T., S. E., G. Ó., G. B.

nei: H. St., H. H., M. K., E. P., G. G.

S. J. greiddi ekki atkv., af ástæðu, er forseti mat gilda.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 : 5. atkv.

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 23. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 205, 520, 536).

Frsm. (Magnús Torfason): Við síðustu umræðu þessa máls kom það í ljós, að hv. deild fanst frv. fara ofdjúpt í landssjóðsvasann. Samkvæmt þeim bendingum hefir meiri hluti allsherjarnefndar leyft sjer að koma fram með brtt., sem eiga að verða til þess að nema þennan geig burt. Jeg hafði hugsað mjer, að þau ákvæði, sem brtt. setja, hefðu verið sett í fjárlögin. En þar sem hv. deild óskaði fremur, að þau væru beint tekin fram í lögunum, sá nefndin ekki ástæðu til að leggjast á móti því. Öðru hefi jeg ekki við að bæta fyrri ræður mínar og nefndarálit meiri hluta allsherjarnefndar, en vænti þess, að frv. verði vel tekið, eins og það nú er orðað.

Halldór Steinsson: Það hafa verið gerðar talsverðar bætur á frv., og var þess sannarlega ekki vanþörf. Því að, eins og frv. kom fram, var það svo úr garði gert, að engum gat dottið í hug, að góður og glöggur lögfræðingur hefði unnið að smíðum þess.

Eins og frv. var orðað upphaflega hefði stjórnin getað þurausið landssjóð til þess að framfylgja því, án þess, að hægt hefði verið að koma fram ábyrgð á hendur henni. Orðin í 1. gr. frv. „.... eftir því sem þörf krefur", gáfu stjórninni alveg óbundnar hendur. Við 1. umr. lýsti hv. flm. (M. T.) yfir því, að í frv. væri að eins átt við þá fjárupphæð, 10000 kr., sem stjórnin fór fram á í fjárlagafrv. sínu að veittar yrðu til gæslu og eftirlits bannlaganna. En þá er mjer spurn, hvers vegna þurfti þá frv. þetta að koma fram? Var það til þess að fá þetta eftirlit lögfest, eða þótti öruggara að bera þetta upp í frumvarpsformi heldur en að eiga undir því, að þingið samþykti þennan lið í fjárlögunum? En ef svo hefði verið, þá hefði átt að taka fram í frv. tilganginn, og hve miklu fje skyldi verja í því skyni, í stað þess að láta frv. koma fram grímuklætt. Nú hefir hv. flm. (M. T.) lýst yfir því, að frv. væri aðallega ætlað til gæslu bannlaganna, og þakka jeg fyrir þá yfirlýsingu, því að nú vita menn, hvað um er að ræða.

Jeg skoða frv. í sinni upphaflegu mynd vera sjálfdautt. Mun jeg því að eins athuga brtt. meiri hluta nefndarinnar.

1. brtt. er sjálfsögð, ef nokkurt vit á að vera í frv., sem sje að fella í burt orðin: „eftir því sem þörf krefur". Þá er 2. brtt., sem er eiginlega mergurinn málsins. Hún fer í þá átt, að skipa skuli lög-

gæslumenn í kaupstöðunum utan Reykjavíkur og í Vestmannaeyjum. Laun þeirra skuli vera 1500 kr. árlega, auk dagpeninga og ferðakostnaðar eftir reikningi. Raunar er ekki gert ráð fyrir eftirlaunum. Það á, með öðrum orðum, að stofna 5 ný embætti með 1500 króna árslaunum, auk ferðakostnaðar og dagpeninga.

Fyrst er nú við þetta að athuga, að þótt þörfin sje mikil á löggæslu á þessum stöðum, og jafnvel meiri en annarsstaðar, þá er þess að gæta, að kaupstaðirnir eru þegar betur settir með löggæslu en önnur kauptún. Þar er lögreglustjóri og einn eða fleiri lögregluþjónar. Það er t. d. ólíku saman að jafna, hve Seyðisfjörður er betur settur en Norðfjörður með löggæslu, eða Ísafjörður heldur en aðrir stærstu verslunarstaðirnir. Því hefði átt að byrja þar, sem löggæslunnar er mest þörf. Jeg skil það vel, að það gæti verið þægilegt fyrir lögreglustjórana að fá skipaða undirmenn til vika. En sje það satt, sem jeg hefi heyrt fleygt, og hefi nokkra ástæðu til að trúa, að lögregluþjónar hafi störf sín sumstaðar í hjáverkum, þá álít jeg, að þessu fje sje á glæ kastað.

Það lítur ofurmeinleysislega út, að löggæslumenn skuli, auk fastra árslauna, hafa dagpeninga og fá goldinn ferðakostnað eftir reikningi, en jeg hygg, að hv. flm. (M. T.) hafi eigi gert sjer ljóst, hversu athugavert og ísjárvert þetta ákvæði er. Tökum t. d., að lögreglustjóri á Ísafirði hafi njósn af, að nokkrum pokum með áfengi hafi verið sökt á Dýrafirði eða við Hornstrandir. Hann þarf að mauna vjelbát til þess að leita áfengisins. Slík ferð getur orðið fulldýr, og þegar við bætist ferðakostnaður löggæslumanns og dagpeningar, er hætt við, að þessi útgjöld yrðu hærri á ári en laun þeirra allra til samans. Þó að það sje tjarri mjer að sporna á móti því, að landslaga sje gætt, þá álít jeg hyggilegra að fara gætilega og byggja á reynslu á minni sviðum heldur en að fálma út í loftið og fleygja fje út í bláinn. Nú er á leiðinni frv. um sjerstaka tollgæslu í Reykjavík, og allar líkur til, að það verði samþykt. Ef það sýndi sig, að aukin tollgæsla og bannlagavernd bæri nokkurn árangur í Reykjavík, þá væri nægur tími að færa sig upp á skaftið á næsta þingi og auka þá löggæsluna víðar. En þá þarf að stinga þar á kýlinu, sem útferðar er að vænta, eða setja löggæslumenn þar, sem brýnust er þörf, en það gerir ekki þetta frv., og því get jeg ekki verið því fylgjandi.

Frsm. (**Magnús Torfason**): Jeg bjóst ætið við því, að slíkan þef mundi kenna frá háttv. þm. Snæf. (H. St), sem raun er á orðin.

Jeg skil ekki háttv. þm. Snæf. (H. St.), er hann talar um, að jeg sem flm. ætli að binda landssjóði nýjar stórbyrðar. Jeg tók þó skýrt fram þegar við 1. umr., að jeg ætlaðist til, að til þessarar löggæslu væri varið þeim 10,000 kr., sem stjórnin fer fram á í fjárlagafrv. sínu að veittar verði til eftirlits og gæslu bannlaganna. (**H. St.**: Það stóð ekki í frv.). Að vísu, en jeg tók það fram í flutningsræðu minni (**H. St.**: Umræður hafa ekkert lagagildi).

Hv. þm. Snæf. (H. St.) spurði, hvers vegna jeg vildi ekki ákveða þetta í fjárlögunum, heldur koma með það í lagaformi. Jeg hugði, að hver háttv. þingm. hefði getað sagt sjer það sjálfur, ef hann hefði viljað lesa frv. með athygli og taka eftir því, sem þar stendur. Þar segir, að stjórnarráðið setji reglugerð fyrir þessa menn og ákveði laun þeirra og starfssvið. Þetta er ekki venja að taka fram í fjárlögunum, og mjer er óhætt að segja, að slíkt ákvæði finst ekki í neinum fjárlögum. Þegar af þessari ástæðu var því sjálfsagt að bera fram málið í frv.formi.

Annars hneykslaði það háttv. þm. Snæf.

(H. St.), að frv. fór fram á löggæslu hjer á landi, eftir því sem þörf krefur. Því trúi jeg mæta vel, að það hneyksli hann. Jeg veit vel, að hann vill helst enga löggæslu. Hann vill, að fólkið geti fengið pytlurnar brotalaust heim til sín. Það liggur á bak við alt hans skraf í þessu máli. Enda hefir hann blandað máli þessu saman við bannlögin og eigi sjeð annað en bannlagagæslu í frv. Hann hefir leyft sjer að halda því fram, að bannlögin komi ekki tollgæslu við. En sannleikurinn er sá, að bannlagabrot fara svo að segja alveg eftir tollgæslunni.

Háttv. þm. Snæf. (H. St.) fann að fyrirkomulagi löggæslunnar samkv. brtt., fann að því, að löggæslumenn skyldu fyrst skipaðir í kaupstöðunum. Um það vil jeg vísa til 1. gr. frv., sem ákveður, að löggæslumenn skuli setja í kauptúnum, þangað sem siglingar frá útlöndum eru mestar. Og þær eru vitanlega mestar til kaupstaðanna, sem von er; það leiðir af sjálfu sjer, að miklar siglingar til og frá útlöndum bera aðallega kaupstaðina uppi. Er því brtt. í samræmi við 1. gr. frv.

Það er ekki svo að skilja, að þessum mönnum sje að eins ætlað að rækja starf sitt í kaupstöðunum. Stjórnarráðið ákveður starfssvið þeirra og getur ákveðið, að þeir eigi ekki að eins að aðstoða lögreglustjórann í sjálfum kaupstöðunum, heldur og í öllu þeirra umdæmi. Og það eftirlit fást kaupstaðirnir aldrei til að kosta.

Jeg get ekki kannast við, að menn þurfi að hræðast, að ferðakostnaðurinn verði gífurlegur. Menn geta ekki sagt, að lögreglustjórar hafi farið djúpt í vasa landssjóðs nje varið miklu í ferðakostnað handa sjer og öðrum. Það er sáralítið, oftast fáein hundruð króna á ári. Aftur á móti afla þeir oft landssjóði drjúgum tekna með löggæslu sinni, oft tugi þúsunda með litlum tilkostnaði. Einn lögreglustjóri aflaði eitt sinn landssjóði 28,000 kr. á einu sumri, en fjekk þó aldrei sæmilegan ferðakostnað endurgoldinn, alls að eins nálægt 1000 kr. Það voru þakkirnar fyrir góða löggæslu. Óhætt mun að byggja á því, að lögreglustjórar muni ekki láta nota meira fje í ferðakostnað en hæfilegt er. Enda hefir stjórnarráðið eftirlit með því. Þessi hræðsla er annars vantraust á stjórninni. Nú höfum við þó fengið þá 3, ráðherrana, og vald þeirra gagnvart embættismönnum hefir verið styrkt; ætti því ferðakostnaðurinn ekki að vera sú grýla, er fældi menn frá frv.

Háttv. þm. Snæf. (H. St.) gat þess og, að lögregluþjónar hefðu víða starf sitt sem aukaverk. Þetta getur vel verið, þótt ekki sje mjer um það kunnugt. Á Ísafirði hafa lögregluþjónslaunin verið einar 1000 kr. Það er ekki nein von til þess, að maður verji öllum sínum kröftum í starf, sem er launað með einum 1000 kr. Og svo verður að gá að því, að bæjarstjórnir hafa tekið upp á því að láta lögregluþjóna vinna ýmislegt í bæjarins þarfir, t. d. innheimta fyrir hann gjöld. Jeg hygg því óþarfa fyrir þingið að draga úr löggæslu hjer á landi, og sjerstaklega að halda í við lögreglustjórana. Væri miklu frekar ástæða til að uppörfa þá.

Öðru sje jeg ekki ástæðu til að svara háttv. þm. Snæf. (H. St.). Það þýðir ekki fyrir okkur að þræta meir um þetta mál, úr því að bannlögunum hefir verið blandað inn í það. Skoðanir okkar á því máli eru svo sundurleitar, að engin von er til þess, að við getum nokkurn tíma orðið sammála í því.

Kristinn Daníelsson: Jeg vil að eins gera örstutta athugasemd við ræðu háttv. þm. Snæf. (H. St.).

Hv. þm. (H.St.) sagði, að jeg og hv. flm. (M. T.) ætluðumst til, að þessi löggæsla væri til verndar bannlögunum. Orð mín við 2. umr. fjellu á þá leið, að jeg kvaðst vera drengur, er við gengi, og að gæsla bann-

laganna hefði meðal annars knúið mig til þess að vera frv. fylgjandi. En það er alt annað en að bannlögin ein hafi vakað fyrir mjer. Jeg gat þess og þá, að þjóðin hefði krafist þess á mörgum þingmálafundum, að eftirlit með bannlögunum yrði aukið og að þeirri kröfu vildi jeg fylgja fram. Þetta er eini vegurinn til þess. Að minni hyggju er bannmálið eitt af bestu málum þjóðarinnar, og á það skilið öflugan stuðning löggjafarvaldsins.

Mjer er löggæsla annars ekki eins kunn, en þó hygg jeg, að frv. geti miðað til betri tollgæslu, og jafnvel verið til hagnaðar fyrir landssjóð, eins og hv. flm. (M. T.) tók fram. Hitt hafði jeg eigi hugleitt nánar, hvort þeim áðurnefndu 10000 kr. skyldi varið í þessu skyni. Það gat og hugsast, að sá liður yrði feldur, enda veit jeg ekki betur en að fjárveitinganefnd Nd. hafi orðið sammála um að fella hann úr fjárlögunum. En þá hugði jeg, að þessi ráðstöfun, með viðtækari verkahring, gæti ef til vill náð fram að ganga.

Mjer finst ferðakostnaðargrýlan vera ástæðulaus, og dæmið, sem hv. þm. Snæf. (H. St.) tók, um flöskurnar í pokanum, sem sökt væri hjá Hornströndum, vera fjarstæða. Þannig löguð dæmi má altaf setja upp.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða frekar um málið. Er jeg ekki vonlaus um, að það hafi töluvert fylgi hjer í hv. deild.

Halldór Steinsson: Jeg vil að eins gera örstutta athugasemd, í tilefni af ræðu hv. þm. Ísaf. (M. T.).

Honum þótti eigi góður þefur sá, er lagði frá Snæfellsnesi, og fæ jeg það vel skilið, að honum þyki gola sú ekki góð, því að hún blæs móti því, að hann fái vikapilt þann, er hann vill fá með frv.

Hv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að löggæsla hneykslaði mig, en jeg vil mótmæla því, að jeg hafi svo mælt, eða nokkuð það, er gæfi ástæðu til þeirra ummæla. (**M. T.:** Bara ræðan öll). Það er ekki rjett.

Hv. þm. (M. T.) vildi gera lítið úr ferðakostnaðinum og sagði, að landsstjórnin endurskoðaði reikninga. Jeg býst við því, að það sje ekki hægt að leggja mikið upp úr þeirri endurskoðun, því að stjórnin yrði í flestum tilfellum að fara þar eftir tillögum lögreglustjóranna, og ætli lögreglustjórarnir yrðu ekki óánægðir, ef þeir yrðu sjálfir að leggja fram fje — jafnvel stórar upphæðir — í þessu skyni.? Jeg býst við því.

Það er einkennilegt um þennan hv. þm. (M. T.), að við aðra umr. viðurkendi hann, að ætlunin með þessu frv. væri að vernda betur bannlögin, en nú er eins og hann sje hálffeiminn að viðurkenna það (**M. T.:** Langt frá því) og segir, að það sje aðallega almenn tollgæsla. (**Jóh. Jóh.:** Ummælunum er snúið við).

ATKVGR.

Brtt. 520, 1. samþ. með 8 shlj. atkv.

1. gr. svo breytt samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 520, 2. (ný 2. gr.) samþ. með 8:1 atkv.

Brtt. 520, 3. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt (verður 3. gr.), samþ. með 8 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv., með áorðnum breytingum, samþ. með 10 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. Sn., Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. T., S. E., S. J., E. P., G. Ó., G. B.

nei: M. K., G. G., H. St., H. H.

Frv. afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., föstudaginn 24. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um aukna löggæslu, eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 611).

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Magnús Pjetursson: Mjer finst þetta mál vera þannig vaxið, að skylt sje að minnast á það með fáeinum orðum þegar við þessa umr., og úr því að allir aðrir þegja, þá get jeg ekki stilt mig um að segja fáein orð.

Menn tala um það, að þessi deild sje nokkuð ör á fje. En hjer kemur nú frá hv. Ed. frv., sem síst af öllu miðar í sparnaðaráttina. Það er fundið að því í háttv. Ed. og víðar, ef menn hjer í deildinni fara fram á að stofna nýtt embætti, eða hækka dálitið laun lágt launaðra starfsmanna landsins, en nú gerist það undarlega fyrirbrigði, að hv. Ed. fer fram á að stofna, ekki eitt embætti, *heldur heila stjett embættismanna*, sem ekki hefir þekst hjer áður.

Jeg er því ekki vel kunnugur, hvort hjer er brýn þörf á aukinni tollgæslu, en undarlegt þykir mjer það, að hennar sje sjerstaklega þörf nú, þegar siglingar til landsins eru mjög litlar, og aðallega á eina höfn.

Hv. meiri hluti allsherjarnefndar í Ed. heldur því fram, að lögreglustjórum sje orðið það um megn að annast tollgæsluna, ef þeir fái ekki aðstoð, og mjer hefir skilist, að hún telji það beinlínis gróðaveg að stofna þessa embættismannastjett, af því að þá muni tollsvikin minka svo mikið.

Jeg hefi nú ekki heyrt það fyr, að tollsvik sjeu svo tíð, að þessi ástæða sje frambærileg.

Hv. Ed. leggur ekki til, að þessir tollgæslumenn skuli vera nema á 4 stöðum á landinu. En það er auðsætt, að verði þetta samþykt, þá hljóta þessir tollgæslumenn að koma á hverri höfn innan skams.

Að öllu þessu athuguðu trúi jeg því ekki, að hv. Nd. hleypi frv. lengra að svo stöddu, enda verður það ekki borið fram með neinum rökum, að þessu máli liggi svo á, að það að minsta kosti geti ekki beðið eftir eðlilegum tímum.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla ekki að fara að svara hv. þm. Stranda. (M. P.) nje ræða þetta mál. Það getur vel verið nokkur ástæða fyrir frsm. fjárveitinganefndar til að vera á móti þessu. Jeg skil það svo, að nefndin ætli sjer að fara aðra leið í þessu efni. En mjer finst þó sjálfsagt að leyfa þessu máli að ganga til 2. umr., hvað sem menn ætla sjer við það að gera síðar. Tilgangurinn er góður, og það hefir mikið til síns máls að fara þessa leið, enda er sjálfsagt að sýna máli, sem kemur frá háttv. Ed., þann sóma að leyfa því að fara til nefndar. Þetta mál var í allsherjarnefnd í Ed., og ætti eins að vera hjer.

Magnús Pjetursson: Það getur verið, að það sje ókurteisi að fella þetta frv. strax. Deildarmsnn geta sýnt með atkvæði sínu, hvað þeim finst um það.

En ef svo ólíklega skyldi vilja til, að frv. kæmist til nefndar, vil jeg benda háttv. nefnd, sem fær það til meðferðar, á 2. gr. Þar segir, að ferðakostnaður og dagpeningar skuli greiðast eftir reikningi. Þótt launin sjeu ekki áætluð há, þá getur þetta orðið álitleg fjárupphæð, þegar saman kemur, ef tollgæslumenn mega á landssjóðs kostnað hlaupa, þegar þeim þóknast, eftir allskonar slúðursögum, landshornanna í milli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., J. M., J. B., M. G., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Ó. B.

nei: B. Sv., E. J., G. Sv., H. K., J. J., M. P., M. Ó., P. J., S. S., S. St., Þór. J.

Frv. vísað til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 8. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 611, n. 819).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Eftir þeim undirtektum, sem frv. þetta fjekk við 1. umr., mun vera óþarfi að fjölyrða um það.

Eins og nál. sýnir ræður allsherjarnefnd til að fella frv., eins og sakir standa nú. Eins og siglingum er nú háttað sýnist engin bráð þörf á aukinni löggæslu utan Reykjavíkur. Og með lögum þeim um skifting bæjarfógetaembættisins í Reykjavík, sem afgreidd hafa verið frá þinginu, hefir verið bætt úr þörf þeirri, er þótt hefir vera á aukinni löggæslu í Reykjavík, — að minsta kosti í bráð. Það er einn hinn óheppilegasti tími að koma með frv. nú, og jeg er hissa, að það skyldi komast gegnum hv. Ed. Þar með er ekki sagt, að ekki geti síðar orðið þörf á lögum slíkum sem þessum, og að fyrirkomulagið, sem hjer ræðir um, geti ekki verið heppilegt, en það liggur ekki á þeim nú. Það er undarlegt, að háttv. Ed. skyldi fara að taka eina sýslu (Vestmannaeyjasýslu) út úr og vilja auka löggæslu í henni, en engri annari, því að þó að þar sjeu miklar siglingar á venjulegum tímum, þá er þó hvergi hægara um löggæslu en þar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla ekki beint að mótmæla því, sem háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) sagði um þetta mál. Það má vel vera, að mikið sje til í því, að ekki sje brýn þörf á að bera frv. þetta fram nú. En mjer þótti vænt um að heyra, að háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) vildi ekki taka af um það, að rjett væri, að eitthvað væri gert í þessa átt. Hann hefir má ske átt við, að rjett væri, að landsstjórnin hefði eitthvert fje til umráða til að leggja fram til löggæslu í kaupstöðunum, t. d. til að borga yfirlögregluþjóni, eins og komið hefir til orða að skipa hjer í Reykjavík.

Það er ekki svo óeðlilegt, þótt skipaður væri löggæslumaður til aðstoðar sýslumanninum í Vestmannaeyjum, fremur öðrum sýslumönnum. Það mun óvíða annarsstaðar jafnmikil þörf á aðstoðarlöggæslumanni. Þar safnast slíkur fjöldi skipa saman á sumum tímum árs, sjálfsagt fleiri en á nokkrum öðrum jafnstórum bletti hjer við land utan Reykjavíkur. Það kemur fyrir, að þar liggja skip svo að hundruðum skiftir. Jeg tek þetta fram til að benda á, að það er ekki óeðlilegt, að Vestmannaeyjar eru nefndar í frv.; þó vil jeg ekki halda því fram, að það beri að samþykkja frv. að þessu sinni. En jeg legg áherslu á það, sem háttv. frsm. (M. G.) sagði, að í frv. feldust atriði, sem vert væri að taka til íhugunar.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það er rjett hermt hjá hæstv. forsætisráðherra, að í frv. getur legið eitthvað það, sem vert er að taka til íhugunar. En allsherjarnefnd var svo varkár, að hún vildi

ekkert ákveða um, hvernig eða hve nær málið skyldi tekið til athugunar. Jeg get ekki verið því samþykkur, að meiri ástæða sje til að auka löggæslu í Vestmannaeyjum en sumstaðar annarsstaðar, t. d. í Suður-Múlasýslu. Þar er miklu erfiðara að halda uppi löggæslu en í Vestmannaeyjum. Jafnvel þótt þar sjeu 100 skip saman komin í einu, þá er mun hægara að gæta þeirra þar á einum stað en 50—60 á 10—15 stöðum.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta er lítið atriði og ekki vert að rekast mikið í því. En ekki er þó rjettur samanburðurinn hjá háttv. frsm. (M. G.), því að ef ætti að auka löggæslu í Suður-Múlasýslu, þá dygði ekki að setja einn löggæslumann þar, heldur yrðu þeir að vera fleiri og á fleiri stöðum. Er því ekki rjett að bera það saman við kaupstaðina, því að hjer er ekki um að ræða að setja löggæslu um land alt, þar sem þess kynni þó að vera þörf.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg held því fast fram, að löggæsla sje miklu erfiðari t. d. í Suður-Múlasýslu en Vestmannaeyjum, og jeg fæ ekki betur sjeð en að þessum löggæslumönnum sje ætlað að ferðast, því að þeim er ætlaður ferðakostnaður og dagpeningar. Nú vildi jeg spyrja, hvort þeir eigi þá að fá ferðakostnað og dagpeninga auk launa fyrir að rjátla um í kaupstöðunum og í Vestmannaeyjum? Þetta stendur í frv. En annars er óþarfi að ræða meira um frv.; það er óhæft, eins og nú stendur, og nauðsynlegt að sálga því nú þegar.

ATKVGR.

1. gr. feld með 16 shlj. atkv.

Frv. því

fallið.

33. Hafnarlög fyrir Ísafjörð.

Á 18. fundi í Ed., þriðjudaginn 31. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til hafnarlaga fyrir Ísafjörð (A. 200).

Á 20. fundi í Ed., fimtudaginn 2. ágúst var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg þarf ekki að bæta miklu við greinargerðina í frumvarpinu. Jeg vil að eins leyfa mjer að benda hv. deild á, að í ráði er að vinna þær hafnarbætur, er frumv. ræðir um, samkvæmt áætlun frá hafnargerð Reykjavíkur. Væntanlegri nefnd munu verða afhentar teikningar og áætlanir yfir hafnarbót á Pollinum, sem nú eru hjá hafnargerð Reykjavíkur og ekki er enn gengið frá til fullnustu.

Það er langt síðan Ísfirðingar fundu til þess, að þá vantaði hafnarbryggju. Það eru nú 20 ár síðan. Og þessi vöntun hefur orðið tilfinnanlegri með hverju árinu, sem við er að búast, því að Ísafjörður er eini kaupstaður landsins, sem ekki á hafnarbryggju. En við því er hins vegar ekki að búast, að ráðin hafi verið bót á bryggjuleysinu. Þó að hafnarsjóðurinn sje orðinn talsvert efnaður, eftir því sem hjer gerist — eigi um 90 þús. kr. —, þá hafa samt sjerstakar ástæður valdið því, sem óþarft er að greina hjer frá, að hafnarmálinu hefir ekki verið hrundið í horf.

Það, sem sjerstaklega knýr oss til hafnarbótar, er, meðal annars, fiskaflinn á vetrarvertíðinni. Vetrarvertíðin er oft besti fiskitíminn á árinu, og, eins og kunnugt er, stunda togarar þá einatt veiðar frá Ísafirði, þangað til þeir fara á veiðar fyrir sunnan land.

Á Ísafirði hefir risið upp allálitlegur bifbátafloti, sem óðum fer stækkandi, og bif-

bátarnir sækja sjó allan ársins hring. Þeir þurfa afdreps með.

En hafskipabryggja og hafskipakví eru fyrirtæki, sem þurfa mikils fjár með, mun meira en Ísfirðingar einir eru færir um að greiða, og þess vegna er farið fram á það í 1. gr. frumv. þessa, að veitt verði til þess nokkurt framlag úr landssjóði, þó ekki fyr en fjárlögin ákveða.

Hjer er ekki að eins að ræða um þörf bæjarins, heldur líka landsins alls.

Jeg hygg, að það verði óhjákvæmilegt fyrir landið að hafa tollstöðvar í helstu kaupstöðum landsins og hafa aðgang að landi og tækjum algerlega fyrir sig.

Jeg býst við, að mönnum muni þykja krafan um fjárframlagið nokkuð há, en þess ber að gæta, að þetta fyrirtæki myndi eigi að eins hækka hag bæjarins, heldur einnig sýslunnar, og jeg er í engum vafa um, að það mundi verða til stórgróða fyrir landssjóð, eins og t. d. sumar símalínurnar. Þær eru sumar búnar að marg — margborga sig.

Útgjöld landssjóðs í þarfir Ísafjarðarkaupstaðar hafa verið hverfandi lítil, en tekjur þær, er þaðan hafa runnið til landssjóðs, mjög miklar.

Eftir rjettum og venjulegum búreikningi er enginn vafi á því, að Ísafjörður á álitlega fúlgu í landssjóði.

Ísafjarðarkaupstaður er einhver besta mjólkurkýr landsins. Jeg býst ekki við, að þingið telji það búhnykk að horsvelta svo góðan grip.

Jeg leyfi mjer að lyktum að óska þess, að málinu verði vel tekið, og að þessari umræðu lokinni vísað til sjávarútvegsnefndar.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg leyfi mjer að leggja til, að máli þessu sje, að lokinni þessari umræðu, vísað til fjárhagsnefndar.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hefi vitanlega ekki mikið við þetta frumv. að athuga, en jeg vildi þó vekja athygli á málinu í heild sinni.

Hv. flm. (M. T.) sagði, að Ísafjörður hefði haft svo mikla þörf á að fá hafnarbætur, að það væri ekki auðið að útskýra það eins og vert væri. En jeg verð að játa það, að jeg tel minni þörf sjerstakra hafnarbóta á Ísafirði en víðast annarsstaðar á landinu. Fyrst og fremst má geta þess, að þar eru að minsta kosti 2 hafskipabryggjur — sem eru einstakra manna eign —, sem skip geta lagst við. Hefir Ísafjörður þar staðið kauptúna fremst, og langtum framar en sjálfur höfuðstaðurinn, Reykjavík, þar sem engin skip hafa getað lagst að bryggju. Og þrátt fyrir hinar stórfeldu hafnarbætur hjer í Reykjavík getur ekki enn nema 1 skip lagst að bryggju. En það er rjett með farið hjá hv. flm. (M. T.), að hafskipabryggjurnar á Ísafirði eru eign einstakra manna, og því altaf meira eða minna undir þeim komið, hversu vel færi um bæinn í þessu efni, en sannleikurinn er sá, að eigendur þessarar bryggju á Ísafirði hafa ekki sýnt ójöfnuð, heldur hafa allir getað komist að þessum bryggjum, en má ske gegn einhverju litlu gjaldi. En þetta á ekki að spilla fyrir hafnarbótum á Ísafirði.

En það þarf að athuga það, hvort það er áreiðanlegt, að Ísfirðingar sjálfir óski þessara hafnarbóta.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að landssjóður leggi fram 150 þúsund krónur til fyrirtækisins, og að hafnarsjóður Ísfirðinga leggi fram þá upphæð þrefalda, eða 450 þúsund krónur.

Eftir því, sem hv. flm. (M. T.) sagðist frá, þá á hafnarsjóður Ísfirðinga nú 90 þúsund krónur, svo að það er bersýnilegt, að hafnarsjóður verður að setja sig í miklar skuldir, og þær lenda á kaupstaðnum fyr eða síðar.

Það er skoðun mín, að þessar 150 þús. kr. sjeu ekki ofveittar til Ísfirðinga, ef þeim mættu þær að verulegu gagni verða, en á hinn bóginn vil jeg ekki gera þá að ginningarfíflum til að leggja fje í það, er þeir hefðu ekki verulegt gagn af.

Það er enginn vafi á því, að það væri stórmikil framför fyrir þá, ef Pollurinn yrði gerður að höfn, og mundu þessar 150 þús. kr. líklega nægja til þess. Við Pollinn eru allar aðalbyggingarnar, allar þær byggingar, sem nokkuð kveður að, og svo er Pollurinn algert sjerstakt hafnarstæði, skapað af náttúrunnar hendi.

Sú ástæða er færð gegn því að gera höfn þar, að oft komi fyrir, að Pollinn leggi í frostum, en það má gera ráð fyrir því, að þótt farið væri að ausa miklu fje í höfn þar, sem erfiðara og dýrara er að byggja hana, að hana gæti alt eins vel lagt. Því að gæta ættu menn að því, að þar er að eins um nýjan Poll að ræða, sem hefir þann einn mun frá hinum eldri, að hann væri gerður af mannahöndum, og hefði kostað ógrynni fjár.

Þetta er bending, sem jeg óska að tekin verði til íhugunar, þegar málið verður tekið til athugunar í nefnd. Þá vona jeg, að nefndin athugi tillag landssjóðs, hvort þetta nægir, ef höfnin er bygð fyrir utan, eða hvort svo mikið þurfi, ef Pollurinn verður gerður að höfn.

Jeg veit, að hv. flm. (M. T.) muni segja, að verkfræðingar verði látnir athuga bæði hafnarstæðin, og að þeir geti betur dæmt um það en jeg, og má vera, að svo sje, en jeg verð að telja það æskilegra, að málið væri athugað strax, enda hafa komið fram raddir um það í blöðunum, að hættulegt væri að byggja höfnina utan Eyrar.

Hv. flm. (M. T.) sagði, að fiskiskipin vantaði hlje, en það skil jeg ekki, því að það hafa þau þar sem Pollurinn er, ef ísiaus er, og þótt búinn væri til nýr Pollur með ísum, bætti hann ekki úr.

Og ekki lítur út fyrir, að þar sje hljelaust, því að þangað leita mótorbátar viðs vegar að, því að hvergi í grendinni er svo góða höfn að finna sem þar.

Jeg verð að játa, að jeg skildi ekki það, sem hv. flm. (M.T.) sagði, að höfnin mundi jafnt borga sig fyrir landssjóð sem símalínur þær nú gera, sem bestar eru. Við vitum allir, að það er óbeinn hagnaður fyrir landssjóð að hlynna að framkvæmdum, en að nefna þetta í sambandi við símann, er ekki rjett, því að landssjóður hefir beinar tekjur af símanum, en það hefir hann aldrei af höfn á Ísafirði.

Hvað Ísafjörður hafi verið góð mjólkurkýr fyrir landssjóð skal jeg láta ósagt, en hygg, að það sje óvíst, að hún verði þeim mun betri, sem hún er fóðruð betur. Kýr hætta oft að mjólka, ef ofvel eru fóðraðan, verða offeitar. Það er best að ala við hóf.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg get verið sjerlega þakklátur hv. 4. landsk. þm. (G. G.) fyrir það, að hann hefir tekið að sjer að vera einskonar forsjármaður fyrir Ísafjörð. Það er ekki lítið varið í það fyrir okkur Ísfirðinga að eiga annan eins hauk í horni og hann er.

Hv. 4. landsk. þm. (G.G.) gerði lítið úr því, að þörf væri á hafskipabryggju á Ísafirði, því að þar væru 2 bryggjur. Það er rjett, að þar eru tvær bryggjur, en þær eru báðar einstakra manna eign. En jeg vil algerlega neita því, að bæjarmenn á Ísafirði hafi haft ótakmarkaðan aðgang að þeim.

Þær halda uppi einokun á Ísafirði. Aðrir borgarar á Ísafirði hafa ekki staðið eins vel að vígi og bryggjueigendur. Þeir hafa ekki getað stundað fiskkaup vegna bryggjuleysis, og hefir það verið bænum til stórskaða. Það eru ekki nema 2 ár

síðan gefið var 6 aurum minna fyrir fisktvípundið á Ísafirði en hjer í Reykjavík, og vita þó víst allir, að vestfirskur fiskur stendur yfirleitt hærra á erlendum markaði en sunnlenskur fiskur.

Í þessu liggur orsökin að því, hversu snauðir útgerðarmenn og kaupmenn á Ísafirði hafa verið. Það er vegna þess, að þeim hefir verið haldið niðri.

Þá hjelt hv. þm. (G.G.), að Ísfirðingum mundi verða ofþyngt með þessu, en jeg hygg, að hann viti ekkert um það, hvaða ráðstafanir þeir hafa gert hjer um. Jeg gat þess, að hafnarsjóður væri orðinn 90 þús. kr., og hann fer altaf vaxandi, og verður orðinn yfir 100 þús. kr. þegar byrjað verður á þessu fyrirtæki. Hafnartekjur eru í meðalári alt að því 5000 kr., og nú hefir hafnartaxtinn verið hækkaður. Hafnarsjóður er því vel fær til lántöku, og það þeim mun fremur, þar sem bæjarsjóður Ísafjarðar stendur sig allra bæjarsjóða best hjerlendis, og því er engin ofraun fyrir hann að leggja í slíkt fyrirtæki, og ætti ekki að geta það síður en t. d. Reykjavík.

Jeg held, að Ísfirðingar hafi sýnt það, að þeir kunni að stjórna málefnum sínum, og þeir þurfa alls ekki neinar bendingar í þá átt norðan af Ströndum.

Þá sagði sami hv. þm. (G.G.), að það ætti að fara að mynda nýjan Poll. Þetta sýnir betur en alt annað, að hv. þm. (G. G.) er alls ekki fær til að tala um þetta mál, því að hann veit ekki, að Pollurinn er eins og stöðuvatn. Hann veit það bersýnilega ekki, að þegar aðfall er, þá kemst enginn dropi úr þrem ám, er renna í Pollinn, út úr honum. Vatnið úr þeim liggur ofan á saltvatninu og frýs alveg eins fljótt og vatn á landi. Jeg hefi sjálfur tekið eftir því, að Pollinn skænir jafnfljótt og pollana á götunni fyrir utan gluggana mína.

Fyrir utan Pollinn hefir sjórinn fulla seltu, og frýs þess vegna ekki nærri því eins fljótt. Jeg hefi líka tekið eftir því, að þegar sundin hafa verið full af ís, og þar hefir verið eins og pollur, þá hefir sama sem ekkert lagt þar, þó að álnarþykkur ís hafi verið á Pollinum.

Hvað það snertir, að Ísfirðingar þurfi að fá forráðamann, þá er því þar til að svara, að Ísfirðingar eru með lögum þessum settir undir stjórnarráðið og geta ekki framkvæmt hafnarvirkið nema með þess ráði og vilja, og verð jeg að telja stjórnarráðið betur til forsjónar fallið en hv. 4. landsk. þm. (G.G.).

Þessu skrafi hv. 4. landsk. þm. (G. G.) um Pollinn er annars best svarað með því, að Ísfirðingar mundu, ef auðið væri, nota hann, því að það er svo miklu ódýrara. Sami hv. þm. (G.G.) var að minnast á ritgerð, sem kom í blöðunum, um hafnarmálið, en jeg öfunda hann ekki af því að taka þá grein að sjer.

Jeg sagði það vitanlega ekki í ræðu minni, að landssjóður myndi fá beinar tekjur af þessu, en þó er það ekki rjett nema að nokkru leyti, því að það er áreiðanlegt, að siglingar myndu aukast að miklum mun til Ísafjarðar, og þá um leið skipagjöld, en jeg er viss um, að óbeinn hagur af þessu, bæði tollar og annað, mundi draga landssjóð drjúgum.

Guðjón Guðlaugsson: Það er fjarri því, að jeg telji mig mann að minni, þótt hv. flm. (M. T.) telji mig vera forsjármann Ísafjarðar, en nú vill svo til, að hann telur sjálfan sig til þess kjörinn og af forsjóninni sjerstaklega til þess valinn að vera forsjármaður Ísfirðinga. Og þar sem við erum nærfelt aldrei samdóma, þá sje jeg ekki, að við getum verið það báðir, og úr því að hann viðurkennir yfirburði mína, væri það næst fyrir hann að rýma sætið. Hv. flm. (M. T.) talaði oft um það, að jeg væri Strandamaður. Það hefir næsta

litla þýðingu. Jeg er ekki síður þingmaður Ísfirðinga en Strandamanna, nema framar sje. Og þar sem jeg er kunnugur á Ísafirði, mun jeg reyna að gagna þeim með þingsetu minni.

Það, sem jeg sjerstaklega vildi svara, og álít vera alt að óskammfeilni, ef nefna má svo stórt orð, er að bera það á meðborgara sína, að þeir hafi meinað mönnum að nota bryggjurnar; því vil jeg mótmæla fastlega. Og þar sem sami hv. þm. (M. T.) sagði, að af þeim ástæðum hefði fiskverð á Ísafirði verið 6 aurum lægra fyrir tvípundið en í Reykjavík, hlýt jeg og algerlega að mótmæla og telja staðlaus orð, til þess er annað er sannað.

Á Ísafirði eiga þær hafskipabryggjur Ásgeirssonsverslun og Edinborgarverslun, sem stór skip geta legið við, en auk þess eru þar aðrar bryggjur, Tangsverslunar o. fl., sem jeg hygg, að öllum hafi verið frjálst að nota. Jeg vil því ekki láta því ómótmælt, að það hefði nokkru sinni ríkt slík meinsemi, sem virtist liggja í orðum hv. flm. (M. T.). Það er mjer því með öllu óskiljanlegt, að það hafi átt sjer nokkur einokun stað í sambandi við bryggjurnar á Ísafirði.

Það hefði verið skiljanlegt, að slíkt hjal hefði átt sjer stað á meðan verslun Asg. Ásgeirssonar átti ein hafskipabryggju á Ísafirði, en eftir að Edinborgarverslunin byggði þar aðra hafskipabryggju, og fór beinlínis að keppa við hina verslunina og aðrar verslanir þar um fiskkaup og verslun, þá gat slíkt ekki átt sjer stað. Það sjá því allir, að þegar nýr keppinautur bættist við (Edinborg, sem nú er orðin eins góðs manns eign) milli hæsta og neðsta kaupstaðarins, svo að jeg noti ísfirsk orð, er hv. flm. (M. T.) hlýtur að skilja, er það fremur til þess að útiloka einokun en skapa hana.

En þetta snertir ekki beinlínis málið. Jeg er alls ekki mótfallinn því, að málið fari til nefndar, en jeg vil skjóta því til hennar að athuga eftir föngum, hvar rjettast sje að byggja hafskipabryggjuna.

Hv. flm. (M. T.) mintist á það, að það væri mikill straumur fyrir utan Eyrina, og það er rjett, en ætli það yrði ekki hið sama þegar þar er höfn orðin, að hún yrði eins og Pollurinn nú, en straumurinn yrði fyrir utan hana? Þetta verður alt að athuga, og vænti jeg, að nefndin geri það.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg verð að ákveða nánar þessa forsjá, sem háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) er að leika. Það er ekki forsjá fyrir Ísafirði, heldur fyrir útlendu selstöðuverslununum þar. Öll hans framkoma bendir á það. Mjer þykir einkennilegt, að hann skuli leyfa sjer slíka framkomu, þegar hann veit, að bak við fjárbeiðnina stendur öll bæjarstjórnin og einhuga ósk þingmálafundar. Jeg veit, að til eru að vísu menn á Ísafirði, sem standa á móti þessu máli, en þeir eru hættir að þora að koma fram í dagsljósið. En hv. 4. landsk. þm. (G. G.) þorir að gera það hjer í deildinni. Það er öllum kunnugt, að þessar verslanir, sem hann er málsvari fyrir, vilja alls ekki, að neitt verði gert, og er það að vonum, því að þær eru nú orðnar aflóga fje.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) var að tala um óskammfeilni í sambandi við mig. Jeg held, að mjer sje óhætt að vísa þeim orðum aftur á sinn framfærsluhrepp. Hann taldi það m. a. óskammfeilni af mjer að hafa sagt, að eigendur bryggjanna hefðu meinað mönnum afnot þeirra. En það vita allir, sem á Ísafirði hafa verið, að þetta hefir verið gert í marga tugi ára. Og þetta er í raun og veru ekkert undarlegt, því að kaupmennirnir hafa vitanlega bygt þær fyrst og fremst fyrir sjálfa sig. Annars get jeg nefnt tvö dæmi, þar sem þetta hefir komið sjerstaklega berlega í ljós.

Annað var það, er önnur aðalverslunin þvergirti bryggju sína og neitaði jafnvel póstbátnum, sem styrktur er af landssjóði, um að nota hana, og kúgaði hann að lokum til þess að gjalda fyrir það mörg hundruð krónur. Hitt dæmið er frá því, er síminn kom til Ísafjarðar. Höfðu þá nokkrir plankar verið settir á aðra bryggjuna. Var þá sendur strákur til mín með þau skilaboð, að jeg ljeti hirða plankana tafarlaust. Jeg fór þá og talaði nokkur vel valin orð við hlutaðeiganda, svo að ekkert frekara varð úr því að vísa þeim á burt.

Hvað það snertir, að einokun hafi átt sjer stað á Ísafirði, þá skal jeg geta þess, að menn hafa orðið að kaupa kol 50% dýrara þar en þau kostuðu í Reykjavík. Þetta varð til þess, að bæjarbúar fóru sjálfir að afla sjer kola, en þegar til kom, fengu þeir enga bryggjuna, og svo mikið var ríki kaupmannanna þar, að hvergi var hægt að koma kolunum af sjer, fyr en jeg lánaði undir þau blett, sem jeg átti.

Annars held jeg ekki, að það sje neinn gróði að því að fara að minnast frekar á athæfi það, sem haft hefir verið í frammi í verslunarsökum á Ísafirði, og jeg skil ekki, að þeir menn, sem hjer eiga hlut að máli, sjeu neitt þakklátir háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) fyrir að hafa innleitt þær umræður hjer á þingi.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) var að minnast á það, að nefndin, sem væntanlega fjallar um þetta mál, ætti að athuga, hvar hafnarbæturnar ættu að vera. Slíkt nær vitanlega ekki nokkurri átt og mun engum hafa hugkvæmst það fyr. Bærinn ræður því vitanlega sjálfur og fer þar eftir tillögum hafnarverkfræðings, sem rannsakað hefir málið. Bærinn gerir út um alt, sem snertir framkvæmdir verksins, í samráði við stjórnarráðið, eins og ráð er gert fyrir í frumvarpinu.

Öðru get jeg slept í ræðu hv. 4. landsk. þm. (G. G.) að þessu sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv., og til sjávarútvegsnefndar (sjá A, bls. 1605) með 9 : 1 atkv.

Á 33. fundi í Ed., föstudaginn 17. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 200, n. 471).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Sjávarútvegsnefndin hefir haft mál þetta til meðferðar og hefir rannsakað það og athugað. Hún leggur til, að frv. verði samþykt.

Við hafnarlögin sjálf er ekkert að athuga; þau eru samhljóða öðrum hafnarlögum hjer, en þau eru frábrugðin þeim vegna ákvæða þeirra, sem eru í 1. gr. frv., um fjárframlag úr landssjóði.

Það kunna einhverjir að segja, að óþarft muni vera að verja miklu fje til hafnargerðar á Ísafirði, því að þar sje sjálfgerð höfn. Það er satt. Pollurinn þar er einhver besta höfn landsins, en hann fullnægir ekki þeirri þörf, sem framþróunin krefur, og þeim kröfum, sem þar verða gerðar, eftir atvinnurekstri þeim, sem rekinn er á því svæði. Pollurinn hefir og þann galla, að hann frýs á hverjum vetri, er frosinn á útmánuðum og stundum fyr, en þá þurfa mótorbátarnir á höfn að halda.

Eins og öllum er kunnugt fer bifbátaflotinn á Ísafirði stórum vaxandi, og verður ekki sjeð hve mikið hann getur vaxið enn, ef bætt yrði höfnin.

Það má með sanni segja, að Ísafjarðardjúp sje ein af mestu gullkistum landsins, og má því gera sjer vonir um stórkostlega framleiðslu þar.

Hjer hefur verið lagður fram uppdráttur af hafnarsvæðinu, eftir Monberg, og

sömuleiðis áætlun um kostnað. Er þar gert ráð fyrir talsverðri uppfyllingu og ýmsum útbúnaði, sem nauðsynlegur er, svo að bifbátarnir geti haft eitthvert skýli eða afdrep þegar ísalögin koma.

Nefndinni hefir ekki blandast hugur um, að háttv. Alþingi muni sjá þá nauðsyn, er krefur í máli þessu, og hefir því ekki hikað við að mæla með fjárveitingu þeirri, sem farið er fram á í frv. Sömuleiðis hefir fjárveitinganefndin ritað samþykki sitt undir.

Þá hefir nefndin gert þá athugasemd, að hún telji rjett, að sú regla komist á, að áætlanir um slík stórfyrirtæki verði samþyktar af stjórninni, svo að hún geti kynt sjer undirbúning þeirra og leitað álits verkfróðra manna.

Brtt. nefndarinnar, á þgskj. 471, er að mestu leyti sama efnis og 1. gr. frv. Að eins er bætt við því ákvæði, að landssjóður leggi til $^1/_4$ hluta kostnaðar, eftir áætlun, sem stjórnin hefur samþykt.

Þá hefir nefndin líka gert þá athugasemd, að hún ætlast til, að ekki verði ráðist í fyrirtæki þetta fyr en dýrtíðinni ljettir.

Jeg hefi svo ekki fleira um málið að segja, en vil að eins óska þess fyrir nefndarinnar hönd, að frv. verði samþykt.

Magnús Torfason: Jeg vil að eins leyfa mjer að þakka háttv. nefndum, bæði sjávarútvegsnefnd og fjárveitinganefnd, fyrir góðar undirtektir, og jafnframt vil jeg, að gefu tilefni, lýsa yfir því, að það var aldrei hugsun manna, að ráðist yrði í fyrirtæki þetta fyr en að ófriðnum loknum.

Jeg þykist þess fullviss, að landssjóður muni bráðlega fá bætt aftur fje það, sem hann leggur til, þar sem aukast munu að stórum mun bæði atvinnu- og verslunarskilyrði fyrir hafnarbótina. Og jeg er ekki í neinum vafa um það, að þessi háttv. deild mun á sínum tíma hafa ánægju af því að hafa samþykt frv. þetta.

ATKVGR.

Brtt. 471 (ný 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

2.—15. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 501).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 22. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til hafnarlaga fyrir Ísafjörð,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 557).

Á 42. fundi í Nd., föstudaginn 24. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Matthías Ólafsson: Jeg geri það að tillögu minni, að frv. þetta gangi til sjávarútvegsnefndar, að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til sjávarútvegsnefndar (sjá A., bls. 1613) í e. hlj.

Á 47. fundi í Nd., fimtudaginn 30. ágúst, var frv.. tekið til 2. umr. (A. 557, n. 649).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Sjávarútvegsnefnd hefir haft mál þetta til athugunar, og eftir að hún hafði rannsakað það, sá hún ekki ástæðu til annars en að það væri samþykt, eins og það kom frá háttv. Ed.

Það kom til orða í nefndinni, hvort fjárupphæð sú, sem landssjóði er ætlað að leggja fram, mundi ekki vera ofhá. En við nánari íhugun komst hún að þeirri niðurstöðu, að svo mundi ekki vera, með því að hafnarbæturnar og landvinningin, sem þeim mundi verða samfara, mundi reynast meira virði en fjárupphæð þeirri næmi, er til mála gæti komið að spara.

Bjarni Jónsson: Með því að mjer, og sjálfsagt mörgum öðrum háttv. þingdm., hefir ekki unnist tími sökum annara anna að athuga frv. þetta, vildi jeg óska, að það væri tekið út af dagskrá og umræðu frestað.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Fyrir hönd nefndarinnar get jeg ekki sagt neitt um þessa ósk háttv. þm. (B. J.), því að jeg hefi ekki átt kost á að bera mig saman við hana. En að því er mig snertir sje jeg enga ástæðu til þess. Háttv. Ed. hefir haft mál þetta lengi undir höndum og mun hafa íhugað það vandlega, og auk þess eru hafnarlög þessi lík öðrum hafnalögum, sem samþykt hafa verið hjer í þinginu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Ó. B.

nei: B. Sv., J. J., S. S., Þór. J.

Einn þm. (P. J.) var fjarstaddur.

2.—7. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

8.—15. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 3. sept., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. *felt* með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. St., H., K. J. B., M. Ó., P. O., P. Þ., Sv. Ó., Þorst. J.

nei: B. Sv., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., J. J., M. G., M. P., P. J., S. S., St. St., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

S. St. greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (B. K. og J. M.) fjarstaddir.

---

34. Laun embættismanna.

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 28. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 23, 9. des. 1889, um breyting á lögum 15. okt. 1875, um laun íslenskra embættismanna (A. 651).

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 30. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. ofseint fram komið. — Leyft með 11 shlj. atkv., að það mætti koma til umr.

Magnús Torfason: Jeg geri ekki ráð fyrir, að jeg þurfi að fara mörgum orðum um þetta mál á þessu stigi. Það hefir verið skýrt frá tildrögum frv. og rjettmæti þess, í sambandi við annað mál, skifting bæjarfógetaembættisins í Reykjavík. Hv. Nd. hefir með því að samþykkja það frv. viðurkent, að laun yfirdómaranna sjeu oflág. Og jeg lít svo á, sem þingið hafi skuldbundið sig til þess að hækka laun þessara manna, með því að samþykkja stjórnarskrárbreytinguna frá 1915. Vitanlega er ákvæði um stundarsakir í stjórnarskránni um, að þeir menn, sem nú gegna yfirdómarastörfum, skuli einkis í missa af borgaralegum rjettindum sínum, en jeg hygg, að því verði naumast neitað, að þeir sjeu pólitiskt dauðir með þessu ákvæði. Jeg get ekki neitað því, að mjer finst þetta í alla staði æskilegt, en hins vegar er sjálfsagt að bæta mönnum það upp með laununum, að þeim er lögð sú skylda á herðar að fást ekki við stjórnmál. Nefndin í stjórnarskrármálinu 1913 gat þess einnig í nefndaráliti sínu, að sjálfsagt væri að launa þessi embætti svo ríflega, að þau væru virðulegri og eftirsóknarverðari en önnur ámóta embætti.

Jeg vil að endingu geta þess, að launaviðbót þessi, er ekki eins mikil og í fljótu bragði mætti virðast, sökum þess, að gera má ráð fyrir, að yfirdómurunum verði að öðrum kosti ætluð dýrtíðaruppbót.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 : 3 atkv.

Á 45. fundi Ed., laugardaginn 1. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 651).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 : 5 atkv.
2. gr. — — 8 : 4 —
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 : 4 atkv.

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 3. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 651).

Enginn bað sjer hljóðs.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. T., S. E., H. H., Jóh. Jóh., K. D., M. K., G. B.
nei: S. J., E. P., G. G., G. Ó., H. St., H. Sn.
Einn þm. (K. E.) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Nd.

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 23, 9. des. 1889, um breyting á lögum 15. okt. 1875, um laun íslenskra embættismanna,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 775).

Á 53. fundi í Nd., fimtudaginn 6. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg mintist einu sinni fyr á mál þetta hjer í deildinni, og ætla því ekki að fara nú út í efni þessa frv. Jeg vona, að það fái að ganga til 2. umr., og með því að það er komið frá allsherjarnefnd í háttv. Ed., þá mun rjett-

ast, að því sje vísað til allsherjarnefndar hjer í deild. (S. S.: Ætli að veiti af því?). Að minsta kosti ættu gamlir stjórnarskrármenn að stuðla að því, með því að þeir munu hafa gert ráð fyrir því um það leyti, sem stjórnarskrárbreytingin var á döfinni, að mál þetta mundi bráðlega verða tekið til athugunar.

Bjarni Jónsson: Sjálfsagt mun jeg ekki verða verri í garð frv. þessa en hv. 1. þm. Árn. (S. S.), ef að vanda lætur. En hins vegar vildi jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. stjórn, hvort hún hugsi til að sinna málaleitun, sem nýlega hefir komið til þingsins frá kennurunum við Háskólann, um breytingu og bót á launakjörum þeirra. Hvað sem öðru líður, tel jeg víst, að sú málaleitun megi eiga von á góðu fylgi háttv. 1. þm. Árn. (S. S.).

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki svarað þessari fyrirspurn fyrir hönd ráðuneytisins; það hefir ekkert rætt saman um þetta mál. Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að setja málaleitun háskólakennaranna í samband við frv. þetta. Það er ekki komið frá stjórninni, heldur frá nefnd í Ed. En þótt eigi sje ástæða til að blanda þessum tveim málum saman, þá má þó vel vera, að nefnd sú, sem jeg geri ráð fyrir að fái frv. þetta til meðferðar, taki og hitt málið eitthvað til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

nei: B. Sv., E. J., H. K., J. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þorl. J.

Einn þm. (B. K.) fjarstaddur.

Frv. vísað til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) með 16 : 7 atkv.

Á 60. fundi í Nd., föstudaginn 14. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 775, n. 877 og 897).

Frsm. meiri hl. (Pjetur Ottesen): Jeg hefi eiginlega engu við að bæta það, sem er í nál. meiri hl. allsherjarnefndar um þetta mál.

Meiri hluti nefndarinnar getur sem sje ekki fallist á það að fara nú að káka við launamálið eða einstaka liði þess, á annan hátt en gert er með dýrtíðaruppbótinni, með tilliti til þess, að gagngerð breyting á launalögunum stendur fyrir dyrum, og það má ganga að því vísu, að eigi líði langur tími áður sú breyting verði gerð.

Eins er það, að meiri hluti nefndarinnar getur ekki fallist á, að sjerstök knýjandi ástæða sje til þess að taka yfirdómendurna út úr nú og hækka laun þeirra.

Meiri hluti nefndarinnar getur alls ekki fallist á, að þeir geti öðrum síður beðið þeirrar breytingar, er liggur við borð að gera á launalögunum. Þvert á móti myndu sumir aðrir starfsmenn landsins misrjetti beittir, ef þessi eini liður væri tekinn út úr launakerfinu og hækkaður, en annað látið standa óbreytt.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frumvarpið verði felt.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), formaður nefndarinnar, er eiginlega samþykkur niðurstöðu þeirri, er meiri hl. hefir komist að í þessu máli, en vill vísa því frá með þeirri rökstuddu dagskrá, sem prentuð er á þgskj. 897. Eins og jeg hefi tekið fram gengur meiri hluti nefndarinnar að því vísu, að ekki dragist lengi, að þetta mál verði lagt fyrir þingið, og virðist þá meiri hlut-

auum, sem áskorunar þeirrar, er í dagskrá þessari felst, sje ekki þörf. Þetta launamál hefir, eins og mönnum er kunnugt, verið undirbúið af milliþinganefnd, og hvað sem um þann undirbúning er nú annars að segja, þá virðist meiri hluta nefndarinnar, að landsstjórninni sje innan handar að gera breytingar á tillögum milliþinganefndarinnar, áður en hún leggur þær fyrir þingið, ef henni sýnist svo, án þess að það sje beint skorað á hana að gera það.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg hefi ekki getað orðið samferða háttv. meðnefndarmönnum mínum í allsherjarnefndinni um þetta mál. Jeg vildi, að minsta kosti að nokkru leyti, taka til greina þetta frv. frá Ed., og er það af þeirri ástæðu, að mjer sýnist tvísýnt, að launamálið í heild verði endurskoðað á næstu árum. Mjer virðist ekki ára þannig, að hægt sje að taka þau til yfirvegunar á næstu árum. Jeg býst við, að menn vilji bíða þar til verðlag er aftur komið í rjett horf. Þess vegna sýnist ástæða til að bæta sumum upp nú, og þá þeim, sem hjer um ræðir, því að það stappar nærri því, að þeim væri á þingi 1915 *lofað launahækkun*. Til þess er líka sjerstök ástæða önnur, sem nefnd er í nál. mínu, sem sje sú, að svo má heita, að þessum embættismönnum sje bolað frá því að geta aukið tekjur sínar, með því að taka að sjer aukastörf. T. d. er þeim bönnuð þingseta. Og þótt það bann nái ekki til þeirra manna persónulega, er nú hafa þessi embætti, er það þó ekki vel sjeð, að þeir vasist í þeim málum, er ekki lúta að starfi þeirra.

Jeg hefi því borið fram brtt. við frv., eins og það kom frá Ed., því að jeg þóttist þess fullviss, að það gæti ekki gengið fram óbreytt hjer í deildinni. Þessi brtt. er svo sniðin, að jeg býst við, að hún hljóti að geta fallið inn í launakerfið á sínum tíma, án þess að valda ruglingi. Jeg skal líka taka það fram, að jeg ætlast til, að laun þessara embættismanna sjeu endurskoðuð á sínum tíma ásamt launum annara embættismanna.

Jeg get ekki vel skilið, hvers vegna hv. meiri hl. getur ekki verið með rökstuddu dagskránni, um að vísa málinu til stjórnarinnar, úr því að hún lýsir yfir því, að hún búist við, að launalögin verði endurskoðuð mjög bráðlega. (**P. O.**: Það er óþarft). Jeg skil ekki, að það sje óþarft. Jeg efast satt að segja um, að þessi endurskoðun geti farið fram á næstu árum, af þeirri ástæðu, sem jeg hef áður getið um.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi áður hreyft því í þessari hv. deild, að mjer sýndist varla fært annað en hækka laun yfirdómaranna þegar á þessu þingi. Úr því að samþykt hefir verið frv., sem veitir vissum undirdómara miklu hærri laun, sýnist varla fært annað en bæta laun yfirdómaranna, þótt ekki væri nema eitthvað lítið. Jeg hefi minst á það áður, að jeg teldi, að yfirdómararnir hefðu fengið fyrirheit um launaviðbót, þegar tekinn var af þeim rjettur til að sitja á þingi, og þess óskað, að þeir hefðu ekki mikil önnur störf en dómstörfin. Það var tekið fram í stjórnarskrárnefndinni hjer í þinginu, að til þess væri ætlast, að laun þeirra væru bætt, svo að þau yrðu sæmileg. Þess vegna er ekkert á móti því, að þessi launaflokkur sje tekinn út úr.

Að vísu þykir mjer brtt. háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) fara nokkuð skamt, sjer staklega um háyfirdómarann, en hefi þó ekki fundið ástæðu til að koma með brtt. á þessu stigi málsins.

Jeg held, að ekki sje rjett að vísa þessu til seinni tíma og segja, að ekki megi ákveða þessi laun fyr en almenn breyting verði gerð í launamálinu, því að jeg hygg það sannmæli, að þessi laun sjeu langlægst í samanburði við öll önnur laun, er landa-

sjóður veitir embættismönnum sínum, þegar þess er gætt, hve staða þeirra er vegleg og vandasöm. Annars held jeg það áreiðanlegt, að af öllum dómurum sjeu yfirdómararnir langverst launaðir allra embættismanna, eftir því, sem til þessara embætta þyrfti að vanda og hefir verið vandað. Í það hafa valist góðir menn, en það er ekki Alþingi að þakka.

Þótt till. háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) fari mjög skamt, vil jeg þó vona, að ef frv. verður ekki samþ. óbreytt, eins og það kom frá háttv. Ed., þá verði það að minsta kosti samþykt eins og háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) leggur til.

Sigurður Sigurðsson: Jeg hefði ef til vill freistast til að vera með þessu frv., ef öðru vísi hefði verið í garðinn búið, og það af þeirri ástæðu, að vjer eigum nú í landsyfirrjettinum mikilhæfa og góða menn, og þess vegna rjettmætt, að þeir hafi ekki lakari laun en aðrir starfsmenn þjóðarinnar. Frá þessu sjónarmiði tel jeg nokkuð mikla ástæðu til, að launakjör þessara manna væru bætt. En þar sem hjer á þingi er hins vegar á ferðinni dýrtíðaruppbót handa embættismönnum, sem eftir frv. frá Ed. er ætlað að ná til 4600 kr. launa, þá er þetta eitt út af fyrir sig ástæða fyrir mig til að vera móti frv. að þessu sinni, og sömuleiðis brtt. á þgskj. 877.

En annars vil jeg segja, að það er dálítið eðlilegt, að fram komi óánægja frá þeim embættismönnum, er hafa laun samkvæmt lögum, þar sem hins vegar er sífelt verið að auka við laun starfsmanna landsins, sem eru í fjárlögum. Líka má benda á, að ýmsir starfsmenn aðrir, sumpart í þjónustu landsins, og sumpart í þjónustu ýmsra „prívat“-fjelaga, eða einstakra manna, eru altaf að fá laun sín hækkuð.

Þetta alt, samhliða því, að lífið verður dýrara, gerir það að verkum, að embættismennirnir eru sífelt óánægðir með launakjör sín, og sú óánægja fer dagvaxandi. Mjer er líka sagt, að sá maður, sem landsstjórnin hefir nú nýlega ráðið til að standa fyrir landsversluninni, hafi 6000 kr. í laun. Þetta er ungur maður, en einmitt það gerir það að verkum, að hinir eldri finna, að þeir eru settir hjá, og eykur það óánægju þeirra. Stjórnin er líka sífelt að færa sig upp á skaftið með að auka laun manna í fjárlögunum. Jeg skal t. d. nefna vegamálastjórann. Hann hefir nú í laun samkvæmt fjárlögunum 3600 kr. og auk þess 400 kr. í persónulega launaviðbót. Þessi persónulega launaviðbót er svo til komin, að þingið 1915 veitti þáverandi vegamálastjóra, Jóni Þorlákssyni, hana, og þessi uppbót, 400 kr., er bundin við *hans nafn*. Hvað gerir svo stjórnin. Hún færir þetta þegjandi og hljóðalaust yfir á hinn nýja vegamálastjóra, þegar mannaskifti urðu, þrátt fyrir það þótt hún vissi, að þingið 1915 ætlaðist vitanlega ekki til þess, að þetta væri framhaldandi uppbót handa öllum vegamálastjórum. — Nokkuð líku máli gegnir með vitamálastjórann. Hans laun hafa líka verið hækkuð úr 3600 kr. upp í 4000 kr. með persónulegri launaviðbót. Með öðrum orðum, stjórnin reynir sífelt að færa launin upp, og það leiðir til þess, að hinir, sem enga hækkun fá, eru sífelt óánægðir með launakjör sín. Jeg segi þetta ekki til ámælis embættismönnunum; það er ofureðlilegt, að þeir fari það sem þeir komast. En jeg segi þetta til ámælis stjórninni. Jeg mun nú greiða atkvæði á móti þessu frv., ekki af því, að jeg telji þessa krófu í raun og veru órjettláta, heldur af hinu, að jeg tel það óviðkunnanlegt að hækka laun embættismanna um leið og dýrtíðaruppbót er veitt af 4600 kr. launum og lægri.

Jeg skal svo ekki segja meira að sinni, en vildi víkja að þessum gerðum stjórnarinnar, sem mjer finst vera mjög athugaverðar, að jeg segi ekki *vítaverðar*.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi nú setið hjer um stund og hlýtt með mikilli ánægju á ræðu háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), og get lýst yfir því, að jeg er sammála honum um margt. Jeg er t. d. sammála honum um það, að hjer stígur ekki verkfræðingur svo á land, að ekki sjeu honum boðin hærri laun en nokkrum háskólakennura hjer á landi, og verður þó þeirra verk að teljast vandasamara. En hvernig stendur nú á þessu? Það liggur í því, að landið getur ekki fengið verkfræðingana fyrir minni laun. Þeir segja bara við stjórnina: „Fyrir þetta skal jeg vinna og minna ekki". Gangi stjórnin ekki að því, þá fara þeir til annara landa, því að þeirra verki er svo háttað, að þeir geta fengið atvinnu í hvaða landi sem er. En hinir, sem eru bundnir af kringumstæðunum og eðli atvinnu sinnar, geta ekki sett landinu stólinn fyrir dyrnar, og það notar landið sjer til þess að skamta þeim úr hnefa.

En nú er eftir að vita, hvort þetta er heppilegt fyrir landið. Getur það búist við að fá til lengdar úrvalið af mönnum, þegar það fer svona með sína verkamenn? Ætli það verði lengi, sem framúrskarandi menn sækjast eftir því að vera í landsins þjónustu? Jeg hygg ekki.

Jeg ætla ekki að skifta mjer neitt af launum embættismanna nú. Jeg hefi tvisvar áður reynt að koma því fram, að þeim væru greidd laun þeirra samkvæmt því, sem rjettlátast er, nefnilega í landaurum, en ekki fengið því framgengt. Jeg vildi benda á þetta af því, að laun embættismanna eru nú bæði ranglátlega skift og óveruleg.

Hins vegar er jeg ekki sammála hv. 1. þm. Árn. (S. S.) um laun yfirdómaranna, að óviðkunnanlegt sje að taka þá eina út úr. — Það er nú fyrst og fremst venja allra þjóða að láta ekki æðstu dómendur sína vera inn í hinu daglega argi, og því er það álit allra, sem vit hafa á, að þeir þurfi að vera svo vel launaðir, að þeir þurfi ekki að hafa önnur störf með höndum. Þess vegna má vel taka þá út úr. Það er sannarlega ekki lítilsvirði að hafa góða dómarastjett í landinu, því að hvernig er það land farið, sem vantar þá, þar sem auk þess, að oft er um stórkostleg peningamál að ræða, þá hafa þeir líka í höndum sjer æru manna og líf? En hví þá ekki að launa þessum mönnum svo, að menn geti trúað þeim fyrir æru sinni? Landið munar ekki um þessa peninga, en það munar um að missa góða menn úr þessari stöðu. Það stendur alveg eins á fyrir landinu eins og bóndanum. Það borgar sig fyrir hann að launa hjúum sínum vel, því að þá veljast til hans góð hjú. En launi hann hjúum sínum illa, þá veljast til hans ill hjú.

Pjetur Jónsson: Það er satt, að ilt er að eiga við launabætur einstakra manna á meðan launamálið er ekki tekið fyrir í heild sinni. Hins vegar skil jeg ekki, að menn skuli sí og æ vera að stagast á því, að launabætur embættismanna muni komast í framkvæmd bráðlega. Mjer finst það vera eitthvað líkt og stendur í þessari gömlu vísu:

Margur fengi mettan kvið,
má því nærri geta,
yrði fólkið vanið við
vind og snjó að jeta.

Mjer finst það vera líkt og að bjóða embættismönnunum vind og snjó, að gera síst ráð fyrir launabótum handa þeim. En það var nú ekki sökum þessa, sem jeg tók hjer til máls, heldur til þess að leiðrjetta misskilning.

Mjer skildist nefnilega svo á hv. 1. þm. Árn. (S. S.), að hann hjeldi, að mál þetta væri komið fram sökum kvartana frá yfirdómnum. Þetta er ekki rjett. — Þetta frv. er komið fram fyrir þá sök, að hv. Ed. sá, að það var óviðkvæmilegt að

stofna nú á þessu þingi 3 embætti fyrir lögfræðinga, sem öll voru miklu betur launuð en yfirdómaraembættin. Það var þetta, sem jeg vildi leiðrjetta. Annars sýnist mjer, að það hefði verið hyggilegra af hv. Ed. að setja ekki launin svona há, heldur leggja laun launamálanefndarinnar til grundvallar.

Jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. Skagf. (M. G.) hafi búist við, að ekki væri hægt að koma hærri launum fram en hann hefir stungið upp á í tillögum sínum, en jeg verð þó að vera á móti tillögum hans, því að mjer virðist í þeim vera hallað freklega á háyfirdómarann, þar sem laun hans eru ekki ákveðin hærri en laun hinna dómaranna. Jeg get ekki verið því meðmæltur að gera núverandi háyfirdómara þann vansa, síst þar sem hann er bróðir minn. Enda er það föst venja, að laun háyfirdómarans skuli vera hærri en hinna.

Benedikt Sveinsson: Það munu flestir kannast við það, að sanngjarnt sje að breyta launakjörum yfirdómenda og bæta þau, því að þótt staðan sje hæg og virðuleg, og því allmjög eftirsótt, þá samir ekki að hafa hana illa launaða. En nú er það kunnugt, að stjórn sú, er með völdin fer í landinu, hjet því í öndverðu að kosta kapps um, að Ísland næði sem fyrst yfirráðum yfir öllum sínum málum, og um hæstvirtan forsætisráðherra er það kunnugt, að hann hefir lengi haft mikinn hug á að fá æðsta dómsvald í íslenskum málum flutt inn í landið. Vjer treystum því, að honum verði vel ágengt í þessu áhugamáli, og samfara þessu þarf þá einnig að breyta dómaskipuninni innan lands, fjölga dómendum í yfirrjetti og breyta launakjörum þeirra. Þar sem þessar breytingar allar standa fyrir dyrum, sýnist rjettara að láta launamálið bíða og verða hinum breytingunum samferða, og því vil jeg leyfa mjer að bera fram svo felda rökstudda dagskrá:

Þar sem ætla má, að æðsta dómsvald í íslenskum málum verði bráðlega flutt inn í landið, og jafnframt verður þá að breyta landsyfirdómnum og launakjörum dómenda þar, svo að ætla má, að tjaldað yrði til einnar nætur með launabreytingum þeim, er nú liggja fyrir, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Frm. minni hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg er hissa á því, ef háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) hefir dottið í hug, að brtt. mín væri borin fram til að rýra sæmd justitiarii. Þessu neita jeg algerlega, og jeg trúi ekki, að háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) líti svo á í raun og veru. Tilllaga mín er þvert á móti miðuð við það, sem jeg bjóst við að gengi fram. Því get jeg bætt við, að ef háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) vill greiða brtt. minni atkvæði við þessa umr., þá er jeg fús á að koma með brtt. til 3. umr., í þá átt, sem hann hefir bent á, ef jeg sje nokkrar líkur til, að hún gangi fram.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg fæ ekki sjeð, að það sje fremur ástæða til að bíða með að gera laun yfirdómara viðunandi, þótt von sje um, að breytt verði um fyrirkomulag dómstóla landsins innan skamms. Jeg sje yfir höfuð ekki, að fram sje kominn nein ástæða móti því, að rjett sje að bæta laun þessara dómenda. Mjer finst, eins og háttv. þm. S.-Þ. P. J.), brtt. háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) fara helst til langt. Samt mun jeg við þessa umræðu greiða atkvæði með henni, og þá einkum vegna yfirlýsingar háttv. tillögumanns síðast um, að hann muni reynast fús á að koma síðar fram með brtt. um að hækka launin frekar en farið er fram á í þessari tillögu hans. Vona jeg, að frv. verði ekki

felt, hvorki með rökstuddri dagskrá nje neinum öðrum hætti.

Frsm. meiri hl. (Pjetur Ottesen): Hvað snertir það ákvæði stjórnarskrárinnar, að yfirdómendur megi ekki taka þátt í opinberum málum, þá gildir það ekki um hina núverandi yfirdómendur. Það er því ekki af þeim ástæðum, að núverandi yfirdómarar sitja t. d. ekki á þingi nú, heldur af einhverjum öðrum, hverjar svo sem þær eru. Enda munu yfirdómararnir allir hafa á hendi nokkur aukastörf, sem veita þeim allmiklar tekjur, þótt nokkuð mismunandi sje. Það er því alveg út í hött að vera að tala um þetta ákvæði stjórnarskrárinnar í sambandi við þá menn, er nú skipa yfirdóminn.

Hæstv. forsætisráðherra virðist leggja mjög mikla áherslu á, að frv. verði samþykt. Þetta þykir mjer dálítið skrítið, því að það virðist svo, sem það hafi einmitt nú, síðan þing kom saman, runnið upp fyrir honum, að það sje svo bráðnauðsynlegt að hækka laun þessara manna, því að ella mundi hann í nafni stjórnarinnar hafa komið í þingbyrjun fram með einhverjar tillögur um það að bæta úr þessari brýnu þörf. Jeg held því fram, að ef þessi breyting verður nú gerð, þá er öllum öðrum starfsmönnum landsins með því órjettur ger. Annars álít jeg það rjett vera, að yfirdómendur eigi að standa fyrir utan landsmáladeilur og að út frá því eigi að ganga, þegar laun þeirra verða ákveðin, að þeir hafi engin aukastörf á hendi.

Hvað við kemur skiftingunni á bæjarfógetaembættinu, þá er þetta tvent ekki sambærilegt. Starf þeirra, sem þar um ræðir, er miklu meira.

Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) kvað það, að vera að tala um breytingar þær, sem fyrir lægju að gera á launalögum í þessu sambandi, nokkuð svipað því, sem í vísunni stæði, sem hann fór með. Þessi ummæli verð jeg að álíta töluð til hæstv. stjórnar. Það er á hennar valdi, hve nær það mál verður lagt fyrir þingið.

Jeg hugsa, að meiri hluti nefndarinnar geti fallist á dagskrá háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) og greiði henni atkvæði.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. N.-Þ., B. Sv. (sjá A. 977), samþ. með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv., H. K., J. J., J. B., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., E. Árna., E. J.

nei: J. M., M. G., M. Ó., P. J., S. St., Sv. Ó., B. J., B. K., E. A., Ó. B.

Tveir þm. (B. St. og M. P.) fjarstaddir.

Frv. því

fallið.

35. Frestun á skólahaldi 1917—18.

Á 51. fundi í Ed., laugardaginn 8. sept., var útbýtt

Frv. til laga um frestun á skólahaldi skólaárið 1917—1918. (A. 846)

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Frv. ofseint fram komið. — Leyft, að málið mætti taka til umr. með shlj. atkv. allra deildarmannanna, 14, að viðhöfðu nafnakalli.

Frsm. (Hannes Hafstein): Fjárhagsnefndin hefir, í samráði við fjölda þm., leyft sjer að koma fram með frv. þetta, í stað till., sem flutt var í Nd.

Að svo komnu, sje jeg ekki ástæðu til að ræða frv. frekar, en vil að eins óska

þess, fyrir nefndarinnar hönd, að það fái að ganga til 2. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Eftir tilmælum fjárhags- og fjárveitinganefndar, ætla jeg ekki að vekja umr. um mál þetta nú, við 1. umr., því að ekki mun veita af tímanum til fjárlaganna.

Jeg vildi að eins áskilja mjer rjett til andmæla við 2. umr. frv., eins og við 1. umr. væri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr., með 13 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., mánudaginn 10. sept., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 846).

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil leyfa mjer að láta það álit mitt í ljós, að jeg tel því að eins leyfilegt að leggja niður alla skóla, eins og frv. þetta fer fram á, að fyrirsjáanleg neyð standi fyrir dyrum. En auðvitað er það sjálfsögð skylda að haga skólahaldi svo, að það verði svo ódýrt, sem frekast er unt.

Enn þá sem komið er get jeg ekki sjeð, að ástandið sje svo, að rjettmætt geti talist að loka öllum skólum fyrri part vetrar. Og vegna sparnaðar hygg jeg, að það geti naumast talist rjett gert, þegar borga verður öllum kennurum full laun, auk annars kostnaðar, sem af skólanum leiðir, eftir sem áður.

Jeg viðurkenni að vísu, að dálítill sparnaður mundi að því vera að loka öllum landsskólum og öðrum fleiri, en stór sparnaður yrði það engan veginn.

Nú munu margir skólar hafa undirbúið sig svo með eldsneyti, að engin vandræði eru fyrir þá að halda áfram.

Jeg hefi heyrt því borið við, að óvíst sje, að eldiviður fáist nógur. En eftir því, sem jeg frekast veit, er útlitið með það ekki svo mjög iskyggilegt.

Birgðirnar eru að vísu litlar sem stendur, en miklar líkur eru til, að úr því rætist, og víða hefir verið aflað eldiviðar innanlands.

Jeg veit ekki heldur til þess, að neinstaðar annarsstaðar hafi verið gripið til þeirra örþrifaráða að loka öllum skólum. Það hefir verið gert um tíma, en hvergi til fulls, svo að frjest hafi.

Jeg verð því að vera mótfallinn þessu frumvarpi.

Tel jeg rjettara, að láta skólana byrja nú, en hætta þá aftur ef nauðsyn krefur.

Jeg get ekki sjeð neina verulega ástæðu til þessara ráðstafana, sem í frumv. felast, aðra en þá, að menn óttist, að fólkið safnist um of til kaupstaðanna, og þá helst hingað til Rvíkur.

Með því geta menn þó ekki átt við búnaðarskóla eða unglingaskóla, sem starfa til sveita.

Minst hefir verið á Háskólann í því sambandi, en ekki trúi jeg á, að hjer verði miklu mannfærra þótt hann starfi ekki. Um Mentaskólann er það að segja, að lítill sparnaður mun af þeirri ráðstöfun leiða, ef 2 bekkjum lærdómsdeildarinnar verður haldið áfram, því að það eru þeir bekkirnir, sem flestir eru í, sem úr sveit koma.

Í gagnfræðadeildinni eru 63 nemendur úr Reykjavík, en ekki nema 9 úr sveit, og 4 af þessum 9 munu hafa í hyggju að lesa heima. Þá eru að eins fimm eftir, sem úr sveit koma.

Jeg get ekki heldur sjeð, að ástæða sje til að láta kennarana hjer ganga iðjulausa, þótt Akureyrarskólinn geti ekki starfað.

Nú sem stendur eru til óseld 2000 tonn af kolum, auk 300 tonna, sem komu í morgun, og mikil von er á, að við bætist bráðlega, þegar skip landsstjórnarinnar kemur, sem von er á í nálægri framtíð.

Og þar sem kolaeyðsla Háskólans og Mentaskólans getur ekki mikil talist, þá get jeg ekki sjeð, að ástæða sje til að loka þeim fyrir eldiviðarskort.

Ef stríðið heldur áfram, getur auðvitað svo farið, að nauðsyn verði á að loka öllum skólum næsta vetur, en þá er því ver farið, ef byrjað er á því áður en full nauðsyn krefur.

Jeg þarf ekki að lýsa því, hve mikla truflun það mundi hafa í för með sjer á lærdómi manna og öllu skólahaldi, ef lokað væri.

Jeg vil að eins benda á, hve mikla þýðingu það hefir, t. d. hjer í Reykjavík, að hafa börnin í skóla, en ekki á götum úti.

Sjerstaklega verður að minnast þess, þegar svo er ástatt, að ekki virðist neinum erfiðleikum bundið að halda barnaskólanum uppi.

Að því leyti sem það er talið hægra að taka upp skólakenslu síðari hluta vetrar, þá verð jeg að lýsa yfir því, að jeg er þar á gagnstæðri skoðun. Jeg álít miklu heppilegra að halda kenslunni uppi fyrri hluta vetrarins. Þá þarf venjulega miklu minna af eldiviði, að minsta kosti á Suðurlandi.

Jeg þarf svo ekki að eyða fleirum orðum að þessu máli að sinni. Jeg býst við, að hv. flutningsmenn færi einhverjar ástæður fyrir frv., og skal jeg því geyma mjer að svara þeim ástæðum, er þeir kunna að koma með. Að eins skal jeg geta þess, að mjer þætti heppilegast, að hv. deild kæmist að líkri niðurstöðu og hv. Nd., þó svo, að það sæist, hver vilji hennar er í þessu máli.

Eggert Pálsson: Jeg stend ekki upp af því, að mjer komi þetta mál fremur við en öðrum hv. þm. En jeg kann illa við, að svo líti út, sem enginn vilji kannast við faðerni að frv. þessu.

Frv. þetta er fram komið af tveim orsökum. Í fyrsta lagi af því, að mörgum þm. virtist, að til vandræða horfði með kol í landinu, og á hina hliðina þótti viðsjárvert að stefna fólkinu saman í skóla í kaupstaðina.

Um kolavandræðin er það að segja, að engin vissa var fyrir nema fáeinum tonnum í landinu, 1800, að því er mig minnir. En hins vegar mundi þurfa 8—10 þús. smálestir til hitunar í landinu. Mörgum þm. virtist valt að reisa skólahald á ekki meiri kolaforða, eigi síst er þess væri gætt, að brýn þörf væri á kolum handa þjóðinni, til þess að hún krókнaði ekki úr kulda. Þó að það sje í sjálfu sjer gott, að börn njóti hita í skólum, þá lifa þau samt ekki á þeim hita einum saman, ef kuldi og kröm kreistir heimilin. Auk þess er brýn nauðsyn að geta flutt matbjörg kringum landið. En nú er verslunarlaginu svo háttað, að allar vörur, sem til landsins koma, eru fluttar til einnar hafnar. En hvaða stoð er fólki úti um land að þessari matbjörg, ef engin kol eru til í landinu, til þess að flytja hana hafna millum? Vjer verðum að sjá einhver tök á því að geta flutt vörurnar hjeðan smám saman, eftir að þær koma hingað. Þar að auki er þess að gæta, að skipin, sem hjeðan fara til Vesturheims, þurfa altaf meira eða minna á kolum að halda. Án kola verður engin matbjörg flutt til landsins, nje í kringum strendur þess.

Þannig horfði málið við, og horfir við enn þá. En nú er sagt, að von sje á kolum. Vonin er að vísu góð, en hún er þó engin vissa. Þingmönnum fanst ekki rjett að byrja skólahaldið á sama grundvelli sem engin hætta væri á ferðum. Þeir litu svo á, að vissara væri að hafa vaðið fyrir neðan sig. Að vísu voru þeir ekki allir sammála um tímatakmarkið. Jeg legg ekki heldur neina áherslu á það. En þeim

kom saman um, að það væri óðs manns æði að byrja skólahald með þessar kolabirgðir, svo sem ekkert hefði í skorist. Sumir vildu fresta skólahaldi til 1. des., en hinir voru fleiri, sem vildu fresta því til 15. febrúar. Mjer finst það ekki neitt stórkostlegur skaði fyrir þjóðina, saman borið við margt annað, sem yfir hana gæti dunið á þessum tímum, þó að skólahald falli niður eitt ár. Það er að vísu gott og blessað að geta haldið skólunum áfram, en á þessum tímum er margt nauðsynlegra.

Hæstv. forsætisráðherra hjelt því fram, að hyggilegast mundi að byrja skólahaldið þegar í haust, en hætta því síðan þegar fram á liði, ef útlitið versnaði. Hann um það. En jeg get samt ekki fallist á þessa skoðun, Jeg álít hyggilegast að sjá fótum sínum forráð. Jeg tel ekki hyggilegt að byrja nú skólahald, svo sem ekkert sje um að vera, eyða þessum 1800 smálestum á skömmum tíma, og standa svo eftir með tvær hendur tómar, og verða þá að loka skólunum. Hyggilegra líst mjer að byrja heldur skólahaldið síðar, þegar sú von, sem nú er um kolaviðbót, er orðin að vissu.

En svo er því á hinn bóginn haldið fram, að ekki sje nauðsyn á að loka öllum skólum. Þessu má kasta fram. En þá spyr jeg, komast menn þá ekki í vandræði með að ráða fram úr undantekningunum? Jeg veit, að einhver ráð verða ef til vill til þess að halda Mentaskólanum og barnaskólanum opnum. En ef þessum skólum verður nú leyft að halda áfram starfsemi sinni, hvað á þá að gera ef aðrir skólar beiðast sömu undanþágunnar? Það er ranglátt að leyfa barnaskóla Reykjavíkur að halda kenslu áfram, en banna barnaskólanum í Hafnarfirði sömu starfsemi. Hafnarfjörður á engu síður börn en Reykjavík, og væri því ekki nema sjálfsagt að veita honum sömu heimildina til þess að koma sínum börnum til mentunar. Ef jeg ætti að ráða, vildi jeg ekki veita öðrum sömu heimildina sem jeg bannaði hinum.

Þá hefi jeg lýst því, hvað fyrir mjer og öðrum vakti, sem standa á bak við þetta frv. Jeg sje ekki ástæðu til að rekja einstakar greinar frv. Brtt. hafa engar verið gerðar við frv. En hins vegar skal jeg endurtaka það, áður en jeg lýk máli mínu, að álitamál getur verið um tímatakmarkið. Það gæti komið til mála að hafa það eitthvað styttra, eins og sumir aðstandendur frv. hafa hallast að. En jeg álít, að ef á að takmarka skólahaldið, þá sje rjettara að gera það framan af vetri heldur en seinni part vetrarins, þegar svo væri komið, að segja mætti, að fokið væri í öll skjól.

Kristinn Daníelsson: Jeg er einn af þeim, sem eru hikandi í þessu máli og kvíða því, ef til þess kæmi að stöðva skólahald lengri eða skemri tíma vetrarins. Sjerstaklega skal jeg geta þess um tímatakmarkið, 15. febrúar, sem sett er í frv., að jeg tel rjettara að loka skólunum allan veturinn heldur en byrja skólakenslu á miðjum vetri. Mjer virðist margt mæla á móti því, að skólar sjeu opnaðir þá. Jeg skal nefna til dæmis kolasparnaðinn. Eftir miðjan febrúar byrja oft mestu kuldarnir, og þá eyðist mest af kolunum. Sumir segja að vísu, að þá megi fresta skólahaldi til fullnustu yfir veturinn, ef á þurfi að halda. En slík frestun mundi verða mörgum óþægileg, því að þeir, sem annars mundu ráða sig til hinna og annara starfa, mundu fresta því með hliðsjón af þessu.

Aðalástæðan, sem nefnd hefir verið til staðfestingar frv., er að spara kol í landinu. En mjer finst varhugavert að banna þeim skólum, með valdboði, að halda áfram starfsemi sinni, sem segjast vera að öllu

leyti undir hana búnir. — Hins ber og að gæta, að þó að ekki sjeu eins mikil kol til í landinu og verið hefir undanfarin ár, þá mun sá kolaforði, sem til er, verða drjúgur vegna þess, að kolaverðið er orðið svo afskaplega hátt. Það liggur í augum uppi, að ekki verður keypt jafnmikið af kolum, sem kosta 50 kr. skippundið, sem þá er skippundið var selt á 3 kr. Jeg held, að allur þorri fátæklinga krókni fyr úr kulda en hann kaupi kolaskpd. á 50 kr. Mjer finst hart að leggja kennslubann á skóla, sem eru undirbúnir starfsemi sína í vetur. Nú hefir skólanefnd barnaskólans í Reykjavík sent mótmæli gegn þessu frv. Jeg hefi líka fengið svipuð mótmæli frá Flensborgarskóla og verið beðinn að bera þau hjer fram. Jeg skal lesa upp nokkrar línur úr mótmælum þessum, með leyfi hæstv. forseta:

„Að því er snertir skóla vorn, þá er svo ástatt, að til hans eru ráðnir kennarar og aukakennarar, eins og að undanförnu, og á allan annan hátt höfum vjer gert ráð fyrir skólahaldi frá 1. október — alt auðvitað í því trausti, eins og vant er, að stjórn og þing sjái skólanum fyrir nægilegu fje, og kunni rjettilega að meta gildi það og gagn, er svo góður alþýðuskóli hefir fyrir þjóðfjelagið. — Fyrir þennan skóla myndu því ekki sparast nein veruleg útgjöld næsta skólaár, þó að skólanum yrði lokað; það er að eins mismunur verðs á eldsneyti, og annað ekki — segjum 1500 krónur. En fyrir þann eina mismun væri vissulega hrapallegt óhapp að verða að loka skólanum, — gagnfræðaskóla með ca. 60 nemendum, sem hingað til hefir þó verið rekinn ódýrar en aðrir samskonar skólar hjer á landi".

Þetta eru aðalatriðin í brjefinu.

Um hina ástæðuna, sem fram hefir verið færð með frv., að hætta á að stefna fólki saman, er það að segja, að jeg geri ráð fyrir, að aðstandendur nemanda sjái um, að ekki verði rasað fyrir ráð fram í þessu efni, og telji skynsamlega fyrirhyggju nauðsynlega, að því er til þessa kemur.

Hv. 1. þm. Rang. (E. P.) gat þess, að ef leyfð væri undanþága á einum stað, væri og sjálfsagt að leyfa hana annarsstaðar. Jeg er hv. þm. (E. P.) sammála um þetta. Jeg tel sjálfsagt, að þeim skólum sje leyft að halda áfram kenslu, þar sem aðstandendurnir eru við því búnir. Mjer er kunnugt um, að sumstaðar hefir verið ákveðið að leggja niður skólahald í vetur, og finst mjer, að slíkt ætti að verða leyft, án þess að þær kenslustofnanir yrðu sviftar þeim styrk, sem þær hafa notið, því að þær yrðu að sjá kennurum sínum fyrir kaupi eftir sem áður, enda mundi ráð fyrir gert, að þeir hefðu eftirlit með kenslu í heimahúsum. Jeg veit t. d., að á einum stað er kennari ákveðinn til eftirlits með heimakenslu.

Að öllu þessu athuguðu virðist mjer hyggilegast, að frv. þetta verði ekki látið fara lengra, heldur sje þá tekin upp aftur þingsályktunartillagan, og stjórninni gefnar frjálsar hendur um þetta mál.

Magnús Kristjánsson: Nálega helmingur þingmanna mun standa að þessu frv., og því má ætla, að það nái fram að ganga.

Jeg geri ráð fyrir, að hversu gjarnan sem þingið vildi, mundi það ekki geta tekið til greina óskir, sem fara í þá átt, að það skuli lagt á vald hlutaðeigandi hjeraðsstjórna, hvernig beri að haga sjer í þessu efni. Það er ekki eingöngu af spárnaðarástæðum, að sá hluti þm., sem er frv. fylgjandi, hefir fallist á þetta, heldur er það líka nokkurskonar bjargráðaráðstöfun, er byggist á því, að mönnum var ljóst, að bein vandræði standa fyrir dyrum, að því er til eldsneytis kemur.

Hv. 1. þm. Rang. (E. P.) hefir skýrt

þetta mál svo rækilega, að jeg álít, að hann hafi haldið uppi svörum fyrir fylgismenn frv., og get jeg þess vegna verið stuttorður.

Þar sem svo er nú ástatt, að um 1000 smálestir þarf af kolum til þess að hita upp skólana, en hins vegar eldsneytisskortur fyrirsjáanlegur í landinu, virðist, að öllum ætti að vera það augljóst mál, að það gæti komið sjer vel að nota þennan litla kolaforða, sem til er, til einhvers, sem þjóðinni ríður meira á en skólahaldi. Það er t. d. með öllu ókleift að senda skip kringum landið í vetur án mikillar kolaeyðslu, og ekki er mjer ljóst, hvernig hægt er að senda skip til Vesturheims, ef ekki er hjer talsverður kolaforði fyrirliggjandi, því að ef þau ættu að flytja kol báðar leiðir, mundi skarð höggið í flutningsrúmið. Af þessum ástæðum verð jeg að álíta, að verði ekki til 10 til 20 þús. smálestir af kolum í landinu á haustnóttum, þá sje hreinn og beinn voði fyrir dyrum. Þetta er ein ástæðan.

En svo er líka önnur ástæða, sem rjettlætir þessa ráðstöfun. Og það er allmikill peningasparnaður, sem af henni mundi leiða. Þar til má telja sparnað á fje, sem varið er til styrktar nemendum. Það má reyndar segja, að þetta sje ekki mikið fje, en samt má taka það með. Enn fremur sparast bæjar- og sveitarfjelögum allmikið fje.

Þegar þess er gætt, að til skólahalds í Reykjavík er varið 50—60 þús. kr. árlega, og í öðrum kaupstöðum 10—20 þús. kr., þá má segja, að svo geti farið, að hlutaðeigendum fyndist þörf, áður en langt um líður, að verja þessu fje til annara hluta. Jeg geri ráð fyrir, að í vetur geti margir ekki framfleytt sjer og sínum, bæði vegna þess, að sumarið var óhagstætt og atvinna brást mörgum, og hins vegar af því, að margir munu ekki sjá sjer fært að halda uppi atvinnurekstri komandi vetur. Gæti þetta fje komið sjer vel í þarfir þeirra, sem verður að hjálpa úr voðanum. Þetta er mikilsvert atriði í mínum augum.

Margar fleiri ástæður mætti benda á, sem jeg finn ekki sjerstaka ástæðu til að fjölyrða um. Þó skal jeg geta þess, að jeg tel nauðsynlegt að fara mjög sparlega með þann litla kolaforða, sem til er, svo að ekki þurfi að stofna þessum fáu skipum, sem landsstjórnin ræður yfir, í þá hættu að sækja kol til Englands. Til slíkrar ráðstöfunar verður að minsta kosti að liggja einhver brýnni nauðsyn en sú, að koma í veg fyrir, að skólahaldi yrði hætt að einhverju leyti einn vetur.

En það, sem jeg hefi út á frumvarp þetta að setja, er það, að mjer finst það helst til rúmt í 2. gr., þar sem gefið er í skyn, að stjórnin geri ráðstafanir til þess að taka upp skólahald á miðjum vetri og sjái um skipaferðir kringum land um þetta leyti. Jeg álít rjettara, að þetta heiði frekar getað skoðast sem heimild, en ekki fyrirskipun um það, að skólum yrði haldið uppi síðari hluta vetrarins, en þetta mætti laga í meðferðinni.

Jeg býst við því, að ekki sjeu margir á sömu skoðun og jeg í þessu, en það verður að hafa það. Eitt hefir verið tekið fram í þessu máli; það er það, að kostnaðurinn sje ekki svo verulegur, að það þurfi að setja hann fyrir sig, og kemur það dálítið undarlega fyrir, hve lítið þarf til þessa rekstrar nú orðið, eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja; það er eins og það hafi minkað þörfina á ljósi og hita; maður verður að álíta, að fullkomins sparnaðar hafi ekki verið gætt að undanförnu, ef hægt er að komast af með svo lítið, sem nú er sagt, og er þá vonandi, að sparnaðar verði betur gætt í framtíðinni. Þá er eitt, sem vel er þess vert, að á það sje minst — þótt menn telji kostnaðinn lítilfjörlegan —, sem sje það, að fyrir fólk, sem þarf að ferðast til skólanna víðs vegar

af landinu, verður ferðakostnaðurinn ekki lítill, ekki síst fyrir þá, sem þurfa að taka sjer far með skipum þeim, sem landsstjórnin hefir í ferðum kringum land. Svo er kostnaður sá, er leiðir af dvöl fólksins hjer í Reykjavík; verður hann ekki svo óverulegur fyrir hvern þann, er hingað kemur á venjulegum tíma og stundar nám fram á sumar. Jeg hygg, að menn muni ekki komast af með minna en 1500 krónur, eða vel það, að ferðakostnaði meðtöldum. Því fer nú betur, að margir menn eru svo vel efnum búnir, að þeir geta kostað börn sín í skóla, en jeg hygg, að allmargir sjeu, sem verða að leggja talsvert hart að sjer til þess að inna þetta gjald af hendi.

Af öllu þessu get jeg ekki betur sjeð en að það geti ekki talist illa farið, nje vera neinn voði fyrir landið, þótt skólahald að einhverju leyti leggist niður, en hitt, að þýðingarlaust sje að taka upp skólahald á miðjum vetri, get jeg alls ekki fallist á. Það var háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.), sem sagði, að það væri fyrst á miðjum vetri, sem þörf væri á upphitun, en jeg tel liðinn hálfan harðindatímann þegar komið er fram í febrúar. Þegar komið er fram í miðjan febrúar, þá getur maður ekki gert ráð fyrir stöðugum frosthörkum þar á eftir, nema þá í afskaplega hörðum vetrum, og þótt mönnum virðist það óviðeigandi að sleppa öllu skólahaldi, þá gæti svo farið, að komandi vetur yrði eins og veturinn 1880—1881, að menn fengi að sjá, hvers virði það væri að fara sparlega með vöru, sem nú er erfiðast að fá og hefir 15-faldast í verði frá byrjun ófriðarins.

Magnús Torfason: Jeg verð að játa það, að jeg get skrifað undir margt af því, sem háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), og sjerstaklega háttv. þm. Ak. (M. K.), hefir sagt um þetta mál, og játa fúslega, að margar og mikilsverðar ástæður sjeu til að samþykkja frumv. Jeg skal ekki tara að taka neitt upp af þeim ástæðum, sem fram hafa verið færðar, en jeg hafði hugsað mjer að eins að lýsa ástæðunum eins og þær eru fyrir hendi í mínu kjördæmi, þar sem frv. þetta fer beinlínis fram á það að taka fram fyrir hendurnar á hjeraðastjórnum.

Ísfirðingar hafa búið sig nokkuð undir það að halda uppi barnaskóla í vetur; hafa þeir aflað sjer þó nokkurra kola til þess, því að bæjarstjórninni þótti mjög leitt að geta ekki notað þessa föstu starfskrafta, sem við skólann eru, og þarf að borga hvort sem er. Þess vegna varð það að ráði að halda uppi barnaskólanum á þann hátt að nota helminginn af kenslustofunum, láta halda áfram kenslu fram yfir nýárið og ef að herti, að láta þá halda próf, svo að einhver árangur sæist af kenslunni, og loka þá skólanum, ef á þyrfti að halda. Mjer fanst þetta ekki óskynsamlega hugsað hjá bæjarstjórninni, og hjelt jeg, satt að segja, að hjeraðastjórnum væri treystandi til þess að fara ekki að stritast við það fram í ófæru að halda skólum uppi. En það, sem sjerstaklega vakti fyrir okkur, var það, að við þar vestra eigum dálitla kolanámu, og höfðum búist við, að stjórnin myndi veita okkur stuðning til þess að vinna hana, en það hefir nú ekki orðið.

Samt sem áður hafði jeg hugsað mjer að vera með frv. þar til jeg hafði heyrt ummæli hæstv. forsætisráðherra. Jeg hefi talið horfurnar afarískyggilegar og að fullar ástæður væru fyrir því að stöðva alla skóla í vetur, ástæður, sem hæstv. forsætisráðherra ætti að vera allra manna kunnugast um, en úr því að hæstv. forsætisráðherra álítur alveg óhætt að halda skólum áfram, þá verð jeg að segja það, að jeg mun greiða atkvæði á móti því, að frumv. þetta fái að ganga til 3. umr., á hans ábyrgð.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg tel það

ekki sem heppilegast að skiljast þannig við málið, að ekkert verði gert annað en að greiða atkvæði á móti frv. þessu, en jeg sje eiginlega ekki, að það hafi komið neitt verulegt fram þessu frv. til stuðnings, annað en óttinn við eldiviðarleysið. Jeg hefi tekið það fram, að sá ótti er ekki á rökum bygður; jafnvel þótt hjer yrði lítið fyrir hendi af útlendum kolum, þá veit jeg, að hjer er til allmikið af eldivið, sem aflað hefir verið í landinu sjálfu. (K. E.: En skipin?). Já, jeg skal lítillega koma að því síðar meir. Það er alveg satt, að ef ekki mætti byrja með skóla, nema ef hjer væru birgðir, sem næmi alt að 20000 tons, þá er ekki hugsandi til þess að sinni, en jeg held, að það hafi verið spaug hjá hv. þm. Ak. (M. K.) að heimta slíka tryggingu. Skýrslur þær, er safnað hefir verið um það, hvað hjer þyrfti mikil kol til notkunar í landi, hafa — að mig minnir — sýnt, að til þeirra þyrfti eitthvað um 8000 smálestir erlendra kola, en það er vitanlegt, að, eins og nú er á statt, myndi ekki notaður helmingurinn á við það, sem vant er, þegar kolin eru svo dýr; það mundi alls ekki þurfa meira en 4000 smálestir. En ef menn vildu nú samt sem áður ekki leyfa að halda skóla fyr en trygt væri, að talsverður forði væri til, þá mætti setja einhver skilyrði að þessu leyti. Ef það svo kann ske kæmi fram rjett á eftir, að þessi ótti væri ástæðulaus, mætti þá að nokkru leyti kippa þessu í lag. En jeg lít nú svo á, að það sje ekki svo lítið til af eldivið hjer, að það væri óforsvaranlegt að byrja skólahald, en ef svo útlitið versnaði fram úr þessu, þá væri má ske rjettara að gefa stjórninni heimild til að láta hætta alveg við það.

Hv. þm. Ak. (M. K.) var að tala um sparnaðinn, en hann yrði ekki mjög mikill, þegar ætti að borga öllum kennurum eftir sem áður. — Mjer sýnist rjett, sem hv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að það væri ekki svo mikið óráð í því að láta sveitarstjórnir um það, hvort þær vildu halda sveitaskólum áfram, en takmarka að eins landsskólana. Annars finst mjer það ekki sitja vel á þinginu að tala svo mikið um sparnað, því að jeg verð að segja það, að jeg hefi ekki orðið var við neinn sjerlegan sparnað hjá því, t. d. í fjárlögunum. Jeg býst nú reyndar við, að segja megi um flestar fjárveitingarnar, að þær sjeu á rökum bygðar, en þegar verið er að tala svo mikið um sparnað, að menn vilja loka skólum landsins, þá hefði jeg búist við því, að meira myndi sparað í fjárlögunum.

Það getur vel verið, að það verði mjög dýrt fyrir hvern nemanda, sem er utanbæjarmaður, hvort sem það er í Reykjavík eða kaupstöðunum, en jeg held, að það sje vel í lagt, að það myndi kosta hann 1500 krónur. (M. K.: Í níu mánuði og með ferðum?). Þá er ekki sparlega á haldið, en það er þá hverjum í sjálfs vald sett, hvort hann sækir skóla eða ekki Þetta snertir ekki barnaskólana, því að börnin koma ekki fremur til bæjanna, hvort sem þeir verða haldnir eða ekki.

Jeg skal svo lítillega fara út í einstök atriði. Jeg hefi áður talað um það, að ef leyft væri, að Háskólinn starfaði nokkuð, þá væri rjettast að láta það undir ákvæði háskólastjórnarinnar sjálfrar, hvernig skólinn starfaði. Jeg hygg, að það sje ekki heppilegt ákvæði, sem hjer stendur, að kent skuli að eins í þeim deildum, sem eiga að ganga undir háskólapróf; mjer er sagt, að nemendum sje ekki skift þannig, heldur gangi t. a. m. elsta deild og næstelsta til sömu fyrirlestra. Jeg hefi áður tekið það fram, að sama sem ekkert sparaðist við það að leggja niður gagnfræðadeild Mentaskólans, vegna þess, að þar eru nær engir utanbæjarmenn.

Þá skal jeg geta þess, að mjer er kunnugt um, að annar búnaðarskólinn er víst

alveg undir það búinn að starfa í vetur, og myndi geta gert það án mjög mikilla annmarka.

Það er víst satt, að lítil líkindi eru til þess, að frv. þetta verði ekki samþ. í þessari hv. deild, en mjer þótti samt skylt að vera hjer við til þess að leggja á móti því. Jeg hlýt að taka það fram, sem álit mitt, að ekki sje rjett að fella niður skólahald, fyr en sjeð er, að það sje alveg nauðsynlegt.

Eggert Pálsson: Jeg skal ekki vera langorður nje svara miklu af því, sem hæstv. forsætisráðherra sagði. Að eins vildi jeg, af því að jeg á sæti í fjárveitinganefnd, vísa þeim orðum hans á bug, að þingið hefði sýnt ósparsemi að því er fjárlögin snertir. (**Forsætisráðherra**: Það sagði jeg ekki). Jeg get ekki tekið það að mjer fyrir hönd Ed., og mjer virðist, að háttv. Nd. hafi ekki gengið langt í eyðslu, þegar tekið er tillit til þess, að næstum því allir verulegir útgjaldaliðir, sem tiltök hefði verið að spara, eru þannig ákveðnir, að stjórnin er ekki skyld til að láta fjeð af hendi til framkvæmda, nema því að eins, að það reynist ódýrara en nú eru horfur á, og annað nauðsynlegra reki ekki á eftir. Og eins og jeg tók fram í framsögu minni þá eru þær upphæðir samtals rúmar 300,000 krónur.

Þá vildi jeg að eins víkja fáum orðum að því, sem háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) sagði, þar sem hann benti á það, að hættan við kolaeyðslu til skólahalds yrði ekki svo mikil, vegna þess, að kolin myndu reynast miklu drýgri en undanfarið, sem sje vegna sparnaðarins. Háttv. þm. Ak. (M. K.) hefir bent á, að það er dálitið einkennilegt, ef nú verður hægt, frekar en endrarnær, að viðhafa sparnað í þessu, án þess að tjón verði að því. Jeg vil nú heldur ganga út frá því sem sjálfsögðu, að sæmilegs sparnaðar hafi verið gætt í þessu efni að undanförnu. Hafi svo verið, þá liggur það í augum uppi, að með hálfu meiri sparnaði en áður geti heilsu nemendanna verið hætta búin, enda þótt það sje vitanlega ekki mitt að dæma um það, heldur læknastjettarinnar. En væri það ráð tekið að stefna fólki saman í skólana og eldsneyti svo mjög sparað, að það sæti þar í meiri eða minni kulda, þá er jeg ekki í vafa um það, að stefnt væri til reglulegs þjóðartjóns. Ein veiki er það t. d., sem á ekki svo lítið rót sína að rekja til þess, að menn sitja oft margar klukkustundir saman í lokuðum herbergjum án þess að njóta sæmilegs yls; jeg á sem sje við berklaveikina. Það hygg jeg einróma skoðun lækna.

Háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) sagði, að með því að sleppa skólahaldinu sparaðist svo lítið, vegna þess, að kolin væru svo dýr, að þau yrðu ekki keypt af einstaklingunum. En þá er mjer spurn, er þá alls ekki hugsanlegt, ef þingið finnur það ekki skyldu sína eða hvöt að hlaupa undir bagga með einstaklingunum, svo að þeir geti notað kolin, að sveitar- og bæjarstjórnir, sem vitanlega stendur það næst, geri það að einhverju leyti? Í lok ræðu sinnar kom háttv. 2. þm. K.-G. (K. D.) fram með beiðni um undanþágu, frá skólanefnd Flensborgarskólans. Og rak þar að því, sem jeg gat um áðan, að ef ein undanþága væri veitt, þá kæmi undir eins beiðni frá öðrum um hið sama. Ef gagnfræðadeild Mentaskólans væri leyft að halda áfram, þá kæmi Flensborgarskólinn auðvitað á eftir, og er þá ekki komið fram greinilegt misrjetti, ef Akureyrarskólinn á ekki að fá að starfa? Auðvitað vilja þá allir skólar brjótast áfram, til þess að standa jafnt að vígi í lífsbaráttunni. Með því að láta eitt og hið sama ganga yfir alla skólana er sýnt rjettlæti, en með því að gera undantekningar fyrir þennan eða

hinn, af þeirri ástæðu að sá hinn sami hafi birgt sig upp, skapast einmitt misrjettið milli skólanna.

En svo kemur misrjettið til að ná til einstaklinganna líka. Háttv. þm. Ak. (M. K.) skaut því fram, og hygg jeg það rjett vera, því að hann er reikningsglöggur, að dvöl manns hjer mundi kosta um 1500 krónur. Af því leiðir svo það, að fjöldi mentamanna verður að hætta námi, ef skólunum er haldið áfram, eða verður að minsta kosti að dragast aftur úr. En verði skólunum lokað, þá standa allir jafnt að vígi.

En hvað það snertir, sem komið er inn í frv., að undantekning skuli vera um þá, sem eiga að taka próf við Mentaskólann eða Háskólann, þá skal jeg taka það fram, að sú undantekning er ekki með mínu samþykki gerð. Jeg álít, að það sama ætti að ganga yfir gjörvalla heildina, og engin undantekning að eiga sjer stað. Frá mínu sjónarmiði er það svo.

Eins og háttv. þm. Ak. (M. K.) mintist á eigum vjer einn ljós- og hitagjafa, sem ekki þarf að kaupa dýrum dómum, heldur veitir oss ókeypis ljós og allmikinn hita, sjer í lagi síðari part vetrar, sem sje sólina, því að hennar nýtur þó miklu betur þegar fram á kemur en fyrri hluta vetrar. Og þó að það kunni að koma fyrir, að frost komi þá, haldast þau venjulega ekki nema nokkra daga, og sólin er þá hærra á lofti en í sjálfu skammdeginu.

Jeg skal svo ekki segja meira um þetta að sinni, en þar sem svo er á liðið þingtímann, þá virðist mjer, að eigi dugi að hafa sömu aðferð um þetta mál sem önnur, að fylgja þingsköpunum, því að sje það gert, þá mun háttv. Nd. varla gefast tækifæri til að segja álit sitt um þetta frv. Jeg vildi því leggja til, að skotið yrði á fundi aftur í dag, svo að málið þurfi ekki að daga uppi sökum tímaskorts, ef það yrði nú samþykt við 2. umr., því að Nd. verður einnig að fá að segja álit um þetta mál og útkljá það fyrir sitt leyti.

Forsætisráðherra (J. M.): Háttv. framsögumaður fjárveitinganefndar (E. P.) sagði, að jeg hefði borið þessari hv. deild eyðslusemi á brýn. Jeg hefi aldrei sagt eitt orð í þá átt. Hitt sagði jeg, að fjárlögin bæru þess ekki merki, að mönnum virtist sjerstök ástæða til sparnaðar, og þá ekki heldur til skólanna.

Og sannleikurinn er líka sá, að ekki hefir verið sýnt fram á, að svo mikil neyð standi fyrir dyrum, að hún afsaki þessa meðferð á skólunum.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mál þetta er stórt og vandasamt til úrlausnar. Liðið er á þingtímann, svo að ef það á að ganga fram í frumvarpsformi, þá verður það naumast nema með afbrigðum frá þingsköpum, og naumast með þeirri ihugun, sem þyrfti. Hitt er eðlilegt, að þingið láti í ljós álit sitt og vilja í málinu.

Eftir því, sem mjer hefir skilist, hafa umræður til þessa aðallega snúist um það, hvort *kolabirgðir* landsins leyfðu, að skólahald yrði hjer á landi í vetur eða eigi. Minni áhersla hefir verið lögð á olíuna, og er svo að sjá, sem menn geri sjer meiri vonir um að fá nægilega mikið af henni heldur en af kolum. Ekki er mjer kunnugt um, á hverju menn reisa þær hugmyndir.

Ekki hefir það enn komið fram í umræðunum, hve mikil kol búist er við að sparist, ef skólatíminn yrði styttur. Háttv. þm. Ak. (M. K.) tók það fram, að nálægt 1000 smálestir mundi þurfa til skólanna. Ef þetta er miðað við venjulega kolaeyðslu, þá má draga hjer nokkuð frá, því að tvent verður að aðgæta í þessu sambandi. Annað er það, að ýmsir skólar eiga kol frá fyrri árum, og auk þess er ætlast til að færa viða saman kenslustofur. En ekki

dylst mjer það, að naumast er það ýkja mikið, sem sparaðist við frv. Og svo mikið yrði það ekki, að annars þyrfti að stofna skipi í hættu inn á ófriðarsvæðið, því að kolin myndu ekki nema einum skipsfarmi. Mín skoðun er því sú, að tilganginum með þessu frv. verði ekki náð, nema því að eins, að menn geri hreint borð. Og hreint borð kalla jeg það eitt að afnema *alt skólahald*. En nú hafa menn kosið að gera hjer málamiðlun, þar sem Háskólinn á að starfa að nokkru leyti og tveir bekkir Mentaskólans, og finst mjer þá rjett, að sú málamiðlun nái nokkru lengra. Vil jeg sjerstaklega taka það fram, að þessi ástæða með kolin nær ekki nema að litlu leyti til annara skóla en þeirra, sem hjer eru í þessum bæ. Geta má þess t. d., að búnaðarskólarnir munu ekki þurfa meira en 10—15 smálestir af kolum til samans. Og kunnugt er það, að margir skólar eru svo í sveitum, að engu er eytt af kolum. Er því nokkuð hart að banna hjeraðsstjórnum að halda uppi skólum, þegar þær á annað borð treysta sjer til þess og eyða engum kolum, eða svo sára litlum, að ekki gætir að neinu. Jeg vil því ekki sleppa voninni um, að miðlunin nái svo langt, að inn í hana dragist hjeraða- og bæjaskólar, þar sem viljinn er eindreginn að halda skólunum við, og hins vegar lítil eða engin kolaeyðsla.

Jeg verð að kannast við það, að mjer virtust röksemdir líkar á báða bóga um það, hvort fresta skuli skólunum til miðsvetrar eða bíða þangað til meir kreppir að og hætta þá. Þó finst mjer viðfeldnara og að öllu eðlilegra að byrja og hætta þá, ef í nauðir rekur. Og í raun og veru virðist það vera einfaldasta úrlausnin. Og eðlilegast sýnist mjer að treysta eins mikið á, að úr rætist með kolin, eins og bersýnilegt er að menn treysta á um olíuna, þar sem hún er ekkert tekin til greina.

Jeg mun þó greiða frv. atkv. til 3. umr., svo að kostur gefist á að íhuga það frekar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Mig langaði aðeins til þess að gera stutta athugasemd, til þess að lýsa afstöðu minni til þessa máls, en jeg mun ekki hirða um að svara ýmsu af því, sem fram hefir komið í umræðunum hjer í dag, en ef til vill væri þó ástæða til þess að drepa á.

Mjer skilst það vera rjett leið, sem hv. Ed. hefir valið, að afgreiða þetta mál í frumvarpsformi. Hins vegar skal jeg taka það fram, að hvort sem frv. verður samþykt, eða ákveðið verður að halda skólunum áfram í vetur, þá mun jeg beygja mig undir gerðir þingsins. Jafnframt og jeg tek þetta fram, vil jeg geta þess, að mjer virðist afstaða þingsins að sjálfsögðu verða að miðast við það ástand, sem nú er. Eftir því, sem jeg veit best til, þá munu vera til um 2500 tonn af kolum, og jeg geri ráð fyrir, að í flestra augum muni það þykja litlar birgðir. Og þegar nú er athugað, hvaða tímar eru, þegar hvert vandamálið rís upp á eftir öðru, þá er ekki altaf hægt að fara þá leiðina, sem hagkvæmust þykir, heldur verður að vega vandræðin og taka þá leiðina, sem minstur bagi hlýst af. Nú er kolaforðinn eins lítill og jeg hefi minst á, og honum þarf að verja til þess að fleyta skipum okkar og til nauðsynlegustu eldamensku og upphitunar, og hygg jeg, að naumast muni þykja gætilegt að setja meira á hann. Jeg skil það mjög vel, að kennarar og aðrir, sem að skólunum standa, líta aðallega á skólahlið málsins. En mjer finst eðlilegt að gera þá kröfu til þeirra manna, sem trúað er fyrir því að fræða æskulýð landsins, að þeir sýni þá gætni og stillingu að líta á fleira en þessa einu hlið, ekki síður en aðrir. Því að hliðarnar eru áreiðanlega

fleiri. Og þó að allir sjeu sammála um það, að sem minst stöðvun megi eiga sjer stað í uppfræðslu æskunnar, þá verður það þó að vikja þegar þjóðarnauðsyn krefur annars vegar.

Jeg er þess fullvís, að ef afráðið verður að halda skólunum áfram í vetur, og svo kemur að því, að kol vantar til nauðsynlegrar notkunar, þá mun almenningur hjer í bæ rísa upp og átelja þá, sem ábyrgðina bera í þessu efni, fyrir að hafa farið illa að ráði sínu, er þeir höfnuðu því meir nauðsynlega fyrir það minna nauðsynlega. Jeg þekki mjög vel óróann, sem nú er í þessum bæ, en af því að mjer hefir ávalt verið bærinn mjög kær, þá er mjer óljúft að stuðla að neinu, sem gæti orðið honum til stórskaða. Og þegar jeg stend hjer í þeirri stöðu, sem jeg er í, og finn til ábyrgðarinnar, sem henni er samfara, þá vegur það meira í mínum augum, að skylt sje að tryggja landið fyrir voða, en að reyna að halda skólunum áfram, ef því fylgir stórhætta. Auk þess ber þess að gæta, að frestun á skólahaldinu er ekki sama sem að leggja niður alt nám. Það er ekki rjett, sem sagt var í hv. neðri deild, þegar þingsályktunartillagan um sama mál var þar til umræðu, að með þessu mistu menn eitt ár úr lífi sínu. Jeg vildi sístur manna verða til þess að stela ári úr lífi nokkurs manns, en sannleikurinn er sá, að engin ástæða er til, að skólahaldsfrestunin geri það. Duglegir menn geta hæglega lesið heima þennan tíma, sjer að fullu gagni, og tekið sín próf í vor, eins og vant er. Svo er það að minsta kosti um nemendur í Mentaskólanum, og svo mun víðar vera. En, eins og jeg hefi drepið á, þá er kolaspursmálið aðalatriðið fyrir mjer í þessu máli. Og í sambandi við það má minna á það, að með því kolaverði, sem nú er, 50 krónur skippundið, þá sjá allir, að menn, sem eiga að sækja skóla hingað, hljóta að eiga við mjög erfið kjör að búa. Jeg lít svo á, að rjettara sje fyrir menn að búast ekki við, að þessi vetur verði neinn sólskinsvetur hjer í bænum. Sveitirnar munu vafalaust eiga ólíkt betri aðstöðu, og held jeg því, að hyggilegra sje að veita straumunum sem mest til sveita heldur en úr sveitunum til bæjanna. Jeg get vel ímyndað mjer, að menn, sem þekkja ekki til, hve dýrt er að lifa hjer, muni komast að því fullkeyptu áður lýkur, ef þeir senda syni sína og dætur hingað í vetur. Þá er enn eitt atriðið, sem vert er að minnast á, og mjer er vel kunnugt um frá bæjarfógetastarfi mínu hjer í bænum. Það er húsnæðisleysið, sem þegar er orðið mjög alvarlegt og naumast batnar, ef straumunum yrði veitt hingað í stórum stíl. Jeg hefi áður minst á það hjer í hv. deild, hve hörmulegar ástæður eru hjer hjá ýmsu fólki sökum húsnæðisskorts. Mjer hefir oft blöskrað að horfa á það. Jeg get t. d. nefnt næsta hús við íbúð mína, svo kallað Melkot. Þar eru húsakynni svo aumleg og rottugangurinn svo mikill, að ungbörnum er jafnvel hætta búin.

Jeg ætla svo ekki að segja meira almennt um málið, en mun greiða frv. atkv. mitt. Jeg verð að miða við ástandið eins og það er nú, eins og jeg hefi minst á. Hvað frestunina snertir, þá mætti ef til vill athuga það nánar, hvort heppilegt sje að miða hana við það, sem gert er í frv.

Eins og jeg hefi drepið á þá er mjer fullkunnugt um óróa þann, sem nú á sjer stað í bænum. En jeg vildi óska, að menn yfirveguðu það, að vel getur svo farið, að vandræðin aukist miklu meir en menn hafa búist við. Erfiðleikarnir við að draga til landsins aukast stöðugt, og væri æskilegt, að það væri haft í huga, þegar ákvarðanir eru teknar um þetta mál. Menn gera háar kröfur til þings og stjórnar, en það eitt nægir ekki. Menn

verða að læra að gera kröfur til sjálfra sín. Menn verða að læra að sleppa ýmsu, sem þeir hafa veitt sjer hingað til; menn verða að læra að sýna sjálfsafneitun. Ógerningur er að hugsa sjer að lifa eins og á venjulegum tímum. Ef mönnum gleymist þetta, þá er hætt við, að illa geti farið. Og svo gæti ástandið orðið í þessum bæ. Jeg vona, að það verði samt eigi úr, að skólahaldsfrestun um stuttan tíma verði skoðuð sem hjegómi hjá öðru verra.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg býst við, að ef til vill hefði verið heppilegra fyrir mig að taka ekki til máls í þessu máli, ekki síst eftir að hafa heyrt ummæli hv. þm. Ak. (M. K.) um, að flutningsmenn þessa frv. sjeu *fullur helmingur* þingsins. Nægir það eitt til þess að ofbjóða mjer og til þess að missa trúna á að geta haft áhrif á nokkurn mann. Því að niðurstaðan fyrir mjer hefir orðið sú, að jeg hefi ekki getað fallist á frv. Mjer finst þetta vera svo mikið örþrifaráð, að menn verði að hugsa sig vel um, áður en gripið er til þessa.

Ýmislegt, sem sagt hefir verið frv. þessu til stuðnings, hefir mjer ekki fundist bygt á jafngóðum rökum sem skyldi. Fyrst og fremst hafa menn borið kolavandræðin fyrir sig. Það er að vísu rjett, að þær um 2000 smálestir, sem fyrirliggjandi eru af óeyddum kolum, hrökkva skamt, ef byggja ætti á þeim forða einum. En við vitum, að dálítið hefir bæst við á þessum degi, og ekki vonlaust um, að enn betur rætist úr síðar. Auðvitað er valt að treysta því, því að alt er vonarpeningur nú. En þegar svo stendur á, að menn hafa einhverjar vonir og þær eru á einhverjum rökum bygðar, finst mjer rjettara að heimila stjórninni með þingsál.till. að framkvæma það, sem frv. þetta skipar fyrir að gert skuli, ef svo illa færi, að flestar vonir eða allar brygðust.

Enn fremur hafa menn talið það ísjárvert að stefna lýðnum utan af landi til kaupstaðanna, og þá einkum til Reykjavíkur. Það er spónnýtt hljóð hjer á Alþingi, að menn skuli telja ísjárvert, að menn ofan úr sveitum, er mentunar vilja leita og hafa efni á því, fari þangað, sem bestar eru mentastofnanirnar og flestar. Þeir einir myndu koma, sem ekki ættu að vera bæjarbúum til byrði og geta kostað veru sína hjer. Jeg hygg, að flestum úti um land sje kunnugt um, hve dýrt muni vera að lifa hjer á komandi vetri, og að þeir, sem ekki treysta sjer til að bera þann kostnað, hafi vit á því að láta börn sín sitja heima, heldur en senda þau frá sjer og eiga það á hættu, að þau liði kulda og sult. Háttv. þm. Ak. (M. K.) kvað vetrardvöl í Reykjavík mundu kosta alt að 1500 kr. fyrir námsmann hvern. Hygg jeg þá upphæð vera í hæsta lagi og trúi vart, að kostnaðurinn verði svo mikill. En svo ber þess að gæta, að þessi upphæð er ekki bein útgjöld, sem menn ella væru lausir við. Börn vor uppi í sveit lifa ekki af vatni og vindi. Við þurfum jafnt að verma börn okkar og fæða í sveitunum sem í Reykjavík, og er það einnig dýrt. Og ekki verður auðveldara að afla sjer kola, steinolíu eða annars eldsneytis úti um land, að sveitahjeruðunum undanteknum, heldur en í Reykjavík, þar sem aðflutningar frá útlöndum eru langgreiðastir.

Jeg játa, að verði skólunum lokað, er ástandið einna ískyggilegast fyrir Reykjavík. En það er skylda okkar þingmanna, hvaðan af landinu sem við erum, að muna eftir því, að Reykjavík er höfuðstaður landsins og langfjölmennasti staðurinn, og menn mega ekki virða neitt vettugi, er höfuðstað landsins gæti til sóma orðið. Jeg hefi að vísu ekki dvalið nema einn vetur í Reykjavík. En jeg get þó gert mjer í hugarlund ástandið,

ef börn á skólaskyldualdri verða neydd til þess að flækjast á götunni allan veturinn. Ekki trúi jeg því, að þeim verði þar hlýrra eða liði betur en í barnaskólanum, nje heldur, að siðferði þeirra yrði eins gott eða betra. Og eftir þeirri skýrslu, sem þingmenn hafa fengið frá skólanefnd barnaskólans, sýnist enginn voði á ferðum, þótt skólanum sje leyft að starfa í vetur. Skólanefndin hefir skýrt frá því, að skólinn muni þurfa um 50 smálestir af kolum. Hann á fyrningar síðan í fyrra, um 20 smálestir, og vantar þá einar 30 smálestir á þann forða, er hann þarf að nota. En svo á bærinn um 60 smálestir af kolum, sem honum hafa áskotnast fyrir sama sem ekkert, og er enginn vafi á því, að skólanum yrði lagt það til af þeim kolum, er hann þarf með, enda ber bæinn skylda til að sjá fyrir skólanum. Ef nokkuð er örþrifaráð, þá er það að loka barnaskóla Reykjavíkur. Nokkuð líkt má segja um aðra skóla. Og þessi frestur, sem verða á á því, að skólarnir taki til starfa, verður að álítast sama sem að þeim sje lokað til fulls. Jeg hygg rjettara að láta skólana byrja á venjulegum tíma, ef þá væri ekki vissa komin fyrir því, að ógerningur væri að láta þá starfa, en svo hefði stjórnin heimild til að láta loka skólunum seinni hluta vetrar, ef hún sæi, að eigi væri fært að halda þeim lengur opnum.

Þessi umhyggja, sem þingið ber fyrir mönnum úti um land alt, að þeir ekki rasi fyrir ráð fram og sendi börn sín til Reykjavíkur, virðist mjer ganga oflangt. En það gengur í sömu stefnu sem svo margt annað, að löggjafarvaldið sletti sjer fram í privathagi manna. Undanfarandi þing hafa verið að taka ráðin af mönnum í mörgum efnum og virðast hafa álitið alla ómynduga og fyrirhyggjulausa, nema þing og stjórn.

Menn hafa borið það fyrir sig, að svo freklega verði að taka í taumana, að banna alt skólahald, því að yrði einstöku skólum veitt undanþága, þá myndu margir koma á eftir. Hvað annað? Það má ganga að því sem vísu, því að það er ekki enn kominn tími til þess að loka öllum skólum. Og það er sannarlega hart gagnvart einstökum skólum, t. d. bændaskólunum, sem hafa birgt sig að innlendu eldsneyti og gert ýmsar aðrar ráðstafanir til að mæta komandi vetri, sem nú yrðu óþarfar, að neita þeim um að hagnýta sjer þau föng, er þeir hafa aflað sjer með svo miklum erfiðleikum. *Það* er örþrifaráð. Sama máli er að gegna um Flensborgarskólann. Hann hefir gefið góðar og gildar ástæður fyrir því, að honum sje leyft að halda áfram.

Menn hafa talað um sparnað og hent gaman að því, að skólastjórnir og kennarar hugsi sjer að spara svo mjög í vetur. Það hefir verið talin bending í þá átt, að alls sparnaðar hafi ekki verið gætt að undanförnu. En án þess, að um óhóf geti verið að ræða, þá er mikill munur á því, hvort menn eiga kost á allsnægtum við lágu verði, og því að vanta allar helstu nauðsynjar, og það litla, sem hægt er að fá, kostar ærið fje. Óhætt mun að trúa því, að allir hugsa nú meir fyrir eldsneyti en þeir hafa gert nokkru sinni áður. Og það er ásetningur allra að spara eldsneyti sem mest, enda neyðast menn til þess vegna þess gífurlega verðs, sem á því er. Trúi jeg því og treysti, að sparnaður þessi verði framkvæmdur og menn láti ekki sitja við orðin tóm.

Mjer finst það heillaráð, sem hv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði að Ísfirðingar hefðu ætlað sjer að taka. Jeg tók svo eftir, að þeir ætluðu að byrja skólahald á venjulegum tíma og halda svo áfram, þar til reynslan sýndi, að það væri ekki lengur hægt. Hygg jeg það rjettustu aðferðina.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) mælti mjög með frv. og tók ýms dæmi um það,

að börnum liði illa í hrörlegum húsakynnum. Nefndi hann sjerstaklega til eitt nágrannaheimili sitt. En ef húsakynnin eru ill, hrörleg, þröng og loftlítil og aðbúnaðurinn slæmur, er þá ekki nauðsynlegt að kippa börnunum út úr þeim, þótt ekki sje nema lítinn hluta dags, og láta þau nema eitthvað sjer til gagns í heitum og björtum skólastofum? Jeg hygg það fremur kærleiksverk og nauðsyn, er brýtur lög, eða öllu heldur löglega nauðsyn að halda skólunum áfram.

Jeg hygg, að þetta sje nóg til að sýna, að jeg get ekki gefið frv. atkvæði mitt. Hins vegar er jeg ekki á móti því, að frv. gangi til 3. umr., svo að það verði betur athugað og ef til vill lagfært. Það gæti og komið fyrir, að hugir manna breyttust, ef eitthvað, sem nú er að eins von, væri þá orðið að vissu áður en málinu lyki. Vil jeg því ekki vera því til fyrirstöðu, að lífið í frv. sje treint í nokkra daga.

Forsætisráðherra (J. M.): Menn hafa talað um það, að heill almennings ætti að ganga fyrir skólahaldi. Mjer þykir þetta ekki sem heppilegast til orða tekið, því að mjer líst, að skólahald verði talið með heillum almennings.

Jeg skal ekki eltast mikið við einstakar ræður, sem hjer hafa verið fluttar. Að eins vil jeg geta þess, að engin vissa er fyrir því, að námsfólk streymi ekki hingað til Reykjavíkur, þótt skólunum væri lokað. Það vita allir, sem nokkuð hafa fengist við manntal, að til Reykjavíkur flykkist fjöldi karla og kvenna, er kallar sig námsfólk, en fara aldrei í neinn skóla. Og það fólk kæmi eins fyrir það, þótt skólar sjeu ekki haldnir.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) hjelt því fram, að vetrardvöl námsfólks hjer í Reykjavík myndi ekki kosta minna en 1500 kr. Í fundarhljeinu hefi jeg leitað mjer nokkurra upplýsinga um það atriði hjá fólki, er selur fæði. Á stað, þar sem um 20 námsmenn keyptu fæði í fyrra fyrir 50 kr. á mánuði, er mjer sagt, að fæði muni kosta 60 kr. í vetur. Á sama stað voru leigð 3 einstök herbergi, eitt af þeim fyrir 2, og kostaði það 20 kr. á mánuði með ræstingu, hin tvö kostuðu 10 kr. á mánuði hvert með ræstingu, og er mjer sagt, að líkt muni nú verða. Í hvert herbergi er gert ráð fyrir að þurfi 3—4 skpd. af kolum. Jeg hefi ekki reiknað saman, hve mikið dvölin á þessum stað myndi kosta yfir veturinn, en jeg hygg, að hv. þm. Ak. (M. K.) væri nokkuð ör á skotsilfur, ef hann ætlaði mönnum að eyða 1500 kr. Á öðrum stað, þar sem gott fæði er selt, hefir verðið verið ákveðið 60 kr., og líkt munu herbergi kosta þar og á hinum staðnum. Og þar, sem fæði er einna dýrast, mun það kosta 65—75 kr. um mánuðinn, og er það á stöðum, sem sumir háttv. þm. munu þekkja af eigin reynslu. Hygg jeg því, að reikningur hv. þm. (M. K.) sje mikils til ofhár.

Jeg þykist vita, að hv. þm. Ak. (M. K.) muni hafa fengið mótmælaskeyti frá kjósendum sínum gegn því, að barnaskólanum þar verði lokað. Hafi hann ekki fengið skeytið, þá er það á leiðinni. Bæjarfógetinn á Akureyri hefir skýrt mjer frá í síma, að Akureyringar sjeu svo birgir af mó og við, að þeir þurfi lítið af erlendum kolum. Og jeg býst við, að svarið muni það sama, ef viðar væri spurt. Háttv. þm. Ak. (M. K.) fylgir auðvitað sannfæringu sinni, þrátt fyrir þessi mótmæli frá kjósendum hans, en hræddur er jeg um, að þingið eigi von á býsna miklum mótmælum, ef það tekur fram fyrir hendurnar á sveitarstjórnunum í þessu efni.

Það getur talist eðlilegt, að þessi hugsun, að loka öllum skólum, hafi vaknað um eitt skeið í sumar, þegar alt öðruvísi stóð á. En nú er það óverjandi að taka fyrir skólahald. Það hefir verið spurst

fyrir víða um land um kolaþörf, og svörin hafa allvíða verið þau, að menn þurfi mjög lítið af erlendum kolum; þeir ætli að reyna að bjargast við innlent eldsneyti, svo að jeg hygg, að eldiviðarskorturinn rjettlæti ekki þetta örþrifaráð.

Jeg vil leyfa mjer að minnast á enn eitt atriði og skjóta því til hv. deildar, er frv. verður samþykt, hvort ekki mætti breyta 2. málsgr. 1. gr. þannig, að Háskólinn og Mentaskólinn væru undanþegnir þessum lögum. Það myndi ekki kosta meira fje eða kol, þótt kensla færi fram í öllum Háskólanum, heldur en með þessu fyrirkomulagi, að kenna einungis þeim, er undir embættispróf eiga að ganga í vetur. Og það er varla rjettmætt að taka fram fyrir hendurnar á Háskólanum að nauðsynjalausu, þar sem hann lögum samkv. á að hafa stjórn sinna mála sjálfur. Verði lærdómsdeild Mentaskólans leyft að starfa, hygg jeg ekki mikið sparað við það, að banna kenslu í gagnfræðadeildinni.

Jeg ætla ekki að orðlengja meir um frv. Veit, að örlög þess eru fyrirfram ákveðin í þessari háttv. deild. En það er von mín, að háttv. Nd. taki frv. til rækilegri íhugunar.

Magnús Kristjánsson: Jeg býst ekki við að fjölyrða svo í þetta sinn, að málið geti ekki orðið afgreitt á rjettum tíma. En hins vegar hefði jeg kunnað betur við, að mjer hefði ekki verið eins skamtaður tími og gert hefir verið, þar sem margir háttv. þm. og hæstv. forsætisráðh. hafa sýnt mjer þann heiður að vitna svo freklega í orð mín. Jeg vil þá beina orðum mínum að hæstv. forsætisráðherra. Í raun og veru kom ekkert nýtt fram í ræðu hans, að öðru leyti en því, að hann reyndi að vefengja orð mín um kostnaðinn við vetrardvöl nemenda hjer í Reykjavík. Í öðru lagi bar hann mjer skilaboð frá kjósendum mínum um það, að þeir væru á annari skoðun en jeg í þessu máli. Jeg er honum þakklátur fyrir að flytja þessi skilaboð. En jeg býst við því, að kjósendur mínir sjeu svo þroskaðir, að þeir skilji, að það er fyrst og fremst sannfæring mín, sem ráða á atkvæði mínu.

Þrátt fyrir þær upplýsingar, sem hæstv. forsætisráðherra hefir gefið um verð á fæði og húsnæði hjer í Reykjavík, hygg jeg, að kostnaðaráætlun mín standi óhrakin, og ekki síst ef nemendur utan af landi þyrftu að ferðast langar leiðir með skipum landsstjórnarinnar. Fargjöld þau, sem stjórnin hefir leyft sjer að setja hjer á milli hafna, myndu talsvert stuðla að því, að reikningur minn verði nærri sanni. Dæmi þau, er hann tók, hygg jeg vera undantekningar. Jeg hygg, að fæði og húsnæði muni ekki fást undir 75—85 kr. á mánuði, og auk þess þurfa menn að greiða þjónustu o. fl.

En það er eitt atriði, sem er þýðingarmikið í þessu máli, og það er, að hæstv. stjórn hefir látið uppi skoðun sína á málinu, og skoðanir hennar eru mjög skiftar. Hæstv. forsætisráðherra álítur, að það sje hættulegt að takmarka skólahaldið, en hæstv. fjármálaráðh. (S.E.) telur aftur á móti, að brýna nauðsyn beri til þess, en um skoðun hæstv. atvinnumálaráðherra get jeg lítið sagt; það lítur helst út fyrir, að hann hallist til beggja hliða, og því ekki unt að segja um afstöðu hans. Það er því mikilsvert, að þingið ákveði, hvort skólahald verður í vetur eða ekki; stjórnin kæmist í mesta ráðaleysi, ef hún ætti að gera það.

Vegna þess, að tíminn er takmarkaður, þarf að slíta fundi nú strax, þá verð jeg að fresta að svara einstöku þingmönnum til þess síðar.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Í tilefni af orðum hv. þm. Ak. (M. K.), þar sem hann taldi aðstöðu mína til þessa

máls óskýra, þá vil jeg taka það fram, þótt jeg hjeldi, að orð mín væru auðskilin, (að minsta kosti jafnglöggum þingmanni sem háttvirtur þm. (M. K.) óneitanlega er), að jeg hallast að því, að skólarnir byrji á reglulegum tíma, þar sem skólastjórnir og hjeraðastjórnir eru slíku eindregið fylgjandi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 : 2 atkv.
2.—4. gr. — — 8 : 1 —
Fyrirsögn — án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., mánudaginn 10. sept., kl. 8 síðdegis, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti: Mjer hefir borist eftirfarandi símskeyti, sem hv. þm. Ak. (M. K.) hefir verið sent. Hæstv. forsætisráðherra gat um þetta skeyti í ræðu sinni í dag, og vil jeg því, áður en það verður lagt fram á lestrarsal þingsins, lesa það upp.

Það er svo hljóðandi:

Hingað hefir borist símfregn, að Alþingi hefði meðferðis lagafrumvarp, er bannaði til 15. febr. í vetur alt skólahald, sem opinbers styrks nyti. Skólanefnd Akureyrar hefir löngu fastráðið að láta kenna alt skólaárið í öllum bekkjum barnaskólans, en nota til kenslunnar að eins 2 stofur, fækka kenslustofunum, námsgreinum og kennurunum. Hefti þingið þessar eða líkar ráðstafanir skólanefnda, er þær telja sjer fjárhagslega færar, lítum vjer svo á, að þingið geti það naumast, án þess að misbeita valdi sínu, og hafi slíkt gjörræði í frammi, að vjer teljum oss skylt að mótmæla því kröftuglega.

Í skólanefnd Akureyrarkaupstaðar, 10/9 1917.
Geir Sæmundsson, Otto Tulinius, P. Pjetursson, Sigríður Jónsdóttir, Stefán Stefánsson.

Til Alþingis.

Magnús Kristjánsson: Jeg hefi áður lýst afstöðu minni gagnvart símskeyti því, er hæstv. forseti las upp við fundarsetningu; það hefir ekki breytt skoðun minni á málinu.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að eyða fleirum orðum að málinu; það væri hið sama og að eyða skotfærum á sigraða mótstöðumenn.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7: 3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 57. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. sept., var útbýtt

Frv. til laga um frestun á skólahaldi skólaárið 1917—18,
eins og það var sþ. við 3. umr. í Ed. (A. 887).

Á 58. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. sept., var frv. tekið til 1. umr. (A. 887, 888).

Leitað var afbrigða um að taka frv. fyrir, þar eð eigi var nema ein nótt liðin frá útbýtingu þess. Voru afbrigðin leyfð og samþ. með 15 : 3 atkv.

Forsætisráðherra (J. M.): Að svo stöddu skal jeg ekki halda langa ræðu í þessu máli. Mál þetta var rætt svo ítarlega í þessari hv. deild fyrir skemstu, að eigi er þörf að fara inn á efni þess.

Að eins skal jeg leyfa mjer að taka það

fram, að mjer skildist aðalástæðan fyrir frv. í hv. Ed. skortur kola og eldsneytis í landinu, og svo einnig hitt, að ekki væri rjett, á þessum tímum, að stuðla að því, að fólk þyrptist hingað til Reykjavíkur, til að stunda nám.

Um eldiviðarskortinn er það upplýst síðan, að það er ekki hættulegt atriði. Skólar víðsvegar á landinu eru búnir að birgja sig upp að eldsneyti, að miklu leyti innlendu, og síðan frv. var samþ. í Ed. hefir bæst mikið við af erlendum kolaforða. Hafa komið hingað um 1000 tons með nýkomnum skipum. Svo að þótt eitthvað hafi verið til í þessari ástæðu, er frv. var samþ. í Ed., er mjög dregið úr þeirri áslæðu nú.

Um hitt atriðið, að fólk þyrpist hingað til bæjarins, er það að segja, að það atriði hefir aldrei snert nema örfáa skóla og örfáa menn, og hefir aldrei verið á rökum bygt.

Annars tel jeg hreinasta óþarfa að fara mikið út í þetta mál. Deildin hefir rætt það áður og þá gengið skynsamlega frá því.

Einar Arnórsson: Jeg skal ekki heldur lengja umr., því að hv. deild hefir þegar gengið frá málinu með þingsályktun þeirri, sem samþykt var 1. sept., um að *heimila* það, sem hjer er *skipað*, ef frv. þetta verður að lögum. Var rætt itarlega um málið í sambandi við þingsályktunartillöguna, og munu þær umr. öllum í fersku minni. Ástæður hafa síðan ekki breyst til hins verra, heldur hins betra, þar sem komið hafa síðan 2 stórir kolafarmar. Jeg ætla ekki að dæma um nauðsynina að öðru leyti, en vil, að deildin haldi við þá ályktun, sem hún hefir áður gert, og stjórnin ráði svo fram úr málinu á sína ábyrgð.

Jeg vil ekki lengja umr., en vil leyfa mjer að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

Með skírskotun til þingsályktunartillögu um skólahald næsta vetur, er samþykt var hjer í deild 1. þ. m., og í því trausti, að stjórnin skipi máli þessu á forsvaranlegan hátt, tekur deildin til meðferðar næsta mál á dagskrá.

Gísli Sveinsson: Jeg stóð að eins upp til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu.

Eins og þegar hefir verið tekið fram af hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir þessi hv. deild nokkurn veginn skilmerkilega lýst yfir vilja sínum í þessu máli, að minsta kosti um merg málsins, í þingsályktunartillögu þeirri, er getið hefir verið. Að vísu var það svo, að ýmsir slógu sína varnagla með mismunandi formála; sumir voru kröfuharðir, en aðrir voru vægari. Jeg heyri nú frekar til þeim kröfuharðari. Vil jeg leggja hv. landsstjórn það mjög ríkt á hjarta að athuga þetta mál mjög rækilega, en það hefði hún raunar átt að vera búin að gera. Mjer virðist fullkomlega forsvaranlegt að loka þeim skólum, er jeg með tveimur orðum vil nefna kaupstaðaskóla og kolaskóla. Hinir fyrnefndu eyða miklum kolum, bæði hjer og í öðrum kaupstöðum, og eins eru þeir ofdýrir að sækja — fólki úr hjeruðum. Úti um land geta líka verið kolaeyðsluskólar. En jeg vil ekki, að rokið sje til að loka þeim skólum, sem bæði eyða litlu og bjargast á eigin spítur, og þar sem nemendur komast ódýrt af og t. d. leggja á borð með sjer. Jeg veit vel, að víða í kaupstöðum og úti um land er lagt kapp á, að skólarnir sjeu opnir þar, þótt hjer sje lokað. En alt verður þetta að fara eftir atvikum og ástæðum.

Hins vegar skal jeg ekki draga dulur á, að jeg hefi lýst yfir því á nefndarfundum um þetta mál, að jeg teldi allsendis óþarft að setja lög um þetta. Jeg finn ástæðu til að taka þetta fram, þar sem raddir

hafa heyrst um, að allir nefndarmenn fjárhags- og fjárveitinganefnda beggja deilda hafi verið á einu máli um afgreiðslu Ed. á málinu. Jeg tel þingsályktunartill. alveg nægilega, enda er hún í samræmi við skoðun og vilja kenslumálaráðherrans. Og því síður tel jeg ástæðu til að hvarfla frá þingsályktun yfir í lög, sem jeg get ekki skoðað það annað en firru eina hjá nokkrum þm. í Ed., að lög þurfi til þessa.

Með þeirri skýringu, er jeg fyr hefi gefið, er jeg greiddi atkv. með þingsályktunartill., og í því trausti, að stjórnin fari heldur oflangt en skamt í þessu efni, mun jeg greiða atkv. með rökstuddu dagskránni. Jeg tel sjálfsagt og rjett, að framkvæmdarvaldið, stjórnin, hafi framkvæmd þessa máls á hendi. Hún hlýtur að standa betur að vígi í því efni, þótt hún sje þriggja manna stjórn, en alt þingið. Hún hefir betri tök á að kynna sjer og hafa kynt sjer málið. Væri ef til vill betra, að einn maður rjeði að fullu fram úr þessu á sína ábyrgð, en að þrír sjeu að fást við það. En, eins og sakir standa, verður stjórnin að afgreiða málið á sína ábyrgð, og því fremur er það rjett, sem jeg tel afgreiðslu málsins hjer í deildinni í samræmi við vilja forsætisráðherrans, þess ráðherra, er mest hefir með mál þessi að gera.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi lýst afstöðu minni til þessa máls í hv. Ed., og geri ráð fyrir, að öllum hv. deildarmönnum sje hún kunnug, og sje því ekki ástæðu til að endurtaka hjer það, sem jeg sagði í háttv. efri deild. Forsætisráðherra hefir tekið fram sína skoðun, og sömuleiðis atvinnumálaráðherra, er virðast báðir sammála. Jeg vil endurtaka hjer það, sem jeg tók fram í háttv. Ed., að jeg mun beygja mig fyrir þeirri niðurstöðu, sem Alþingi kemst að í þessu máli, þótt önnur verði en jeg mundi helst kjósa, þar sem jeg lít svo á, að mál þetta skifti ekki svo miklu, að rjett sje, á tímum jafnalvarlegum eins og nú er um að ræða, að gera það að fráfarartriði.

En um leið vil jeg taka það fram, að svo framarlega sem háttv. Nd., eftir að hafa heyrt aðstöðu meiri hluta stjórnarinnar til málsins, víkur frumvarpinu frá með rökstuddri dagskrá, þá skil jeg það svo, að hún hafi valið þá leið í málinu, sem meiri hluti stjórnarinnar óskar að farin sje.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 2. þm. Árn., E. A., (sjá A. 976) samþ. með 18 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Árna., E. J., G. Sv., J. J., J. B., M. G., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. K., E. A., Ó. B.

nei: H. K., M. P., P. J., B. Sv., B. St.

J. M. greiddi ekki atkv. Tveir þm. (Sv. Ó. og Þorl. J.) fjarstaddir.

Frv. því

fallið.

II.

Feldar þingsályktunartillögur.

1. Umsjón á landssjóðsvöru.

Á 5. fundi í Nd., laugardaginn 7. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um umsjón á landssjóðsvöru úti um land (A. 40).

Á 6. fundi í Nd., mánudaginn 9. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ein umr. ákveðin.

Á 7. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (**Þórarinn Jónsson**): Það er ekki meining okkar flutningsmanna að gera landssjóðsverslunina sem slíka að umræðuefni; til þess mun mega búast við tilefni síðar. Tillagan gengur að eins í þá átt að reyna að gera þessa verslun umfangsminni og ódýrari en nú er. Það er auðvitað við því að búast, þegar landið tekur að sjer að reka verslun, þá verði hún nokkuð umfangsmikil, jafnvel þótt reynt sje að hafa sem fæsta milliliði, sem jafnan eru taldir óhentugir. Í því skyni, að bæta nokkuð úr þessu, hefir okkur hugkvæmst, að hægt mundi að fela sveitarstjórnum þann starfa, sem sýslumenn hafa hingað til haft á hendi að þessu leyti. Þetta verðum vjer að telja allmikilsvert atriði, svo framarlega sem landsstjórnin treystir ekki miður þessum lægri stjórnarvöldum að fara með starfið en sýslumönnunum. Sýslumennirnir hafa verið eins konar deildarstjórar í þessari verslun, en haft svo sveitarstjórnir undir sjer, og á þær hefir aðalstarfið fallið, án þess að þær hafi fengið nokkurt endurgjald, af þeirri ástæðu, að sveitarfjelögin eru ekki fær um að bera aukinn kostnað af þessu. Okkur hefir nú komið til hugar það fyrirkomulag, að landsstjórnin sendi á hvern verslunarstað svo mikið af vörum, sem hún telur nægja handa þeim, sem þangað eiga sókn, en hreppsnefndirnar hafi þar mann eða menn, til þess að taka við vörunum og skifta þeim niður.

Það hafa auðvitað verið töluverðir erfið-

leikar á því í fyrstu, að koma þessari verslun í framkvæmd. Landsstjórninni hefir þótt það hægast að hafa sýslumennina til útbýtingar á vörunum. En af þessu fyrirkomulagi leiðir mikla örðugleika alstaðar þar, sem jeg þekki til, sendiferðir, hraðboð og skeyti. Það segir sig sjálft, að þessir örðugleikar mundu mjög rjena, ef svæðið væri minna og sveitarstjórnum falið starfið, eins og við leggjum til.

Annað atriði, sem til tals hefir komið í þessu sambandi, er það, hvort hreppsnefndir gætu haft kaupfjelög og kaupmenn að milliliðum. Þegar landsstjórnin byrjaði að senda út vörurnar, þá gerði hún ráð fyrir því, að kaupmenn tækju að sjer sumar vörurnar, t. d. sykur, og fengju þóknun fyrir. En nú er svo komið, að kaupmenn og kaupfjelög vilja ekki taka að sjer vörurnar; þeim finst ekki borga sig fyrir þessa litlu þóknun að taka að sjer afhending og ábyrgð á rýrnun vörunnar. Eins og landsstjórnin um eitt skeið ætlaði sjer að taka að sjer verslun á öllum vörum, eins hefði hún þá þurft að taka að sjer kaup á innlendu vörunum, því að ella yrðu sveitirnar illa úti, og kaupmenn þó raunar ver. En vafamál er það, hvort rjett sje að útiloka kaupmenn frá versluninni, og sýna síðari aðgerðir landsstjórnarinnar, að hún hefir horfið frá þessari stefnu.

En að hafa sýslumenn að milliliðum virðist vera í ósamræmi við embætti þeirra, enda þekki jeg þá þeirra, sem er ekki vel við þetta og vilja helst vera lausir við verslunina. Það er kunnugt, að oft vill verða dráttur hjá sýslumönnum í embættisgerðum þeirra, og vafasamt væri, hvort gilt yrði tekið, ef þeir bæru þá fyrir sig, að þeir hefðu ekki haft tíma, vegna þess, að þeir hafi þurft að vigta landssjóðssykur eða skifta mjölpoka; að minsta kosti mundu æðri dómstólar ekki taka það gilt.

En þá er kostnaðarhliðin. Mjer er kunnugt um vörur, sem farið hafa í eina sýslu landsins frá því í febrúar síðastl., og hefi gert yfirlit yfir þær síðan, eða í 5 mánuði; auðvitað er töluvert eftir af þeim óeytt enn, svo að af þessu verður ekki sjeð, hve mikið myndi flytjast yfir árið. Sykur hefir verið fluttur þangað fyrir um 50 þús. kr. Fyrir að skifta honum milli kaupenda fær sýslumaðurinn 2%, eða 1000 kr. Af öðrum vörum hefir verið flutt þangað fyrir 75 þús. kr., og með sama mælikvarða, sem búast má við, þótt ekki sje hann ákveðinn, nema útbýtingarlaunin 1500 kr. Með öðrum orðum, á fimm mánuðum nema útbýtingarlaun í einni sýslu 2500 kr. Jeg hefi ekki athugað, hve mikið hefir verið flutt af vörunum út um alt landið, en ef miðað er við þessa sýslu, má gera ráð fyrir, að í þennan kostnað fari alt að 30 þús. kr. yfir þessa fimm mánuði. Og eftir því ætti upphæð þessi að verða að minsta kosti tvöföld, ef um það væri að ræða, að mikill hluti af vörum til landsins gengi þessa leið.

Auðvitað verður að ganga út frá því, að greiða verði sveitarstjórnunum einhverja þóknun, en jeg er viss um það, að þær mundu verða vægar í kröfum, enda mundi starf þeirra lítt vaxa, þótt sýslumönnum væri kipt burt, svo að af þessu myndi leiða kostnaðarljettir fyrir landssjóð.

Jeg tel rjett, að málið sje athugað í nefnd, og legg þá til, að því sje vísað til bjargráðanefndar, er þá athugi, hvort ekki sje unt að finna aðrar sparnaðarleiðir í þessu efni en þá, sem í tillögunni felst.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg gæti í raun og veru fallið frá orðinu vegna síðustu orða í ræðu hins hv. flm. (Þór.J.), þar sem hann kom fram með tillögu um að vísa málinu til bjargráðanefndar, en það var einmitt það, sem jeg ætlaði að mælast til að yrði gert. Það er ýmislegt, sem

mælir með þessari tillögu, en líka ýmislegt, sem er mjög athugavert við hana, en jeg vil ekki tefja tíma þessarar háttv. deildar með því að taka það fram að svo komnu máli, því að ef málinu verður vísað til bjargráðanefndar, sem er sennilegt og eðlilegt, mun sú nefnd leita sjer upplýsinga hjá úthlutunarnefndinni og landsstjórninni. Jeg vildi því styðja þá tillögu, að málinu verði vísað til bjargráðanefndar.

ATKVGR.

Till. vísað til bjargráðanefndar (sjá A, bls. 1620) í e. hlj.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 1. sept., var fram haldið einni umr. um till. (A. 40, n. 507 og 668).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. sept., var enn fram haldið einni umr. um till.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Jónsson): Tilgangur flutningsmanna þessarar tillögu er að gera afgreiðslu landssjóðsvöru greiðari og kostnaðarminni en nú er. Bjargráðanefndin hefir athugað till., en ekki treyst sjer að mæla með því, að einum manni undanteknum, að hún verði samþykt, aðallega af þeirri ástæðu, að nefndin hefir litið svo á, að það væri óþægilegt fyrir landsstjórnina að standa í beinu sambandi við sveitarstjórnirnar. Hún telur óhjákvæmlegt vegna innheimtunnar að hafa sýslumenn að milliliðum. Mjer er kunnugt um það, að landsstjórnin hefir sent vörur á hafnir, þótt sýslumenn hafi ekki átt þar heima. Hafa svo sveitarstjórnirnar fengið þær eftir fyrirsögn sýslumanna. Nefndin vonar því, að stjórnin haldi áfram að ljetta fyrir mönnum á þennan hátt með útvegun á landssjóðsvörum. Með þessu lagi er sveitarstjórnunum í fáum tilfellum trafali gerður, og seinlegra er þeim að snúa sjer til landsstjórnarinnar heldur en beint til sýslumannsins, sem venjulega er nær. En stjórninni er áreiðanlega óþægilegra að hafa bein viðskifti við sveitirnar, og erfitt fyrir hana að meta, hvers sveitirnar þurfa með.

Af þessum ástæðum vill meiri hluti nefndarinnar vísa málinu til stjórnarinnar, í þeirri von, að hún geri það, sem hún getur til þess að greiða fyrir um afgreiðslu á landssjóðsvörum.

Frsm. minni hl. (Pjetur Ottesen): Jeg hefi ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum mínum, eins og nál. á þgskj. 507 sýnir, og get jeg að mestu vísað til þess, er þar stendur. Jeg lít svo á, að afskipti sýslumannanna af landsjóðsvörunum sje ekki eingöngu óþörf, að minsta kosti fyrir þær sveitir, sem nærri Reykjavík liggja, heldur sje það fyrirkomulag alveg óviðunandi, því að það bakar þeim sveitarstjórnum, sem beint vilja skifta við landssjóðsverslunina, margvíslega fyrirhöfn og trafala, og eykur auk þess óhjákvæmilega verð vörunnar, sem flestum mun þó áður nóg þykja.

Jeg skal ekki neita því, að það hafi verið vel og viturlega ráðið að hafa sýslumennina með í ráðum og fyrir milligöngumenn að einhverju leyti í fyrstu, meðan landssjóðsverslunin var að ryðja sjer til rúms og komast á fastan fót.

Þótt svo hafi nú verið, þá virðist þess engin þörf nú orðið, þegar búið er að ljetta verslunarumstanginu af annari skrifstofu stjórnarráðsins, og á stofn er sett sjerstök verslunarskrifstofa, með kappnógum starfskröftum.

Þess var heldur engin vanþörf að sameina yfirráðin yfir landssjóðsversluninni hjer í Reykjavík í einn stað, því að það fyrirkomulag, sem áður var, að þurfa að renna margra

á milli til að fá afgreitt eitt og sama erindið, var öldungis óhafandi.

Það skal fúslega viðurkent, að þótt afskifti sýslumanna af landssjóðsversluninni sjeu óþörf í þeim sýslum, sem náð geta til beinna viðskifta í Reykjavík, þá geti því verið annan veg farið úti um landið.

En háttv. tillögumenn, sem báðir eiga heima í fjarlægum sýslum, telja afskifti sýslumannanna af landssjóðsvörum þar ekki heldur þörf eða hallkvæm.

Og jeg er því algerlega samþykkur, að svo framarlega sem sveitarstjórnir geti ekki skift beint við landssjóðsverslunina hjer í Reykjavík, þá hljóti að fara betur á því að hafa kaupmenn og kaupfjelög fyrir milliliði, og þá ekki hvað síst af því, að þá hlið viðskiftanna, sem lýtur að sölu innlendra afurða, verði menn að reka eingöngu við kaupmenn og kaupfjelög.

Þetta getur í mörgum tilfellum komið sjer miklu betur, því að ella verða menn að borga út í hönd í peningum, en aðstaðan til þess að ná fljótlega í peningalán er mjög örðug víða úti um landið, meðan útibú bankanna eru ekki dreifðari en enn eru þau.

Til dæmis um það, hve mikill ógreiði sveitarstjórnum hjer í nágrenninu við Reykjavík er ger með því að þurfa fyrst að snúa sjer til sýslumanns með hvað eina, er þær þurfa að skifta við landssjóðsverslunina, hefir mjer verið bent á dæmi úr Árnessýslu. Biskupstungna- og Laugardalshreppar hafa ekkert símasamband. Leið þaðan liggur um Þingvöll til Reykjavíkur. Sýslumaðurinn situr á Eyrarbakka. Þá er að ná til hans í síma úr Reykjavík. Sje hann heima, er þetta nú alt gott og blessað, en sje hann nú einhversstaðar úti í sýslunni og ekki hægt að ná til hans í síma, þá er ekki annað að gera fyrir þessa menn en að bíða, eða þá að fara heim við svo búið. Svona getur það víðar verið. Og þótt símasamband sje nú víðast hvar, og segja megi, að hægra sje um vik þess vegna, þá getur það nú brugðist, og kostnað og fyrirhöfn hefir það altaf í för með sjer að þurfa fyrst að síma til sýslumanns, og það *óþarfa fyrirhöfn* og *óþarfa kostnað*.

Það er því bráðnauðsynlegt, að þessum verslunarmálum sje kipt í það horf, að sveitarstjórnir geti skift beint og milliliðalaust við landssjóðsverslunina, þar sem þær æskja þess og því verður við komið, en hafi fult og óskorað leyfi til þess að hafa kaupmenn og kaupfjelög fyrir milliliði, þegar þær æskja þess og þykir það betur fara. Jeg hefi átt tal við forstöðumann verslunarskrifstofunnar, Þórð Sveinsson, og er hann mjer alveg sammála um það, að afskifti sýslumannanna af landsjóðsversluninni hjer í nærsveitunum sje óþörf. En hann benti mjer á, að ef það yrði að ráði, sem til tals hefði komið, að setja upp nokkurskonar forðabúr í stærstu kaupstöðunum, þá gæti verið heppilegt, að sýslumenn hefðu umsjón með þeim vöruforða. Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta mál, en vænti þess, að tillagan verði samþykt.

Þórarinn Jónsson: Eins og jeg tók fram, þegar þessi tillaga kom fram hjer í háttv. deild, þá voru ástæður okkar flutningsmanna þær að spara bæði fje og fækka milliliðum. Jeg gat þess þá um leið, hvort ekki gæti komið til mála að hafa kaupmenn og kaupfjelög fyrir milliliði. En þetta hefir nú verið æði lengi á leiðinni, því að ekki færri en 628 þgskj. hafa verið prentuð síðan háttv. bjargráðanefnd fjekk tillöguna til meðferðar. Háttv. bjargráðanefnd bauð okkur flutnm. að vera á fundi hjá sjer í eitt skifti. Og þá upplýstum við, samkvæmt frjettum frá sýslumönnum úti um land, að við svo búið mætti ekki standa lengur, og nefndum í því sambandi sýslumann Húnvetninga.

Hann hefði upplýst það, að greiðsla á andvirði varanna teptist, þegar mönnum væri gert að skyldu að borga vörurnar þegar í stað, og af því leiddi auðvitað, að þeir yrðu neyddir til að taka lán, sem líka þryti. Það gæti því komið til mála, hvort ekki væri heppilegra að láta kaupmenn og kaupfjelög fá vörurnar, og þeir legðu ekki meira á þær en það minsta, sem hægt væri. Ef við lítum dálitið nánar á þetta, þá eru nú vextir af lánum 6%, og auk þess hefi jeg heyrt sagt, að sýslumenn fengju 2%. Þarna eru þá komin 8%, sem kaupandi verður að borga af vörunni. Auk þess er aðgætandi, að sparisjóðir geta ekki lánað takmarkalaust; þeir hljóta að þverra áður en varir. Þetta er því atriði, sem verður vel að taka til greina. En af því, sem hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar (Þorst. J.) tók fram, þá hefir nefndin ekki litið á þetta, en álitið, að sýslumenn væri óhjákvæmilegir milliliðir. Það, sem veldur því, átti þá að vera greiðslan á andvirðinu, og svo það að fá að vita, hvað hrepparnir þyrftu.

Hvað snertir greiðslu á andvirðinu, þá fæ jeg ekki skilið annað en að sveitunum ætti að vera fullvel trúandi fyrir því. Sveitarsjóðir standa þar á bak við, og ef stjórnin æskti þess, þá gæti hún heimtað frekari tryggingu fyrir greiðslunni. Það mætti heita undarlegt, ef það væri eina tryggingin sem nægði, að sýslumenn væru við það riðnir.

Hvað hinu viðvíkur, að það væri óþægilegt fyrir stjórnina að fá að vita, hvað menn þyrftu, með öðru móti, þá hefir það við ekkert að styðjast, því að síðan birgðakönnun var gerð í vor veit landssjóðsskrifstofan, hvað hver sveit hefir fengið, og getur því sjeð í hendi sjer, hvað hver sveit þarf. Þá hefir enn fremur verið talað um það, að þetta væri svo mikið umstang fyrir sveitastjórnirnar. En þar til er því að svara, að þetta umstang minkar ekki þótt sýslumennirnir sjeu, því að þeir gera ekkert annað en að afgreiða pantanir á vörunni, skifta henni milli sveitarstjórna og taka á móti borgun. Eins og jeg hefi tekið fram þá mætti sem best hafa einn mann fyrir þær sveitir, sem eiga sókn að sama kauptúni, til þess að panta vöruna, taka á móti henni og skifta henni, og myndi kostnaður við það vera alveg hverfandi. Og þá sje jeg ekki betur en sýslumenn sjeu orðnir óþarfir milliliðir. — Þá er till. um það að vísa þessu til stjórnarinnar. Það er auðvitað einskonar traustsyfirlýsing til hennar. Og má vera, að hún eigi það skilið fyrir þessa landssjóðsverslun. En það munu þó ekki allir vera á einu máli um, að til þess sjeu fullgildar ástæður. Að minsta kosti virðist það vera á allra vitorði, að þessi verslun hafi ekki gengið sem best, og að reikningar væru ekki enn þá lagðir fram fyrir þingið. Endurskoðari landsverslunarinnar hefir sagt mjer, að reikningsárið væri frá 1914 til apríl 1916, og að ágóði mundi láta nærri 300 þús. kr. En reikningsfærslan á þessu væri þó ekki í því lagi, að hún þætti frambærileg. Jeg er hræddur um, að hjeraðsstjórnir hefðu eitthvað að athuga, ef slíkt kæmi fyrir hjá sveitarstjórnum úti um land. Enn fremur hefir þessi sami maður sagt mjer, að sumt væri þannig farið í þessari verslun, að stjórnin vissi ekkert um það. Og ekki er þetta til meðmæla því að vísa málinu til stjórnarinnar. Það má enn fremur geta þess, eftir því, sem nú er fram komið um „fragt“ á vörum stjórnarinnar kringum land, sem fyrirspurn er komin um inn í þingið og hæstv. atvinnumálaráðherra hefir ekki sagst geta gert fulla grein fyrir eða vita um, að *það* geti ekki heldur talist sem ástæða fyrir því, að leggja málið í hendur stjórnarinnar. Jeg held því, að það sje ekki

sú rjetta aðferð, ef stjórnin ekki vill lagfæra þetta, heldur eigi þingið að ganga algerlega frá þessu máli.

Atvinnumálaráðherra: Þegar þetta mál var hjer til umræðu fyrir alllöngum tíma, þá ljetu hv. flutningsmenn till. það í ljós að þeir vonuðu, að tillagan frá mjer, um það að vísa málinu til nefndar, væri ekki gerð í þeim tilgangi að svæfa málið. Jeg svaraði því auðvitað á þá leið, að svo væri ekki. En nú er komið álit bjargráðanefndar, þótt seint sje, og gengur það í þá átt, að málinu verði vísað til stjórnarinnar. — Þótt það sje nú hálfgert örþrifaráð, sem er sama sem að þingið geti ekkert við það átt, þá hygg jeg þó, og tilfæri þar síðustu orð hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), að þær umræður, sem hjer fara fram um málið, geti orðið talsverð leiðbeining fyrir stjórnina. Og þótt aldrei nema bæði hv. sami þm. (Þór. J.) og aðrir hafi fundið margt að athuga við landsverslunina, þá hygg jeg þó, að stjórnin sje ekki svo horfin öllu trausti, að menn trúi henni ekki til að liðka þetta eins og hægt er. Hv. þm. Borgf. (P. O.) taldi sýslumennina vera óþarfa milliliði, og að nú horfði málið alt öðruvísi við. Og er það rjett athugað, að málið horfir nú ekki að öllu eins við og í byrjun. En við vitum ekki, hvernig málið kann að horfa við í framtíðinni. Fyrirkomulagið er bygt á grundvelli sveitarstjórnarlaganna, og því fyllilega lögmætt, og enn getur harðnað svo um, að varasamt sje að yfirgefa þann grundvöll. — Hitt er annað mál, hvort ekki mætti gera fyrirkomulagið nokkru auðveldara en í byrjun, svo að mjög nálgaðist það, sem fyrir mönnum virðist vaka í þessu efni. Það mætti t. d. haga því svo, að einstakir hreppar gætu fengið meðmæli hjá sýslumönnum fyrir vöruafhendingu til alllangs tíma, enda alt til 6 mán. í senn; þá ætti þetta margnefnda „umstang“ ekki að verða mjög mikið, en grundvöllurinn raskaðist þó eigi. Hvað það snertir, sem hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) talaði um, að kaupmenn og kaupfjelög fengju vörurnar til úthlutunar, þá hefir ekkert verið því til fyrirstöðu frá stjórnarinnar hálfu. En að eins vil jeg taka fram, að úthlutunarkostnaður eða verðhækkun mætti þá ekki fara hærra en 10%. Annars skilst mjer, að sveitarfjelögin sjeu sjálfráð um, hvaða aðferð er notuð við úthlutunina. Jeg fæ ekki betur sjeð en að þetta megi liðka í hendi sjer. Jeg efast ekki um, að verslunarskrifstofan muni taka allar sanngjarnar óskir manna í þessa átt til greina, og að þessar umræður um málið þoki því einmitt í þá átt, sem æskilegt er. Þar sem hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) talaði um reikninga landsverslunarinnar og „fragt“, og annað þesshátttar, þá sje jeg ekki, að það komi þessu máli beint við, og fer því ekki út í þá sálma við umræðurnar um þetta mál.

Magnús Pjetursson: Af því, að jeg er meðflutningsmaður þessarar tillögu, þá kann jeg ekki við annað en segja nokkur orð henni til stuðnings, þótt það kunni að verða nokkuð líkt og hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) og hv. þm. Borgf. (P. O.) hafa tekið fram. — Mjer hefir ekki enn skilist, hvorki af því, sem hv. meiri hluti bjargráðanefndar nje hæstv. atvinnumálaráðherra hefir sagt, í hvaða tilgangi sýslumenn eru hafðir fyrir milliliði. Og ástæður þær, sem fram hafa verið færðar fyrir þessu, eru svo veigalitlar, að jeg skil ekki, að það eigi að vera höfuðástæður. — Það er þá fyrst, að það sje þægilegra fyrir stjórnina að eiga við sýslumenn um innheimtuna. — Það kann nú svo að vera, að það sje þægilegra að fá borgunina frá einum manni; en að það sje nokkru meiri trygging, þó að sýslumenn ann-

ist þetta, heldur en sveitarstjórnir, það á þeg ómögulegt með að skilja, því að það eru ekki sýslumenn, sem *borga* vörurnar, heldur eru það sveitarstjórnir. Og það er ekkert, sem gefur mönnum ástæðu til að halda, að þær borgi sýslumönnum nokkru fyr en þær mundu borga stjórninni.

Það mætti heita undarlegt, ef landsverslunin á annað borð þarf að hafa þessa *deildarstjóra* úti um land, að það þyrftu þá endilega að vera sýslumenn, því að það er kunnugt, að þeir eru ekki altaf svo vel settir, og má ske ekki heldur svo vel fallnir til þessa starfa, að það liggi beinast við. Ef þetta er talið óhjákvæmilegt, að hafa deildarstjóra í hverri sýslu, þá hygg jeg, að fult eins heppilegt væri að taka til þess sjerfróða menn, en ekki endilega sýslumenn.

Annars skilst mjer að stefna „Tímans“ í verslunarmálum sje sú, að *fækka* milliliðum, en ekki að fjölga þeim. En með þessu er einmitt verið að fjölga milliliðum, og er því hin mesta furða, að hæstv. atvinnumálaráðherra skuli ljá því liðsyrði. — Það er þó ekki svo að skilja, að jeg sje að telja sýslumennina undan þessu, ef það gæti verið til gagns almenningi. — Það vakir ekki annað fyrir mjer en það, að almenningur borgi ekki vöruna dýrara en nauðsynlegt er.

Hæstv. atvinnumálaráðherra gat þess í ræðu sinni, að þetta væri að grípa til *örþrifaráða*, að vísa málinu til stjórnarinnar. Jeg er honum alveg sammála um þetta. Það er sannarlega örþrifaráð fyrir hv. Alþingi að vísa aftur til umsjónar stjórnarinnar því, sem henni hefir áður farist óhöndulega. En jeg sje hins vegar ekki, að til þess þurfi að taka, því að það má vel ráða þessu máli til lykta á annan hátt en þennan, nfl. þann, sem við höfum bent á.

Mjer þótti vænt um að heyra það hjá hæstv. atvinnumálaráðherra, að ekkert væri *nú* því til fyrirstöðu, að kaupmenn og kaupfjelög gætu fengið vörurnar, því að mjer er kunnugt um, að það hefir valdið talsverðri gremju úti um land einmitt þessi aðferð, að láta sveitarstjórnir einar fá vörurnar, en varna þess eða banna, að kaupmenn og kaupfjelög fengju vörurnar. Hafa hreppsnefndirnar svo aftur þeim mun betra skyn á þessu, að þær hafa síðan fengið kaupmönnum vörurnar í hendur gegn sanngjarnri þóknun. Annars hefir þetta víst verið alt á reiki hjá stjórninni, eins og fleira. Stundum hafa kaupmenn og kaupfjelög fengið vörurnar, en í annan tíma ekki, sumir kaupmenn hafa fengið þær, en aðrir ekki. Hvað þessu hefir valdið, er mjer óskiljanlegt og líklega öllum. En það leit svo út í vetur og var þannig skilið af sýslumönnum, að kaupmenn *mættu* ekki fá vörurnar.

En hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) hefir nú sýnt fram á það með rökum, hver nauðsyn ber til þess, að kaupmenn fái vörurnar, ef þeir vilja, gegn sanngjarnri álagningu. Því að hvernig eiga bændur að fá peninga til að borga vörurnar? Því að mjer skilst, að ekki geti komið til mála, að landsstjórnin fari að gerast kaupandi að íslenskum afurðum, það er að segja, geti tekið á móti kjöti, ull og fiski o. fl., á sama hátt og kaupmenn. — Ef það er meiningin, sem kom í ljós hjá hæstv. atvinnumálaráðherra, að stjórnin muni liðka svo til, að hreppsfjelögin geti snúið sjer til verslunarskrifstofunnar og fengið vörurnar eftir beinni pöntun, eftir meðmælum frá hlutaðeigandi sýslumanni, — ef þetta er meiningin, þá fæ jeg ekki skilið, til hvers sýslumennirnir eru hafðir eða meðmæli þeirra, nema ef það ætti að vera sem trygging fyrir því, að hreppurinn sje borgunarfær. (**Atvinnumálaráðh.**: Það er aðallega vegna þarfarinnar). Jeg geri

ráð fyrir að þær skýrslur, sem safnað var í vetur, sjeu í fórum stjórnarinnar, og af þeim getur hún sjeð, hvað hver hreppur þarf, eða að minsta kosti getur hún altaf haft í höndum samskonar skýrslur og sýslumenn hafa til að fara eftir. Auk þess sje jeg ekki, að nein hætta gæti af því stafað, þó að einn hreppur safnaði að sjer meiri vörum en annar, svo framarlega sem þær eru nógar til. Sýslumenn mundu varla neita hreppi um meðmæli til vörukaupa, þótt aldrei nema honum væri kunnugt um, að hann væri vel birgur. En á þessu er lítil hætta, því að menn gætu ekki borgað slika birgðasöfnun. — Það er því erfitt að skilja, hvers vegna sýslumenn eru taldir svo nauðsynlegir milliliðir, ef starf þeirra á ekki að vera annað en að gefa þessi umræddu meðmæli. — Dálitið öðru máli er að gegna ef vörur eru lagðar upp víða úti um land án pöntunar. — Þá gæti komið til mála að hafa einhvern til að hafa umsjón með þeim, og þá sýslumenn, ef svo hagaði til, að vel færi á, en annars *einhvern annan*, sem hefði betri aðstöðu. Jeg vil geta þess, áður en jeg sest niður, og taka í sama strenginn og hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), að þessi tillaga okkar hefir verið æði lengi á leiðinni, og hv. bjargráðanefnd þurft óeðlilega langan tima til að melta ekki stærri tillögu en þessi er. Jeg vil þó ekki vera með neinar getsakir, og vona, að það hafi ekki verið meining nefndarinnar, hvorki með þessa tillögu nje aðrar, að láta þær ekki koma fram fyr en það er um seinan, svo að þær komi ekki að haldi. Og jafnframt vil jeg leggja áherslu á, að hún sofni ekki værðan á svona tillögum, þótt hæstv. stjórn kynni að reyna að koma henni í ró.

Hákon Kristófersson: Jeg skal ekki lengja mikið umr., en finst þó hlíta að standa upp og þakka hv. flm. fyrir till., því að jeg álít hana ganga í rjetta átt.

Hv. meiri hluti bjargráðanefndar virðist ekki geta fallist á, að það sje rjetta leiðin í þessu máli, að viðkomandi sveitarstjórnir geti milliliðalaust snúið sjer til verslunarskrifstofu landssjóðs. Án þess, að jeg vilji gera lítið úr þessari niðurstöðu hv. meiri hluta, get jeg ekki verið á sama máli. Mjer blandast ekki hugur um, að það sje langhagfeldast fyrir viðskiftamennina, að milliliðir sjeu sem fæstir, því að hver milliliður hlýtur að leiða af sjer kostnaðarauka. Með tilliti til verðsins á vörunni er jeg sannfærður um, að hagfeldast sje, að sem minst sje af óþörfum milliliðum. Jeg verð að álíta, að ef þessi till. nær ekki fram að ganga, felist í því ekki svo lítið vantraust á sveitarstjórnum þessa lands. Og það er ekki neitt vantraust til hæstv. stjórnar, þótt jeg segi, að jeg trúi henni eða sýslumönnum ekki betur en sveitarstjórnunum.

Hæstv. atvinnumálaráðh. benti á, að sýslumenn geti vanalega best sagt um þörfina fyrir vörurnar. Jeg get alls ekki sjeð, að þetta sje rjett, því að vitanlega veit hver sveitarstjórn langbest, hvar skórinn kreppir að í hennar bygðarlagi. Það leiðir því af líkum, að allar þær skýrslur og upplýsingar, sem sýslumenn gefa eða geta gefið, eru bygðar á skýrslum frá hreppsnefndunum. Og það er alls ekki frambærileg ástæða, að sveitarstjórnir muni biðja um meira af vörum en þörf er fyrir í viðkomandi sveit. Það er mjög ótrúlegt, að nokkur sveitarstjórn muni biðja um meira af vörum, með jafnháu verði, en hún þarf. Sami hæstv. ráðherra kvaðst vilja taka sem mest tillit til óska hjeraðanna. Því þá ekki fult tillit? Sú ósk mun ríkjandi í hverju hjeraði, að þessi viðskifti sjeu gerð svo auðveld og einföld sem mögulegt er. Og það er kunnugt, að svo eru staðhættir í mörgum hjeruðum, að ekki er gott að ná til sýslumanns að fá meðmæli. Jeg skal benda á víðlend hjeruð, þar sem sýslumaður situr í öðrum

enda. Jeg vil benda á t. d. Barðastrandarsýslu. Þar er austasti hreppurinn Geiradalshreppur, en hinn vestasti, eða með vestustu hreppunum, Patreksfjarðarhreppur, og þar situr sýslumaðurinn. Þá verður hreppsnefnd Geiradalshrepps að senda fyrst vestur til sýslumanns, í stað þess að senda pöntun sína beina leið suður með pósti. Jeg get ekki betur sjeð en að sýslunefndir geti haft eftirlit með vörupöntunum, hver í sínu bygðarlagi, þótt till. væri samþ., og mjer blándast ekki hugur um, að ef einhver hreppur ætlaði að viða að sjer miklu meiru en hann þyrfti með, þá mundi fljótt tekið í taumana, ef slíkt kæmi fyrir.

Hæstv. atvinnumálaráðh. benti á, að sum atriði, sem hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) tók fram, kæmu ekki málinu við. Það get jeg ekki viðurkent rjett vera. (**Atvinnumálaráðherra**: Sagði, að það lagi ekki fyrir). Þau atriði, er hann tók fram, voru öll málinu náskyld og lágu því fyrir. Það leiðir af sjálfu sjer, að það væri mjög heppilegt, ef hreppafjelög, sem afstöðu sinnar vegna hljóta að eiga bein viðskifti við kaupmenn, gætu snúið sjer til þeirra með tilmælum um þann og þann vöruforða, í stað þess að þurfa að snúa sjer fyrst til hlutaðeigandi sýslumanna. Mjer er ekki vel kunnugt, hvað sýslumenn hafa fyrir þessa umsjón á landssjóðsvörum, en býst við, að það sje eitthvað talsvert, varla minna en 2%, og með því verði, sem nú er á vörunni, verður það ekki svo lítil upphæð fyrir hvert hreppsfjelag, og jeg verð að slá því föstu, að hægt sje að losna við þann kostnaðarauka, og að það sje bæði rjettmætt og nauðsynlegt að losa landsmenn við hann.

Mun jeg því greiða atkv. með till. hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) o. fl., en móti till. hv. meiri hluta bjargráðanefndar.

Frsm. meiri hluta (Þorsteinn Jónsson): Ef till. á þgskj. 40 yrði samþ., yrði landsstjórnin bundnari en nú, en verði hún ekki samþ., heldur hin einfalda dagskrá meiri hlutans, hefir hún óbundnar hendur og getur hagað umsjón og afhendingu vörunnar eins og verið hefir eða breytt henni í ýmsum atriðum, eftir því sem hún sjer best henta. T. d. í nærsveitunum við Reykjavík eru óþörf afskifti eða umsjón sýslumanna á landssjóðsvörum, og hafi landsstjórnin heimild til að breyta eins og henni sýnist í máli þessu, getur hún gefið þeim undanþágu.

Eins og jeg tók fram áður bjóst jeg við, að það hefði einkum verið kostnaðarhliðin við þá tilhögun, sem nú er um útsendingu landssjóðsvaranna og umsjón, sem kom háttv. flutningsmönnum til að flytja till. Sýslumenn fá að vísu einhverja þóknun, eftir því sem jeg hefi heyrt, en hún mun vera fremur lítil og mjög sanngjörn. (**H. K.**: Hve mikil er hún?) Jeg held 2%.

Jeg hefi talað við þann mann, sem nú er forstjóri landssjóðsverslunarinnar, og telur hann óheppilegt, ef þingið byndi mjög hendur stjórnarinnar í þessu máli. Jeg hefi heyrt hjá flutningsmönnum óánægju yfir, að bjargráðanefnd hafi legið lengi á till. Það er rjett, að till. hefir verið lengi hjá bjargráðanefnd, en það er ekki sök allrar nefndarinnar. Till. gleymdist um tíma, og það er jeg og annar maður til, sem á sök á því, en ekki nefndin í heild. Háttv. þm. Barð. (H. K.) taldi það lýsa vantrausti á sveitarstjórnum, ef till. væri ekki samþ. Það er langt frá því, að hjer sje um nokkurt vantraust að ræða, en jeg tók það fram áður, að það er móti till. landsstjórnarinnar, og það er meining bjargráðanefndar, að það sje svo miklu umfangsmeira og erfiðara fyrir stjórnina og forstjóra landsverslunarinnar að skifta við öll sveitarfjelög en einungis við sýslumennina. Svo ber þess að gæta, að sýslumenn eru hinir venjulegu milliliðir milli

sveitarstjórna og landsstjórnar. Hver sýsla ber ábyrgð á sínum hreppum. Þetta fyrirkomulag er því formrjett, því að landsstjórnin á aðgang að sýslunefndum eða oddviti þeirra, sýslumönnum, og sýslunefndir og sýslumaður að hreppsnefndum.

Annars skal jeg lýsa yfir því, að þetta mál er mjer ekkert kappsmál, en jeg lít svo á, að óheppilegt sje að samþ. þessa tillögu, vegna þess, að hún bindur um of hendur landsstjórnarinnar í þessu máli. Jeg álít, að Alþingi eigi ekki að fara út í smáatriði við þessa landssjóðsverslun. Auðvitað má segja, að það sje ekkert smáatriði, ef landsmenn bíða tjón við þá tilhögun, sem nú er, og varan mundi verða ódýrari, ef breytt yrði til. Jeg er nú ekki viss um, að svo sje, en verð að bera svo mikið traust til landsstjórnarinnar og þeirra manna, er fyrir versluninni standa, að svo muni með farið, að þjóðinni verði sem hagkvæmast og vörurnar sem ódýrastar.

Hvað það snertir, að fá kaupmenn og kaupfjelög til að selja vörurnar, má geta þess, að svo hefir verið áður. En þótt tekin væri upp sú aðferð, að kaupmenn og kaupfjelög fengju eingöngu landssjóðsvörur til úthlutunar, er jeg ekki viss um, að þau myndu vilja taka að sjer afhendingu þeirra, ef þau fengju ekki nema lágt hundraðsgjald í staðinn. Jeg veit um kaupmenn, sem ekki voru ánægðir með að afhenda landssjóðssykurinn, töldu sinn gróða svo lítinn, og töldu jafnvel tap að skifta sykrinum fyrir þær „prósentur“, er þeir máttu leggja á. Og jeg get hugsað mjer, að líkt færi um aðrar vörur, að kaupmenn vildu fá meira fyrir snúð sinn og snæld. Þeir eru víst vanir að fá meira í ágóða af vörum sínum en því svarar, sem landsstjórnin myndi leyfa þeim að leggja á landssjóðsvörurnar fyrir það að afhenda þær.

Sveinn Ólafsson: Mjer virðast skoðanir hv. bjargráðanefndar nokkuð skiftar um það, hvort till. á þgskj. 40 sje frambærileg eða ekki, hvort hún bindi hendur landsstjórnarinnar offast eða ekki. Meiri hl. kemst að þeirri niðurstöðu, að hún bindi offast, og er jeg á því, að hann hafi nokkuð til síns máls. Því að þótt jeg hefði tilhneigingu til að greiða till. atkvæði mitt, þori jeg það ekki fortakslaust. Staðhættir hjer á landi eru svo breytilegir, að það, sem á einum staðnum er heppileg tilhögun, er óheppileg tilhögun á öðrum, og verður að haga sjer eftir því. Af því, að sumstaðar hefir reynst óheppilegt, að sýslumenn hefðu umboð á landssjóðsvöru úti um land, hefir þessi tillaga komið fram, að fela sveitarstjórnum þessa umsjón. En, eins og jeg hefi sagt, á þetta ekki við alstaðar, og ber að haga sjer í því efni eftir staðháttum. Nú hefir bjargráðanefndin, meiri hl., komist að þeirri niðurstöðu, að till. þessa beri ekki að samþykkja, en fela stjórninni að ráða fram úr þessu. Er sú leið ekki að öllu leyti fráleit, en mjer finst ekki sama, á hvern hátt stjórninni er falið þetta. Að fela henni fyrirvaralaust að láta sveitarstjórnir þær, er hlut eiga að máli, annast útbýtinguna, tel jeg ekki rjett. En ekki vil jeg heldur láta niður falla kröfu sveitarstjórna til að hlutast til um þetta. Það er vafalaust, að það hefir víða bakað mönnum mikinn erfiðisauka og kostnað að fá vörurnar fyrir milligöngu sýslumanna, og gersamlega óforsvaranlegt að láta slíkt fyrirkomulag haldast þar, sem staðhættir eru slíkir.

Af því nú, að jeg get annars vegar ekki fallist á að útiloka sýslumenn, og virðist hins vegar niðurstaða meiri hl., um að vísa málinu til stjórnarinnar án frekari fyrirsagnar, altof óákveðin, og hvorug tillagan því líkleg til góðra úrslita, dettur mjer í hug að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

Í því trausti, að stjórnin gæti

þess að torvelda ekki viðskifti sveitarfjelaga úti um land við landssjóðsverslunina, með óþörfum milliliðum og þunglamalegri afgreiðslu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Þórarinn Jónsson: Jeg þarf ekki miklu að svara, því að ekkert hefir verið hrakið af því, sem við flutningsmenn höfum haldið fram, viðvíkjandi tillögunni. Þó vil jeg nú drepa á örfá atriði.

Hæstv. atvinnumálaráðh. gat þess, að sýslumönnum væri í sjálfsvald sett, hvernig þeir úthlutuðu vörunum. Að því, er jeg þekki til, er síður en svo. Jeg tók það fram, að hjá sýslumanni þeim, er jeg átti við, gátu kaupmenn eða kaupfjelög ekki fengið vörur. Og hvað það snertir, að nota sýslunefndir sem milliliði, álít jeg, að það gæti varla komið til mála. Þær gætu alls ekki skift sjer af því, sitja altof dreift. Hæstv. atvinnumálaráðh. tók líka fram, að umræðurnar um þetta mál ættu að vera til leiðbeiningar stjórninni, ef hún vildi fara eftir þeim. Jeg get nú ekki trúað henni fyllilega til þess að taka þær til greina, fremur en till. þá um verð á landssjóðsvöru, sem rætt var um á aukaþinginu í vetur, og stjórnin sá sjer ekki fært að taka til greina.

Hv. frsm. meiri hl. (Þorst. J.) tók það fram, að stjórnin væri bundnari með þessari till. en till. meiri hlutans, og ef málinu væri vísað til hennar, gæti hún haft alt sem hún vildi. Það er satt, en af því að jeg treysti hæstv. stjórn ekki til að fara eftir umræðunum í málinu, vil jeg, að till. sje samþ. Jeg get ekki sjeð, að hún verði í neinu bundnari, þótt hún skifti við sveitarstjórnir en sýslunefndir. Að vísu yrði verslunarskrifstofan að taka við fleiri brjefum og peningasendingum. Skrifstofan sendi auðvitað vörurnar í stórum „partium“ til margra sveitarstjórna í sameiningu, á þær sömu hafnir og áður. Og í sambandi við þetta vil jeg taka það fram, hve andstætt og erfitt það er sýslumönnum að fara langa yfirferð á hverja höfn í umdæmi sínu. Það er ekki lítil aukning fyrir þá, og virðist þá alveg eins hægt að fá menn á hverjum stað til að taka á móti vörunum. Það er nú loks búið að skýra frá því, að sýslumenn fái 2% í ómakslaun. (**Atvinnumálaráðh.**: Það er ekki fastákveðið.). Jæja, um 2%; getur verið meira.

Jeg tók það fram við 1. umr., að vörur í eina margmenna sýslu myndu nema svo mikilli upphæð, að 2% af því yrðu um $2^1/_2$ þús. kr. Það er því ekki lítið fje, sem fer í þetta. Verður þá ekki verra fyrir kaupandann að fá vörurnar hjá kaupmanninum, því að hann verður eins að gjalda vexti af láni til að kaupa vöruna, og svo 2 af hundraði í ofanálag.

Hv. frsm. meiri hl. (Þorst J.) talaði um það, að hjer væri ekki að ræða um neitt vantraust á sveitarstjórnum, og færði til þá ástæðu, að hver sýsla hefði ábyrgð á sínum hreppi. Jeg skal ekki fara út í það, hvort þetta er rjett, en ef það er rjett, þá er sjerstök ástæða til að treysta sveitarstjórnum. Þá á landsstjórnin altaf aðgang að sýslunefnd, og er því ekki í neinni hættu. Enda fullyrði jeg, að það er engin hætta fyrir landssjóð að skifta beint við sveitarstjórnirnar. Þá sagði hv. frsm. (Þorst. J.), að kaupmenn og kaupfjelög myndu ekki vilja taka við vörunni til útbýtingar. Um það er ekkert hægt að segja. Hann færði sem ástæðu, að kaupmenn vildu vera lausir við að selja landssjóðssykur. Það sannar ekkert. Kaupmönnum er að sjálfsögðu rjett að borga meira en 2%, og þótt þeir fengju 8%, væri það ekkert óhagræði fyrir kaupandann, sem bæði verður að borga vexti af láni og 2% að auki til sýslumanna. Landssjóður *verður*

að hafa kaupmenn til að taka við innlendu vörunni, og þá er ekkert eðlilegra en að vöruskiftin haldist.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) þorði ekki að samþ. till. vegna þess, að hann hjelt, að hún myndi binda stjórnina. Jeg hefi sýnt fram á, að hjer er ekkert í hættu, því að á því sjeu engir erfiðleikar að skifta beint við sveitarstjórnir eða kaupmenn. Jeg skal taka það fram, að þótt till. sje þannig orðuð, felst það fyllilega í henni, að kaupmenn og kaupfjelög skuli versla með sem mest af vörunni. Jeg verð sem sje að telja það affarasælast.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að játa, að jeg er í töluverðum vanda staddur. Jeg get fallist á báðar till., og vandinn er því sá, með hvorri jeg eigi að greiða atkvæði. Jeg finn í báðum till. mjög mikið, sem bæði er sennilegt og sanngjarnlegt, og þetta vegur enn salt í huga mínum.

Jeg vil ekki álasa hæstv. stjórn, þótt hún tæki þann kost að snúa sjer til sýslumanna fyrst, því að það varð jeg að telja sjálfsagt í byrjun þessara vandræða; því að víst er um það, að sýslumenn eru að lögum milliliðir milli landsstjórnar og sveitarstjórnar í slíkum málum sem þessum. En hitt getur líka verið, að margt komi fram, þegar framkvæmd og reynsla koma til sögunnar, og ýms atriði bendi þá á, að fleiri leiðir sjeu til í þessu máli en þessi eina leið.

Jeg skal játa það, að það gæti í sumum tilfellum verið þægilegt fyrir sveitarstjórnirnar að eiga aðganginn að landsstjórninni milliliðalaust, en stundum mundi þeim veitast það erfitt að koma sjer á framfæri hjálparlaust og geyma vörurnar, því að jeg hygg, að ekki sjeu það allir hreppar, sem hafi ráð á nægilegum geymsluhúsum fyrir allar þær vörur, sem þeir þyrftu að fá í einu. Eins og allir vita taka hlutaðeigendur vörurnar ekki allir í einu, og verður því að geyma þær lengri eða skemri tíma. Sömuleiðis gæti jeg hugsað mjer, að sumum sveitum yrði örðugt um afhending varanna, og jeg efast um, að hún gengi eins greitt og nú, ef stjórnin verður neydd til að fara þessa leið.

Þá er enn ein ástæða á móti þessari tillögu, sem jeg hefi ekki áður nefnt. Jeg býst við því, að sumar sveitirnar sjeu svo staddar, að þær geti ekki sett mikla tryggingu fyrir greiðslu á þeim vörum, sem þær yrðu að fá. Jeg veit það t. d., að ein sveitin í mínu kjördæmi er svo stödd, að sýslan getur búist við að verða að taka við henni til framfærslu hve nær sem vera skal. Jeg segi þetta ekki til að bera út kjósendur mína, heldur af því, að jeg veit, að ástandið er nú einu sinni svona, og jeg efast um, að landsstjórnin gæti með góðri samvisku lánað slíkum hreppum miklar vörur án tryggingar frá sýslunefndum.

Jeg skal taka það fram, að það er sumt, sem að mínu áliti mælir með þessari tillögu, t. d. það, að með því að fela sýslumönnum afhending varanna þá verða allir hreppar sýslunnar að sækja vörurnar á einn stað. Þetta er mikill kostnaður. Jeg veit t. d. um það, að í mínum hreppi nemur þessi kostnaður einn allmiklu fje. Þetta myndi lækka, ef sveitarstjórnum yrði falin afhendingin og vörurnar yrðu settar upp á fleirum stöðum en einum í hverri sýslu. Hitt er engin ástæða móti tillögunni, að hætta sje á, að hrepparnir panti meira en þeir þurfa. Varan er ekki svo ódýr, að hætta geti verið á því. Jeg mun helst hallast að þeirri dagskrá, sem fram hefir verið borin, en jeg álít, að umræðurnar, sem orðið hafa um þetta mál, ættu að vera bending til stjórnarinnar um það, hvernig hún á framvegis að haga sjer í þessu máli. Þær

ættu að verða til þess, að sveitarstjórnirnar gætu, ef ástæður væru fyrir hendi, fengið að panta vörur hjá stjórninni millilíðalaust. En til þess, að stjórnin ætti ekki ofmikið á hættunni, þá ætti hún að fá umsögn sýslunefndaroddvita um gjaldþol sveitarinnar, áður en hún lætur hana hafa vöruna. Slíkt vottorð ætti ekki að þurfa að fá nema einu sinni, og gætu hrepparnir útvegað sjer það um leið og þeir panta vöruna í fyrsta sinn.

Hitt virðist mjer ekki gerlegt, að þingið sje að setja stjórninni fastar reglur, sem hún sje bundin við í framkvæmdum sínum. Við verðum að bera það traust til stjórnarinnar, að hún geri það, sem hún álítur hagkvæmast landinu í hverju máli. Af þessum ástæðum mun jeg greiða atkvæði með dagskránni, en ekki af því, að jeg álíti tillöguna að öllu leyti ósanngjarna eða óviturlega.

Magnús Pjetursson: Hv. frsm. (Þorst. J.) talaði mjög á sömu leið og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Þeir voru báðir á því máli, að ekki væri fært að binda stjórnina við að láta sveitarstjórnirnar annast móttöku og afhendingu varanna. Hjer er nú ekki um neitt þess háttar að ræða, en þótt svo væri, að binda ætti stjórnina við að fylgja föstum reglum, þá ætti stjórnin að vera þakklát fyrir, að það væri gert, svo að stjórnin gæti vitað með vissu, hvað þingið vildi að hún gerði. Hún gæti þá skelt skuldinni á þingið, ef illa færi. Það er sem sje ekki því að leyna, að það er nú alment álit manna, að framkvæmdir stjórnarinnar viðvíkjandi landsjóðsverslun inni hafi verið fálm eitt, en væri nú stjórnin bundin við vissar reglur, þá gæti hún skelt allri skuldinni á þingið. Þess vegna finst mjer, að hún megi vera þakklát.

En nú er ekki um það að ræða að binda stjórnina neitt. Henni mun vera það innan handar að útvega umsögn sýslunefndaroddvitans um hag sveitarstjórnanna, og kemur þá alt í sama stað niður, því að þá hefir stjórnin sömu tryggingu og vissu sem sýslumaðurinn fyrir vörum þeim, sem hún lánar.

Hv. frsm. (Þorst. J.) sagði, að við settum aðallega fyrir okkur kostnaðarhliðina. Það er ekki rjett. Aðalatriðið í þessu máli er það, að verði tillagan samþykt, þá eiga sveitirnar hægra með að ná í vöruna en áður. Það getur sem sje oft komið fyrir, að pantanirnar komi ofseint til stjórnarráðsins, ef þær þurfa fyrst að ganga í gegnum hendur sýslumanna. Sömuleiðis er það ástæða fyrir okkur, að það eru margir, sem álíta, að úthlutunin hjá sýslumönnunum hafi ekki altaf verið sem rjettlátust, nje eftir þörfum eingöngu.

Þá var líka um það talað, að sveitarstjórnirnar ættu óhægra með að geyma vörurnar heldur en sýslumennirnir. Jeg veit nú ekki til, að sýslumennirnir eigi nein vörugeymsluhús. Jeg býst við, að þeir komi vörunum til geymslu hjá kaupmönnum, og jeg skil ekki í því, að þeir muni ófúsari á að geyma vörurnar fyrir sveitirnar heldur en fyrir sýslumennina. En þegar nú alt er undir kaupmönnunum komið með geymslu á vörunum, með uppskipun og jafnvel úthlutun og borgun, þá leiðir það af sjálfu sjer, að hentugast væri að fela þeim afhendingu varanna.

Jeg get ekki skilið röksemdafærslu háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Þar sem hann var að tala um, að sumar sveitarstjórnir gætu verið svo illa staddar, að þær gætu ekki borgað vörurnar. Jeg sje ekki, að þær geti þá fremur borgað sýslumönnunum vörurnar en landsstjórninni.

Hvar ættu annars þær vesalings sveitarstjórnir að fá vörur til matar, ef þær fást ekki frá landsstjórninni?

Dagskrá sú, sem hjer er fram komin, fer að vísu mikið í sömu átt og tillagan

sjálf, og mætti jeg því vel við una, þó að hún yrði samþykt, en þar stendur: „Í því trausti“, og nú ber jeg alls ekki það traust til stjórnarinnar, að hún fari nokkuð eftir þessu, og finst mjer jeg ekki hafa ástæðu til þess, eftir því sem á undan er gengið. Nei, ef nokkuð á að duga, þá verður að skipa henni.

Sigurður Stefánsson: Það var ekki meining mín, að sveitirnar ættu ekki að fá neinar vörur, ef þær væru ekki borgunarfærar. Jeg tók þetta einungis fram til þess að sýna, að það gæti valdið stjórninni óþægindum, ef þessi till. yrði samþykt.

Annars skal jeg taka það fram, í viðbót við það, sem jeg hefi áður sagt, að mjer þætti best, ef kaupmenn og kaupfjelög vildu taka að sjer úthlutun varanna. En áður en jeg samþykki nokkrar vissar reglur fyrir stjórnina verð jeg að fá að vita, hvort kaupmenn og kaupfjelög eru alment fús á að takast á hendur þessa afhendingu. Jeg vil alvarlega brýna það fyrir stjórninni, að hún hagi sjer eftir kringumstæðunum í hverju einstöku tilfelli, og neiti ekki hreppsnefndunum um að fá vörur beina leið, ef hún hefir ekki til þess því meiri ástæðu.

Það er alveg rjett, að orðrómur hefir gengið um það, að úthlutun sýslumannanna væri ekki ávalt rjettlát. Jeg hefi fyrir löngu heyrt þann orðróm, en veit ekki, hvort hann er á rökum bygður.

Jeg skal svo ekki ræða þetta frekar. Jeg verð að vera á því, að stjórnin hafi óbundnar hendur í því, hvort hún sendi sveitarstjórnunum vörurnar beint eða í gegnum sýslumennina.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er líklega óþarfi að ræða þetta mál miklu meir, því að hæstv. atvinnumálaráðherra og hv. frsm. (Þorst. J.) hafa tekið fram flest af því, sem þarf að segja.

Jeg vil einungis leggja áherslu á það, að það er mjög varhugavert að banna stjórninni að hafa sýslumennina fyrir umboðsmenn sína við úthlutun landssjóðsvaranna. Þeir eru umboðsmenn stjórnarinnar við alla aðra innheimtu, og hafa því á hendi alla ábyrgð fyrir borguninni á vörunum, eins og við aðra innheimtu. Nú má ef til vill segja, að oddvitar hreppsnefndanna beri þá ábyrgðina í staðinn, en þá er þess að geta, að það er mikill munur á því fyrir stjórnina, hvort hún á að eiga við 200 menn eða 17 um borgunina. Og auk þess verður ekki annað sagt en að meiri trygging sje í sýslumönnunum heldur en í hreppsnefndaroddvitunum.

Ef þingið skipaði stjórninni að fara þessa leið, þá mundi stjórnin fara að hugsa sig um, hvort hún ætti ekki að segja við sveitarstjórnirnar, að þær fengju engar vörur nema fyrir borgun út í hönd. Þess vegna vil jeg fallast á dagskrána með þeim breytingum, sem stungið hefir verið upp á af hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.).

Það er ekki rjett, sem sagt hefir verið, að stjórnin hafi meinað kaupmönnum og kaupfjelögum að hafa á hendi úthlutun varanna. Jeg veit ekki til þess, að slík ráðstöfun hafi nokkurn tíma komið frá stjórnarráðinu, og tel það enda alveg óhugsandi, að slíkt hafi komið fyrir.

Verslunarskrifstofan mun haga því svo, að sem minstur kostnaður og örðugleikar verði að. Annars hefir meiri hluti bjargráðanefndar og atvinnumálaráðherrann tekið flest fram, sem þörf er á. Jeg vona fastlega, að hv. deild fari ekki lengra en að samþykkja dagskrá hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.).

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Jónsson): Jeg hefi borið mig saman við meiri hluta bjargráðanefndarinnar, og fellst hann allur á að fylgja þeirri rökstuddu dagskrá, sem borin er fram af hv. 1. þm. S.-M.

(Sv. Ó.), með þeirri smábreytingu, sem hann sjálfur hefir gert á henni.

Frsm. minni hl. (Pjetur Ottesen): Jeg get verið hæstv. atvinnumálaráðherra þakklátur fyrir, að hann tók ekki óliðlega í þetta mál. Það var á honum að heyra, að hann hafi um langan tíma litið svo á, að þetta fyrirkomulag í landssjóðsverslununi hafi ekki verið heppilegt eða hagkvæmt. En fyrst að svo er, undrar mig, að stjórnin skuli endilega vilja halda dauðahaldi í það. Hann taldi, að af þessu hlytist ekki mikil fyrirhöfn fyrir hreppsfjelögin, ef vörurnar væru afhentar í einu til langs tíma, t. d. 6 mánaða. Áður hefir það nú gengið svo til, að ekki hafa verið afhentar vörur nema til nokkurra vikna í senn. Þótt svo væri, að birgðir landssjóðs væru nú svo miklar, að þetta væri hægt, þá er ekki víst, að altaf verði svo. Eins er það um sveitarstjórnir, sem fengið hafa sendar vörur til sín, fyrir milligöngu sýslumanna, að þær fá ekki reikninga yfir vöruna fyr en eftir dúk og disk.

Sýslumönnum eru sem sje sendir reikningarnir, en þeir hafa oft ekki sent þá fyr en seint og síðar meir til sveitarstjórnanna. Þetta getur oft komið sjer illa þegar úthluta þarf vörunum strax og taka borgun út í hönd.

Í þessum tilfellum verður því að gera nýja rekistefnu til þess að fá vitneskju um verðið, annaðhvort með því að síma til sýslumannsins, sje hann þá við látinn, eða á verslunarskrifstofuna, ef um símasamband er þá að ræða.

Ef það ráð væri tekið að láta kaupfjelög og kaupmenn afhenda vörurnar, þar sem sveitarstjórnirnar geta ekki skift beint við verslunarskrifstofuna, þá virðist allsendis óþarft, og lítt í anda þeirrar stefnu í verslunarmálum, sem meir og meir er að ryðja sjer til rúms hjer á landi nú á síðari árum, að vera samt sem áður að blanda sýslumönnum þar inn í, með öðrum orðum, að hafa þar tvo milliliði, sem hægt er að komast af með einn.

Hvað því viðvíkur, að sýslumenn sjeu nauðsynlegir milliliðir vegna vörubirgða sveitanna, sem hæstv. forsætisráðherra sagði að stjórninni væri ókunnugt um, þá get jeg ekki fallist á, að það sje rjett. Nú er búið að safna skýrslum um vörubirgðir, og munu þær niður komnar hjá verslunarskrifstofunni. Þar ætti því altaf að vera hægt að segja með vissu um vöruforða sveitanna.

Í sambandi við dæmi úr Árnessýslu, sem jeg nefndi, um örðugleika þá, sem á því gætu verið að ná til sýslumanns, þá skaut hæstv. atvinnumálaráðherra því fram, að það gæti verið af því, að sveitarstjórnirnar hefðu ekki mannræmu í sjer til þess að ná í sýslumann. Þetta eru lítt viðeigandi ummæli, því að sveitarstjórnunum hafa óneitanlega verið gerðir margir óþarfa örðugleikar í viðskiftum sínum við landssjóðsverslunina, en það mætti kann ske snúa þessu við og segja, að það sje furðulegt, að sveitarstjórnirnar skuli ekki hafa haft mannrænu í sjer til þess að gera gangskör að því, að það sje ekki verið að því að gera landssjóðsverslunina að fjeþúfu fyrir sýslumennina. Hvort sem till. verður samþykt eða ekki, þá vænti jeg, að hæstv. stjórn taki það til íhugunar, og geri gangskör að því að losa sveitarstjórnir við milligöngu sýslumanna.

Forsætisráðherra taldi það mesta tryggingu fyrir stjórnina, að sýslumenn annist innheimtuna. Jeg held, að nokkuð mikið sje úr þessu gert. Með allri virðingu fyr ir sýslumönnum, hefi jeg ástæðu til að halda, að sveitarstjórnirnar sjeu þar ekki óábyggilegri. Eins og nú er borga þær við móttöku, enda veit jeg ekki betur en að sýslumenn krefjist þess. Það eru nú svo sem dæmi fyrir því, að það getur út af borið hjá sýslumönnum, ekki síður en

sveitarstjórnum, og jeg man ekki betur en að nýsamþykt fjáraukalög beri þess órækan vott, að út af þessu geti borið hjá þeim hærri stjórnarvöldum.

Jeg held fast við þá ósk, að þingsál.till. á þgskj. 40 verði samþykt, og fæ ekki sjeð, að stjórninni væri þar með bundinn baggi, sem hún þurfi neitt að kveinka sjer við.

Þórarinn Jónsson: Út af því, sem hæstv. forsætisráðherra sagði, að sýslumönnum hafi ávalt verið heimilt að láta kaupmenn og kaupfjelög afhenda og versla með landssjóðsvörur, vil jeg geta þess, að í mars síðastliðnum kom vörusending norður, og var lagt svo fyrir, að vörurnar mætti ekki afhenda öðrum en sveitarstjórnum. Mjer var vel kunnugt um það, að kaupmenn fengu ekki að taka á móti neinu af þeirri sendingu, jafnvel þótt þeir hefðu pantað vörur frá landsstjórninni. Þetta er sannanlegt.

Forsætisráðherra (J. M.): Það getur verið, að í einhverju sjerstöku tilfelli, þegar þröngt hefir verið í búi landssjóðsverslunarinnar, hafi verið mælt svo fyrir, að vörur skyldu ekki afhentar öðrum en sveitarstjórnum. En það hefir aldrei verið lagt bann við því, að kaupmenn fengju að afhenda vöruna, ef sveitarstjórnir leyfðu. Það getur vel verið, að kaupmenn hafi ekki fengið pantanir sínar, en það kemur ekki í bága við það, sem jeg sagði, að stjórnin hafi aldrei við því amast, að kaupmenn afhentu vöruna.

Annars hafa engin veruleg mótmæli komið fram gegn ummælum hæstv. atvinnumálaráðh. eða meiri hluta bjargráðanefndar. Jeg treysti þess vegna því, að dagskrá hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) verði samþykt.

Jeg tel ekki nema sjálfsagt, að stjórnin og verslunarskrifst. taki tillit til þess, sem fram hefir komið í umræðunum. Stjórnin mun gera sjer far um, að alt verði sem tryggast fyrir landssjóð og kostnaðarminst fyrir sveitarstjórnirnar.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. S.-M., Sv. Ó., (sjá A. 817) samþ. með 14 : 6 atkv.

Till. því

fallin.

---

2. Einkasala á kolum.

Á 11. fundi í Nd., mánudaginn 16. júlí, var útbýtt

Till. til þingsályktunar um einkasölu landssjóðs á kolum (A. 79).

Á 12. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 13. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Fjárhagsnefndin, sem fjekk frv. það, er fram kom um einkasölu landssjóðs á kolum, til meðferðar, var á einu máli um, að það ætti ekki að ganga fram á þessu þingi. Hinsvegar er nefndin öll hlynt hugmyndinni og vill stuðla að því, að þetta mál verði tekið til alvarlegrar athugunar og undirbúnings, og kom því með þingsályktunartillögu þá, er hjer liggur fyrir. Hún fer fram á, að hv. Alþingi skori á stjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt þing frv. til laga um einkasölu landssjóðs á kolum.

Tilgangur og ætlun nefndarinnar er, að þingsályktunartillaga þessi komi algerlega á stað frv. þess um einkasölu landssjóðs

á kolum, sem komið hefir fram á þessu þingi. Ástæðurnar fyrir því eru hinar sömu og nefndin hefir áður látið uppi. Henni þykir ekki ráðlegt að demba nú á landssjóð einkasölu á fleiri en einni vörutegund. Það er því óþarft, eins og málið horfir nú við, að ræða nokkuð frv. hv. 1. þm. Reykv. (J. B.).

Meining nefndarinnar með því að vísa þessu máli til landsstjórnarinnar er ekki sú, að málið skuli svæft eða moldað. Jeg vildi slá þennan varnagla, vegna þeirra einkennilegu orða hæstv. fjármálaráðh. (B. K.), að meiningin með þingsályktunartill. væri sú, að stjórnin jarðaði málin. Það er einmitt tilætlun nefndarinnar, að stjórnin *skuli* undirbúa málið til síðari tíma. Stjórnin er nú í þann veginn að fá í hendur lög um einkasölu á steinolíu. Það má segja, að það sje ekki æskilegt, að landssjóður fari að versla með vörur í stórum stíl, en þó verða að vera undantekningar, og þær fleiri en ein, sem sje með þær vörutegundir, sem eru handhægar til stórsölu og bráðnauðsynlegar landsmönnum. Þar að auki er svo ástatt með steinolíu, og jafnvel kol líka, að á þeim vörutegundum er að verða einokun. Það viðurkenna allir með steinolíuna, og því verður ekki með rökum neitað, að það er að komast í líkt horf með kolin. Það er því rjett, að landssjóður taki einkasölu [slíkra vörutegunda í sína hönd.

Nefndin telur sjálfsagt, þegar um þessar undantekningar er að ræða, að landssjóður fái allálitlegan ágóða af einkasölunni, og hún ætlast til, að á sínum tíma *komi frv. frá hv. stjórn, sem geri ráð fyrir* hæfilegum gróða fyrir landssjóð af kolaversluninni, og það getur orðið ekki eingöngu landsmönnum að skaðlausu, heldur þannig, að þeir verði yfirleitt betur settir en nú.

Jeg ætla ekki að svo stöddu að tala meira um þetta mál. Jeg tel óþarft að rekja ástæður fyrir því, að það er fram komið einmitt nú, þegar svo tilfinnanlegur skortur er á þessum vörutegundum, sem landsstjórnin hefði getað sjeð landinu fyrir, ef verslun á þeim hefði verið undir umsjón og ábyrgð hennar. Þá væri og sjávarútvegurinn betur staddur en hann er nú; eins og nú er komið hjá oss er hann að miklu eða mestu leyti bygður á tilveru þessara vörutegunda.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg get að miklu leyti verið þakklátur hv. fjárhagsnefnd fyrir undirtektir hennar í þessu máli. Enda þótt hún hafi ekki lagt til, að frv. mitt yrði samþykt, þá er afgreiðsla hennar á málinu sú, að jeg má vel við una. Fyrir mjer vakti, að slík stórmál sem þetta væru sem best undirbúin, og þótt jeg flytti frv. til laga um einkasölu landssjóðs á kolum, vjek jeg þó að því, að það frv. skyldi einmitt ekki ganga í gildi fyr en að ófriðnum loknum, svo að stjórnin hefði nógan tíma til undirbúnings. Út af ummælum hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar, því að skoðanir okkar falla saman. Jeg skal því ekki orðlengja meir að sinni.

Fjármálaráðh. (B. K.): Jeg skal taka það þegar fram, að jeg hefi ekki borið mig saman við stjórnina um þessa till., og það, sem jeg segi því nú, segi jeg algerlega fyrir eigin reikning. Það lítur svo út, að till. þessi fari skemra en frv., en við nánari athugun sjest, að það er ekki mikið. Stjórnin á að bera fram fyrir næsta reglulegt þing frv. til laga um einkasölu landssjóðs á kolum. Munurinn er að eins sá, að málinu er frestað, en stefnan er sú sama. Eins og kunnugir menn vita er hjer nú engin einokun á kolum. Fram að stríðsbyrjun var mikil samkepni um þá vöru, og verslunin var jafnvel skift milli fleiri þjóða, bæði Norðmanna, Frakka og Íslendinga. Það

er ekki nema eðlilegt, þótt útgerðarfjelögin slái sjer saman um að fá vörur, til að geta fengið þær ódýrari.

Samkepnin var fullkomin í kolaverslununni fyrir stríðið, og eins mun verða eftir það. Veit jeg að minsta kosti, að franska firmað, sem hefir starfað hjer undanfarið, ætlar sjer að halda áfram að stríðinu loknu. Tillagan getur því ekki verið komin fram í öðrum tilgangi en þeim, að ná sem mestum skatti af kolum í landssjóð. En þar verður að gæta alls hófs. Þegar svo stendur á, eins og hjer, að samkepni á sjer stað, þá má alveg eins ná skattinum með tolllögum.

Jeg held annars, að hv. flutningsmenn hafi ekki gert sjer ljósa grein þess, hve umsvifamikið það yrði, að landið tæki að sjer alla kolaverslun. Jeg skal geta þess, til skýringar fyrir þá, að árið 1916 voru flutt hingað til lands 113 þús. tonn af kolum, og þurfti til þess 14 skip, hvert á stærð við „Ceres“. Auðvitað væri þetta ekki svo gífurleg fyrirhöfn, ef flytja mætti öll kolin á eina höfn, en nú verður að flytja þau á fjöldamargar smáhafnir, og þá vandast málið. Það hefir verið haft svo, með kolaverslun á smáhöfnunum, að skip, sem leigð voru að vorinu, hafa skotist eftir kolum og salti til Englands um miðt sumarið, en flutt svo vörur frá landinu á haustin. Jeg sje því ekki annað en að verslunin yrði dýrari, ef hún væri öll flutt á eina hönd. Einnig er annað, sem bendir á, að landið geti ekki selt kolin ódýrara en kaupmenn, og það er, að kaupmenn eru margir á sífeldu ferðalagi, og eiga því oft hægt með að komast að hagfeldum kaupum og sæta hagkvæmari flutningskjörum en landssjóður.

Það verður ekki um það deilt af viti, að það er stefnumunur á frv. um kolaeinokun og steinolíueinokun. Á steinolíu er nú sem stendur fjelagseinokun, en henni á að breyta í landseinokun; en hjer er *frjálsri* verslun breytt í einokun. Þetta er mjög varhugavert spor, ef stigið verður. Það er satt, að í öðrum löndum er einokun á ýmsum vörum, en það eru venjulega þær vörur, sem telja verður óþarfar, en ekki á nauðsynjum, og jeg trúi ekki öðru en að Íslendingar tækju þeirri ráðabreytni illa að koma hjer á einokun á nauðsynjum, eftir þá sögulegu reynslu, sem þeir hafa af henni fengið.

Jeg hefi hjer áður bent á, að landsverslunin yrði að öllum líkindum dýrari en samkeppnisverslunin, sem nú er. En nú dettur mönnum ekki í hug að láta landið reka frjálsa verslun. Það mundi tryggja lágt verð betur en einokunin gerir. Jeg sje ekkert á móti því að reyna það. Það myndi þá sýna sig, hvort landið gæti verslað á þennan hátt.

Ef þetta mál væri borið fram af *fyrirhyggju*, þá ætti það að liggja til grundvallar, að *framleiðendurnir* í landinu óskuðu þess. Nú stendur svo á með þetta mál, að það hefir hvergi verið rætt á þingmálafundum og ekki heldur í blöðunum, sem þó hefði verið nauðsynlegt. Það eina, sem fram er komið í þessu máli, og hægt er að byggja á, er skjal frá 11 útgerðarmönnum. Þar segir svo í lok skjalsins: „Ef þetta frv. yrði að lögum, þá myndi það hnekkja öllum botnvörpungaútveg vorum“. Þetta skjal ber það ljóslega með sjer, að útgerðarmennirnir treysta því ekki, að landið geti komist að hagkvæmari kaupum á kolum heldur en þeir sjálfir. En meðan svo standa sakir, *að þeir, sem kolin eiga að nota*, eru þessari breytingu mótfallnir, get jeg ekki verið því samþykkur, að farið sje út á þessa braut.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Hin háttv. þingdeild hefir nú hlýtt á ræðu hæstv. fjármálaráðherra (B. K.). Þótt hann telji sig ekki hafa talað fyrir munn stjórnarinn-

ar, þá hafa menn þó getað heyrt, að hann muni ekki sem stjórnandi vilja vinna að því, að það verði gert, sem till. þessi fer fram á að gert verði. Það er þó nógur tími til stefnu fyrir stjórnina að átta sig á þessu máli þangað til 1919, og hefði hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) gott af að athuga till. þangað til, ef honum endist stjórnaraldur; jeg er viss um, að hann mundi eftir þann umhugsunartíma standa betur fyrir máli sínu en hann hefir gert nú. Það er slæmt, að við skulum ekki fá heyrt ummæli allrar stjórnarinnar, svo að við getum heyrt, hvernig hinir ráðherrarnir líta á málið. Þótt vjer höfum heyrt álit hæstv. fjármálaráðherra (B. K.), þá er ekki víst, að hann verði í meiri hluta í stjórninni. Það verður því ekki tekin afstaða eftir áliti hans eins nú. Annars furðaði mig stórlega á ræðu hans; jeg hugði, að hann mundi gera grein fyrir því, hvers vegna stjórnin hefði vanrækt að gera í þessu máli það, sem margir höfðu ætlast til af henni. Mjer fanst eins og hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) talaði frá sjónarmiði sinna gömlu stjetttarbræðra, kaupmannanna (**Fjármálaráðh.**: Nei, frá sjónarmiði útgerðarmanna). Kaupmanna fyrst, og síðan frá sjónarmiði nokkurra útgerðarmanna, og kom þó kaupmaðurinn altaf fram í orðum hans.

Hann taldi öðru máli að gegna með steinolíueinokun en kolaeinokun, því að samkepni ætti sjer stað í kolaversluninni, en ekki í steinolíuversluninni.

Þetta er nú ekki rjett. Það gegnir alveg sama máli með þessar tvær vörutegundir. Það er að verða einokun á þeim báðum sem stendur, þótt böndin sjeu ef til vill fastar reyrð um steinolíuverslunina. Hann benti á, að samkepni hefði verið fyrir stríðið á kolaversluninni. Það hefir enginn mælt á móti því, en það er heldur engum bannað að kaupa steinolíu frá útlöndum, ef hann getur. Því verður ekki neitað, að nú á síðustu tímum er að komast hjer á samskonar einokun á kolum, þótt enn sje ef til vill örðugra fyrir þá, sem vilja, að ná sjer í steinolíu.

Hann sagði, að landsmenn mundu vera á móti kolaeinokun. Hví þá ekki líka á móti steinolíueinokun? Og þó hefir stjórnin sjálf lagt fyrir þingið slíkt einkasölufrv. Nei, rök hans voru ekki staðgóð. Hjer er ekki um neitt annað að tala en það, hvort nauðsyn sje á að koma hjer upp landseinkasölu á þessum vörutegundum. Það nær ekki neinni átt að bera slíka einkasölu saman við hina gömlu einokun, þegar verslunin var seld útlendum mönnum á leigu, til þess að þeir gætu sogið út landsmenn. Hjer er ekki að ræða um annað en það, að landið hlaupi undir baggann með aðöflun varanna, og hafi dálítinn hagnað af því um leið. Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) komst svo að orði, að tilgangurinn með þessari tillögu gæti ekki verið annar en sá, að við vildum ná inn sem mestum skatti af þessum vörutegundum. Ef svo er um kolin, þá gildir einnig hið sama um steinolíueinokunina, sem stjórnin vill koma á, og falla þá ummælin aftur á hæstv. ráðherrann (B. K.). Annars mætti í þessu sambandi benda honum á, að engin ástæða er til að búast við því, að stjórnin komist að lakari kaupum en einstakir menn, og vilji hæstv. ráðherrann (B. K.) halda því fram, eins og mjer fanst vera efst í honum áðan, þá þykir mjer hann bera fremur lítið traust til stjórnarinnar. Hæstv. fjármálaráðherra (B.K.) komst svo að orði, að einstakir menn hefðu skip, sem gætu flutt þeim kolin, þeim að kostnaðarlausu. Þetta er nú, vægast sagt, nokkuð fullyrðingakent. Fyrst og fremst er það ólíklegt að skipakostur landssjóðs sje ekki eins góður og einstakra manna, og í öðru lagi, væri svo, hví mætti þá ekki leigja þessi ódýru skip til kolaflutninga fyrir landið?

Þá talaði hæstv. fjármálaráðherra (B.K.) um

það, að þetta mál hefði ekki verið rætt á þingmálafundum. Það mun satt vera, að málið hafi verið fremur lítið rætt. En ef þm. mættu ekki flytja á þingi önnur mál en þau, sem rædd hefðu verið á þingmálafundum, þá yrði ekki mikið um störf á þinginu, og víst væri það harla undarleg pólitik. Hvar eru annars þingmálafundargerðir um einkasölu landssjóðs á steinolíu?

Það mun satt vera, að nokkrir framleiðendur, þ. e. a. s. útgerðarmennirnir, munu vera á móti kolaeinokun. En, satt að segja, legg jeg ekki mikið upp úr því að svo stöddu. Það er einmitt á þeim, sem aðalábyrgðin liggur fyrir það, að við erum nú kolalausir. Það er getuleysi þeirra eða fyrirhyggjuleysi að kenna. Þeir höfðu reynt, nokkrir þeirra, að koma allri kolaverslun inni í sínar hendur, en þegar nokkuð reyndi á, þá fer alt um þverbak. Menn treystu þeim, en þeir brugðust.

Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) stakk upp á því, að landið ræki fremur frjálsa kolaverslun en einkasölu. Jeg get ekki verið á sama máli, og mjer er óhætt að fullyrða, að fjárhagsnefndin er ekki á sama máli og hæstv. ráðh. (B.K.). Hún lítur á bæði kolaeinkasöluna og steinolíueinkasöluna sem tryggingarráðstöfun, en hún fellst aldrei á það, að landið fari að keppa við fjelög, eins og t. d. Steinolíufjelagið, sem ekki myndi kynoka sjer við að skaðast sjálft árum saman, til þess að útiloka þá samkepni og koma verslun landsins á knje. Fjárhagsnefndin leggur það aldrei til, að landið leggi út í þá samkepni.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg sagði þessi fáu orð áðan til þess, að deildinni yrði ljós mín skoðun. Jeg ætla mjer ekki að fara í kappræður um þetta mál, vil að eins víkja að sárfáum atriðum í ræðu framsögumanns (G. Sv.).

Hann furðaði á, að stjórnin, eða rjettara sagt jeg, gæti komið fram með frv. um einkasölu á steinolíu, þar sem jeg er á móti kolaeinokun. Jeg færði áðan mjög greinilegar ástæður fyrir þessu. Á steinolíu er nú þegar í raun og veru einokun. En alt annað er um kolin; um kolasöluna keppa þrjár þjóðir.

Hann (G. Sv.) sagði, að á kolaversluninni væri óþarflega mikill gróði. Það er ekki nýtt, að þessu sje kastað fram. En það er ekki nóg; einhverja sönnun verður að færa fyrir því. Auðvitað er nokkur gróði af henni, en það þarf engan að hneyksla, ef hann fer ekki fram úr gróða á annari verslunarvöru.

Hann (G S.) kannaðist við, að málið hafi ekki verið rætt til muna. Jeg benti á, að svona stórmál yrði að ræða í blöðum og á þingmálafundum, áður en stjórninni væri beint skipað að bera það fram. Slíkt stórmál sem þetta er ekki enn nægilega undirbúið, því að allar framkvæmdir í því verður að byggja á alþjóðarvilja.

Hann (G.Sv.) lagði lítið upp úr áskoruninni um að fella frv., þótt fáir hafi skrifað undir. En jeg verð að segja, að þegar þeir, sem mest nota vöruna, skrifa undir slíkt skjal, þá er það af því, að þeir hafa enga von um, að kolin verði ódýrari með þessum hætti. En það er ekki heppilegur grundvöllur til að byggja einokun á, ef hún verður framleiðslunni til hnekkis.

Jeg læt mjer liggja í ljettu rúmi, þótt frsm. (G.Sv.) líti smáum augum á, að landsstjórnin færi að samkeppa við kolakaupmenn. Það er ástæðulaust að kalla hana kramara fyrir það, því að í því skyni myndi þetta gert, að tryggja landsmönnum ódýrari vöru en ella. Fyrir það ætti landsstjórnin ekki skilið niðrandi nafn. Að öðru leyti læt jeg ræðu mína áðan nægja, og skal ekki þrátta meir um þetta mál.

Matthías Ólafsson: Jeg get verið samdóma frsm. (G. Sv.) um, að það nær ekki

nokkurri átt að bera einokun þá, er hjer er um að ræða, saman við einokun fyr á tímum. Nú eru fjármálin í hendi innlendrar landsstjórnar. Nú er tilgangur einokunarinnar sá, að varan verði ódýrari og landssjóður græði á henni. Að slíkri einokun yrði ekki skaði, nema ef telja skyldi skaða þeirra, sem áður höfðu hag af að versla með vöruna. En hagur þeirra verður að víkja fyrir hag almennings.

Þá er fyrirkomulagið. Það tvent er hugsanlegt, að landsstjórnin hefði annaðhvort sjálf verslunina með höndum, eða fæli öðrum mönnum fyrir sína hönd; greiði þeir svo ákveðið gjald í landssjóð fyrir einkarjettinn. Hið síðara væri heppilegra. Þá væri trygging fyrir því, að kunnugir menn fengjust við verslunina. Landsstjórnin, sem búast má við að velt sje árlega, hefði hvorki þekkingu nje kunnugleika til, auk þess sem það er ekki fýsilegt, að landsstjórnin hafi svo og svo marga menn, sem lifðu af hennar brauði. Það væri auðveldur vegur fyrir hana til að afla sjer atkvæða með.

Ymislegt af því, sem frsm.(G.Sv.) sagði, var lítt hugsað. Hann vildi t. d. vefengja, að flutningur á kolum yrði öðrum ódýrari en landsstjórninni. Það er alkunnugt, að kaupmenn flytja hingað kol á skipum, sem annars kæmu tóm til landsins, t. d. skipum þeim, sem sækja fiskinn, eða þeir senda ýmsar vörur með kolaskipum, sem ella færu tóm frá landinu. En skip stjórnarinnar færu oftast farmlaus, eða yrði miklu óvissara um farm með þeim en skipum kaupmannanna.

Það er fjarri því, að jeg sje mótfallinn einokun. Þó hefði jeg heldur viljað, að þingsályktunartillagan væri orðuð svo, að stjórnin væri ekki skuldbundin til að leggja fram ákveðið frv. á næsta þingi, heldur skyldi hún yfirleitt yfirvega kolaeinokunarmálið. Frestun til næsta þings yrði og góð til þess, að almenningur fengi tækifæri til að ræða málið í blöðum og á fundum. Jeg er einokun á kolum hlyntur og álít, að henni mætti koma svo fyrir, að landsstjórninni ykist ekki mjög erfiði við. Best væri að fela bæði kola- og steinolíueinokun ákveðnum mönnum fyrir ákveðið verð. Ef einkasala verður á þessum vörutegundum, gætu útgerðarmenn sjeð fyrir um langan tíma, hvað þær muni kosta. Kol og olía yrði því fastur liður á áætlunum þeirra, en ekki óútreiknanlegur, eins og nú er.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg ætla ekki að lengja umræðurnar. Vildi að eins geta þess viðvíkjandi orðum hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), að varhugavert væri, að stjórnin seldi verslunina á leigu. Það er tilgangurinn, að hún færi sjálf með hana, og fengi vel hæfan mann til að standa fyrir henni. Landsstjórnin skipaði aftur á hann endurskoðara. Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) taldi og, að ýmsir myndu komast að betri kjörum um kolaflutning en landsstjórnin; menn gætu flutt á sínum eigin skipum, sem færu eða kæmu annars farmlaus. En jeg sje ekkert því til fyrirstöðu, að landsstjórnin sæti lagi um að láta þessi skip fá kolafarm, enda myndu kaupmenn vita vel, að slíkan farm væri hægt að fá, og gætu þá snúið sjer beint til landsstjórnarinnar.

Viðvíkjandi orðalagi tillögunnar skal þess getið, að það er vilji nefndarinnar, að æskilegt sje, að þetta mál nái fram að ganga, en auðvitað útilokar það ekki, að landsstjórnin fari með það eins og sum önnur mál, vanræki bæði að undirbúa það og leggja fyrir næsta þing. En þá gerir hún þinginu grein fyrir því og ástæðum sínum, og sætir hún þá þeim vítum, er henni ber fyrir slíka vanrækslu, ef þinginu þykir svo.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg skal reyna að vera stuttorður. Bæði er pappír og prentun dýr, og svo hefir frsm. (G.Sv.) drepið á sumt, er jeg vildi sagt hafa. Jeg skal að eins í fám orðum svara hæstv. fjármálaráðh. (B.K.).

Hann sagði, að öðruvísi væri um kolasöluna en steinolíuverslunina. Til dæmis um það, hve frjáls kolaverslunin er, skal jeg geta þess, að stundum þegar einstakir menn hafa fengið hingað kolafarma, hefir „Kol og salt“ keypt þá af þeim. Einn daginn í fyrravor var kolaverðið lækkað úr 11 kr. í 10, og hjelst það verð í 3—4 daga; þá var símað til flestra efnamanna, höfðingja og kaupmanna, að nú væri heppilegast að birgja sig. Þegar almenningur vissi um þessa lækkun á kolaverðinu og ætlaði að fara að fá sjer kol, voru þau komin í 12 kr. hjá sama fjelagi. Þetta er nú frjálsa samkepnin, sem við höfum átt við að búa hjer við Faxaflóa.

Jeg get ekki slept að mótmæla nokkrum fleiri atriðum í ræðu hæstv. fjármálaráðh. (B.K.). Hann drap á, að eini grundvöllurinn, sem hægt væri að byggja þessa einkasölu á, sje sá, að hagsmunir útgerðarmanna væru vel trygðir. Jeg veit, að ekki má þrengja kosti þeirra, og hefi jeg enga tilhneigingu til þess, en þó er annað, sem ekki ætti að taka minna tillit til í þessu efni, en það eru hagsmunir almennings. Það væri ekki heppileg einkasala, ef 100—200 manns á landinu græddu á henni, en 80—90 þúsundir töpuðu.

Jeg skal stuttlega minnast á mótmæli útgerðarmanna. Jeg get vorkent þeim, eins og kolamálum þeirra er nú komið. En úr því að þeir hafa sent mótmæli, verður að minnast á þá. Jeg tek jafnmikið tillit til mótmæla þeirra og ef olíufjelagið færi að mótmæla einkasölu á steinolíu. Það eru einmitt hluthafarnir í „Kol og salt“, sem hjer hafa skrifað undir.

Hæstv. fjármálaráðh. (B.K.) kvað einkasölu annara ríkja mestmegnis taka yfir ýmiskonar óþarfa, t. d. tóbak. Þetta er ekki rjett. Jeg skal nefna nokkur ríki, sem hafa kolaverslun og kolagröft með höndum: Þýskaland, Austurríki, Ungverjaland, Svíþjóð, Rússland, Holland. Victoria, Nýja Sjáland o. fl. Reynslan hefir orðið sú, að bæði ríkjunum sjálfum og almenningi hefir verið stórgróði að versluninni. Jeg skal að eins nefna Victoriaríkið; það rekur kolanámur í stórum stíl. 1913 voru tekjur af námunum 212274 sterlpd. en gjöldin 170659 sterlpd; hreinn ágóði því 41615 sterlpd. = 749070 kr. Fyrir þessa kolaverslun ríkisins lækkaði kolaverð mjög mikið, og þó að þessi ríki hafi ekki einkasölu á kolum, þá hafa sum þeirra einkasölu á brýnum nauðsynjavörum, svo sem olíu, salti o. fl. Jeg skal svo ekki fara lengra út í kolaverslun annara ríkja, en margt mætti benda á því til sönnunar, að það borgi sig fyrir þjóðfjelagið að reka þessa verslun.

Bjarni Jónsson: Jeg er alveg samþykkur hv. frsm. (G. Sv.) um það, að ekki sje ráðlegt að byrja þegar einkasölu á öðru en steinolíu, og það af þeirri ástæðu, að eitt einstakt fjelag hefir þegar náð einokun á þeirri vörutegund. Fjelag þetta hefir jafnvel leyft sjer að senda landsstjórninni uppkast að samningi, þar sem hún skuldbindi sig til að versla ekki við annað fjelag. Þegar svona er komið, þykir mjer skörin vera farin að færast upp í bekkinn, og er nauðsyn að vernda land og þjóð gegn slíkum yfirgangi.

Annars veit jeg ekki enn, hvort rjett er að hverfa frá frjálsri verslun og taka upp einokun. Jeg vil ekki fara lengra en að ákveða, að landið taki að versla með þá vöru, þegar einokun er komin á hana. Nú á ekkert slíkt sjer stað um kolin, og jeg sje engar líkur til að það verði. Sje jeg því enga ástæðu til að ákveða nú, að

landssjóður skuli taka einkasöluna að sjer. Hefði jeg því kunnað betur við, að stjórninni hefði verið falið að athuga málið, en hún ekki skylduð til að leggja fyrir þingið frv. um einkasölu. (G. Sv: Þingmaðurinn hefir ekki heyrt rök mín fyrir orðalagi tillögunnar). Hafi það verið í sömu átt og jeg tala nú, ætti að breyta orðalagi till. þannig, að stjórnin skuli rannsaka málið og láta þinginu í tje skýrslu um rannsókn sína, og svo bæri það þá fram frv. um einkasölu, ef því þætti rjett.

Hvað viðvíkur tryggingu á hag almennings, þá er almenningshagur tryggari með landssjóðsverslun heldur en einokun, eins og á steinolíu, eða verslun í höndum annara, er gera samtök um að hindra frjálsa samkepni. En með frjálsri verslun og óbundinni samkepni, er landsmönnum eins vel borgið og með einkasölu landssjóðs. Jeg ætla, að menn hugsi sjer, að landið taki ákveðið hundraðsgjald sem ágóða, tekjur fyrir landssjóð. Þegar litið er á tekjufrumvörp síðustu þinga, vörutoll, útflutningstoll, verðhækkunartoll, tollfrumvarp það, er hjer var á ferðinni í dag, o. s. frv., þá geri jeg ráð fyrir, að hagur almennings sje ekki betur trygður með þeirri verslun, er landssjóður ræður, því að jeg geri ráð fyrir, að þá er landssjóður væri kominn í öngþveiti, og fátækt stæði fyrir dyrum, mundi hann hækka ágóðann af verslun sinni, taka 20% fyrir 10%, og þá næst 30% o. s. frv. Svo hygg jeg að yrði talað og gert, lagt til og samþykt um hverja þá verslun, er landssjóður hefði, til að fylla sjóðþurð, ef til kæmi, og yrði þá hagur almennings ekki betur trygður en með frjálsri samkepni.

Vildi jeg því láta hjer við sitja, og ákveða ekki um fleiri vörutegundir, en sjá hversu tekst það sem komið er. Reynslan mun sýna það. Ef einokun skyldi síðar komast á kol, er sjálfsagt, að landssjóður neyti hins eina vopns, og taki söluna aðsjer.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg neyðist til að svara hv. þm. Dala. (B.J.), þótt þess hefði ekki átt að vera þörf, því að sömu atriðum vorum við hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) búnir að svara áður. En hann hefir ekki heyrt það, og er það hans skuld, er hann var ekki við. Það er ætíð leiðinlegt, að þurfa að endurtaka orð sín, og ekki síst á þessum tímum, er spara á þingtíðindin.

Hann talaði, þessi hv. þm. (B.J.), um orðalag till., og var það sama athugasemdin og frá hv. þm. V.-Ísf. (M.Ó.). En það, að landsstjórnin á að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frv. um einkasölu, segir ekki, að landsstjórnin geri það, sjái hún sjer það ekki fært. Ef hún gerir það ekki, og þingið tekur röksemdir hennar gildar, þá er það mál búið. Þótt orðalagið yrði öðruvísi en er á till., kæmi ekki annað út. Meining þeirra, sem farið hafa með þetta mál, er sú, að einkasalan skuli komast á, ef þau tök eru fyrir hendi, er gera það kleift.

Hann (B.J.) gat um, að hann kysi heldur, eins og hæstv. fjármálaráðh. (B. K.), samkepni, jafnvel samkepni landssjóðs sjálfs, en einkasölu. Jeg svaraði því áður, og er óþarfi að endurtaka það. En fyrst að hv. þm. Dala. (B. J.) biður nú enn um orðið, tel jeg rjett að svara því. **(B. J.:** Jeg óska ekki eftir endurtekningum). Þegar þingmaðurinn vill ekki hlusta á umræður, sem hjer fara fram, veitti honum ekki af að fá svar við endurtekningum sínum. En verið getur, að jafnvel hann (B.J.) álíti ekki vert að svara hv. þm. Dala. (B J.), og er það þá sök sjer að láta það undir höfuð leggjast. Hann gat þess, að sú leið, er þingið fer, ef það samþykkir till., væri eins greið til að hækka verð vörunnar, að landssjóður gæti hækkað gjaldið til sín eftir vild. En við því er engu hættara. Þingið getur lagt á þá tolla og skatta, er því sýnist. Þingið getur komið gjöldum á allar aðfluttar vörur, og einkasöluvör-

um landssjóðs væri engu hættara en öðrum vörum. Að öðru leyti álít jeg ekki þörf að svara hv. þm. Dala. (B. J.).

Bjarni Jónsson: Jeg álít, að orðalagið geri ekki svo mikið til, ef yfir því er lýst, að atkvæðin ákvarði ekki, að einkasala skuli komast á. (G. Sv: Þingmaðurinn um það og sínar „reservationes mentales“). Það er ekki „reservatio mentalis“, ef hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) heldur því fram, að rjettur skilningur hennar sje sá, er jeg tók fram, að stjórnin skuli undirbúa málið og láta þinginu skýrslur í tje. En ef till. á að skiljast eins og íslenska er vanalega skilin, þá er engin ástæða til að samþykkja hana.

Annars gat hinn hv. þm. (G. Sv.) sparað sjer sína kurteisu fyndni og allar endurtekningar sinnar visku. Jeg bjóst ekki við, að þær endurtekningar myndu sannfæra neinn. En annars má hann endurtaka það í 3. sinni, ef hann vill.

Áður en gengið væri til atkvæða, afhenti þm. Dala. (B. J.) forseta svo látandi rökstudda dagskrá:

Í því trausti, að landsstjórnin taki til rækilegrar íhugunar og rannsóknar, hvort ráðlegt sje, að landið taki að sjer einkasölu á kolum og leggi fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur sínar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin (sjá A. 113) samþ. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Árna., J. J., M. P., M. Ó., P. J., P. O., Sv. Ó., Þorl. J., B. Sv., B. J., B. K., B. St.

nei: G. Sv., H. K., J. B., M. G., P. Þ., S. S., St. St., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Einar Arnórsson greiddi ekki atkv.

3 þm. (E. J., J. M., Sk. Th.) fjarstaddir.

Tillagan því

fallin.

---

3. Forstaða verslunar landssjóðs.

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 20. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um forstöðu verslunar landssjóðs (A. 123).

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 21. júlí, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi, þriðjudaginn 31. júlí, var till. enn tekin til fyrri umr.

Frsm. (Einar Arnórsson): Þegar bjargráðanefnd samdi tillögu þessa, hafði hún ekki fengið upplýsingar um hið nýja fyrirkomulag á landssjóðsversluninni, sem komið hefir verið á síðan þing byrjaði, eða rjett nýlega. Þegar við svo fengum fregnir af því, fengum við tillöguna tekna út af dagskrá, til þess að geta kynt okkur þetta nýja fyrirkomulag, og tekið tillöguna aftur, ef okkur fyndist ástæðulaust að halda henni fram, eftir að þessar nýju upplýsingar væru fengnar. Eftir nokkrar umræður í nefndinni komst á samkomulag um það að taka tillöguna inn á dagskrá aftur, til þess að deildinni gæfist líka kostur á að heyra skýrslu landsstjórnarinnar um þetta efni. Það fer þá eftir því,

hvort skýrslan þykir fullnægjandi, hvort ástæða virðist til að halda tillögunni fram eða ekki. Jeg leyfi mjer að leggja til, að tillagan fái að komast til síðari umræðu, til þess að hægt verði að taka hana þá aftur, ef deildin gerir sig ánægða með skýrslu stjórnarinnar. Jeg býst við, að hæstv. landsstjórn sje að miklu leyti sammála nefndinni. Jeg þykist sjá það á skýrslu hennar. En jeg vænti þess, að hún hafi ekkert á móti því að lýsa fyrir deildinni afstöðu sinni til þessa máls.

Forsætisráðherra (J. M.): Hæstv. atvinnumálaráðherra er ekki viðstaddur sem stendur, en hann á hægast með að gera grein fyrir þessu máli. Jeg get með fáum orðum gert grein fyrir aðaldráttum málsins. Það var byrjað á undirbúningi undir ráðstafanir þær, sem nú eru komnar í framkvæmd, þegar fyrir þing. Nú er verslunarfyrirkomulagið þannig, að aðalráðstafanirnar heyra undir stjórnarráðið, en afgreiðsla öll og framkvæmdir eru lagðar undir atvinnumálaskrifstofuna. Það mun satt vera, að þetta hafi ekki verið komið ljóst fram, þegar tillagan var samin. En, eins og nú er komið, virðist hún eiga lítið erindi, og sama hvort hún er samþykt eða ekki, og jeg fyrir mitt leyti læt hana því afskiftalausa.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. í e. hlj.

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 3. ágúst, var till. tekin til síðari umr. (A. 123).

Pjetur Jónsson: Við fyrri umr. þessarar till. var skýrt frá tilgangi hennar, svo að jeg þarf þar engu við að bæta, enda er greinilega gerð grein fyrir henni í athugasemd aftan við till.

Það er að eins eitt, sem jeg vil taka fram, sem sje að nefndin hefir nú kynt sjer það, sem stjórnin hefir gert í þessu máli, og fær nefndin ekki betur sjeð en að málinu hafi þokað í þá átt, sem hún ætlast til. Að vísu er nefndinni það eigi ljóst, hvort skrifstofu verslunarmálanna sje ætlað að hafa á hendi ráðstafanir á skipum þeim, sem stjórnin hefir keypt og leigt, en nefndinni virðist, sem allur rekstur skipanna eigi að hverfa undir þessa skrifstofu, þótt afgreiðslan að einhverju leyti sje falin fjelögum, t. d. Eimskipafjelagi Íslands og Sameinaða gufuskipafjelaginu.

Nú í trausti þess, að stjórnin hefir þokað málinu svo áfram, og að hún muni halda því áfram, þá leyfir nefndin sjer að leggja til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá;

Þar sem stjórnin hefir samkvæmt skýrslu sinni stigið drjúgt spor í áttina til fullnægju þess, er fram á er farið í þingsál.till. á þgskj. 123, og í trausti þess, að stjórnin þoki verslunarmálinu í það horf, sem í till. greinir, eftir föngum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

ATKVGR.
Rökstudda dagskráin (sjá A. 295) samþ. í e. hlj.

Till. því talin
fallin.

4. Kjördæmaskipun.

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 27. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um nýja kjördæmaskipun (A. 174).

Á 21. fundi í Nd., þriðjudaginn 31. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 23. fundi í Nd., fimtudaginn 2. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið út af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg kem með þessa tillögu af því, að eins og allir vita er nú kjördæmaskiftingin hjer á landi orðin svo úrelt, að ekki er lengur við unandi. Fólkstalan í hinum einstöku kjördæmum er nú svo misjöfn, að slíkt er með öllu óþolandi lengur. Jeg vildi þó ekki ganga lengra en svo, að fela stjórninni þetta mál til íhugunar, og geri jeg það í þeim tilgangi, að málið verði sem best undirbúið.

Samkvæmt Hagtíðindunum er í Reykjavík nú nokkuð á 15. þús. íbúar. Þeir hafa nú tvo þingmenn. Á Seyðisfirði eru rúmir 9 hundruð íbúar; þeir hafa einn þingmann. Annars geta menn sjeð á Hagtíðindunum, hve herfilega ranglát kjördæmaskipunin er, eftir fólksfjölda.

Jeg ætla ekki að bera saman muninn á hinum einstöku kjördæmum og Reykjavík, en jeg ætla að styðja tillögu mína, sem einkum er miðuð við Reykjavík, með því að benda á, hve margar stjettir eru nú hjer í bænum, og hve ólíklegt er, að þær geti haft sömu fulltrúa.

Helstu stjettirnar eru hjer auðvitað verkamenn og svo sjómenn, en svo eru hjer einnig margar aðrar stjettir, t. d. útgerðarmenn, og ýmsar stjettir af iðnaðarmönnum, sem hjer skifta hundruðum, og sama máli er að gegna með verslunarmannastjettina. Ef vel ætti að vera, þá þyrftu þingmenn þessa bæjar að þekkja til atvinnugreina þessara stjetta og þarfa þeirra. Enn má geta þess, að hjer er mikið af embættismönnum, og auk þess bændur, sem hjer eru ekki allfáir. Hverjum getur nú dottið í hug, að einir tveir menn geti þekt til þarfa allra þessara stjetta?

Enn vil jeg benda á eitt atriði, sem styður mjög mál mitt, og það er það, hve mikið þessi bær leggur af mörkum til landsins þarfa. — Jeg hefi athugað 14 tegundir skatta af öllu landinu. Þeir nema samtals $1^1/_2$ milj. kr.; af þeim hafa verið innheimtir í Reykjavík einni $^3/_4$ milj. kr., eða með öðrum orðum nærri helmingur. Það ætti því ekki að vera nein goðgá, þótt Reykjavík hefði eitthvað meira að segja um löggjöf landsins en hún hefir nú. Hitt dettur mjer ekki í hug að fara fram á, vegna þess, að jeg veit, að það fæst ekki heldur, að Reykjavík fái nú eins marga þingmenn og henni ber, saman borið við fólksfjöldann. Auk þeirra skatta, er jeg nefndi áðan, mun hjer í Reykjavík einni koma inn meiri hlutinn af öllum póst- og símatekjum á landinu, og ekki minkar við það fúlgan, sem Reykjavík leggur af mörkum til þarfa landsins. Jeg get ekki, með mínum besta vilja, sjeð neitt, sem mæli á móti því, að Reykjavík fái eins marga þingmenn eins og henni að rjettu lagi ber. Jeg vona, að hv. deild óttist ekki svo mjög áhrif Reykjavíkur, að þeir lofi ekki þessari tillögu að ganga í gegn.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla ekki að segja annað en að stjórnin, ef

þessi till. verður samþykt, mun framkvæma það verk, sem farið er fram á, en verði tillagan ekki samþykt, þá mun stjórnin eiga örðugri aðstöðu en hefði till. aldrei komið fram. En víst er um það, að till. styðst við fullkomna sanngirni.

ATKVGR.

Till. *feld* með 17:2 atkv.

---

5. Hagtæring matvæla.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um að skipa sjerstaka nefnd, til ráðuneytis fyrir stjórnina og aðra, um hagtæring, samsetning og meðferð matvæla (A. 191).

Á 22. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. ágúst, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., fimtudaginn 2. ágúst, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg skal reyna að vera ekki mjög langorður, því að í sjálfu sjer er þetta einfalt mál, en vil þó geta þess, að helstu ástæðurnar eru komnar frá konum, í brjefi til bjargráðanefndar, og geta menn af þeim gert sjer málið ljóst.

Jeg vildi þá fyrst fara nokkrum orðum um orðalag till., með því að þingfyndnin hefir fundið sjer nokkuð til að narta í. Því að þingfyndnin er í því lík götufyndninni, að hún ræðst á orðalag, meir af góðum vilja til að raungæra en af nokkurri þekkingu. Sjerstaklega hefir orðið „hagtæring“ valdið þingfyndninni nokkurrar ógleði. Hafa sumir haldið, að það stæði í einhverju sambandi við orðið lungnatæring, en aðrir hafa óttast, að það væri danska, af því að þar er til orðið „Tæring“. Sennilega hyggja þá þessir, að „hann“ og „hún“ hljóti að vera dönsk orð, þar sem þau eru svo nauðalík í báðum málunum. Jeg hefi það fyrir satt, að þetta orð sje til í góðu og gildu íslensku alþýðumáli, og hefi jeg þar leitað álits hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), sem ekki er mestur klaufinn hjer í þeim efnum. Hefir hann ekki fundið neitt við orðið að athuga. Að „tæra í hag“ þýðir að skifta niður hagkvæmlega, sitt tárið í hvern stað. Vona jeg nú, að mönnum batni málverkur þessi, þótt jeg hafi veitt því eftirtekt, sem raunar tekur ekki sjerstaklega til þingsins, að menn kynoka sjer við að neyta góðra og gamalla orða og kjósa heldur að búa til ný orð. T. d. eru menn nú að mestu hættir að segja „samsöngur“ og hafa búið sjer til „hljómleik“. Menn halda víst, að enginn geti sungið nema menn, og muna nú ekki lengur, að atgeirinn Gunnars söng við. Nú segja menn „notfæra“ sem ætti að vera „nytfæra“, en áður sögðu menn hagnýta. Vil jeg nú vona, að menn láti það ekki bitna á þessari þingsályktunartillögu, að þetta orð kemur þar fyrir.

En þá er það annað athugavert við till., að þar eiga konur allmikinn hlut að. Mönnum er oft gjarnt að færa háð að, ef haldið er, að konur viti eitthvað betur en aðrir menn. En það er þó víst, að meðferð og hagtæring matar er betur konum hent en körlum. Jeg fyrir mitt leyti vil játa, að jeg stend þar konum langt að baki. Og sje þetta bygt á hinni almennu skoðun, að konur geti ekki kunnað neitt, vil jeg spyrja, hver mest kunni er hann fæddist. Karlmenn hjer á landi fást ekki við matartilbúning, og mega vera fegnir að fá holl ráð og viturleg frá konum.

Nú hefir bjargráðanefnd farið fram á, að í nefndina væri skipaður efnafræðingur, og hafði nefndin þar sjerstakan mann í huga, Gísla Guðmundsson, er fengist hefir bæði við efna- og gerlarannsóknir, starfað mikið að rannsókn matvæla, svo sem skyrs og mjólkur, og er áhugamaður mikill um þessi efni. Hygg jeg, að nefndin gæti gert mikið gagn, ef í henni sæti þessi sjerfróði maður og góðar húsfreyjur, og hún reyndi að finna aðferðir til að spara mat og hagtæra, og nota eina tegund í annarar stað, sem ekki fæst, sem jeg hygg að ef til vill þurfi næsta vetur. Svo hafa þær efnafræðing sjer til aðstoðar og umsagnar, og gætu svo gefið út bæklinga til leiðbeiningar húsfreyjum úti um land. Gæti þetta sparað mikið fje og orðið hagræði, og t. d. sparað landssjóði umstang við að útvega torfenga hluti, sem má vera án. Það er sjálfsagt, að fræðsla almennings í þessum efnum er ætíð sjálfsögð og nauðsynleg, en ekki síst nú, er búast má við skorti sjerstakra tegunda.

Jeg sje ekki annað en að öllum hljóti að sýnast sjálfsagt að skipa slíka nefnd, þótt mönnum kunni að mislíka gerðir ýmsra annara nefnda, er skipaðar hafa verið. Sje jeg ekki, að hægt sje að láta alt, er heitir nefndar nafni, sæta sömu örlögum, þótt mönnum kunni að líka illa við einhverja sjerstaka nefnd. Þá er t. d. ekki hægt að láta það bitna á þessu máli, þótt mönnum hafi sumum líkað illa starf verðlagsnefndar. Hjer er alt annað haft fyrir augum, sem sje það sjerstaklega að spara mat og auka hollustu vegna gamalmenna og barna. Þessi nefnd á ekki að hafa sjerstakt vald, heldur að vera ráðunautur. Hún er ekki ein þeirra nefnda, sem hafa svo mikið vald, að landsstjórn fær engu tauti við þær komið, eins og þegar lítt færir galdramenn vöktu upp svo magnaða drauga, að þeir rjeðu ekki við þá.

Vil jeg svo ekki orðlengja frekar, en vona, að menn greiði þessari tillögu atkvæði sitt.

Gísli Sveinsson: Það er óþarft að lengja mikið umr. um þetta mál. Jeg vildi láta í ljós undrun mína yfir því, að þessi mikla bjargráðanefnd hefir ekki fundið neitt betra bjargráð en þessa till. Auðvitað kemur þessi till. ekki fram sem hugsjón þessarar nefndar, heldur frá nokkrum konum, kvenrjettindakonum, hjer í Reykjavík, er skrifað hafa bjargráðanefnd og beðist þess, að skipuð væri nú ný nefnd, þar sem þær gætu komist að. Það hefir komið fram í ræðum ýmsra þingmanna, að nóg sje komið af nefndum, og mun mega færa rök að því, að þetta mikla nefndafargan út af dýrtíðinni hafi orðið til svo mikils trafala, bæði hjer í bænum og úti um land, að ekki verði reiknað í peningum. Býst jeg því við, að svo gæti farið um þessa nefnd, að mikið færi til ónýtis af matvælum í höndum hennar. En jeg tel það ver farið en heima setið að skipa nefndir, sem ekki vita, hvað þær eiga að gera, og stjórnin því síður.

Hjer eru færð þau rök, að konur þurfi að vera í nefndinni til þess að sjá heimilum og hagtæringu(!!) matvæla borgið. Jeg skal geta þess, að jeg er hissa á því, að háttv. þm. Dala. (B. J.) skuli verða til þess að bera orðið „hagtæring“ hjer inn á þing. Það er orðskrípi, að jeg tel, og jeg kannast alls ekki við það. (B. J.: Vanþekking!). Jeg held, að það sje orðskrípi, sem almenningur úti um land skilur ekki. (E. A.: Eru Skaftfellingar svo illa að sjer?). Þess ber að geta um röksemdirnar fyrir þessari nefndarskipun, að svo er að sjá, sem hvorki þessar konur nje bargráðanefnd hafi annað í huga en að konur sjeu að eins til á sárfáum heimilum, og því þurfi konur í þessa nefnd, til að kenna karlmönnunum á konulausu heim-

ilunum hagtæringu(!!) matvæla. Jeg hygg þó, að konur muni vera á flestum heimilum, og þótt matreiðslukonur eða kvenrjettindakonur væru skipaðar í nefnd hjer í Reykjavík til að sulla saman matarefnum á ýmsan hátt, held jeg, að enginn mundi apa það eftir, að minsta kosti ekki fyr en sannreynt væri, að það væri til nytja. Í annan stað er jeg mjög efandi um, að það komi að haldi nú í dýrtíðinni, að reyna að treina matvæli með því að blanda þau á annan hátt en tíðkast hefir öldum saman hjer í landinu. Einnig ber þess að gæta, að þótt hægt sje hjer í Reykjavík að blanda saman ýmsum efnum, þá er ekki eins fjölskrúðugt úti um sveitir. Á sveitaheimilum eru tíðast að eins til einfaldar matartegundir, sem fólk hefir vanist að hagnýta sjer á vissan hátt.

Ef nokkuð er hægt að gera í því að kenna mönnum hagnýting matvæla, lægi miklu nær að fela Búnaðarfjelagi Íslands málið og styrkja það til að nota krafta þeirra sjerfræðinga, er það hefir ráð á, til að kenna landsmönnum þess háttar.

Jeg sje ekki, að þau rök hafi verið færð fyrir tillögu þessari, að til neins sje að samþykkja hana. Jeg tel hana blábert „humbug“ og mun greiða atkvæði móti henni.

Pjetur Ottesen: Eins og háttv. frsm. (B. J.) tók fram liggja þau drög til þess, að tillaga þessi kom fram, að brjef kom til bjargráðanefndar Nd. frá nokkrum konum hjer í Reykjavík, í hverju þær bera sig upp undan því, að konum hafi ekki verið gefinn kostur á því að taka þátt í þeim opinberu ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið út af dýrtíðinni hjer á landi. Þegar málið var til umræðu í nefndinni, voru allir á einu máli um það, að rjettara hefði það verið þegar í öndverðu, og rjett væri, að hafa konur í ráðum í nefndum þeim, er skipaðar væri út af dýrtíðinni, og að af því mætti gott leiða. Hitt var nefndin ekki öll eins sammála um, hvort það mundi koma að verulegum notum eða ná tilgangi sínum að fara nú að bæta úr því, sem landsstjórn og bæjarstjórnum kynni að hafa missjest í þessu efni, með því að skipa nú sjerstaka nefnd í Reykjavík, í viðbót við allar þær nefndir, er fyrir eru, til að koma að sjerþekkingu kvenna á þessum málum. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) og jeg ljetum í ljós, að við værum í mjög miklum vafa um, að þetta mundi koma almenningi að fullum notum, og bentum á, að eins mætti auka starfskrafta nefnda þeirra, sem til eru fyrir, með því að bæta í þær konum, t. d. í matvælanefndina í Reykjavík og aðrar samskonar nefndir úti um land. Not slíkrar starfsemi mundi verða þeim mun betri og drýgri, sem hún væri dreifðari og næði betur beint til fjöldans. Eins er jeg viss um það, að búnaðarsamböndin muni, þrátt fyrir alla örðugleika, sem á því eru, reyna að halda í horfinu með húsmæðranámsskeiðin, sem þau hafa haldið víðs vegar um landið með góðum árangri. Markmið húsmæðranámsskeiðanna er einmitt þetta, að kenna fólkinu haganlega samsetningu matvæla, og þá auðvitað æfinlega valdar til fræðslunnar þær konur, sem eru þaulæfðar og vel að sjer í þessari grein. Er mjer kunnugt um, að námsskeiðunum verður haldið áfram þar sem jeg þekki til, og býst jeg við, að svo verði víðar. Held jeg því, að ef menn vilja gera eitthvað í þessa átt, væri betra að styrkja húsmæðranámsskeiðin eitthvað frekar en verið hefir. Held jeg, að sú aðferð muni reynast hagkvæmari en að setja nefnd hjer í Reykjavík, er svo ætti að fræða fólkið úti um landið með ritlingum og fyrirlestrum um þetta mál. Okkur virtist því, sem árangur þessarar nefndarskipunar mundi verða nokkuð vafasamur, en hins vegar hefði

slík nefndarskipun að sjálfsögðu allverulegan kostnað í för með sjer. Af þessum ástæðum getum við ekki verið háttv. samnefndarmönnum okkar samferða um það að styðja þessa tillögu.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal eigi þreyta háttv. deild með langri ræðu; málið er varla þess vert, enda búið að taka ýmislegt fram um fánýti þessarar tillögu.

Mjer kom í hug danska spakmælið: „Jo galere, jo bedre", þegar jeg las tillöguna; hún á svo skylt við margt af því fálmi, sem þessum dýrtíðarmálum fylgir. Þessar sífeldu nefndir, með óvenjulegum verksviðum, lenda í ógöngum og skemma stundum fremur en bæta.

Nýlega var hjer í deildinni athugað starf verðlagsnefndar um hámarksverð á smjöri, og þóttu lítil höpp hafa af hlotist. En svona hefir þetta oftar farið. Verðlagshámark hefir verið ákveðið hjer í Reykjavík á vörum, sem seldar hafa verið skaplegu verði úti um land, og afleiðingin orðið, að vörurnar hafa stigið þar óðar að hámarksverði, og neytendum þannig sköpuð erfiðari kjör en þörf var á.

Þetta stranga eftirlit og úthlutun frá opinberri hlið getur átt við í bæjum og verstöðum, en ekki í sveitum. Yfir bæjunum vofir hættan, og ráðstafanir, sem gerðar eru með þessum eftirlitsnefndum, verða að miðast við þá staði, sem þeirra hafa þörf. Jeg hefi enga trú á því, að þessi nefndarskipun, sem hjer er ráðgerð, verði að nokkru liði úti um land, eða jafnvel, að starfsemi nefndarinnar nái nokkuð verulega til sveitanna. Mjer er sem jeg sjái þessar 3 konur úr Reykjavík í leiðangri sveit úr sveit um þvert land og endilangt, prjedikandi, og ávöxtinn af starfi þeirra og fortölum, — sem jeg sjái þær heim komnar á miðjum vetri á skíðum úr fyrirlestraferðum, og ferilinn allan stráðan heilræðum, sem fæstir geta hagnýtt.

Jeg tel alveg rjett að fella till. frá 2. umr., og mun gera það, sem í mínu valdi stendur til þess, að svo verði gert. Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir að öðru leyti tekið svo ljóslega fram um missmíðið á till., að jeg hefi þar engu við að bæta. Það þarf önnur og róttækari ráð til að afstýra dýrtíðarvandræðunum en í þessari till. felast. Sum þessara vandræða eru ískyggileg og taka helst til bæjanna, en sum eru meir ímynduð en veruleg.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg stend að eins upp til þess að þakka hv. þingmönnum undirtektir sínar. Þetta er auðvitað ekkert stórmál, heldur að eins lítill angi af því almenna, að rjett sje að njóta ráða þeirra, er vita betur og kunna. Hvort menn vilja brjóta þennan anga eða hlynna að honum, læt jeg mjer liggja í ljettu rúmi, því að menn eru því vanir að traðka á því, sem stærra er. Sjerstaklega vil jeg þakka hv. þm. Borgf. (P. O.) hans góðu meðmæli. Öll ræða hans var eintóm tilmæli til deildarinnar að samþ. till., og vona jeg, að hann greiði till. atkvæði, til þess að fylgja sannfæringu sinni.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talaði aðallega um eitt orð. Eins og hann veit er jeg ekki vanur að hlaupa með málskrípi. Í þessu atriði stendur svo á, að jeg veit, en hann ekki.

Heldur fanst mjer það einkennilegt, er hann dró þá ályktun af orðum mínum, að kvenfólk væri ekki til á Íslandi, nema á einstöku heimilum Vona jeg, að hann neyti ekki oft slíkra ályktana í starfi sínu. Jeg ætlaði, að nefndin ætti að vera íslenskum húsmæðrum til ráðuneytis. Karlmenn ættu auðvitað líka að geta lært af starfi þessarar nefndar og rannsóknum. Og svo segir mjer hugur um, að mörg húsmóðirin mundi þakka fyrir að hafa til ráðuneytis nefnd kvenna, ásamt sjerfróðum efnafræðingi, er rannsakað gæti ýmsa þá

hluti, er að matgerð lúta. Um þetta þarf ekki að ræða. En þetta var aðalatriðið í ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) Einkum bar þó á því í ræðunni með fyrirsögninni „Jo galere, jo bedre". Ræðumaður (Sv.Ó.) gaf ræðunni sjálfur þessa yfirskrift, og var ekki hægt að velja betur. Ræðan var algerlega í samræmi við yfirskriftina.

Pjetur Ottesen: Það mun enginn nema hv. þm. Dala. (B. J.) hafa skilið ræðu mína sem meðmæli með þessari tillögu, sem þessi þm. virðist hafa tekið svo miklu ástfóstri við, því að jeg er, eins og jeg tók skýrt fram, eindregið á móti því, að þessi nefnd verði skipuð. Ekki svo að skilja, að jeg efist um, að starfsemi kvenna geti verið mjög góð, einnig á þessu sviði, ef þær gætu notið sín. En jeg er hræddur um, að þessi nefndarskipun kæmi ekki að tilætluðum notum. Jeg er ekki í neinum vafa um, að húsmæðranámsskeið kæmu að miklu meiri notum heldur en prentaðir bæklingar, þótt þeim væri dreift út um landið. Jeg geri sem sje ekki ráð fyrir, að konur þær, sem skipuðu þessa nefnd, færu að ferðast um landið til að halda slík námsskeið. Starfsemi þeirra mundi eingöngu verða fólgin í því að gefa út bæklinga til leiðbeiningar, og á því er ekki ávalt mikið að græða.

Háttv. þm. Dala. (B.J.) þarf ekki að koma ókunnuglega fyrir, hvernig jeg stend í þessu máli. Jeg skýrði frá því í nefndinni, að jeg mundi verða á móti tillögunni, þó að jeg setti mig ekki upp á móti því, að tillagan væri borin upp í nafni nefndarinnar.

ATKVGR.

Tillgr. feld með 16:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., E. A., J. B., M. G., P. J., Þorst. J.

nei: B. K., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

Tveir þm. (J. M. og M. P.) fjarstaddir.

Till. því

fallin.

6. Hagnýting á mó og kolum.

Á 53. fundi í Nd., fimtudaginn 6. sept., var útbýtt.

Tillögu til þingsályktunar um hagnýting á íslenskum mó og kolum til eldsneytis (A. 813).

Á 54. fundi í Nd., föstudaginn 7. sept., var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Á þgskj. 813 má sjá það, að bjargráðanefnd Nd. hefir komið sjer saman um að flytja þessa till., og er þar í greinargerðinni nákvæmlega skýrt frá því, hvað um er að vjela. Aðalefni þeirrar greinargerðar er tekið úr fyrirlestri, sem Thaulow, forgöngumaður þessa máls í Noregi, hefir haldið þar. Er þetta mál nú mikið áhugamál í Noregi, ekki eingöngu vegna styrjaldarinnar, sem valdið hefir ákaflegri verðhækkun á eldsneyti, heldur og vegna síðari tíma, svo að landið hafi úr eigin skauti alt í æðakerfi viðskiftanna. Þetta getur orðið svo merkt mál í framtíðinni, að nefndinni þykir vert að láta stjórnina íhuga það; lengra getur nefndin ekki búist við að stjórnin geti gengið en að athuga framfarir, sem orðnar eru í kolmóstekju í Svíaríki, en þar hefir þeim mjög fleygt fram á síðustu tímum, sem sjá má á bls. 3 í fyrnefndri greinargerð (sjá A, bls. 1243). Mundi þá haganlegast, að stjórnin sendi

mann til þess að sjá þessar stofnanir og starfrækslu þeirra. Þessi Thaulow, sem fyr nefndi jeg, fór einmitt í slíka sendiför fyrir norsku stjórnina, með erindisbrjefi frá henni, og var honum vel tekið og leyft að kynna sjer þetta. Nú er því á kominn fullur áhugi í Noregi að hrinda þessu máli fram sem fyrst.

Það er nú vitaður hlutur, að hjer á landi er gnægð til af mó, og mundi það því hafa mikinn sparnað í för með sjer, ef menn gætu hagnýtt sjer þetta eldsneyti betur, en ósvinna væri að setja upp slíkar stofnanir, nema sjeð væri, hvernig þeim væri fyrir komið annarsstaðar í heiminum. Fyrir því þótti rjett að heimila stjórninni fjárveitingu til þess að senda mann utan í þessum erindagerðum, en þar með þá einnig að athuga nákvæmlega töflugerð Þjóðverja úr mókolum, sem mjög hefir aukist hin síðari ár. Hugði nefndin, að stjórninni þætti betra að fá heimild fyrir fjárveitingu í þessu skyni heldur en að taka það upp hjá sjálfri sjer. Býst jeg því við, að stjórnin taki till. vel.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. í e. hlj.

Á 57. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. sept., var till. tekin til síðari umr. (A. 813, 861).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um hagnýting á íslenskum mó og kolum til eldsneytis,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 896).

Á 56. fundi í Ed., fimtudaginn 13. sept., vár till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

Tillgr. feld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. D., M. K., M. T., S. E., G. Ó., Jóh. Jóh.
nei: E. P., G. G., H. St., H. Sn., K. E., G. B.

Tveir þm. (H. H. og S. J.) fjarstaddir.

Till. því *fallin*.

Mál, vísað til landsstjórnarinnar, tekin aftur og ekki útrædd.

I.

Vísað til landsstjórnarinnar.

1. Stimpilgjald.

Á 9. fundi í Nd., föstudaginn 13. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stimpilgjald (A. 55).

Á 11. fundi í Nd., mánudaginn 16. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Stefánsson): Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um frv., enda ætti þess ekki að þurfa, þar sem aðalástæðurnar fyrir því eru teknar fram í ástæðunum, er fylgja frumvarpinu. Aðalástæðan, sem er öllum kunn, er sú knýjandi þörf á að afla landssjóði tekna, sem öllum má vera augljós. Því að þótt ekki sje litið nema til dýrtíðarmálanna, hljóta allir að sjá, að þær tekjur, sem landssjóður hefir nú, muni lítt hrökkva til að ráða fram úr þeim. Auk þess skortir fje til fjölmargra nauðsynjafyrirtækja, með öðrum orðum, það vantar tilfinnanlega afl þeirra hluta, sem gera skal. Það er því ekkert undarlegt, þegar menn líta yfir ástandið, að menn þá um leið skygnist eftir meiri tekjum og nýjum leiðum til að afla þeirra. Hjer í frv. er bent á eina slíka leið. Málið er að vísu ekkert nýmæli; það kom fyrir síðasta reglulegt þing, flutt þá af hv. 2. þm. Rang. (E. J.) og hv. þm. Dala. (B. J.). Þá var kosin nefnd til að athuga málið, en hún klofnaði. Meiri hluti hennar vildi ekki sinna málinu, en minni hlutinn kom fram með nokkrar breytingartill. við frv. En svo þegar farið var að ræða málið á þingfundi, kom fram rökstudd dagskrá frá hv. 1. þm. Reykv. (Sv. B.), sem fal stjórninni að undirbúa málið undir næsta þing. Nú hefir stjórnin ekkert látið til sín heyra í þessa átt. Höfum við flm. því leyft okkur að flytja þetta frv. og gera þannig tilraun til þess, að þær tekjur fáist í landssjóð, sem það bendir til.

Sennilega hefir rökstödda dagskráin á þinginu 1915 verið samþykt meðfram vegna þess, að málið kom þá svo seint fyrir þingið, að naumast hefði unnist tími til að athuga það svo, sem nægilegt var. Við þessu

höfum við viljað gera, með því að koma í tíma fram með málið, svo að tök verði á að gera á því endurbætur, enda er okkur það ljóst, að þess muni þurfa að ýmsu leyti. Frv. er tekið eftir milliþinganefndarálitinu frá 1907, og væntum við þess, að frumvarpið fari svo út úr þinginu, að vel verði við unandi. Reynslan mun svo leiða í ljós, hverjar breytingar eru hagfaldastar í framtíðinni. Fjölyrði jeg svo ekki meir um þetta frv., en leyfi mjer að gera það að tillögu minni, að því verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til fjárhagsnefndar.

Bjarni Jónsson: Jeg vil að eins bera fram örstutt þakkarávarp til hv. flutningsmanna þessa frv., því að mjer þykir ávalt vænt um, þegar borin eru fram frumvörp, sem jeg hefi áður komið með, en þingið hefir drepið fyrir mjer. Jeg skal geta þess, úr því að jeg á annað borð er að flytja þetta þakkarávarp, að það er undarlegt, hve sárt menn finna til þess, að sum mál eru illa undirbúin. Þetta mál, sem nú er á döfinni, var fyrst tekið til meðferðar af milliþinganefnd, svo á 2 þingum og síðast af þessum hv. flm. Aftur á móti man jeg eftir öðrum frv., sem hafa dottið inn í deildina sem dögg af himni eða frjósamar árstíðir, og verið rekin í gegn með svo miklum hraða, að 5 mínúturnar hafa verið sem 2 nætur, og með afbrigðum frá þingsköpum hafa farið fram 6 umræður á 2 tímum.

Þetta er auðvitað nokkuð undarlegt, en jeg skal nú samt ekki tefja tímann með því að fara frekar út í þá sálma. Jeg vona að eins, að þingmenn sjái, hve því um líkt er sjálfu sjer samkvæmt og þingmannlegt.

Fjármálaráðherra (B. K.): Það er rjett hjá hv. flm. (St. St.) að milliþingan. hefir haft þetta mál til meðferðar og lagt til, að það yrði samþykt. Síðan kom það inn á 2 þing, en var, eins og kunnugt er, ekki samþykt, heldur tók þingið aðra leið, sem sje þá að hækka þinglestrargjöld. Það er því í raun og veru búið að koma þessu gjaldi á. Jeg er hræddur um, að ef meir á að íþyngja þinglestri, þá hætti menn að þinglesa nema í ítrustu neyð. Á þetta var bent síðast þegar málið var til umræðu, og jeg held, að málinu hafi verið vísað til stjórnarinnar meðfram með það fyrir augum, að það dæi í höndum hennar. Það er hægur dauðdagi fyrir mál að vera vísað til stjórnarinnar, og vera svo lagt þar í gröf eða kistulagt, eða hvað menn vilja kalla það. Til þess hefir og verið ætlast af þinginu, er það vísaði þessu máli til stjórnarinnar síðast.

Mjer finst varla vert að hækka þetta gjald. Jeg benti á síðasta þingi á aðra leið til að fá inn svipað en sanngjarnara gjald, nefnilega gjald af víxlum og kvittunum, sem gengju manna á milli. Á Englandi er hið svokallaða pennygjald haft fyrir hærri kvittanir en 2 sterl.pd., „pennystamp“. Það mundi muna dálítið um það. Það gjald hefir ekki verið innleitt enn hjer, yrði ekki tilfinnanlegur skattur, og til þess þyrfti lítinn útbúnað. Það mætti nota til þess algeng frímerki, eins og á Englandi. Jeg vil og benda á, að eins og stendur er hjer um bil alveg ómögulegt og óframkvæmanlegt að fá tæki og efni, nema með afskaplegu verði, og held jeg því, að rjettara væri að fresta þessu frv.

Heppilegast tel jeg, að þessu gjaldi yrði breytt í stimpilgjald af víxlum, og sjerstaklega af útlendum víxlum, því að nú sem stendur er ekkert gjald af þeim greitt.

Helst vildi jeg, að farið yrði með þetta frv. eins og 1915, að vísa því til stjórnarinnar. Hún prjónar þá upp úr því það, sem hún álítur heppilegast, en hvað það verður, sem hún leggur til, get jeg ekki sagt um nú, að óhugsuðu máli.

Jeg vildi einungis gefa þeirri nefnd, sem málið fær til meðferðar, þessar bendingar, því að jeg tel það ógerlegt að samþ. frv. eins og það nú liggur fyrir.

Flm. (Stefán Stefánsson): Jeg bjóst síst af öllu við því, að stjórnin sjálf myndi gefa hjer þá yfirlýsingu, að hún skoðaði sig sem nokkurskonar drekkingarhyl fyrir þau mál, sem til hennar er vísað, eða, með öðrum orðum, að hún skoðaði það sem skyldu sína að veita þeim þingsályktunum og dagskrám, sem afgreiddar eru til hennar, hægt og rólegt andlát, eins og hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) komst að orði.

Satt að segja, bjóst jeg við, að einhverjar framkvæmdir yrðu hjá stjórninni út af dagskránni, sem þetta mál var afgreitt með 1915, en þó gegna næstum meiri furðu undirtektir hæstv. fjármálaráðh. (B.K.) nú undir þetta mál, vitandi fjárhaginn, sem fyrir liggur. Það er engin ástæða til að skilja dagskrána 1915 svo, sem þingið þá óskaði þessu máli komið fyrir kattarnef, því að þótt þá kæmi fram sviplík skoðun hjá einum þingmanni og nú hjá hæstv. fjármálaráðh. (B.K.) um, að þetta mál væri best komið í gröfinni, þá var það síður en svo, að slíkt væri nokkuð alment álitið, enda mundi þá dagskráin ekki hafa verið samþ.

Annars vil jeg bæta því við það, sem jeg hefi áður sagt, að þetta frv. er ekki *eingöngu* fram komið vegna vilja okkar flutningsmanna, heldur var málið líka rætt á mjög fjölmennum þingmálafundi í Eyjafirði og þar samþykt í einu hljóði tillaga um, að stimpilgjald yrði leitt í lög á þessu þingi. Við höfum því vilja kjósenda okkar með okkur í þessu máli, og jeg hefi ástæðu til að ætla, að því verði ekki illa tekið af landsbúum yfir höfuð, að málið nái fram að ganga. Almenningur sjer það vel, að þörf er á að fá fje í landssjóð, og það einnig, að hjer er um rjettlátt gjald að ræða, sem einkum greiðist af efnamönnum og fjárbröskurum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1608) í e. hlj.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 55, n. 171).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Að fjárhagsnefnd hefir mælt með þessu frv. kemur ekki til af því, að henni finnist æskilegt að leggja þau höft á viðskiftalífið, sem stimpilgjald óneitanlega gerir. Nefndinni fanst, að, eins og nú standa sakir, væri nauðsynlegt að afla landssjóði tekna, og stimpilgjald er nokkurn veginn víst gjald, en tollar og þess háttar tekjur eru á yfirstandandi tíma óvissar. Nefndinni var líka ljóst, að á yfirstandandi þingi væri ekki hægt að taka til endurskoðunar skattalöggjöfina í heild, meðal annars af því, að svo getur farið, að vjer að ófriðnum loknum verðum að breyta öllu okkar skattakerfi og laga það ef til vill eftir sköttum annara þjóða, sem vitanlega munu, að loknum ófriðnum, reyna að velta sköttum á hlutlausar þjóðir. Og ef svo fer hjer á landi, að miklar eignir safnast á einstakar hendur, verður að ná sem mestum sköttum af þeim. Af þessu leiðir, að ekki er hægt að eiga við skattalöggjöfina nú, nema til bráðabirgða, og þetta frv. er því að eins bráðabirgðabót. Það kann að sönnu að sýnast hart að leggja þetta gjald jafnt á alla, sem viðskifti hafa, og eigi er það heldur eftirsóknarvert að leggja höft á kaup og sölu, en þó eru kaup og sölur oft óþarfi, og ef eingöngu er um fjárbrask að ræða, er

skatturinn alls ekki viðsjárverður, og þar mun hann gefa drýgstar tekjur. Allir skattar koma að einhverju leyti ranglátlega niður, svo að eigi er að undra, þótt svo kunni að verða um stimpilgjaldið.

Hvað snertir sjálft frv., þá er það sniðið eftir frv. skattamálanefndarinnar 1907, en nefndin hefir líka haft til hliðsjónar það, sem talað hefir verið um málið á síðari þingum, tínt til úr þeim umræðum og brtt., sem fram hafa komið, það, sem hún hefir álitið best, og bætt allmiklu við frá sjálfri sjer.

Ein af þeim brtt., er máli skifta, er við 6. gr., sem sje sú, að stimpla byggingarbrjef og leigusamninga, erfðaskrár, dánargjafir og gjafarfa, með föstu gjaldi. Enn fremur hefir nefndinni virst rjett að fella úr sömu grein ákvæðin um stimplun rjettarskjala, því að nú er orðið svo dýrt að leita rjettar síns að lögum, að tæplega dugir að leggja frekari gjöld á þá menn, sem þess þurfa. Þá leggur og nefndin til, að bætt verði inn í frv. nýrri grein, er verði 7. gr. Það er langstærsta brtt. nefndarinnar, og gengur út á að stimpla alla víxla eða ávísanir, sem seljast í bönkum eða öðrum lánsstofnunum, svo og óþinglesin skuldabrjef, er einstakir menn eða fjelög selja slíkum stofnunum, stimpla slík brjef með 50 aurum af hverju þúsundi, eða broti úr þúsundi, er víxill, skuldabrjef eða ávísun nemur. Jeg held, að þetta gjald nemi naumast minnu en 30—40 þús. kr. á ári. Landsbankinn keypti á síðasta ári víxla og sjálfsskuldarábyrgðarbrjef fyrir um 23 milj. kr., og jeg geri ráð fyrir, að Íslandsbanki hafi keypt fyrir meira. Það er því óhætt að gera ráð fyrir 50 milj. kr. umsetningu á þessum verðbrjefum, og ef tekið er 50 aura gjald af hverjum þúsund kr., nemur það 25000 kr. á ári, en svo er takandi tillit til, að ef 50 aurar verða líka greiddir af parti úr þúsund kr., eykst upphæðin töluvert við það. Að öllu samantöldu má gera ráð fyrir, að tekjur þær, er fást inn með þessu frv., ef það verður að lögum, muni nema, ef viðskiftalífið helst óbreytt, alt að 100000 kr. á ári. Eignir hafa hækkað stórum í verði nú á síðustu tímum, og jafnframt hækkar þessi skattur. Um aðrar brtt. skal jeg svo ekki fjölyrða; þær eru flestar lítilfjörlegar, eða að eins orðabreytingar.

Sveinn Ólafsson: Jeg vil gera grein fyrir atkvæði mínu, sem jeg mun greiða móti þessu frv., fyrir þá sök, að jeg hefi enga verulega trú á, að þetta verði nokkur verulegur gjaldstofn, og enda þótt svo yrði í framtíðinni, þá er það ekki tímabært nú. Umstangið og óþægindin, sem af þessu stimpilgjaldi leiða í viðskiftum, hljóta að verða miklu meiri en landssjóðstekjunum nemur. Jeg veit vel, að nauðsyn ber til að reyna að finna leiðir til að auka tekjur landssjóðs, en þær leiðir, sem farnar verða, mega ekki baka gjaldendum meiri óbein gjöld en þeim beinu nemur.

Jeg hygg auðgert að benda á greiðfærari leið en þessa til að ná inn nokkrum þúsundum, þótt ekki væri nema að láta allar niðurjöfnunarnefndir í landinu jafna niður ákveðnum nefskatti, sem svarar einni kr. fyrir mann hvern. Þær jafna þá vitanlega helst á þá, sem færastir eru um að bera byrðarnar. Stimpilgjald yrði miklu ranglátara, því að það hittir engu fremur stórefnamenn og fjárbraskara en fátæklinga. Til dæmis er nú algengt orðið að greiða smáskuldir, eins og vinnulaun, með tjekkum og ávísunum, og á illa við að skattleggja þau viðskifti. Ekki eru heldur allir þeir, er vilja fá sjer hjónavígsluleyfisbrjef, neinir stóreignamenn, en einnig þá á að tolla. Enn kemur eitt til greina, og það eru lögin frá 1911, um aukatekjur landssjóðs. Jeg held, að í þeim sjeu sjerstakar ástæður fyrir hendi, sem mæli móti

stimpilgjaldi, því að þinglestrargjald var hækkað eftir þeim lögum, með tilliti til þess, að það kæmi að nokkru leyti í stað stimpilgjalds. Það er því algerlega órjett að leggja þetta gjald ofan á þinglestrargjaldið. Hvað sem segja má frv. þessu til gildis, þá verður það aldrei einfaldleikinn, og þess þykist jeg viss, að flytjendur þess hafi ekki haft fyrir sjer kenningarnar um einfalt líf, þegar þeir sömdu það; svo átakanlega brenglar það og flækir öll viðskifti.

Bjarni Jónsson: Ekki einfalt líf, en einfalda skynsemi. Annars hygg jeg, að ekki þurfi að sýna mikla einfeldni í viðskiftum, þótt stimpilgjald yrði leitt í lög. Jeg hefi komið með þetta mál áður inn á tvö þing, og er hv. flutningsmönnum þakklátur fyrir, að þeir koma með það nú, og sömuleiðis nefndinni, sem um það hefir fjallað. Jeg sje, að hún hefir nú notað það nýtilegt, sem fram hafði komið á fyrri þingum í þessu máli. Ekki get jeg fallist á það, að öll viðskifti þurfi að verða flóknari, þótt stimpilgjaldið verði lögleitt, og þótt menn verði að kaupa stimpilmerki á sama hátt og frímerki. Það er svo einfalt, að þetta er að því leyti fundið fje. Þetta er að því leyti mjög rjettlátt gjald, að landssjóður fær með því tekjur af ýmsum stórkaupum og sölum, sem ekkert fengist af ella. Það, sem helst lendir á almenningi, eru þessir 50 aurar af víxlum og ávísunum, en ef það er mjög tilfinnanlegt gjald, finst mjer ekki síður ástæða fyrir hv. 1. þm. S.-M. (Sv.Ó.) að krefjast þess, að bankarnir leggi niður þann ósið, að hækka forvexti af víxli, ef nýr víxill er tekinn í stað gamals. Það er ósæmilegt gjald, og væri nær að krefjast breytingar á því heldur en kvarta undan þessu stimpilgjaldi. (Sv. Ó.: Það eru viðskiftamennirnir, en ekki bankinn, sem borga stimpilgjaldið). Það er rjett, en það eru líka viðskiftamennirnir, sem borga hitt.

Jeg ætla ekki að halda langa ræðu, því að jeg er alveg samþ. hv. frsm. (M.G.). Það er vitanlegt, að rjettlætið er ekki heilt, enda mun leitun á þeim skatti, sem aldrei getur komið ranglátlega niður. Jeg held því, að hv. þingheimur geti með góðri samvisku samþykt þetta stimpilgjald, því að það er rjettlátara en flestir aðrir tekjustofnar landssjóðs, að öllum tollum meðtöldum.

Þorsteinn Jónsson: Hv. frsm (M. G.) tók það að vísu fram, hverjar ástæður fjárhagsnefndin hafði til að mæla með frv. Jeg var áður á þeirri skoðun, að það væri neyðarúrræði að ganga þessa leið, en sje þó engar leiðir færilegri en þessa, ásamt öðrum þeim leiðum, er fjárhagsnefndin ætlar að fara, til að ná peningum í landssjóðinn. Eins og hv. frsm. (M. G.) tók fram, er það ekki meining fjárhagsnefndar að fylgja þessum lögum fram nema um stundarsakir, eða meðan ekki er fundinn fastur grundvöllur undir skattalöggjöfina.

Hv. 1.þm. S.-M. (Sv.Ó.) áleit heppilegra að jafna þessu gjaldi niður á öll hreppsfjelög í landinu, og þau jöfnuðu því síðan á hreppsbúa, eins og aukaútsvari. Slík niðurjöfnun yrði mjög af handahófi. Það er ekki rjett að jafna því niður á hreppana eftir fólksfjölda, því að viðskiftaveltan og fjármagn hreppanna fer ekki líkt því alt af eftir höfðatölu.

Mjer er fullljóst, að þetta gjald er leiðinlega margbrotið, og mikil fyrirhöfn við að innheimta það, en í flestum tilfellum verður það þó ekki tilfinnanlegt, því að hjer er oftast um smáupphæðir að ræða, sem lítið munar um. Ef um stórar upphæðir og stóra víxla er að ræða, eiga vanalega í hlut stóreignamenn eða stór-

braskarar, og er líklegt, að þeir verði ekki lengi að ná upp sem svarar þessu gjaldi, ef þeir fá peninga í hendur sínar, svo að bankalánin verða þeim gróðavegur. Jeg er, sem sagt, ekki vel ánægður með þetta gjald, en verð þó að vera því fylgjandi, að það verði lagt á, því að jeg álít ekki sæmilegt af þessu þingi að skilja svo við fjármálin, að það reyni ekki að auka tekjur landssjóðs.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg vildi einungis segja nokkur orð í sambandi við það, sem jeg sagði um daginn. Hugur þingsins var fallinn frá því að samþykkja þessi lög, því að þau voru að nokkru leyti tekin upp í önnur lög, nefnilega aukatekjulögin, þegar hækkuð voru þinglestrargjöldin. — Jeg get ekki annað sagt en að mjer þykir hv. fjárhagsnefnd vera nokkuð sparsöm á þeim tillögum sínum, sem hún ætlast til að veiti landssjóði tekjur, því að það má segja um þetta frv., að þótt það verði að lögum, þá hefir það tiltölulega litla þýðingu fyrir landssjóðinn, því að tekjuaukinn er svo óverulegur, að ekki munar nema 25—30 þús. kr. á ári, og auk þess hlýtur að ganga frá mjög mikill kostnaður við innheimtu gjaldsins. Auk þess eru lögin ekki nægilega skýr. Þau þyrftu að vera talsvert lengri og ítarlegri til þess, að þau kæmu að fullum notum, og auk þess vera meir í samræmi við líka löggjöf annara landa. En einkum vildi jeg benda nefndinni á, að nauðsynlegt er, að tekjurnar sjeu teknar í einu í stórum stíl. Jeg segi þetta ekki sem neinar ákúrur til nefndarinnar, heldur sem bendingar.

Það, sem jeg vildi einkum minnast á, eru nýmæli nefndarinnar, að láta stimpilgjaldið ná til bæði víxla og ávísan. Jeg veit ekki, hvort nefndin á hjer einnig við að láta gjaldið ná til tjekka. Um þetta er það að segja, að tjekkar eru víðast hvar í heiminum gjaldfrjálsir, jeg held alstaðar nema í Englandi, þar sem lagt er á þá „penny"-gjald. Jeg held, að það sje mjög misráðið af deildinni, ef hún lætur stimpilgjaldið einnig ná til tjekka, því að hjer horfir talsvert öðruvísi við en annarsstaðar í heiminum. Hjer er nefnilega það mikill siður, að kaupmenn nota bankana fyrir kassabók og gefa út tjekkávísanir jafnvel á 1—2 kr. Það kæmi því mjög illa við að verða að borga kr. 0,50 af hverri tjekkávísun, sem gefin væri út. Jeg held líka, að það sje regla alstaðar í heiminum, að víxlar, sem borgast innan 3 daga, sjeu gjaldfrjálsir. Þá er einnig annað atriði í sambandi við víxlana, og það er sú tillaga nefndarinnar, að framlengdir víxlar skuli vera skattskyldir. Erlendis eru víxlar altaf, eða svo að segja altaf, greiddir á gjalddaga, en hjer er miklu tíðara, að víxlar sjeu framlengdir. Þegar nú sumir víxlarnir eru svo smáir, að ekki nema nema 10 kr., þá er auðsætt, að slíkt kemur mjög illa við, þar sem minstu forvextir, sem teknir eru, eru kr. 1,00. Jeg held, að rjett væri, að stimpilgjaldið næði ekki til smærri víxla en 100 kr. Erlendis er stimpilgjald af víxlum miðað við tímalengd þeirra. Hjer stendur dálítið öðruvísi á. Hjer eru notaðir 12 mánaða víxlar eða sjálfsskuldarábyrgðarlán, og kæmust þeir því miklu ljettara út af því en hinir víxlarnir, sem altaf þarf að vera að framlengja. Jeg þekki, síðan jeg var bankastjóri, víxil, sem borgaðist á 10—20 árum. Af öllu þessu er auðsætt, að hjer þarf margs að gæta, og betra er að flaustra ekki af neinu. Jeg bendi nefndinni einungis á þetta og vona, að hún taki það til athugunar. Sömuleiðis þarf hún að koma sjer niður á það, hvort taka skuli stimpilgjald af erlendum víxlum, sem einungis eru sendir hingað til „accept". Rjettast þætti mjer að miða gjaldskylduna einungis við nýja víxla og ekki styttri en 6 mánaða.

Gísli Sveinsson: Af því, að svo sjerstaklega stendur á, að nefndin mælir fram með frv. með hangandi hendi, þá er ekki ófyrirsynju, að fleiri taki til máls, sjerstaklega af því, að það hefir kent ekki lítils misskilnings í ræðum sumra hv. þm.

Það hefir komið fram í ræðum þeirra hæstv. fjármálaráðh. (B.K.) og háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að þeir gerðu lítið úr þeim tekjum, sem landssjóður fengi, þótt frv. yrði að lögum. Það dugir ekki í þessu sambandi að einblína á skattanefndina 1907. Þeir sáu engin tök á að reikna út, hvað gjaldið mundi nema. Þeir áætlaðu því ekki neitt annað en það, hvað það mundi nema *minst*. Þótt ekki sje nú gengið út frá, að hið almenna stimpilgjald nemi meiru en því, sem sú nefnd áætlaði, sem vitanlega nær ekki nokkurri átt, þá bætist nú svo mikið við hjer, samkvæmt tillögum fjárhagsnefndar um stimpilgjald, af öllum bankaafgreiðslum, að gjaldið verður að minsta kosti 50—60 þús. kr. — Þessir sömu háttv. þingmenn töldu báðir, að það mundi tæplega svara kostnaði að innheimta gjaldið. Það getur þó ekki verið meiningin, að þeir ætlist til, að greitt sje meira en 2% í innheimtulaun, svo að ekki yrði beini kostnaðurinn til mikils óhagræðis. Um óbeinu fyrirhöfnina þarf ekki að ræða í þessu sambandi, því að það er nú einu sinni svo, að þjóðfjelögin leggja hana á borgarana og meta hana ekki til peninga. En vitanlega eru það fleiri gjöld en stimpilgjald, sem hafa óbeina fyrirhöfn í för með sjer. Það hafa öll gjöld, og um slíkt fæst löggjöfin ekki.

Hæstv. fjármálaráðh. (B.K.) sagði, að ekki mætti samþ. þetta frv., því að stimpilgjaldið hefði áður að nokkru verið tekið upp við ákvörðunina á aukatekjum landssjóðs. Þetta er nú talsvert málum blandað, því að aukatekjurnar hafa ekki verið hækkaðar frá því, sem skattanefndin lagði til, nema þinglestrargjaldið dálítið. Það var sem sje ekki látið sitja við tillögur nefndarinnar um að láta hámark þinglestrargjaldsins vera 12 kr, og sett í staðinn kr. 1,00 af þúsundi. Það nær því ekki nokkurri átt að halda því fram, að stimpilgjaldið sje komið þarna í lög. Jeg skal þá loks minnast á orð hæstv. fjármálaráðh. (B.K.) um sparsemi fjárhagsnefndar að „skaffa“ landssjóði tekjur. Mjer virðist það koma úr hörðustu átt, að hæstv. fjármálaráðherra skuli koma fram með slík ummæli, þegar stjórnin sjálf hefir ekkert gert til þess að halda við tekjum landssjóðs eða auka við þær.

Aðalatriðið í ræðu hv. fjárm.ráðh. (B.K.) var um víxlana. Nefndin hafði ekki hugsað sjer að undanskilja „tjekka“, en álitamál er það nú samt, hvort það væri ekki betra, og væri rjett, að nefndin athugaði það nánar. Aftur á móti er nefndin mótfallin því, að ekki sje tekið gjald af lágum víxlum. Með því að gera það ekki væri gefið undir fótinn með að fara í kringum lögin, því að þá þyrfti ekki annað en taka nógu marga smávíxla, þótt maðurinn þyrfti að fá stóran víxil eða mikla upphæð alls. Líku máli gegnir með tímatakmarkið, þ. e. taka ekki gjald af „stuttum“ víxlum. Það mundi líka leiða til þess að farið yrði í kringum lögin, og því hlýtur nefndin að vera því mótfallin. Enda þeir eins vel færir að bera gjaldið, sem víxla taka til skamms tíma, eins og hinir; þeir eru einmitt einatt betur efnum búnir.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Skal ekki vera langorður. Byrja á að svara stuttlega háttv. 1. þm. S. M. (Sv. Ó.). Hann taldi ekki mundu borga sig að innheimta þessi gjöld. Jeg held, að við höfum önnur lög, sem valda meiri fyrirhöfn við innheimtu og gefa minni tekjur, því að slíkar tekjur sem þessar geta numið miklu, t. d. við skipakaup, sem velta á miljónum.

Sami hv. þm. (Sv. Ó.) taldi, að ekki

mundi nást í braskarana. Það er rjett, að ekki mundi nást í alla braskara með þessum lögum, en það mundi nást í marga, og því sjálfsagt að reyna þessa leið.

Hæstv. fjármálaráðh. (B. K.), hjelt, að tekjurnar mundu ekki nema meiru en svo sem 30 þús. kr. Jeg hafði þó tekið það fram áður, að tekjurnar mundu nema miklu meiru, og fært rök fyrir.

Nefndin hafði ekki sjerstaklega tjekka í huga, er hún ákvað, að láta gjaldið ná til ávísana, en það má athuga það til 3. umr., hvort rjett sje að láta gjaldið líka ná til þeirra.

Jeg sje ekki, á hverju það byggist, að hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) vill láta víxla, sem borgast við sýningu, vera undanþegna skatti. Jeg held, að þeir geti eins vel þolað skatt og hinir. Það varð sömuleiðis ofan á í nefndinni að taka líka með framlengda víxla, því að það er ómögulegt að sjá það í bókum bankans, hvað er framlengdur víxill og hvað ekki.

Hvað snertir smávíxla, 10 kr. víxla og aðra því um líka, þá ætti ekki að gera mikið til, þótt borga eigi af þeim 50 aura. Menn geta valið á milli, hvort þeir vilja heldur hætta við að taka svo lága víxla, eða borga þessa upphæð.

Annars hafa þessar athugasemdir, sem fram hafa komið, ekki sýnt annað en að hægt er að benda á tilfelli, þar sem þessi skattur kemur ranglátlega niður. En það dugir ekki að hengja sig í þau fáu tilfelli.

Hvað snertir reglurnar um stimplunina í 7. gr. frv., skal þess getið, að nefndin setti reglurnar svona einfaldar til að ljetta undir í byrjun. Hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) spurði, hvort víxlar, sem sendir eru til innheimtu eða samþykkis, falli undir þetta gjald. Svo er ekki. Það eru að eins víxlar, sem seldir eru, sem skatturinn er lagður á.

Sveinn Ólafsson: Háttv. þm. Dala. (B. J.) og háttv. framsm. (M. G.), sögðust furða sig á því, sem jeg sagði um niðurjöfnun landskatts. Það lag hafa þó frændur vorir Norðmenn, sem eru ekki taldir neinir glópar í löggjöf, tekið upp fyrir löngu. Er því óþarft að telja orð mín um það efni furðu- eða afkáraleg. Jeg kom reyndar ekki fram með beina tillögu um þetta, en benti á þetta eins og leið, sem hugsanleg væri, og ekki óliklegri en stimpilgjald. En það er alls ekki óhugsandi, að farið verði inn á þessa braut síðar meir, því að margt hvetur til, að svo verði gert. Annars skal jeg ekki fjölyrða um það nú.

Annað hafði háttv. frsm. (M. G.) misskilið, nefnilega það, sem jeg sagði um óbeinu útgjöldin, sem myndu leiða af því, ef stimpilgjaldsfrv. yrði að lögum. Jeg átti auðvitað við ferða- og tímakostnað þeirra manna, sem þyrftu að fara langar leiðir til þess staðar, þar sem stimpilmerkin fengjust. Það er engu líkara en að í frumv. sje gert ráð fyrir, að allir byggju í Reykjavík, því að ekkert tillit er tekið til þess, hvað við á úti um land. Í frv. er ekkert ákvæði um, hvar selja skuli stimpilmerkin, hvort það skuli gert í bönkunum, hjá sýslumönnum eða hvar. Ef nokkuð verður af frv. ráðið um þetta, þá er það hjá sýslumanni. Það getur komið sjer bagalega fyrir þá, sem eiga margar dagleiðir til sýslumanns. (M. G.: Þetta er alger misskilningur).

Þessi aðferð til að afla landssjóði tekna yrði býsna umfangsmikil, og það þó tekjurýr um leið. Enda væru og margar leiðir til að koma sjer undan ákvæðum laganna, t. d. um stimpilgjöld af víxlum sú, að taka marga lága víxla í staðinn fyrir einn háan. (G. Sv.: Það er ekki tillaga nefndarinnar). Satt er það að vísu, en það er engu síður hægt.

Fjármálaráðherra (B. K.): Í sambandi við það, hve nefndin tekur dauflega í að færa gjaldið niður, þegar um smáupphæðir er að ræða, skal jeg geta þess, að á Englandi er goldið 1 penny af 5 sterlpd., 2 pence af 10 sterlpd., 3 pence af 25 sterlpd. o. s. frv., á Frakklandi 5 cent. af 100 frcs., í Noregi 10 aurar af alt að 200 kr. víxlum, 40 a. af alt að 400 króna víxlum, 60 a. af 600 og 50 af 1000 kr. Jeg skal ekki geta nánar annara landa, sem taka ekkert stimpilgjald, eins og t. d. Bandaríkin. Alstaðar þar, sem stimpilgjald er lagt á, er tekið tillit til tímans og upphæðar, enda væri gjaldið annars mjög órjettlátt.

Frsm. (**Magnús Guðmundsson**): Það var alger misskilningur hjá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að senda þurfi með skjöl langar leiðir til að greiða stimpilgjald af þeim. Skjöl eru ekki stimpilskyld fyr en þau eru þinglesin, og öðlast fullt gildi strax við útgáfu þeirra, án nokkurrar stimplunar.

Hvað snertir ræðu hæstv. fjármálaráðh. (B. K.), vil jeg geta þess, að það er aðalatriðið fyrir nefndinni, að reglurnar um gjaldið sjeu einfaldar. Við því má og búast, að lög þessi verði bráðlega endurskoðuð. Viðvíkjandi orðum háttv. 1. þm. S. M. (Sv. Ó.), skal þess og getið, að stjórnarráðið mun sjá um, að nægilegar birgðir af stimpilmerkjum liggi hjá sýslumönnum. Hjá þeim gætu ýmsar stofnanir, sem þurfa að nota mikið af þeim, keypt svo mikið, sem þær vilja í einu.

ATKVGR.

Brtt. 170, 1. samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16 : 2 atkv.
2. gr. samþ. með 16 : 2 atkv.
— 170, 2. samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. með 16 : 2 atkv.
Brtt. 170, 3. samþ. án atkvgr.
— 170, 4. samþ. í e. hlj.
— 170, 5. samþ. í e. hlj.
4. gr., svo breytt, samþ. með 16 : 2 atkv.
— 170, 6. samþ. í e. hlj.
— 170, 7. samþ. í e. hlj.
5. gr., svo breytt, samþ. með 16 : 2 atkv.
— 170, 8. samþ. án atkvgr.
— 170, 9. samþ. í e. hlj.
— 170, 10. samþ. með 16 : 1 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 16 : 2 atkv.
— 170, 11. samþ. með 16 : 3 atkv.
— 170, 12. samþ. í e. hlj.
7. gr., svo breytt (verður 8. gr.), samþ. með 16 : 2 atkv.
— 170, 13. samþ. án atkvgr.
8. gr., svo breytt (verður 9. gr.), samþ. með 16 : 2 atkv.
— 170, 14. samþ. án atkvgr.
9. gr., svo breytt (verður 10. gr), samþ. með 16 : 2 atkv.
— 170, 15. samþ. í e. hlj.
10. gr., svo breytt (verður 12. gr.), samþ. með 16 : 8 atkv.
— 170, 16. samþ. með 16 : 2 atkv.
11. gr. þar með fallin.
— 170, 17. samþ. í e. hlj.
Orðabr. samþ. án atkvgr.
12. gr., svo breytt (verður 14. gr.), samþ. með 16 : 2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 3 atkv.

Á 24. fundi í Nd., föstudaginn 3. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 231, 250, 263).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Eins og háttv. deildarmenn muna komu fram nokkrar aðfinslur við 7. gr. frv. við 2. umr., aðallega frá hæstv. fjármálaráðherra (B. K.). Fjárhagsnefnd hefir nú tekið þessar aðfinslur til yfirvegunar, og árangurinn hefir orðið sá, að nefndin ber fram brtt. við 7. gr., á þgskj. 250. Brtt. þessi gengur aðallega út á að bæta inn stimpilgjaldi á erlendum víxlum, sem sendir eru til innheimtu bönkum hjer. Víxlar þessir nema miljónum á hverju ári. Allur kostnaður við greiðslu víxlanna fellur á eigandann, sem venjulega er útlendingur, svo að á þann hátt næst í töluverðar tekjur handa landssjóði, án þess að leggja álögur á landsmenn. Er gott að geta gert sem mest að því, og sjálfsagt að gera það, þegar hægt er að koma því við. — Svo er annað atriði brtt. það, að undanþiggja tjekkávísanir öllu stimpilgjaldi. Þessi breyting er gerð eftir bendingu hæstv. fjármálaráðherra (B. K.), sem nefndin hefir fundið ástæðu til að taka til greina, þar sem tjekkávísanir eru alment notaðar sem gjaldmiðill, í stað myntar eða seðla, og hljóða oft um smáupphæðir. Að sjálfsögðu rýrast tekjurnar af stimpilgjaldinu í heild sinni dálítið við þessa undanþágu, en stimpilgjaldið af útlendu víxlunum bætir þá rýrnun ríflega upp, svo að brtt. í heild sinni verður heldur til að auka en minka tekjurnar.

Þá er og komin brtt. frá hæstv. fjármálaráðherra (B. K.), sem nefndin hefir ekki getað aðhylst. Sú brtt. gengur út á það, að sýningarvíxlar skuli ekki vera stimpilskyldir. Nefndin hefir ekki getað sjeð neina verulega ástæðu til að undanskilja þessa víxla. Þeir, sem gefa þessa víxla út, eru vanalega efnaðir menn, sem geta borgað strax og þurfa ekki á lánstrausti að halda. Virðist því lítil ástæða til að láta þá sleppa við stimpilgjaldið. Fyrir hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) vakir eflaust það, að þessa víxla beri að skoða sem „kontant“ borgun, alveg eins og tjekka, og skal jeg játa, að þetta er nokkur ástæða. Jeg fyrir mitt leyti geri það ekki að kappsmáli, að brtt. verði feld, en nefndin í heild sinni gat ekki fallist á hana. Og þótt nokkuð mæli með því, að farið sje með sýningarvíxla eins og tjekka, þá er þó dálítill munur. Enda geta þeir, sem nota sýningarvíxla sem „kontant“ borgun, alveg eins gefið út tjekk og þannig komist hjá stimpilgjaldinu.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg er háttv. nefnd þakklátur fyrir það, hvað hún hefir bætt 7. grein frv. Jeg get algerlega fallist á breytingar hennar, þótt hún hafi ekki tekið tillit til bendingar minnar um framlengarvíxlana. Jeg hefi það eitt að athuga við gerðir hennar, að jeg hefði kosið, að hún hefði gert framlengingarvíxla gjaldfrjálsa. En mjer finst þó ekki ástæða til að halda því atriði til streitu, fremur en háttv. frsm. (M. G.) gjaldskyldu sýningarvíxla. Það er nú eina atriðið, sem mjer og nefndinni ber á milli, að jeg vil, að víxlar, sem greiddir eru við sýningu, eða mjög fljótt eftir sýningu, sjeu undanþegnir stimpilgjaldi. Jeg hefi því komið fram með brtt. á þgskj. 263, sem gengur út á þetta. Jeg get ekki annað en borið þessa brtt. fram, þótt jeg geri hana ekki að verulegu kappsmáli. Því verður ekki neitað, að sýningarvíxlar eru í raun og veru borgun út í hönd, og því rjettmætt að setja þá á borð með tjekkum, eins og gert er í flestum öðrum löndum. Jeg er hræddur um, að þau lönd, sem skifti eiga við Ísland, kunni því illa, ef þungur skattur yrði lagður á þessa víxla. Það var ekki heldur alveg rjett athugað hjá háttv. frsm. (M. G.), að það væru efnamennirnir. Það eru oft og tíðum einmitt fátækir menn, sem ekki hafa lánstraust, og verða því að borga sína

víxla strax. Annars held jeg þessu ekki til streitu. Vildi að eins benda háttv. deild á þetta, að erlendir viðskiftamenn kynnu að kunna því illa, ef gjald væri lagt á sýningarvíxla, og að það gæti komið nokkuð hart niður á fátækari kaupmenn. Meira hefi jeg ekki um þetta að segja.

Benedikt Sveinsson: Háttv. frsm. (M. G.) ljet þess getið, að brtt. nefndarinnar færi fram á að leggja stimpilgjald á víxla útlendinga, sem greiddir væru hjer á landi. Fór hann þeim orðum um, að það væri heppilegt, þar sem gjaldið kæmi niður á útlendingum. Þetta er nú ekki alveg rjett athugað. Jeg er hræddur um, að útlendir kaupmenn, sem viðskifti eiga hjer á landi, mundu leggja þessi útgjöld, eins og önnur, á vöruna, sem þeir selja, svo að það kemur að síðustu niður á kaupendunum, sem eru innlendir. Ef til vill kæmi það niður á útlendu kaupmönnunum fyrst í stað, meðan þeim væri ókunnugt um þetta nýja gjald, en þeir mundu brátt komast upp á að jafna það upp á viðskiftunum á eftir, og að minsta kosti ekki brenna sig á sama soðinu oftar en einu sinni. Annars mun jeg greiða atkvæði á móti frv. í heild sinni. Mjer þykir það leggja ofmikil höft á viðskifti manna, enda mundi það valda ruglingi og erfiðleikum fyrst í stað, meðan fólk er að venjast lögunum. Það mundi stórum auka vandræðavafstur við öll viðskifti manna, og fyrirhöfnin verða meiri en svo, að kostnaði svaraði, vegna þeirra tekna, sem fengist í aðra hönd.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) gat þess, að ekki mundi rjett athugað, að útlendingar greiddu stimpilgjöld af víxlum, sem þeir senda til greiðslu við bankana hjer. Jeg hefi þær upplýsingar frá hæstv. fjármálaráðherra (B. K.). Og eftir því, sem jeg þekki sjálfur til þessara mála, þá held jeg, að það sje áreiðanlega rjett, að sá greiði gjaldið, sem víxilinn á, nema þá því að eins, að víxillinn sje ekki innleystur og verði endursendur til málsóknar. Hvað því viðvíkur, að gjaldið verði lagt á vöru, sem seld er landsmönnum, og að þeir greiði gjaldið þannig óbeinlínis, með því að gefa meira fyrir vöruna, þá getur vel verið, að þetta sje rjett. En þótt svo sje, þá get jeg ekki betur sjeð en að jafnrjettmætt sje að greiða stimpilgjald af þeim víxlum sem öðrum. Háttv. þingmenn eru beðnir að muna eftir því, af hvaða ástæðum fjárhagsnefnd hefir mælt með þessu frv. Það er eingöngu til þess að auka tekjur landsjóðs. Og jeg skil ekki, hvernig þeim þingmanni er farið, sem finnur ekki knýjandi nauðsyn til þess að auka tekjur landssjóðs, eins og nú er ástatt, þótt ekki sjeu sem æskilegastar leiðir, sem á er bent. Mjer finst, að háttv. þingmenn verði að athuga þetta alvarlega, verði að leggja eitthvað á sig til þess, að ráðið verði fram úr fjárhagsvandræðunum. Mjer vitanlega hefir háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) ekki bent á neina og því síður betri leið til fjáröflunar en þá, sem frv. fer fram á.

ATKVGR.

Brtt. 263. feld með 13 : 8 atkv.

— 250. samþ. í e. hlj.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 : 2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 4. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stimpilgjald, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 290).

Á 23. fundi í Ed., mánudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið at dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Eggert Pálsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1602) með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 290, n. 594).

Frsm. (Hannes Hafstein): Jeg get verið stuttorður um þetta mál, því að í nefndarálitinu er gerð grein fyrir tillögu nefndarinnar um, að frv. verði ekki látið fara lengra að þessu sinni, en málinu verði vísað til stjórnarinnar. Nefndin hefir ekki lagt þetta til fyrir þá sök, að hún sje í sjálfu sjer á móti því, að landinu sje aflað tekna á þennan hátt, en henni virðist málið oflítið undirbúið, sjerstaklega í því efni, á hvern hátt hugsað er til að lögin verði framkvæmd. Engin grein er gerð fyrir því, hvort tilætlunin sje að stofna sjerstakt embætti fyrir útsölu stimpilmerkjanna, eða hvort önnur leið sje haganlegri. Jeg vænti þess, að hv. deild hafi kynt sjer nefndarálitið, svo að jeg þurfi ekki að endurtaka það hjer, sem í því stendur. Jeg skal ekki tefja deildarmenn lengur, en vona, að tillaga nefndarinnar verði samþykt.

Eggert Pálsson: Mjer finst jeg ekki geta hleypt þessu frv. fram hjá mjer án þess að segja nokkur orð. Mig furðar á því, að nefndin segir í áliti sínu, að mál þetta hafi legið í þagnargildi síðan 1913. Þetta er ekki rjett, því að það var borið fram á þinginu 1915, og fjekk þá bestar undirtektir, sem það hefir enn fengið á þingi. Frumvarpið, sem þá lá fyrir, var afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að stjórnin taki mál þetta til *rækilegrar* yfirvegunar og leggi fyrir næsta þing frumvarp til laga um stimpilgjald, sjerstaklega lágt stimpilgjald af víxlum, ávísunum og kvittunum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Þingið 1915 skildi þannig við málið, og nú skyldu menn ætla, að stjórnin hefði orðið við tilmælum hv. neðri deildar og tekið málið til rækilegrar yfirvegunar. En nú hefir það komið í ljós, svo að segja svart á hvítu, að stjórnin hefir alls ekki sint málinu neitt. Samt finnur hv. fjárhagsnefnd ástæðu til að vísa málinu aftur til stjórnarinnar, þó að hún hafi látið málið fara fram hjá sjer athugunarlaust. Jeg skil ekki, að tilætlunin geti verið nein önnur, með þessari tillögu fjárhagsnefndar, en að láta málið deyja. Það dugði ekki að vísa því til stjórnarinnar 1915, með áminningu um að yfirvega það rækilega, og þá er engin ástæða til þess að ímynda sjer, að það dugi fremur nú athugasemdalaust. Leið þessi er bersýnilega valin til þess eins að láta málið deyja á fínan hátt. En er það rjett að hafna þessum tekjustofni ár eftir ár? Það er viðurkent, að hjer sje um góðan tekjustofn að ræða, en samt er málið drepið þing eftir þing. Jeg skal játa, að það er ýmsum erfiðleikum bundið að framkvæma þessi lög, en þeir erfiðleikar koma aðallega niður á stjórnarvöldum, sýslumönnum og bæjarfógetum. Þessi skattur mundi aldrei koma

þungt niður á alþýðu manna. Og víst er um það, að margir skattar eru ver liðnir en þessi mundi verða, ef hann kæmist á. En því verður ekki neitað, að hjer er um talsverðan tekjuauka að ræða. Jeg hefi vitanlega ekki reiknað út, hve mikill hann verður, en fróðir menn hafa komist að þeirri niðurstöðu, að hann mundi nema um 100,000 kr. á ári. (H. H.: Á ári?) Já, víst hátt upp í það. (H. H.: Nei, í hæsta lagi 70—80,000 kr. á fjárhagstímabili). Jeg skal ekki um það þræta, hefi sem sagt ekki reiknað það saman sjálfur, en glöggskygnir menn hafa fullyrt, að hann mundi gefa fast að 100 þús. kr. í árlegar tekjur, eftir þær breytingar og viðauka, sem háttv Nd. hefir gert á frumvarpinu En þótt hjer kynni einhverju að skakka, þá er alt um það hjer um talsverðan tekjustofn að ræða, jafnvel þótt eigi gefi nema um 100,000 kr. á fjárhagstímabili. Mætti margt við það fje gera, og ekki rjett að fleygja því frá sjer.

Menn mega ekki láta hvert fjárhagstímabilið á fætur öðru líða svo, að landssjóði verði ekki sjeð fyrir auknum tekjum. Jeg játa, að fjárhagsnefnd Nd. hefir sýnt lofsverða viðleitni í því að afla landssjóði tekna, meðal annars með því að taka upp frv. þetta. En fjárhagsnefnd Ed. hefir ekki sýnt sömu viðleitnina; öllu heldur hefir hún leitast við að drepa frv. frá fjárhagsnefnd Nd. Það er þó ekki rjett gert. Fjárhagsnefnd Ed. er jafnskylt að benda á leiðir til að auka tekjur landsins sem fjárhagsnefnd Nd. Og geti hún ekki fallist á till. fjárhagsnefndar Nd., ætti hún að reyna að útvega fje á annan hátt, en það hefir hún látið ógert.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meir um þetta mál. Vildi að eins lýsa yfir skoðun minni á því. Og jeg hefi altaf álitið, að við höfum ekki völ á betri tekjustofni en þessum, ef landið þarfnast aukinna tekna; þótt tekjurnar af stimpilgjaldinu kunni að vísu ekki að geta talist stórkostlegar, eru þær þó meiri en svo, að menn megi kasta þeim frá sjer.

Frsm. (Hannes Hafstein): Jeg skal ekki fara í kappræður við háttv. 1. þm. Rang (E. P.).

Nefndinni var kunnugt um, að frv. um stimpilgjald kom fram í Nd. á þinginu 1915. Þá var því vísað til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá, eins og hv. 1. þm. Rang. (E. P.) tók fram. Efri deild gafst þá ekki kostur á að ræða málið, og vildi nefndin því gefa þessari hv. deild kost á að vísa málinu sömu leiðina sem hv. Nd. vísaði því sumarið 1915.

Stjórnin hefir alls ekki gert sig seka í neinni vanrækslu, þótt hún hafi ekki athugað málið, eins og henni var falið. Hún hefir haft margt þarfara fyrir stafni og ekki haft neinn tíma til að sinna þessu máli. Enda hafa orðið stjórnarskifti síðan, og er ekki von, að hin nýja stjórn hafi haft tækifæri til að kynna sjer jafnvandasamt mál. Frv. er alls ekki íslenskt smíði, heldur sniðið eftir erlendum lögum. En þar eru alt aðrar ástæður fyrir hendi, og miklu minni erfiðleikar á framkvæmdum þessara laga heldur en hjer á landi. Verður því að athuga málið gaumgæfilega, áður en okkur eru sett þessi lög.

Jeg skal standa við loforð mitt, að deila ekki kappi við háttv. 1. þm. Rang. (E. P.). Jeg veit, að hann grunar okkur nefndarmenn ekki um það að vilja hafa lögmætar tekjur af landssjóði, enda þótt okkur hafi farist svo hlálega í þessu máli. Það er sannfæring okkar, að nauðsynlegt sje, að stjórnin taki málið til alvarlegrar íhugunar, einkum er kemur til framkvæmda á lögunum.

Eggert Pálsson: Jeg skal að eins nefna eitt dæmi til sönnunar því, að hjer geti verið um allmiklar tekjur að ræða. Eins

og mönnum er kunnugt hefir verið í ráði að selja Frökkum 10 togara. Sennilega mundi hver togari seldur á $^1/_2$ miljón, eða nálægt því. Söluverðið yrði þá alls um 5 miljónir króna. Samkv. 4. gr. frv. yrði stimpilgjald af þeirri upphæð $^1/_2$%, eða samtals 25,000 kr. En, eins og fyrirkomulagið er nú, getur landssjóður ekki haft neinar tekjur af sölunni. Jeg get þessa að eins til að sýna fram á, að stimpilgjald gæti gefið landssjóði talsverðar tekjur í sumum tilfellum.

Frsm. (Hannes Hafstein): Jeg vil benda hv. 1. þm. Rang. (E. P.) á það, að ekki er hægt að láta lög þessi öðlast gildi áður en salan á togurunum fer fram. **(E. P.:** Jeg veit það vel, nefndi að eins sem dæmi). Enda hefir verið talað um, að landssjóður öðlist tekjur af sölunni á annan hátt, og eru ýmsar leiðir til þess. Jeg vil og minna á, að þegar aukatekjulögin voru samþykt á þinginu 1911, þá var tekið tillit til þess, að stimpilgjald er ekki í lögum hjer á landi. Var þinglýsingargjaldið meðal annars ákveðið mun hærra fyrir þá sök.

ATKVGR.

Till. fjárhagsnefndar á þgskj. 594, um að vísa málinu til landsstjórnarinnar, samþ. með 9:3 atkv.

2. Laxveiði.

Á 10. fundi í Nd., laugardaginn 14. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um laxveiði (A. 59).

Á 12. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Benedikt Sveinsson: Jeg skal gera stutta grein fyrir frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir.

Eins og vikið er að í ástæðunum fyrir frv. er það fram komið til að ráða bót á ýmsum göllum, sem nú eru á löggjöf vorri um laxveiði; og á það þá fyrst og fremst að koma í veg fyrir, að hafðar sjeu veiðiaðferðir, sem hindra, að laxinn geti gengið upp eftir ánum. Það er viða svo, að þeir menn, sem búa upp með ánum, hafa engin hlunnindi af laxveiðum, því að hinir, sem við ósana búa, sópa öllum laxinum upp. Aftur væri veiði í allri ánni, ef laxinn fengi að ganga óhindraður. Nú hafa menn aflað sjer ýmissa nýrra veiðitækja, og tekið upp nýjar aðferðir, svo að hættan á, að þeir, sem búa við ósana, sitji einir að laxinum, er orðin enn meiri en áður hefir verið. T. d. má nefna, að í Borgarfirði eru menn farnir að setja girðingar í sjó, fyrir Hvanneyrar- og Einarsnesslöndum. Þar gengur laxinn eftir tveim höfuðálum, en sjeu þeir girtir, kemst hann ekki upp í árnar. Enda hefir raunin á orðið, að síðan girðingarnar voru settar hefir engin veiði, að heita má, verið í ánum upp af, Hvítá, Norðurá, Þverá, Grímsá, Flókadalsá og Reykjadalsá. Í öllum þessum ám er nokkur veiði, og sumum mjög mikil, ef laxinn er ekki drepinn við ósinn. Svipað mætti segja um Laxá í Þingeyjarsýslu; þar er mestur laxinn veiddur við ósinn. Fyrir nokkrum árum var Englendingum leyft þar stangaveiði, og veiðunum við ósinn hætt; þá skifti alveg um, og laxinn gekk langt inn í heiðalæki.

Ef lagt er bann við ofmikilli veiði við ósana, þá mun laxinum fjölga og veiðin aukast síðar meir. Þótt veiðin rýrnaði í bráðina fyrir þeim, er mest veiða nú, þá yrði það þeim sem öðrum gagn, en ekki skaði, síðar, þar sem laxinn mundi mjög aukast í ánum og viðkoman verða miklu meiri en áður.

Í sambandi við þetta má nefna ákvæði frv. um laxastiga í ám, þar sem fossar

þamla göngu þeirra. Ef slíkur stigi væri t. d. settur í Brúafoss í Laxá í Þingeyjarsýslu, þá mundi laxinn ganga alla leið upp í Mývatn; og upp í Þingvallavatn ef stigar væru settir í Sogsfossana.

Hjer í Elliðaánum hefir laxveiði stórum aukist síðan stangaveiði ein var leyfð þar.

Nú veiðist miklu meira heldur en fyr á tímum, þegar veitt var á víxl úr kvíslunum og drepið alt, sem lanst í farveginum. Er þetta eitt dæmi þess, hve mikið mætti auka laxveiði, ef hagkvæm veiðiaðferð væri notuð.

Frumvarp þetta er eigi samið með nægum undirbúningi, og eru á því ýmsir gallar. Enginn lögfræðingur hefir um það fjallað. Það er mjög viðtækt, og margvíslega hagar til á ýmsum stöðum í landinu. Þyrfti því að athuga frumvarpið vel. Sjálfur gæti jeg bent á suma gallana. T. d. eru ákvæðin um veiðilagnir og laxveiðistjórnirnar ófullnægjandi. En jeg hygg, að þessu mætti koma fyrir á viðhlítandi hátt, ef frv. væri sett í nefnd. Er það tillaga mín, að því sje vísað til sjávarútvegsnefndar. Hjer í þinginu eru laxveiðibændur og ýmsir aðrir, sem þekkja vel til. Þá menn gæti nefndin fengið á fund með sjer, og borið undir þá einstök atriði. — Væri vel, að nefndin ynni frumvarpinu sem bestar bætur, þótt mjer þyki vafasamt, að gengið verði frá því til hlítar á þessu þingi. En málið er svo mikils vert, að þörf er á, að unnið sje að góðum úrslitum þess, svo fljótt sem verða má.

Einar Arnórsson: Það mun rjett, sem hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) sagði, að ýmsir gallar eru á frv. Fyrst og fremst stappar nærri broti á 19. gr. þingskapanna, hvernig það er fram borið. Það vantar svo að kalla greinargerð fyrir frv., en í 19. gr. þingskapanna stendur, að skýring skuli fylgja á höfuðtilgangi og höfuðákvæðum frumvarpa, en jeg get hvorugt fundið.

Jeg ætlast ekki til, að frv. verði vísað frá af þessari ástæðu. Jeg vil að eins benda á þetta, því að æskilegt er, að þingmenn einstakir og þingnefndir eigi greiðan aðgang að að sjá, hvað fyrir flutningsmönnum vakir.

Auk þessa eru, eins og hv. þm. (B. Sv.) sagði, nokkur atriði, sem standa til bóta. Á því þarf engan að furða, um jafnviðtækt frv. og þetta er. Jeg vil benda á einstaka atriði, til athugunar fyrir nefndina, sem fær málið til meðferðar.

Í 13. gr. er svo ákveðið, að hreppstjórar skuli teljast samsekir lögbrjótunum, ef þeir vanrækja að kæra. Þetta er helst til hart ákvæði. Vítanlega er skylda þeirra að koma upp brotum, og vanræki þeir þá embættisskyldu sína, heyrir það undir lög um vanrækslu í embætti eða sýslan, einkum 144. gr. alm. hegningarlaga. — Jeg veit ekki, hvort hægt er að heimila hreppstjórum eða lögreglustjórum að taka tafarlaust upp öll ólögleg veiðigögn og girðingar. Mjer virðist dómsúrskurður þurfa að vera á undan genginn. — Í 15. gr. er ákvæði, sem er óþarft; fyrst og fremst er það dómari, en ekki lögreglustjóri, sem úrskurðar sektir, þó að slíkt boð sem þetta verði ekki að skaða þar, sem löggæsla og dómsvald er í höndum sama manns. En þetta ákvæði er og óþarft í þessum lögum sjerstaklega, því að hið sama gildir um meðferð allra almennra lögreglumála.

Frv. þetta er mikið verk, og flutningsmenn víst haft nauman tíma; þess vegna er ekki áfellisvert, þó að smágallar sjeu á því. Uppástunga hefir komið um að vísa því til sjávarútvegsnefndar. En þótt þetta sje veiðimál, varðar það fremur landbúnað en sjávarútveg. Það snertir afnot af jörð, veiðirjett; því er það uppástunga mín, að því sje vísað til landbúnaðarnefndar.

Þórarinn Jónsson: Ýmislegt mætti um frv. segja. Að sinni ætla jeg þó ekki að gera það að ræðilegu umræðuefni.

Tilgangurinn með frv. mun vera tvennur, 1) að auka friðun á laxi og 2) að tryggja þeim veiðirjett, sem búa ofarlega við ár.

Hinu fyrra verður ekki náð með því að færa veiðitímann aftur. Þvert á móti yrði það til ills eins. Jeg hefi veitt því eftirtekt, að smálaxinn gengur í árnar seinni hluta veiðitímans. Sje hann þá þurkaður upp, er það gefin reynsla, þar sem jeg þekki til, að minna af stærra laxi gengur árið eftir. Þetta er líka ofureðlilegt og einfalt, ef trúa á því, sem rannsóknir um laxgöngu hafa leitt í ljós, að laxinn gangi í sína fósturá. Það er því mikilsvert, að ekki sje veitt fram yfir síðustu göngu smálaxins í árnar.

Ekki veit jeg heldur, hvort hinum til ganginum, að jafna veiðinni með þeim, sem við árnar búa, verður náð, þó að frv. næði fram að ganga. Vald laxveiðistjórnanna er látið ná oflangt; t. d. er þeim gefið vald til að taka af mönnum lögn. Þetta er mjög varhugavert, því að engin trygging, eða jafnvel líkur, eru fyrir því, að nefndarmennirnir beri meira skyn á laxveiðar en veiðieigendurnir sjálfir. Þessa vildi jeg að eins geta til athugunar fyrir væntanlega nefnd. Jeg er samþykkur því, að rjettur þeirra, sem búa upp með ám, sje tryggður, en svo skal það gera, að hinir, sem neðar búa, sjeu ekki sviftir sínum rjettindum.

Pjetur Ottesen: Jeg skal vera mjög stuttorður. Jeg játa það, að jeg þekki ekki vel til með laxveiði, þó að hún sje mikil í mínu kjördæmi, en mun leita mjer frekari upplýsinga þar að lútandi. Þm. N.-Þ. (B. Sv.) talaði um, að girðingar í sjó hjá Hvanneyri og Einarsnesi hefðu stórspilt laxveiði í Hvítá og þeim ám, er í hana renna, og nefndi hann í því sambandi Grímsá og Reykjadalsá. Um þetta hefi jeg ekki heyrt svo mikið talað þar efra, og held, að það sje að minsta kosti mjög orðum aukið. Hvað því viðvíkur, að lax sje nú hættur að ganga í Grímsá og Reykjadalsá, eða gangi nú minna í þessar ár en áður var, þá liggja alt aðrar ástæður til þess, sem sje þær, að í mynnum ánna hafa myndast eyrar, sem gera laxinum örðugra fyrir með að ganga upp í þær. Að minsta kosti er þessu þannig varið með Grímsá. Jeg er þessu vel kunnugur, vegna jarðamats, sem jeg er við riðinn þar upp frá. Enda má hver vita, að Hvítá er svo mikið vatnsfall, að naumast er hægt að stöðva laxgöngu í henni.

Viðvíkjandi þeirri breytingu á veiðitímanum, að veiði í net megi ekki byrja fyr en 15. júní, skal þess getið, að uppi í Borgarfirði hefir veiðitíminn hingað til byrjað 20. maí. Ef veiðitíminn yrði fluttur þetta aftur, myndu þeir, sem búa við árósana, verða mjög hart úti. Megnið af laxinum væri gengið hjá þegar byrja mætti að veiða, því að við árósana er alls ekki hægt að koma við stangaveiði. — Mjer virðist frv. sem sagt athugavert, og nauðsynlegt, að það sje gaumgæfilega athugað.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Meðflm. minn (B. Sv.) tilgreindi helstu ástæðurnar fyrir frv. Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) þótti ekki gerð nægileg grein fyrir frv. í greinargerðinni sem fylgir því, og kvað nærri stappa broti á þingsköpum. Jeg veit ekki, hvort til er nein regla um, hve ítarlega skuli farið út í þá greinargerð.

Það, sem kom okkur til að flytja frv., er það, hvernig veiði er misbrúkuð í mörgum ám. Fyrir okkur var það ekki aðalatriðið að tryggja þeim meiri veiði, sem búa ofar við ár, heldur hitt, að fyrirbyggja, að laxveiði gengi til þurðar. En nú eru horfur á því, að svo verði. Öll tæki, sem

menn þekkja, eru notuð, leyfileg og jafnvel óleyfileg. En laxveiði er svo stór tekjugrein, að hjer þarf að hafa vit fyrir þeim, sem ekki sjá fram í tímann.

Eftir því, sem jeg veit best, er það mjög hættulegt, að veiðin byrji snemma. Laxinn heldur sjer nokkra stund við ósana, meðan hann er að venjast ferska vatninu. Það þarf því að fyrirbyggja, að hann sje þá tekinn mestallur af þeim, sem við ósana búa.

Tíminn er naumur, og jeg skal ekki orðlengja þetta frekar. En til þess að menn sjái, hve þýðingarmikil tekjugrein laxveiði getur verið, skal jeg geta þess, að á Írlandi veiddist um aldamótin lax fyrir rúmar 7 miljónir kr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1612) í e. hlj.

Á 56. fundi í Nd., mánudaginn 10. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, n. 854).

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Jeg skal hugga hv. deildarmenn með því, að jeg mun verða stuttorður.

Máli þessu, frv. til laga um laxveiði, var vísað til landbúnaðarnefndar á öndverðu þingi. Við fyrsta yfirlestur frv. komst nefndin þegar að þeirri niðurstöðu, að ekki gæti komið til mála að afgreiða þetta frv. sem lög frá Alþingi að þessu sinni. Frv. inniheldur ýmsar mikilvægar breytingar á núgildandi lögum, og eru sumar þeirra sjálfsagt til bóta. Einnig eru þar mörg ný ákvæði, sem ekki eru í laxafriðunarlögunum frá 1886. En þessi nýmæli eru mörg þannig, að þau eru lítið rædd, og flest þeirra eru laxveiðendum meira eða minna algerlega ókunn. En þar sem þau virðast koma mjög við laxveiðendum, (B. J.: Og löxunum), þá þykir nefndinni ekki annað hlíta en að umsagnar þeirra sje leitað um málið.

Er það því till. nefndarinnar, að þessu máli sje vísað til stjórnarinnar, í því skyni, að stjórnin leiti umsagnar laxveiðenda í landinu um frv. þetta, og geri síðan þinginu kunnar undirtektir þeirra, á sínum tíma.

Að svo mæltu hefi jeg ekki fleira að segja.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg álít til lítils að fara langt út í málið, er svo er á liðið þingtímann, og þótt reynt væri að koma frumvarpinu fram, er þess enginn kostur hjeðan af.

Hins vegar get jeg ekki varist því að láta í ljós, að mjer sýnist nefndin hafa verið nokkuð seinvirk að þessu litla, sem hún hefir gert, þar sem nú hafa verið prentuð nær 800 þingskjöl síðan frv. kom fram, og nefndin svo eftir allan þann tíma skilið við frv. óathugað.

Hv. frsm. (S S.) gat þess, að nefndin hefði við fyrsta yfirlestur sjeð, að ekki væri hægt að samþykkja frv. óbreytt. Við flutningsmenn lýstum þegar yfir við 1. umr., að þegar frumvarpið hefði verið komið í prentsmiðjuna, hefðum við tekið eftir ýmsum atriðum, sem lagfæringar þyrftu. En nefndin hefir ekki á neinn hátt leitast við það, að því er sjeð verður.

Jeg sje ekki til neins að fara út í einstök atriði frv., og eftir atvikum getum við flutningsmenn sætt okkur við þessa leið, sem landbúnaðarnefnd ræður til, að málinu sje vísað til stjórnarinnar, auðvitað í því trausti, að stjórnin geri sitt ítrasta til að undirbúa málið.

Jeg undrast ekki, þótt nefndin geti ekki lagt til, að frv. verði samþykt nú á þessu þingi, eftir því, sem mjer virðist hún líta á

málið. Henni sýnist alls ekki ljóst, hve þýðingarmikið málið er. Jeg held, að jeg hafi við 1. umr. tekið dæmi fyrir því, hve laxveiði gefur miklar tekjum víða erlendis. Jeg skal nú taka eitt dæmi, í sambandi við eitt ákvæði frv., um laxastigana.

Í á einni á Írlandi var foss skamt frá flæðarmáli, og komst lax ekki upp í hana. En svo var settur í hana laxastigi. Eftir fá ár veiddust til jafnaðar í henni um 10 þúsund laxar árlega. Ef það er heldur vænn lax, samsvarar það 60000 kr. Jeg get þessa til að sýna, hve laxveiði er afarþýðingarmikil. Jeg hefði viljað, að landbúnaðarnefnd hefði lagt meiri áherslu á að hvetja stjórnina til að gefa málinu gaum.

Jeg hefi ekkert á móti því, að leitað sje álits laxveiðenda, eins og nefndin æskir, en vafasamt er að treysta því, að tillögur þeirra verði það besta, og hætt við, að þær verði ærið sundurleitar.

Jeg skal að síðustu geta þess, að þetta frv. var flutt í þeim einum tilgangi að koma í veg fyrir, að laxinn gengi hjer til þurðar, og auka laxveiði í landinu. Þetta átti nefndin að sjá, og virða tilganginn með því að taka frv. vel og laga þá galla, sem hún fann á því, og láta það ná fram að ganga á þessu þingi.

Jeg vænti þess, að hæstv. stjórn undirbúi málið sem allra best að kostur verður á.

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Mjer virðist ekki vera mikill áhugi fyrir þessu máli hjer í deildinni, því að flestir þm. hafa farið út á meðan hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) talaði.

Jeg tók það fram áðan, að nefndin hefði þegar í stað komist að þeirri niðurstöðu, að afgreiða ekki málið á þessu þingi. Og þess vegna flýtti nefndin sjer ekkert með nefndarálitið. Henni virtist það vera sama, hvort málinu væri vísað fyr eða síðar til stjórnarinnar.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) talaði um það, að nefndin mundi ekki hafa haft neitt vit á þessu máli. — Jeg skal ekkert deila við hann um það, en auðheyrt er, að hann hefir gengið í skóla til manna hjer á þingi, sem mikið álit hafa á sjálfum sjer, og lært af þeim að telja sjer trú um, að enginn hafi vit á neinu nema hann sjálfur. Þó skal jeg geta þess, að sumir nefndarmennirnir munu vera aldir upp við laxveiði frá barnæsku.

Laxastigar við fossa hafa vitanlega mikið að þýða. En því er nú svo varið, að það eru margar laxár hjer á landi, sem enginn foss er í, er hindrar laxgöngur. Að vísu er ein á hjer á Suðurlandi, sem svo er háttað um, að foss er í henni, sem hindrar laxgöngu. En þótt settur væri laxastigi í þann foss, þá mundi lax ekkert viðnám hafa fyrir ofan fossinn.

Jeg skal svo ekki eyða fleirum orðum að frv. Jeg tel það mjög sæmilega úrlausn á málinu að vísa því til stjórnarinnar á þennan hátt, sem lagt er til í nefndarálitinu.

Jörundur Brynjólfsson: Hv. frsm. (S. S.) er óánægður við mig út af því, að jeg hafi sagt, að hann hefði ekki vit á þessu máli, nje nefndin í heild sinni. Jeg held nú ekki, að jeg hafi viðhaft þessi orð, en þótt svo væri, þá gefur nefndarálitið mjer fylsta rjett til þess. Nefndin t. d. bendir á, að það hafi eitt sinn verið ósk Árnesinga, að þeir fengju að láta net liggja í ánum, án þess að taka þau nokkurn tíma upp um veiðitímann. Þetta hygg jeg að sje alment játað, að sje hættulegt allri laxveiði. — Nefndin segir, að ekki hafi verið á málið minst á þingmálafundum, og ekkert hafi orðið vart við neinar óskir um endurbætur á þessum lögum.

Nefndin er yfir höfuð að tina sitt hvað til eftir öðrum, en segir ekkert frá eigin brjósti. Það bendir ótvírætt á það, að nefndin sjálf hafi ekki mikla skoðun á málinu, hvað sem þekkingu hennar á því kann að líða.

Annars skal jeg ekki deila meir við hv. frsm. (S. S.). Vænti þess, að stjórnin láti sjer ant um málið.

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Það er dálitið kynlegt, að hv. 1. þm Reykv. (J. B.) vill ekki taka tillit til vilja laxveiðenda í þessu máli. Jeg hefi þó orðið þess var í sumar, að hann leggur ekki svo lítið upp úr áliti kjósenda sinna á málefnum bæjarins. Að minsta kosti veit jeg ekki til, að hann hafi lagst á móti þeim borgarafundum, sem haldnir hafa verið í sumar til að herða á þinginu. Og að hann hefir hvatt til slíkra funda sýnir það, að honum þykir ekkert að því að fá álit þeirra, sem hlut eiga að máli, ef hann telur það stuðning fyrir málstað sinn og ávinning fyrir mál yfir höfuð.

ATKVGR.

Till. landbúnaðarnefndar á þgskj. 844, um að vísa málinu til landsstjórnarinnar, samþ. með 13 : 1 atkv.

3. Landsbankaútibú í Árnessýslu.

Á 13. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stofnun útibús, frá Landsbanka Íslands, í Árnessýslu (A. 98).

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Arnórsson): Það er óþarfi að halda langa framsöguræðu í þessu máli. Það, sem fram á er farið í frv., er að eins það að veita bankanum heimild til að stofna útibú fyrir austan fjall. Menn eru beðnir að gæta þess vel, að hjer er ekki um *skyldu* að ræða, heldur að eins *heimild*, og að bankanum er ekki að neinu leyti íþyngt, þó að frv. þetta verði að lögum. Þá er ekki heldur erfitt að átta sig á því, að það, sem sagt er um markað þessa útibús í ástæðum frumvarpsins, er ekki út í loftið. Í þeim 3 sýslum, sem því nær eingöngu mundu skifta við útibúið, er viðskiftaþörfin þegar orðin mikil. Einnig er það tekið fram í ástæðunum, hvernig aðstaða þessara sýslna er til framleiðslunnar í landinu. Á þessu svæði er rúml. $^1/_5$ allra jarðarhundraða, og þar búa liðlega $15^1/_2\%$ af öllum landsmönnum.

Af búnaðarskýrslunum má sjá, hvernig framleiðslan er í þessum hjeruðum. Bústofninn er þar, miðaður við bústofn alls landsins:

Sauðfje . . .	$20^1/_2\%$
Nautgripir . .	29%
Hross	$26^1/_3\%$
Ræktað land .	20%

Þar er rúmlega $^1/_3$ allra sáðgarða í landinu og heyafli $30^1/_2\%$ eða nærfelt þriðjungur af öllum heyafla landsins. — Þá er mönnum engu síður kunnugt um, að frá þessum stöðvum eru stundaðar fiskveiðar, og mundu verða auknar að mun, ef hafnleysið bagaði ekki, en líklega verður ráðin bót á því áður en mjög langt líður. Loks munu flestir sammála um það, að hvergi á landinu sjeu jafngóð skilyrði til að auka framleiðsluna og á Suðurlandsundirlendinu. Mikill hluti Árnessýslu má heita ónumið land, og stórfeldar umbætur standa þar fyrir dyrum. Nokkuð svipað má segja um Rangárvallasýslu. Væri hægt að girða fyrir skemdir af sandfoki og hefta vatnsföll, sem árlega brjóta meira og minna

af landi, mætti auka framleiðsluna þar að mjög miklum mun.

Að öllu þessu samanlögðu vænti jeg, að mönnum sje ljóst, að hjer er ekki um neina þarfleysu að ræða, heldur rjettmæta og sanngjarna kröfu. Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta mál, en leyfi mjer að leggja til, að því verði vísað til allsherjarnefndar, að þessari umr. lokinni.

Björn Stefánsson: Það er langt frá, að jeg vilji leggjast á móti þessu máli. Jeg vil að eins skjóta því fram, að það er von mín, að tilgangurinn sje ekki sá, að þetta útibú komist á fyr en Landsbankaútibúið, sem fyrirhugað er á Austfjörðum. Því að ef svo væri, yrði jeg ákveðið að mótmæla því.

Flm. (Einar Arnórsson): Jeg hefi alls ekki sett þetta frv. í samband við stofnun útibús á Austfjörðum. Það er alls ekki tilgangurinn að setja með þessu frv. neinar hömlur fyrir, að það verði stofnað svo fljótt, sem bankastjórn og landsstjórn sjá sjer fært.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 20. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 98, n. 155).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd, þriðjudaginn 31. júlí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Einar Arnórsson): Þess er að eins að geta, eins og nefndarálitið ber með sjer, að allsherjarnefnd hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykt óbreytt. Jeg hefi heldur engu að bæta við þær athugasemdir, sem frv. fylgdu, og þær skýringar, sem jeg gaf við 1. umr. þessa máls, og skal því ekki lengja umræðuna, nema tilefni gefist til.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 24. fundi í Nd.. föstudaginn 3. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 98).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til Ed.

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 4. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stofnun útibús, frá Landsbanka Íslands, í Árnessýslu,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 291).

Á 23. fundi í Ed., mánudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Eggert Pálsson: Jeg leyfi mjer að

leggja til, að frv. þessu verði, að lokinni umræðu, vísað til allherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) með 10 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 22. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 291, n. 401).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg hefi í raun og veru ekki annað um frv. þetta að segja en tekið er fram í nál., sem jeg vona að háttv. deildarmenn hafi kynt sjer, og skal því vísa til þess.

Frv. þetta fer fram á að heimila Landsbanka Íslands stofnun útibús í Árnessýslu, svo fljótt sem unt er. Í ástæðunum fyrir frv. er talið, að heimild skorti að lögum til þess að stofna útibú það, sem frv. fer fram á að sett verði á fót. En úr þessu sje bætt með frv. En nefndin getur ekki kannast við, að þessa heimild skorti í lögin frá 18. september 1885. Þar er sem sje ákveðið, að bankinn skuli setja aukabanka á stofn svo fljótt sem unt er og þörf krefur, einkum á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. Og í þessu ákvæði felst þá einnig heimild til að setja á stofn útibú á fleirum stöðum en sjerstaklega eru tilnefndir í lögunum. Nefndin hefir ekkert á móti ástæðunum, sem tilgreindar eru fyrir nauðsyn á útibúi á þessum stað. En henni fanst óþarft, að löggjafarvaldið blandaði sjer í málið, og hefir þess vegna lagt til, að því verði vísað til stjórnarinnar.

ATKVGR.

Till. allsherjarnefndar á þgskj. 401, um að vísa málinu til landsstjórnarinnar, samþ. með 8 : 3 atkv.

---

4. Skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 21. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um skipulag kauptúna og sjávarþorpa (A. 140).

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 27. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Pjetursson): Jeg þarf ekki að vera langorður um þetta mál að svo stöddu. Jeg á því miður ekki sjálfur heiðurinn af að hafa búið það til, eins og sjá má á ástæðunum, sem færðar eru fyrir því. Höfundurinn er prófessor Guðm. Hannesson, og ástæðurnar fyrir frv. eru raktar af honum svo rækilega, að jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um það. Allir þekkja það skipulagsleysi, sem er ráðandi í öllum kauptúnum hjer á landi, þar sem húsunum er þeytt sinu í hverja áttina, án nokkurrar reglu eða framsýni. Enn eru þó flest þorp hjer á landi svo strjálbygð, að þetta kemur ekki að mikilli sök, en óðar en þau stækka er voði á ferðum, ekki einungis frá fjárhagslegu sjónarmiði, heldur og, það sem verra er, frá heilbrigðislegu sjónarmiði. Aðrar þjóðir hafa þegar öðlast mikla og sorglega reynslu í þessum efnum, en, sem betur fer, höfum við Íslendingar ekki enn þurft að reka okkur á samskonar reynslu. Hjá öðrum þjóðum hefir oft orðið að rífa til grunna heila borgarhluta og byggja að nýju, vegna þess, að ekki hefir verið gætt skipulags í tæka tíð. Jeg vil leyfa mjer að nefna eitt sláandi dæmi upp á það, hve heilbrigði manna í bæjum fer mikið eftir

góðu skipulagi. Í borg einni á Bretlandi var fyrir nokkru rifinn gamall bæjarhluti og bygður að nýju. Dánartalan lækkaði við það úr 60‰ niður í 27‰, og tala þeirra, er dóu úr berklaveiki, lækkaði úr 4‰ niður í 1.9‰. Þetta er dálítil bending um, hve þetta er afaráríðandi mál. Það er ekki eingöngu þegar svona stendur á, að dánartala minki mjög, heldur taka og börn, sjerstaklega fátækara fólksins, miklu betri framförum.

Það getur nú verið, að einhverjum blæði í augum kostnaðurinn, sem frv. þetta hefir í för með sjer, ef það verður að lögum, en þetta er í raun og veru sparnaður, því að kostnaðurinn er að eins tímaspursmál. Þetta verður að gera, og því fyr sem í hann verður lagt, því minni verður hann, og þess meira gagn hlýst í aðra hönd. Það getur skeð, að sumum finnist ekki þörf á, að málinu sje hreyft á þessu þingi, en það er nú svo samt, því að jeg held, að því bráðliggi á að komast í framkvæmd. Eins og kunnugt er liggja nú allar húsabyggingar í dái, og bæirnir aukast ekki mikið, en því meiri líkur eru til, að þegar stríðinu linnir, verði mikið bygt, og þá er það afaráríðandi, að ekki verði bygt í eintómri óreiðu.

Nauðsyn þessa máls er nú því meiri en nokkurn tíma áður, að nú má vænta þess, að farið verði alment að byggja úr steini í næstu framtíð, og verður því fyrirhafnarminna að koma þessu skipulagi á nú en það mundi verða síðar.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um málið að sinni, en vænti þess, að sú nefnd, sem væntanlega fær málið til meðferðar, kynni sjer rit Guðm. Hannessonar, og leiti auk þess upplýsinga hjá honum um málið, því að jeg get fullyrt, að þar er mikinn fróðleik að fá.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj, og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 52. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 140, n. 754).

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg skal vera skammtaður. Nefndin álítur, að slíkt mál sem þetta þurfi að vera undirbúið af stjórninni. Þar sem höfundur frv. er allra manna færastur í þessum greinum hjer á landi, vonast nefndin til, að stjórnin búi málið undir næsta Alþingi og noti til þess aðstoð höfundarins og annara verkfróðra og byggingarfróðra manna. Nefndin leggur því til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar, ekki til þess, að hún svæfi það, heldur til þess, að hún leiði það fram til sigurs á sínum tíma.

ATKVGR.

Till. allsherjarnefndar á þgskj. 754, um að vísa málinu til landsstjórnarinnar, samþ. með öllum greiddum atkv.

---

5. Bygging, ábúð og úttekt jarða.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 20. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, frá 12. jan. 1884 (A. 201).

Á 26. fundi í Nd., mánudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Um ástæður fyrir því, að þetta frv. er komið fram, vísa

jeg til greinargerðar aftan við það. En að öðru leyti vil jeg taka það fram, að helstu atriði frumvarpsins eru þessi:

1. Að tryggja ábúðarrjett leiguliða á jörðinni, sem oft er mjög valtur og óákveðinn.

2. Að leiðuliða sje ákveðin borgun fyrir þær jarðabætur, sem hann hefir látið vinna, og er þar sjerstaklega átt við stærri jarðabótaframkvæmdir, t. d. áveitu, girðingar o. fl.

3. Að tryggja, að á hverri jörð sjeu nægilega mörg og góð hús, og að útbúnaður þeirra sje sæmilegur.

4. Að heimila leiguliða að leysa til sín kúgildi á ábúðarjörðum þeirra, eftir samkomulagi við landsdrottin. Hjer eru þá upp talin helstu atriði og helstu nýmæli í frv. Jeg hafði það fyrir augum með þessu frv. að breyta ekki öðru í núgildandi lögum en því, sem heita má að mest kalli að, og hygg jeg, að það sjeu þessi atriði, sem menn hafa helst verið óánægðir með, og því mest nauðsyn að athuga.

Að endingu óska jeg svo, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndar.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal ekki vera langorður, en jeg verð að segja, að mig furðar á því, hvað hv. 1. þm. Árn. (S. S.) getur verið nægjusamur fyrir hönd leiguliðanna. Breytingar þær, sem frv. felur í sjer, fara svo skamt leiguliðunum í hag, en geta hins vegar orðið Þrándur í Götu fyrir því, að gagngerðar breytingar verði gerðar innan skamms tíma. Hann segir, að þetta sje til að tryggja betur rjett ábúenda yfir jörðum þeirra, en um ábúð á opinberum eignum er það að segja, að það mun vera hjer um bil föst regla, að hún sje gefin æfilangt, en hjer fer hann að eins fram á til 10 ára. Það liggur því í augum uppi, að ef þetta yrði að fastri venju, þá er það ekki til bóta búendum á opinberum eignum, af því sem áður er sagt Öðru máli er að gegna þar, sem um einstakra manna jarðir er að ræða, því að þar er oft ábúðarrjettur að eins gefinn til árs og árs í senn; en hjer finst mjer vera komið inn á vandasamt atriði, þar sem er umráðarjettur einstaklingsins yfir eign sinni. Mjer finst líka þetta endurgjald, sem ætlað er ábúendum fyrir unnar jarðabætur, er þeir fara frá jörðu, engu sanngjarnlegra fyrir hlutaðeigendur en það er eftir ákvæðum gildandi laga, nema síður sje, og þetta er því eftirtektarverðara, sem frv. á einmitt að stefna að endurbót eldri laga.

Björn Stefánsson: Jeg verð að taka undir það, sem áður hefir verið bent á, að jeg kalla það furðanlegt, hvað háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), sem þó er fulltrúi landbúnaðarins, getur verið lítilþægur fyrir hönd leiguliða, sem landbúnað stunda, ef hann getur sætt sig við þær endurbætur á kjörum þeirra, sem í þessu frv. felast, frá því sem þeir eiga við að búa samkv. lögum um ábúð og úttekt jarða frá 1884. Einkum er þetta þó eftirtektarvert þegar þess er jafnframt gætt, að þessi sami hv. þm. og landbúnaðarfulltrúi (S. S.) vinnur á móti því af alefli, að leiguliðarnir fái ábýlisjarðir sínar keyptar.

Að vísu skal það játað, að þær breytingar á núgildandi lögum, sem í þessu frv. felast, eru til bóta, það sem þær ná, en þær eru svo óverulegar, að jeg tel ekki ómaksins vert að fara að breyta öllum þessum mikla lagabálki þeirra vegna. Einkum hefi jeg þó ímugust á frv. vegna þess, að ef þessar óverulegu breytingar ganga fram nú, þá er jeg hræddur um, að það verði til þess að tefja fyrir því, að þessi lög verði endurskoðuð í heild sinni og verulegar endurbætur á þeim gerðar.

Endurgjald það, sem leiguliðum er áskilið fyrir unnar jarðabætur, kr. 1,50 fyrir dagsverkið, er næsta óverulegt, einkum þegar þess er gætt, að hann fær það því

að eins, að hann víki frá jörðinni jafnskjótt og verkinu er lokið, eða áður en hann hefir haft nokkurn hag af því, en svo lækkar það eða hverfur með öllu, ef hann nýtur þess svo lengi, að ætla megi, að hann hafi fengið beinlínis framlagðan kostnað; að hann megi græða á því, það er útilokað, nema þá að einhverju litlu leyti, ef hann lifir mjög lengi; og að börn hans fái að njóta þess, það er líka útilokað. Oftast mundu þau reyndar fá ábúðarrjettinn eftir foreldra sína, en með hækkaðri landskuld. Þannig yrðu þau að kaupa verk feðra sinna, í stað þess að erfa þau, sem þau þó ættu að eiga heimting á.

Jeg vil gera kröfuna hærri, og tryggja leiguliða það, að hann fái einnig gróðann af jarðabótum þeim, er hann hefir látið gera, fái að eiga verðhækkunina, sem á jörðinni verður fyrir umbætur hans. Með því einu móti hefir leiguliðinn sömu hvöt til jarðabóta eins og hann ætti jörðina sjálfur. — Mig furðar á, að fyrst að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) vill ekki, að leiguliðar eignist jarðirnar, þá skuli hann ekki gera hærri kröfur fyrir þeirra hönd. Það var að eins þessi bending, sem jeg vildi skjóta til nefndarinnar, með þeirri till., að hún gangi skör lengra, því að jeg get ekki kannast við, að rjettur leiguliða sje sæmilega trygður fyr en hann fær allan gróðann af jarðabótunum, sem hann vinnur.

Hákon Kristófersson: Það er búið að taka fram mikið af því, sem jeg vildi segja, og ætla jeg því ekki að tala mikið á þessu stigi málsins, en að eins gera stutta athugasemd. Jeg verð að taka í sama strenginn og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að mjer finst þetta frv. vera mesti gallagripur, og er hissa á, að það skuli vera frá jafnskynsömum manni og hv. 1. þm. Árn. (S. S.) er. Það er að vísu rjett, að frv. fer í umbótaátt fyrir leiguliða, en það má ekki heldur íþyngja mjög eigendum jarðanna. Jeg felli mig mjög vel við þá rjettarbót, að leiguliðar fái endurgjald fyrir jarðabætur. Ákvæðin um húsþau, er leiguliði lætur eftir sig á jörðinni, virðast þó ekki vera í umbótaátt í frv. Við vitum, að leiguliðar hafa oft orðið mjög illa úti, þegar þeir hafa bygt upp á jörðum, því að samkvæmt lögum eru þeir skyldir til að selja viðtakanda húsin, ef hann vill kaupa þau, en eru rjettlausir með þau, ef þeir geta ekki flutt þau, og viðtakandi vill ekki kaupa þau. Sú sala á að vera eftir mati úttektarmanna, sem því miður er oft ekki sem rjettlátast. Í sambandi við það má benda á, að víðast hvar munu úttektarmenn hafa fylgt þeirri reglu að láta fráfarendur ekkert hafa fyrir tóftir á húsum, að eins metið viðina. Allir sjá, hve þetta er óhafandi, og þó að þetta sje nokkuð að lagast, þurfa að vera um það bein og skýr ákvæði.

Ákvæðið í 1. gr. þessa frv., að ekki megi leigja jörð skemur en til 10 ára, er ótækt, því að það brýtur í bág við allan umráðarjett manna yfir eign sinni, auk þess sem það er til ills eins fyrir þá, sem vilja fá leigðar jarðir til skemri tíma en 10 ára, og þar að auki er það bein kúgun við jarðeigendur. Mjer er ekki heldur ljóst, að hægt sje að samrýma 1. og 5. gr. 1., 4., 5., 6. og partur af 7. gr. finst mjer vera svo gallaðar, að þær þurfi mjög mikilla umbóta við hjá nefnd þeirri, sem væntanlega fjallar um málið, til þess að þær geti samrýmst heilbrigðri skynsemi. Úr því að á annað borð er farið að gera umbætur á gildandi ábúðarlögum, hefðu þær þurft að vera miklu viðtækari, svo að ekki þurfi altaf að vera að rekast í þeim. — Á þessu stigi málsins ætla jeg ekki að ræða það frekar, en vona, að nefndin lagi frv. eitthvað til muna.

Að lokum vil jeg svo þakka hv. flm. (S. S.) fyrir, að hann hefir ráðist í að flytja umbótatillögur við þessi lög.

Það var svo mikil þörf á að hreyfa þessu máli, að það er mjög virðingarvert af hv. flm. (S. S.) að hafa ráðist í það. Enda þótt brtt. hans sjeu ekki nægilega víðtækar, og sumar alls óhæfilegar, þá hefir hann, með því að hreyfa málinu, stigið ef til vill heppilegt spor í umbótaáttina.

Sveinn Ólafsson: Þótt jeg standi upp, þá er það ekki til þess að gefa nefndinni neinar bendingar, því að, satt að segja, vildi jeg helst alveg losa hana við að vinna að þessu máli; mjer finst varla taka því, þegar um jafnfáar greinar ábúðarlaganna er að ræða, og þær slitnar svona úr heildarsambandi. Jeg hefi enga trú á því að fara að hrófla við ábúðarlögunum, nema með löngum og ítarlegum undirbúningi. Jeg er alveg samdóma hv. samþingismanni mínum (B. St.), að ofskamt sje farið í þessu frv., og í öðru lagi vil jeg benda á, að varkárni verður að hafa, ef maður á ekki að brenna sig á þessum breytingum — og eigi að spilla því, sem átti að bæta, eins og mjer virðist hjer gert með almenna ákvæðinu um 10 ára ábúð. — Jeg skal nefna annað dæmi. 2. gr. ábúðarlaganna frá 1884 tekur fram, hve langur byggingartími skuli vera, og mjer er enn í minni, hve miklar og ákafar umræður urðu um það eina atriði, þangað til menn komust loks að þeirri niðurstöðu, að heimila að byggja jarðir til 1 árs. Meðan mönnum er heimilað að eiga landeignir má ekki takmarka um of umráðarjett eigandans yfir þeim. Meðan þessi rjettur er viðurkendur getur ekki komið til mála, að sá, sem á jörð, geti ekki haft umráð yfir henni nema með 10 ára fyrirvara. Eftir þessu frv. verður það svo, að jarðeigandi, sem ætlar barni sínu jörð til ábúðar, verður að binda hana í 10 ár, þótt barnið hafi hennar þörf miklu fyr, og má ekki heldur halda henni óbyggðri.

Það er eitt atriði, sem verður að koma til athugunar, sem sje það, að ekki er hlaupið að því að breyta þessum lögum, og það er síður en heppilegt að hafa þennan rjett á sífeldu reiki. Og fyrir mitt leyti ætla jeg því að greiða atkvæði móti því, að frv. þetta verði látið ganga til 2. umr. og nefndar.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Jeg ætla mjer ekki að svara mörgu af því, sem fram hefir komið gegn frv. þessu, meðal annars af því, að háttv. andstæðingar mínir virðast ósammála um agnúana, sem þeir telja vera á frv. Háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) taldi ofskamt farið í 1. gr. um ábúðartímann (B. St.: Á þjóðjörðum), en hinir 2, háttv. þm. Barð. (H. K.) og 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) kváðu það ákvæði lítt viðunanlegt og með því gengið um of nálægt eignar- og umráðarjetti manna. Jeg skal strax taka það fram til skýringar, að ákvæði frv. gilda alment og yfir höfuð, en eru þó aðallega miðuð við ábúð á jörðum einstakra manna. Háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) hefir því hlaupið illa á sig, er hann hjelt, að með því væri átt aðallega við opinberar eignir. Það er að eins í 3. gr., að tekið er fram, að ákvæðið gildi líka landseta á opinberum jarðeignum. Það eru til sjerstakar reglur um byggingu opinberra jarða, enda eru þær vanalega bygðar til lífstíðar. Þess vegna koma athugasemdir háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) frv. ekki við. Jeg skal nú að nokkru leyti kannast við, að ef til vill er oflangt gengið í 1. gr. frv. En minna má á það, að eitt það allra skaðlegasta í okkar búskap er það, þegar jarðir eru bygðar að eins til eins og eins árs í senn. Með þessu ákvæði vildi jeg tryggja, að ábúðarrjetturinn yrði ekki jafnóviss og á reiki og verið hefir. Að öðru leyti getur landbúnaðarnefndin, sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, athugað þetta nánar,

og óhætt er að treysta henni til að ganga ekki oflangt.

Jeg vil vekja athygli hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) á því, að jarðeigendur setja oft upp við landseta, að þeir geri jarðabætur. Það er auðvitað samningsatriði og jarðabætur, sem landeigandi borgar ekki sjerstaklega. Fyrir aðrar jarðabætur á að borga, og ef til vill er gengið ofskamt í þá átt í frv., og mjer þætti vænt um, ef einhver treysti sjer til að fara lengra.

Að öðru leyti skal jeg geta þess, út af ræðu háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að jeg tók hjer aðallega og eingöngu þær greinar ábúðarlaganna, sem menn yfirleitt eru óánægðastir yfir. Það getur vel verið, að rjettast væri að endurskoða öll ábúðarlögin, en það ætti stjórnin þá að gera. Fyrir nokkrum árum var samskonar frv. vísað til stjórnarinnar, en hún lýsti yfir því, að hún treysti sjer ekki til að endurskoða lögin. Nú er ef til vill öðru máli að gegna, þar sem nú sitja 3 menn í stjórninni, og einn þeirra ætti sjerstaklega að hafa vit á þessu máli, þar sem hann er gamall bóndi.

Björn Stefánsson: Jeg gat ekki varast það, að þetta frv. ætti að vera eingöngu stilað upp á eign einstakra manna, þar sem orð þess, eins og það hljóðar, einmitt benda til þess, að það sje stilað sjerstaklega upp á þjóð- og kirkjujarðir. Í 3. gr. stendur, að hún eigi jafnt við opinberar og einstakra manna eignir. Í þessum orðum fanst mjer felast það, að aðrar greinar frv. ættu eingöngu og aðallega við þjóð- og kirkjujarðir. Háttv. flm. (S. S) játar það, að ef til vill sje oflangt gengið í frv. að því er einstakra manna jarðeignir snertir. Hann gat þess og rjettilega, að leiguliðum hefði engin borgun verið trygð hingað til fyrir unnar jarðabætur. Jeg sagði, að sú bót, er frv. fer fram á, væri óveruleg og þyrfti að vera betri. Jeg vil leyfa mjer að minna háttv. flm. (S. S.) á, að fyrst að hann er á móti þjóðjarðasölunni, ætti hann að vinna að því að gera kjör leiguliða svo góð, að þeir hættu að sækjast eftir kaupum á ábúðarjörðum sínum og sættu sig við að vera leiguliðar. Fyrst að hv. þm. (S. S.) vill, að það opinbera haldi í jarðeignir sínar, ætti hann að sjá, að eina ráðið til þess er að bæta kjör leiguliðanna svo mikið, að þeir hafi engan hag af að kaupa ábúðarjarðir sínar, en eina leiðin til þess er að samþykkja frv. mitt um erfðaábúð leiguliða, sem jeg því vona, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sjái um að ekki verði svæft í háttv. landbúnaðarnefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1612) í e. hlj.

Á 59. fundi í Nd., fimtudaginn 13. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 201, n. 891, 921).

Frsm. (Jón Jónsson): Þetta mál er ekki nýtt hjer á þinginu. Það hefir legið fyrir þingum að undanförnu, var borið fram af landbúnaðarnefnd á þinginu 1909, svo aftur 1911 og í þriðja sinn 1913, en aldrei komist í gegnum þingið. Frv. hefir aldrei verið felt, heldur hafa menn gert það af ásettu ráði að láta það ekki verða að lögum, af því að það hefir ekki þótt nægilega undirbúið. Yfirleitt hefir það ekki þótt tiltækilegt, að lög um bygging og ábúð jarða verði þannig að lögum, heldur þurfi þau að vera betur undirbúin. Nefndin nú hefir komist að sömu niðurstöðu. Nú eru, eins og menn vita, mörg mál á döfinni, sem ástæða þykir til að búin sjeu sem best undir þing. Þetta er eitt af þeim, sem sjerstaklega þarf að vanda

til, ef svo á að vera frá því gengið, að vel sje. Líklega þyrfti helst milliþinganefnd, ef það ætti að vera nógu rækilega athugað. Nefndin fer nú ekki þá leiðina að leggja til, að milliþinganefnd verði skipuð, heldur vill hún vísa málinu til stjórnarinnar, með þeirri skírskotun, sem rökstudda dagskráin á þgskj. 891 ber með sjer.

Þó að háttv flm. (S. S.) hafi komið með brtt. á þgskj. 921, þá býst jeg ekki við, að það sje ætlun hans, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu við þessa umræðu. Hann hefir að öllu leyti fallist á meðferð nefndarinnar á málinu. Jeg held því, að hann beri brtt. fram að eins til að skýra málið betur. Nefndarálitið er skrifað til þess að vekja athygli á málinu á ný og koma mönnum til að hugsa það og ræða um land alt. Málið hefir altaf verið tekið upp á þingi til þess, að umræður yrðu um það, og í von um, að gangskör yrði gerð að því að koma því í betra horf. Þetta hefir ekki orðið enn þá. Það hefir orðið þingsins hlutverk að hreyfa við því, og þó ekki unnist tími til að brjóta það til mergjar, eins og jeg hefi áður sagt.

Jeg skal benda á eitt atriði, sem mikil vandkvæði eru á að ráða fram úr; það er um hús á jörðum. Það mun vera miklu auðveldara að koma sjer niður á viðunanleg ákvæði um það, er snertir jarðabætur. Vandinn er meiri með þau ákvæði, sem snerta húsin, hverjar skyldur landsdrottinn skuli hafa gagnvart leiguliða í þeim efnum, hvort landsdrottinn eigi að leggja til fullnægjandi hús á jörðina, og hvort leiguliði skuli eiga heimtingu á fullu endurgjaldi fyrir þau hús, sem hann lætur byggja. Þá verður að minsta kosti að slá varnagla við því, að ekki sje hrófað upp húsum, sem lítt er til vandað og að eins geta staðið í nokkur ár, en síðan verði að bæta þau fullu verði, ef ábúandi fer frá jörðinni. Það riður á að ganga svo frá lögunum, að menn geti ekki heimtað endurgjald fyrir önnur hús en þau, sem vel er til vandað.

Í frv. er landsdrotni gert að skyldu að láta jörðinni fylgja öll bæjarhús. Önnur hús eru ekki nefnd á nafn. Má því neyða menn til að rífa þau niður og færa á burt, ef landsdrottinn eða viðtakandi vill ekki kaupa. Þessu verður að breyta. — Jeg vil vekja athygli manna á því, sem bent er á í nál., að annað ákvæði var í frv. 1909 og 1911. Þá var svo fyrir mælt, að ef leiguliði vildi breyta jarðarhúsi, umbæta það að mun eða byggja ný hús, sem þörf væri á, þá legði landsdrottinn fram $^3/_4$ kostnaðar. Gömlu húsin skyldi þá meta til niðurrifs, og verð þeirra ganga upp í verð þeirra, sem bygð eru. Með þessu móti er hægt að haga umbótum húsakynnanna eftir því, sem þarfir tímans heimta, og eftir því, sem menn álíta að rjett sje í hvert sinn.

Þá er í frv. ákveðið, að landsdrottinn skuli skyldur að leggja fram fje til bæjarhúsa, sem nemur alt að áttföldu afgjaldi. Nefndin vildi engan dóm á það leggja, hvort þetta er á rökum bygt, heldur að eins vekja athygli á því, að í frv. 1909 og 1911 var ekki miðað eingöngu við bæjarhús, heldur við öll hús á jörðinni. Það skiftir miklu, hvernig peningshús eru á jörðum. Það er svo miklu aðgengilegra fyrir leiguliða að taka við jörð, ef hún er vel hýst og hús öll stæðileg. Það er líka mikill kostur fyrir jarðareiganda, að húsin sjeu í því ástandi, að jörðin sje útgengileg til leigu. Nefndin álítur, að komið geti til mála að skylda viðtakanda til að kaupa nauðsynleg úthýsi, en þá yrði að vera sleginn varnagli við því, að þeim væri ekki hrófað upp, heldur yrðu þau að vera vönduð og vel frá þeim gengið.

Eitt atriðið í frv. er um kúgildi, að þau ættu að falla niður. Það er álit manna, að það sje óhagstætt fyrir leiguliða að taka

við kúgildum og skila þeim aftur; yfirleitt sje það hagkvæmara, að menn eigi sjálfir það, sem þeir hafa undir höndum. Það mun því vera rjettara að hvetja menn sem mest til þess að standa á eigin merg, fremur en að hafa á leigu.

Ákvæðin í 2. gr. frv. lúta að jarðabótum, en sú er breytingin frá lögum 1884, að hjer er að eins gert ráð fyrir endurgjaldi fyrir stærri jarðabætur. Nefndinni þótti það athugavert, að jarðabæturnar eru ekki greindar nánara, nje skilyrði sett um það, hverjir vera skyldu matsmenn. Nú hefir háttv. flm. (S. S.) flutt brtt., sem bætir úr þessum agnúum, og er samskonar sem sú niðurstaða, er nefndin komst að og raunar felst í athugasemdum hv. flm. (S. S.) við frv., en kemur ekki fram í sjálfu frv.

Þessi 4 atriði, sem jeg hefi nú nefnt, telur þá nefndin athugaverð.

Ábúðarspurningin mun vera ný í þinginu, eða ekki man jeg, að því hafi verið hreyft. Í ábúðarlögunum er ekki nefnt, hvað lágmarkið megi vera um áratölu ábúðar, og það er kunnugt, að menn leigja nú jarðir um 1—2 ár, sem engan veginn getur talist heppilegt. Því vill nefndin, að lágmark sje ákveðið minst 5—10 ár.

Jeg vona, að deildin hafi ekki á móti því, að málinu sje enn um tíma haldið vakandi, og að dagskráin verði því samþykt. Nefndin hefir gert ráð fyrir, að búnaðarfjelag landsins og búnaðarsamböndin leiti aðstoðar hjá góðum mönnum víðs vegar um landið, um breytingar á lögunum, og má því vænta þess árangurs, að málið komi betur undirbúið fyrir næsta þing.

Sigurður Sigurðsson: Jeg vil að eins segja nokkur orð, áður en málinu er ráðið til lykta.

Það er rjett hjá hv. frsm. (J. J.), að þetta frv. er svipað samskonar frv., sem legið hafa fyrir nokkrum undanförnum þingum og tíðast hafa verið samþ. í Nd., en ýmist dagað uppi í Ed. eða verið vísað til stjórnarinnar.

Á þinginu 1911 var frv. vísað til stjórnarinnar og hún beðin að leita álits allra búnaðarfjelaga landsins. Þessu tók stjórnin þannig, að hún skrifaði Búnaðarfjelagi Íslands brjef, þar sem hún taldi gagnslaust að leita álits búnaðarfjelaganna, en beiddist álits fjelagsstjórnarinnar. Búnaðarfjelagsstjórnin svaraði þessu brjefi í erindi, þar sem hún taldi ýmsa annmarka, sem á ábúðarlögunum eru, og gaf bendingar um breytingar, sem hún taldi æskilegar. Þessar bendingar hafa verið teknar til greina af flm. frv., sem er jeg.

Út af hinni rökstuddu dagskrá skal jeg geta þess, að jeg ljet það eftir nefndinni, að vísa mætti málinu til stjórnarinnar með þeim hætti, að leitað væri álits Búnaðarfjelags Íslands um það og stjórna búnaðarsambandanna. En hins vegar hefi jeg þó ekki mikla trú á, að mikill ávinningur verði að því. Þessi fjelög munu að líkindum leita upplýsinga mest hjá hinum stærri mönnum, sem kallaðir eru, efnabændum o.s.frv. En jeg lít svo á, að meira mundi á því að græða að leita til þeirra, sem vita best, hvar skórinn kreppir að, leiguliðanna. Og þótt svo sje að orði kveðið, að leitað skuli aðstoðar *viturra manna*, þá mun svo fara, að leitað mun til meiri háttar manna, þeirra sem hafa opinber störf með höndum eða mannaforráð, hvort sem þeir eru vitrir eða ekki vitrir.

Í rauninni held jeg, að ákvæðið sje að eins til málamynda.

En jeg geri þetta ekki að kappsmáli. Við sjáum hvað setur, hvort nokkur árangur fæst með þessari aðferð eða ekki. Það er undarlegt, hvað menn hafa annars sýnt lítinn áhuga á þessu máli yfir höfuð, þótt menn hins vegar viðurkenni, að lögin sjeu úrelt og þurfi bráðra umbóta. Þeir, sem hæst láta og í blöðin skrifa, eru ekki alt-

af þeir, sem best hafa sett sig inn í málin, eða best skil kunna á þeim. Um þetta mál hefir verið tiltölulega hljótt í blöðunum, og síst hafa leiguliðar lagt þar orð í belg.

Jeg læt þá arka að auðnu um þetta mál, en vildi þó hafa komið fram með brtt. á þgskj. 921, með því að þar með er ráðin bót á þeim annmarka, sem nefndin í raun og veru taldi vera mestan á frv. Því að yfirleitt var nefndin málinu hlynt, þótt hún hafi verið sein til að skila því frá sjer, og ekki hafi skort, að hún hafi verið mint á það.

Frsm. (Jón Jónsson): Það var frá upphafi meining nefndarinnar að afgreiða ekki þetta frv. nú á þessu þingi, alveg af sömu ástæðum sem á undanförnum þingum, sem sje að vjer höfum ekki tök á að athuga málið svo vel, sem skyldi, og teljum því ekki forsvaranlegt að samþ. það nú.

Hv. flm. (S. S.) hefir sjálfsagt hugsað málið vel, en ekki hafa honum hugsast neinar breytingar, nema við 2. gr., frá því sem áður var. Það getur vel orðið niðurstaðan, að frv. verði að lyktum samþ. í þessu formi, því að margir góðir menn hafa hjer lagt í púkk, og má búast við, að þeir hinir sömu leggi enn eitthvað gott til, t. d. eins og hv. þm. S.-Þ. (P. J.), sem sat í milliþinganefndinni í búnaðarmálum hjer um árið. Jeg minnist þess, að hann gat þess, fyrst þegar þetta frv. kom fyrir þingið, að einmitt þetta mál væri það, sem milliþinganefndin strandaði á og varð að varpa frá sjer.

Hvernig sem á þetta mál er litið, þá hefir engin frekari rannsókn farið fram nú en á undanförnum þingum, svo að ekki kemur til mála að samþ. frv.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá frá landbúnaðarnefnd, á þgskj. 891, samþ. í e. hlj.

Málinu þar með
vísað til landsstjórnarinnar.

6. Verðlag á vörum.

Á 23. fundi í Nd, fimtudaginn 2. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild handa landsstjórninni til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum (A. 261).

Á 25. fundi í Nd., laugardaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 9. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Arnórsson): Það eitt nýmæli felst í þessu frv., að landsstjórninni er heimilað, í 2. gr. frv., að undanþiggja innlendar vörur, sem útflutningsbann er á, eða kynni að verða lagt á, frá verðlagi. Að öðru leyti er frv. soðið upp úr tveim lögum, sem nú gilda. Vera má, að ástæða þyki til þess að taka fleiri ákvæði til athugunar, og sje því þörf á að athuga frv. í nefnd; því vil jeg leyfa mjer að leggja það til, að frv. verði vísað til bjargráðanefndar, að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til

bjargráðanefndar (sjá A, bls. 1620) í e. hlj.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 261, n. 391, 392).

Frsm. (Einar Arnórsson): Bjargráðanefndin hefir fallist á þetta frv., með þeirri einu breytingu, að tveir af mönnunum skuli skipaðir, annar samkvæmt tillögum Fiskifjelagsins, en hinn samkvæmt till. Búnaðarfjelagsins. Að öðru leyti skal stjórnin sjálfráð um skipun þeirra. Þetta er eina breytingin, sem skiftir nokkru máli. Hitt eru að eins orðabreytingar.

ATKVGR.
Brtt. 392. (ný 1. gr.) samþ. í e. hlj.
2.—4. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 392, 2. samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 53. fundi í Nd., fimtudaginn 16. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 470).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., föstudaginn 17. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild handa landsstjórninni til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 490).

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að máli þessu verði vísað til bjargráðanefndar

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv., og til bjargráðanefndar (sjá A, bls. 1618) með 13 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. sept., að lokinni dagskrá, mælti

Eggert Pálsson: Jeg hefi orðið var við það, að frv. eitt, sem afgreitt var fyrir nokkru frá hv. Nd., hefir ekki verið tekið á dagskrá enn í þessari hv. deild. Er því þó ekki um að kenna, að eigi hafi verið nægur tími til þess. Jeg á hjer við frv. á þgskj. 490, um heimild fyrir landsstjórnina til þess að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum. Jeg er þessu frv. mjög hlyntur og vildi óska, að það næði fram að ganga. Nú sje jeg, að það er ekki á dagskrá á morgun. Ekki veit jeg, hvað drætti þessum veldur. Frv. var afgreitt frá hv. Nd. 17. ágúst, og nefndaráliti um það útbýtt hjer í háttv. deild. 29. s. m. Mun ekki ósennilega liggja næst að ætla, að það stafi af vangá forseta eða gleymsku, sakir annríkisins, að frv. hefir eigi verið tekið á dagskrá, því að varla má gera ráð fyrir, að annað hafi undir búið. Jeg vil því skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann vilji ekki taka það á dagskrá á morgun, þar sem mjer, og meiri hl. hv. Nd., er mjög hugleikið,

að þessi hv. deild fái einnig að láta í ljós álit sitt á málinu, og annað virðist lítt sæmandi.

Forseti: Fleiri mál hafa beðið þess að vera tekin á dagskrá en þetta frv. Nú um hríð hefir verið svo mikið að gera í hv. deild, að hlífst hefir verið við að hafa mörg mál á dagskrá, en þegar annríki þessu er lokið, er sjálfsagt og skylt að taka mál þetta fyrir, og þau önnur mál, er beðið hafa.

Jeg vil og minna menn á, að ýms mál hafa ekki enn komið frá nefndum, svo að hægt hafi verið að taka þau á dagskrá. Eru það mál, sem miklu meiru varða en þetta, er hv. 1. þm. Rang. (E. P.) mintist á. Á jeg við ýms mál, sem bjargráðanefnd hefir haft með höndum, svo sem frv. til laga um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs. (**Jóh. Jóh.**: Þessi mál voru afhent skrifstofunni í morgun). Það gleður mig mjög.

Á 56. fundi í Ed., fimtudaginn 13. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 490, n. 688, 899).

Frsm. (Karl Einarsson): Þetta frv. er samhljóða gildandi lögum um þetta efni. Einungis er bætt inn einni gr., um að landsstjórninni gefist heimild til þess að undanskilja vörur, sem útflutningsbann er á, að fengnum tillögum Búnaðarfjelags Íslands, ef um landbúnaðarafurðir er að ræða, og Fiskifjelags Íslands, ef um sjávarafurðir er að ræða. En svo hefir komið fram brtt. um, að stjórnin skuli auk þess leita álits verðlagsnefndar. Jeg hefi ekki getað borið mig saman við nefndina um þessa brtt., en sje ekki fyrir mitt leyti neitt því til fyrirstöðu, að hún verði samþykt.

Magnús Torfason: Jeg á eina brtt. við 2. gr. frv. Jeg þykist sjá, að ekkert sje nýtt í frv. annað en önnur gr., og verð jeg að furða mig á því, þar eð hjer er um breytingu á tvennum lögum að ræða, að þau skuli ekki hafa verið ger athuguð en hjer virðist hafa átt sjer stað. Og jeg kann sjerstaklega illa við það, að þegar undanskilja á ákvæðum laganna þær innlendar vörur, sem útflutningsbann er á, að leitað skuli tillagna Búnaðarfjelags Íslands, ef landbúnaðarafurðir eru, og Fiskifjelags Íslands, ef sjávarafurðir eru að eins. Jeg get ekki betur sjeð en að hjer sje leitað tillagna þeirra, sem síst er hægt að búast við óhlutdrægni af í meðferð á málunum. Raunar er það fjarri mjer að vilja bera þeim herrum, sem sitja í stjórnum Búnaðarfjelags Íslands og Fiskifjelags Íslands, viljandi hlutdrægni á brýn, en það er nú svo, að flestir líta helst á hlutina frá sínum eigin bæjardyrum; þess vegna held jeg, að rjettara sje fyrir landsstjórnina að leita einnig umsagnar verðlagsnefndar, sem gera má ráð fyrir, að verði fult eins óhlutdræg og stjórnir þessara fjelaga. Auk þess má benda á það, að í verðlagsnefndinni eru einnig fulltrúar frá Búnaðarfjelaginu og Fiskifjelaginu, sem búast má við að gæti hagsmuna framleiðendanna sjerstaklega. Jeg býst því við, að brtt. mín sje heldur til bóta, ef hv. deildarmönnum líst annars svo, að frv. eigi að ganga fram. Sjálfur legg jeg enga áherslu á það atriði. Mjer skilst svo sem í frv. vanti tilfinnanlega ákvæði um verðlagsnefndir í hjeruðum. Eftir reglugerðinni má leita til sveitarstjórnanna, en þó hygg jeg, að rjettara hefði verið að festa það fyrirkomulag nokkru betur. Því verður sem sje ekki neitað, að meðferð þessara mála hefir farið misjafnlega úr hendi.

Forseti (*af þingmannabekk*): Jeg vil fyrst geta þess, að rjettilega hefir verið

fundið að því, að þetta mál skuli ekki hafa verið tekið fyr á dagskrá. Mætti ef til vill kenna mjer, sem forseta, um þetta, en orsökin til þess, að jeg hefi ekki tekið málið fyr á dagskrá, er sú, að bjargráðanefnd þessarar hv. deildar hefir haft svo mörg vandasöm mál með höndum, að jeg vildi gefa henni tóm til þess að íhuga þetta mál eftir að mesta annríkinu væri lokið.

Jeg geri ráð fyrir, að öllum hv. þingdeildarmönnum muni vera það kunnugt, að jeg hefi haft sjerstaklega náin kynni af þessu máli, þar eð jeg hefi verið formaður verðlagsnefndarinnar, og því kynst þeim vandkvæðum, sem hjer eru á. Jeg gaf þegar í þingbyrjun bjargráðanefndinni í skyn, að hjer væri um vandasamt úrlausnarefni að ræða, en, eins og við vitum allir, hafa ýms mál tafist svo í hv. Nd., að ekki hefir verið kostur á að sinna þeim eins mikið í þessari hv. deild og æskilegt hefði verið.

Reynsla mín um þessi vandkvæði hefir verið sú, að síðan aðflutningaörðugleikarnir byrjuðu hefir verið mjög erfitt að fá nægilega mikið af nauðsynjavöru til landsins. Þetta kom ekki síst greinilega í ljós í vor sem leið. Þar við bætast önnur vandræði, sem hið háa Alþingi hefir því miður ekki gefið nægilegan gaum í sumar. Vandkvæðin eru þau, að þó að nóg sje af einhverri nauðsynjavöru í landinu, þá getur samt verið tilfinnanlegur skortur á henni í einstökum hjeruðum. Gæti jeg fært mýmörg dæmi þessu til stuðnings. Þetta getur orðið afarbagalegt að vetrarlagi, þegar samgönguerfiðleikarnir eru mestir. Hins vegar stendur þetta atriði í nánu sambandi við gangverð á nauðsynjavöru. Það er sem sje alheimsreynsla, að alstaðar þar, sem tilfinnanlegur skortur verður á einhverri vörutegund, spennist verð hennar upp og getur orðið að okurverði. Eru nægar sannanir fyrir því í ýmsum skjölum, sem borist hafa til þingsins, að eftir að samgönguteppan skall á komust ýmsar nauðsynjavörur í gapaverð víða á landinu. Nú er ekki um það að villast, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, er aðallega fram komið vegna óánægjunnar út af hámarksverðinu á smjöri. Jeg ætla mjer ekki að fara neitt út í það mál að þessu sinni, en svo stóð á þeirri ráðstöfun, að tilfinnanlegur feitmetisskortur var á Suðurlandi, en smjörverðið var orðið óhæfilega hátt — hálf þriðja króna pundið. Mikið hefir verið um það deilt, hvort hámarksverðið hafi verið rjettlátt. Hjer á Suðurlandi var það talið oflágt, en sumstaðar annarsstaðar á landinu var það talið ofhátt. En jeg vil leyfa mjer að gera það kunnugt, að jeg, sem hefi haft mest kynni af verðlagsvandræðunum, hefi komist að þeirri niðurstöðu, eftir misserisreynslu mína, að ekki sje gerlegt að setja hámarksverð á innlendar afurðir, nema undir þeim kringumstæðum, að verðið sje orðið bersýnilega óhæfilegt, eða að alþýða manna rísi annars vegar öfug upp og heimti hámarksverð og tilfæri jafnframt þær ástæður, sem vert sje að taka til greina. Það er sem sje tilgangslaust að setja hámarksverð, sem alþýða manna felst ekki á og vill ekki sinna. Það getur orðið til þess eins, að menn hætta alveg að taka hámarksverð til greina, á hvaða vörutegund sem er. Verðlagsnefndin hefir því komist að þeirra niðurstöðu, eftir vandlega íhugun, að rjett sje nú að koma með tillögu um það, að hámarksverð á smjöri verði úr gildi numið.

Alt öðru máli er að gegna um útlendar vörur, og þar er vandinn enn meiri. Mín reynsla er sú, að ef til þess kemur, að tilfinnanlegur skortur verður á útlendri nauðsynjavöru, þá er það enn meiri erfiðleikum bundið að koma í veg fyrir, að verð á henni fari fram úr hófi. Er þar tvenns að gæta, annars vegar að hafa stöð-

uga aðgæslu með gangverðinu, og hins vegar að meta rjett útsöluverðið. Kringumstæðurnar eru svo breytilegar, að óhugsandi er að hafa sama hámarksverð um land alt á nokkurri útlendri vöru. Verð á sömu vöru er sífelt að breytast; er *aðgæslan* því afarnauðsynleg, en jafnframt *mjög erfið*. Er því mikil þörf á að íhuga löggjöfina um þetta mjög rækilega. Mjer voru það því mikil vonbrigði, er jeg sá, hvernig frv. kom frá háttv. Nd., en jeg get vel skilið, að bjargráðanefnd þessarar háttv. deildar hefir ekki treyst sjer til að breyta frv. svona seint á þingi. Hins vegar er það aðgætandi, að vjer eigum einhvern tíma að standa þjóðinni reikningsskap af gerðum okkar hjer, og gæti þá svo farið, að þessi póstur á reikningnum yrði nokkuð stór, ef mikið skyldi þrengja að. Löggjöf um þetta efni er ekki lítils virði. Þarf ekki að minna á annað en það, hversu mikils er vert um *eftirlitið* eitt. Ef sífelt er verið að streitast við að afla upplýsinga, og menn látnir verða varir við, að eftirlitið er í fullum gangi, þá gerir það aðhald eitt út af fyrir sig afarmikið gagn, óbeinlínis. Samt hefir nú svo farið, að í frv. hefir einmitt verið gengið fram hjá þessu atriði, sem er svo mikilsvert. Jeg vildi því leyfa mjer að fara þess hæversklega á leit við bjargráðanefndina, að hún taki málið enn einu sinni til íhugunar til 3. umr., og að henni mætti þóknast að veita mjer áheyrn, svo að jeg geti skýrt henni frá, hvaða vandi er hjer á ferðum. Það er fjarri mjer að vilja vekja deilur um málið; þetta eru að eins vinsamleg tilmæli mín. Fer jeg því ekki frekari orðum um þennan vanda að þessu sinni.

Eggert Pálsson: Það er rjett, sem tekið hefir verið fram, að hið nýja í frv. þessu er fólgið í 2. gr. Þar er sem sje farið fram á, að landsstjórnin geti undanskilið þær vörur ákvæði þessara laga, sem útflutningsbann er nú eða kann að verða lagt á. Þetta er aðalatriðið, sem fyrir mörgum vakir, og óánægju hefir valdið, að verðlag hefir verið lagt á nokkrar innlendar vörutegundir, og það vörutegundir, sem bannaður er útflutningur á.

Þegar bannaður var útflutningur á smjöri, þá taldi jeg þá ráðstöfun eðlilega og reyndi að sannfæra menn um, að nauðsyn bæri til að tryggja landinu feitmeti, er aðflutningur á því var orðinn erfiður. En jeg þóttist líka fullviss þess, að eigi mundi sett hámarksverð á smjörið, um leið og bannað var að flytja það út úr landinu. Það fanst mjer að höggva og leggja á báðar hendur til framleiðenda þessara vörutegundar. Hámarksverðið er í alla staði órjettlátt, sjerstaklega þegar þess er gætt, hve framleiðslan varð afardýr á Suðurlandi síðastliðið ár, þar sem töður ónýttust frá gagni, en vinnan við heyskapinn var aftur á móti mjög dýr. Mönnum kemur því verðlagsákvæðið æríð óþægilega fyrir, svo að sumir verða bæði hissa og reiðir. Og þessi óánægja fór vaxandi, er fram í sótti, er það kom í ljós, að aðflutt smjörlíki, nálega óætt, var selt fyrir því nær sama verð og smjör. Enn fremur jókst á óánægjuna, er til innlendra vöruskifta kom. Það var gömul venja, að menn skiftust á vörum á Suðurlandi, landvöru og sjávarvöru. Þessi vöruskiftaverslun var reyndar farin að minka. En það færðist aftur líf í hana. Þá sýndi það sig, að menn voru reiðubúnir að skifta á einni vætt af harðfiski gegn 2 smjörfjórðungum, enda þótt harðfiskvættin kostaði hins vegar gegn peningum 50—60 kr., eins og auglýsingar í blöðunum sýna. Borið saman við fiskverðið hefði því verðið á smjörinu átt að vera fast að 3 krónur. En í þess stað hefir verðlagsnefnd sett það að eins á kr. 1,50. Þessi ójöfnuður, er sveitamönnum fanst þeir vera beittir, hafði mikil áhrif, sem urðu undirrót þess, að þetta nýmæli í 2. gr. frv., að

undanskilja vöru, sem útflutningsbann er á, hámarksverði, er borið fram í Nd. Jeg held, að sú hugsun, að undanskilja innlendar vörur, sem útflutningsbann er á, hámarksverði, miði til gagns fremur en ógagns, einnig frá sjónarmiði neytenda, því að þegar framleiðslan er ekki heft um skör fram, skapast samkepni, en það er engum vafa undirorpið, að þetta hámarksverð dró úr smjörframleiðslu í sumar. Mjer er vel kunnugt um það, að margir bændur á Suðurlandi voru í vetur sem leið fastákveðnir í að færa frá í sumar. En þeir hættu við það er hámarksverðið var lagt á smjörið. Þeir hafa gengið að því vísu, að ekki mundi hægt að selja smjörið hærra verði en ákveðið var í hámarksauglýsingunni, þó að reynslan hafi hins vegar síðar sýnt, að farið hefir verið fram hjá henni.

Jeg skal geta þess, í sambandi við þetta mál, að blað eitt hjer í bænum gat þess, að smjör hafi verið selt á Laugavegi fyrir 2 kr. pundið, og var mitt nafn nefnt í sambandi við þessa smjörsölu. Mjer er engin launung á, að þetta smjör var frá mjer. En þannig stóð á því, að 2 fjórðungar af smjöri frá mjer lágu og höfðu legið um hríð hjá kaupmanni einum á Laugaveginum. Þetta smjör átti að fara suður að sjó, fyrir eina vætt fiskjar, en af því, að það komst ekki suður í tæka tíð, sagði jeg kaupmanninum, að honum væri leyfilegt að hafa eða selja það, en að jeg vildi fá 2 kr. fyrir pundið og alls eigi minna. En þó að jeg fengi 2 kr. fyrir pundið, varð jeg þó að gjalda 15 kr. meira fyrir fiskvættina heldur en ef smjörið hefði komist sína leið. Þetta dæmi sýnir einmitt glögglega ranglæti hámarksverðsins.

Þá skal jeg minnast á brtt.hv. þm. Ísaf. (M. T.). Hún fer í þá átt, að landsstjórnin fái tillögur frá verðlagsnefnd, auk till. frá Búnaðarfjelaginu eða Fiskifjelaginu, er um það er að ræða að undanskilja innlendar vörur hámarksverði. Jeg geri þessa brtt. ekki að ágreiningsefni, síst eftir að hafa heyrt ræðu háttv. 6. landsk. þm.(G.B.).

Jeg þykist vita, eftir að hafa heyrt skoðun hans, sem verðlagsnefndarmanns, að þetta verði ekki til vandræða í framtíðinni. En hins vegar er það þetta, sem gerir mig óttasleginn við þessa brtt., að hún geti tafið fyrir framgangi frv., vegna naumleika þingtímanns. En ef jeg væri viss um, að hún tefði ekki framgang málsins, mundi jeg ekki gera þetta að neinu kappsmáli.

Jeg skal ekki fjölyrða um þetta frekar, en vænti þess, að frv. nái fram að ganga, því að þó að það geri ef til vill ekki mikla breytingu, og jeg geti gert mjer vonir um, að þetta jafnist, eftir að hafa heyrt ræðu háttv. 6. landsk. þm. (G.B.), þá ímynda jeg mjer, að þetta frv., með hinu nýja ákvæði, geri menn rólegri en ella.

Frsm. (Karl Einarsson): Nefndinni var ljóst, að þetta frv. hefir ekki inni að halda nægileg ákvæði um málið. Og þetta kom skýrt fram í ræðu háttv. 6. landsk. þm. (G.B.), sem er málinu mjög kunnugur, þar sem hann er formaður verðlagsnefndar. En vjer gátum ekki gengið frá málinu eins og vjer hefðum viljað, vegna tímaskorts. Vjer gátum ekki athugað málið til róta, nje gert neinar stórvægilegar umbætur á frv., og sáum því vænlegast að leggja það til, að háttv. deild samþykti það óbreytt, eins og það kom frá háttv. Nd.

Vjer fáum ekki sjeð, að ákvæðið í 2. gr. hafi verulega þýðingu, því að landsstjórnin mundi ekki undanskilja vörur hámarksverði, nema sjerstakar ástæður væru til þess. Og ef brtt. háttv. þm. Ísaf. (M. T.) verður samþykt, þá fjallar verðlagsnefnd um málið, og hygg jeg, að landsstjórnin mundi því síður ganga í berhögg við vilja hennar.

Nefndin leit svo á, að rjettast mundi,

að sú vara væri undanskilin hámarksverði, er útflutningsbann væri lagt á, en hún áleit það þó ekki „praktist“. Hins vegar vill nefndin taka málið til nýrrar rannsóknar, eftir að hafa heyrt hæversk tilmæli hv. 6. landsk. þm. (G.B.). Og vona jeg því, að frv. verði ekki tekið aftur á dagskrá fyr en nefndin hefir athugað það, og mun nefndin skýra hæstv. forseta frá því.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 899 samþ. með 7 : 3 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 15. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 939).

Frsm. (Karl Einarsson): Þegar mál þetta var til 2. umr. hjer í hv. deild, var það tekið fram, að í frv. fælist ekki önnur breyting frá núgildandi lögum en sú, að landsstjórninni væri heimilt að undanskilja þær innlendar vörur ákvæðum laganna, sem útflutningsbann væri á. En annað nýmæli felst einnig í frv. Samkvæmt því á að skipa einn nefndarmanna eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands og annan eftir tillögum Fiskifjelags Íslands. En við nánari athugun varð nefndin ásátt um það, að hvorttveggja hefði stjórnin heimild til að gera nú, án þess að svo væri skipað fyrir í lögum. Og er menn líta á, hvernig nefndin er skipuð, kemur í ljós, að síðara atriðisins hefir þegar verið gætt. Einn nefndarmanna, Einar Helgason, er starfsmaður Búnaðarfjelags Íslands og nákunnugur öllu því, er að landbúnaði lýtur, og annar þeirra, Árni Eiríksson, er gamall útgerðarmaður og þekkir vel til sjávarútvegsins. Enda skiptir þetta atriði eigi svo miklu, þar sem aðalstarf nefndarinnar er og verður að takmarka óhæfilegt verð á aðfluttum vörum.

En hins vegar er ákvæðið um að undanskilja innlenda vöru, sem útflutningsbann er á, óþarft. Lögin eru að eins heimildarlög, og í reglugerð þeirri, er stjórnin setur um starfssvið nefndarinnar, getur hún kveðið svo á um.

Nefndinni var fullkunnugt um, hve verðlagsnefnd myndi veitast erfitt að fylgjast með vöruverði annarsstaðar á landinu. Vildi hún því gefa stjórninni bendingu um að bæta úr því á þann hátt, að nefndir úti um land væru látnar hafa sjerstakt eftirlit með vöruverði, t. d. hinar svonefndu matvælanefndir, er svo sendu verðlagsnefnd skýrslur sínar. Með því að þetta er ekki tekið fram í frv., hefir nefndin beðið mig um að bera fram, í sínu nafni, svo látandi rökstudda dagskrá, með samþ. hæstv. forseta:

Jafnframt því að skora á landsstjórnina að breyta reglum þeim, sem nú gilda um störf verðlagsnefndar, í þá átt, að hámarksverð verði ekki sett á innlenda vöru, nema brýna nauðsyn beri til, en komið á glöggu eftirliti í hverju hjeraði á gangverði á öllum lífsnauðsynjum og þá einkum aðfluttum vörum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Hjer er þetta tekið fram, sem ekkert ákvæði er um í frv., og sömuleiðis er beinlínis tekið fram, að hámarksverð skuli ekki sett á sjávarafurðir nje landbúnaðar, nema brýna nauðsyn beri til.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá bjargráðanefnd (sjá A. 975) samþ. með 8:3 atkv.

Frv. þar með
vísað til landsstjórnarinnar.

---

7. Forkaupsrjettur á jörðum.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um forkaupsrjett á jörðum (A. 434).

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 1. umr. (A. 434, 468).

Frv. ofseint fram komið. — Leyft í e. hlj., að það mætti taka til umr.

Frsm. (Jón Jónsson): Eins og háttv. deild sjálfsagt man voru hjer fyrir nokkrum dögum 2 frv. til umr. um forkaupsrjett á jörðum, og kom þá berlega í ljós við þá umr., að æskilegt væri, að ný ákvæði yrðu sett í þessu máli, til viðbótar hinum gömlu. Að öðru leyti hefir nefndin tekið til athugunar þær bendingar, sem þá komu fram í málinu, og breytt í ýmsu frá því sem áður var, svo að jeg hygg, að nú sje betur frá frv. gengið en þá. — Það er álit nefndarinnar, að fullkomin þörf sje á því, að lögleidd verði einhver ákvæði, sem mæli fyrir, hvernig skuli farið með sjálfsábúðarjarðir, sem ganga kaupum og sölum. — Það eru engin lagaákvæði til um slíkar jarðir, sem segja, hver skuli hafa forkaupsrjett, eða sitja fyrir kaupum. Okkur finst nauðsynlegt, að stuðlað sje að því eftir mætti, að jarðir standi í sjálfsábúð eftir sem áður, þótt sala fari fram. Jeg vil geta þess, að leiðinleg villa hefir slæðst inn í handr. frv., þar sem stendur í 13. gr.: „Nú tilkynnir eigandi, eða annar fyrir hans hönd, landsstjórninni, að jörð sje til sölu samkvæmt 1. gr“, sem auðvitað á að vera 12. gr. Jeg sje svo ekki frekari ástæðu til að fjölyrða um einstök atriði í málinu við þessa umr. En jeg vona, að hv. deild sannfærist um, að frv. er til mikilla bóta, og ef einhver af hv. þm. sæi eitthvað, sem nefndinni hefði sjest yfir og lagfæra þyrfti, þá vænti jeg þess, að þeir komi fram með það, því að þetta mál er þýðingarmeira en margir gætu haldið, og því áríðandi, að sem best sje um það búið og sem best fyrir því greitt.

Einar Arnórsson: Jeg skal játa það, að það er mun betur frá þessu máli gengið nú en var áður, er það var til umræðu hjer í deild. Og þá fyrst að því leyti, að þessi 2 frv., sem áður voru, eru nú komin í eina heild, ásamt þeim ákvæðum, er til voru fyrir. Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er í þrem köflum. Fyrsti kafli er lögin frá 1905, um forkaupsrjett leiguliða. Og 2. kafli um forkaupsrjett á sjálfsábúðarjörðum, sem eigi var áður í lögum. Svo er loks 3. kafli, sem er algert nýmæli, og fjallar um forkaupsrjett landssjóðs. En þótt nú þannig sje frá öllu þessu gengið, þá finst mjer samt sem áður ýmsir gallar vera á frágangi frv. Auk þess er það mjög mikið álitamál, hvort stefna sú, sem tekin er upp í frv., sje sú rjetta. — Um 1. kafla frv. er ekkert að segja; það eru gömul lög, og mönnum kunn. — Jeg ætla að taka það fram strax, að jeg vona, að jeg verði ekki víttur fyrir það, þótt jeg fari út í einstök atriði í þessu máli, þar sem svo stendur á einnig hjer, að þetta mál er búið að vera í nefnd, og hún búin að leggja fram sitt álit, svo að það er engin

nefnd skyldug til að taka málið til athugunar á ný, nema ef vera skyldi, að landbúnaðarnefnd fyndi ástæðu til að gera það. — Það, sem stendur í 7. gr. þessa frv., mun vera tekið orðrjett upp úr forkaupsrjettarlögunum, sem nú gilda, og vildi jeg í þessu sambandi skjóta því til nefndarinnar, hvort hún sjái sjer ekki fært að bæta inn í frv. ákvæðum, sem geti heft það, að farið verði í kringum þessi lög, eins og nú á sjer stað. Það getur vel verið, að það sje erfitt viðureignar, en væri hins vegar mjög æskilegt, ef það væri hægt. Í 8. gr. frv. er ákvæði, sem jeg verð að játa, að jeg skil ekki vel, þar sem vitnað er til 3. gr. Það getur auðvitað verið, að þetta sje misskilningur minn, en jeg sje ekki, að skaðað geti að minnast á það, og fá skýringar á því, ef jeg fer hjer með skakt mál. Í 8. gr. er svo fyrir mælt: „Nú eru ítök eða önnur jarðargögn seld út af fyrir sig, og gilda þá forkaupsrjettarákvæði 3. gr.“.

Og þessi ákvæði í 3. gr. skipa svo fyrir, að ef seld eru ítök, skógar, fossar eða önnur jarðgögn, „og á þá sá forkaupsrjett til kaups eða leigu, er land á undir“.

En nú er það við þetta að athuga, eftir því sem jeg hygg að sje rjett hjá mjer, að sá, sem „land á undir“, er einmitt sá góði maður, *sem er að selja*. Svo framarlega sem þetta er ekki misskilningur hjá mjer, sem jeg held að sje ekki, þá vildi jeg mælast til þess, að nefndin athugaði þetta. Jeg get tekið til dæmis: Ef jeg á jörð, og í landinu liggur vatn, eða foss. Setjum nú svo, að jeg selji, og þá er jeg, sem er seljandinn, sá, sem á land undir, og á þar af leiðandi að eiga kaupin! — En þetta er að vísu atriði, sem auðvelt er að lagfæra, og að sjálfsögðu ber að gera.

Þá er 3. kafli í frv., sem jeg kann ekki við. — Þar er í 13. gr. vitnað til 1. gr., en jeg þykist vita, að það eigi að vera 12. gr. eftir frv., og er það því auðsjáanlega villa. En 2. málsgrein 13. gr. finst mjer dálítið athugaverð; hún hljóðar svo: „Ef seljandi fær hærra boð í jörðina en landsstjórninni þykir aðgengilegt, er hann sjálfráður um söluna“. — Þetta finst mjer vera hreinasti óþarfi að taka fram. Því að það getur ekki komið til mála, að landssjóður eigi forkaupsrjett, svo framarlega sem einhver annar býður hærra verð. Jeg segi ekki, að þetta sje beinlínis rangt, en það væri heppilegra að orða það öðruvísi.

Þá finst mjer ekki heldur rjett það, sem stendur í 14. gr. frv.: „Stjórnarráðið gerir nauðsynlegar ráðstafanir um bygging jarðanna, en um umráð þeirra fer eins og lög ákveða“. Eftir þessu liggur næst að ályktа, að bygging jarða sje ekki eitt atriði í umráðum jarða. Það er eins og það væri eitthvað sjerstakt, sem heyrði ekki undir „umráðin“. Jeg kynni miklu betur við, að sagt væri t. d.: „Um meðferð þessara jarða fer eins og um þjóðjarðir“.

Í 15. gr. frv. finst mjer enn fremur vera ónákvæmlega til orða tekið, þar sem sagt er: „er landsstjórninni þá heimilt að rifta sölunni og kaupa fyrir sama verð og jörðin seldist síðast fyrir“. Það hlýtur að vera meiningin, að landsstjórnin geti rift sölunni, og kaupi svo með sömu skilmálum.

Hitt getur ekki verið meiningin, að landsstjórnin að eins rifti sölum, og hafi svo betri borgunarskilmála en aðrir, eða má ske sleppi við að gera kaupin. — Þá kem jeg loks að þeirri stefnu, sem tekin er upp í þessu frv.

Jeg hefi tekið það fram áður, við umr. um þetta mál, að mjer þykir það nokkuð hart aðgöngu fyrir menn, sem eiga jörð, að geta ekki gert sjer fje úr henni nema að láta hana fyrst ganga gegnum alla þessa liði, fyrst leiguliða, þá sveitarfjelag

og síðan landssjóð. Þetta eru, eins og allir sjá, miklar krókaleiðir.

Jeg skírskota til þess, sem jeg sagði um þetta áður, að með þessu eru lögð slík bönd á jarðirnar, að þeim er varla unandi, og má mikið vera, ef það er í fullu samræmi við 50. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem allar þessar krókaleiðir hljóta að rýra mikið verðmæti jarðanna, án þess þó að seljandi fái nokkrar bætur fyrir. — Þá er og eitt enn þá, sem leiðir af þessu, nefnilega það, að sölum seinkar óþarflega mikið. Tíminn, sem lögin ákveða, er að vísu ekki nema 8 vikur, en getur líka dregist lengur. Leiguliði hefir fyrst 2 vikur til umhugsunar, og ef hann afsalar sjer kaupunum, þá er sveitarfjelagið næst, og hefir frest í 2 vikur, og svo, að því frágengnu, á landssjóður að hafa 4 vikur til að ákveða sig. Þarna eru komnar 8 vikur alls. En þar með er ekki talinn sá tími, sem gæti farið í að koma tilboðunum frá sjer, og svo í það að senda samþykki eða synjun um kaupin til seljanda, og eigi sá tími, sem hann missir á því að koma tilboði til forkaupsrjettareiganda. Það er vel hugsanlegt, að þetta tæki $^1/_4$ úr ári, og stundum sjálfsagt meira.

Jeg geng að því vísu, að 2. og 3. kafli í frv. sjeu fram komnir af hræðslu við það, að margar jarðir safnist í fárra manna hendur. Jeg þóttist hafa sýnt fram á það, þegar nokkuð af þessu frv. var til 2 umr., að þessi hræðsla væri, eftir þeim ástæðum, sem nú eru, alveg óþörf, því að þeir menn, sem hafa mikil fjárráð, geta lagt sitt fje í margt, sem er miklu arðvænlegra en jarðakaup, svo sem verslun, iðnað og útveg. Því að sá, sem á jörð og rekur ekki bú á henni, fær oft ekki meira eftir hana en það, sem svarar venjulegum sparisjóðsvöxtum, og stundum minna. En aftur á móti þeir, sem leggja fje í iðnað eða t. d. útveg, hafa hingað til fengið miklu meira. Það verða því að eins braskararnir, sem hjer á að setja hemil á. En þá er þetta ekki heldur svo heppilegt, því að það mun reynast fremur auðvelt að fara í kringum þessi ákvæði. Það er þó ekki svo að skilja, að jeg telji ekki rjett að heimila landssjóði forkaupsrjett undir sjerstökum kringumstæðum. Og það er þegar *útlendingar*, það er að segja þeir, sem ekki eru búsettir á Íslandi, eru að fala hjer jarðir til kaups. Því að þá er það venjulega af því, að einhver sjerstök hlunnindi fylgja jörðinni, svo sem höfn, fossar eða annað þess háttar. Undir þessum kringumstæðum væri fullkomlega rjett að setja skorður við sölunni, og láta landssjóð hafa forkaupsrjettinn. — Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta nú; málið er hjer til 1. umr., svo að hv. þm. hafa nægan tíma til að athuga það á ný.

Bjarni Jónsson: Það er að eins örstutt athugasemd, sem jeg vildi gera.

Jeg vildi bæta við það hjá háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), hversu miklir vafningar það verða, eftir þessu frv., að selja jörð. Og er það alveg rjett athugað hjá honum. En þetta kemur til af því, að hjer er bitið í sundur það rjetta, það er að segja, það spor, sem hjer er verið að stíga, er ekki stigið til fulls, heldur að eins tæpt á því. Því að stefnan ætti auðvitað að vera sú, að landssjóður notaði forkaupsrjett sinn og keypti jafnóðum og jörð fengist. En þessar flækjur, ef jeg mætti svo segja, eru tilkomnar af þeim hrapallega misskilningi, að menn halda, að það sje rjettur veiðimannaháttur að elta 2 hjera í einu. Þessi málsháttur er þýskur, og er Þjóðverjum manna best kunnugast um, að svo er ekki. (J. J.: Þetta er alveg ný stefna). Nei, það er ekki heldur rjett, því að þessi skoðun er kend við mjög þektan mann, H. George, og þaðan hefi jeg hana. Menn getur að vísu greint á um framkvæmdirnar, en

stefnan er rjett fyrir það, og henni hefi jeg altaf haldið fram. Þetta er mismunurinn hjá háttv. frsm. (J. J.) og mjer. Svo framarlega sem ákveðið er, að landið eigi forkaupsrjett að öllum jörðum, og skylt að kaupa, þá sleppa menn við alla þessa vafninga, og þá tefst salan ekkert. — Jeg vil því skora á hv. nefnd að taka þessa stefnu hreina, ef hún hefir vakað fyrir henni.

Frsm. (Jón Jónsson): Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hafði margt og mikið við frv. að athuga, þótt hann færi fremur vægt í sakirnar og mælti ekki beinlínis á móti því. Hann reyndi að sýna hjer fram á það, að, eins og tímar væru nú, kærðu menn sig ekki um að eignast jarðir. Þar til er því að svara, að þótt það sje ekki tilfellið nú, þá getur það hæglega orðið í framtíðinni. Við vitum allir, að tímarnir breytast, og alt útlit er fyrir, að jarðir stígi mikið í verði, og af því leiðir svo, að eftirspurnin verður meiri. Jeg skal að vísu játa það, að verið getur, að ekki sje svo vel um hnútana búið í þessu frv. eins og æskilegt væri, en það er líka erfitt að sjá við öllu, sem fyrir kann að koma.

Mjer er ómögulegt að sjá neina hættu í þessu. Aðalreglan mun verða sú að selja einstaklingum. Hjer er verið að tryggja, að engum sje seld jörðin nema þeim, sem ætlar sjer að búa á henni. Gæti vel verið, að svo yrði í flestum tilfellum, þótt ekki væru sett lög um það, en engu spillir að tryggja það með lögum. En þótt þetta gengi ekki, býst jeg við, að sjaldnast yrði það landssjóður, er keypti jörðina. Jeg geri t. d. ráð fyrir, að sveitarstjórnir muni fylgja því með áhuga, er jarðir eru seldar í sveitinni. Það er margt, sem mælir með því, að gott eftirlit sje haft með sliku. T. d. gæti eitt sveitarfjelag haft sjerstaka ástæðu til að sækjast eftir jörð í öðru sveitarfjelagi. Það gæti t. d. keypt hana til að koma þar fyrir fátæklingum, sem eiga að vera í hinum hreppnum, og þannig beitt brellum til að gera þá þar sveitfasta. Svona gæti fleira athugavert komið fyrir í þessu efni.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), fór í einstök atriði, sem ekki er ástæða til að svara. Honum þótti eitthvað athugavert í 8. gr. Nefndin leit svo á, að svo gæti komið fyrir, að seld væru ítök í annari jörð, og henni virðist það mundu eiga best við, að sá fengi keypt, er land ætti undir.

Yfirleitt leit jeg svo á, sem í flestum tilfellum muni enginn vandi að fá kaupanda, þótt í einstökum tilfellum geti það verið erfitt. Það yrðu einstakir menn sem keyptu, og það er það, sem við viljum. Eftir atkvgr. um daginn um frestá sölu þjóðjarða voru það fleiri en hv. þm. Dala. (B. J.), sem halda fram þeirri stefnu, að landið eigi að kaupa allar jarðir. (**B. J.:** Hefi aldrei sagt, að jeg stæði einn uppi). Jeg legg minsta áherslu á síðasta kaflann, en samræmisins vegna hefir nefndin sett þetta ákvæði. Hún lítur svo á, að eftirsókn sje svo mikil eftir jörðum, að engin tregða verði á umsóknum um kaup á þeim. Hún þykist þekkja það. Eins og stefnan er nú virðist það liggja í augum uppi, að landssjóður muni sjaldan leita um kaup.

Jeg býst við, að þeir háttv. þm., sem finna eitthvað athugavert, og eru vitrir menn, eins og 2. þm. Árn. (E. A.), komi með brtt. til bóta, en jeg þykist sannfærður um, að frv. verði samþ., því að það er til stórra bóta, og tryggir að mun sjálfsábúð í landinu.

Einar Arnórsson: Hv. frsm. (J. J.) hefir, að mjer skilst, fallist á þær athugasemdir minar um formatriði, er jeg tók áður fram, og laga má við aðra umr.

Aftur mælti hann á móti því, er jeg sagði um ýms efnisatriði. Það má vel vera, að eftirgjaldið kunni að hækka.

Hver yrði afleiðingin? Kaupverð jarðanna hækkaði þá svo, að það væri ekki meiri hagur að eiga þær.

Háttv. frsm. (J.J.) gerði lítið úr töfinni og bjóst við, að sú yrði aðalreglan, að einstakir menn keyptu. Ef einstakir menn sæktu jafnframt um ábúð á jörðinni, þá er þetta rjett hjá háttv. frsm. (J. J.) En nú mun oft verða svo, að eigendur vilja selja, án þess að nokkur sje farinn að tala um að fá jörðina til ábúðar. Einstakir menn geta boðið þetta og þetta í jörðina, en ekki með þeirri ætlun að taka hana til ábúðar, og þegar svo stendur á, verða menn að fara frá Heródesi til Pílatusar, frá sveitarstjórn til landsstjórnar. Ef svo fer, að sveitarfjelagið vill kaupa, þá þarf ekki að fara lengra. En jeg veit ekki til, að sveitarfjelög hafi enn þá gert mikið að því að nota sjer forkaupsrjett sinn, er þau nú hafa að lögum. Oft er svo, að sveitarfjelagið treystir sjer ekki kostnaðarins vegna. Menn undrast þess vegna enn í dag, ef sveitarfjelag notar sjer forkaupsrjettarheimildina í lögunum. Það mundi þá sjerstaklega vera jörð nálægt kaupstað, sem fyrir kemur að hreppurinn kaupi, en það mun ekki alment. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að þau notuðu rjettinn iðulega. En sú notkun er venjulegast eftir á, er búið er að selja jörðina. Þá fer sveitarstjórnin að rumska, og fer í mál. Það hafa eitthvað 2—3 slík tilfelli komið fyrir landsyfirrjettinn á síðustu árum, og sveitarfjelagið auðvitað stundum tapað.

Svo ber að athuga fjárhagshliðina, að því er hún snýr að landssjóði. Auðvitað reyna menn venjulega að fá svo mikið fyrir jörðina, sem kostur er á, — selja hana uppsprengdu verði. Samkvæmt hlutarins eðli er tilgangurinn ekki sá, að landssjóður fái jörðina ódýrar en annar, sem vill kaupa hana af seljanda. Um borgunarskilmálana mundi fara svo, að annaðhvort sje borgað út í hönd, eða kaupandi gefi út skuldabrjef fyrir nokkrum hluta kaupverðsins með sæmilegum vöxtum, en sennilega þó ekki hærri en venjulegum útlánsvöxtum, er eigandi gæti fengið af fje sínu. Svo á landssjóður eftir að selja þessar jarðir til ábúenda. Hann á að selja fyrir virðingarverð, fá borgaðan út strax $^1/_{10}$ kaupverðsins, og svo $^9/_{10}$ kaupverðsins á 28 árum með 4 % ársvöxtum. Það var þetta atriði, sem jeg vildi athuga. Þar sem það er fjárhagsatriði, átti samkvæmt þingsköpum fjárveitinganefnd að segja sitt álit um þetta frv. Það getur kostað landssjóð fjárútlát, og þótt sjóðirnir heiti Kirkjujarðasjóður eða Ræktunarsjóður eða eitthvað annað, kemur það alt niður á landssjóði. Þetta er því stórt fjárhagsatriði, og hefði álit fjárveitinganefndar átt að fylgja þessu frv. Mjer er óhætt að fullyrða, að háttv. frsm. (J. J.) er ekki eins ánægður með 3. kafla þessa frv. og sitt frv. frá byrjun, en jeg skal endurtaka, að ef spurningin er að eins um að hindra sölu jarða til útlanda, er væntanlega vel forsvaranlegt að setja lík ákvæði, en tæplega annars.

Frsm. (Jón Jónsson): Mjer finst hv. 2. þm. Árn. (E. A.) líta einstrengingslega á þetta mál. Mjer finst augljóst, að það geti verið beinn hagur, að einstakir menn nái í jarðir, ef svo er, að jarðir stigi í verði og haldi áfram að stíga í verði. Það er á það að líta, að jörð getur haldið áfram að stíga í verði þangað til hún er orðin hálfu meira virði en þegar hún var keypt. Þetta getur vel komið fyrir, ef landbúnaðurinn á nokkra framtíð fyrir sjer. Þess vegna er ekki útilokað, að einstakir menn sækist eftir jörðunum til að selja þær svo aftur, hverjum sem best býður, með miklum hagnaði. Um kauprjett sveitarfjelaga er það að segja, að mjög æskilegt væri, að þau gerðu meira að því að kaupa jarðir en þau gera. Í jörðunum eiga

sveitarfjelögin örugga innstæðu og geta búist við margvíslegum hag af því. Það er betur sjeð fyrir jörðunum með því, að sveitarfjelögin hafi þær, en að þær gangi kaupum og sölum milli hinna og þessara. Jeg veit til þess, að slík kaup hafa átt sjer stað í Norður-Múlasýslu, og blandast mjer ekki hugur um, að það er vel ráðið, að sveitarfjelögin nái í jarðir, er gott tækifæri býðst.

Um kaup landssjóðs gat jeg þess áður, að ekki væri mikið um þau kaup að ræða, en mjer finst ekkert athugavert, þótt landssjóður keypti jörð, er hann samkvæmt þjóðjarðasölulögunum er skyldur til að selja aftur. Það er betra, að landsstjórnin nái í þær en útlendingar eða braskarar. Þær eru þó í rjettum höndum meðan landssjóður hefir þær.

Svo getur líka vel farið, að þjóðjarðasölulögin verði afnumin þegar minst varir. Mjer heyrist, að menn sjeu heldur farnir að kippa að sjer hendinni með að selja þjóðjarðirnar, og það er ekki að vita, hve nær sú stefna verður ráðandi hjer í þinginu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 23. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 434, 468).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 27. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., þriðjudaginn 28. ágúst, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 434, 468, 648).

Frsm. (Jón Jónsson): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um frv. að þessu sinni, með því að það hefir verið svo mikið rætt áður hjer í deildinni. Engar brtt. liggja fyrir, sem máli skifta. Jeg sje því ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið, nema mótmæli komi fram.

Einar Arnórsson: Það er nú búið að ræða þetta mál allmikið, bæði við 1. umr., áður en þessum frv. var slengt saman í eitt, og eins eftir að landbúnaðarnefnd hafði gert það. En jeg sje nú, að nefndinni hefir ekki þóknast að lagfæra þá galla, sem jeg sýndi fram á að væru á þessu frv. enn. En hún gerir það væntanlega síðar.

I. kafli frv. þessa er lögin frá 1905, um forkaupsrjett leiguliða, og er ekkert sjerstakt um hann að segja. En II. og III. kafli er mjög varhugaverður, eins og jeg hefi áður vikið að.

Þessi deild hefir hjer á þessu þingi felt frv. stjórnarinnar um frestun þjóð- og kirkjujarðasölu, og þar með óbeinlínis skipað stjórninni að selja jarðir landsins framvegis á sama hátt sem hingað til. En með þessu frv. er stjórninni skipað, ef það verður að lögum, að *kaupa* jarðir, eða í öllu falli veitt heimild til þess. Og sjálfsagt mundi þingið þá illa kunna því, ef stjórnin notaði þessa heimild ekki nokkuð. Og þegar svo stjórnin hefði keypt jarðir samkvæmt frv. þessu, ef að lögum verður, fyrir það verð, sem seljandi setur á þær og aðrir bjóða honum, þá yrði landssjóður aftur að selja þær, samkvæmt lögunum um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, eftir mati og með þar nefndum borgunarskilmálum. Þegar landssjóður keypti jarðir, þá yrði hann annaðhvort að greiða þær þegar að fullu, eða gefa út skuldabrjef og greiða fulla vexti af eftirstöðvum kaupverðsins. En af þessu gæti landssjóði sýnilega stafað stórtap. Ef stefna deildarinnar væri sú, að landssjóður skyldi eiga sem flestar, eða helst allar, jarðeignir

í landinu, þá væri algerlega hugsunarrjett að setja slík ákvæði, sem í III. kafla frv. þessa felast. En þar sem stefna deildarinnar er þverðfug við þá stefnu, þá verður hrein hringavitleysa úr þessu, eða það, sem á máli rökfræðinnar heitir „circulus vitiosus“.

Hv. landbúnaðarnefnd svarar því til, að landssjóður muni lítt nota forkaupsrjett sinn. Að vísu er því óhættara við tapi, sem jeg áður greindi, ef svo reynist. En sama verður óhagræðið fyrir seljendur fyrir því, tíminn sami, sem þeir verða að bíða eftir því að fá komið eignum sínum í verð. Og undarlegt er að heyra löggjafann hugga sjálfan sig og aðra með því, að vonandi verði lög hans slík sem þessi lítið notuð.

Áður hefi jeg bent á ýmsa galla á frv., auk stefnunnar, sem í því felst, eða rjettara sagt stefnuleysisins. Hjer skal jeg enn bæta við dæmi úr 16. gr. Þar er svo tiltekið: „Hreppstjórum er skylt að hafa eftirlit með því, að fyrirmælum 12. gr. sje hlýtt. Ef út af er brugðið, skal hreppstjóri tafarlaust tilkynna það sýslumanni“. Meiningin er, að hreppstjórar eiga að sjá um það, að einstaklingar bjóði landssjóði þennan forkaupsrjett. En hvernig í ósköpunum eiga hreppstjórar að vita um þetta? Er ætlast til þess að hreppstjórar gangi milli manna í sveitinni og grenslist eftir, hvort nokkur ætli að selja jörð? Og þótt nú svo væri, þá er ekki víst, að það dygði. Því að það er ekki gefinn hlutur, að eigandi jarðarinnar búi á jörðinni. Hann getur svo hæglega búið í alt annari sveit, eða öðrum landsfjórðungi. Og hvernig á vesalings hreppstjórinn þá að sjá um, að þessu verði hlýtt? — Hjer er ætlast til altof mikils af hreppstjórunum, og ef jeg væri í hans sporum, þá mundi jeg fljótt þakka fyrir. — Svo er hjer brtt. við 15. gr., á þgskj., 468. Ef hún yrði samþykt, þá mundi það gera rjett seljanda enn óhagfeldari en eftir frv. óbreyttu. Brtt. þessi fer fram á, að í staðinn fyrir „frá því að kaup voru gerð“ síðast í 15. gr. komi: „frá því að kaup voru þinglesin“. — Afleiðingin af þessu yrði sú, að það yrði enn lengur óvíst, hvort rifting færi fram eða eigi. Og skal jeg taka dæmi. Ef jeg t. d. kaupi jörð skömmu eftir fardaga, en get ekki látið þinglesa kaupin fyr en á næsta manntalsþingi, þá getur það beðið 12 mán., og svo bætast við hinir tilteknu 6 mán. Það verða þá samtals 18 mán., sem eiganda er haldið í óvissu um, hvort landssjóður ætlar að nota riftingarrjett sinn eða ekki. — Í 6. gr., sem er tekin úr lögum frá 1905, eru ákvæðin dálítið öðruvísi. Þar er fresturinn reiknaður 6 mán. frá þeim tíma, sem sá fær að vita um misfelluna, sem hefir orðið fyrir misrjetti. — Þessir gallar, sem jeg benti á í 13. gr. við 1. umr. málsins, hafa ekki verið lagaðir að heldur. En auðvitað má gera það til 3. umr., svo framarlega sem frv. lifir svo lengi. Eins og jeg hefi tekið fram áður þá fyndist mjer ástæða til að heimila landssjóði forkaupsrjett, ef útlendingar eiga hlut að máli, til að koma í veg fyrir, að þeir nái jörðum á sitt vald eftirlitslaust. — Jeg álít því ekki rjett, að hv. deild dauðadæmi málið að svo komnu, og leyfi mjer því að bera fram rökstudda dagskrá, sem hljóðar svo:

Í þeirri von, að landsstjórnin athugi, hvort takast megi og hvort rjett sje að leggja almenna forkaupsrjettarkvöð á jarðeignir á landi hjer, og undirbúi, ef fært þykir, frumvarp um það fyrir næsta Alþingi, tekur deildin til meðferðar næsta mál á dagskrá.

Björn Stefánsson: Þeir, sem eru andvígir þjóðjarðasölu hjer í hv. Nd., færa

það fram sem aðalatriði í þessu máli, að engin trygging sje fyrir því, að jarðir haldist áfram í sjálfsábúð, þótt seldar sjeu ábúendum, og enn fremur, að það sje ekki heldur trygt með þessu frv., að jarðir komist ekki í hendur á bröskurum, sem komi þeim upp í svo hátt verð, að búskapur á þeim geti ekki borgað sig, vegna þess, hve landskuldin hlýtur að verða há, en samsvara á vöxtum af kaupverðinu. Aftur á móti segja þeir, sem vilja selja, að vandalaust sje að búa til lög, sem feli í sjer tryggingu á sjálfsábúð. Jeg hefi fyrir mitt leyti aldrei vefengt, að hægt væri að búa til slík lög, með því móti, að þau gangi of nærri eignarrjetti einstakra manna. Nú hafa, eins og hv. þm. er kunnugt, komið fram þrjú frv. hjer í deildinni í þessa átt.

Tvö þeirra voru nú ekki betur úr garði gerð en það, að flutnm. sáu sjer þann kost vænstan að taka þau aftur, þegar farið var að kryfja þau til mergjar hjer í deildinni. Svo er það þriðja nú hjer til umr. En jeg fæ ekki sjeð, að með því sje hnúturinn leystur. Eftir þeim ákvæðum, sem eru tiltekin í 1. gr. frv., er ekki kauprjetturinn metinn meira en svo, að ekki er sjáanlegt að þurfi nema 10 kr. yfirboð, eða jafnvel minna, til að gera að engu forkaupsrjett leiguliðans. Þetta leiðir til þess, að hver getur keypt, sem vill, með því að bjóða yfir, eða þá að hægt er að teyma leiguliða svo langt, með því að láta hann elta yfirboðin, að kaupverðið verði á endanum hærra en hann getur staðið sig við að borga. Þetta er í samræmi við það, að ef fleiri en einn vilja kaupa, þá ræður eigandi hverjum hann selur. Og auðvitað selur hann þá þeim, sem hæst býður, án tillits til þess, hver best mundi fara með jörðina.

Þá er líka talað um sölu eða leigu á ítökum, svo sem fossum, eða veiðirjetti í ám eða vötnum. — Þá þarf sá, sem ætlar að leigja, að ganga til svo og svo margra og bjóða þeim leiguna. Eins og gefur að skilja þá þurfa þeir að svara, og er ætlaður ákveðinn frestur til þess, í þetta fer svo mikill tími, að það gæti hæglega dregist að gera út um það þangað til veiðitíminn, sem um er að ræða, er útrunninn, án þess þó að eigandi hafi sjálfur getað haft nokkur not af. Þetta gæti sjerstaklega viljað til með veiði, sem stendur ekki mjög langan tíma, t. d. lax- og silungsveiði, en þó einkum kópaveiði, sem, eins og menn vita, stendur að eins 1—2 vikur. — Þá er í 5. gr. í frv. ákvæði um, að yfirlýsing þess, er afsalar sjer forkaupsrjettinum, gildi eigi lengur en 6 mán. — Ef nú kauptilboðin verða að ganga í gegnum alla þessa liði, og hver að hafa sinn frest, þá getur þetta orðið æði tafsamt. Það er fyrst leiguliði, þá sveitarfjelagið, og loks landssjóður. Landssjóður á að vísu ekki að hafa nema 1 mánuð til umhugsunar, en jeg geri ráð fyrir, að tilboðið sje sent með pósti, og þá getur farið töluverður tími í að svara aftur. Ef nú mikill tími færi í þetta, þá gæti hæglega farið svo, að þessir 6 mánuðir væru liðnir áður en nokkuð er afgert. Og þá verður eigandi að byrja á nýjan leik, að leita fyrir sjer, hvort leiguliðinn vilji nota forkaupsrjettinn sinn o. s. frv. Það er líka í frv. gert ráð fyrir, að þetta muni verða töluvert vafningasamt, og jafnvel búist við, að þurfi að fara í málaferli til að fá þessu framgengt. Að því er landssjóð snertir, þá álít jeg ekki hyggilegt eða hagkvæmt fyrir hann að gefa sig mikið við kaupum og sölum á jörðum, því að jeg hefi sjeð þess dæmi, að jarðir hafa margfaldast í verði, einmitt þegar landssjóður hefir verið nýbúinn að selja.

Þá ætla jeg að minnast lítið eitt á brtt. mína. Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), tók það rjettilega fram í ræðu sinni, að með þessari brtt. væri rjettur seljanda gerður

enn erfiðari. En ef háttv. deild telur sæmilegt að samþykkja þessi lög, og svo framarlega sem þau eiga að verða annað en pappírsgagn eingöngu, þá verður, að mínu áliti, þessi brtt. að fylgja með. Því að það er aðgætandi, að það er ekkert hægara en að fara í kringum þessi fyrirmæli í 15. gr., sem segja, að ekki megi rifta sölu, ef liðnir eru 6 mánuðir frá því að kaup eru gerð. Menn þurfa t. d. ekki annað en halda sölunni algerlega leyndri, og um þetta þarf enginn að vita, fyr en þessir 6 mánuðir eru á enda. Enn fremur geta menn komist hjá öllum þessum fyrirskipuðu töfum, með því einfalda ráði, að dagsetja kaupin löngu áður en þau eru gerð í raun og veru. — Alt öðru máli er að gegna ef fyrirskipað er, að kaup skuli *þinglesin*, eins og brtt. mín fer fram á. Með því er algerlega bygt fyrir, að pukur sje mögulegt. Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta, en hefi hugsað mjer að greiða atkv. með dagskrá hv. 2. þm. Árn. (E. A.). — En jeg vil endurtaka það, að ef hv. deild sjer sjer fært að samþ. lög, sem setja slík takmörk fyrir umráðum manna yfir löglegum og rjett fengnum eignum sínum, þá verða þessi ekkert annað en „humbug“, ef þessi brtt. nær ekki fram að ganga.

Frsm. (Jón Jónsson): Jeg get ekki annað sagt en að mjer finst hálfeinkennileg afstaða háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) í þessu máli. — Eins og mönnum er kunnugt kom sú stefna fram hjer á þingi, að efla sjálfsábúð, eftir því sem föng væru á. Og það, sem vakir fyrir landbúnaðarnefnd í þessu máli, er einmitt að tryggja það, að sem flestir eigi þær jarðir, sem þeir búa á. Og hygg jeg, að ekki sje auðvelt að búa öllu betur um það en hjer er gert. En ef nú, einhverra ástæðna vegna, er ekki hægt að koma því þannig fyrir, þá er meiningin að stuðla að því, að sveitarfjelög eða landssjóður sitji fyrir kaupunum, fremur en einhver annar. Í þessu skyni voru forkaupsrjettarlögin gefin út 1905, og að þessu stuðlar þessi kafli laganna, sem um það fjallar. Eins og menn vita þá hefir sjálfsábúð aukist mikið síðan lögin um sölu kirkju- og þjóðjarða voru sett. En auðvitað getur altaf komið fyrir, að jörð losni úr sjálfsábúð við og við. Og mjer er kunnugt um það, að í kjördæmi háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) eru einstakir menn, sem leggja mikið kapp á að sölsa undir sig sem mest af jörðum, hvort sem nú það á nokkuð skylt við, að háttv. þm. (E. A.) er móti þessu frv. En jeg hygg, að flestir sjeu mjer sammála um, að slíkt sje ekki æskilegt, og að það heyri einmitt undir löggjafarvaldið að sporna við því.

Háttv. sami þm. (E. A.) var að tala um, að þetta gengi fullnærri eignarrjetti manna, og væri gott, ef það bryti ekki í bága við stjórnarskrána. En jeg verð að segja það, að þótt aldrei nema hjer sje um höft á jörðum að ræða, þá varðar þetta þó almenningsheill, að sem best sje búið á jörðum og þeim sómi sýndur. Það hlýtur öllum að vera það ljóst, að það er meiri trygging fyrir því, að vel sje hlúð að jörðinni, ef sá á hana sjálfur, sem býr þar, heldur en einhver og einhver, sem má ske hugsar ekki um annað en láta hana ganga kaupum og sölum. — Þetta felst í 2. kafla, og jeg get ekki skilið, að það sje svo illa frá gengið, að ekki megi við una. Hann er alveg í samræmi við forkaupsrjettarlögin, og er alveg bráðnauðsynlegur. Því undarlegra er það, að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sje á móti þessu. Jeg hjelt, að hann væri sömu skoðunar og við í nefndinni, að sjálfsábúð væri í alla staði holl. -- Þá er loks 3. kafli, sem er sjálfsagt þýðingarminstur, en þarf þó ekki að vera ónauðsynlegur. Því að með þessu móti getur landssjóður eignast jarðir, sem eru í höndum einstakra manna, sem má ske fara misjafnlega með þær. Og það er

ætlast til, að landssjóður selji því að eins jarðir, að sjálfur ábúandi sje sá, sem kaupir. Ef nú þetta verður að lögum, þá er gengið eins hyggilega og hægt er frá því, að landssjóður eigi þær jarðir, sem ekki eru í sjálfsábúð. Því að það getur engum blandast hugur um, að það er óholt fyrir landið og þjóðina, að jörðum sje haldið í svo háu verði, að einstakir menn geri sjer að fjeþúfu að braska með þær kaupum og sölum.

Jeg get því ekki fallist á, að andmæli þessi sje á rökum bygð. Það, sem háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) sagði, var endurtekning á orðum háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), og skal jeg ekki fara út í það. En það virðist undarlegt af honum (B. St.), sem er hlyntur sjálfsábúð, að andmæla svona löguðu frv., en ef til vill þykir honum ekki nóg rækt lögð við frv. sitt um erfðaábúð, og er þá líklega að hefna sín á landbúnaðarnefnd. En þessi hefnd kemur ekki niður á rjettum stað.

Sveinn Ólafsson: Jeg stend upp til þess að mæla með þeirri rökstuddu dagskrá, sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir borið fram. Jeg held, að í þessu frv. sje ekki mikil rjettarbót, og það hefir ljóst komið fram, að um það eru að minsta kosti skiftar skoðanir. Ef þetta frv. er borið saman við forkaupsrjettarlögin frá 1905, sjest, að 2 fyrri kaflar frv. eru teknir nær orðrjettir upp úr þeim lögum, að eins dálitlar breytingar á stöku stað, en þær eru ekki til bóta. Jeg vil benda á t. d., að 8. gr. er ekki annað en óþörf endurtekning á 3. gr. Í þessum 2 köflum er ekkert nýtt, sem ekki er til í gildandi lögum, og því engin rjettarbót í þeim, en um 3. kaflann verður það sagt, án þess að taka djúpt í árinni, að hann er mjög athugaverður. Ákvæði hans munu reynast mörg lítt framkvæmanleg, svo sem ákvæðið um, að hreppstjórar skuli hafa eftirlit með því, að landssjóði sjeu jafnan boðin kaup á jörðum. Þetta hefir háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) tekið fram. Erfiðleikarnir, sem frv. bakar þeim jarðeigendum, er vilja selja, eru og mjög fráfælandi. Það mætti t. d. gera ráð fyrir því, að maður þyrfti, vegna ábyrgðar eða víxilskuldar, að koma jörð sinni fljótt í peninga. Hann yrði þá fyrst að ganga frá manni til manns, og þegar hann svo loks kæmist til landssjóðs, gæti skeð, að skuldheimtumaðurinn yrði þrotinn að þolinmæði og jarðeigandinn kominn í skuldafangelsið, áður en landsstjórnin hefði samþykt kaupin.

Þá finst mjer það athugavert við 12. gr., að eftir henni virðist jarðeigandi skyldur til að bjóða landssjóði jörðina, að fenginni neitun hreppsfjelags um kaup, jafnvel þótt hann þá hefði sjeð sig um hönd og vildi hætta við að selja og hefði bætt úr fjárvandræðum sínum á annan hátt. Ef hann eitt sinn hefir farið á flot með sölutilboð, má hann ekki hætta því, eftir þessari grein, og verður að bjóða landssjóði. Mjer finst verulega athugavert að troða slíku vandræðaákvæði inn í löggjöfina.

Held jeg því langrjettast að samþykkja ekki frv., en tryggja það, að málið verði vel athugað, áður en það verður lagt fyrir Alþingi í nýrri mynd. Hallast jeg því að dagskránni.

Gísli Sveinsson: Jeg hjelt ekki, að umr. myndu verða svo miklar um þetta mál, á þessu stigi, eins og raun er á orðin. Það hefir verið tekið fram áður, í hinum miklu umr. um hin ýmsu frv. um þetta forkaupsrjettarmál, að öllum þessum ákvæðum væri betur komið, ef þeim væri fyrir komið í ein lög. Nú hefir verið svo gert, en samt geta verið eðlilegar ástæður til þess, að einstakir þingmenn komi með athugasemdir, sem ekki hafa

áður komið, því að það er ekki nema eðlilegt, að menn sjái nú, við nánari athugun, ef til vill smágalla, sem þeir vilja fá lagfærða. En það verð jeg að taka undir með hv. frsm. (J. J.), að jeg hafði hugsað, að t. d. báðir þingmenn S.-M. (Sv. Ó. og B. St.), myndu samþykkir einhverjum ákvæðum í þá átt, er frv. fer, sem hjer liggur fyrir. Það er kunnugt um hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að hann lýsti sig móti þjóðjarðasölu að miklu leyti, og um hinn (B. St.) var það og kunnugt, að hann hallaðist, að því er virtist, á líka sveif, og hafði borið fram frv., sem átti að tryggja leiguábúð á jörðum landssjóðs. Frá mínu sjónarmiði er ekkert á móti því, að samþykt sjeu slík ákvæði hjer í þessari hv. deild, þótt hún sje búin að lýsa yfir því, að hún vilji, að þjóðjarðasölu sje haldið áfram, eins og komið er. Það hafa verið færð fram rök, sem eru óhrekjandi, fyrir því að halda áfram sölunni. Nú er búið að selja bestu jarðirnar, og ef nú væri kipt að sjer hendinni, væri það ærið misrjetti gagnvart þeim, sem vilja kaupa þær jarðir, sem eftir eru, og því misrjetti hefir enginn þeirra, er fengið hafa jarðirnar óhindrað áður, verið beittur. Hitt er annað spursmál og annað sjónarmið í málinu, að landssjóði sje heimilaður forkaupsrjettur, gengið út frá því að sjálfsögðu, að hann steypi sjer ekki í neitt jarðakaupabrask. Með því er landinu gefið tækifæri til að eignast einstakar jarðir, sem annaðhvort eru kostagripir, sem vel væru fallnar til að vera opinber eign, eða ella væri hætta á að fjellu í hendur misindismanna, sem annaðhvort færu illa með jarðir sínar eða braska með þær, eða þá í hendur útlendinga.

Þetta tvent getur vel samrýmst hvort öðru, og það er misskilningur hjá háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), að í því þurfi að vera nokkur knýjandi mótsögn, og að ekki megi samþykkja það. (E. A.: Jeg er ekki að meina mönnum að bíta í skottið á sjálfum sjer). Menn geta látið sitt skott hanga í friði, þótt þeir samþykki þetta frv.; það áhrærir ekkert málið. Hjer er í rauninni ekki um verulegt nýmæli að ræða, nema í síðasta kafla frv. (E. A.: Jú, í 2. kafla). Nei! (E. A.: Þá þekkir háttv. þm. ekki löggjöfina). Jeg kalla ekkert nýmæli, nema þetta í síðasta kaflanum, með því að hitt er þaulrætt bæði fyr og síðar, þótt ekki hafi verið lögfest. Nýmælið er í síðasta kafla, um forkaupsrjett landssjóðs. Forkaupsrjettarmálið er alt svo vaxið, að það getur verið álitamál, hvort gefa eigi mönnum forkaupsrjett yfirleitt, en þegar bæði ábúanda og sveitarfjelagi hefir verið veittur forkaupsrjettur, er ekki frekar nú um neitt brot á almennum rjettindum því síður stjórnarskrárbrot að ræða, þótt því sje við bætt, að landssjóður hafi forkaupsrjettinn á eftir einstökum mönnum og hreppsfjelögum. Það er ekki rjettarbrot, að eins eðlileg ráðstöfun, ef menn taka upp þessa stefnu, og gerir seljanda ekkert ilt. Að eins er það álitamál, hvort það geti tafið ofurlítið framkvæmd sölunnar. En sú töf er þegar fyrir. Seljandi varð að bjóða ábúanda og sveitarfjelaginu forkaupsrjettinn, samkvæmt þeim lögum, sem gilt hafa; er því spursmálið að eins um töfina við að bjóða landssjóði. Ef menn álíta eins mikilsvert og sumir hafa látið í veðri vaka, að landssjóður haldi jörðunum, getur það ekki álitist neinn glæpur þótt nokkrir dagar líði, meðan landssjóði er jörðin boðin. Það er alveg óhugsandi, sem háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) gerði ráð fyrir, að þessi bið gæti riðið mönnum að fullu fjárhagslega.

Hvað snerlir 16. gr., sem menn hafa verið að sýta í, að hreppstjórar skuli hafa eftirlit með því, að ákvæðum 12. gr. sje hlýtt, og tilkynna sýslumanni, ef út af er brugðið, þá er þetta að eins ákvæði, sem ekki nær lengra en hægt er að fylgja. Ef hreppstjórar vita ekki um söluna, er þeim

ekki skylt að gera gangskör að því frekar. En hið rjetta hlýtur brátt að koma fram, og þá kemur 15. gr., sem á við það atriði, er jörð er óleyfilega seld, og er þá landssjóði heimilað að rifta sölunni, innan vissra tímatakmarka, og kaupa fyrir sama verð og jörðin seldist síðast. Brtt. á þgskj. 468 er eðlileg. Salan hlýtur að vitnast, er kaup eru þinglesin, svo að landssjóður mun ætíð geta neytt rjettar síns, áður en 6 mánuðir eru liðnir.

Síðasta mótbára hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) gegn 12. gr. er fjarstæða ein. Þar stendur, með leyfi hv. forseta:

„Þegar jörð er til sölu, og hvorki einstaklingur nje sveitarfjelag vill nota kauprjett sinn samkvæmt því, sem áður er sagt í lögum þessum, skal jafnan skylt að bjóða landsstjórninni kaup á jörðinni fyrir landssjóð".

Þetta vildi hann skilja svo, að þótt jörðin væri ekki til sölu, seljandi hefði hætt á miðri leið, ætti hann enn að halda áfram til landssjóðs. Þetta ber auðvitað að skilja, eins og orðin þýða, *meðan* jörðin er til sölu, en kemur ekki til, þegar jörðin er *ekki* til sölu.

Mjer hefir fundist, að frv. megi ná fram að ganga, og sje því ekki, að ástæða sje fyrir hv. þdm. til að hindra það, með því að greiða atkvæði hinni rökstuddu dagskrá, sem fram er komin.

Einar Arnórsson: Það er þegar búið að taka ýmislegt fram til svars því, er sagt hefir verið síðan jeg talaði síðast. Þeir fjelagar, háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), eru, þótt undarlegt megi virðast, sammála um, að fult samræmi sje í þessu frv. og því, sem deildin hefir áður sagt, að landssjóður eigi að selja jarðir þær, sem nú á hann. (**P. P.**: Það hefir ekki verið sagt.). Jú, með því að fella frv. um frestun á sölu þjóðjarða. Menn segja með öðrum orðum: Þetta er ágætt. Landssjóður er skyldur til að selja og skylt að selja honum. Þetta heitir á latínu circulus vitiosus, og hafa orðhagir menn nefnt það á íslensku hringavitleysu. (**G. Sv.**: Þetta er orðhengilsháttur). Það þýðir ekki að karpa um þetta við hinn háttv. þm. (G. Sv.). Með karpinu má kefja alla heilbrigða hugsun.

Hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) kannaðist við, að rjettur seljanda væri lakari ger með brtt. hans við frv. þetta. Það er mjög óeðlilegt, að menn geti lengt frestinn um 18 mánuði, og svo geta menn með vilja dregið þinglýsinguna. Því má svara, að þá sje rjett, að sá trassaskapur komi þeim í koll, en kaupandi getur trassað þetta, og það gengur út yfir seljanda. (**G. Sv.**: Er kaupum er rift, missir kaupandi hið keypta). Er ekki hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) svo vel að sjer, að hann viti, að þegar kaupum er rift, geta forkaupsrjettarhafar snúið sjer til seljanda? (**G. Sv.**: Sá missir, sem ólöglega hefir fengið; hv. 2. þm. Árn. (E. A.) ætti að vera svo vel að sjer, að hann vissi það). Það getur valdið því, að kaupverðið verði ekki borgað; þarf yfirleitt ekki að fara í grafgötur um það, að þetta veldur seljanda miklum óþægindum.

Sú eina hugsun, sem þessi viðtæki forkaupsjettur er bygður á, er að tryggja sjálfsábúð, en um það þarf ekki að deila, að hjer er oflangt farið. Það var líka hugur landbúnaðarnefndar þingsins 1905 að tryggja sjálfsábúð, en þeim góðu herrum hefir ekki þótt fært að fara svo langt, sem hjer er til ætlast. Það er ekki nema sanngirniskrafa, að leiguliða sje boðinn forkaupsrjettur; hann er ef til vill búinn að búa lengi á jörðinni og gera henni svo og svo mikið til góða, þótt ekki sje krafist, að eigandi fari til Pjeturs og Páls og bjóði þeim jörðina, þótt þeir láti í veðri vaka, að þeir ætli að taka hana til ábúðar.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) segir, að ekki

sje meira stjórnarskrárbrot í 2. kafla en í 1. Það er líka rjett, að í þeim kafla er samskonar forkaupsrjettarkvöð. Í lögunum frá 1905 nær hún að eins til jarða í leiguliðaábúð, en hjer er ætlast til, að hún nái til *allra* jarða, er ganga kaupum og sölum.

Hv. frsm. (J. J.) sagði, að sú eina ástæða væri sjálfsábúðarrjetturinn, að hjer ætti að setja lög, er veittu mönnum frjálsan aðgang að fá að búa á eigin jörðum. Jeg vil ekki kannast við, að þessi regla heimili að leggja haft á allar jarðir undantekningarlaust. Með því tel jeg gengið ofnærri 50. gr. stjórnarskrárinnar. Að þingið 1905 ljet ekki þetta ákvæði ná lengra en til leiguliðajarða verð jeg að skýra svo, að þeir hafi talið sanngjarnt, að leiguliðar hefðu forkaupsrjettinn, en hitt hæpið, og jafnvel ógerning, að leggja þetta haft á allar jarðir í landinu. Jeg skal geta þess, til stuðnings mínu máli, að í grundvallarlög sín hafa sumar þjóðir sett fyrirmæli um, að leggja mætti forkaupsrjettarkvöð á jarðir, til þess að fyrirbyggja, að ákvæði í grundvallarlögum þeirra, er svara til 5. gr. stjórnarskrárinnar 1874, útilokaði heimild til slíkra ákvæða í almennum lögum. Þau ákvæði sýna, að þeir löggjafar hafa ekki talið fráleitt, að slík ákvæði um forkaupsrjett gætu farið í bág við eignhelgina.

Hv. frsm. (J. J.) sagði, að 3. kafli væri þýðingarminstur. Að því leyti er hann það sjálfsagt, að líklegt er, að landssjóður noti sjaldnar forkaupsrjett sinn en hinir, er hafa hann eftir 1. og 2. kafla frv. En hann er ekki þýðingarlítill að því leyti, að hann setur sömu torfærur og hinir. Seljandi verður að fara allar götur upp í stjórnarráð, til þess að vita, hvort landssjóður ætli að nota forkaupsrjettinn eða ekki.

Hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) bjóst við því, að jeg væri móti frv. af þeirri ástæðu, að einhverjir menn væru í mínu kjördæmi, er langaði til að sölsa undir sig jarðir. Það er álíka sennileg tilgáta og sú í garð hv. 2. þm. S.-M. (B.St.), að hann væri á móti frv. af því, að hann vildi hefna sín. (G. Sv.: Það er ekki ósennilegt). Þetta geta þeir talið ekki ósennilegt, er af eigin reynslu þekkja þá tilhneigingu að hefna sín á þingi í einstökum málum, eða að laga sannfæringu sína eftir vilja 2—3 manna í kjördæmi sínu. (G. Sv.: Nefndin hefir haldið málinu ósæmilega lengi). Hún hefir líklega haldið því svo lengi af því, að hún hefir fremur talið ástæðu til að leggjast djúpt þar en í þessu máli.

Hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) segir, að ekki sje áríðandi að halda jörðunum í háu verði. Jeg vil minna hann á, að það hefir ekki litla þýðingu fyrir lánstraust landsins, að fasteignir þess sjeu í háu verði og góðu áliti. Annars skil jeg ekki vel afstöðu þessara góðu manna, sem hugsa sem svo í þessu máli: „Það gerir ekkert til, þótt við nögum úr 50. gr. stjórnarskrárinnar". En í öðru máli, um húsaleigu í Reykjavík, risu sömu menn upp og hrópuðu hátt um brot á eignarrjetti. Þó var þar að eins að ræða um dýrtíðarráðstöfun til bráðabirgða, en hjer um haft á allar jarðir í landinu um aldur og ævi. (G. Sv.: Það er ekki meiningin, að menn megi ekki hafa það upp úr jörðum sínum, sem þeir geta).

Ef það eru rjettindi manna hjer í Reykjavík, að þeir skuli fá að hafa eins mikið upp úr lóðum sínum eins og þeir geta, þá eiga líka jarðeigendur sama rjett. (G. Sv.: Þeir hafa það líka samkvæmt þessu frv.). Nei, þeir hafa það ekki, því að samkvæmt því hljóta jarðir að falla í verði.

Jeg hygg þá, að jeg hafi að mestu hrakið ástæður hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Jeg hefi sýnt fram á, að hjer er gengið ofnærri stjórnarskránni og að þetta er

nýmæli í löggjöfinni, sem á ekki sinn líka. Jeg hefi sýnt fram á, að þessi lög gætu tafið sölu um alveg óákveðinn tíma, því að ef ekki er útgert um málið á 6 mánuðum, þá verður að fitja upp á alveg nýjan leik. Þetta gæti því haft mjög mikil áhrif á fjárhag einstaklingsins og gert honum mjög örðugt fyrir.

Jeg skal svo ekki orðlengja meir um þetta að sinni; jeg hefi nú talað mig dauðan, og er því hægurinn hjá að standa yfir höfuðsvörðum mínum.

Björn Stefánsson: Það hefir verið vikið að því, að það væri skritið, að nú skyldu koma fram ný andmæli gegn þessu frv. Ræða mín áðan snerist að vísu gegn frv., en þó ljet jeg ekki í ljós, að jeg væri móti stefnu þess yfir höfuð. Jeg hefi látið í ljós, að úr því að ekki hefði verið gengið að því að fresta framkvæmd þjóðjarðasölulaganna, þá yrði jeg að vera á móti þessu máli.

Sömuleiðis ljet jeg í ljós, að mjer þætti gengið ofnærri eignhelginni, ef þetta frv. yrði samþykt. Nú segir hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að svo sje ekki, og verð jeg þá vitanlega að beygja mig fyrir lagaviti hans.

Hv. frsm. (J. J.) taldi það einkennilegt, að jeg skyldi snúast á móti þessu máli, þar sem jeg þó vildi auka sjálfsábúð í landinu. Jeg þykist ekki komast þar í neina mótsögn við sjálfan mig. Jeg þykist hafa bent á skynsamlegri leið en hv. nefnd í því máli, og jeg tel það mjög illa farið, að hún skuli vilja svæfa mitt frv., en koma í staðinn fram með þetta. Þegar jeg athuga aðgerðir hv. nefndar í öllu þessu máli, þá get jeg ekki varist því að efast um, að nefndinni sje í raun og veru alvara með þann tilgang að vilja auka sjálfsábúð, en taka skal jeg það fram, að það er ekki af neinum hefndarhug til nefndarinnar, að jeg snýst svona við þessu máli.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) segist vera mótfallinn breytingartillögu minni. Jeg hygg nú samt, að ef þessi lög eiga að vera annað en „humbug", þá sje bráðnauðsynlegt að samþykkja hana.

Frsm. (Jón Jónsson): Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að ekkert nýtt væri tekið fram í 2. kafla þessa frv. Jeg vil þó benda hv. þm. á það, að það er einmitt í 2. kafla laganna, sem það er tekið fram, að takmarkaður sje rjetturinn til að selja jarðir.

Jeg skal þakka hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), hvernig hann tekur undir þetta mál. Það sýnir það, hve sanngjarnlega hann lítur á málið.

Það er alveg rjett, að brtt. hv. 2. þm. S.-M. (B.St.) getur tafið fyrir, og sje jeg, að hún verður til skemda, ef hún verður samþykt.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) gerði lítið úr eftirliti því, sem hreppstjórar eiga að hafa samkvæmt frv. Jeg hygg, að þeir eigi mjög auðvelt með að hafa þetta eftirlit, því að þeir munu hver um sig vita þegar jörð er seld í þeirra hreppi. Hreppstjórinn þarf ekki að vita annað en það, hvort jörðin er seld eða ekki og hvort eigandinn sest á jörðina.

Jeg get ekki fallist á, að það sje neitt skoplegt, þó að 3. kafli laganna sje samþyktur. Þar er ekki annað nýmæli en það, að ef einstakir menn eða sveitarfjelög vilja ekki kaupa jörðina með þeim skyldum, sem ákveðnar eru í frv., þá skuli landssjóður hafa forkaupsrjettinn. Þetta ákvæði er einungis frekari trygging fyrir því, að lögin nái tilgangi sínum, að auka sjálfsábúð í landinu, en ekki ætlast til, að landssjóður fari að sækjast eftir jörðum. Hitt get jeg skilið, að sumir vilji ekki láta landssjóð vera síðasta liðinn. En það var ætlun nefndarinnar.

Því hefir verið haldið fram, að frv.

gengi ofnærri eignarrjetti manna. Þetta hlýtur að vera misskilningur, því að enginn er skyldaður til að selja eign sína, og sá, sem forkaupsrjettinn fær, verður að borga fyrir jörðina það, sem aðrir bjóða.

Jeg verð að álíta, að þetta frv. sje svo vel athugað, að óhætt sje að láta það ganga til Ed. Við fáum það þá til athugunar aftur, ef hún vill breyta því. Enda er 3. umr. eftir hjer í deildinni, svo að koma má enn fram breytingum á frv.

Jeg verð því að leggja það eindregið til, að dagskráin sje feld.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 2. þm. Árn., E. A., (sjá A. 683) samþ. með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. St., E. A., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. O., S. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

nei: E. Árna., G. Sv., H. K., J. J., P. Þ., S. S., St. St., Þorl. J.

B. K. og J. M. greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (E. J. og P. J.) fjarstaddir.

Frv. þar með
vísað til landsstjórnarinnar.

---

8. Tuttugu miljóna króna lán.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir stjórnina til þess að taka að láni 20000000 króna, til þess að kaupa og hagnýta fossa (A. 446).

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. ofseint fram komið. — Leyft í e. hlj., að það mætti taka til umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Í gærkvöldi kom það til umræðu í öðru máli, hvernig efnahagur landsins væri, og kom það þá fram, að hann myndi góður, eftir því sem skýr maður, hv. 2. þm. Árn. (E. A.), sýndi fram á. Að vísu var það vefengt af hv. 1. þm. Árn. (S. S.), en jeg held, að jeg verði að raða þeim 2 þingmönnum öðruvísi en kjósendur þeirra hafa gert, að minsta kosti í því máli. En þótt fjárhagurinn sje góður, er þó gott, að hann batni, og þótt þinglómurinn hafi ekki rjett fyrir sjer, er rjett að athuga hans fögru hljóð, að svo miklu leyti, að reynt sje að bæta hag landsins.

Jeg vil reyna að skýra öll ummæli þingmanna á betri veg, er þeir tala um að bæta hag landsins, en mjer er þó ljóst, að það er ekki altaf til batnaðar að spara. Til að bæta hag landsins er raunar ein aðferðin sú að spara, en hún er ekki einhlít. Hagurinn batnar t. d. ekki við það, að nýtustu kraftarnir og bestu mennirnir sjeu sveltir, til þess að einhverjar tölur í landsreikningunum geti staðið heima. Þær tölur, sem dýpra standa, sýna annað í hvert sinn, er góðum kröftum er hamlað að njóta sín.

Önnur aðferð til þess að bæta hag landsins er sú að græða, án þess að taka fje úr vasa neins einstaklings í landinu sjálfu. Þá verður spurningin: Á hverju á landið að græða? Það hefir verið hægt á síðari árum að heyra talað um auðsuppsprettur þessa lands. Jeg man það, að í uppvextinum og lengi fram eftir heyrði jeg stöðugt talað um þetta fámenna, fátæka og hrjóstruga land. Menn þorðu þá ekki einu sinni að líta upp til þess að gá að, hvort sæi til sólar. Á síðari árum hefir þetta breyst; menn hafa sjeð margar auðsuppsprettur á þessu landi og reynt að

gera þær glæsilegar í augum annara þjóða, en þar þarf ekki lengi að leita hljóðs, því að erlendar þjóðir eru glöggar á auðsuppsprettur, og því fer fjarri, að þær álíti Ísland þann útlegðarhólma, sem vart sje lifandi á. Auðsuppsprettur Íslands eru margar, en það er varla hægt að ætlast til, að landið sjálft græði á þeim öllum, t. d. búnaði, fiski og heimilisiðnaði og smáiðnaði, því að það geta einstakir menn stundað og það er ekki rjett, að landið hlaupi í kapp við þá um það, sem þeim er ekki um megn. En til eru aðrar auðsuppsprettur á þessu landi, svo sem námar og ýmsar afllindir. Það er að vísu vafasamt, hve miklir námar eru hjer, og það er vafasamt, hvort það borgar sig að reka nokkra þeirra, þegar stríðið er liðið hjá, þótt það borgi sig nú. Það er þó rjett, að landið taki þá sjálft til rekstrar, ef gróðavon er af því, vegna þess, að rekstur þeirra er ofvaxinn einstaklingunum, og ef selja á útlendingum rjettinn, er það hætta fyrir litla þjóð og eigi auðuga, því að þótt ekki sje hjer eymd, þá vantar auð. Stór fyrirtæki í höndum útlendinga eru hættuleg á marga lund; það eru sjerstaklega á því 2 veikar hliðar, en þær vil jeg ekki nefna, nema jeg verði neyddur til. Afllindir og fólgnir fjársjóðir eða námar eru í eðli sínu alþjóðareign, því að þótt kallað sje, að einstakir menn eigi þær, geta þeir ekki hagnýtt sjer þær og verða annaðhvort að selja þær, leigja eða leppa. Það ætti því ekki að leyfa einstökum mönnum að reka slík fyrirtæki, heldur ætti reglan að vera sú, að landið ætti alla slíka hluti, því að hvað sem segja má um jarðirnar — og menn hafa nú verið að deila hjer um það, hvort landið ætti að eiga þær eða ekki — þá er þó ekki hægt að deila um, að landið ætti að eiga alla náma, afllindir og hagnýtanleg náttúruöfl. Það er vafalaust, að fossarnir eru ótæmandi afllind. Allir hafa sjeð fossana falla og straumana streyma og hávaðana, sem nú má nota. — Allar aldir frá því, er land var bygt, hafa liðið svo, að mönnum hefir ekki verið ljóst, hve mikið afl er í fossunum. Menn hafa raunar kunnað hjer á landi að láta þá snúa kvörn og mala mjöl, en ekki þekt, á hve marga lund má hagnýta vatnsafl, t. d. breyta því í rafafl, fyr en það var reynt hjá öðrum þjóðum. Ekki eru nema fá ár síðan þeir Birkeland fundu aðferð til þess að vinna köfnunarefni úr loftinu, en síðan hefir fossaiðnaðinum fleygt fram. Það er rjett, að auðurinn er afl þeirra hluta, sem gera skal, og fje þarf til fossaiðnaðar, en hitt er líka rjett, að afl er auði betra, því að enginn býr til foss, þar sem hann er ekki til, og aflið er meira virði en fjeð, sem þarf til að beisla það.

Menn eru nú farnir að viðurkenna, að foss er farsælt hjú. En hvernig er farið með þetta hjú? Það er alkunna, að hjer eru auðsuppsprettur meiri en menn vissu áður af, en það er líka alkunna, að fólkið er ekki nógu margt til þess að reka þær allar. Bóndinn finnur sárt til í hvert sinn, er nýr framfarakippur kemur í sjávarútveginn, því að þá bregst fólkið frá sveitavinnunni eða verður ofdýrt. Í því landi, sem svo er ástatt fyrir, er sá vinnukraftur, sem býr í fossunum, ekki lítils virði, því að hann er langtum meiri en samanlagt starfsafl allra manna og hesta hjer á landi. Menn ættu nú að skilja, að svo framarlega sem hægt er að beisla þetta afl, má bæta því við vinnukraft landsmanna, og þetta er hægt að gera, svo framarlega sem það verður ekki ofdýrt. Hver á nú að stýra þessu afli? Er það landið sjálft, eða á að láta það lenda í höndum erlendra manna, sem einungis hugsa um að gera sjer sem mesta peninga úr því, án þess að líta einu sinni hornauga á hag Íslands. Jeg er ekki í vafa um, að landið á að hafa meðferð slíkra hluta og leyfa ekki neinum öðrum að fara með þetta afl nje fossa-

iðnað. Þá vildi jeg fara nokkrum orðum um það, hvers vegna jeg hefi komið fram með þetta frv. Mjer hefir gengið það til, að jeg vil, að landið græði og ráði sjálft öllum sínum afllindum. Jeg vil líka gera grein fyrir, hvort koma mætti þessu í framkvæmd. Það er enginn vafi á því, að gróðafyrirtæki má hrinda í framkvæmd, ef fje til þess fæst í byrjun. Þá kem jeg að því atriðinu, sem mörgum mun sýnast aðalatriðið, nefnilega að heimila stjórninni að taka 20 miljóna króna lán, til þess að byrja á þessu fyrirtæki, kaupa fossana hjer á Suðurlandi, sem næstir eru, og setja í þá þann umbúnað og vjelar, er þarf til þess að breyta vatnsafli í rafafl og leiða aflið síðan á þá staði, sem helst ætti að vinna. Jeg hefi nefnt 20 milj., en ekki 20 kr., eins og einhversstaðar stendur. Jeg hefi nefnt upphæðina alveg af handahófi, en hygg, að hún sje nægilega há, enda ætlast jeg til, að landið leyfi öðrum að taka þátt í fyrirtækinu, og þá verður þetta meira en nóg fje til að byrja með. En þegar slíkt fyrirtæki sem þetta er eitt sinn komið á fót, þá er hægurinn hjá að auka það, með því að fjölga fossunum, sem notaðir eru. Menn hafa spurt, hvar ætti að fá slíkt lán, og er það nokkurskonar áframhald af þeim söng, sem heyrðist hjer í gær, þegar talið var, að landið hefði ekki efni á að greiða starfsmönnum sínum 100—200 þús. kr. í skaðabætur, af því að hagur þjóðarinnar stæði svo tæpt. Það hefir nú verið sýnt fram á, að svo er ekki, enda hygg jeg, að það verði engin vandræði fyrir stjórnina að útvega þetta lán, sjerstaklega þegar vitað er, að það á að nota til fossaiðnaðar. Jeg veit af 2 stöðum, þar sem jeg treysti sjálfum mjer persónulega til að fá slíkt lán, óðar en jeg kemst út yfir hafið. Auk þess eru sterkar líkur fyrir því, að öll stór fossafjelög, sem starfa annarsstaðar, væru fús á að lána Íslendingum þann helming stofnfjárins, er þyrfti að taka að láni, gegn því, að fjelagið fengi að kaupa hluti í fyrirtækinu, án annara rjettinda en þess hagnaðar, er því bæri að tiltölu við hlutafje. Jeg þykist ekki þurfa að lofa því upp í ermina mína, að jeg treysti mjer til þess að fá slíkt lán hjá fossafjelagi í Noregi og öðru í Þýskalandi, sem jeg þekki. Ef svo fjelagið vildi vera í samvinnu við landsstjórnina, þá er engin hætta á, að fje mundi bresta.

En menn geta af þessu sjeð, hversu mikill munur þetta er, að með þessu væri því snúið á rjettan enda, sem áður stóð á höfði, að í stað þess að láta útlenda fjármálamenn útiloka okkur frá því, sem best er í þessu landi og mest auðsuppsprettan fyrir landsins hörn, þá tækim vjer sjálfir fossa vora og hagnýttum þá í eiginhagsmuna skyni.

Jeg get ekki skilið, að nokkur tormerki verði á að fá menn, sem bæði hafa vit og þekking, til að standa fyrir verkinu. Því að þótt það yrði mjög vandasamt og mikið starf, sem krefst mikillar kunnáttu og reynslu, þá vitum vjer, að víða um lönd eru til góðir menn, sem hafa þetta til að bera. Að eins vildi jeg gefa mönnum það ráð, að spara ekki laun þessara manna. Þeir eru því ekki vanir, að þeim sje skift úr hnefa, og þá ættim vjer síst að verða til þess, er svo mikið hægi við. — Það getur verið, að mismunandi sje, hvar slíkra manna er leitað, en jeg hygg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að eftir þjóðháttum í Þýskalandi að dæma væri tryggast að ráða menn þaðan.

Af því að mjer dettur það í hug, ætla jeg rjett að minnast á eitt atriði í sambandi við fossafrv., sem var í háttv. Ed. fyrir nokkrum dögum. Í því er talað um járnbraut, sem leggja eigi hjer til Reykjavíkur. Mjer er nú svo farið, að jeg get varla fengið mig til að tala um járnbraut í þessu sambandi, því að hún hefir þar ekkert að gera. Við slík fyrirtæki og hjer er um

að ræða eru járnbrautir ekki notaðar nema rjett á meðan verið er að flytja það, sem til fyrirtækisins þarf til og frá fossinum.

Og til þess eru eingöngu notaðar mjósporaðar brautir, líkt og hjer við hafnargerðina t. d. Síðan er rafaflsstraumurinn leiddur í þráðum þangað, sem verksmiðjan á að standa, og þá frá Sogsfossunum yfir undir Esjuna. — Jeg geri ráð fyrir, að sá, sem þetta fyrirtæki ætti, mundi vilja ná tangarhaldi á Esjunni, til að vinna kalk úr, en þangað þarf enga járnbraut, þar sem sjóleiðin liggur opin.

Annað mál væri það, ef samið væri um einkaleyfi til einhvers fyrirtækis, hvort hlutaðeigendur væru látnir borga leyfið í peningum, eða með því að leggja járnbraut. En á hitt er að líta, að járnbrautarmálið mundi horfa alt öðruvísi við, ef landið sjálft ætti fyrirtækið og hefði umráð yfir fossunum, því að þá ætti það kraftinn vissan til notkunar. Jeg segi þetta af því, að jeg þykist viss um, að enginn láti sjer detta í hug, að við færim að nota kol til að reka brautina. Flestir háttv. þingmenn munu þekkja svo mikið til járnbrauta, að þeim sje það kunnugt, að Svíar hafa mikið reynt að nota rafmagn í staðinn fyrir kol, og hefir gefist ágætlega vel. Menn þekkja sumar af þessum brautum, að minsta kosti að nafninu, t. d. brautina milli Óslóar og Hólmahvols, á nútíðarmáli Kristianiu og Holmenkollen, sem er rafmagnsbraut, og er ágætt að ferðast með, eins og þeir vita, er farið hafa.

Aðalatriðið í þessu máli er þetta, að ef vatnsaflið er fyrir hendi, og fossinn er tekinn til að reka annað fyrirtæki, svo að sá kraftur, sem til járnbrautarinnar þyrfti, mundi ekki kosta neitt, þá mætti tala um að leggja járnbraut, en fyr ekki. — Menn þurfa ekki að láta reikna út fyrir sjer, hvað eitt óvarlega stigið spor í þessu máli gæti komið til að kosta. Jeg þarf ekki að fara lengra en minna á gasið hjer í Rvík og þá hróplegu glópsku, er þá var framin, er það var tekið í staðinn fyrir rafmagn. Af því dæmi geta menn best sjeð, hverjar afleiðingar slíkt getur haft, að selja öðrum aflið í hendur, heldur en hafa það sjálfur. Hversu varlega, sem menn vilja fara í þesskonar málum, að gera samninga um afsal á auðsuppsprettum landsins, þá er aldrei hægt að ganga svo vel frá samningum, sem eiga að gilda í 100 ár, að afkomendurnir fái ekki ástæðu til að bölva oss frá kyni til kyns fyrir að hafa ekki gætt þess, sem átti að vera oss dýrmætast. Það, sem rekið hefir mig af stað til að koma með þetta frv. nú, er einmitt hræðslan við þetta. Jeg vil með því halda mönnum vakandi gegn ásælni útlendinga hjer á landi, og sýna mönnum fram á, að hjer er hætta á ferðum, sem engum má dyljast. — Vjer höfum þess mörg dæmi annarsstaðar að, hvernig farið hefir fyrir þeim, sem hafa ekki staðist erlenda freistara og það ofbeldi, er þeir hafa orðið að þola fyrir þá sök. Þau ættu að geta kent oss, að lítilþægni og undirgefni eru slæmir verðir fyrir dýrmætum fjársjóðum. — Nú vil jeg spyrja þá ágætu sparnaðarmenn, sem hjer eru saman komnir á þingi, hvort þeir vilji ekki verða mjer samferða og spara, ekki einungis þá aura, sem landssjóður á í fórum sínum, heldur líka auðlegð þessa lands í framtíðinni, og vernda það fyrir öðrum, sem á það kunna að leita. Hjer er ekki að tala um sparnað, sem nemi að eins nokkrum tugum miljóna, og ekki heldur hundruðum miljóna eða þúsundum miljóna; það er meira en svo. Hjer er verið að spara miljónir miljóna. — Jeg vona, að jeg nefni ekki hjer svo ægilega upphæð, að menn þess vegna haldi, að jeg sje að fara með þvaður. En þeir, sem ekki trúa, ættu að reikna út, hvað upp-

hæðin gæti orðið há eftir ekki lengri tíma en 100 ár.

En svo er líka önnur hlið á þessu máli, sem ekki má ganga fram hjá, og er meira virði en allar þessar miljónir, sem jeg nefndi áðan. Það gæti svo farið, ef sú ranga stefna væri tekin upp, að selja útlendingum í hendur fjársjóði landsins, í staðinn fyrir að hagnýta þá sjálfir, þá gæti svo farið, að vjer mistum þann dýrmætasta fjársjóð, sem þjóðin á, en það er sjálfstæði hennar og þjóðerni. Og þá mundi það sjást á sínum tíma, hvorir hefðu verið sparsamari á þessum tíma, þeir, sem vildu spara það dýrasta, fossana og rjettindin til auðlindanna, eða þá hinir, sem seldu þá fyrir fyrsta boð, til að geta sparað í því smáa, svo sem mat við fátæka menn.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta að sinni, en rjett geta þess, að jeg hafði fyrst hugsað mjer, að þetta mál væri sett í sjerstaka nefnd, en er jeg athugaði það nánara, sá jeg, að það mundi best komið í fjárhagsnefnd, og vil jeg því biðja háttv. deild að láta það fara þangað, að lokinni umræðu.

Sveinn Ólafsson: Jeg er hv. þm. Dala. (B. J.) mjög þakklátur fyrir þessa fallegu hugmynd, sem hann kemur hjer fram með, og þá trú, sem lýsti sjer í orðum hans, á framtíð landsins. Hún ætti að vera öðrum til styrktar og eftirbreytni. Um mig er það að segja, að jeg hefi lengi verið snortinn af þessari sömu trú og hann. Og þakklæti mitt til hv. flm. (B. J.) er engu minna fyrir það, þótt jeg geti ekki verið honum alveg sammála í öllum atriðum. Það getur komið af ýmsu öðru en vantrú á landinu og framtíðarmöguleikum þess. Mannfæðin hjer og menningarástandið torvelda mjög framkvæmd slíkrar hugmyndar. En það kannast jeg við, að hugmyndin er bæði falleg og vel þess verð, að henni sje gaumur gefinn. — Jeg álít dálítið hæpið það, sem hv. þm. Dala. (B. J.) sagði um hagnaðinn af þessu fyrirtæki. Um það má spá, en ekkert fullyrða, og inn í framtíðina sjáum vjer skamt. En engum blandast hugur um það, að hjer geti verið um álitlega auðsuppsprettu að ræða, auðsuppsprettur jafnvel, sem ekki verði með tölum taldar. Hestaflafjöldi vatnsfallanna okkar er ekki að einsmeiri en samanlagt afl manna og hesta allra, sem á landinu eru, heldur margfaldur við afl allra þeirra kynslóða, sem á landinu hafa lifað.

Það er sjerstaklega eitt, sem jeg hygg að muni verða átakanlegur þröskuldur í vegi fyrir þessu fyrirtæki, og það er vöntun sjerfróðra brautryðjenda. Hv. þm. Dala. (B. J.) hefir hjer fyrir augum samskonar fyrirtæki sem komið var í framkvæmd í Noregi fyrir nokkrum árum, fyrir einstakan dugnað og framsýni tveggja manna, sem varla eiga sína líka, þótt víða væri leitað. Þessir menn voru þeir prófessor Birkeland og verkfræðingur Eide. Nú er sá hængur á hjá okkur, að við eigum engan mann til að bera saman við Eide, og jafnvel þó að við förum til Þýskalands, þá hygg jeg, að hann muni verða vandfundinn. Annars mun prófessor Birkeland hafa átt fult eins mikinn þátt í þessu fyrirtæki, því að það var hann, sem fyrstur átti hugmyndina, en Eide, sem annaðist verkið og sá um fjármálin. — Það er enn fremur annað í þessu máli, sem jeg vildi hafa tekið fram. Hjer er gert ráð fyrir, að þetta fyrirtæki verði með líku móti og þar var, fyrirtækið bygt á saltpjetursframleiðslu. En það þarf ekki endilega að vera það hagkvæmasta og besta. Það getur verið hjer um fleiri iðnaðargreinar að ræða, sem ekki yrðu jafnafskaplega kostnaðarsamar og saltpjetursiðnaður. Mjer hefir t. d. dottið í hug pappírsiðnaður úr grasi. Þegar í nánustu

framtíð verður farið að rækta gras á Suðurlandsundirlendinu í verulega stórum stíl, þá hygg jeg, að þetta mundi verða öllu ljettara viðfangs, sjerstaklega fyrir þá sök, að það er miklu viðráðanlegra fyrirtæki, sem má koma í framkvæmd fyrir miklu minna fje. Auk þess álít jeg, að þetta standi okkur nær, og slík framleiðsla mundi engu síður vera gagnleg og arðberandi.

Jeg hefi svo ekki fleira að taka fram, en vil bæta því við, að áður en jafnmikilvægu máli og þessu er ráðið til lykta hjer á þingi, þá er sjálfsagt, að það sje áður gaumgæfilega athugað frá öllum hliðum. Og bestu leiðina til þess hygg jeg vera að skipa sjerstaka nefnd, t. d. 9 manna nefnd, sem hefði nægan tíma og gæti látið uppi álit sitt fyrir þinglok. Jeg álít þetta rjettara en setja málið í fjárhagsnefnd, sem, eins og við allir vitum, hefir mjög mikið að starfa. Þetta er eitthvert stærsta málið, er hjer liggur fyrir, og óviðurkvæmilegt að afgreiða það eftir ónákvæmu og fljóthugsuðu nefndaráliti eða fella það af handahófi. Jeg vildi, sem sagt, kjósa, að flokkur manna gæti fjallað um málið í góðu næði, um nokkurn tíma, jafnvel þótt úrslit fengjust ekki á þessu þingi.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg er hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) þakklátur fyrir þær góðu undirtektir, sem þetta mál hefir hlotið hjá honum. En annars stendur mjer „persónulega“ alveg á sama, hvernig hv. þm. fara með það. Jeg legg þetta mál ekki hjer fyrir þingið af því, að jeg vilji sýnast vitrari en aðrir menn, svo að þeir mega drepa það þegar í stað fyrir mjer, svo framarlega sem þeir geta gert það með góðri samvisku. En það verð jeg að segja, að sá verður ekki mikill hershöfðingi, sem altaf tvístígur í sama farinu og aldrei þorir að stíga fyrsta sporið til sóknar. Og jeg get ekki á neinn hátt sjeð, að nokkur hætta geti af því stafað að samþykkja þetta frv. undir eins óbreytt. En hitt getur aftur á móti verið hættulegt á þessum tímum fyrir okkar stjórn, að hafa ekki samskonar heimild, og þetta frv. gefur, í höndum sjer, ef á þyrfti að halda, því að ásælni útlendinga á hjerlenda fossa getur aukist hve nær sem vera skal, og þá er ekki víst, að stjórnin þori að taka upp þá rjettu stefnu.

Menn geta hrópað að stjórninni og sagt, að engin meining sje í því að láta okkar ágætu fossa renna og renna endalaust, án þess að hafa nokkur not af. Þesskonar strauma í okkar þjóðfjelagi ættum við allir að þekkja mæta vel. Og þá er ekki verið að spyrja, hvar hagnaðurinn lendi. Jeg efast ekki um, að það mundi þegar í stað verða talið íslenskt fyrirtæki, ef útlendingar færu að reka iðnað við okkar fossa, jafnvel þótt Íslendingar kæmu þar hvergi nærri. Þetta þekkjum við allir svo vel, því að við höfum þess dæmi áður. Þess vegna á að setja þetta mál í nefnd nú þegar og samþ. síðan hiklaust.

Sveinn Ólafsson: Það er að eins örstutt athugasemd. Jeg játa að vísu að hættulaust væri að samþykkja þetta þegar í stað, en mjer finst það nokkuð fljótfærnislegt. Nokkurn hluta af þessu frv. ætti að vera búið að samþykkja fyrir löngu, og það er niðurlagið, sem lýtur að því að tryggja landinu umráð fossanna. Dálítið öðru máli er að gegna með lántökuna. Jeg hygg, að ef hún yrði samþykt alveg óundirbúin, þá yrði það til þess, að kyrstaða yrði í framkvæmd málsins, og undirbúningsleysið gerði framkvæmdina hættulega. Það yrði þá til þess að salta málið um langan tíma.

Flm. (Bjarni Jónsson): Mjer skilst, að vegurinn til að láta málið liggja í salti

sje einmitt sá að setja það í nefnd í langan tíma. En ef það yrði samþykt nú þegar, þá mundi það ekki látið liggja kyrt, því að samþykt lög geta aldrei legið í salti; þá koma framkvæmdirnar á eftir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1608) í e. hlj.

Á 60. fundi í Nd., föstudaginn 14. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 446, n. 920).

Frsm. (Gísli Sveinsson): Þetta frv. er óefað fram komið, eins og líka nál. getur um, til þess, að á þessu þingi kæmist að sú stefna, sem er ríkjandi hjá mörgum, að þjóðfjelagið eigi að hafa í höndum sjer uppsprettulindir afls í landinu. Mun þar sjerstaklega átt við fossa, og margir munu vilja, að námum landsins sje ráðstafað á þá lund. Það er öllum vitanlegt, að þar sem þessar afllindir eru hagnýttar, verða þær undirstaða hinna gífurlegustu framkvæmda og framfara í verklegum efnum. Það er því ekki að undra, þótt menn hallist að því, ef kleift er, að þjóðfjelagið eigi afllindirnar og standi fyrir notkun þeirra. Mönnum finst það æskilegast og vænlegast, að sjálft þjóðfjelagið standi fyrir slíkum framkvæmdum og miðli svo einstaklingum þjóðfjelagsins af gagni þeirra.

Þar með er ekki sagt, hversu tekst að framkvæma þessa hugsun, og víða úti um lönd gengur slíkt skrykkjótt. Eru því um þetta skiftar skoðanir, og telja margir afllindunum best komið í höndum einstakra dugnaðarmanna eða fjelaga, sem brjóta ísinn um framkvæmdir. Nefndin vill í engu gera upp á milli þessara tveggja skoðana. En hitt er víst, að skoðun sú, er fram kemur í frv., er svo rjetthá frá sjónarmiði þingsins, að hún á að vera í fyrstu röð til athugunar og rannsóknar. Því hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu að leggja til, að stjórnin athugi þetta mál gaumgæfilega og undirbúi það, og ef nefnd verður í það skipuð, skuli hún rannsaka þetta atriði mjög vandlega.

Það er vitanlegt, að það frv., er tilefni hefir gefið til þessa frv., Sogsfossafrumvarpið, mun ekki verða afgreitt nú frá þinginu, heldur er því ætlað í milliþinganefnd, ef hún verður skipuð. Hefir nefndinni eigi virst þörf á því, að slíkt frv. sem þetta nái nú fram að ganga, enda þótt það sje að eins heimild, sem raunar ætti ekki að geta gert neinn skaða, og hefir þess vegna afgreitt það á þennan hátt. Jafnvel þótt þetta sje ekki nema heimild, segi jeg, er þetta atriði málsins og önnur þó órannsökuð hjá oss, og mikið af annara þjóða reynslu að læra í þessum efnum.

Jeg hefi fyrir hönd nefndarinnar engu við það að bæta, sem jeg hefi sagt og nál. greinir. Og býst jeg við, að háttv. flm. frv. (B. J.) geti verið ánægður með úrlausn málsins, því að jeg tel ekki vafa á, að hún er affarasælust málinu á þessu stigi. Þótt hann og einhverjir aðrir greiddu frv. atkvæði úr deildinni, þá er það svo samgróið öllu þessu máli í heild, að það verður ekki frá skilið.

Vona jeg því, að þetta mál þurfi ekki að tefja störf þessa líðandi þings.

Bjarni Jónsson: Jeg þakka að vísu nefndinni margt það, er hún hefir sagt í þessu máli, og sömuleiðis hv. frsm. (G. Sv.). Nefndin hefir raunar getið sjer þess til, að frv. sje fram komið sakir frv. í Ed. Þetta er að vissu leyti rjett. Jeg bar frv. fram á þessu þingi vegna þess, að það frv. kom fram í Ed. Jeg hefði ekki borið þetta mál fram fyr en útsjeð væri um ófriðinn, hefði ekki verið við

málinu hreyft á þann hátt, er jeg get eigi sætt mig við.

Jeg skal ekki finna að því, að frv. er látið sæta þessum kjörum, en tel þó alls óþarft að vera móti því, að frv. sje samþ. þegar á þessu þingi. Það er ekkert annað en heimild til að taka lán. Er þá meira lagt í hendur stjórnarinnar en með því móti, að þingið sjái um rannsóknina. Það er sjálfsagður hlutur, að landið hafi fyrirtækið í sinni hendi. Það er sjálfsagður hlutur, að stjórnin hafi valinn ráðunaut í þessum málum, og það er sjálfsagður hlutur, að sú nefnd sje til í þessu landi, er hafi umsjón með öllum afllindum landsins, fossum, hávöðum og öðru, er veitir starfhæft vatnsafl. Það er sjálfsagt, að enginn megi reka slíka iðn nema í samráði og samvinnu við stjórnina, og hún hafi umsjón með þeim rekstri öllum. Jeg efa og ekki, að hve nær og hvar sem sú rannsókn fer fram, sem fjárhagsnefnd vill gera láta, verði sú niðurstaðan. Jeg get fullvissað háttv. deild, að sú niðurstaða er nú orðin í Noregi, þar sem mest hefir verið starfað í þessum efnum, og menn iðrast nú stórlega að hafa nokkurn tíma ljeð útlendum mönnum fangs á afllindum landsins.

Háttv. nefnd segir, að til beislunar fossanna þurfi útlent fje. Það er sjálfsagt. Bæði má taka lán og einnig heimila erlendum mönnum að leggja fje í fyrirtæki landsins. Mín till. miðar ekki að því að gera þeim mönnum skaða, er leggja vilja fje í íslensk fyrirtæki, heldur vil jeg allra hag. Vegur þeirra er ekki lokaður, heldur verða þeir einungis að lúta stjórn landsins, og fá ekki annan gróða en fyrirtækið gefur af sjer. Mjer sýnist ekki neinn geta sagt, að þetta sje óbilgjörn krafa, og vildi jeg sjá framan í þann þingmann, sem segir það.

Jeg vil þó láta mjer lynda þá skipun málsins, er nefndin leggur til. Hún leggur áherslu á, að málið sje rannsakað, og vil jeg leggja mitt orð til, að það sje vel rannsakað, svo að ekki sje niðurstaða málsins bygð á mínum orðum, því að satt er það, að ekki er jeg fræðimaður í þessu, þótt jeg hafi á ferðum mínum kynst því allnákvæmlega í Noregi, og átt þar tal við marga þá menn, sem við þetta mál hafa fengist og kunnugastir eru, svo sem þingmenn og hluthafa og eigendur slíkra fyrirtækja. Hefi jeg og sjeð áætlun fossafjelagsins „Ísland“, myndir og uppdrætti. En þó er það rjett, að jeg er enginn sjerfræðingur í þessum efnum, svo að jeg vil gjarnan rannsóknina, en efa ekki, hver niðurstaðan verður, ef rannsóknin er viturlega og samviskusamlega af hendi leyst.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Það voru að eins örfá orð fyrir eigin reikning, en ekki nefndarinnar. Jeg vildi beina lítilli fyrirspurn til hæstv. landsstjórnar, ef hún vildi svo vel gera að svara. Það er öllum hjer í hv. deild vitanlegt, að á aukaþinginu í vetur kom fram þingsályktun frá mjer um, að stjórnin ljeti rannsaka eignarrjett landssjóðs til fossa og ýmsra annara verðmæta í landinu. Síðan þingsályktunin var gerð hefir komið hreyfing á fossamálin hjer í landi, og er það vel farið. Jeg vildi nú spyrja hæstv. forsætisráðherra, hvað sjerstaklega landsstjórnin hefir gert út af þessari till.

Jeg hefi ekki fundið ástæðu til að bera fram sjerstaka fyrirspurn, en ætlaði að koma henni að í þessu náskylda máli.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki svarað þessari fyrirspurn háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) öðru en því, að mjer er kunnugt um, að fyrverandi landritari, hr. Klemens Jónsson, var beðinn að athuga og rannsaka málið. Það getur vel verið, að skýrsla sje komin frá honum. Að minsta kosti hafði hann góð orð um að hafa lokið rannsókninni áður en þingi væri slitið,

en sú skýrsla hefir þá komið til atvinnumálaskrifstofunnar, og jeg ekki átt kost á að sjá hana. Honum var þetta falið, þar sem hann er mjög æfður embættismaður og hefir sjerstaklega lagt talsverða stund á sagnafróðleik, og er auk þess mjög góður lögfræðingur.

Jeg hefði ef til vill getað svarað þessari fyrirspurn nánar, ef jeg hefði búist við henni nú.

ATKVGR.

Till. fjárhagsnefndar á þgskj. 920, um að *vísa málinu til landsstjórnarinnar*, samþ. í e. hlj.

9. Vitabyggingar.

Á 43. fundi í Nd., laugardaginn 25. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um vitabyggingar (A. 619).

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., miðvikudaginn 29. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. ofseint fram komið. — Leyft í e. hlj., að það mætti taka til umr.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Það er öllum auðsætt, hvaða breytingar er farið fram á í þessu frv., sem sje að greina vitamálin að fullu frá landsstjórninni, eða með öðrum orðum: Í stað þess, að áður hefir orðið að leita til þings og stjórnar um vitabyggingar, og vitagjöldin hafa runnið í landssjóð, eiga nú vitamálin að sjá um sig sjálf, þ. e. vitagjöldin renna til rekstrarkostnaðar og byggingar vita, og landsstjórninni heimilast að taka nægilega stór lán, á ábyrgð landssjóðs, til að byggja nýja vita. Tilgangurinn með þessu er sá, að vitabyggingar geti gengið fljótar en þær hafa gengið hingað til.

Það er öllum kunnugt, að strendur þessa lands eru afarhættulegar og óvanalega fátækar að vitum. Vantar geisilega mikið á, að vjer höfum þá vita, sem brýnust þörf er á. Eftir því sem siglingarnar aukast, eftir því verður vitaskorturinn tilfinnanlegri og þörfin brýnni. Það er auðsætt, að þessum þörfum verður að sinna stórum betur í náinni framtíð; en með því fyrirkomulagi, sem nú er, verður ekki nógu fljótt að gert, og verður það því að teljast nauðsynlegt, að vitabyggingar verði aðgreindar frá öðrum fyrirtækjum, er landssjóður veitir fje til. Breytingin er sú, að í stað þess, að vitagjöld hafa hingað til verið tekjulind fyrir landssjóð, þá er það ekki svo hjer eftir, því að það, sem vitagjöld fara fram yfir rekstrarkostnað vitanna, rennur ekki í landssjóðinn, heldur til afborgana á þeim lánum, sem tekin eru til nýbygginga.

Mönnum mun ekki blandast hugur um, að með því að koma góðri skipun á vitamálin væri ekki lítið unnið. Sjávarútvegurinn yrði miklu tryggari en áður. Það mundi bjarga ekki svo fáum mannslífum, og sjómenskan yrði ekki annað eins hættuspil og áður. Það er áreiðanlega hægt að rekja mörg hörmuleg slys til vitaleysisins við strendur landsins, bæði að fornu og nýju. Hjer þarf skjótra aðgerða. Er þegar mikil bót í því, að það sje gert, sem hjer er farið fram á, enda þótt kunnugir viti, að þótt allir þeir vitar væru byggðir, sem nefndir eru í frv., væri strönd Íslands þó ekki líkt því eins vel vituð og strendur sumra annara landa, eins og t. d.

Skotlands og Noregs. En að því verður að keppa, því að ef oss á að verða lengra lífs og framtíðar auðið, hljótum vjer að verða siglingaþjóð, og þá verðum vjer að gera alt, sem aðrar þjóðir hafa gert hjá sjer, til að gera siglingar tryggar.

Jeg vona, að hv. deild taki máli þessu vel, og býst ekki við neinum andróðri. Vitaskuld getur orðið ágreiningur um, hvar vitastæðin verði valin heppilegust, en við því höfum vjer reynt að sjá, með því ákvæði í 4. gr., að hægt sje að breyta um legu vitanna, í samráði við þá menn og þær stofnanir, er best hafa tök á að vita, hvar þeim verði best fyrir komið. Jeg þykist vita þess einstök dæmi, að menn, sem búa nálægt sjó, vilji gera breytingar á fyrirkomulaginu. Að því, sem mjer er kunnugt, hygg jeg þurfa vita á öllum þeim stöðum, sem nefndir eru í frv., og hvort breytingar eru nauðsynlegar á því skal jeg ósagt láta, en vel getur þeirra þurft víðar.

Sjávarútvegsnefnd hefir haft mál þetta til meðferðar, og geta hv. þingdeildarmenn lesið í athugasemdunum við frv., hvernig það er fram komið og hver hefir undirbúið það. Jeg talaði við hæstv. forsætisráðherra um málið og spurði hann, hvers vegna stjórnin hefði ekki lagt það fyrir þingið, og má jeg segja, að honum þótti það ekki hafa verið nægilega undirbúið; einkum hefði hún verið í vafa um, hvort vitastæðin væru svo heppilega valin, sem æskilegast væri. Þess vegna tók nefndin upp ákvæðin í 4. gr., og þótti sem með því væri girt fyrir þann agnúa.

Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að í 2. gr., staflið c., er ritvilla, sem er mjer að kenna. Þar stóð í frv. vitamálastjóra: „á Reykjanesi“. Hugði jeg, að þar væri átt við Reykjanes á Ströndum, ekki síst þar sem þokur eru þar tíðar, og þótti vissara að taka það fram í frv. En á eftir átti jeg tal við vitamálastjóra, og sagði hann mjer þá, að hann hefði átt við Reykjanes syðra. Fjellst jeg á það með honum, að meðan ekki væru fleiri þokulúðrastöðvar, væri rjett að hafa eina þar. Hef jeg því komið með brtt., sem kemur við 2. umr. málsins.

Hef jeg svo ekki fleira um málið að segja, en fel það hyggindum og velvild hv. deildar, og vona, að það fái góðar undirtektir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 48. fundi í Nd., föstudaginn 31. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 619, 664, 684).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 3. sept., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 619, 664, 684, 737).

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg gat þess við 1. umr., að ekki væri ljóst í staflið c. í 2. gr., við hvert Reykjanes væri átt, hvort heldur Reykjanes við Faxaflóa eða Reykjanes við Húnaflóa. Jeg hjelt þá, að átt væri við Reykjanes við Húnaflóa, en nú hefi jeg fengið þá leiðbeining hjá vitamálastjóranum, að átt væri við Reykjanes við Faxaflóa, og í samræmi við þetta er brtt. á þgskj. 664 komin fram.

Þá hefir háttv. þm. Stranda. (M. P.) komið fram með brtt. á þgskj. 684, sem jeg býst við að hann taki aftur, en haldi þá fram brtt. sinni á þgskj. 737, og hef jeg ekkert við hana að athuga og ekki heldur sjávarútvegsnefndin, með því að hjer er að eins um væntanlega tilfærslu að ræða, og einmitt í þá átt má búast við óskum frá mönnum. Jeg vil þess vegna mæla með þessari brtt.

Jeg hefi annars ekki annað að segja en það, sem jeg sagði við 1. umr. Jeg álít nauðsynlegt, að framkvæmdir verði í málinu og vænti, að frv. njóti sömu hylli sem áður.

Björn Kristjánsson: Það er alveg satt, sem háttv. frsm. (M. Ó.) sagði við 1. umr., að vitamálastjórinn sendi ráðuneytinu þetta frv. til athugunar í vetur, en af því að stjórnin sjálf er ekki vitafróð, þá sneri hún sjer til kunnugs manns, manns, sem um alllangt skeið hefir verið hafnsögumaður á „Islands Falk", og hann gaf stjórninni upplýsingar, sjálfsagt eftir bestu samvisku, því að hann er mjög vandaður maður. Hann sagði, að ef meiningin væri sú, að koma á samskonar vitafyrirkomulagi sem tíðkast erlendis, þá væri sjálfsagt að samþykkja frv. En stjórnin leit svo á, að landið væri svo stórt, en þjóðin svo fámenn, saman borið við landsstærðina, að ekki væri hægt að ráðast í svo stórt fyrirtæki fjárhagsins vegna. Þessi maður taldi nær liggja að bæta við 10 stórum vitum, í stað þeirra 21, sem þetta frv. ráðgerir, og auk þess 11 smærri vitum, og með því lagi mundi siglingum vorum borgið. Hann taldi þessa vita upp í þeirri röð, sem hann áleit að þeir ættu að setjast upp. Þokulúðra sagði hann ekki mega setja þar sem skerjótt væri, því að það getur beinlínis orðið villandi og teymt skipin upp að ströndinni, sem þau eiga að varast, eins og menn sjálfsagt hafa sjeð í Lögbirtingablaðinu, þar sem birt hefir verið aðvörun um, hvernig lúðurhljómurinn heyrist. Einn slíkur staður er Papey; þar taldi hann ekki mega vera þokulúður.

Þótt jeg nú vilji, eins og háttv. frsm. (M. Ó.), mjög hlynna að sjávarútveginum, eins og yfirleitt öllum atvinnuvegum landsins, þá vil jeg þó, að slík mál sem þetta sjeu vel athuguð, og þætti mjer ráðlegast, að þessu frv. væri nú vísað til stjórnarinnar til athugunar enn af nýju; það ætti ekki að tefja fyrir framgangi málsins í raun og veru, með því að 4 vitar eru nú í fjárlögunum, og áætluðu tekjurnar eru líka komnar inn í þau fyrir næstu 2 ár. En auk þess fer frv. fram á það, að vitarnir verði teknir út af landsreikningnum, en það verð jeg að telja mjög skaðlegt, og hefi bent á það í ritgerð áður, að altaf, þegar beðið er um lán fyrir landið, er spurt um landsveltuna, og er þess vegna þýðingarmikið að klípa ekki utan af landsreikningnum, heldur bæta inn í hann sjóðum, sem landið á, og yfirleitt telja þar í alla eign landsins. Þetta atriði verð jeg að leggja áherslu á.

Annars er heppilegast að undirbúa málið sem best, og til þess álít jeg að best sje annaðhvort að fella frv. eða vísa því til stjórnarinnar, sem vitanlega mundi þá leita álits vitafróðs manns.

Magnús Pjetursson: Jeg er þakklátur háttv. nefnd fyrir liðlegar undirtektir undir brtt. mína, enda er ekki ástæða til annars, með því að hún er sprottin af því, að um þetta vitastæði hafa staðið deilur, bæði milli sjómanna innbyrðis og milli vitamálastjórans og sjómanna. Þess vegna er það lagt til í brtt., að vitastæðið sje óbundið. Annars vil jeg benda á það, að prentvilla hefir slæðst inn; staðurinn heitir ekki Krossanes, heldur Krossnes.

Brtt. á þgskj. 684 tek jeg aftur, eins og hv. frsm. (M. Ó.) sagði.

Annars kemur mjer mjög á óvart brtt. á þgskj. 664. Jeg hjelt eins og hv. frsm. (M. Ó.), að frv. ætti við Reykjanes við Húnaflóa, en ekki Reykjanes við Faxaflóa. Eins og hv. frsm. (M. Ó.) gat um þá er mjög þokusælt á Reykjanesi við Húnaflóa, og því þörf þar á þokulúðri, jafnvel þokusælasti staður á landinu, ef til vill að Austfjörð-

um fráskildum. En hitt er ekki kunnugt, að þokusælt sje hjer á Reykjanesi syðra, að minsta kosti ekki svo, að 2 þokulúðra þurfi á svo nánu svæði, sem hjer er um að ræða eftir frv. En ef þess þyrfti, þá væri rjettara að bæta því inn í, en ekki hafa Reykjanesskifti. Þess vegna er jeg á móti þeirri brtt.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg vefengi ekki orð hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), er hann hafði eftir hafnsögumanninum á „Islands Falk", sem er alkunnur heiðursmaður, og leggur það eitt til málanna, sem hann telur rjettast. En hann hefir ekki sagt neitt annað en það, sem í frv. felst. Það er einmitt, að ef landið á að verða vel vitað, þá á að taka frv. En hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sagði, að landið gæti ekki borið þessi útgjöld. Það er vitanlega alveg rjett. En til þess að fá þessi gæði svo fljótt sem unt er, þá er ekki heldur til þess að ætlast, að landssjóður beri útgjöldin, fyr en þá ef til vill seint og síðar meir.

Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) færði það sem aðalástæðu móti þessu, að það mundi rýra álit landsins út í frá og veikja lánstraust þess. — En ef lánveitendur færu nokkuð að grenslast eftir eða spyrja um þetta, mundi þá ekki hv. þm. (B. K.) hafa orðið að svara, að það væru svo margir vitar óbyggðir, vegna þess, að landssjóður hefði ekki getað staðið straum af fleiri byggingum. Og ekki yrði það til að styrkja lánstraustið. — Eins og tekið er fram í athugasemdum við frv. þá geta vitamálin hæglega borið sig sjálf, og þá þarf landssjóður ekki að eyða öðrum tekjum í það. Mjer er þetta talsvert kappsmál, að vitamálin sjeu aðskilin frá öðrum málum landssjóðs, til þess að vitabyggingar gangi ekki altof seint. Það væri mikið unnið við það að koma vitamálunum í gott horf sem allra fyrst, svo að siglingar geti orðið sem aðgengilegastar að unt er, þegar þær eru ekki lengur heftar af áhrifum stríðsins. — Það hefir oft verið talað um það, að það væri óheppilegt að láta þá menn, sem lítið vit hafa á þessum málum, ráða með atkvæðum sínum, hvort eigi að byggja þennan og þennan vita eða ekki. Og er þetta alveg rjett athugað. Því að það er ekki hægt að ætlast til þess, að hv. þm., sem nú eru flestir landbændur, geti haft jafnmikið vit á, hvar mest er þörf á vitum, og þeir menn, sem þau mál stunda mest. Þess vegna er það í alla staði mjög óheppilegt að sækja það undir þingið í hvert sinn er á að reisa nýjan vita.

Eins og jeg hefi tekið fram þá geta þessi mál best borið sig alveg óháð landssjóði. Og mjer er næst að halda, að efnahag landsins, og þar með lánstrausti, mundi betur borgið með því móti, því að af þessu mundi aftur leiða það, að vitum mundi fjölga, og þá yrði öllum siglingum hjer við land miklu minni hætta búin. Þetta sannar því einmitt það þveröfuga við það, sem hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) vildi sanna.

Einar Arnórsson: Bæði vitamálastjóri og hv. sjávarútvegsnefnd eiga þakkir skilið fyrir að hafa athugað þetta mál og lagt það hjer fyrir þingið, því að hvernig sem kann að fara með afgreiðslu þessa máls nú, þá verður ekki annað sagt en að það sje heppilegt fyrir stjórnina að hafa þennan grundvöll til að byggja á. — En mjer virðist, að þó að hv. sjávarútvegsnefnd hafi haft nægan tíma til að athuga þetta mál, þá hafi aðrir hv. þm. ekki haft tóm til þess, svo sem æskilegt væri, þar sem hjer er um svo umfangsmikið mál að ræða. Hins vegar hefir líka komið í ljós hjá hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), sem, eins og menn vita, hefir til skamms tíma átt sæti í stjórn landsins, og auk þess er fulltrúi fyrir eitthvert mesta út-

gerðarhjerað landsins, að hann telur málið ekki nægilega vel undirbúið. Auk þess eru litlar líkur til, að vitar verði bygðir í nánustu framtíð, meðan svo erfitt er um efni til þeirra og aðflutninga vegna stríðsins, svo að það mundi ekki skaða málið neitt, þó að það biði nokkurn tíma. Enn fremur er það að athuga, að alt virðist benda á, að þing verði haldið að sumri. Og svo framarlega sem stríðinu verður lokið þá, má taka til óspiltra málanna um vitagerðir, enda er sjálfsagt, að stjórnin athugi málið og undirbúi, svo fljótt sem verða má. Samkvæmt þessu leyfi jeg mjer að bera fram rökstudda dagskrá, sem hljóðar svo:

Í því trausti, að landsstjórnin undirbúi málið, í samráði við vitamálastjóra, Fiskifjelag Íslands og aðra hæfustu menn, og leggi, svo fljótt sem unt er, frumvarp um vitagerð hjer á landi fyrir Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Jeg vildi taka það fram, áður en jeg afhendi dagskrána, að jeg ætlast til, að stjórnin láti það ekki undir höfuð leggjast að rannsaka og undirbúa þetta mál, heldur gangi að því sleitulaust og leggi það fyrir Alþingi eins fljótt og auðið er.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 2. þm. Árn., E. A., (sjá A. 793) samþ. með 13 : 7 atkv.

Frv. þar með

vísað til landsstjórnarinnar.

II.

Tekin aftur.

A. Frumvörp.

1. Einkasala á sementi.

Á 9. fundi í Nd., föstudaginn 13. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um einkasölu landsstjórnarinnar á sementi (A. 58).

Á 11. fundi í Nd., mánudaginn 16. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Jónsson): Jeg hefi leyft mjer að koma fram með þetta frv. En jeg skal ekki tala mikið um það að sinni, því að ástæðurnar eru skýrt teknar fram á þgskj. 58.

Jeg skal játa það, að verði frv. þetta að lögum, þá er talsvert aukið starf stjórnarinnar, en jeg sje ekki ástæðu til að setja það fyrir sig, því að það er auðsætt, að það er almennings hagur, að þetta komist til framkvæmda. — Jeg hygg líka, að það sje almennur vilji að verða hjer á landi, að landsstjórnin taki í sínar hendur einkasölu á stærstu vörutegundum, svo sem steinolíu, kolum og sementi.

Jeg get ímyndað mjer, að nauðsynlegt sje að fjölga starfsmönnum stjórnarinnar, ef þetta frv. verður að lögum. Jeg hugsa mjer þetta gert á þann hátt, að landið hafi og kosti erindreka í útlöndum, sem annist um innkaup á sementinu og öðrum þeim vörutegundum, sem einkasala yrði lögleidd á. Sumir hugsa sjer, að það verði Íslendingur, búsettur í Vesturheimi. Jeg býst við, að það sje ekki fjarstæða. En um það er engin nauðsyn að ræða, á þessu stigi málsins.

Jeg geri ráð fyrir, að spurt verði að, hvort ekki sje rjett, að landið leggi eitthvað á vöruna, og nái á þann hátt tekjum í landssjóð, líkt og ætlast er til í frv. þeim, sem fram hafa komið um einkasölu, t. d. á kolum og steinolíu. Hægra er að ganga inn á, að landið græði á þeim vörutegundum, því að þær brúkast meðfram til framleiðslurekstrar, og sá skattur yrði því lagður á framleiðslu í landinu. Um sementið er nokkuð annað mál. Sú vörutegund er aðallega notuð til þess að varna eyðileggingu og fá traust og var-

anleg mannvirki sett í framkvæmd, og því ekki beinn hagnaður af henni fyrir framleiðslu í landinu.

Þykist jeg ekki efa, að taki landið í sínar hendur að útvega og selja þessa vörutegund, þá vinnist einkum þrent, sementið lækkar í verði, auðveldara verður að fá það, og gæði þess verða aukin.

Notkunin á sementi er sífelt að aukast í landinu, bæði til bygginga og brúargerða, því að víða hagar svo til, að sandur og grjót er nóg og nærri hendi, en sement oft dýrt og má ske ófáanlegt. Það væri því stórhagnaður, ef þetta þrent ynnist.

Vænti jeg, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar og greinargerð frv. athuguð.

Þorsteinn Jónsson: Það lítur næstum út fyrir hjer í deildinni, að menni vilji láta landsstjórnina fá einokun á sem flestum vörutegundum. Jeg hefi ekkert á móti, að landsstjórnin hefði einkasölu á einstaka vörutegundum, og álít þá mjög heppilegt að byrja á steinolíunni; aftur álít jeg hreint ekki heppilegt að hefja neinn berserksgang með landssjóðseinokun.

Sement er síst vel fallið til, að landsstjórnin hefði einkasölu á því. Auðvitað mál er það, að nauðsynlegt er, að menn fari sem mest að byggja úr steinsteypu, en það getur orðið jafnt fyrir því, þótt landsstjórnin taki ekki að sjer einkasölu á sementinu.

Ef einkasala á mörgum vörutegundum væri lögleidd nú þegar, gæti það spilt fyrir framgangi einkasölumálsins, og þó einkum ef byrjað væri á vörutegundum, er hætta væri á að landið biði halla af.

Matthías Ólafsson: Það fer fjarri því, að verra sje að fara með sement en með steinolíu; steinolía mun vera einhver varhugaverðasta vörutegundin í meðförum. En það er annað, sem jeg hefi að athuga við frv.; það brýtur í bága við aðalhugsun einokunarinnar, sem sje þá, að landið hafi hagnað af henni. Það ætti ekki að heita frv. um einkasölu landsstjórnarinnar á sementi, heldur frv. um skyldu landsstjórnarinnar til að sjá landsmönnum fyrir sementi, og taka það verð fyrir, er landsmönnum sjálfum sýnist að borga. Landsstjórnin myndi hafa mikið fyrir þessu; henni yrði það verra en tekjulaust, því að vörutollurinn fjelli burt strax er hún tæki einkasöluna að sjer. Þetta væri galli á hvaða einkasölufrv. sem væri; einokun á að vera reist á þeim grundvelli, að þá lendi sá ágóði í landssjóði, sem annars myndi lenda hjá öðrum. Það er, með öðrum orðum, kaupmannagróðinn, eða að minsta kosti nokkur hluti hans. Ef landsstjórninni væri ætlað að græða á einkasölunni, væri jeg fylgjandi frv.; því að það er mitt álit, að hægra væri henni að hafa sements- en steinolíuverslun.

Það er áríðandi, að frv. þetta sje vel athugað, og er það tillaga mín, að því verði vísað til sjerstakrar nefndar.

Flm. (Einar Jónsson): Jeg skil ekki vel í afstöðu hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) til frv., að hann, eins og hann lítur á einkasölumálið, skuli vera á móti því. (**M. Ó.:** Jeg er ekki á móti því). Sá, sem ekki er með mjer, er á móti mjer.

Það er ekki tillaga mín, að stjórnin fái einkasöluheimild á vörutegundum, öðru nær. En jeg mundi fella mig við, þótt einkasala yrði heimiluð á kolum, salti, steinolíu og sementi. Þetta eru alt miklar nauðsynjavörur, sem þurfa að fást með góðu verði og vel vandaðar.

Ekki var það rjett hjá hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), að svo vandasamt væri að geyma sementið, að þess vegna væri ókleift að aðhyllast þá leið, sem hjer er farið fram á; það er ekki örðugra að geyma það vel en aðrar vörur. Og ekki var það nema hálfrjett hjá hv. þm. V.-Ísf.

(M. Ó.), að landsstjórninni sje ekki ætlaður neinn hagur af einkasölunni. Þótt landssjóður taki ekki beinar tekjur af sementseinokuninni, ætti honum að vera nóg, ef almenningur hefir gott af, auk þess sem landssjóður þarf sjálfur, nú orðið, að annast um ýms stórvirki, sem sement er brúkað í, og græddi því einnig á þann hátt. Jeg er hræddur um, að hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) haldi, að jeg sje að gera þetta fyrir landbúnaðinn, en ekki sjávarútveginn; en svo er ekki. Sjávarútvegurinn þarf ekki síður sements með. Og jeg vona, að það verði ekki eins skemt eða dýrt og áður, ef landsstjórnin hefir einkasölu. Samböndin verða venjulega því betri í verslun, sem um stærri kaup er að ræða.

Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) vildi, að frv. gengi til sjerstakrar nefndar. En jeg sje ekki þörf til þess. Best væri, að það gengi til sömu nefndar og lík frv. hafa áður gengið. Jeg geri það ekki að kappsmáli, en till. mín er, að frv. gangi til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1608) í e. hlj.

Á 15. og 20. fundi í Nd., dagana 20. og 30. júlí, var frv. tekið til 2. umr., en

forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 22. ágúst, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 58, n. 99).

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Fjárhagsnefnd hefir athugað þetta frv. og komist að þeirri niðurstöðu, að ekki beri að samþykkja það nú. Nefndin hefir áður látið í ljós þá skoðun sína, að ekki beri á þessu þingi að lögleiða einkasölu á öðru en steinolíu, og er þetta því í samræmi við þá skoðun. Ástæðurnar fyrir þessu hafa þrásinnis komið hjer fram, en ein ástæða er þó í viðbót um þetta frv., sem ekki hefir verið nefnd, sem sje sú, að landssjóði bætast engar tekjur af frv., ef það yrði samþykt, eins og það liggur fyrir. Í annan stað er engin brýn nauðsyn á einkasölu á sementi, með því að sala þess er ekki í höndum einokunarfjelaga, sem okri á því, eins og á sjer stað um steinolíuna. Að öðru leyti ljet jeg þess getið við 1. umr. frv., að jeg teldi ekki einkasölu heppilega á sementi, með því að afarefitt væri að geyma það, svo að vel væri.

Af því, að málið var svo ítarlega rætt við 1. umr., býst jeg ekki við, að ástæða sje til að fjölyrða um það nú að öðru leyti.

Einar Jónsson: Úr því að háttv. fjárhagsnefnd hefir komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að fella frv., þá vil jeg ekki verða til þess að vekja þrætur um það. Hitt þykir mjer þó undarlegt, að nefndin skuli setja sig á móti því, sem sanngjarnt er og rjett að mínu áliti, því að með einkasölu þessarar vöru ætti að fást trygging fyrir betra verði og meiri gæðum. En nú hefir fjárhagsnefnd komist að þessari niðurstöðu, að taka að eins einkasölu á steinolíu í þetta sinn, en ef til vill, þegar ró er komin á og næði, mun mega búast við, að næst komi einkasala á kolum og síðan á sementi; með því að jeg býst nú við, að margir muni greiða atkvæði með áliti nefndarinnar, þá ætla jeg að gera mig rólegan með úrskurð hennar og taka hjer með frv. aftur, í þeirri föstu von, að einkasala á sementi verði heimiluð á næsta þingi og gagnið, sem af því mundi leiða, komi landi og alþjóð að gagni sem allra fyrst. Þetta er eitt af þeim málum, sem ekki

þola bið. Hefi jeg áður fært ástæður fyrir því.

Forseti: Samkvæmt yfirlýsingu háttv. flm. (E. J.) er frv. tekið aftur, ef enginn tekur það upp.

Enginn tók frv. upp.

Frv. því

tekið aftur.

2. Vjelgæsla á mótorskipum.

Á 11. fundi í Nd., mánudaginn 16. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um atvinnu við vjelgæslu á mótorskipum (A. 75).

Á 13. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Ólafsson): Þetta frv. stendur í nánu sambandi við annað frv., sem áður er fram komið hjer í deildinni, sem sje frv. til laga um stofnun vjelstjóraskóla í kaupstöðunum. Nái það frv. fram að ganga, er nauðsynlegt að semja lög, er tryggi þeim mönnum forrjettindi að vjelstjórastöðunum, sem fengið hafa þá þekkingu, er vjelstjóraskólarnir veita. Falli það frv., þá liggur auðvitað beint fyrir að fella þetta líka. En jeg vona, að til þess þurfi ekki að koma. Það er svo mikilsvarðandi mál fyrir annan aðalatvinnuveg vorn, sjávarútveginn, að kunnátta þeirra manna, sem vjelum eiga að stjórna á mótorskipum, aukist að mun frá því, sem nú er, að það væri varla vansalaust, ef þingið daufheyrðist við þessum kröfum. Það eru gífurlega miklar eignir, sem stöðugt eru í hættu, meðan þekking manna á meðferð vjelanna er ekki meiri en enn á sjer stað. Og það væri gagnslaust að stofna skóla, til þess að veita nauðsynlega þekkingu, ef lærðu mönnunum væri ekki trygður forrjettur að loknu námi. Hingað til hefir það tíðkast, og mundi geta viðgengist framvegis, ef ekkert lagaeftirlit væri með því haft, að menn hafa getað krækt sjer í formensku eða vjelstjórastöðu, án þess að hafa nokkra þá þekkingu, sem til þess útheimtist. Geti þeir að eins á einhvern hátt komið sjer í mjúkinn hjá útgerðarmönnunum, standa þeim allar stöður opnar.

Jeg þarf ekki að fjölyrða um þetta mál að sinni, en leyfi mjer að leggja til, að frv. verði sett í nefnd, og finst mjer sjávarútvegsnefnd vera sjálfkjörin til þess að taka bæði þetta frv. og frv. um stofnun vjelstjóraskóla til meðferðar. Frumvörpin eru svo nátengd, að sama nefndin verður að fjalla um þau bæði. Þau snerta sjávarútveginn eingöngu, svo að þau eiga hvergi fremur heima en í þeirri nefnd. Þótt annað þeirra fjalli um stofnun nýrra skóla, get jeg ekki sjeð, að mentamálanefnd ætti að taka það til meðferðar. Jeg vænti því þess, að hin hv. deild feli sjávarútvegsnefnd frv. þetta, og vona, að hún taki því vel. Að minsta kosti get jeg sjeð af forlögum þessa frv., hvernig hinu muni reiða af. Nefndin mun fljótt komast að raun um, að annaðhvort er að samþykkja þau bæði, eða hvorugt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr í e. hlj., og til sjávarútvegsnefndar (sjá A, bls. 1613) í e. hlj.

Á 20. og 21. fundi í Nd., dagana 30. og 31. júlí, var frv. tekið til 2. umr., en

forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., mánudaginn 6. ágúst, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 75, n. 157).

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg lýsi yfir því, að jeg, eftir atvikum, tek frv. þetta aftur að þessu sinni.

Forseti: Frv. þetta er tekið aftur, ef enginn tekur það upp.

Enginn tók málið upp.

Frv. því

tekið aftur.

---

3. Forkaupsrjettur leiguliða.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 19. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl. (A. 112).

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 27. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Jónsson): Frv. þetta er stutt og einfalt og þarf ekki langra skýringa við. Það, sem fyrir flutningsmönnunum vakir, er það að setja reglur um forkaupsrjett þeirra jarða, sem eru í sjálfsábúð. Um það eru engin lög til, en frv. á að bæta úr þeim skorti. Lögfræðingar hafa bent mjer á, að ekki sje vel viðeigandi að hnýta þessu ákvæði við lögin um forkaupsrjett leiguliða, svo sem frv. ákveður. Jeg skal játa það, að við nánari athugun hefi jeg komist á þá skoðun, að þetta sje athugavert. Jeg hefi þó ekki fundið ástæðu til að taka frv. aftur fyrir þessa sök, en leyfi mjer að leggja til, að því verði vísað til nefndar, eins og það er, enda er hægurinn hjá að gera þær breytingar á frv. í nefndinni, sem nauðsynlegar þykja.

Við flutningsmennirnir lítum svo á, að það geti orðið skaði fyrir ræktun landsins og húsabætur, ef ekki er höfð hönd í bagga með því, hvað verður um jörð, sem gengur úr sjálfsábúð. Eins og nú er ástatt geta einstakir menn gert sjer það að fjeþúfu að eignast svo og svo margar jarðir, til þess að versla með þær eða okra á þeim á einhvern hátt, og þess munu dæmi, að það sje gert. Við teljum því heppilegra, að það væri trygt með lögum, að sveitarfjelögin hefðu forkaupsrjett að þeim jörðum, sem enginn kaupandi fæst að, er sjálfur ætlar að búa á jörðinni. Þetta er kjarninn í frv., og vænti jeg, að háttv. deild líti á það og finni, að það er ekkert ósanngjarnt, sem fram á er farið.

Það er óneitanlega betra, að jarðir verði eign sveitarfjelaganna, heldur en að þær lendi í braski. Jeg sting upp á, að frv. verði vísað til landbúnaðarnefndar og tekið þar til athugunar. Annars er málið ekki svo flókið, að miklar umræður þurfi.

Pjetur Jónsson: Eins og kunnugt er er tilgangur laganna um sölu þjóðjarða og kirkjujarða ekki sá að farga eignum landssjóðs, heldur er það tilgangurinn að auka sjálfsábúð í landinu. Því að alment mun það vera viðurkent, að æskilegast sje, að jarðir sjeu annaðhvort í sjálfsábúð eða þá almenningseign. Það opinbera getur altaf sjeð um, að þær jarðir komist í sjálfsábúð, sem það hefir eignarrjett á. Til þess eru þjóðjarðasölulögin. Hjer er komið fram frv., sem gengur í sömu átt, og hefi jeg því ekki nema gott eitt um það að segja. En jeg vildi að eins benda á það, hvort þetta atriði, sem frv. fjallar um, ætti ekki frekar heima í lögum um

sölu þjóðjarða og kirkjujarða heldur en í lögum um forkaupsrjett leiguliða. Þetta er að eins bending til nefndarinnar, sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar. Vildi jeg mælast til, að hún tæki það til íhugunar, hvort ekki mætti skeyta þetta frv. við lögin um þjóðjarðasölu, frekar en forkaupsrjettarlögin.

Gísli Sveinsson: Jeg stend upp að eins til að gefa væntanlegri nefnd eina bendingu til. Jeg geng út frá því, að nefndin athugi bendingu háttv. þm. S.-Þ. (P. J.). Ef nefndin samt sem áður kæmist að þeirri niðurstöðu, að frumvarpsgreinin ætti að koma inn í lögin um forkaupsrjett leiguliða, þá ætti hún að koma á eftir 4. gr. Líka vil jeg leyfa mjer að benda nefndinni á það, að greinina þarf að orða öðruvísi en gert er í frv. Best er að gera slíkar breytingar í nefnd, til þess að sem minst þurfi að tefja við frv. á eftir. — Frv. segir, að um forkaupsrjett jarða, sem eru í sjálfsábúð, skuli gilda sömu ákvæði og um forkaupsrjett jarða, sem eru í byggingu. Um þær jarðir gildir sú regla, að ábúandinn hefir forkaupsrjettinn, og sveitarfjelagið fyrst að honum frágengnum. Sje jörðin í sjálfsábúð, sem seld er, þá er enginn „ábúandinn“. Væri því rjettara að segja, að sveitarfjelagið eigi forkaupsrjettinn að þeim jörðum skilyrðislaust.

Benedikt Sveinsson: Það er síður en svo, að jeg vilji mæla á móti frv., nje heldur amast við breytingu þeirri, sem háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) stakk upp á. Áður hefi jeg flutt, með öðrum þingmanni, frv. um kauprjett landssjóðs á seldum þjóðjörðum, er gengi úr sjálfsábúð, sem fór í líka átt og þetta, en komst þá ekki í gegnum þingið. — En mjer þykir vera gert óþarflega mikið úr þeirri hættu, að jarðir safnist um of til einstakra manna. Áður gat það verið hætta, en nú er orðið hægt að koma peningum sínum í arðvænlegri fyrirtæki en jarðeignir. Það borgar sig oft illa að kaupa jarðir í því skyni að ávaxta fje sitt með því að leigja jörðina. Nú eru jarðir alment farnar að hækka mjög í verði, en eftirgjald hefir ekki hækkað að sama skapi. Hjer á Suðurlandi að minsta kosti eru jarðir seldar svo dýrt, að erfitt er að setja leiguna svo hátt, að hún nemi venjulegum sparisjóðsvöxtum af kaupverði jarðarinnar.

Sveinn Ólafsson: Margt af því, sem jeg ætlaði mjer að segja, hefir þegar verið tekið fram af háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), og því sleppi jeg. En eitt atriði er þó eftir, sem jeg vil leyfa mjer að benda væntanlegri nefnd á. Með því að ákveða fortakslaust, að sveitarfjelögin skuli eiga forkaupsrjett að jörðum, sem ganga úr sjálfsábúð, þá gæti verið fyrir það girt, að leiguliði fengi jörðina, sem vildi kaupa hana, en væri þess ekki um kominn að gera það strax. Nú getur efnahag manna oft verið þannig varið, að þeir verði að taka jörð á leigu fyrst, í von um að geta keypt hana seinna. Þess vegna þyrfti að vera ákvæði um það, að sá maður geti altaf fengið jörðina til ábúðar, sem ætlar sjer að kaupa hana, þegar hann getur. Því má ekki gleyma, að varhugavert getur verið að gefa sveitarfjelögunum fortakslausan forkaupsrjett.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1612) í e. hlj.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 112, 328, n. 342).

Frsm. (Jón Jónsson): Landbúnaðarnefndin hefir lítið breytt frv. því, sem henni var fengið til athugunar, að efni til, en hún leggur til, að það verði gert að sjerstökum lögum. Annars eru breytingarnar aðallega orðabreytingar, en efnið hið sama. Það fjallar um það, hvernig fara skuli um sjálfsábúðarjarðir, sem ganga kaupum og sölum. Hingað til hafa engin lög verið til um það, og eigendur verið sjálfráðir um, hverjum þeir seldu, hvort heldur væntanlegum ábúanda eða öðrum. Nefndin er sannfærð um, að hjer þarf breytinga, og að nauðsyn beri til að fyrirgirða, að margar jarðir geti safnast á eina hönd, en stuðla að því, að ábúendur eigi ábúðarjarðir sínar, því að á þann veg má vænta, að þeim verði mestur sómi sýndur.

Jeg skal geta þess, að í nefndarálitinu er meinleg villa. Þar stendur *tún* fyrir *bú*.

Benedikt Sveinsson: Mjer finst hv. landbúnaðarnefnd ekki hafa tekist að orða breytingar sínar svo liðlega sem skyldi. 1. gr. er nú þannig orðuð: „Þegar jörð í sjálfsábúð er til sölu, skal sá hafa forkaupsrjettinn, er sækir um ábúð á henni. Nú sækja fleiri en einn um ábúðina, og selur seljandinn þá þeim, er fær ábúðina". Þetta er bæði óviðkunnanlegt og óskýrt orðalag. Það, sem vakir fyrir hv. nefnd, kemur betur fram í nál. á þgskj. 342. Þar stendur: „Ef margir sækja um jörðina, situr sá fyrir kaupunum, sem seljandi kýs helst fyrir ábúanda á henni". Þetta er gleggra orðað en hitt, og ætti hv. nefnd að koma með brtt. í þá átt til 3. umr.

Yfir höfuð tel jeg það efasamt, hvort frv. sje til mikilla bóta; það er t. d. hart fyrir bónda, sem getur ekki þegar í stað flutt á jörð, en ætlar að gera það bráðlega, að mega ekki tryggja sjer hana til ábúðar með því að kaupa hana, eða fyrir búlausan mann, sem ekki hefir ástæður til að reisa bú á sama ári og jörðin er seld. Þessi ákvæði hefta viðskiftafrelsið og geta komið hart niður. Auk þess geta höft á sölu jarða, slík sem hjer er gert ráð fyrir, rýrt þær í verði; salan verður torveldari og færri að keppa um kaupin.

Magnús Guðmundsson: Jeg vil bæta því við það, sem hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) tók fram, að jeg sje ekki betur en að, eins og 1. gr. er orðuð, geti sá maður, sem vill selja ábúðarjörð sína, ekki búið á henni áfram, en slíkt ákvæði er, að mínu áliti, alveg óhæft. Þetta er ofmikil skerðing á eignarrjettinum. Það er ekki svo sjaldgæft, að jarðareigandi þurfi að selja ábúðarjörð sína, en vilji þó búa á henni áfram, en eftir orðalagi frv. er ekki nema um tvent að velja fyrir hann, annaðhvort að láta jörðina óselda, hve meinlegt sem honum er það, eða hrekjast burt af henni að öðrum kosti. Ef þetta er ekki meining hv. landbúnaðarnefndar, þá þyrfti að bæta inn í 1. grein fyrirmælum um það, að ákvæði greinarinnar næðu ekki til þess, er seljandi vildi sjálfur halda áfram ábúð á jörðinni. Slíkt ákvæði útilokar það ranglæti, að menn verði að hrekjast burt af ábúðarjörðum sínum fyrir þá eina sök, að þeir hafa neyðst til að selja, þótt þeir bæði vildu og gætu búið áfram.

Frsm. (Jón Jónsson): Þótt jeg játi, að niðurlag 1. gr. frv. sje ekki sem heppilegast orðað, þá hygg jeg þó, að allir skilji, við hvað átt er, en þó mun nefndin taka þetta til nýrrar athugunar. Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) sagði, að höft þau, sem lögð væru á seljanda með að velja sjer kaupanda, mundu rýra jörðina í verði. Jeg fæ ekki sjeð, að svo þurfi að verða. Seljandi hefir, eftir sem áður, kost á að velja um kaupendur. Hann er bundinn

við það eitt að selja þeim, sem ætlar að fara sjálfur að búa á jörðinni. Jeg álít svo mikla þörf á að tryggja þetta, að eigi megi frá því hverfa, og hættan lítil á, að menn fái ekki fult verð fyrir jarðir sínar eftir sem áður, og þótt fyrir gæti komið, að einhver braskarinn byði ofurverð í jörð, sem hann mundi ekki bjóða, ef hann neyddist sjálfur til að fara að búa á henni, þá er, vegna almenningsheilla, varla í það horfandi, þótt einhver seljandi kynni, fyrir íhlutun löggjafarvaldsins, að fara á mis við þann gróða. Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) kvaðst ekki geta sætt sig við það, að fátækur maður yrði að hrekjast burt af ábúðarjörð sinni fyrir það, að hann neyddist til að selja hana, hve gjarnan sem hann vildi halda áfram að búa á henni. Það er satt, að það er leitt, ef slíkt þyrfti að koma fyrir, en jeg hygg, að sjaldan mundi það koma fyrir. Það myndi að jafnaði geta orðið samkomulag um það, að hann fengi að búa áfram á einhverjum hluta jarðarinnar, og það mundi honum að líkindum nægja, ef efni hans eru svo til þurðar gengin, að hann neyðist til að selja jörðina.

Mjer finst svo erfitt að ganga tryggilega frá því, sem er aðalatriðið í máli þessu, því, að sem flestir hafi sjálfsábúð, nema að ákvæðin sjeu skýr og undantekningalaus. Jeg er hræddur um, að öll miðlunarákvæði greiði fyrir því, að farið verði kringum lögin. Þó mun nefndin taka þetta atriði til íhugunar.

Gísli Sveinsson: Háttv. nefnd þykir það sjálfsagt til bóta að hafa komið fram með sjerstakt frv. um þennan forkaupsrjett. Þó er athugavert, að komin eru fram á þessu þingi tvö frumvörp um forkaupsrjett á jörðum, og ef bæði frv. hv. landbúnaðarnefndar yrðu að lögum, myndum við hafa þrenn lög um forkaupsrjett hjer í landi. Jeg játa það, að málið hefir að sumu leyti tekið umbótum í höndum hv. nefndar, en þó virðist það enn þurfa nánari íhugunar, og hvað sem öðru líður, þá er það mesta ómynd að hafa þrenn sjerstök lög um forkaupsrjettinn, það er að segja, lög um forkaupsrjett leiguliða, lög um forkaupsrjett sveitarfjelaga og lög um forkaupsrjett landssjóðs. Þetta eru alt lög, sem almenning varðar mikið að þekkja vel, og væri sjálfsagt einfaldara og ruglingsminna fyrir notendur, að öll þessi skyldu lög væru dregin saman í eitt. Vildi jeg því skjóta því til hv. nefndar, hvort hún vilji ekki taka málið til nýrrar íhugunar, og meðal annars athuga, hvort hún sjái sjer ekki fært að búa til eitt frv. um forkaupsrjett jarða yfirleitt, og nema þar með úr gildi þau lög, er nú eru, en vera ekki að greina það sundur í mörgum lagaboðum, eftir því, hver forkaupsrjettinn á.

Magnús Guðmundsson: Jeg vil leyfa mjer að styðja till. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) Það er heppilegast að fá í ein lög öll ákvæðin um forkaupsrjett á jörðum, og það ætti ekki að vera mikil fyrirhöfn að draga þau saman í eitt frv. Jeg vil beina því til háttv. landbúnaðarnefndar, hvort hún treysti sjer ekki til þessa, og ef hún vill sinna því, að hún fái tekið málið út af dagskrá. Þess óska jeg því fremur, þar sem mjer finst, því betur sem jeg hugsa um málið, að frv. þetta þurfi að sjálfsögðu að taka breytingum. Jeg tel þetta ófært og hreint stjórnarskrárbrot, sem hjer er farið fram á, því að það getur komið fyrir, að seljandi sje neyddur til að selja jörð sína þeim, sem lægra býður, ef hann ætlar að taka jörðina til ábúðar eða sitja með hana óselda að öðrum kosti, eins og það er óheppilegt, að ábúandi sem vill selja ábúðarjörð sína, verði við söluna að

flytja af henni vegna lagaákvæða, þótt bæði hann og kaupandi vildu, að hann byggi þar áfram.

Frsm. (Jón Jónsson): Jeg felst á það, sem háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) bar fram, að æskilegt sje að draga öll ákvæðin um forkaupsrjett á jörðum saman í eitt, og vil því leyfa mjer, fyrir hönd nefndarinnar, að mælast til þess, að málið sje tekið út af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 20. ágúst, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Jón Jónsson): Jeg tek hjer með frv. aftur.

Forseti: Samkvæmt þessu er þá frv. tekið aftur, og er úr sögunni, ef enginn tekur það upp.

Enginn varð til þess að taka frv. upp.

Frv. því

tekið aftur.

---

4. Forkaupsrjettur landssjóðs á jörðum.

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum (A. 144).

Á 23. fundi í Nd., fimtudaginn 2. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Samskonar frv. og þetta lá fyrir þingi 1912, og var þá samþykt í þessari hv. deild, en ekki útrætt í Ed. Enn var frv. líks efnis á ferðinni 1915, en var þá felt hjer í deildinni. Ástæðan til þess, að jeg kem með þetta mál nú, er sú, að jeg álít það þess vert, að því sje gaumur gefinn og tel nauðsynlegt, að sett verði lög um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum. Þótt málið færi svona 1915, langar mig til að vita afstöðu til þess í þinginu nú, eftir nýafstaðnar kosningar. Jeg lít svo á, að þótt frv. um frestun á sölu þjóð- og kirkjujarða væri felt í gær, ætti það ekki að vera því til fyrirstöðu, að þetta mál næði fram að ganga, því að þau tvö mál standa ekki í neinu beinu sambandi hvort við annað. Í frv. þessu er reynt að taka tillit til þeirra aðfinninga, sem komu fram við samskonar frv. 1912 og 1915. Jeg held því, að tekið sje tillit til fram kominna andmæla svo sem hægt er.

Jeg tel rjett að vísa þessu máli til landbúnaðarnefndar, að lokinni þessari 1. umr. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um mál þetta að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1612) í e. hlj.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 144, 326, n. 341).

Frsm. (Jón Jónsson): Þetta frv. gengur í líka átt og frv. um forkaupsrjett leiguliða á jörðum. Það ætlast til þess, að þegar hvorki viðtakandi jarðar nje hlutaðeigandi sveitarfjelag vill nota forkaupsrjett sinn að jörðu, sem selja á, þá skuli jafn-

an skylt að bjóða landsstjórninni forkaupsrjett á jörðinni fyrir landssjóð. Þetta alt á að fyrirbyggja brask með jarðir, og stuðla að því, að sem flestir geti orðið sjálfseignarbændur í landinu. Skal jeg svo leyfa mjer að gera stutta grein fyrir breytingum þeim, sem nefndin hefir gert á frv. því, sem henni var fengið til athugunar.

Í 1. gr. er engin efnisbreyting; að eins er slept úr ákvæðinu um jarðir, sem seldar hafa verið eftir sjerstökum lögum, því að það er óþarft að taka það upp, með því að ákvæðin um sölu annara ná líka til þeirra, þótt eigi sje það sjerstaklega tekið fram.

Í 2. grein er sú efnisbreyting, að þar sem í frv. er ætlast til, að landsstjórnin tilkynni hlutaðeiganda innan mánaðar, hvort hún vilji, að landssjóður neyti kauprjettar síns, þá gerir brtt. nefndarinnar ráð fyrir, að landsstjórnin afli sjer nauðsynlegra upplýsinga um jörðina og sannvirði hennar, áður en hún svarar. Nefndinni þótti sjálfsagt, að tekið væri fram, að þetta væri gert; hitt óviðkunnanlegt, að hún þyrfti ekki að gera það áður en hún tæki ákvörðun um það, hvort hún vildi kaupa jörðina. Þá er og slept úr 2. gr. ákvæðinu um, að landsstjórnin skuli láta mat fara fram á jörðinni, ef landsstjórnin ákveður að kaupa jörðina. Nefndin leit svo á, að mat þetta mundi sjaldan hafa nokkkra þýðingu, heldur mundi kaupverðið að jafnaði geta farið eftir samningum milli kaupanda og seljanda, án nokkurs fyrirskipaðs mats, alveg eins og á sjer stað um aðra jarðasölu og kaup. Stjórnin getur og mun að jafnaði fá einhvern mann, sem hún treystir vel, til að fullgera fyrir sig jarðakaupin. Auðvitað er henni innan handar að láta mat fara fram þegar henni sýnist þess þörf, þótt það sje ekki beint fyrirskipað í lögunum. Það, sem eftir er af breytingunum, eru orðabreytingar, nema hvað nefndin leggur til, að síðasta grein frv. falli burt. Nefndin álítur enga þörf á að takmarka heimild stjórnarinnar til að kaupa þær jarðir, er henni kunna að bjóðast. Það er ekki líklegt, að landssjóður óðlist að jafnaði kauprjett á mjög mörgum jörðum á ári, og þótt það kæmi fyrir, að verja þyrfti meiru fje en 100000 kr. til jarðakaupa eitthvert ár, þá má telja óhætt að láta stjórnina hafa vald til þess, en ekki jafnan rjett að banna að kaupa fyrir meira, hvernig sem á stendur. Loks höfum við lagt til, að skotið væri inn í frv. nýrri grein, til þess að tryggja það, að eigi væri farið kringum lögin; og vonar nefndin, að hún sje til bóta.

Benedikt Sveinsson: Jeg felst á það, sem háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að einlægast væri að hafa ein lög um forkaupsrjett jarða, en eigi þrenn.

Það er hið sama að segja um þetta frv. eins og um frv. um forkaupsrjett leiguliða, að það er ekki vel frá því gengið; þó hefir það tekið bótum í höndum háttv. nefndar, jafnvel þótt hún hafi gengið fram hjá ýmsu, sem betur þyrfti að athuga. Í 1. gr. stendur t. d., að landssjóður skuli jafnan hafa forkaupsrjett að jörð, sem er til sölu, og hvorki viðtakandi hennar nje hlutaðeigandi sveitarfjelag vill nota forkaupsrjett sinn. Hjer á að leggja sömu höftin á viðskiftafrelsi manna sem í frv. um forkaupsrjett leiguliða. Það getur verið hart fyrir mann, sem vill kaupa jörð, að mega ekki eignast hana, ef hag hans er svo farið, að hann getur ekki tekið jörðina til ábúðar þegar í stað.

Ákvæðið um kostnað, er leiðir af kaupunum, í 2. brtt. við aðra grein, er óljóst, og sjest ekki af því, hvort sölulaun eru fólgin í þeim kostnaði af kaupunum, sem mælt er fyrir að landssjóður skuli greiða.

Svo hefir nefndin tekið upp setningu, með orðabreytingu úr upphaflega frv. Þar stendur: „Seljanda er þó heimilt að selja

öðrum, ef landsstjórnin vill ekki sinna því verði, sem boðist befir fyrir jörðina". Í frv. er ekki gert ráð fyrir forkaupsrjetti landssjóðs fyrir *lægra* verð en aðrir bjóða í jörðina, og er því þessi setning óþörf.

Í 3. gr. stendur, að ef áður seldar þjóðjarðir eða kirkjujarðir eru keyptar, skuli kaupverðið greitt úr sjóðum þeim, sem andvirði jarðanna hefir áður runnið í. Hjer er það að athuga, að ekki er víst, að fje þeirra sjóða sje fyrir hendi. Það getur staðið í lánum, og verður þá að taka kaupverðið annarsstaðar. Þar að auki eru sjóðirnir ekki stórir, en jarðirnar hækka í verði, og mætti því búast við, að sjóðirnir yrðu brátt þurausnir, og þá þyrfti að verja öðru fje til jarðakaupanna. Hygg jeg því, að þessu ákvæði væri best að sleppa.

Þá er till. nefndarinnar um nýja 5. gr. Hvort það er nægileg trygging fyrir, að ekki verði farið í kringum þessi lög, að hreppstjórar sjeu skyldaðir til að hafa eftirlit með því, að fyrirmælum 1. gr. sje hlýtt, skal jeg ekki fara út í. En jeg er hræddur um, að ef frv. þetta verður að lögum, muni verða reynt að fara í kringum þau, og ekki síst vegna þess, að þau mundu hefta sölu og tefja, og gera mönnum ómögulegt að fá keypta jörð, nema þeir geti tekið við henni þegar til ábúðar. — Þykir mjer það undarlegt, að bændur hjer á þingi skuli gerast svo meinsamir, að girða fyrir það, að tvítugur bóndason geti sætt kaupum á jörð, að eins fyrir þann agnúa, að hann getur ekki sett þar bú þegar á næsta ári. En það getur þráfaldlega staðið svo á, að menn vilji eignast jörð og ætli sjer hana til ábúðar í framtíðinni, þótt þeir sjeu óviðbúnir að setjast á hana í næstu fardögum eftir að kaupin fara fram. Það er brýn nauðsyn að laga þennan stórgalla frv.

Yfir höfuð hygg jeg, að hefting sú á frjálsum viðskiftum, sem hjer kemur fram, eins og í ýmsum öðrum frv., er þingið hefir nú til meðferðar, leiði af sjer ilt eitt. Auðsætt er það, að eignir hljóta að falla í verði, ef þetta verður að lögum. Seljandi getur ekki sint hæsta boði, ef það kemur frá manni, sem getur ekki flust á jörðina í næstu fardögum, og verður að láta hana gegn lægra verði. Auk þess verður hann að bíða alllengi eftir því að vita, hvort landssjóður ætlar að nota forkaupsrjettinn, og það getur orðið honum bagalegt.

Jeg geri því ráð fyrir, að háttv. flutningsmenn taki mál þetta út af dagskrá og nefndin athugi það betur.

Þorsteinn Jónsson: Það var að eins örstutt fyrirspurn til háttv. nefndar, viðvíkjandi þessum jörðum, sem landssjóður á að hafa forkaupsrjett á eftir frv. Nú kaupir landssjóður og byggir jörðina, og eftir gildandi forkaupsrjettarlögum hefir þá ábúandi forkaupsrjettinn. En svo er ekki meira um þetta atriði. Gilda þá sömu lög áfram, að landssjóður sje skyldugur að selja aftur, eða hvað?

Einar Arnórsson: Jeg verð að taka undir mál þeirra háttv. þingmanna, sem talað hafa í þessu máli, að frv. mætti vera betur úr garði gert. En það stendur þó til bóta því að eftir er ein umr., eða tvær ef málið er tekið út af dagskrá.

Jeg vil minnast á eitt atriði, sem mjer þykir vera grundvallaratriði í þessu máli, og það atriði hefir áður komið til umr. Á landið að eiga jarðirnar, eða á það ekki að eiga þær? Þessar tvær skoðanir hafa glímt hjer í Nd. undanfarið, og hjer hefir það orðið ofan á, að einstakir menn skuli eiga þær. Hin stefnan, sú, að ríkið skuli eiga fasteignir í landinu, hefir verið kveðin niður hjer í deildinni, en hefir nú rekið upp höfuðið í nýrri mynd, í frv. á þgskj. 144. Það er áreiðanlega angi af þeirri rót, sem hjer gægist fram. Jeg vil ekki

gera tilraun til að gera upp, hvor stefnan sje rjettari, en mjer skilst, að þær megi ekki báðar saman fara um sinn. Áður en löggjafarvaldið fer að reyna að klastra upp löggjöf um forkaupsrjett og þesskonar, ætti það að ráða við sig, hvorri stefnunni skuli fylgja í framtíðinni. (J. J.: Það kemur ekki málinu við). Skrítið, ef það kemur ekki málinu við, hvort sú stefnan á að rísa upp í dag, sem fjell í gær.

Viðvíkjandi frv. þessu hafa háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) og háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) tekið margt rjettilega fram. Þó skilst mjer, að margt þurfi fleira að athuga við þetta frv., bæði að efni og formi, ef því á að verða lengra lífs auðið. T. d. sakna jeg eins ákvæðis, um það er jörð er seld og forkaupsrjettarfyrirmæli brotin. Ef jeg á jörð, sem jeg vil selja, er mjer skylt að bjóða landssjóði hana. Ef jeg býð landssjóði ekki forkaupsrjettinn, stendur ekkert um það í frv., hve langur tími þurfi að líða frá því, er sala fór fram, og til þess, er landsjóður gerir gildandi rjett sinn. Þetta vil jeg benda nefndinni á til athugunar. Þetta er sjálfsagt atriði, sem þarf að taka til greina, því að það er hart fyrir mann að þurfa að bíða langan tíma eftir vissunni um að vera rjettur eigandi jarðarinnar.

Annars skal jeg geta þess, að jeg held, að ef öll þessi lagaflækja á að komast í framkvæmd, væri meir en lítið ógaman að eiga við það. Fyrst er að bjóða ábúanda jörðina og ganga eftir honum, og er hann hefir gefið sig frá, þá til hreppsfjelagsins, og er það hefir neitað, þá loks til landsstjórnarinnar. Með öðrum orðum, hjer á ekki einungis að fara frá Heródesi til Pílatusar, heldur frá Pílatusi til hins þriðja, sem jeg kann ekki að nefna. Jeg veit nóg dæmi þess, að það getur verið fjárhagslegt lífsskilyrði fyrir mann, að sala gangi fljótt. Þessir vafningar og vafstur gæti beint orðið til þess, að eigandi, sem vildi selja, gæti orðið gjaldþrota meðan á forkaupsrjettarbraskinu stendur. Því að ef jeg þekki rjett gang mála hjer á þessu strjálbygða landi, mundi þessi þrefalda krókaleið taka ekki lítinn tíma. Þar að auki mun þetta, þó að jeg vilji ekki segja, að það sje stjórnarskrárbrot, stappa nærri broti á anda 50. greinar stjórnarskrárinnar um, að eigi skuli setja mönnum hömlu í veginn til að nota frjálslega eignir sínar.

Þetta frv. er væntanlega komið fram í því skyni að fyrirbyggja, að einstakir menn safni miklum jarðeignum. En fyrir það fyrsta myndu lögin ekki ná fyllilega tilgangi sínum, því að jeg býst við, að stjórn, sem situr í trausti þings, er býður að selja þjóðjarðir, væri ekki áfjáð í að kaupa hvert vesældarkot. Það væri líka skrítin regla að selja mönnum annan daginn bestu jarðirnar, en kaupa ef til vill aumustu kotjarðirnar hinn daginn. Jeg skil ekki, að nein kostajörð verði eftir handa landssjóði, ef hver ábúandi eða hreppsfjelag kaupir, þegar góðar jarðir bjóðast, nema tekin sje upp sú stefna, að ríkið skuli eiga allar jarðirnar. (J. J.: Það er ekki meiningin). Jeg veit ekki, hver er meining flutningsmanna með þessum lögum. En þessi hræðsla við, að einstakir menn nái miklum jarðeignum undir sig, er nú orðin á eftir tímanum. Sú var tíðin, á 12., 13., 14., 15., 16., 17. og alt fram á 18. öld, að auðugir menn sóttust eftir jarðeignum. Var það fyrst og fremst af því, að þeir gátu ráðstafað ám og kúm sem kúgildum, og fengið þannig hærri rentur af kúgildum sínum en ella. Sjerstaklega voru í kaþólskum sið ákvæði um bann við okri. Þá var það regla, að ekki mátti „byggja dautt fje á leigu", en kvikan fjenað mátti leigja. Því hlóðust kúgildi á jarðir. Þau voru leigufjenaður.

Eina ráðið, einkum eftir að landsmenn sleptu allri verslun úr höndum sjer, til að ávaxta peninga hjer á landi var því

að kaupa jörð, leggja kúgildi til hennar og byggja á leigu. Hitt var þó engu síður títt, að menn vörðu miklu fje í silfurmuni, belti, borðbúnað og aðra slíka skrautgripi, eða ljetu liggja ofurfje á kistubotninum vaxtalaust. En ráðsettir menn ávöxtuðu þó mjög fje sitt á þann hátt, er jeg nefndi áðan. Nú er alt þetta gerbreytt. Nú borgar sig ekki að eiga jörð, móts við að eiga fje sitt í sjávarútvegi, iðnaðarfyrirtæki eða verslun, nema þá jörðina, er maðurinn býr á sjálfur og ræktar sem hann getur best. Jeg þykist vita, að því einu muni svarað, að menn geti „spekúlerað" í verðhækkun jarðanna. Það getur hugsast, og er líka sú eina frambærilega ástæða, að menn kaupa jarðir til að braska með þær, en ekki til þess að eiga þær.

Svo er eitt atriði, sem snertir öll þessi lög um forkaupsrjett, sem gerir það að verkum, að hver maður, sem vill, getur farið kringum öll ákvæðin, ef hann hefir ofurlítið nasavit Hann þarf ekki annað en hafa skifti að einhverju eða öllu leyti. Það er hægt að gera þannig, að engin gildandi lög, og ekki heldur ákvæði þessa frv., nái til. Ef jeg t. d. á lóðarskækil í kaupstað, og vil fá jörð, þarf jeg ekki annað en segja við jarðareigandann: „Seldu mjer jörðina þína. Jeg skal borga hana vel, og þú tekur lóðarskikann upp í hana; jeg skal vinna það til að gefa í milli, ef þú krefst þess". Ef hinn gengur að þessu, stendur löggjafinn uppi ráðalaus gagnvart þessu. Hann getur ekki sett ríkari ákvæði, því að það er stjórnarskrárbrot að skylda menn til að selja eign með öðrum kjörum en þeir geta fengið annarsstaðar.

Landssjóður getur ekki tekið lóðarskækilinn og borgað með honum. Held jeg því, að búa verði tryggilega um þetta atriði, ef að haldi skal koma.

Að lokum vil jeg drepa á eitt atriði, er skiftir ekki hvað minstu máli í þessu sambandi, og það er þar sem löggjafarvaldið á fullan rjett til að heimila hreppsfjelögum eða landssjóði forkaupsrjett, og það er það tilfelli, þegar í ráði er að selja til útlanda, mönnum búsettum erlendis. Liggur einna næst að hugsa um það.

Ef hv. landbúnaðarnefnd vildi athuga þetta, sem jeg hjer hefi drepið á, væri jeg henni mjög þakklátur, án þess þó að jeg vilji segja nokkuð um það, hvort kostur er á að setja sæmileg lagaákvæði um þessi efni.

Sigurður Sigurðsson: Jeg get ekki með besta vilja fallist á, að steypt sje saman í eitt lögum um forkaupsrjett leiguliða, hreppsfjelaga og landssjóðs. Hvað snertir forkaupsrjett landssjóðs sjerstaklega, skilst mjer, að um hann verði að gera sjerstök lög, og þá skoðun finst mjer ummæli hv. samþingismanns míns (E. A.) hafa styrkt.

Fyrir því get jeg ekki óskað eftir, að málið sje tekið út af dagskrá. Jeg hefði helst viljað halda þessu frv. sjerstöku. Jeg get fallist á, að frv., sem tekið var út af dagskrá áðan, megi sameina gildandi lögum um forkaupsrjett leiguliða. En að halda beri *þessu* frv., um forkaupsrjett landssjóðs að jörðum, sjerstöku, byggi jeg sjerstaklega á aðaltilgangi þess, sem tekinn er fram í greinargerð við frv. á þgskj. 144, sem er sá, að landið með tímanum eignist smátt og smátt jarðir, er það hefir látið af hendi, og aðrar jarðir, sem ekki eru í sjálfsábúð, en ganga kaupum og sölum.

Úr því að jeg stóð upp, ætla jeg að leyfa mjer að taka eitt atriði fram, út af niðurlagi nefndarálitsins á þgskj. 341. Þar segir: „Að öðru leyti er nefndin ósamþykk greinargerð flutningsmanns". Því var lofað af nefndinni, að þarna skyldi standa: „Að öðru leyti er *meiri hluti* nefndarinnar", o. s. frv. Þessu treysti jeg, því að annars hefði jeg auðvitað skrifað undir

með fyrirvara. Þetta vona jeg, að hv. ritari nefndarinnar viðurkenni rjett vera.

Það er rjett hjá hv. samþingismanni mínum (E. A.), að þrátt fyrir öll ákvæðin um forkaupsrjett verður jafnan reynt að fara í kringum lögin, og er það mikill galli. Frv. mitt átti einmitt að miða að því, að landssjóður sneri sjer fyrst og fremst að því að kaupa jarðir, sem hætta væri á að lentu í höndum útlendinga. Reyndar mætti setja í frv. ákvæði, er tiltæki þetta nánar, en segja má, að altaf verði erfitt að setja svo skýr ákvæði, að ekki verði auðið að fara í kringum þau. Annars er jeg þakklátur fyrir hans athugasemdir, og vænti, að þær verði teknar til greina, er málið verður athugað betur í nefndinni.

Jeg vil ljúka máli mínu með því, að jeg óska ekki, að málið sje tekið út af dagskrá, álít það sjálfstætt, og vil ekki, að því sje steypt saman við frv. um forkaupsrjett leiguliða.

Gísli Sveinsson: Jeg gat þess áður, að frv. hefðu tekið bótum hjá nefndinni, og átti jeg þá einkum við hið síðara, eða það, sem nú er til umræðu, og gat hv. flm. (S. S.) vel við það unað og skrifað undir nefndarálitið, en hitt skil jeg vel, að hann vilji bera það af sjer, að hann sje ósamþykkur þeirri greinargerð, sem hann sjálfur ljet fylgja sínu eigin frv. í öndverðu, eins og stendur í niðurlagi nefndarálitsins.

Það, sem ber að leggja áherslu á í þessu máli, er það, að öllum ákvæðum, sem í öllum þessum þremur frv. felast, sje safnað saman í eina heild. Það gæti þá orðið miklu auðveldara í framkvæmdinni, yrði miklu styttra og þyrfti ekki eins miklar umbúðir. Þessum ákvæðum mætti líka vel koma fyrir í einu lagi. Það, sem þarf að taka fram, er þetta: Sjeu jarðir, sem eru í byggingu, seldar, þá skal ábúandi eiga kauparjettinn, síðan, að honum frágengnum, sveitarfjelagið og því næst landssjóður. En sjeu jarðir, sem eru í sjálfsábúð, seldar, þá skal fyrst sá komandi ábúandi eiga kauparjettinn, því næst sveitarfjelagið og loks landssjóður. Með öðrum orðum, það þarf að bæta einum aðilja, sem sje landssjóði, inn í frv. um forkaupsrjett leiguliða; þá er allur vandinn að mestu leystur.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) talaði um, að það væri verið að setja hjer ákvæði, sem deildin hefði fyrir skemstu verið mótfallin, og taldi það enda álitamál, hvort heppilegt væri, að landssjóður safnaði að sjer jörðum.

Jeg greiddi um daginn atkv. á móti frestun á framkvæmd þjóðjarðasölulaganna *af því*, að þótt ýmsir álíti, að ekki beri að selja jarðir landssjóðs, þá áleit jeg það vera hið stakasta misrjetti að hætta nú alt í einu að selja jarðirnar, þegar ekki eru eftir nema þær lökustu, en flestar góðjarðirnar seldar fyrir löngu. Mjer þótti það nóg, að þeir, sem nú kaupa ábúðarjarðir sínar, fá þær með miklu verri kjörum en þeir, sem keyptu fyrst. Það hefði því verið tvöfalt misrjetti að hætta nú að selja jarðirnar. En þegar nú er um það að ræða, hvort rjett sje, að landssjóður sje að kaupa jarðir, þá er það talsvert annað mál. Það getur nefnilega verið æskilegt, að landssjóður eigi kost á að kaupa ýmsar kostajarðir, eins og til dæmis aðra eins kostajörð og þá, sem frv. eitt, sem lá hjer fyrir deildinni fyrir skömmu, lagði til að yrði seld. Deildin getur því, hvað það snertir, hiklaust samþ. þetta tilvonandi samsteypufrv., þótt hún hafnaði hinu, sem hjer lá fyrir um daginn.

Ef landsstjórnin tekur tillit til þessarar stefnu, þá kaupir hún ekki annað en bestu jarðirnar. Af þessum ástæðum sting jeg upp á því, að háttv. nefnd taki frv. á ný til athugunar.

Um hitt, sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) talaði, að hægt væri að fara í kringum lögin, er það að segja, að það eru engin þau lög til, sem ekki má fara í kringum. Það á ekki fremur við um þessi lög en þau lög, sem nú gilda um forkaupsrjett leiguliða.

Mín tillaga er því, að málið verði nú tekið út af dagskrá.

Frsm. (Jón Jónsson): Jeg sje ekki ástæðu til að tala mikið nú, því að nefndin vill taka til greina þær óskir, sem komið hafa, um að taka málið út af dagskrá.

Eitt þykir mjer undarlegt í þessu máli, og það er, að hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) skuli nú vera á móti þessu máli, því að jeg man ekki betur en að hann, fyrir ekki löngu síðan, hafi flutt frv. líks efnis og þetta. Jeg skal játa það, að mjer er þetta ekkert kappsmál, því að jeg álít ákvæði frv. vera gagnslítil.

Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) spurði um, hvað við meintum með kostnaði. Jeg skal svara því, að við meintum þann kostnað, sem stafaði af kaupunum.

Annars vil jeg taka það fram, að stefna okkar er vitanlega ekki sú, að landssjóður eigi að fara að braska með jarðir, eða kaupa allar jarðir, sem hann nær í, sem vjer teljum það sama. En hitt þykir oss undarlegt, að sumir menn virðast nú vera að breytast, því að þeir, sem áður voru með landssjóðsbraski með jarðir, sýnast nú sumir vera orðnir því mótfallnir.

Jeg vil láta það í ljós, að jeg tel það gott, að umræður skyldu verða svona ítarlegar um þetta mál, því að það er full nauðsyn á að athuga það vandlega. Aðfinningum þeim, sem fram hafa komið, tel jeg ekki þörf að svara nú, þar sem málið verður tekið til nýrrar athugunar. Bendingum um það, sem betur má fara, tekur nefndin þakksamlega.

Jeg er alveg samdóma hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) um það, að heppilegast muni vera að steypa saman öllum þessum þremur frv. og gera úr þeim eina heild, en þá þarf að umsteypa alveg frv., en til þessa þarf tíma, til undirbúnings, og því lýsi jeg yfir því, að jeg óska, að málið sje tekið út af dagskrá og þessari umr. frestað.

Forseti: Samkvæmt fram kominni ósk tek jeg málið út af dagskrá, og er 2. umr. því frestað.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 20. ágúst, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Jón Jónsson): Eftir samkomulagi við hv. flm. (S. S.) er frv. hjer með tekið aftur.

Forseti: Samkvæmt þessu er þá frv. tekið aftur, ef enginn tekur það upp.

Enginn gerðist til að taka frv. upp.

Frv. því

tekið aftur.

5. Fiskveiðar á opnum skipum.

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 28, 14. des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskveiðar á opnum skipum, og lög nr. 53, 10. nóv. 1905, um viðauka við nefnd lög (A. 150).

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 27. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Ólafsson): Jeg hafði ekki veitt því eftirtekt, að komið hefir fram frv. frá stjórninni um fiskveiðasamþyktir, þar sem safnað er saman í eitt öllu, sem þetta varðar, gömlu og nýju. Jeg get því tekið frv. aftur, og í stað þess gert brtt. við stj.frv. Þess vegna skal jeg ekki tala um málið á þessu stigi; mjer gefst tækifæri til þess, þegar stj.frv. og brtt. koma til umræðu. Fyrir því vil jeg biðja hæstv. forseta að taka frv. aftur.

Forseti: Samkvæmt yfirlýsingu háttv. flm. (M. Ó.) er frv. tekið aftur, og er því úr sögunni, ef enginn tekur það upp.

Enginn tók frv. upp.

Frv. því
tekið aftur.

6. Ritsíma- og talsímakerfi [Mýrasími].

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands (A. 160).

Á 23. fundi í Nd., fimtudaginn 2. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm.(Pjetur Þórðarson): Jeg vil að eins leyfa mjer að geta þess, að efni frv. þessa er komið aðra leið inn í þingið en fyrirhugað var, og óska jeg því, að málið sje tekið út af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 1. sept. var framhaldið 1. umr. um frv.

Flm. (Pjetur Þórðarson): Jeg vildi að eins geta þess viðvíkjandi þessu frv. hjer á dagskrá, að aðalefni þess er komið inn í þingið aðra leið, þar sem því er vel borgið. Jeg vildi því leyfa mjer að
taka frv. aftur.

7. Bæjarstjórn á Siglufirði.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um bæjarstjórn á Siglufirði (A. 188).

Á 23. fundi í Nd., fimtudaginn 2. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Stefánsson): Frv. þetta er flutt eftir ósk Siglfirðinga, og er samið af þeim með hliðsjón af lögunum um bæjarstjórn í Hafnarfirði. En af hálfu okkar flm. er það flutt með það fyrir augum, að hjer sje þarft mál og sanngjarnt, og með því að kynna sjer greinargerðina við frv. hygg jeg, að það sje nokkurn veginn ljóst, að þetta sje eðlileg krafa og hin affarasælasta fyrir Siglufjörð.

Jeg þarf varla að fara að lýsa afstöðu Siglufjarðar til Akureyrar, þar sem sýslumaðurinn hefir aðsetur. Leiðin milli Siglufjarðar og Akureyrar mun vera sem næst 8—10 mílur, og yfir haf að sækja nokkurn hluta leiðarinnar, en á landi yfir fjöll eða heiðar að fara.

Ferðir til sýslumanns eru því mjög erfiðar. En til hans þarf auðvitað oft að leita. Íbúar kaupstaðarins eru nú yfir 800 að tölu; og þar að auki sækja þang-

að bæði útlendir og innlendir menn, svo að hundruðum og jafnvel þúsundum skiftir, á hverju sumri. Verslun og veiðiskapur eru þar aðalatvinnuvegir, reknir af miklu kappi og atfylgi, og er því ekki óeðlilegt, þótt þráfaldlega komi fyrir, að mönnum beri sitthvað á milli. En þá er það öllum sjáanlegt, hvert óhagræði af því getur leitt, að langt er til sýslumanns, svo að það þurfi að taka langan tíma að ná til hans.

Íbúum Siglufjarðarkauptúns fjölgar árlega, og þarf enginn að ímynda sjer, að það sje nein augnabliksbóla, sem hjaðnar áður en varir. Íbúatalan hefir einmitt aukist stöðugt nú um mörg ár og allra mest hin síðustu, um 100 árlega. 1910 var hún rúmlega 400 manns, en árið sem leið allmikið á 9. hundrað, og eftirtektarvert er það, að enn stórstígari hafa þó verið á sama tíma útsvarsupphæðir í Hvanneyrarhreppi, því að árið 1910 voru útsvörin 4630 kr., en í haust sem leið 40170 kr.; er þetta að mestu leyti greitt í kauptúninu, og sýnir því gjaldþolið greinilega. Einnig má geta þess, að löngu áður en nokkur síldveiði byrjaði voru þar 5—6 hundruð manns aðkomandi, sem unnu að ýmiskonar vinnu, bæði á sjó og landi, fyrir hátt kaup. Til dæmis um það, hve mikill sjávarútvegur er þaðan rekinn, má geta þess, að þaðan ganga vjelbátar frá Ísafirði, Húsavík, Húnaflóa, Skagafirði o. fl. stöðum. Af öllu þessu má sjá, hvílík nauðsyn er á, að yfirvald sje ætíð við höndina, eða þar á staðnum.

Í greinargerðinni fyrir frv. er engin áætlun um kostnaðinn, sem þetta hefir í för með sjer, og býst jeg við, að háttv. deildarmenn muni telja það allverulegt atriði. Að vísu sjest á sjálfu frv., að ætlast er til, að bæjarfógetinn hafi 2000 kr. árslaun. 1000 kr. eru nú veittar til löggæslu á Siglufirði um sumartímann. Kostnaðaraukinn yrði því einar 1000 kr. En það skal jeg taka fram, að jafnvel þótt launaupphæðin yrði lækkuð lítið eitt, þá mundi það engan veginn hindra það, að frv. væri gert að lögum, því að aukatekjur væntanlegs bæjarfógeta á Siglufirði nema óefað svo að skiftir þúsundum króna. En hvað svo sem er að segja um hans tekjur út af fyrir sig, þá hygg jeg engan vafa á því, að landssjóður mundi vinna á breytingunni mikla peninga, fyrir betra og stöðugra eftirlit á löggæslunni.

Sjálfsagt er að geta þess, að engin yfirlýsing frá sýslunefnd Eyfirðinga liggur enn fyrir um þessa breytingu. En nú þessa dagana mun sýslunefndin halda fund með sjer í tilefni af þessu máli, eða á annan hátt láta álit sitt í ljós, og hefi jeg lagt ríkt á, að fundargerðir eða álit nefndanna berist hingað sem fyrst.

Að lokum vil jeg geta þess, að Siglfirðingum er nokkru meira kappsmál að fá þessu framgengt nú, vegna þess, að á næsta vori er aldarafmæli Siglufjarðarkauptúns.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta að sinni, en mælist til, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til allsherjarnefndar.

Forsætisráðherra (J. M.): Þótt hv. flm. (St. St.) væri sýnd sú kurteisi, að málið væri sett í nefnd, hygg jeg, að það geti vart verið tilgangur hans, að það nái fram að ganga á þessu þingi, eins óundirbúið og það er. Þótt sýslunefndarálitið komi fram, getur hann sagt sjer sjálfur, að ekki verður stofnað, svona undirbúningslítið, til jafnstórs landssjóðsembættis. Það væri öðru máli að gegna, ef kauptúnið ætlaði sjer að bera allan kostnaðinn, sem af lögreglustjóra eða bæjarfógeta leiddi. Þá kæmi auðvitað til mála, að því fengist framgengt á þessu þingi.

Jeg er ánægður með, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar, því að jeg er sannfærður um, að hún leggur ekki til, að það nái fram að ganga á þennan hátt.

Flm. (Stefán Stefánsson): Það er kann ske ekki að undra, þótt stjórnin taki svona í þetta mál. En komi álit sýslunefndar um, að hún sje því *meðmælt*, að þessi skifting verði gerð, þá fæ jeg ekki sjeð, hvað vantar á góðan undirbúning málsins. Jeg gat þess, að sýslunefndin mundi bráðum hafa fund með sjer, og býst ekki við svo fljótri afgreiðslu þessa máls hjer á þinginu, að á áliti hennar muni standa.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu sje jeg ekki að geti gert kröfu til að halda þessu kauptúni, því að samkvæmt lögum frá 1875 verða sýslumenn að sætta sig við hvaða breytingar, sem gerðar eru á lögsagnarumdæmi þeirra.

Mjer þótti gott að heyra, að hæstv. forsætisráðherra var ekki mótfallinn því, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar, því að þaðan vænti jeg góðs eins, treysti því, að hún sýni Siglfirðingum þá velvild og sanngirni að taka ástæður þeirra til greina. Kostnaðaraukinn fyrir landssjóð verður ekki svo verulegur, að nokkuð sje úr honum gerandi, enda enginn vafi, að landssjóður vinnur miklu meira fje en hann þarf út að leggja, fram yfir það sem nú er, eða 500--1000 kr. Sem sagt ber jeg það traust til deildarinnar, að frv. nái fram að ganga, þrátt fyrir undirtektir hæstv. forsætisráðherra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 52. fundi í Nd,, miðvikudaginn 5. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 188, n. 753).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg hefi engu við að bæta það, sem í nál. stendur. Nefndinni virðist öll sanngirni mæla með því, að Siglufjörður fái kaupstaðarrjettindi, en sjer sjer ekki fært að mæla með því, að það verði samþykt á þessu þingi, sökum þess, að málið er ekki undirbúið sem skyldi.

Stefán Stefánsson: Við flm. erum þakklátir nefndinni fyrir afskifti hennar af málinu, því að þótt álitið sje ekki langort, þá sýnir það skýrt afstöðu hennar, að hún skoðar það fullkomið sanngirnismál, enda munu allflestir hv. þingdm. þannig líta á það, en, eins og hún tekur fram, þá er undirbúningur málsins nú orðinn sá, að við flm. sjáum okkur ekki annað fært en

taka frv. aftur.

---

8. Sala á þjóðjörðinni Höfnum.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sö'u á þjóðinni Höfnum í Húnavatnssýslu með hálfum Kaldrana (A. 203).

Á 26. fundi í Nd., mánudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. ágúst, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Jeg skal vera mjög stuttorður. Jeg kem með þetta frv. fyrir háttv. deild af alveg sjerstökum ástæðum. Þessi jörð, sem hjer er um að ræða, hefir gengið gegnum alt það, sem áskilið er, þegar til stendur að selja slíkar jarðir. Hún hefir verið virt af óvil-

höllum mönnum, farið til sýslumanns og landsstjórnar, og hvergi hafa komið fram mótbárur móti því, að salan mætti fara fram. Svo þegar landsstjórnin hefir haft málið með höndum, verður niðurstaðan sú, að hún samþ. að gefa ábúanda heimild til að kaupa umrædda jörð fyrir virðingarverð. En svo þegar ábúandi hefir ráðið við sig að nota þessa heimild sína, þá kemur fram tilboð um hækkun á eftirgjaldi, svo mikil, að stjórnin sjer sig um hönd og hækkar jörðina um $9^1/_2$ þúsund krónur, með öðrum orðum, hækkar jörðina úr 28 þús. kr. upp í $37^1/_2$ þús. kr. Eins og gefur að skilja sá kaupandi sjer ekki fært að ganga að þessum kaupskilmálum, því að honum þótti verðið fullkomlega hátt áður. Gat hann því ekki sætt kaupunum, en reyndi að komast að samningum með hinu fyrra verði, en því var hafnað. Jeg skal ekki fara langt út í þetta mál, en að eins taka það fram, að þar sem umboðsmaður hefir gefið umsögn með sölunni, ásamt virðingarmönnum, og stjórnin hafði ekki fundið neina ástæðu til að hækka verðið, þá fæ jeg ekki skilið, hvers vegna hún hefir gengið frá sínu fyrra boði. Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að það liggja hjer plögg frammi fyrir háttv. þm., sem fjalla um það, sem á undan er farið í þessu máli, og geta menn þar sjeð, hvernig þessu eftirgjaldstilboði er varið. Hvað viðvíkur sölu á öðrum jörðum, sem líkja mætti við þessa jörð, má nefna það, að Þingeyrar, sem voru „privat“ eign, voru seldar á 30 þús. kr., og eru þær þó og hafa altaf verið taldar einhver besta jörðin í Húnavatnssýslu. Þá má og geta þess, að eftir afgjaldinu á Höfnum hefir hjer ekki verið um stóra jörð að ræða. Árið 1861 var hún metin 38 hndr., en eftir fornu mati 20 hndr. Framför og umbætur á jörðinni eru nú orðnar miklar, en þess ber vel að gæta, að þær eru að þakka ábúanda, eða þeim ættliðum, sem þar hafa nú búið hver eftir annan, og finst mjer ekki nema sjálfsögð sanngirniskrafa, að tillit sje tekið til þess, og að ábúandi fái að njóta þess í einhverju, að hann hefir lagt svo mikið í umbætur á þessari jörð. Jeg vil aftur geta þess, að hjer liggja frammi plögg, sem sanna það, sem jeg hjer fer með. Enn fremur vil jeg í þessu sambandi minnast á aðra jörð, sem var virt á sama tíma, og var seld fyrir virðingarverð. Það er jörðin Árbakki í Vindhælishreppi. Kaupbeiðandi dregur það alveg jafnlengi að biðja um kaupbrjef fyrir jörðinni eins og ábúandinn á Höfnum, en hann fær jörðina orðalaust fyrir hið áður ákveðna verð. Hjer er ósamræmi svo mikið, að ekki sýnist viðeigandi, að landsstjórnin beiti sjer svo.

Jeg er ekki að gera þetta að neinu kappsmáli. En jeg vildi að eins óska þess, að frv. væri vísað til landbúnaðarnefndar, að lokinni umræðu. Ætti hún að geta kynt sjer málið eftir föngum af plöggum þeim, sem hjer eru fyrirliggjandi, og skýra síðan frá sinni niðurstöðu.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hafði að vísu ekki kynt mjer þetta mál, og býst við, að atvinnumálaráðherra svari því, sem beint var til stjórnarinnar í ræðu háttv. flm. (Þór. J.). Jeg hygg, að ráðuneytið hafi ekkert á móti því, að málið sje athugað í nefnd. Annars verð jeg að segja það, að það er hart, hvort sem um þjóðjörð eða kirkjujörð er að ræða, þegar ábúanda þykir jörð ofhátt metin, eða stjórnin hækkar verðið, ef hann þarf ekki annað en að fara til þingsins til að fá verðið lækkað.

Nefndin getur auðvitað athugað öll skjöl þessu máli viðkomandi, og látið svo uppi álit sitt. En verði frv. þetta samþykt, þá er ekki um annað að gera fyrir stjórnina framvegis en að gæta þess einkum, að heimta ekki ofmikið fyrir jarðirnar, og

það þótt nýlega hafi verið sagt í umr. um þjóðjarðasölu, að stjórnin hefði frjálsar hendur til að hækka verðið, ef henni sýndist svo. Og nú, þegar búið er að fella frv. um frestun á sölu landssjóðsjarða, þá á að selja við lækkuðu verði einhverja mestu kosta- og hlunnindajörð í allri Húnavatnssýslu, og ef til vill þótt víðar væri leitað. Að svo er veit jeg, því að jeg er uppalinn á Skagaströnd og þekki jörðina vel.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Af því að sú ályktun var tekin í stjórnarráðinu, að fresta sölu opinberra jarðeigna til þings, hefi jeg ekki farið í gegnum þann bunka af umsóknum, er fyrir liggja, en það mun nú gert við fyrstu hentugleika. Jeg get ekki, fremur en hæstv. forsætisráðherra, verið því mótfallinn, að málið fari í nefnd. En til þess að nota tækifærið, og af því, að hv. flm. (Þór. J.) taldi, að ábúandi sá, sem hjer er um að ræða, ætti mikinn þátt í bótum þeim, sem jörðin hefir tekið, þá vil jeg biðja hv. flm. (Þór. J.) að skýra nú frá, hver ábúandinn er. (**Þór. J.**: Ekkjan Jónína Jónsdóttir), (S. S: Í Stykkishólmi!), því að margir kunnugir efast um, að sú, sem talin er fyrir jörðinni, geti eiginlega í venjulegum skilningi verið fyllilega rjett talin *ábúandi* hennar.

Matthías Ólafsson: Jeg býst við, að hv. flm. (Þór. J.) gangi þess ekki dulinn, hvers vegna jeg stend upp, því að honum er kunnug afstaða mín til allrar þjóðjarðasölu. Hann veit, að jeg er á móti þjóðjarðasölu yfirleitt, og þá ekki síst þessarar jarðar. Sjálfsagt má segja, að jeg sje ekki mikið kunnugur þar um slóðir, en þó kom jeg þar, er jeg var á ferð í fyrra um Skagaströnd. Jeg fór þangað út að Höfnum með þeim ásetningi að láta ekkert óskoðað, og með mjer var gagnkunnugur maður, sem jeg spurði um alt. Skoðaði jeg þar og kynti mjer eggverið, selveiðina, silungsveiðina, trjárekann og slægjurnar, svo og aðstöðu um aflaföng og uppsátur, sem jeg sjerstaklega var að kynna mjer. Við athugun alls þessa komst jeg að þeirri niðurstöðu, að þótt seldar væru allar landssjóðseignir, ætti slík eign sem Hafnir aldrei að verða seld, og það gengi glæpi næst að selja hana. Verðið er auðvitað altof lágt, ef til mála gæti komið að selja jörðina. Mjer var sagt, að dúntekjan ein væri um 200 pd. á ári. Víst er um það, að hún hefir komist upp í 240 pd., svo að 200 pd. mun ekki ofhátt áætlað að meðaltali. Selveiðin um 100 á ári. Silungsveiði til mikilla þæginda. Útræði ágætt. Trjáreki talsverður og mikils virði fyrir ábúanda. Þar að auki fylgir $^1/_2$ jörðin Kaldrani, sem á part í ýmsum gæðum jarðarinnar, svo sem rekanum. Slægjur eru allgóðar nálægt bænum, en ekki miklar, en miklar slægjur uppi á heiði, og vegur þangað ekki slæmur, þótt leiðin sje nokkuð löng. Að öllu samantöldu er þessi jörð ein af bestu kostajörðum þessa lands. Það eina, sem veldur því, að hún getur ekki verið höfðingjasetur, er það, að henni er illa í sveit komið.

Allan sumartímann er þar sæmileg höfn fyrir vjelbáta, jafnvel í norðanátt. Á veturna geta komið þar allmikil brim. Það sá jeg á malarkambi þeim, sem þar hefir myndast. Fyrir utan voginn er klettur, sem jeg ætla að heiti „Stórfiskur“. Mætti þar verða góð sumarhöfn, og ef til vill síldveiðistöð á sumrin.

Að öllu samanlögðu hefi jeg ekki sjeð öllu fallegri og kostameiri eign, og hefi jeg þó sjeð marga góða jarðeign. Jeg efast t. d. um, hvort jeg tæki Laxamýri fram yfir Hafnir, nema þá fyrir það, hve henni er ágætlega í sveit komið.

Húsakynni eru afarstór í Höfnum. T.

d. er baðstofan þar einhver hin stærsta, sem jeg hefi sjeð, og mun hún vera að mestu úr rekaviði.

Af öllu þessu, sem jeg hefi hjer talið, verður það að vera mín skoðun, að þótt aldrei nema sjálfsagt væri að selja eitthvað af landseignum, þá ætti ekki að farga Höfnum. Þaðan fær landssjóður miklar tekjur, og sá staður gæti í framtíðinni orðið landssjóði enn meiri tekjulind.

Einar Arnórsson: Það er fyrst um þetta mál að segja, að virðing sú á jörðinni, er fyrir lá í stjórnarráðinu, var nokkuð gömul. Mig minnir, að hún væri 2—3 ára, eða ef til vill eldri. Málið kom ekki fyrir stjórnina fyr en 1916, en virðingin mun hafa verið frá 1912. Jeg skal ekkert segja um það, hvernig sambærilegar jarðir hafa verið seldar. Það hefir verið mjög títt, þegar kaup hafa ekki farið fram hæfilegum tíma eftir virðingu, að stjórnin hefir ekki talið sjer skylt að fara eftir þeirri virðingu, heldur hefir endurvirðing þá orðið að fara fram. Nú var svo ástatt um þessa jörð, að ábúandi gaf sig ekki fram um kaup á jörðinni lengi eftir virðinguna. Það var víst fyrst 1916, að hann gaf sig fram. Auk þess voru ýmsir aðrir annmarkar. Umboðsmaður mun hafa sagt, að sá, eða sú, sem ætlaði að kaupa, hefði mjög vafasaman ábúðarrjett. Ekkja sú, sem að formi til hafði ábúðarrjettinn, var hætt búskap og átti sjálf heima í Stykkishólmi, en sonur hennar bjó á jörðinni. Umboðsmaður mun hafa lýst búskapnum á jörðinni þá sem ekki í góðu lagi. Jeg held, meira að segja, að umboðsmaður hafi viljað losa jörðina úr ábúð, þar sem hún var, að hans dómi, svo illa setin, enda vafasamt, hvort ekkjan hefði ekki fyrirgert ábúðarrjetti sínum, er hún bjó ekki lengur á jörðinni.

Það er alveg rjett hjá hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), að þessi ætt hefir nú í 3. lið haft búskap á þessari jörð, en eftir sjálfum lögunum um sölu þessara eigna held jeg, að ekki sje nema síðustu 10 ára bætur, sem ráðið geti niðurfærslu á matsverðinu. Þótt forfeðurnir hafi bætt eina jörð stórkostlega, ætti það ekki að skifta neinu máli um verð jarðarinnar, ef niðjarnir vilja kaupa, því að jeg verð að líta svo á, sem þeir sjeu búnir að hafa fullar nytjar bótanna, sem þeir hafa gert.

Sem sagt var eftir áliti umboðsmanns ótækt að selja jörðina fyrir þetta verð. Það er alkunnugt þeim, er til þekkja, að þessi jörð er ein af mestu nytjajörðum landsins. Jeg geri nú ráð fyrir, að sú háttv. nefnd, sem mál þetta fær til athugunar, fái öll gögn hjer að lútandi, sem fyrir liggja, bæði hjer á lestrarsal og í stjórnarráðinu, og geti svo dæmt í þessu máli.

Þótt jörðin sje metin svo og svo lágt fyrir svo og svo mörgum árum — mat mun hafa farið fram 1848—1849, þótt tilskipun, er staðfestir matið, sje frá 1861 — þá þarf það ekki að gefa miklar upplýsingar um gæði jarðarinnar. Hún getur hafa breyst og mun, sem betur fer, hafa breyst til batnaðar síðan, jafnvel stórhækkað í verði. Þetta sýnir það eitt, að jarðamat hjá oss nú er alveg ótækt.

Jeg get tekið undir það með hæstv. forsætisráðherra, að það væri mjög hæpið, ef þingið færi að setja niður það verð, er stjórnin telur sanngjarnt á jörð. Stjórninni er oft legið á hálsi fyrir, að hún gæti ekki hagsmuna landssjóðs. Þetta mundi gefa það fordæmi, að stjórnin yrði hrædd um sig, og gætti þess best af öllu að selja nógu ódýrt. Er það gott fyrir kaupendur, en ekki jafngott landssjóði.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Hæstv. forsætisráðherra tók fram, að jeg væri í nokkurri mótsögn við það, sem haldið hefði verið fram hjer í deildinni, að stjórnin hefði frjálsar hendur til að hækka verð

þjóðjarða, ef hún teldi það sanngjarnt. Það er ekki svo, vegna þess, að þegar stjórnin hækkar einhverja jörð, hefir hún heimild til að fá yfirmat eða fá upplýsingar hjá kunnugum mönnum. En jeg gerði ráð fyrir, að hún mundi heldur leita fyrir sjer á þann veg en fara eftir eftirgjaldstilboði manns, er aldrei hefir að jörðinni komið. Þetta er óeðlilegt, ekki síst þar sem stjórnin hefir ekki athugað neitt áður. Er jeg því ekki að halda því fram, að það geti ekki verið rjett að hækka verð jarðanna, en það verður að gera af stjórninni á annan hátt en þennan, ef rjettlæti og sanngirni á þar nokkru að ráða, og það þykist jeg vita, að landsstjórnin vilji ekki gefa fordæmi til hins gagnstæða.

Hæstv. atvinnumálaráðherra spurði áðan um ábúanda, og hefi jeg svarað því. Það hefir verið tekið fram, að ábúandi sitji ekki á jörðinni. Jeg veit ekki betur en ekkjan sje þar á sumrum að meira eða minna leyti, þótt hún láti son sinn reka búið, en annars sýnist mjer það út af fyrir sig ekki miklu máli skifta.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) tók nokkuð djúpt í árinni, eins og honum er lagið, og sagði, að það gengi glæpi næst að selja þessa jörð, En nú er svo um búið, að ekki er hægt að stemma stigu fyrir því, ef ábúandi vildi kaupa fyrir það verð, er stjórnin setur, en það vill hann ekki, álítur það ofhátt. Hann gat þess, að hann hefði farið og skoðað jörðina, og veit jeg, að skoðun hans *getur* verið óvilhöll, þótt jeg sje hræddur um, að svo geti ekki verið nú, er skoðun hans á þjóðjarðasölu er slík sem kom svo sterklega fram í ræðu hans, einmitt að því er þessa jörð snertir. Enda virðast athuganir hans og áætlanir í einstökum atriðum nokkuð af handahófi, og sumar alveg tilbúnar. Hann talaði t. d. um dúntekjuna, Eftir mínum kunnugleika hygg jeg rjett vera, að hún verði til jafnaðar 170 pd. á ári. Rjett er það, að fyrir 1880 var hún miklu meiri, en hafísinn spilti henni þá. Svo var hún aftur farin að hækka, en 1902 lækkaði hún aftur. Mun hún nú ekki yfir 170 pd. að meðaltali. Þessi áætlun styður það, að umboðsmaðurinn hjelt því fram, að hún væri um 200 pd., og mun hafa ætlað að fá skýrslu um það hjá kaupmönnum. Þær skýrslur eru ekki komnar, og mun það stafa af því, að hann hafi ekki getað fengið neinar skýrslur sínu máli til stuðnings. Þá er selveiðin. Um hana er þess að geta, að hún er aðallega fyrir landi Kaldrana. Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) hristir höfuðið. Þetta hafa sagt svo nákunnugir menn, að jeg verð að taka meira mark á því en heimildum hans. Silungsveiði hefi jeg ekki heyrt getið um áður í Hafnalandi, svo að neinu nemi. Ekki hefi jeg heldur heyrt fyr, að Hafnir væru slægjujörð. Það er einmitt hennar mikli ókostur, að slægjur vantar mjög. Þar eru að vísu dálitlar slægjur, en afarerfiðar, langt uppi á heiði, og vont hey og erfiður vegur. Skárstu slægjurnar munu vera í Kaldranalandi.

Ef maður athugar hlunnindin, verður maður þess var, að sumar afurðir geta ekki hækkað mjög verð jarðarinnar sem stendur. T. d. er dúnn ekki seljanlegur. Og afurðahækkunin, sem hleypt hefir jarðaverðinu upp nú síðustu ár, getur ekki, nema að mjög litlu leyti, átt við þessa jörð.

Jeg býst við, að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) muni aftur tala langt mál, og telja upp nýja kosti, og veit jeg ekki, hvort jeg kann að svara því.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) gat þess, að 2—3 ár hefðu liðið frá því er virt var og til þess er kauptilboð kom. Virðingin fór fram, að því er jeg ætla, 6. júlí 1912, en haustið 1915 var beðið um kaup. Og, eins og jeg tók fram áður, var önnur jörð í sama hreppi virt um leið, og seld

nákvæmlega með sama verði og hún var virt fyrir. Það getur því ekki verið annað, sem hækkar verðið, en þetta kauptilboð. Þótt jeg geti gengið inn á, að stjórnin hækki jarðarverð eftir upplýsingum kunnugra, get jeg ekki gengið inn á, að rjett sje að hlaupa til að hækka eftir tilboði manns, sem aldrei hefir til jarðarinnar komið. Út á ábúðina var ekkert að setja þegar hún var skoðuð, eftir fyrirskipun stjórnarráðsins. Hún var álitin í góðu lagi og fullkomlega lögleg.

Jeg sje, að jeg hefi hlaupið yfir eitt atriði í ræðu hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) viðvíkjandi því, að gott sje að gera sumarhöfn við Hafnir, fyrir síldveiði; vil jeg taka fram, að það hefi jeg aldrei heyrt fyr. Ef hann heldur því fram í alvöru, getur það varla verið fyrir sjerstaka athugun, því að á Kálfshamarsvík, ekki alllangt þaðan, þar sem er besta höfnin þar nærlendis, og öll fiskiskip leita inn á, er hafnar leita á þeim svæðum, væri líklegra að gera sumarhöfn en þarna. Hvað útræði snertir, hefir það alveg lagst niður og ekki verið reynt lengi. Gefur það ekki hugmynd um, að þarna hagi sjerlega vel til hvað það snertir.

Jeg held svo ekki, að ástæða sje til að svara fleiru að sinni.

Matthías Ólafsson: Það er auðvelt að svara ræðu háttv. flm. (Þór. J.). Hvað það snertir, að skoðun mín sje bygð á áliti, þá er það auðvitað, að menn eru sjálfráðir um það, hve mikið þeir telja byggjandi á því, þar sem jeg skoðaði jörðina ekki með það fyrir augum að virða hana eða meta. En hitt veit jeg, að jeg hafði opin augun fyrir kostum jarðarinnar. Sjerstaklega sá jeg, að auðvelt mundi að stunda eggverið, og að það mætti auka að miklum mun, með því að gera hólma í vatninu fyrir neðan bæinn. Þar sem jafnmikill fugl sækir að eins og hjer, mundi hafa verið búið að gera hólmann fyrir löngu síðan, hvar sem væri annarsstaðar. — Þá gat háttv. flm. (Þór. J.) þess, að ilt mundi að gera höfn hjá Höfnum, en höfnin væri aftur á móti góð á Kálfshamarsvík. Jeg skoðaði þetta nokkuð náið, því að jeg fór þangað til að skoða hafnar- og lendingarstaði yfirleitt, og jeg veit það að vísu, að ekki mundi gott að gera stóra höfn þarna úti á nesinu. En dýpi er nóg að norðanverðu við tangahornið, og er enginn vafi á, að þar mætti gera höfn. Jeg á auðvitað ekki við, að þarna sje skipalægi alt árið, heldur að eins að sumrinu, meðan á veiðitíma stendur. Þótt bent sje á, að skip komi á Kálfshamarsvík, en engin að Höfnum, þá er enga ályktun hægt að draga af því, því að að Höfnum er ekkert að sækja. Þar er ekkert nema þessi eini bær, en á Kálfshamarsvík er dálítil verslun, og því oft hægt að fá þar eitthvað af nauðsynjavörum, sem skip getur vanhagað um. Það er satt, að bátar þeir, sem veiði stunda á þessu svæði, liggja við í Kálfshamarsvík. En það er alveg áreiðanlegt, að þar komast ekki að fleiri en 10—12 bátar. Höfnin er þar svo lítil, og engin tök á, að hún verði stækkuð. Auk þess er það enginn vafi, að fiskisæld er miklu meiri hjá Höfnum heldur en hjá Kálfshamarsvík. — Jeg skal ekki fullyrða neitt um slægjurnar. Að vísu var mikið grasár fyrir norðan í fyrra, enda var þá alt vafið í grasi norður frá bænum í Höfnum norður að Kaldrana. Jeg veit ekki fyrir víst, hvað af því landi tilheyrir Höfnum, en landssjóður á þá líka hálfan Kaldrana, svo að auðvelt væri að leggja nokkuð af þeim slægjum undir Hafnir. Þá voru 3 menn við heyskap í Höfnum, og mjer var sagt, að þeir þyrftu ekki að heyja einn bagga uppi á heiðum það sumar.

Þá sagði hv. flm. (Þór. J.), að selveiði væri miklu meiri við Kaldrana. Landssjóður á þá jörð líka hálfa, og hún

á að fylgja með í kaupunum. En jeg efast um, að þetta sje alveg rjett, því að jeg gekk með sjónum út með Kerlingarbjargi og sá þar krökt af sel, en norðan við tangann — Kaldranamegin -- var varla nokkurn sel að sjá. Þetta getur maðurinn, sem með mjer var, borið vitni um. Það var kunnugur maður, sem háttv. flm. (Þór. J.) þekkir vel og mun ekki hafa neina ástæðu til að rengja. Hann sagði mjer einmitt, að mikil selveiði væri í Höfnum. Um selveiðina á Kaldrana spurði jeg hann ekki, en jeg skildi hann svo, að hún væri lítil sem engin.

Þótt uppsátrið sje nú í Kálfshamarsvík, þá segir það ekkert um það, að sá staður sje betur til þess fallinn. Það mun miklu hafa um ráðið, að þar var mannfleira en í Höfnum. En aukist útvegur þarna á ströndinni, eins og hann getur gert og á að gera, þá verður að leita að nýju uppsátri, og eru þá Hafnir sjálfkjörinn staður til þess. Því að annars væri ekki í annað hús að venda en inn á Skagaströnd, en þaðan yrði ákaflega langt til sókna. En frá Höfnum er betra að sækja sjó en frá nokkurri annari lendingu á nesinu.

Það er alveg áreiðanlegt, að Hafnir eru framtíðareign, og væri misráðið að farga henni úr eign landssjóðs. Þarna er líka svo mikil náttúrufegurð, að menn munu sækja þangað mikið til sumardvalar, þegar vegur er kominn út á nesið. Jeg er ekki á móti því, að málið sje sett í nefnd, því að jeg vona, eða geng út frá, að nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að jörðina eigi ekki að selja.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Að eins örfá orð. Það er ekki til neins að deila um þetta við háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Deildin getur hvort sem er ekki skorið úr því, hvor rjettara hafi fyrir sjer. Hið eina, sem hægt er að gera, er að vísa málinu í nefnd, til þess að hún geti rannsakað skjöl þau, er fyrir liggja, með þeim upplýsingum, sem þar eru að fá. Á jeg þar einkum við virðingargerðina og lýsingu á kostum jarðarinnar. Því að út frá því verður að ganga, að umboðsmaður sje jörðinni kunnugastur, og engin ástæða til að efa, að hann skýri rjett og hlutdrægnislaust frá, og láti þar ekkert ótalið, sem jörðinni má telja til kosta.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M.Ó.) gat um það, að auka mætti varpið, með því að gera hólma í vatninu. Mjer þykir ekki ólíklegt, að þetta kunni að vera rjett, en engar skýrslur liggja fyrir um það, hversu auðvelt mundi að gera hólmann, eða hvað það mundi kosta. **(M. Ó.:** Nóg er grjótið við hendina). Það getur vel verið. En á hitt ber þá líka að líta, hvort ekki sje nein hætta á, að varpið verði dregið frá Höfnum undir Kaldrana. Það er álit mjög ábyggilegra manna, að það væri auðvelt. Og ef það væri gert, þá skerðir það auðvitað Hafnir að mun, þar sem ábúandi Kaldrana á hálfa jörðina. Og enn má geta þess, að þar sem landssjóður hefir lagt í það að leggja fram fje til umbóta á jörðum sínum, þá hefir það oftast verið illa ráðið og illa frá gengið, af ástæðum, sem áður hafa verið teknar fram hjer í deildinni.

Jeg skal játa það, að jeg hefi ekki mikið vit á því, hversu auðvelt er að byggja höfn þarna. En hitt veit jeg, að höfnin í Kálfshamarsvík er góð, og jeg er þess fullviss, að jafngóð höfn verður ekki gerð í Höfnum nema fyrir ærið fje, sem *engan veginn* svaraði kostnaði. Það má því fyllilega ganga að því sem gefnu, að höfnin í Kálfshamarsvík verði notuð framvegis. Orð þm. (M. Ó.) um sumarbústað, ef góður vegur væri kominn þarna út eftir, veit jeg ekki hvernig jeg á að taka. Líklega hefir það verið sagt í gamni, enda varla hægt að taka það öðruvísi. Jeg hefi ekki heyrt, að nokkrum hafi dottið í hug, að

þangað yrði nokkurn tíma lagður akvegur, enda sjórinn þar til flutninga. Þetta er á útkjálka, eins og allir vita, og hefir ekki einu sinni þótt takandi í mál að leggja þangað síma, hvað þá heldur veg. Um slægjurnar þýðir ekki að þrátta. Það hefir enn ekki komið fyrir eitt einasta sumar, að ekki hafi verið heyjað mikið upp á heiði. Þótt grasblettir sjáist í kringum bæinn, þá segir það ekki mikið til að fóðra mikinn búpening. Vetrarríki er þar afarmikið. Þó að fjörubeit sje þar að vísu talsverð, þá tekur fljótt fyrir beit handa hestum, og harðindi eru oftast eða altaf svo mikil, að hafa verður allan þening á gjöf mikinn hluta vetrarins. Það segir sig því sjálft, að smáblettir segja ekki mikið handa stóru búi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1612) í e. hlj.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 203, n. 455).

Frsm. (Jón Jónsson): Jeg get verið fáorður um frv., því að jeg býst við, að hv. flm. (Þór. J.) taki það aftur. Nefndin getur ekki komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að gefa út þessi lög. Stjórnin er auðvitað einráð um, hvort hún vill selja þessa jörð, eins og um aðrar þjóðjarðir. Nefndin vill ekki fara út í, hvort nokkuð athugavert sje við ábúð jarðarinnar, því að væntanlega athugar stjórnin það. Vitaskuld er jörðin afskekt, en virðist vera góð, og eftirspurn eftir jörðum er nú mikil, og eftir því, sem meiri hlunnindi fylgja þeim, verður verðið hærra. Jeg skal geta þess, að landbúnaðarnefndin hefir ekki sjerstaklega kynt sjer nýju skjölin í þessu máli, sem eru hjá stjórninni. Þess fanst henni ekki þörf. Annars getur hæstv. stjórn sjálf svarað til um það, hvers vegna hún færði upp verðið á jörðinni, þegar sótt var um kaup á henni.

Þórarinn Jónsson: Eins og jeg gat um við 1. umr. þá flutti jeg þetta frv, samkvæmt beiðni ábúandans á Höfnum. Ástæðan til þess var sú, að yrði verðið, sem stjórnarráðið setti á jörðina, álitið óhæfilega hátt, þá gat það verið rjett, að þingið tæki fram fyrir hendur stjórnarinnar og seldi jörðina. Því að oft getur það verið, að ekki sje rjett að fara eftir þannig löguðum tilboðum, eins og hjer er um að ræða, og illa forsvaranlegt fyrir stjórnina, án frekari rannsóknar. Það er líka óviðkunnanlegt, að haldið sje þannig lagað uppboð á landssjóðsjörðum, enda sjaldnast eða aldrei til þrifa, því að þeir, sem hæst bjóða, rýra venjulega jarðirnar mest, og eru þar nýmörg dæmi um, að landssjóðsjarðir hafa gengið úr sjer, þegar ábúðin hefir verið þannig boðin upp. Landið á að veita þeim ábúð á jörðinni, sem líklegastir eru til að bæta þær, án tillits til þess, þótt aðrir bjóði hærri leigu. En það allra rjettasta er, að landið selji sem flestar jarðir sínar, því að það er það, sem fyrst og best skapar sjálfstæði í landinu. Það skapar hjá mönnum ábyrgðartilfinningu að fara vel með jarðirnar og hvöt til að rækta landið. Um þessa jörð er það að segja, að hún er ekki kaupandi við þessu verði, en þar sem háttv. landbúnaðarnefnd hefir fallist á, að verðið væri ekki ofhátt sett hjá stjórninni, en hins vegar rjett að selja jörðina, sje jeg ekki, að afskifti þingsins nái lengra og leyfi mjer því að

taka frv. aftur.

B. Þingsályktunartillaga.

Sala á ráðherrabústaðnum.

Á 11. fundi í Nd., mánudaginn 16. júlí, var útbýtt

Till. til þingsályktunar um sölu á ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu (A. 78).

Á 12. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ein umr. ákveðin.

Á 13. fundi í Nd., miðvikudaginn 19. júlí, var till tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 19. júlí, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 78, 103).

Forsætisráðherra: Jeg vildi leyfa mjer að skjóta því til háttv. flm. (S. S.), hvort ekki væri rjettara að fara aðra leið. Jeg held, að þingsályktun nægi ekki til að selja landseign. Jeg vil biðja háttv. flm. (S. S.) að athuga það, að t. d. þjóðjarðir hafa aldrei verið seldar nema með lagaheimild.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Til svars aths. hæstv. forsætisráðherra skal jeg geta þess, að mjer hafði dottið í hug, að þegar till. væntanlega hefði verið samþ. í báðum deildum, þá yrði tekin upp í fjárlögin heimild til sölunnar. En ef það álíst ekki tryggilegt eða í samræmi við lög, vil jeg gjarnan ganga inn á að taka málið út af dagskrá að þessu sinni.

Forsætisráðherra (J.M.): Jeg býst ekki við, að ólöglegt sje að fara þessa leið. Þessi leið hefir áður verið farin, að selja eftir heimild í fjárlögunum. En mjer virðist nóg að ræða þetta mál, er fram kæmi brtt. við fjárlögin. Hitt er nýmæli og auk þess tviverknaður, sem mjer sýnist óþarfur.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Til þess að vekja engan úlfaþyt út af þessu óska jeg, að málið verði tekið út af dagskrá. Jeg er alveg jafnfús til að flytja það í frumvarpsformi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 21. júlí, var till. enn tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd, miðvikudaginn 25. júlí, var till. enn tekin til einnar umr.

Forseti tilkynti, að flm. (S. S.) hefði

tekið till. aftur,

og væri hún úr sögunni, ef enginn tæki hana upp.

Enginn þdm., þeirra er við voru staddir, gerðist til að taka upp till.

III.

Ekki útrædd.

A. Stjórnarfrumvarp.

Kornforðabúr til skepnufóðurs.

Á 1. fundi í Ed., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 24, 9. júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs (A. 11).

Á 2. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þetta er lítið frv, og er fram komið fyrir óskir úr ýmsum sveitum, þar sem slík kornforðabúr til skepnufóðurs eru til, sem hjer ræðir um. Í lögunum, sem þessi viðauki á við, eru ekki sömu ákvæði og í öðrum lögum um forðabúr. Því er slept, að landssjóður veiti styrk til þeirra.

Búnaðarfjelagið hefir beint þessu máli til stjórnarinnar, og hún hefir ekkert sjeð athugavert við það og talið þetta frekar til bóta. Vera má, að háttv. Alþingi virðist ástæða til þess að athuga forðabúrsmálin yfirleitt nánara, en þetta frv. gefur ekkert sjerstakt tilefni til þess. Ætlunin er sú ein að gera þessum kornforðabúrum jafnhátt undir höfði og öðrum forðabúrum. Er líklegt, að frv. geti orðið til þess, að kornforðabúrum fjölgi, ef það nær fram að ganga.

Að öðru leyti vænti jeg, að frv. fái að fara til 2. umr., og að því verði vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj, og til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1604) í e. hlj.

Á 9. fundi í Ed., mánudaginn 16. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 65).

Frsm. (**Guðjón Guðlaugsson**): Það er að eins fyrir siðasakir að jeg stend upp. Nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu,

að frv. beri að samþykkja alveg óbreytt. Tilgangurinn er sá að setja þessi lög í fult samræmi við tvenn önnur forðalög, sem komið hafa síðar, lög nr. 44, 11. júlí 1911, um samþyktir um heyforðabúr, og viðaukalög nr. 47, 10. nóv. 1913, við lög nr. 24, 9. júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs; taki landssjóður þátt í að borga af þeim á sama hátt.

Nefndin leggur því eindregið til, að frv. verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. og 3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., fimtudaginn 19. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 11).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Jeg hefi ekkert sjerstakt um þetta mál að segja. Það fjekk enga mótspyrnu við fyrri umræður hjer í hv. deild, og vil jeg mælast til þess, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12. shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 20. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 24, 9. júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 118).

Á 18. fundi í Nd., fimtudaginn 26. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1612) í e. hlj.

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 118, n. 409).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 16. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Atvinnumálaráðh. (S. J.): Af því að jeg hefi orðið þess var, að þessu máli sje ætlað að koma fram í annari mynd, þá legg jeg til, að það sje nú tekið út af dagskrá, sem væntanlega óútrætt.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki framar á dagskrá tekið og varð því

ekki útrætt.

B. Þingmannafrumvörp.

1. Bannlagabreyting.

Á 7. fundi í Nd, þriðjudaginn 10. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi, lögum um breyting á þeim lögum nr. 23, 20. okt. 1913, og nr. 24, 3. nóv. 1915, svo og lögum nr. 25, s. d., um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl. (A. 38).

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 12. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., föstudaginn 13. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Sveinsson): Þótt sumum virðist kann ske þetta mál ekki standa í miklu sambandi við næsta mál á undan, þá er það svo í mínum augum. Þetta frv. er borið fram að sumu leyti af líkum ástæðum og hið fyrra.

Frv. hljóðar um, að helmingur allra sekta fyrir brot á lögum um aðflutningsbann áfengis renni í sveitar- eða bæjarsjóð þar sem brotið er framið. Jeg býst við, að menn líti svo á, að hjer í Rvík verði eigi mikið um bannlagabrot, komist tollgæsla á. Jeg er nú þeirrar skoðunar, að ekki tjái, að menn sjeu hörundsárari um þessi lög en önnur. Öll lög eru brothætt, og ekki meiri ástæða til að stökkva upp á nef sjer, þótt þessi lög sjeu brotin, fremur en önnur. En valdi það hneyksli, hve mikið sje um lagabrotin, er náttúrlega altaf ástæða til að kvarta.

Þetta frv. miðar til þess að tryggja það, að bannlagabrot minki eða hverfi, aðallega þó utan Reykjavíkur, en sjálfsagt líka þar. Mönnum hefir þótt, að sveitarstjórnir hafi ekki hlutast mikið til um þetta mál, þótt þær sjeu skyldaðar til þess með bannlögunum, enda er illhægt að kúga þær til þess. En hjer er gerð tilraun til að auka áhuga þeirra í þessu efni. Það er lítt hugsandi annað en að sveitarstjórnirnar láti meir til sín taka lagabrotin, ef einhver eru, þegar sveitarfjelagið græðir á, ef upp komast. Eins mundi það glæða áhuga einstaklinganna, svo að þeir kæri, en hylmi ekki yfir. Mín skoðun er, að ef tollgæslu sje komið á í Rvík og sveitarstjórnir „interesseraðar" í málinu, þá þurfi ekki að gera fleira fyrir bannlögin. Lögin sjálf eru nógu ströng, háar sektir lagðar við brotum í hvívetna. Það er einhlítt, að lögin mundu haldast sæmilega uppi, ef framkvæmd þeirra væri í skaplegu lagi. Framkvæmdin hvílir á

lögreglustjórum, og er þeim skylt að halda uppi þessum lögum, sem öðrum. En þótt þeir, sem ber skylda til þess, geri það ekki, getur það ekki verið nein ástæða til, að komið sje upp sjerstakri bannlögreglu. Ef farið er að launa sjerstakri lögreglu, sem eigi að gæta einstakra laga, er farið út á braut, sem þjóðfjelagsskipunin gerir ekki ráð fyrir. Ef menn ætluðu að girða fyrir, að nokkur dropi komist á land, yrði að hafa röð af lögregluþjónum meðfram allri ströndinni; það mundi kosta landið ekki tugi, heldur hundruð þúsunda króna. En skottulögreglu væri ekki betur treystandi en annari, nema síður sje. Dæmi eru til, að trúnaðarmenn, sem hafa verið settir á vörð á skipum, hafa bæði stungið á sig víni og helt sig fulla. Það væri mjög misráðið, ef farið væri að launa menn sjerstaklega til að gæta þessara laga, frekar en annara.

Breyting sú, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., mun geta orðið alláhrifamikil, og jeg vonast til, að háttv. samdeildarmenn mínir finni, að hjer er um breytingu að ræða, sem getur komið að haldi.

Að lokum vil jeg endurtaka það, að menn mega ekki vera altof hörundsárir, þótt þessi lög sjeu brotin; úr því má bæta að nokkru leyti, eins og hjer hefir verið talið, eða gera tilraun til þess, en ómögulegt er að girða algerlega fyrir, að brot eigi sjer stað. Svo er um öll lög.

Jeg veit ekki, hvort þörf er á að vísa þessu máli til nefndar. (**P. J.**: Jú, til fjárhagsnefndar). Fyrir mjer er þetta ekkert fjárhagsatriði. Fremur væri það tillaga mín, að það gengi til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) með 13 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., G. Sv., J. B., M. G., P. J., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Ó. B.

nei: B. St., E. A., E. Árna., J. J., M. P., M. Ó., Þór. J.

6 þm. fjarstaddir.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2 umr., og varð því

ekki útrætt.

---

2. Einkasala landsstjórnarinnar á kolum.

Á 7. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um einkasölu landsstjórnarinnar á kolum (A. 41).

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 12. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg býst við að geta verið stuttorður að þessu sinni. Eins og menn muna kom millilinganefnd 1911 fram með frv. um einkasölu á kolum, sem fór í líka átt og þetta. Menn höfðu ýmislegt út á það að setja, og því varð það ekki að lögum. Ýmislegt, sem menn fundu því frv. til foráttu, er nú felt burt í þessu. Jeg býst því við, að þeir, sem að öðru leyti voru hlyntir því, að landið tæki að sjer einkasöluna, geti felt sig við þetta frv.

Það er einkum tvent, sem jeg tel því til gildis.

Í fyrsta lagi myndi landssjóður hafa allgóðar tekjur af frv., án þess þó, að þeim

væri íþyngt, sem kolanna þurfa mest með. Í öðru lagi myndi almenningur fá vöru þessa allmiklu ódýrari en ella. Þetta er ekki sagt út í bláinn. Rannsókn milliþinganefndarinnar 1911 leiddi í ljós, að kol hafa jafnan verið seld töluvert dýrara en þörf hefði verið á, að minsta kosti ef kolainnkaupin hefðu verið gerð fyrir hönd landsins í heild sinni.

Milliþinganefndin áætlaði rúman 300 kr. tekjuauka af kolaeinokuninni á fjárhagstímabilinu. Kolainnflutningur fer vaxandi og er því víst, að landssjóður gæti haft 150 þús. kr. tekjur af þessari verslun árlega, 300 þús. kr. á fjárhagstímabilinu. Þessi upphæð er þó eingöngu miðuð við kolasölu til landsmanna sjálfra. Sala til útlendra skipa yrði alveg umfram. Undanfarin ár hafa flust til landsins 100 þús. smálestir; með 1 kr. 50 au. álagi á hverja smálest verða það 150 þús. kr. Álagið gæti verið minna, ef vildi.

Fult eins mikil trygging ætti að vera fyrir því, að varan yrði góð þegar landssjóður flytur inn. Ekki ætti að hræðast, að vandræði yrðu úr verslunarfyrirkomulaginu. Þótt við höfum enga innlenda reynslu við að styðjast, getum við stuðst við reynslu annara ríkja, sem einkasölu hafa haft á einstökum vörutegundum, sem auðvelt er að fara með, og ódrýgjast ekki mjög mikið í meðförunum.

Jeg skal geta þess, að ef gert er ráð fyrir kolainnflutningi svipuðum og hann var 1911, 1912 og 1913, þá greiðir landið árlega nokkuð á fjórða hundr. þús. kr. meira fyrir kolin en greitt mundi vera, ef landssjóður færi með söluna.

Þótt svo sje tekið til orða, að lögin komi til framkvæmda strax að stríðinu loknu, þá er ekki átt við, að landið taki að sjer kolaverslunina hvernig sem á stendur, hve mikill sem skipaskorturinn er og hve erfið sem aðstaða landsstjórnarinnar kann að verða að öðru leyti.

Auðvitað tæki landsstjórnin verslunina ekki í sínar hendur fyr en hún gæti sjeð vel fyrir flutningi kolanna til landsins og öðru, sem með þarf.

Það liggur í hlutarins eðli, að þótt kolaflutningur til landsins sje bannaður, verður skipum leyft að flytja með sjer dálítinn forða handa sjer, og verður ekki við amast, ef ekkert er flutt á land.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta mál. Það er tillaga mín, að því verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1608) í e. hlj.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2. umr., og varð því

ekki útrætt

---

3. Erfðaábúð.

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 12. júlí, var útbýtt

Frv. til laga um erfðaábúð á landssjóðs- og kirkjujörðum (A. 45).

Á 10. fundi í Nd., laugardaginn 14. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Stefánsson): Jeg býst við, að það þyki í nokkuð mikið ráðist að flytja þetta frv., þar sem mælt er, að stjórninni hafi þótt það ofvandasamt mál til þess, að hún hafi þóst geta veitt því viðunandi undirbúning þann stutta tíma,

sem hún hefir haft til undirbúnings mála, og jafnannríkt og hún vitanlega hefir átt. Jeg veit ekki, hvort það er rjett, að það sje vandanum og tímaleysinu að kenna, að hæstv. stjórnin hefir ekki lagt fram frv., sem gengi í þessa átt, en mjer sýnast ástæðurnar á þgskj. 20 heldur benda á það, að hún sje hlynt því, að kjör leiguliða sjeu bætt, á þann veg, sem hjer er farið fram á. Þegar litið er til þess, hve mikið áhugamál ræktun landsins ætti öllum að vera, þá er það stór furða, að liðist skuli hafa fram á þennan dag, að leiguliðar hafa verið látnir sitja við þau kjör, sem gefa þeim sáralitla hvöt til að bæta og prýða býli sín. Það hefði mátt una við frestun til 1919, þegar litið er til þess óvissa verðlags, sem nú er á peningum, ef nokkurn veginn væri vissa fyrir því, að þetta mál kæmist í viðunanlegt horf þá. En nú eru þær ástæður fyrir hendi, að gera verður eitthvað strax. Jeg hefi ekki kynt mjer hugi allra þingmanna, en jeg hefi það hugboð, og því sem næst vissu, að ekki fáist frestun á þjóðjarðasölulögunum, enda ekki æskilegt að fá frestun, nema þetta kæmi í staðinn, en ef stjórnarfrv. verður felt, og þessu vísað til stjórnarinnar, þá er málið alt ónýtt orðið. 1919 verður slíkt frv. sem þetta óþarft, því að þá verður búið að selja allar jarðir, sem nokkurn tíma verða seldar, nema kann ske nokkrar útkjálkajarðir og heiðabýli, sem enginn dugandismaður kærir sig um.

Mjer þótti í fyrstu vænt um þjóðjarðasölulögin, því að jeg trúði á það, að þau mundu efla sjálfsábúð í landinu, en nú er mjer orðið lítið um þau og finnast þau ekki ná tilgangi sínum, því að jarðabrask það, sem orðið hefir vart við á síðustu árum, sýnir það ljóslega, að alla tryggingu vantar fyrir því, að þessar seldu jarðir haldist í sjálfsábúð, þegar fram líða stundir.

Sumir halda því fram, að auðvelt sje að reisa skorður við því, að margar jarðir safnist á einstakra manna hendur, og með ýmsu móti sporna við jarðabraskinu.

Jeg hefi fengið þessi og þvílík svör, en enginn hefir bent mjer á, hvernig ætti að fara að því, enda held jeg, að það sje fullkomið vandamál, því að jeg tel það fullkomin vandræði og neyðarúrræði, þegar þarf að takmarka athafnafrelsi og eignarrjett manna, umfram það, sem með nokkru móti verður hjá komist.

Þess vegna vil jeg byrgja brunninn, áður en barnið er dottið ofan í hann, því að eins tregur og jeg er að ráðast á athafnafrelsi og eignarrjett manna, þar sem mögulegt er hjá því að komast, eins er jeg fús á að reyna að fyrirbyggja, að til þeirra ráða þurfi að taka.

Þeim, sem þykjast geta dregið jarðeignir úr einstakra manna höndum með sæmilegu móti, skal jeg leyfa mjer að benda á annað verðugra verkefni en að leika sjer að því að selja jarðirnar og þassa síðan upp á, að einstakir menn með fullum eignarrjetti á þeim fari með þær eftir því, sem hollast er landi og lýð. Jeg hygg, að það sje töluvert víða, sem verslunarstaðir og sjóþorp eru í landareign einstakra manna. Í þorpum þessum er fjöldi manna, húsmenn og þurrabúðarmenn, sem hefir mikla löngun að fá dálitinn blett til gras- og garðræktar, en geta ekki fengið það, þótt land sje til, með öðrum kjörum en þeim, að þeim er ekki láandi, þótt þeir hafni þeim. Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta mál.

Önnur ástæðan fyrir því, að mjer er ekki farið að verða um þessa þjóðjarðasölu, er bygð á því, að jeg hefi svo mikla trú á framförum þessa lands og þjóðar, að jeg vonast eftir, með tímanum, stórkostlegri verðhækkun á öllum jarðeignum í landinu. Þessa verðhækkun, sem verður fyrir rás viðburðanna, án þess að ábúendum sje hún að þakka, sje jeg enga

ástæðu til að láta þjóðfjelagið gefa einstökum mönnum. Þó er þetta ekkert aðalatriði fyrir mjer; hitt þykir mjer margfalt meiru máli skifta, að leiguliðarnir njóti sinna eigin verka. Jeg vil miklu heldur — tel það miklu sanngjarnara — að einstaklingarnir njóti einhvers góðs af heildinni, umfram það, sem gengur almennt yfir, heldur en að þjóðfjelagið ræni þá. Því er það, að þegar um þetta tvennt er að velja, þá vil jeg heldur selja jarðirnar en halda leiguliðunum við þau kjör, sem þeir eiga nú við að búa.

Jeg hefi ef til vill gert leiguliðakjörin fullerfið í frv. þessu, þar sem þeir eftir því eiga að kaupa sín eigin verk á 100 ára fresti, en þá er aftur þess að gæta, að rentan, sem þeim er ætlað að greiða af jörð og húsum, er miklu lægri en hægt er að fá peninga eða annað verðmæti leigt fyrir nú á tímum. Ef til vill væri samt rjett að hafa peningagjaldið enn lægra, en láta nokkuð af afgjaldinu liggja í jarðabótum.

Þegar jeg tala um óviðunanleg leiguliðakjör, þá á jeg ekki við það, að eftirgjöld jarða sjeu ofhá, því fer fjarri, enda er jeg sannfærður um, að það myndi yfirleitt hækka eftir þessu frv. Það óviðunanlega liggur í því, að leiguliðarnir hafa enga tryggingu fyrir því, að þeir sjálfir eða erfingjar þeirra fái að njóta þess, sem þeir leggja í kostnað við jarðir sínar. Sá kostnaður, sem lagður er í jarðabætur, kemur ekki strax aftur. Oft þarf að bíða mörg ár eftir að fá hann borgaðan, og þá getur sá verið dauður, sem fje og erfiði lagði í þær. Að vísu mun mega treysta því, að erfingjar, ekkja eða börn verði að öllum jafnaði látin sitja fyrir öðrum, en trygging er þó engin fyrir því, og svo liggur ranglætið í því, að börnin verða að kaupa mannvirki feðra sinna með hækkuðu eftirgjaldi, þeirra vegna. Annað, sem jeg tel óviðunanlegt í leiguliðakjörunum, er það, hve tryggingarlausir þeir eru fyrir því að fá sanngjarnlega borgaðar þær húsabætur, sem þeir gera á jörðum sínum. Flestum leigujörðum fylgja ákveðin jarðarhús, með ákveðnu byggingarlagi, ákveðinni rafta- og stoðatölu, með ákveðinni hæð. Þetta er mörg hundruð ára gamalt byggingarlag, og geta allir sjeð, hve vel það fullnægir kröfum nútímans, en fullkomin áhætta að hreyfa til; þótt ekki sje annað en færð saman bæjarhús, sem fleiri álnatuga löng göng hafa verið á milli, þá eiga þeir á hættu að vera krafðir um fult verð ganganna, án þess að hafa nokkra tryggingu fyrir því, að af þeim verði keypt það, sem þeir hafa sett í staðinn, þótt stórum betra sje.

Þetta veit jeg að hefir átt sjer stað. Gæti jeg að vísu búist við, að þetta breyttist með breyttum aldaranda. Nú eru allar þessar opinberu jarðeignir að komast undir umráð hreppstjóranna, og þótt jeg beri gott traust til þeirra yfir höfuð, býst jeg við, að þeir reynist misjafnir, ekki síður en prestarnir, sem yfirráð hafa haft yfir kirkjujörðunum.

Vel má vera, að í frv. sjeu ekki nægilega tryggileg ákvæði um skyldur leiguliða. Jeg hafði ekki tíma til að setja inn í frv. sjálft nógu ítarleg ákvæði um það, og ljet því nægja að vísa til ábúðarlaganna frá 1884. Þar virtust vera allítarleg ákvæði um skyldur leiguliðans og eftirlit umráðamanns, ef vel væri eftir því gengið, en það mun nú vera orðin venja, að þeim sje slælega fylgt, svo að tryggara væri að setja ákvæði um það inn í þessi lög. Skýt jeg því til væntanlegrar nefndar að athuga það, ásamt öðrum missmíðum á frv.

Í 10. gr. er það tekið fram, að lögin öðlist gildi 1. jan. 1918. Þetta er ef til vill fullsnemt, því að auðvitað er það meining mín, að landskuld sje ákveðin eftir jarðamatinu, sem nú er fram að fara, en

því verður ekki alstaðar lokið, því að sumstaðar er ekki einu sinni undirmati lokið, hvað þá yfirmati. Þau geta því ekki komið til framkvæmda fyr en matinu er lokið.

Helst hefði jeg kosið að taka fram í frv. þessu, að lög um sölu þjóðjarða væru úr gildi numin, svo að þær fengjust ekki keyptar nema með sjerstökum lögum frá Alþingi í hvert skifti, en af því að jeg óttaðist, að það myndi spilla fyrir frv., gerði jeg það ekki.

Loks sting jeg upp á, að frv. þessu sje vísað til landbúnaðarnefndar, að lokinni þessari umræðu.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal ekki segja margt um frv., því að enn er ekki tími til þess kominn. Í fljótu bragði finst mjer, að það þurfi umbætur, til að ná tilgangi sínum, og óvíst, að hægt verði að ganga alveg frá því á þessu þingi. Út af því, að háttv. flm. (B. St.) stakk upp á að vísa því til landbúnaðarnefndar, datt mjer í hug, að önnur nefnd væri eins líkleg til að leiða það fram til sigurs, sem sje allsherjarnefnd. Henni treysti jeg best til að ráða fram úr vandanum, sem er á því að endurbæta þetta frv., og til þess þarf fremur lögfræðilega þekkingu en þekkingu á landbúnaðarmálum. Þetta þarf hv. landbúnaðarnefnd eigi að virða til vantrausts. Jeg stóð einkum upp til að reyna að hafa áhrif á nefndarkosninguna, og geri það að tillögu minni, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

Annars skal jeg, að gefnu tilefni, líka taka það fram, að jeg þekki ekki þessa rangsleitni, sem háttv. flm. (B. St.) segir að leiguliðar eigi við að búa. Jeg veit ekki til, að þeir verði fyrir neinum ókjörum, þótt þeir breyti húsaskipun. Jeg hef ekki sjeð þess dæmi í þjóðjarðaskjölum þeim, sem jeg hefi undir höndum, og held, að það sje afarsjaldgæft. Getur vitanlega hugsast, að einhver sjervitringur hafi einhvern tíma beitt landseta sinn slíkri rangsleitni, en eigi má það venju telja. Að fara að koma með fleiri athugasemdir á ekki við á þessu stigi málsins, en, í fám orðum sagt, álít jeg, að það þurfi talsvert nákvæma athugun og ýmsar umbætur, til að geta náð tilgangi sínum, sem vissulega er góður og þess verður, að fyrir hann sje unnið.

Einar Arnórsson: Jeg get náttúrlega þakkað háttv. 1. þm. S.-M. (Sv.Ó.) fyrir það traust, sem hann sýnir allsherjarnefndinni, en jeg býst nú samt við, að rjettara sje að láta málið ganga til landbúnaðarnefndar. Það mun alment litið svo á, sem þetta sje fyrst og fremst landbúnaðarmál. (**S. S.**: Það á að ganga til lögfræðinganna í allsherjarnefnd). Það er rjett hjá háttv. samþingism. mínum (S. S.), að gott væri að hafa lögfræðing með í ráðum, en hans gæti landbúnaðarnefndin aflað sjer, t. d. með því að bæta við 2 mönnum í þessu sjerstaka máli. Það er tryggara, því að í þessu frv. koma ýms lagaatriði til greina. Það er svo komið, að allsherjarnefnd er búin að fá nokkuð mikið af málum til athugunar, og veit jeg ekki, hvort henni vinst tími til að afgreiða fleiri í góðu horfi. Það væri því betra, vegna vinnubragða, að landbúnaðarnefndin tæki að sjer málið, og henni gæfist þá kostur á að „supplera“ sig, sem kallað er.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal ekki tefja umræður. Jeg vildi að eins óska, að deildin ljeti ekki háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) telja sjer hughvarf. Hann vill auðvitað losna við erfiðið, en það var einmitt hann, sem jeg hafði fyrir augum með uppástungu minni. Mjer þætti því skaði, ef málið færi í landbúnaðarnefnd og hans ráða nyti eigi í meðferð þess.

Flm. (Björn Stefánsson): Jeg þarf

engu að svara, en ætla að eins að taka það fram, að jeg fell frá till. minni um að vísa málinu til landbúnaðarnefndar.

Magnús Pjetursson: Jeg tek þá till. upp aftur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1612) með 14:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., E. A., G. Sv., H. K., J. J., M. G., M. P., P. O., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Ó. B.

nei: B. St., E. Árna., J. B., P. J., P. Þ., S. S., Sv. Ó.

5 þm. (E. J., J. M., M. Ó., Sk. Th., Þór. J.) fjarstaddir.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2. umr., og varð því

ekki útrætt.

---

4. Lundafriðun.

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 12. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um friðun lunda (A. 49).

Á 10. fundi í Nd., laugardaginn 14. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pjetur Þórðarson): Jeg hefi nú mælst til þess, að hv. deild vilji ómaka sig til að líta á ástæðurnar fyrir þessu litla frv. á þgskj. 49. En vegna dýrleika tímans skal jeg fara fljótar yfir sögu en jeg ella myndi. Eins og kunnugt er eru mjög notasæl hlunnindi af lundaveiði, bæði til matar og sængurfatnaðar, á Breiðafirði, Vestmannaeyjum og víðar. Síðastliðin 25 ár hefi jeg kynt mjer lífnaðarháttu fugls þessa og veiðiaðferðir þær, sem notaðar eru til að veiða hann. Hann er farfugl, kemur seint í apríl eða snemma í maí. Hann heldur sig einkum að grasvöxnum eyjum, velur sjer bústað og grefur undir yfirborði jarðar, og verpir þar. Varptíminn byrjar um fardaga, og útungunin um 20. júní, en ungarnir fara ekki úr hreiðrinu fyr en þeir eru fullvaxnir og fleygir, en það verða þeir ekki fyr en um 10.—25. ágúst. Síðan 1885 hefir verið bönnuð veiði á lundum frá 10. maí til 20. júní, að viðlögðum allþungum sektum. Þeir eru því friðaðir frá því að þeir koma til landsins og fram undir þann tíma, er útungunin byrjar. Veiða má þá á öllu tímabilinu meðan ungarnir eru ósjálfbjarga. Jeg tel óþarft að útlista, hve gagnstætt þetta er rjettmætri friðunaraðferð. Reynsla mín og allra annara bænda norðanvert við Faxaflóa er sú, að ungarnir verða altaf hungurmorða í hreiðrunum, ef fuglarnir eru drepnir frá þeim. Með þessu litla frv. mínu vildi jeg stuðla að því, að komið væri í veg fyrir þessa ómannúðlegu veiðiaðferð, og skift um friðunartíma.

Engar líkur eru til, að veiðin geti ekki verið eins arðsöm og eins mikil í maí og júní eins og í júlí, því að fastheldinn er fuglinn við stöðvar sínar, og mikið rýrnar hann meðan hann klekur út og fóstrar unga sína. Og ef að eins er litið á hagsmuni veiðieigenda, þá er það svo við norðanverðan Faxaflóa, og líklega víðar, að það er síst hentugri tími um sláttinn til veiða heldur en að vorinu til.

Af þessum o. fl. ástæðum held jeg, að rjett sje að friða lunda helst um þann

tíma, sem hann hefir fyrir ungunum að sjá, ef annars álíst rjett að friða hann nokkurn tíma. Eftir að frv. var frá mjer farið til prentunar hefi jeg orðið var við, að breyting sú, er það gerir á friðunartíma, muni vera andstæð fuglaveiðisamþykt Vestmannaeyinga, og tveir mikilsvirtir lundaveiðieigendur hjer nærri Reykjavík hafa sagt mjer, að þeir teldu sjer með öllu bannaða lundaveiði, ef frv. yrði óbreytt að lögum. Þótt jeg, samkvæmt áður sögðu, álíti, að ummæli þessara manna sjeu bygð á misskilningi, og jeg tel víst, að Vestmannaeyingum þyki hjer gengið altof nærri hagsmunum sínum, en jeg vil ekki leggja nein höft á framleiðslu þessa, þá hefir mjer dottið í hug, að laga mætti frv. þannig í hendi sjer, að hvorumtveggja mætti gera til hæfis, og leyfi jeg mjer því að vænta þess, að það fái að ganga til 2. umr. og verði svo vísað til nefndar, og þar til vildi jeg þá nefna landbúnaðarnefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1612) með 13 : 4 atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr. og varð því

ekki útrætt.

---

5. Vegalagabreyting [Hjeraðsbraut].

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 12. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907, um vegi (A. 50).

Á 10. fundi í Nd., laugardaginn 14. júlí, var frv. tekið til 1. umr. (A. 50, 96).

Flm. (Þorsteinn Jónsson): Í frv. því, er hjer liggur fyrir, er farið fram á, að Fagradalsbrautin verði framlengd frá Egilsstaðaskógi yfir Eyvindará, um Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá, alt að Krosshöfða. Fagradalsbrautin liggur um óbygðir; að henni er mikil samgöngubót fyrir efra hluta Fljótsdalshjeraðs. Upphjeraðsbúar hafa mikil not af henni, en Úthjeraðsbúar lítil. Lagarfljót er á Upphjeraði, eins og menn vita, eins og fjörður, og svo djúpt, að gengt væri hverju stórskipi, og er það því sjálfgerð braut til flutninga upp eftir Hjeraðinu, enda hafa Hjeraðsmenn, er búa upp með Lagarfljóti og fyrir ofan botn þess, flutt vörur sínar frá enda Fagradalsbrautarinnar með mótorbát nú um nokkra ára skeið. En neðri hluti fljótsins er ekki skipgengur. Úthjeraðsmönnum verða því lítil not að brautinni. En verði sú braut, sem hjer er fyrirhuguð, lögð, verður þeim miklu meiri not að Fagradalsbrautinni. Sveitirnar, sem brautin lægi um, eru fjölbygðar og blómlegar, en vegir þar slæmir. Það er einn mesti bagi þessara sveita, hve erfitt er þar um allar samgöngur og aðflutninga.

Við Hjeraðsflóa er engin þolanleg höfn. Helsta lendingin er við Krosshöfða. Þar var um tíma rekin verslun, og enn setja verslanir, frá Borgarfirði og Seyðisfirði, vörur upp þar. Komist þessi braut á, væri hægt að aka á vögnum bæði frá Reyðarfirði og Krosshöfða um Úthjeraðssveitirnar austan Lagarfljóts. Þetta er eitthvert stærsta framfaramál hjeraðsins.

Búið er að leggja sýsluveg nokkurn hluta þessarar leiðar, og þyrfti því ekki mikið að bæta hann til að gera hann eins og akvegir eru úr garði gerðir. Um kostnaðinn get jeg ekki sagt; jeg gat ekki náð í landsverkfræðinginn áður en jeg bar fram frv. þetta. En jeg vona, að nefnd sú, er

við málinu tekur, leiti sjer nákvæmra upplýsinga um alt, sem að kostnaði lýtur.

Við flutningsmennirnir búumst ekki við, að neitt fje verði veitt til þessarar brautar í fjárlögum, en vonumst til, að hægt verði að byrja hana strax og rýmkar um fjárhaginn.

Sveitir Fljótsdalshjeraðs eru meðal blómlegustu sveita landsins, og mjer blandast ekki hugur um, að hjer á landi á að gera eins mikið að vegabótum og fjárhagur frekast leyfir. Ýmislegt bendir til, að verslun Fljótsdalshjeraðs dragist öll upp að Lagarfljótsbrúnni, en nauðsyn fyrir akveg út eftir Hjeraðinu minkar ekki fyrir það.

Jeg legg til, að málinu verði vísað til samgöngumálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til samgöngumálanefndar (sjá A, bls. 1611) í e. hlj.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr., og varð því

ekki útrætt.

---

6. Ritsíma- og talsímakerfi [starfræksla].

Á 9. fundi í Nd., föstudaginn 13. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands (A. 60).

Á 11. fundi í Nd. mánudaginn 16. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Ólafsson): Þegar síminn var fyrst lagður, þá óttuðust menn, að síminn myndi ekki bera sig fjárhagslega. Nú hefir það sýnt sig, að ekki var ástæða til þessa ótta. Það var vegna þessa ótta, að það var ákveðið, að sveitirnar skyldu bera nokkurn hluta kostnaðarins við símalagninguna. Nú er þessi ástæða fallin burt, og því virðist það sanngjarnt að ljetta af þessari kvöð. Það er auk þess ekki rjettlátt að láta sveitirnar borga fremur til síma heldur en póstafgreiðslustöðva og brjefhirðinga, póstflutnings og starfrækslu pósthúsa. Jeg vænti þess því fastlega, að þótt þessi breyting hafi áður mætt mótspyrnu, þá sjái menn nú, að hjer er ekki farið fram á neina ósanngirni. Auk þessa, sem jeg hefi tekið fram, vildi jeg líka minnast á það, að starfræksla símastöðvanna verður aldrei í lagi fyr en landið hefir algerlega tekið hana í sínar hendur. Menn una aldrei til lengdar þeim kjörum, sem sveitirnar geta boðið.

Jeg vona, að þessu máli verði nú tekið vinsamlega. Mjer verður ef til vill af einhverjum svarað því, að með þessu móti verði starfræksla stöðvanna dýrari. Jeg svara því þannig, að stöðvarstjórar þurfa að lifa, eins og aðrir menn, og jeg sje enga ástæðu til að svelta þá öðrum fremur.

Jeg vona, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

Magnús Guðmundsson: Jeg stend einungis upp til að benda á, að mjer sýnist rjett að vísa þessu máli til samgöngumálanefndarinnar, eins og síðasta máli. Það er um breytingar á sömu lögum, og eigi frumvörp þessi að ganga fram, er sjálfsagt að steypa þeim saman í nefndinni, svo að ekki verði samþykt af þessu þingi tvenn lög um breytingu á sömu lögunum.

Pjetur Jónsson: Jeg veit ekki, hvort hv. flm. hafa athugað það, að svo virðist, sem með þessari breytingu eigi að banna símastjórninni að stofna stöðvar, ef sveitirnar eða aðrir mega ekki taka þátt í kostnaðinum. Þetta mundi að sjálfsögðu leiða til þess, að hvorki sveitir nje einstakir menn myndu fá stöðvar, þótt þeir vildu vinna til að borga stöðvarkostnaðinn, og það yrði óþægilegt.

Jeg bendi einungis á þetta til þess að sýna fram á, að ekki muni veita af að athuga málið í nefnd. Það getur vel verið, að sanngjarnt sje, að landssjóður beri stundum allan kostnað af þjónustu stöðvanna, en það er áreiðanlega ekki altaf sjálfsagt.

Flm. (Matthías Ólafsson): Jeg bendi háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) á, að engu ósanngjarnara væri að láta sveitarfjelög greiða starfrækslu póstafgreiðslustöðva og brjefhirðingu heldur en símastöðvanna, og væri jafnvel sanngjarnara, þar sem póstmálin bera sig miður fjárhagslega en símamálin. Hjer er því um auðsæja ósanngirni að ræða, ef þessi breyting gengur eigi fram.

Að öðru leyti get jeg fallist á, að málinu sje vísað til samgöngumálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til samgöngumálanefndar (sjá A, bls. 1611) í e. hlj.

Á 25. fundi í Nd., langardaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 60, n. 239).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Eins og sjest á nefndarálitinu hefir nefndin lagt til, að breytt yrði töluvert ákvæði frv. um það, að landssjóður taki að sjer rekstur símstöðva um land allt. Þegar nefndin fór að athuga málið, kom það í ljós, að betra væri að fara varlega í sakirnar. Nefndin leitaði álits símastjórans um þetta mál, og í brjefi til nefndarinnar skýrir hann frá því, að það sje tilgangur símastjórnarinnar, að landssjóður taki að sjer rekstur stöðvanna smátt og smátt, eftir því sem efni og ástæður leyfa. Nefndin fjellst því á það að gefa eftir á ákvæðum frv., enda þótt hún viðurkenni, að mikið misrjetti eigi sjer stað með rekstur stöðva víða um land. Á ýmsum stöðvum eru tekjurnar svo langt fram yfir útgjöldin, að landssjóður ætti að geta borið halla á öðrum stöðvum, ef um hann væri að ræða. Á stöðinni á Húsavík t. d. eru tekjurnar yfir 1000 kr. á ári, en útgjöldin að eins liðugar 300 kr., þar af 250 kr. laun starfsmanna. Þannig mætti mýmörg dæmi til færa.

En nefndin getur engan veginn talið rjettmætt, að hjeruðin borgi rekstur stöðvanna að mestu eða öllu leyti. Stöðvar, sem standa við þjóðvegi eða í kauptúnum, eru til almenningsnota, — notaðar oft miklu meira af ferðamönnum en af íbúum hreppsins eða hjeraðsins. Það er því óhæfa, að einstakir hreppar borgi allan kostnað við þessar stöðvar. Í nefndarálitinu er reynt að fara milliveg. Er ætlast til, að landssjóður greiði $^4/_5$ kostnaðar við 1. flokks stöðvar B, $^2/_3$ kostnaðar við 2. flokks stöðvar og $^1/_2$ kostnað við 3. fl. stöðvar. Með þessu fæst nokkur jöfnuður.

Svo eru nokkrar stöðvar, sem landssjóður kostar að öllu leyti; það eru eftirlitsstöðvar og skiftistöðvar. Aftur á móti er ekki gert ráð fyrir, að landssjóður leggi neitt til einkastöðva. Yfirleitt telur nefndin sjálfsagt, að landssjóður borgi, að meira eða minna leyti, kostnaðinn við rekstur símstöðvanna, og að hann taki því meiri hlutdeild í kostnaðinum, sem stöðin er í þarfir fleiri sveita. Enn fremur gengur hún

út frá, að símastjórinn láti landið smám saman taka að sjer allan reksturinn, og fari með það eftir því, hve miklar tekjur stöðvarnar veita, eða hverja þýðingu þær hafa í símakerfinu.

Ekki er hægt að segja neitt um það, hve mikil útgjöld breyting þessi hefir í för með sjer. Það er ekki unt, að minsta kosti ekki í fljótum hasti, að safna skýrslum um rekstursкostnað símastöðvanna á öllu landinu. Landssjóður mun nú borga upp undir $^4/_5$ kostnaðar við sumar stöðvar af 1. flokki B. Aftur á móti eru 3. flokks stöðvar að öllu leyti kostaðar af sveitarfjelögunum. Það mun því verða nokkur útgjaldaauki fyrir símann, sem ekki er hægt að reikna út að svo komnu.

Enn fremur kom það til tals í nefndinni, og er vikið að því í nefndarálitinu, að svipað misrjetti hefði átt sjer stað með framlög ýmsra sveitarfjelaga til símalagninga. Framlag sveitarfjelaga og hjeraða til talsímalagninga er nú orðið yfir 100,000 kr. Sumir einstakir hreppar hafa jafnvel lagt fram 6000 kr. Þessi framlög eru jafnórjettlát og kostnaðurinn við stöðvarnar. Símastjórinn gat þess, að nokkuð af þeim væri þegar endurgreitt. En það eru að eins 10,000. Enn er því nálægt 100,000 kr. ógoldið, og er sjálfsagt að endurgreiða það svo fljótt, sem því verður við komið.

Þá er einnig drepið á það í nefndarálitinu, að óviðeigandi sje, að símastjóri setji yfirtaxta á símtölin, eins og hann hefir gert. Það leiðir af sjálfu sjer, að 3. flokks stöðvarnar bera mestan hallann af þessu einræði símastjóra. Símalínurnar eru nú venjulegast svo uppteknar, að 3. flokks stöðvar eiga mjög erfitt með að ná sambandi. Yfirtaxtarnir gætu orðið til þess að útiloka þær með öllu. Síðan nefndarálitið kom út hefi jeg frjett, að yfirtaxtarnir sjeu afnumdir, meðan 3. flokks stöðvar eru inni, og það gæti komið til mála að afnema hraðsamtöl líka á sama tíma, svo að þær gætu fengið að njóta sín, og landssjóður notið þeirra tekna, sem þær geta veitt. Nefndin sá sjer samt ekki fært að leggja út í að breyta lögunum í þessa átt, en hún vonar eftir því, að símastjórnin lagi þetta í hendi sinni, eftir því sem hún getur, svo að menn sje ekki útilokaðir frá notkun símans.

Hvað snertir stofnun nýrra stöðva, þá gæti komið til mála, að það yrði til að hindra stofnun þeirra, að landssjóður eigi að greiða kostnaðinn við þær. En jeg held ekki, að mikil ástæða sje til að óttast það. Kostnaðurinn er svo lítill við stofnun og rekstur hverrar stöðvar. Enda hlýtur landssímastjórinn að líta á þýðingu þess fyrir símann í heild sinni, að nýjar stöðvar sjeu reistar, þar sem þeirra er þörf.

Að lokum skal jeg geta þess, að ritvilla hefir slæðst inn í nefndarálitið: „B“ á að falla í burt við stöðvar 2. og 3. flokks.

Matthías Ólafsson: Þegar jeg bar frv. þetta fram, þá vænti jeg þess, að það gengi óbreytt gegnum þingið. Mjer fanst svo mikil sanngirni í því, að skoðanir manna gætu varla verið skiftar um það. Það var og frv. til málsbóta, að hægt var að benda á hliðstæð dæmi, t. d. brjefhirðingastaðina, sem póststjórnin kostar að öllu leyti, með öðrum orðum, að stofnanir, sem notaðar eru í almenningsþarfir, sjeu algerlega kostaðar af þeim, sem nota þær. Ef því er haldið fram, að þessar stofnanir beri sig, þá verða þær að kosta sig sjálfar. En það er rangt að segja, að þær beri sig, meðan þeim er gefið meira eða minna af útgjöldum þeim, sem þurfa til starfrækslunnar.

Þegar jeg sá þetta nefndarálit, þá datt mjer í hug þjóðsögnin úr álfatrúnni gömlu, þegar barni var stolið úr vöggunni, en ljótt álfabarn látið í staðinn, sem

þá auðvitað var kallað umskiftingur. Sama er segja um frv. Það er orðið að umskiftingi í höndum nefndarinnar. Það er eins og einhverjir álfar hafi lagt hönd á frv., numið það í burt og skilið eftir annað, miklu ljótara, í staðinn. Jeg verð samt að segja það, að þótt svona illa hafi tekist til með frv., þá mun jeg mæla með, að þessi umskiftingur verði látinn lifa. Af tvennu illu er betra að taka því næstversta heldur en sæta því versta. Jeg greiði því atkv. með breytingu nefndarinnar, þó nauðugur sje. Það gat varla öðruvísi farið fyrir nefndinni en svona, fyrst að hún ráðfærði sig eingöngu við landssímastjórann, sem vitanlegt er að heldur manna fastast við þá kenningu, að láta sveitirnar borga rekstur stöðvanna.

Það gat ekki öðru vísi farið en svo hjá nefndinni, úr því að hún hefir ráðfært sig við þann mann, sem auðvitað var um fyrir fram, að mundi setja sig á móti frv.; jeg á við landsímastjórann. Hann hefir alla tíð verið þeirrar skoðunar, að byrðar landsímans ættu að meira eða minna leyti að hvíla á hjeruðunum, þótt hann telji símann bera sig vel

Jeg vil ekki lá landsstjórninni, þótt hún vilji spara, en hitt mætti hún líta á, að það er lítill sparnaður í rauninni samfara því að láta þann, sem er minni máttar, sýslufjelög og sveitarfjelög, bera gjöld, sem að rjettu eiga að hvíla á landssjóði. Og betra yfirlit fengist yfir þetta mál, ef gjöld og tekjur væru alveg í sama stað.

Sveinn Ólafsson: Jeg verð að kannast við það, að eftir brtt. nefndarinnar er landssjóði betur borgið en eftir frv., og skiftir það miklu í mínum augum. Jeg hefi verið talsvert efablandinn um það, hve langt mætti ganga í þessu máli, meðan svo er sem nú, að fjárhagurinn er ekki betri en svo, að búast má við miklum reikningshalla.

Jeg held, að menn hafi ekki gert sjer fyllilega ljóst, hve hátt gjaldið verður, sem fellur á landssjóð eftir þessu frv., enda eru ekki nægar skýrslur fyrir hendi til þess. Eftir því, sem jeg kemst næst, eru 3. flokks stöðvar yfir 100 á landinu, og eru þær því nær allar kostaðar af sveitarfjelögum, eða stundum af sýslufjelögum. Kostnaðurinn við þær stöðvar, sem jeg þekki til, nemur árlega 150—250 kr. á hverja, og þótt ekki væri tekinn nema helmingurinn af því gjaldi, þá mundi landssjóð muna það býsna miklu.

Jeg tel því sjálfsagt að hallast að tillögum nefndarinnar, en ekki að upphaflega frv., og er ákveðinn í því fyrir mitt leyti.

Háttv. frsm. (Þór. J.) tók það fram, að þetta ákvæði mundi valda því, að landssímastjórinn yrði tregur til þess að setja upp nýjar stöðvar, af því að kostnaðurinn yrði nú lagður meir á landssjóð. Ekki fæ jeg sjeð það. Jeg sje ekki annað en að símastjórninni sje opin leið að semja við sveitarfjelögin, eins fyrir þessu, um þátttöku í rekstrarkostnaði stöðvanna, enda óviðurkvæmilegt að leggja höft á samningafrelsi um þessa hluti.

Magnús Pjetursson: Jeg hefi ekki miklu við það að bæta, sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) tók fram. Jeg er alveg á sama máli sem hann, og verð að telja það illa farið, að háttv. frsm. (Þór. J.) skuli hafa snúist á aðra sveif. Að vísu bætir tillaga nefndarinnar dálítið úr því ástandi, sem er, en hún bætir ekki að fullu úr því, að landssíminn hefir verið sveitarómagi, og verður ekki sjeð, að rjettlátara sje það um þessa stofnun en aðrar.

Því hefir verið haldið fram, að með till. nefndarinnar sje landssjóði betur borgið; svo getur þó ekki verið í venjulegum árum, því að afgangurinn af tekjum landssímans á lögum samkvæmt að ganga til nýrra símalagninga; að eins í neyð hefir

landssjóði verið leyft að fá fje þetta, svo sem að láni.

Eina ástæðan hjá nefndinni, sem nokkurt gildi hefir, er sú, að frv. mundi tefja fyrir nýjum símalagningum, en jeg legg nú ekki mikið upp úr henni. Fyrst og fremst kemur það undir fjárveitingavaldinu, hvað til þess verður ætlað. Í annan stað, að þótt það dragist að leggja símann, þegar um það er að ræða, að einstakar sveitir borga það, þá er ekkert við því að segja. En hitt má með engu móti dragast, að landið borgi það, sem sveitirnar hafa ranglega goldið í þessu atriði.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) var að tala um halla á landsreikningnum; það getur verið, að við því megi búast, en jeg kann illa við það að jafna þann halla með aukaútsvörum á sveitirnar, því að svo má með rjettu kalla þetta fyrirkomulag.

Jeg skal benda á það, að jeg þekki 3. flokks símastöð, sem gefur af sjer nettó 1200 kr. um árið, en er þó látin greiða alla starfræksluna.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að 3. flokks stöðvarnar mundu vera yfir 100 og kostnaður við hverja um 150—250 kr. á ári. Þetta getur verið rjett um sumar stöðvar, en jeg þekki stöðvar, þar sem kostnaðurinn er ekki nema 25 krónur, og jeg ímynda mjer, að fáar fari fram úr 100 krónum. En hvað sem um það er, þá er hitt óþolandi ranglæti, að sumar sjeu kostaðar af sveitarfjelögum, en sumar af landssjóði. Þó held jeg næstum, að lítið verra sje að halda sama sleifarlaginu áfram heldur en að vera að káka við málið á þennan hátt, sem nefndin vill. En ef svo fer, eins og hv. þm. V.-Ísf. (M.Ó.) komst að orði, að deildin hallast að því næstversta, að till. nefndarinnar, þá mun jeg við 3. umr koma með brtt. um að færa gjald sveitanna niður.

Fjrsm. (Þórarinn Jónsson): Því er við að búast, að hv. þm. komi það undarlega fyrir, að jeg skuli hafa snúist svo við í þessu máli. En það vakti fyrir mjer, að fyrst og fremst bæri að líta á hag landssjóðs, þó svo, að ekki yrðu símalagningar alveg teptar yfirleitt. Nú segir landssímastjórinn, að tekjur landssímans muni ekki verða eins miklar í framtíðinni og þær voru áður, með því að nauðsynlegt sje að endurnýja staurana og línurnar, og gera miklu meiri endurbætur en áður hefir þurft, en meðan símakerfið er ekki í því lagi, að það komi að fullum notum, þá verði annað að bíða þessara endurbóta. Þetta verða hv. andmælendur að viðurkenna. Það er ekki rjett að spyrna á móti því, að landssjóður geti haft sem mestar tekjur, og símakerfið verði þannig úr garði gert, að það komi að fullum notum.

Jeg veit, að hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og hv. þm. Stranda. (M. P.) eru svo sanngjarnir menn, að þeir muni líta á það, að með þessari breytingu, sem frv. fer fram á, er ekki að eins lagður á landssjóð rekstrarkostnaður stöðvanna, eins og hann hefir verið, heldur hlýtur hann að hækka töluvert, því að einmitt það, að sveitirnar hafa kostað stöðvarnar, hefir valdið því, að þær hafa haldið rekstrarkostnaðinum niðri. Þetta skiftir mjög miklu máli.

Jeg heyrði því miður ekki sumt af því, sem hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, en það gerir ekki svo mikið til, því að aðalástæða hans og hv. þm. Stranda. (M. P.) er það ranglæti, sem átt hefir sjer stað um kostnað við rekstur stöðvanna og nefndin einnig viðurkennir, en vill þó ekki leggja til að afnema, til þess að ekki verði framið enn þá meira ranglæti, en símastjórnin hins vegar lýst yfir því, að hún ætli að taka að sjer rekstur stöðvanna smám saman. Auðvitað lítur hún á þetta með sínum augum, og tekur ef til vill eina stöð

fram yfir aðra, en símastjórnin eru nú þessu máli einu sinni kunnugust, og ekki líkur til þess, að hún beiti ranglæti í þessu efni.

Það kvað nokkuð við annan tón hjá hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.); honum þótti jafnvel fulllangt gengið í till. nefndarinnar. Jeg held, að hann hafi sett fullhátt kostnaðinn við stöðvarnar. Jeg þekki ekki til þess að minsta kosti, að kostnaður fari fram úr 75 kr., en er venjulega um 50 kr., enda liggur þetta í hlutarins eðli, að sveitarfjelögin setja stöðvarnar á þann stað, sem mest er óskað eftir þeim, og því minst gjald tekið fyrir að sinna þeim, en það gjald mundi vera sett hærra, ef landssjóður ætti í hlut. Þess vegna er ekki um líkt því svipaðan kostnað að ræða og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) nefndi.

Það, sem sami hv. þm. (Sv. Ó.) sagði um samninga milli landssímans og sveitanna, er alveg rjett. Slíka samninga er engan veginn girt fyrir, og mundu þeir helst eiga sjer stað hjá afskektum sveitum, sem hafa sterkan áhuga á að fá síma, en landssíminn hins vegar getur ekki vænst mikilla tekna af.

Hv. þm. Stranda. (M. P.) sagði, að hjer væri um sveitargjald að ræða, sem sje rekstrarkostnað sveitanna við stöðvarnar. Þetta er ekki alveg rjett, því að þótt sveitirnar jafni niður þessum kostnaði, þá er á það að líta, að þær hafa lagt í þennan kostnað með það fyrir augum, að gagn yrði að, og hið óbeina gagn getur verið margfalt meira en gjaldinu nemur. En menn hafa þá ekki mikla trú á símanum, ef menn sjá ekki, að hinn óbeini hagnaður er svo miklu meiri en kostnaðurinn.

Það er auðvitað alveg rjett, að hjer er ekki um samræmi að ræða, en eftir till. nefndarinnar og yfirlýsingu símastjórnarinnar má þó vænta þessa samræmis smám saman.

Jeg skal að endingu að eins geta þess, að minst var á það í nefndinni, hvort ekki væri rjett, að landssjóður tæki þegar að sjer allar 1. flokks stöðvar B, að öllu leyti, en frá því var horfið aftur.

Matthías Ólafsson: Jeg skal ekki vera langorður, en jeg get ekki látið vera að skjóta því til hv. framsm. (Þór. J.), hvort hann hafi gert sjer grein fyrir því, hvernig símamálum landsins er fyrir komið. Fyrirkomulag þeirra er þannig, að þau eiga að bera sig sjálf; þau eiga að borga sín lán og leggja nýja síma. Ef menn segja, að síminn beri sig, þá hlýtur hann að hafa nægar tekjur til þess að borga vexti og afborganir af nýjum lánum. En síminn ber sig ekki, ef aðrir þurfa að hlaupa undir bagga með honum. Það mundu verða glæsilegar tekjur af póstgöngunum, ef ekki þyrfti að borga af þeim fyrir brjefhirðingar, en eins og landssjóður hefir borgað fyrir þær, alveg eins er honum skylt að greiða allan rekstrarkostnað símastöðvanna.

Annars er óþarft að deila um þetta mál, því að nefndin kannast við, að till. sínar sjeu ekki rjettlátar, en undarlegt er það að hallast að ranglátri stefnu; hitt kemur fyrir, þegar menn eru í vafa um, hvað rjett er, að menn fylgja því, sem er rangt. En nefndin hefir sjálf slegið fastri niðurstöðu sinni í nál. og lýst yfir því, að hún sje ekki rjett, en þá er þess að vænta, að hv. deild komist að annari niðurstöðu.

Það er sá munur á því, hvort landssjóður borgar eða menn úti um land, að landssjóður getur náð þeim kostnaði aftur, löggjafarvaldið er í þjónustu hans og getur innheimt gjaldið, en það geta aðrir ekki. Þess vegna er það líka rangt að vera að tala um sparnað fyrir landssjóð; þetta er enginn sparnaður; hjer er um það ræða, að landssjóður láti aðra borga það, sem hann á að borga sjálfur. Jeg

verð því að segja, að eftir till. nefndarinnar fer hjer fram leikur og hann ljótur.

Björn Stefánsson: Það er að eins eitt atriði, sem jeg vil leyfa mjer að víkja að. Það hefir verið sagt, að sama gilti um símann sem póstgöngurnar, jafnðlilegt væri, að landið borgaði rekstrarkostnað símstöðvanna, sem póstafgreiðslna og brjefhirðinga. En mjer finst þetta ekki alveg hliðstætt. Póstgöngur og póststöðvar eru komnar um alt land og póstafgreiðsla í hverri sveit. Þannig er kominn jöfnuður á um alt land, þótt dálitið misjafnt sje, eftir legu hreppanna. Þess vegna finst mjer líka rjett að gera dálitið upp á milli þeirra hreppa, sem fengið hafa síma, og hinna, sem engan hafa fengið. Það verður ekki nógsamlega lofað það gagn, sem af símanum hefir hlotist, og þegar litið er til þess, þá virðist ekki til ofmikils mælst, þótt þeir landshlutar, sem fengið hafa síma, leggi eitthvað lítils háttar gjald fram í notum þess.

Með þessu vil jeg engan veginn verja órjettlæti og ósamræmi, sem á sjer stað um rekstrarkostnað stöðvanna. Jeg er samþykkur því, að þar sje mörgu ábótavant.

Hv. þm. Stranda. (M.P.) nefndi stöð, 3. fl. stöð, sem gæfi af sjer 1200 kr. nettó á ári, en þó yrði sveitarfjelagið að borga rekstrarkostnað. Jeg get líka bent á símastöð í Suður-Múlasýslu, sem gefur af sjer 1800 kr. nettó á hverju ári, og er ekkert fyrir borgað af landssjóði, ekki svo mikið sem lagt til hús. Jeg vil engan veginn mæla þessu bót. En tillögur nefndarinnar miða þó að því að draga úr ranglætinu, en gagnvart þeim, sem hafa ekki enn fengið síma, fer frv. fram á samskonar ranglæti.

En fyrst að jeg stóð upp, þá þykir mjer rjett að benda á eitt atriði, sem líklega er símastjórn að kenna, og það er það, að algengt er, að 3. fl stöðvar, sem eiga að vera opnar 2 klst. á dag, komast alls ekki að þann tíma, sem þeim er ætlaður, vegna þess, að þær stöðvar eru látnar sitja fyrir, sem hafa opið allan daginn. Það mætti nú ekki minna vera en að 3. fl. stöðvar sætu fyrir hinum stöðvunum þann stutta tíma, sem þær eru opnar daglega, þar sem hinar eru opnar allan daginn. Jeg verð að telja þessa ráðstöfun fullkomlega vítaverða, og tel það viðeigandi, að símastjórinn fái aðfinningu um þetta háttalag, einmitt hjer á þessum stað.

Þá greinir menn mjög á um það, hvað sveitirnar jafnaðarlega leggi fram til rekstrar 3. fl. stöðvanna. Einn segir 150—250 kr. og annar 50—70 kr. Þetta er afarmismunandi. Jeg hygg, að algengast sje, að sveitirnar borgi 50—60 kr. til 3. fl. stöðva; einstöku hreppar borga jafnvel alls ekkert. En jeg þekki líka dæmi þess, að fyrir eina 3. fl. stöð eru borgaðar 250 kr, en þar eiga fleiri hreppar hlut að máli og leggja saman.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) mintist á, að nefndin hefði komist að þeirri niðurstöðu, að rjettlátt væri, að símasjóður kostaði allan rekstur símans. Þetta er að vísu rjett, en nú stendur til að leggja mikið af nýjum símalínum, og þær verða svo dýrar, að ekki er hægt að fullnægja þessu rjettlæti sem stendur. Það er óhugsandi, að ekki líði nokkuð langur tími þangað til þær línur verða borgaðar, með tekjuafgangi, sem nú er. Afleiðingin er sú, að ekki er hægt að ganga lengra í þá átt, að síminn borgi allan rekstrarkostnað, fyr en þetta er komið í kring. Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) segir ef til vill, að taka megi nýtt lán, en það er ekki árennilegt, eins og sakir standa, og betra að vinna að sínu. Síminn ber sig vel sem stendur, en útgjöldin verða líka mikil. (**M. Ó.:** Það þarf nýjar línur, og tekjuafgangurinn gengur til þess).

Það þarf líka að fjölga þráðum á línunum, og er það alveg bráðnausynlegt. Og til þess þarf mikið fje.

Það er öðru máli að gegna með símaeða póststöðvar, sem háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) var að bera saman. Það er áreiðanlegt, að not hlutaðeigandi hreppa af símanum eru meiri, því að hreppsbúar geta oft komist hjá löngum og dýrum ferðalögum vegna símans. Þessi not eru þess virði, að hrepparnir leggi eitthvað á sig, til að verða þeirra aðnjótandi. Þessi stórkostlegi hagnaður og not, sem hrepparnir hafa af símanum, er orsökin til þess, að þeir borga fyrir að fá síma. Annars skal jeg ekki deila við hv. þm. (B.St.) um þetta, því að það er alveg þýðingarlaust

Magnús Pjetursson: Háttv. frsm. (Þór. J.) talaði mikið um þann óbeina hagnað, sem hrepparnir hefðu af símanum og taka yrði tillit til. Það getur vel verið, að það sje rjettlátt, en jeg get ekki fallist á, að hagnaðurinn vaxi eftir því, sem starfstími stöðvarinnar er *styttri*. Mjer skilst hagnaðurinn hljóta að verða minni hjá þeim hreppum, sem hafa 3. fl. stöðvar, sem hafa stystan starfstíma, en samkvæmt tillögum nefndarinnar eiga hlutaðeigandi hreppar að borga hlutfallslega mest fyrir þær.

Það hefir verið sagt, að meiri not væru af síma- en póststöðvum, og get jeg fallist á það, en þá eiga ekki hrepparnir að bera kostnaðinn, heldur notendurnir, og ef síminn ber sig ekki, þá má ekki láta hreppana borga það, sem á vantar, því að tekjuhallinn stafar af því, að gjöldin fyrir símaafnot eru ekki nógu há, og eina rjetta leiðin er því að hækka þau. Viðvíkjandi póstgöngum er það að segja, að þótt póstgöngur sjeu nú komnar á um alt land, eins og háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) sagði, þá veit jeg þó, að altaf er verið að bæta við nýjum brjefhirðingastöðum og aukapóstum, án þess að hlutaðeigandi sveitir sjeu krafðar endurgjalds fyrir kostnaðinn.

Bjarni Jónsson: Jeg get varla sagt, að hægt sje altaf að ná í skjótu bragði í síma, þótt hann sje innan hreppsins. Jeg hefi sjálfur beðið í 3 klst. á 3. fl. stöð, án þess að ná sambandi. Viða stafar það af því, að símastjórinn er svo gráðugur, að hann lætur hraðtöl, sem greitt er fyrir tvöfalt og þrefalt gjald, ganga fyrir öðrum. Það er einkennilegt, að hrepparnir skuli svo eiga að borga fyrir stöðvar, sem þeir hafa ekki hálf not af. Þann stutta tíma, sem stöðvarnar eru opnar, er ómögulegt að komast að, og á öðrum tímum er þeim ekki gegnt. Ferðamenn, sem koma langt að, og sjómenn, sem ef til vill verða að sæta sjávarföllum til að komast, geta því oft ekki haft not af símanum. Það má gera ofmikið úr þeim hagnaði, sem menn hafa af símanum, og skrítið finst mjer að gera meira úr honum en póstgöngum. Ef annaðhvort ætti að hverfa úr sögunni, yrðu landsmenn víst fljótir að afráða að kjósa heldur að fá að halda póstgöngunum, því að þær verða þó drýgri, þegar öllu er á botninn hvolft. Ef nefndarmennirnir hafa komist að þeirri niðurstöðu, að rjettlátt sje, að síminn borgi allan rekstrarkostnað, get jeg ekki sjeð, hvers vegna þessu rjettlæti á ekki að verða framgengt. Jeg hefi altaf haldið, að ef eitthvert löggjafarþing sjer, að eitthvað er rjettlátt, þá eigi það að sjá um, að því rjettlæti verði framgengt, þótt það hafi kostnað í för með sjer, því að rjettlætið er sjaldgæfari vara en peningar. Jeg held, að hv. frsm. (Þór. J.) hafi með þessari viðurkenningu sinni lagt með því, að frv. yrði samþykt óbreytt. Það er hárrjett hjá hv. þm. V.-Ísf. (M.Ó.), að það er í raun og veru enginn sparnaður að láta sveitirnar borga rekstarkostnaðinn, einungis til þess að reyna að láta

það líta svo út, að stofnunin beri sig, án þess að hún geri það, ef sveitarstyrkurinn er tekinn af henni. Ef síminn ber sig, er sjálfsagt, að rjettlætinu verði framgengt; ef hann ber sig ekki, er eina rjetta leiðin að hækka gjöldin, eins og hv. þm. Stranda. (M.P.) benti rjettilega á, en ekki að leggja á gjöld út í loftið. Þegar síminn fyrst var lagður, fengu margar sýslur hann án nokkurs endurgjalds, en síðan verða aðrar sýslur að kaupa hann. Best væri að fylgja alveg frv., og endurgreiða meira að segja þau framlög, sem ranglega hafa verið höfð af sumum sýslum. Reyndar er varla hægt að koma því í framkvæmd nú, en viðurkenningu ætti strax að gefa fyrir upphæðinni.

Pjetur Jónsson: Jeg hefi ekki hlustað á allar umræðurnar og veit ekki, hvað búið er að segja, en jeg heyrði, að verið var að líkja saman símstöðvum og brjefhirðinga- eða póstafgreiðslustöðvum. Sú samlíking hrekkur nú ekki alveg til, eins og hv. 2. þm. S.-M. (B.St.) hefir bent á. Mjer datt í hug að minna á annað, sem hægt er að líkja símamálum saman við: það eru vegamálin. (**B. J.**: Það er enn fráleitara). Þegar símalögin voru samþykt hjer í þinginu, voru vegalögin höfð til fyrirmyndar. Jeg vildi óska, að yngri þingmenn, sem ekki voru á þingi þá, athugi, hvað þingið gerði þá til að koma góðu skipulagi á. Þegar vegalögin voru samin 1894, var það ákveðið, að hreppar skyldu kosta sína vegi, sýslur sýsluvegi, og landssjóður þá vegi, er þjóðvegir gátu heitið. Enn fremur átti landssjóður að kosta þá vegi, sem hjeruðunum, hverju um sig, var alveg um megn að leggja út í að gera, sem sje flutningabrautir. Sama hugsun var ríkjandi í símamálinu 1905. Jeg man vel, að sú varúðarregla var tekin 1905 að láta sveitirnar bera meira og minna af kostnaðinum við stöðvarnar, svo að ekki yrði ofmikil ásókn um að fá stöðvar alstaðar. Jeg gæti bent á ýmsar afleiðingar af því, ef þeirri hugsun yrði raskað. Ef það ráð yrði tekið að láta landssjóð taka á sig allan kostnað af símanum, yrði auðvitað gengið í skrokk á landssjóðnum, með að heimta síma inn á hvert heimili, og er þá auðvitað landssjóði með því stofnað í voða. Ef hjeruðin aftur á móti bera nokkuð af kostnaðinum, er settur hemill á þetta. Að vísu er ekki fjárhagshætta eins *mikil* af símstöðvaþjónustunni *einni* sjer, þótt frv. þetta gangi fram. En þá eru aðrar afleiðingar. Frv. mælir svo fyrir: „Þegar stofnsettar eru talsímastöðvar til almenningsnota, *skal* starfræksla þeirra að öllu leyti kostuð af landssjóði". Ef svo færi, myndi landssjóður annaðhvort neisa sjer hálfgerðan hurðarás um öxl, eða neitað yrði um símastöðvar, þótt hlutaðeigendur vildu vinna til að kosta þjónustuna að mestu eða öllu leyti. Því að slíkt væri lögbannað. Jeg sje því enga ástæðu til að raska símalögunum meir en nefndin leggur til, enda veit jeg ekki betur en að þeim stöðvum fjölgi altaf, sem landssjóður kostar.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Hv. þm. Stranda. (M. P.) og Dala. (B. J.) hafa talað um, hve 3. flokks stöðvarnar væru illar settar með samtöl, en jeg veit ekki, hvort þeir hafa athugað, að það yrði ekkert betra, þótt landssjóður borgaði rekstrarkostnaðinn. (**B. J.**: Það er þess ósanngjarnara að láta þær borga). Ráðið við þessu er að fjölga þráðum á línurnar, en það hefir kostnað í för sjer, og því má ekki draga úr þeim tekjum, sem síminn hefir nú.

Hv. þm. Dala. (B. J.) bjóst við, að menn vildu síður missa póstgöngur en síma. Það efast jeg um, því að síminn getur komið í staðinn fyrir póstsambönd. Jeg er hræddur um, að mönnum þættu samböndin við útlönd stirð núna, ef enginn síni

væri. Jeg held því, að þessi ályktun hv. þm. (B. J.) hafi ekki verið vel hugsuð.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara um þetta fleirum orðum, því að hv. þm. S.-Þ. (P. J.) hefir þegar svarað ýmsu.

Jeg vona svo, að hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og Stranda. (M. P.) greiði atkv. með brtt., eins og þeir hafa lýst yfir. (**B. J.**: Klipt var það, skorið var það, en rangt var það samt).

ATKVGR.

Brtt. 239 (ný frvgr.) samþ. með 17: 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., B. St., E. Árna., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., P. J., P. O., S. S., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J. Ó. B.

nei: B. J., E. A., E. J., M. P., M. Ó., P. Þ., St. St.

Einn þm. (B. Sv.) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Bjarni Jónsson: Af því að við þurfum að halda nefndarfund, vil jeg leyfa mjer að skora á hæstv. forseta að slíta fundi nú þegar.

Var það undir atkvæði borið og felt með 11: 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., E. J., H. K., J. J., J. B., M. G., M. P., Þorst. J.

nei: B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

P. J. og S. S. greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (J. M. og M. Ó.) fjarstaddir.

Á 28. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. águst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 314, 315).

Magnús Pjetursson: Eins og háttv. þingdm. sjá hefi jeg leyft mjer að koma með brtt. þá, sem jeg gat um við 2. umr. að jeg mundi bera fram.

Eins og háttv. þingdm. sjá er þetta einskonar miðlunartillaga og samkomulagstilraun við háttv. nefnd, og þætti mjer undarlegt, ef hún getur ekki fallist á hana, þar sem jeg hefi sveigt svo mikið til, að jeg hefi horfið frá þeirri grundvallarreglu, sem jeg tel rjettasta, þeirri reglu, að hlutaðeigandi sveitir eigi ekkert að borga fyrir starfrækslu síma hjá sjer.

Tillaga mín á að miða að því að gefa stjórninni sterka bendingu um það að ljetta starfrækslukostnaði símanna af sveitunum hið fyrsta að hún sjer það fært, og hins vegar á hún að draga úr ranglæti því, sem sjálf nefndin játar að eigi sjer stað, á meðan hið núverandi fyrirkomulag helst.

Jeg vona, að allir háttv. þingdm. geti fallist á þessa málamiðlun, sem jeg ber fram með brtt. á þgskj. 315, og kannist við, að það er miklu meiri tilslökun frá okkar hendi, sem álítum, að sveitirnar eigi ekkert að borga, en hinna, þótt þeir gangi að brtt.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Nefndin í máli þessu hefir athugað brtt. á þgskj. 315, sem háttv. þm. Stranda. (M. P.) talaði um, og hún játar það, að till. gengur í þá átt, sem nefndin vill að stefnt sje, þá átt, að landssjóður borgi meira af starfrækslukostnaði símastöðva en hann hefir gert hingað til. Þó hefir nefndin dálítið að athuga við tillöguna. Hún er hrædd um, að ef till. yrði samþykt, mundi það hamla því, að nýjar 3. flokks stöðvar yrðu reistar. Þær hafa altaf verið mestur

þyrnir í augum símastjórnarinnar, og mundi henni þykja berast tækifæri upp í hendur að fara sjer hægt í að koma upp nýjum 3. flokks stöðvum, þegar sú kvöð er lögð á hana að kosta að allmiklu leyti rekstur þeirra. Hins vegar verður því ekki neitað, að mikið gagn er að stöðvum þessum, og því varhugavert fyrir þingið að gera nokkrar þær ráðstafanir, sem búast má við að tefji fyrir fjölgun þeirra, eða jafnvel taki fyrir hana með öllu. Nefndin telur það því mikið álitamál, að rjett sje að ganga að brtt. háttv. þm. Stranda. (M. P.); hitt muni vera rjettara að stíga sporið smærra að þessu sinni, og að hagfeldara muni vera fyrir alla málsaðilja að halda smáum skrefum að því marki, að landssjóður taki að sjer starfrækslu allra símstöðva í landinu. Samgöngumálanefnd Ed. er líka á þeirri skoðun, og það hefur styrkt nefndina í því, að rjettara muni að halda við till. hennar en hafna brtt. á þgskj. 315. Það er satt, sem háttv. þm. Stranda. (M. P.) sagði, að till. þær, sem nefndin og hann flytja, eigi að vera sterk bending til landsstjórnarinnar um það, hverja stefnu þingið vilji að hún taki í málinu, enda er sá aðaltilgangur okkar, sem óánægðir erum með það misrjetti, sem okkur finst ýmsir hafa verið beittir í símamálinu, þótt við hins vegar teljum ekki ráðlegt að fara lengra í áttina til að afnema misrjetti þetta en nefndin hefir farið, einkum þar sem landssímastjórinn hefir játað, að misrjetti þetta ætti sjer stað, því að fyrst að svo er, má vænta þess, að hann stuðli að því, að það hverfi svo fljótt, sem honum finnast nokkur tiltök til þess.

Þá er ekki heldur örgrant um það, að tekið yrði af stöðvunum eða sveitunum 5 aura gjald það, sem þær hafa hingað til fengið af símatekjunum til starfrækslunnar, og það því fremur, því meira sem landssjóði er ætlað að bera af rekstrarkostnaði stöðvanna.

Magnús Pjetursson: Jeg er þakklátur háttv. nefnd fyrir, að hún játar, að brtt. mínar fari í rjetta átt. En hitt er sorglegra, að hún skuli ekki treysta sjer til að ljá þeim fylgi sitt.

Það getur verið, að till. mín yrði til þess að tefja eitthvað fyrir því, að 3. flokks stöðvum fjölgaði, einkum ef landssímastjórinn gerir kostnaðaraukann að átyllu fyrir því að leggja á móti fjölgun þeirra. En það verður ekki kostnaðaraukinn fyrst og fremst, sem hamlar fjölgun 3. flokks stöðva nú í bili, heldur er það annað; það þarf að fjölga línunum til þess, að þær geti komið að verulegum notum, þótt settar væru.

Háttv. frsm. (Þór. J.) var hræddur um, að svo gæti farið, að ef landssjóður ætti að fara að greiða allmikinn hluta af rekstrarkostnaði 3. flokks stöðvanna, þá mundi hann taka til sín 5 aura samtalsgjald það, sem hann hefir hingað til veitt upp í rekstrarkostnað stöðvanna og stöðvarstjórinn hefir fengið. Jeg skil ekki í, að svo verði. En þetta getur líka alveg eins orðið, ef till. háttv. nefndar eru samþyktar, eins og ef mín tillaga nær samþykki, því að landssímastjórnin *getur* afnumið þetta 5 aura gjald hve nær sem hún vill, og er það auðsætt, að þá verður hlutur þeirra, sem eiga að kosta rekstur stöðvarinnar, verri eftir till. nefndarinnar en eftir minni. Það má vera, að landssímastjórinn hafi í einkasamtali við háttv. nefnd lofað að sjá til, að engin breyting yrði gerð á þessu, þótt till. háttv. nefndar fengi framgang, en eigi er mjer neitt kunnugt um það, og getur eins verið, að hann lofaði hinu sama, þótt mín till. yrði ofan á.

Jeg játa, að það er mikils vert, að landssímastjórinn hefir viðurkent, að rjett sje

að breyta frá núverandi fyrirkomulagi með greiðslu á rekstrarkostnaði 3. flokks stöðva, og að afnema beri misrjetti það, sem nú á sjer stað.

Að öðru leyti mælir sanngirni með því, að þeir hreppar, sem eigi hafa símastöðvar sjálfir, en njóta þó góðs af 3. flokks símastöð, hlypu undir bagga með rekstrarkostnaðinn, á meðan núverandi fyrirkomulag helst. Mjer heyrðist ekki betur en að eitt af því, sem háttv. frsm. (Þór. J.) setti fyrir sig, væri það, að samgöngumálanefnd Ed. geðjaðist ekki að till. minni. Slíkt sýnist mjer engu eiga að ráða um það, hvernig þessi deild fer með málið; þessi deild á að sjálfsögðu að greiða atkvæði um málin, bæði þetta og önnur, eftir eigin sannfæringu, en eigi haga atkvæðum sínum eftir því, hvaða skoðanir hún hyggur að kunni að vera efstar á baugi í háttv. Ed. Það væri sorgleg reynsla af samvinnunni, sem til var stofnað með hinum nýju þingsköpum, ef sú yrði niðurstaðan, að sannfæring manna hjer í deildinni ætti að lúta í lægra haldi.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Háttv. þm. Stranda. (M. P.) játaði, að till. sín muni geta orðið til þess að tefja fyrir því, að 3. flokks stöðvar sjeu settar á stofn, og einmitt óttinn fyrir þessu er aðalástæða nefndarinnar fyrir því, að hún vill eigi fallast á till. háttv. þm. (M. P.). Hitt er aukaástæða, að nefndin vill í lengstu lög geta haft samvinnu við háttv. Ed., og mun enginn lasta það, þótt nefndir í deildunum reyni að vinna saman og slaka til hver við aðra svo lengi, sem sannfæring þeirra leyfir þeim það. Þar sem háttv. þm. (M. P.) mintist á 5 aura gjaldið, hlýtur hann að sjá það, að till. hans gefur símastjórninni einmitt undir fótinn með að kippa því burt, þar sem hún að líkindum ljeti það haldast, þótt till. nefndarinnar fengi framgang.

Ef þingið felst á þá stefnu, sem nefndin hefir tekið, munum vjer vonandi mega treysta því, að stjórnin geri það líka og fari eftir bendingum þeim, sem hjer koma fram við umræðurnar. Það má líka treysta því, að hún sýni þá sanngirni, að alstaðar þar, sem mikið er að gera, og þá líka mikið í aðra hönd, þá muni þær jafnan fluttar í efra flokk, og um leið ákveðið, hve mikið þær skuli borga, og hve mikið landssjóður, enda hefir það þegar verið gert.

Jeg held, að það muni ganga illa að fá hreppa, sem hafa fengið stöðvar, er þeir þurfa að standa straum af, til að borga til annara hreppa, sem ekki hafa fengið stöðvar; þeim muni þykja nógu þungt gjald hvíla á sjer, þótt þetta bætist ekki við.

ATKVGR.

Að ósk þm. Stranda. (M. P.) var viðhaft nafnakall um brtt. 315, 1. og 2. tölul., og sögðu:

já: B. J., E. J., M. G., M. P., M. Ó., P. Þ., Ó. B.

nei: B. Sv., B. K., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., P. J., P. O., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J.

Brtt. því feld með 18 : 7 atkv.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., fimtudaginn 9. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 35, 20. okt, 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 357).

Á 28. fundi í Ed., laugardaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að málinu verði vísað til samgöngumálanefndar, að umræðunni lokinni.

Halldór Steinsson: Mál þetta hefir verið til meðferðar á sameiginlegum fundi samgöngumálanefnda beggja deilda, og hygg því ekki þörf á að vísa því til nefndar hjer.

Jóhannes Jóhannesson: Það eru komin fram fleiri frv. um breytingar á lögum þessum, og til er ætlast, að samgöngumálanefnd þessarar hv. deildar sjóði saman eitt frv. upp úr þeim öllum. Jeg held því fast við nefndartillögu mína.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv., og til samgöngumálanefndar (sjá A, bls. 1604) með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, en tillögur um málið felast í nál. á þgskj. 741. Frv. var aldrei tekið til 2. umr., og varð því

ekki útrætt.

---

7. Bannlagabreyting.

Á 11. fundi í Nd., mánudaginn 16. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi, og lögum um viðauka og breyting á þeim, nr. 23, 20. okt. 1913, og lögum nr. 24, 3. nóv. 1915 (A. 72).

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 20. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þetta frv. nú, álít þess ekki þörf. Breytingarnar, sem það fer fram á, eru svo auðsæjar, ef þær eru bornar saman við lögin, að engin þörf er á skýringum. Það er á allra vitorði, að bannlögin eru ekki haldin sem skyldi, en það er skylda þings og lögreglustjóra að sjá um, að þau sjeu haldin eins og önnur lög. Það brestur á, að sum ákvæði í lögunum sjeu nógu skýr til þess, að þau geti náð tilgangi sínum. Það, sem sjerstaklega er áfátt, er ófullkomið eftirlit með skipum og ýmiskonar farangri, er frá útlöndum flyst. Það er að eins hjá áhugasömustu lögreglustjórum, sem eftirlitið er gott. Það er opinbert leyndarmál, að til eru lögreglustjórar, sem ekki gæta þess, að lögin sjeu haldin eins vel og skyldi. (M. G: Hverjir eru það?). Jeg veit ekki, hvort háttv. 1. þm. Skagf. (M. G) græðir nokkuð á því, að þeir sjeu nefndir. Til þess, að hægt sje að hafa fult eftirlit með, að lögunum sje hlýtt, verður að mega rannsaka farangur manna. Það er líka opinbert leyndarmál, að til eru menn, sem hafa það að atvinnu að flytja vín til landsins og okra á því, og þarf við slíku harðar refsingar, því að það er ólíkt að neyta víns sjálfur og afla þess handa sjálfum sjer, og hitt, að nota fýsn annara til að okra á. Það mun enginn, jafnvel þótt hann hafi mikið út á lögin að setja, mótmæla því, að við slíku ættu að liggja harðar

refsingar. Það hefir líka bryddað á, að þeir, sem heimilt er að fá áfengi til iðnaðarþarfa, misbrúka þá heimild, enda er eftirlitið slælegt, og verður eftirleiðis að gæta betur að, að þeir menn fái áfengi til iðnaðarþarfa, sem þess þurfa, en ekki meira, og ekki til að gera sjer að atvinnuvegi. Eitt ákvæði bannlaganna getum við tæplega verið þektir fyrir að hafa, og það er eyfið, sem íslenskum skipum er gefið til að hafa vín hjer upp við land. Það er mjög óviðkunnanlegt, þegar vínbann er í landi; og slíkt ákvæði á ekki heima í þessum lögum.

Enn fremur er farið fram á í frv. þessu, að ef ölvaðir menn láta á sjer bera og gera sig seka í óviðeigandi framkomu á almannafæri, skuli þeir sæta hegningu. Jeg skil ekki í, að nokkur sje á móti því, því að slíkt er alveg óhafandi í voru landi. Loks er ein breyting, sem farið er fram á í frv. þessu, og það er viðvíkjandi vínbirgðum einstakra manna.

Það hefir bólað á því, að þegar ölvaðir menn hafa verið spurðir um, hvar þeir hafi náð í áfengi, þá hafa þeir þóst hafa fengið það hjá þeim mönnum, er vínbirgðir hafa gefið upp.

Það á ekki að gera þeim, sem eiga vín, fjárhagslegt tjón, því að þeir eiga að fá að koma vörunni af sjer, eða fá fje sitt endurgreitt. Það er óviðkunnanlegt, að einstakir menn hafi leyfi til að hafa vínföng ár eftir ár, og mælir engin sanngirni með því. Því er ekki hægt að neita, að bryddað hefir á mótþróa gegn bannlögunum, en það er svo með öll lög, og jeg hygg, að andstæðingar þeirra verði að viðurkenna, að þau hafa verið til stórbóta, og þótt þeir sjeu á móti lögunum í sjálfu sjer, eru þeir ekki móti því, að sem minst sje neytt af þessari óþarfavöru. Mjer dylst það ekki, að bannlögin eru ein hin bestu lög, sem íslenska þjóðin hefir öðlast, því að þau auka menningu og þroska og framfarir, en þó því að eins, að þeirra sje gætt, svo að þau fái að njóta sín og ná tilgangi sínum. Það má skoða þau sem gimstein, sem þjóðin má ekki skemma, heldur verður að gæta sem best. Mjer blandast ekki hugur um, að þetta frv. er til mikilla bóta, ef vel er með farið. Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um það, en stinga upp á, að því sje vísað til sjerstakrar 5 manna nefndar til athugunar.

Einar Jónsson: Mjer þykir engin furða, þótt frv. sje komið í þessa átt, eins og ástæðurnar eru hjá fólki síðan þetta aðflutningsbann var samþykt 1909. Jeg ætla ekki að álasa þeim, sem vilja skerpa lögin, og ekki heldur hinum, sem eru þeim mótfallnir. Þrætan er orðin svo hörð, að það er stór þörf, að þetta þing geri eitthvað í sumar, helst til að miðla málum.

Lögin eru stórkostlega brotin, og meir en búist var við. Á því þarf að ráða bót, en hana er ekki að finna í frv. háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), en ef til vill í öðru, sem bráðlega kemur fram. Það er engin hæfa, að bannlögin skuli vera brotin svo mjög, sem raun er á orðin. Jeg var með aðflutningsbanninu 1909, í þeirri von, að ekkert áfengi kæmist inn í landið, en jeg sje, að það *kemur inn í landið jafnt og* áður. Mjer dettur nú í hug, hvort ekki mætti ná samkomulagi á þessu þingi, þannig, að leyft væri að flytja inn bjór og ljett vín, en banna sterka drykki. Það er enginn efi á því, að mjög margir, sem geta fengið bjór, hugsuðu ekki um að fá sjer brennivín, whisky etc. Sá, sem nú drekkur „kóges“, eða hvað það er kallað, myndi gera sig ánægðan með bjór, portvín, sherry o. s. frv., og algerlega afrækja óæti það. Jeg spyr ykkur, heiðruðu bannvinir, hvort ekki væri rjett að leyfa þetta og spara heldur dýrt áfengi og óæti.

Þetta frv. er svo háskalega útbúið, að það hlyti að verða bannlögunum til bölv-

unar, ef það gengi fram. Jeg ætla að spara að minnast á vitleysurnar í þessu frv., en tvær þeirra eru þó svo stórar, að jeg býst við, að þær verði athugaðar af skynsamari mönnum en þeim, sem flytja frv., áður en lýkur.

Umr. frestað.

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 27. júlí, var fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Jónsson: Jeg lít nokkuð öðrum augum á þetta mál en háttv. flm. (J. B.). Jeg held, að það sje misráðið að koma með slík frv. sem þetta. Við vitum, að í þessu máli berast 2 flokkar á banaspjótum, og því meir, sem hert hefir verið á lögunum, því meiri fjelagsskapur hefir verið um þessar sakir, og hefir það því orðið til að auka ágreining.

Flm. þessa frv. játa, að bannlögin sjeu brotin mikið, og ef nú á að fara að herða á sektaákvæðum, lít jeg svo á, að landsmenn muni espast enn meir, og aukast mótþrói þeirra gegn bannlögunum. Jeg held, að það sje óheppilegt að gera þetta mál að miklu deiluatriði. Ef lögunum á að umturna þing eftir þing og gera þau altaf harðúðugri, þá getur það leitt til bardaga við kosningar, og væri það óheppilegt, ef önnur þýðingarmeiri mál en þetta væru á dagskrá. Jeg held, að rjettasta leiðin væri að reyna að koma á sátt og samkomulagi, og vil jeg því leyfa mjer að stinga upp á því við háttv. flm. þessa frv., að þeir vilji nú vinna með okkur, sem á móti bannlögunum erum, og reyna að miðla málum. Það hafa ýmsir andstæðingar bannlaganna, þar á meðal jeg, farið hægt og bítandi og vonað, að bannið sýndi, til hvers það dygði. En nú fer að líta svart út, því að þetta frv. er sýnu verra en fyrri frv., og hvar á þetta að enda? Jeg get frætt háttv. flm. (J. B.) á því, að það er von á frv. um að leyfa innflutning á ljettari vínum, og er vonandi, að bannmenn taki því vel. Þá væri rjett að taka stranglega í taumana, ef vínföng yrðu flutt inn í landið óleyfilega eftir sem áður. Það væri því skynsamlegt að fara þessa leið, til að útiloka erjur og deilur. Jeg vil skjóta því til háttv. flm. (J. B.) og bannvina, hvort þessi leið sje ekki heppileg og hvort þeir geti ekki rjett okkur höndina til samkomulags. Jeg hefði helst óskað, að frv. yrði tekið aftur, en ef það fæst ekki og því verður vísað til nefndar, sting jeg upp á, að það verði allsherjarnefnd. Jeg sje ekki ástæðu til að skipa sjerstaka nefnd, því að það mundi vekja nýjar deilur, en jeg vil útiloka alt slíkt.

Sem sagt, frv. í þá átt, sem jeg gat um mun koma, og það er á flm. ábyrgð, ef þeir halda þessu frv. til streitu, þrátt fyrir tilslökun frá okkar hálfu.

Gísli Sveinsson: Eins og jeg vænti, að háttv. þm. muni, hefi jeg borið fram 2 frv., sem snerta þetta mál, sem sje frv. um skiftingu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík og í öðru lagi frv. um, að helmingur sekta fyrir bannlagabrot renni í bæjar- eða sveitarsjóð, en að eins helmingur í landssjóð, í stað allra sekta áður. Þetta var, frá mínu sjónarmiði, það eina, sem hægt er að gera til að sjá, hvort ekki væri við hlítandi bannlögin. Mjer virðast þeir, sem mest fárast um bannlagabrot, vitna ávalt til Reykjavíkur og telja, að hjer kveði mest að þeim og hjer sje mest drukkið. Ef svo er, sje jeg ekki betur en að mikið sje fengið til hagsbóta þessum lögum, ef tollgæsla kemst hjer á, og það svo mikið, að æsingamenn í þessu máli geti ekki með neinni sanngirni krafist meira. Og sje svo, að menn álíti, að sveitarstjórnirnar vilji halda uppi lögunum, eins og bannlögin sjálf gera

þeim líka að skyldu, er rjett að herða á þeim, með því að gera þetta að hagsmunamáli fyrir þær.

Í frv. þessu er hert á sektunum. Mjer þykir það ljóst, að þessi lög sjeu nógu ströng, en framkvæmdir vanti. Nú höfum vjer framkvæmdavald, og ef það beitir sjer, verður þessum lögum haldið uppi, eins og hægt er að halda lögum alment uppi. Jeg er á móti sjerstakri lögreglu til verndar þessum lögum, fremur öðrum landslögum; slíkt yrði þá að falla undir sjerstaka eða almenna tollgæslu, en bannlögregla sjerstök yrði svo dýr, að ómögulegt verður undir að rísa. Það mætti þá eins vel rífa niður alla þjóðfjelagsskipun eins og að stofna sjerstaka lögreglu til verndar hverjum lögum, eins mörg lög og eru í þessu landi.

Jeg skal ekkert koma inn á, hversu einkennilegt þetta frv. er að formi til. Það gerir ráð fyrir breytingum á bannlöggjöfinni, en lítt kleift er að sjá, hverju breytt er. Líklega er þó meiningin, að þeim greinum sje breytt, sem í sviga eru settar við byrjun hverrar greinar frv. En þetta er ærið óglögt, og alls ekki í rjettu formi. Einnig er hjer sú óvanalega aðferð höfð, að byrjað er aftan á greinunum og breytt fram eftir — líkt og sagt er að viss „persóna“ lesi vissa bók. Aðalatriðin eru þó þau „princip“, sem ganga í gegnum frv. Frá mínu sjónarmiði eru ákvæði þess sumpart þýðingarlaus, sumpart óþörf og sumpart alveg óhæf. Í fyrsta lagi fer frv. fram á að skerpa refsinguna og hækka sektir. Menn geta nú sagt, að ekkert væri á móti því, ef menn eru þess fullvissir, að sektirnar sjeu of lágar, og háar sektir sjeu nægileg vörn gegn brotum. Mjer virðast sektaákvæðin í lögunum frá 1909, 1913 og 1915 vera nógu há. Þá skoðun styður það, að sektahámarkinu hefir aldrei verið náð í málum út af brotum. Ef til vill hugsa þessir æsingamenn hjer á þingi, að dómarar eigi að dæma menn ávalt í hæstu sekt, en það eru til reglur, sem dómarar fara eftir í því efni. Ef ákveðið sektahámark er aldrei notað, þótt lögin sjeu mikið brotin þarf það að koma fram, hvort menn treysta ekki dómurunum. Mín skoðun er, að sektarhæðin sje ekki aðalspursmálið, heldur hitt, að menn alist upp til að halda lögin og venjast þeim. Þeir, sem gera sjer leik að því að brjóta lögin, gera það eins þótt sektirnar hækki, sjerstaklega ef um mikla hagsmuni er að ræða, eins og flm. (J. B.) var að tala um; þá munar ekki um, hvort það eru 50, 100 eða 200 kr., sem þeir verða að borga. Ef menn á annað borð vilja hafa sig stimplaða sem lögbrjóta, hefir það enga þýðingu, hvort sektin er 50 eða 250 kr. Aðalatriðið er uppeldisatriðið, það að reyna að ná lögbrotainnræ̈linu úr mönnum, en þetta er ekki vegurinn til að ná því.

Í öðru lagi virðist það vera tilgangur háttv. flm. (J. B.) að sporna við því, að menn drekki allskonar óþverra. Mjer er nú spurn, hvernig í ósköpunum ætla mennirnir sjer að gera þetta? Frá mínu sjónarmiði er það alveg ómögulegt. Þetta liggur alveg fyrir utan bannlögin; með þeim er ekki bannað eða sett ákvæði um, hvað menn mega drekka, heldur hvað flytja má inn af drykkjum. Mönnum er ekki bannað að drekka nokkurn skapaðan hlut, enda er það ekki hægt með lögum að banna mönnum að drekka eða jeta það, sem þeir vilja. Það er ekki hægt að banna mönnum að drekka ólyfjan; þeir verða að vera sjálfráðir, hvort þeir vilja hætta sínu eigin lífi og heilsu. Ef leyfilegt er að selja brennsluspiritus og aðra ólyfjan, er ekki hægt að banna mönnum að drekka það. Það eina, sem dugir, er að breyta innræti manna, svo að þeir vilji ekki setja líf og heilsu í veð, með því að drekka ólyfjan sem leiðir til hins versta, ef nokkur brögð eru að.

Enn er það nýtt í þessu frv., að sjerstaka rannsókn á að gera á öllum aðkomandi flutningi í skipum, en það er alveg ógerlegt. Hjer á landi er ekki hægt að setja upp til þess sjerstaka lögreglu, nema þá að setja tollgæslu um land alt, enda yrði það ekki dýrara. Að fara að kosta eins miklu til við þessa lögreglu (bannlögreglu) eins og allsherjartollgæslu, sem nú um sinn að minsta kosti er ókleift sökum kostnaðar, nær engri átt. Þá er betra að hafa eftir litið „generelt“ og rannsaka allar vörur, svo að ekkert sleppi undan tolli og tekjur landssjóðs vaxi við það, en út í þetta er ekki leggjandi, þótt einstaka æsingamaður óski þess.

Enn er hjer eitt ákvæði, sem sje að banna íslenskum skipum að hafa áfengi innanborðs. En þetta mundi að litlu haldi koma. Þótt skip kæmu utanlands frá með áfengi, væri ekki annað en að drekka það upp, áður en skipið kemur í landhelgi. Þetta er víst gert til þess, að áfengi flytjist ekki í land, en það er nú bannað hvort sem er, og er því þetta ákvæði næsta óþarft, og það nær að eins til íslensku skipanna. Jeg var ekki á þingi, er þessi undanþága kom til tals í lögunum, og veit ekki vel, hvernig á því stóð, að íslensku skipin fengu rjett til að hafa áfengi um borð, en býst við, að það hafi verið af því, að rjett hafi þótt að gera þau ekki ver sett en önnur farþegaskip hjer við land, og veit jeg ekki betur en að bannmenn á þingi hafi verið með því. Við ættum ekki að gera okkur leik að því að setja íslensku skipin aftar en önnur. Það má segja, að þessi breyting sje ekki þýðingarmikil, einkum þegar þau mega hafa áfengi alveg upp að landsteinum, sem enginn getur bannað. Mjer virðist það líka þýðingarlítið að rekast í þessu þing eftir þing.

Þá er enn eitt atriði, sem hv. flm. (J. B.) sýnilega telur eitt höfuðatriðið í frv., og það er ákvæðið um það, að nú skuli taka það vín af mönnum, sem þeir samkvæmt lögum mega eiga til eigin afnota. Það má efalaust gera ráð fyrir því, að flutnm. ætlist til, að nákvæm rannsókn fari fram í húsum þeirra manna, sem hafa gefið upp, að þeir ættu vínföng, svo að ekki sje mögulegt, að neinu sje skotið undan, en hinu er varla treystandi, að menn segi rjett til um birgðir sínar, undir þeim kringumstæðum.

Um þetta atriði er nú það að segja, að þar sem það er áður lögleyft af þinginu, að menn megi eiga vín, þá er það ekki einungis leyfilegt, heldur er ekki hægt að taka það vín af mönnum, sem þeir eiga nú, og þetta alt meira að segja samkvæmt stjórnarskránni.

Mjer er ekki kunnugt um, að til sjeu nema tvær leiðir til þess að taka af mönnum eignir þeirra, og þessar leiðir eru *eignarnám* (eða „expropiation“), og má því að eins viðhafa hana, að almenningsheill eða fjelagsheill krefjist þess. Heldur nú nokkur maður, að hægt sje að sanna það, að almenningsheill krefjist þess, að vín sje tekið af mönnum, segjum örfáar flöskur hjá hverjum, sem ekkert hafa gert fyrir sjer annað en að eiga það lögum samkvæmt? Það myndi enginn dómstóll líta svo á.

Hin leiðin til að taka eignir manna er upptaka („confiskation“), og kemur hún því að eins til greina, að viðkomandi hafi orðið brotlegur við lög. Til þess því að gera vinið upptækt yrði að gera alla þá, sem taka átti af, að sekum mönnum. Þetta ákvæði er því, frá mínu sjónarmiði, hin mesta óhæfa. Jeg býst við því, að þetta ákvæði sje komið inn í frv. af því, að hv. flm. (J. B.) hafi ekki haft sjer til ráðuneytis neinn mann, sem væri nægilega lögfróður eða hygginn, til þess að

varast svona ákvæði, sem ekkert þing getur samþykt, m. a. af því, að það væri stjórnarskrárbrot.

Þá vildi jeg enn minnast á eitt ákvæði, sem kemur fyrir í frv. og er um það, að refsa skuli þeim mönnum, sem sjást ölvaðir á almannafæri. Þetta ákvæði fer einnig algerlega út fyrir grundvöll hinna núgildandi bannlaga, því að samkvæmt þeim eru þeir menn einir refsiverðir, sem hafa fengið áfengi ólöglega, en hinu er ekki gert ráð fyrir, að þeir menn sjeu sekir, sem drukkið hafa sig ölvaða í löglega fengnu áfengi. Það getur verið spursmál út af fyrir sig, hvort slíkt ákvæði sem þetta skuli leitt í lög, en víst er, að það á ekki heima fremur í bannlögunum. Annars er þessi grein óbærilega orðuð. Það er nefnilega gert ráð fyrir því, að sekta skuli þá menn, sem „*sjást*“ ölvaðir. Hverjir það eru, sem eiga að dæma um það, hvort maðurinn sje ölvaður eða ekki, frá því er ekki sagt. Líklega er það „bannlögreglan“ þeirra. Það þarf þá eflaust að skoða manninn, og yrði þá fullerfitt að dæma um, hvað teljast ætti „ölvaður“ og hvað ekki. Það þyrfti að minsta kosti nánari ákvæði um þetta efni. Helst ætti að ákveða eitthvað annað um þetta, t. d. að maðurinn þurfi að hafa brotið gegn almennu velsæmi, eða haft í frammi einhverjar óspektir, til þess að hann geti talist sekur. Þannig getur orðið vit í því, og þá er það að eins lögreglumál, og þannig er spursmálið líka tekið í löggjöfum landanna.

Þá er enn eitt, sem jeg vildi geta um, og það eru þessi nýstárlega refsiákvæði sum, sem frv. hefir að geyma. Það er nefnilega svo ákveðið í frv., að fyrir sama brotið skuli hinn seki sæta tvöfaldri hegningu, fyrst fangelsi og síðan eða að auki sektum. Þetta ákvæði er alveg nýtt í íslenskri löggjöf og um Norðurlönd öll, og hefir ekkert líkt þekst hjer, síðan úr lögum fjell, að sökudólga skyldi fyrst hengja og síðan lima sundur. Samskonar refsingu á nú að beita við læknana t. d., eftir þessu frv. Fyrst á að sekta þá um stórfje og síðan reka þá frá embætti, eða reka þá frá embætti og sekta þá líka. Þetta tel jeg mjög varhugaverð refsiákvæði.

Yfir höfuð get jeg lýst yfir því, að jeg tel mjög illa farið, að frv. þetta er fram komið, því að það hlýtur að auka mikið glundroðann í bannmálinu, sem áður var orðinn nógu mikill; sömuleiðis mun það koma af stað æsingum um málið, og er þó varla á bætandi. Það mun espa menn á báðar hliðar og gera lögin um skör fram óvinsæl.

Við verðum að una við bannlögin, eins og þau eru nú, reyna heldur að herða á eftirlitinu með því, að lögunum sje hlýtt, en svona æsingafrv. hlýtur að vekja óhug um alt land, og því segi eg: *Hingað og ekki lengra!*

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg get virt það við hv. 1. þm. N.-M. (J. J.), hvað hann talaði stillilega, og sje jeg því ekki þörf á að fara langt út í hans ræðu. Það var eðlilegt, að hann kæmi með athugasemdir við frv. okkar, því að það er vitanlegt um hann, að hann stendur og hefir altaf staðið á öndverðum meið við bannmenn. Það má vel vera, að mönnum finnist það hart, að þeim skuli gert enn örðugra fyrir en áður hefir verið með að neyta þessarar bannvöru, en þeir hljóta að geta skilið það, að okkur er þetta mál hjartans mál, því að við erum sannfærðir um það, að lögin eru góð. Hitt er satt, að við viljum ekki ófrið um bannmálið. Við erum mjög fúsir til samkomulags, en eigi samkomulagið að vera það, sem hann nefndi, að leyfa innflutning á veikari vínum, þá vona jeg, að hann skilji það, að slíkt er ekkert samkomulag; það væri

undanhald frá okkar hendi, sem aldrei getur orðið; þá verðum við heldur að deila. Jeg skal játa það, að við mundum geta gengið inn á þetta, ef við værum vissir um, að það yrði ekki misbrúkað, en við vitum með vissu, að ef leyfður yrði innflutningur á veikari vínum, þá yrði um leið gert erfitt eða ómögulegt eftirlit með hinum sterkari. Hann (J.J.), meira að segja, reif sjálfur niður þessa leið sína með ummælum sínum. Hann hlýtur því að sjá, að það getur ekki verið um það að tala, að það náist samkomulag við okkur um þessa leið.

Jeg hafði stungið upp á því, að sjerstök nefnd yrði kosin til að fjalla um málið, en nú gerir hann að tillögu sinni, að því sje vísað til allsherjarn. Jeg get ekki fallið frá tillögu minni, þótt jeg hins vegar hafi ekkert á móti því, að málinu sje vísað til allsherjarnefndar.

Jeg skal þá víkja nokkrum orðum að sumu, sem hinn hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði.

Hann byrjaði með því að tjá sig fylgjandi bannlögunum, en jeg verð að segja það, að ræða hans bar vott um alt annað.

Hann sagði, að frv. væri sýnilega fram komið frá æsingamönnum í bannmálinu. Jeg get nú sagt bæði um mig og meðflutningsmenn mína, að við erum engir æsingamenn, svo að þessi sleggjudómur hans er með öllu ástæðulaus. Hann getur ekki heldur fundið neitt í framkomu okkar í þessu máli, sem beri vott um æsingu. Hitt mætti fremur segja, að ræða hans bæri vott um æsingu gegn þessu máli. Hún sýndi það að minsta kosti ótvírætt, að honum var órótt í skapi, og get jeg þó ekki sjeð, að nokkuð sje það í frv., sem þyrfti að gera honum, sem þykist vera bannmaður, órótt í skapi. Þótt margt sje nýmæli í frv., þá þurfti það ekki að gera neinum gramt í geði, sem vill af einlægni stuðla að því, að lögin verði síður brotin en áður, því að að því stuðla nýmælin öll. Annars benti ræða hans (G.Sv.) ekki á, að honum væri bannmálið mikið alvörumál, eins og hann lætur. Jeg segi ekki, að það vaki fyrir þingmanninum að eyðileggja bannlögin, þótt benda mætti á sumt í ræðu hans, sem skilja mætti á þann hátt. Annars vildi jeg biðja hv. þm. (G. Sv.) að líta dálítið rólegar á málið með mjer um stund og vita, hvort honum getur ekki runnið reiðin.

Hv. þm. (G. Sv.) sagði, að lögin væru áður nægilega ströng. Þetta er ekki rjett. Það mætti ef til vill segja, að lögin sjálf sjeu nógu ströng, ef þeim væri framfylgt rækilega, og þó eru í lögunum ákvæði, sem eru altof væg, t. d. hegningarákvæðin við þá menn, sem gera sjer það að atvinnu að selja nautnasjúkum sálum bannaða vöru. Jeg hygg, að það væri rjett að taka sem harðast á slíkum mönnum. Fyrst og fremst er nú sú sala á móti lögum, og auk þess taka þeir venjulega slíkt geipiverð fyrir vinið, að það má telja okur. Jeg vona nú, að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sjái, að rjett er að taka hart á slíkum mönnum, því að þeir bæði brjóta landslögin og beita líka mannúðarleysi.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að hjer væri farið fram á sjerstaka tollgæslu vegna bannlaganna. Þetta er ekki rjett. Við viljum einungis herða eftirlitið svo vel, sem hægt er, án aukinnar tollgæslu, svo að það er óþarfi af honum að blanda tollgæslunni inn í umræðurnar.

Þá sagði hv. þm (G. Sv.), að sumar breytingarnar væru óþarfar. Jeg sje ekki, að ástæða sje til fyrir hann að spinna langar umræður út af þeim breytingum, sem eru óþarfar og gera hvorki til nje frá. Sumar breytingarnar sagði hann að næðu ekki tilgangi sínum. Ekki getur honum verið mikill miski að þeim, og væri því gott að lengja ekki mikið umræðurnar um þær.

Þá sagði hv. þm. (G. Sv.) að sumar breytingarnar væru óhæfa. Eftir ræðu hans að dæma býst jeg við, að hann hafi með því átt við hækkun sektanna og embættismissi lækna. Það er að vísu satt, að ákvæðin eru nokkuð ströng, en jeg sje enga ástæðu til þess að vægja til við þessa menn, sem brjóta svo herfilega lög landsins, að þeir vinna til þeirrar refsingar, sem lög þessi ákveða, og er þm. (G. Sv.) ekki öðru til þessa að svara en að „með illu skal ilt út reka". Ef þeir geta ekki látið það vera að brjóta lögin, þá er líka rjett að þyngja refsinguna. Jeg veit það, að hv. þm. (G. Sv.) er svo sanngjarn, að hann vill láta leggja harða refsingu við stóru broti, en hitt er auðvitað, að ekki er beitt hæstu sekt nema um stórt brot sje að ræða, en auðvitað verður það að vera á valdi lögreglustjóra að ákveða sektahæðina.

Þá mintist hv. þm. (G. Sv.) á vínið á skipunum íslensku. Jeg get ekki sjeð neina ástæðu til þess að láta þau skip fara með bannvöru, þar sem við náum til, eða í landhelgi hjer við land. Mjer finst það vera mjög óviðfeldið, að skipin sem eru eign landsmanna, megi hafa vín í landhelgi til neyslu, en íbúar landsins megi ekki neyta þess. Mjer virðist blátt áfram ekkert vit í slíkri tilhögun. Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að við mættum ekki gera íslensku skipunum erfiðara fyrir en nauðsynlegt væri, í samkepninni við útlendu skipin. Það þykjumst við ekki gera. Jeg veit til þess, að talað hefir verið við menn úr stjórn Eimskipafjelags Íslands. Þeir telja ekki neinn erfiðisauka að þessari ráðstöfun, annan en þann, að erfiðara mundi að fá matsvein. Jeg segi nú fyrir mig, að jeg teldi það ekki frágangssök, að landssjóður hlypi þá undir baggann og borgaði hallann, eða það, sem brytinn kostaði meira en áður. Þótt jeg vilji ekki fortaka, að einstaka menn vilji síður ferðast með þeim skipum, sem hafa ekki vín innanborðs, þá er jeg þess fullviss, að slíkt yrði ekki alment.

Hv. þm. (G. Sv.) sagði, að það væri aðalatriðið fyrir okkur flm. að taka vínið af þeim mönnum, sem hefðu leyfi til að eiga það, samkvæmt núgildandi lögum. Þetta er ekki rjett. Það er ekkert aðalatriði fyrir okkur, enda held jeg, að það vín, sem flutt hefir verið hingað fyrir árið 1911, muni vera farið að skemmast, sumar tegundirnar að minsta kosti, og ekki er ólíklegt, að þær birgðir sjeu nú farnar að minka. Það er ekki meining okkar flm. þessa frv. að gera þeim fjárhagslegt tjón. Eins og sjá má leggjum við það til, að þeim sje borgað fyrir þær vínbirgðir, sem verða gerðar upptækar, ef þeir kjósa það. Viðvíkjandi því, að þetta snerti mikið sjálfræði manna, er því nú fyrst og fremst að svara, að það kemur þeim einum við, en snertir ekki aðra, en auk þess má geta þess, að ýms lög og lagasetningar leggja meiri og minni höft á persónufrelsi manna.

Viðvíkjandi því, er sami þm. (G.Sv.) drap á, að það myndi tæpast samkvæmt stjórnarskránni að gera áfengisbirgðir einstakra manna upptækar, geri jeg eigi ráð fyrir, að einstakir menn hafi svo miklar áfengisbirgðir, að almenningsheill sje hætta búin af því, en ef svo væri, að sumir þeirra ættu til margra ára, er jeg ekki með öllu viss um, hvort það er almenningi með öllu óskaðlegt.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) kvað auðsjeð, að við hefðum ekki ráðfært okkur við hygna (vitra) menn eða lögfræðinga. Við höfum samt einmitt ráðfært okkur við lögfræðing, og það mann með góðu prófi. Þetta er ekki í fyrsta sinni, sem lögfræðingana greinir á. En auk þessa lögfræðings hafa nokkrir menn unnið að þessum breytingum. Viðvíkjandi því, hvort þeir sjeu vitsmunamenn, skal jeg

fátt segja. Mjer er lítið um það gefið að dæma um vitsmuni manna. Það get jeg þó sagt, að það er almenningsálit þeirra, er til þekkja, að þessir menn sjeu sæmilega greindir og góðum mannkostum gæddir. Þm. (G. Sv.) gat því sparað sjer þessar hnútur.

Háttv. þm. (G. Sv.) taldi það nýtt, að bæði sektir og fangelsi væri lagt við lögbrotum. Má vera, að það það sje nýtt í íslenskum lögum, en í erlendri löggjöf er það ekki óvenjulegt. Þetta ákvæði er og að eins haft um menn, sem brjóta lögin til að afla sjer fjár. Sektirnar svara til gróðans, sem aflaður er á þennan hátt, en fangelsið svarar til lögbrotsins. Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) kvað þessar breytingar líklegar til að vekja æsingar. Jeg veit, eigi hve órótt andstæðingum okkar er, en það veit jeg, að sjálfsagt er að gera alt til að girða fyrir, að lögin verði brotin. En breytingin kemur þar harðast við, sem lögbrotin bera vott um mesta frekju. Jafnvel andbanningar, sem jeg hefi átt tal við, hafa líka viðurkent, að sjálfsagt sje að hegna þeim, sem gera sjer að gróðavegi að brjóta lögin, á þann hátt, sem ætlast er til í frv.

Að sinni ætla jeg ekki að drepa á fleiri atriði, þótt ýmsu sje enn að svara.

Forsætisráðherra: Skömmu eftir að núverandi ráðuneyti tók við stjórninni barst stjórnarráðinu brjef frá framkvæmdanefnd stórstúku Íslands. Þar var farið fram á, að stjórnin flytti frv. til líkra breytinga á bannlögunum og fram eru komnar í frv. því, sem nú er til umræðu. Ef háttv. forseti leyfir, skal jeg lesa upp aðalatriðin:

„Framkvæmdarnefnd Stórstúku Íslands af I. O. G. T. leyfir sjer hjer með að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi 1917 frumvarp til laga um breytingar og viðauka við lög um aðflutningsbann á áfengi, er í sjeu þau ákvæði, er hjer skulu greind:

1. *að* fyrirbygð sje sala á hármeðulum og ilmvötnum til drykkjar.
2. *að* háar og hækkandi sektir sjeu lagðar við því að sjást ölvaður á almannafæri, af hverju sem ölvunin stafar, og fangelsi eftir þriðja brot.
3. *að* 2. málsgrein 3. greinar í lögum um viðauka og breytingu á bannlögunum 1915 sje úr gildi feld.
4. *að* enginn maður búsettur á Íslandi megi eftir 1. janúar 1919 eiga nokkrar áfengisbirgðir til drykkjar.
5. *að* ströng sektarákvæði sjeu lögð við brotum á öllum ákvæðum gildandi laga um aðflutningsbann á áfengi, þar sem þau eru ekki þegar við lögð.
6. *að* sektarákvæði fyrir brot gegn 1. gr. bannlaganna frá 1909 breytist þannig: Sekt fyrir 1. brot sje kr. 1500, fyrir 2. brot kr. 2000, fyrir 3. brot kr. 5000, og betrunarhússvist sje oftar brotið".

Svo eru færðar ástæður fyrir þessum atriðum, sem jeg ætla ekki að lesa upp, en brjefið verður fengið í hendur nefnd þeirri, sem málinu verður vísað til. Í öðru brjefi til stjórnarráðsins fór framkvæmdarnefnd stórstúkunnar fram á, að eftirlit með bannlögunum yrði aukið. Ástæðan til þess, að ráðuneytið varð ekki við áskorun stórstúkunnar, um að flytja frv. um breyting á lögum um aðflutningsbann, var sú, að það taldi varhugavert að vera sífelt að breyta þessum lögum. Vera mætti, að hægt væri að bæta þau að einhverju leyti, en þau eru þó ekki svo gölluð, að þau kæmu ekki að notum, ef eftirlitið með að þau sjeu haldin væri eins og það þarf að vera. Það bæri vott um mikið hverflyndi

hjá þinginu, ef lögunum væri breytt á hverju þingi, enda mundi það og draga úr trú manna á þau. Menn færu að segja við sjálfa sig við hverja breytingu, sem gerð væri: Ætli nú þessi breyting dugi nokkuð?

Eftir frv. því, sem nú er fram komið, er ætlast til, að stórfje sje veitt til að halda lögunum uppi; að minsta kosti verður ekki annað sjeð af a-lið 4. greinar. Sumstaðar á landinu koma stundum skip svo að tugum og jafnvel hundruðum skiftir inn á einstakar hafnir á einum degi. Ef nú ætti að rannsaka hirslur skipverja og hvern þann stað í skipinu, þar sem ætla má, að áfengi geti verið fólgið, þyrfti til þess fjölda manns. Slík rannsókn væri ókleif nema með miklum tilkostnaði. Nú hafði ráðuneytið ætlað sjer að taka þeð atriði í tilmælum stórstúkunnar til greina að stuðla að betra eftirliti. Til þess var sett nokkur upphæð í fjárlögin; hún er auðvitað ekki nægileg, en þó spor í áttina.

Jeg tel það rjettmætt ákvæði, að menn sæti sektum fyrir að sjást ölvaðir á almannafæri. En það kemur ekki bannlögunum við. Það er brot á almennu velsæmi, sem fullkomlega rjettmætt er að hegna fyrir.

Vænt þótti mjer að heyra, að einn af flm., háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), lagði ekki mikla áherslu á, að tekinn sje af mönnum rjetturinn til að eiga vín, sem flutt er inn áður en aðflutningsbannið kom í gildi. Þingið getur varla, sóma síns vegna, tekið aftur það leyfi. Mjer er kunnugt um efnaða borgara hjer, sem einmitt vegna þessa leyfis fluttu inn mikið af áfengi til að geyma sjer. Vitanlega hefir þingið fult vald til að banna mönnum að eiga lengur vínbirgðir, en það gæti varla skoðast öðruvísi en brot á gefnu loforði, ef þessu væri breytt. Í sjálfu sjer er þetta ekki stórt atriði, en varla væri rjett að afnema þennan rjett, nema vissa væri fyrir því, að það væri nauðsynlegt.

Þótt jeg sje að mörgu leyti samdóma háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) um hegningarákvæðin, er jeg ekki samdóma honum um það, að fráleitt sje að leggja betrunarhúsvist við sumum brotum á þessum lögum. Sú hegning ætti vel við um þá menn, sem gera sjer að atvinnu að brjóta lögin og okra á vöru, sem þeir flytja inn með óleyfilegum hætti. En illa kann jeg við, að lagt sje einfalt fangelsi við ýmiskonar brotum á lögum þessum. Það er farið að líta svo á, að stutt fangelsisvist sje ekki heppleg hegning. Mjög óheppilegt væri og að hegna fyrir brot með bæði fangelsi og sektum. (E. A.: Það er algengt í þýskum lögum). Jeg býst við, að flestir vildu breyta sektunum í fangelsisvist.

Annars hefi jeg ekki ætlað mjer að mæla frekar á móti frv. Því mun verða vísað til nefndar; sjerstök nefnd væri þó óþörf. Yfir höfuð er það skoðun mín, að forðast eigi sem mest að hafa lausanefndir. Venjulega má finna einhverja nefnd, sem viðeigandi er að málunum sje vísað til. Rjettast væri, að þetta mál gengi til allsherjarnefndar, þótt sá galli fylgi, að hún er ofhlaðin störfum.

Gísli Sveinsson: Jeg vil lýsa ánægju minni yfir, að hæstv. forsætisráðherra hefir í flestum atriðum komist að sömu niðurstöðu um þetta mál og jeg hefi áður látið í ljós. Það má búast við, að háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) setji hann, viðurkendan bannmanninn utan þings og innan, á sama bekk og mig. Við sjeum hvorugur mikill bannvinur, heldur sje það af öðrum ástæðum, sem við tjáum okkur vinveitta bannlögunum. Mjer heyrðist jafnvel á tóninum í ræðu háttv. þm. (J. B.), að hann telji okkur jafnvel í tölu bannlagabrjótanna!

Mjer kom það ekki á óvart, að frv. þetta er runnið undan rifjum stórstúkunnar, eins og menn nú hafa heyrt af vörum hæstv. forsætisráðherra. Jeg býst ekki heldur við, að jeg þurfi að taka aftur þau ummæli mín, að það sje komið frá mönnum, sem í þessu máli eru æsingamenn, hvernig sem þeir eru í öðrum, því að svo er það.

Hæstv. forsætisráðherra taldi bannlögin sjálf viðunandi, eins og jeg; ef nokkuð þurfi að bæta, þá sje það eftirlitið. Í því skyni að bæta eftirlitið hefir stjórnin sett inn í fjárlögin sjerstaka fjárveitingu. Jeg vil að eins minnast á, að sjerstakt eftirlit með bannlögunum mundi kosta svo að tugum eða hundruðum þúsunda króna skiftir. Rannsókn sú, sem ætlast er til í frv., gerir ráð fyrir, að sama sem fullkomið tolleftirlit væri hjer í landi, hvar sem skip leggur að.

Jeg skal ekki rekja frekar sektarákvæðin. Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) virtist sjálfur misskilja ákvæðið um sekt og fangelsisvist. Slík refsiákvæði sem þau, er frv. greinir, eru afkáraleg í löggjöf. Ef um verulega gróf brot væri að ræða, væri betra, að blátt áfram betrunarhúsvist lægi við, og svo auðvitað eigi neinar sektir að auk. En það er tilgangslaust að vera að tala um þessi refsiákvæði; lögin verða brotin eftir sem áður, þótt þyngri hegningar verði lagðar við brotum, — ef þau á annað borð eru eins brotin og þessir menn eru að fullyrða.

Jeg styð þá tillögu, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar. (J. B.: Hún hefir ofmikið). Öðrum breytingum á þessum sömu lögum hefir einmitt verið vísað þangað.

Magnús Pjetursson: Jeg vil ekki lengja umræðurnar, vildi að eins gefa væntanlegri nefnd nokkrar bendingar.

Jeg hjó eftir því í ræðu hv. flm. (J. B.), að eitt af því, sem hafi komið honum til að flytja frv., hafi verið það, að í bannlögin vanti ýms ákvæði, er geri lögreglustjórum mögulegt að framfylgja þeim. Jeg veit ekki, hver af þessum ákvæðum, sem eru í frv. því, er hann nú flytur, eiga að bæta úr þessu. En því vil jeg skjóta til nefndarinnar, að ekki er úr vegi að athuga, hvaða ákvæði vanti til þess, að hægt sje að framfylgja lögunum. Rjettast væri, að nefndin leitaði upplýsinga um það hjá lögreglustjórum. Í þessu sambandi skal jeg geta þess, að einu sinni kom það til tals í Noregi að koma á banni þar. Nefnd var skipuð til að rannsaka málið. M. a. sendi hún fyrirspurnir til lögreglustjóra um landið alt, um hvaða útlit væri til, að hægt væri að framfylgja slíkum lögum. Álit þessarar nefndar mun hafa komið út á sínum tíma, og væri æskilegt, að nefnd sú, sem þetta mál verður vísað til, kynti sjer það. Þar munu vera bendingar um, hvernig lögreglustjórar í öðrum löndum líta á þetta mál.

Annars hefir flest verið tekið fram. Ætla jeg ekki að tala sjerstaklega um málið að þessu sinni. Að eins vil jeg geta þess, að mjer finst undarlegt að vilja kjósa sjerstaka nefnd í þetta mál, þar sem þegar er búið að vísa frumvarpi um breytingu á þessum lögum, bannlögunum, til allsherjarnefndar. Mjer finst hjákátlegt að vísa þessum breytingartillögum til annarar nefndar. Býst jeg við, að þótt það sje ekki móti þingsköpum, sje það þó móti tilgangi þingskapa. Annars er mjer að mestu sama.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 5 atkv.

Till. flm. (J. B.) um sjerstaka nefnd felld með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. K., E. Árna., J. B.

nei: Þór. J., B. Sv., B. St., E. A., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., M. G., M. P., M. Ó., Ó. B.

Einn þm. (P. J.) fjarstaddur.

Frv. vísað til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr., og varð því

ekki útrætt.

---

8. Varnarþing í einkamálum.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 19. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um varnarþing í einkamálum (A. 104).

Á 18. fundi í Nd., föstudaginn 26. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Eins og tekið er fram í ástæðunum fyrir frv. lagði landsstjórnin því nær samhljóða frv. fyrir Alþingi 1914, en það var felt í Ed. með eins atkv. mun. Með því að oss flm. virðist frv. þetta til bóta, og jeg persónulega hefi fengið beiðni um að flytja það, frá þeim, er samdi það fyrir stjórnarráðið á sínum tíma, en það er núverandi sýslumaður Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, höfum við tekið að okkur að flytja það.

Meiningin með frv. er sú að ljetta undir með þeim, sem þurfa að leita rjettar síns með málssókn, sjerstaklega þar sem um litlar upphæðir er að ræða. Hjer hefir komið fram annað frv., um málskostnað, og er bót að því, ef það verður að lögum, og það frv., í sambandi við þetta, ræður góða bót á þeim ágalla rjettarfarsreglnanna hjer á landi, að naumast getur borgað sig víða á landinu að leita rjettar síns með málsókn, nema um töluvert verulegar fjárhæðir sje að ræða. Frv. um málskostnað bætir úr þessum ágalla, þar sem kröfueigandi er viss um að vinna málið, en í þeim mýmörgu tilfellum, þar sem ekki er auðið að vera viss um úrslitin fyrirfram, er þetta frv. mikil rjettarbót, því að það sparar mikinn kostnað, og getur sá sparnaður komið báðum aðiljum að gagni, en eigi sjáanlegt, að neinum verði mein að.

Skal jeg svo ekki orðlengja frekar um frv., en vona, að háttv. deild leyfi því að ganga til 2. umr. og vísi því til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 28. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 104, n. 305).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg get verið stuttorður, því að frv. er stutt, en nefndarálitið allítarlegt. — Jeg skal taka það fram, að þótt svo geti litið út, sem breytingin verði einkum í hag stefnanda, þá er ekki svo, og skal því til stuðnings bent á, að verði frv. þetta að lögum, sparast mikill kostnaður af ferðum dómara, og er auðsætt, að slíkt getur eins vel komið stefndum að góðu, því að ganga virðist mega út frá því, að málskostnaður falli eigi sjaldnar á stefnandann en stefndan.

Breyting sú, sem nefndin stingur upp á að gerð sje við frv. þetta, er í því fólgin,

að mál þau, sem rekin eru samkvæmt lögum þessum utan dómþinghár stefnds, sjeu jafnan rekin sem gestarjettarmál. Þótti nefndinni eigi næg ástæða til að hafa mismunandi málsmeðferð eftir því, hvort báðir aðiljar eru búsettir í sömu dómþinghá eða ekki. Þegar svo er ástatt, að báðir aðiljar eru búsettir í sömu þinghá, þykir þó sjálfsagt, að sáttaumleitun fari fram fyrir sáttanefnd, áður en málinu er stefnt í dóm.

ATKVGR.

Brtt. 305. samþ. í e. hlj.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 : 3 atkv.

2. gr. samþ. með 13 : 3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 : 2 atkv.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 365).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 : 9 atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., fimtudaginn 16. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um varnarþing í einkamálum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 482).

Á 34. fundi í Ed., laugardaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Eggert Pálsson: Mig langar til að minnast á þetta frv. með fáeinum orðum. Geri jeg að sjálfsögðu ráð fyrir, að mál þetta komist í nefnd í þessari hv. deild, en jeg vildi leyfa mjer að vekja athygli þeirrar hv. nefndar á því, að ástæða er til að íhuga það vandlega. Þetta mál hefir áður komið fyrir þingið og þá fallið, eða ekki verið afgreitt, og mun það hafa verið sökum þess, að mönnum hefir þótt viðurhlutamikið að afnema hinn forna rjett manna til þess að verja mál sín, önnur en skuldamál, heima í sinni eigin þinghá.

Annars má geta þess, að eftir því, sem nú hefir verið skýrt frá, þá komst þetta mál aðallega fyrir slysni í gegnum hv. Nd., án þess að meiri hluti væri í raun og veru með því.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Hvort sem þetta mál hefir komist í gegnum hv. Nd. fyrir sjerstök slys eða eigi, þá álít jeg, að það sje vel komið, ef það fer í hendur hinnar athugulu og tillögugóðu allsherjarnefndar þessarar hv. deildar. Enda mun fullrar aðgæslu þurfa við, áður en vikið verður frá margra alda venju, eins og hjer er farið fram á. Ef þetta nær fram að ganga, þá getur það orðið til þess, að einstakir menn verði að kosta til margra daga ferðalaga, þangað sem málið er rekið. T. d. gæti það komið fyrir, að menn yrðu að fara í slíkum erindum alla leið frá Langanesi til Húsavíkur, svo að jeg nefni dæmi þar, sem jeg er kunnugastur. Jeg þykist þess fullviss, að hægt muni vera að ljetta undir með dómstjórunum á annan hátt, því að fyrir *þá* mun þetta aðallega gert. Benda mætti t. d. á það fyrirkomulag, sem tíðkast í útlöndum, er dómarar fara um dómhjeruð sín á vissum tímum og taka þá þau mál fyrir, sem fyrir liggja. En yfirleitt þykir mjer víst, að allmikil óánægja muni hljótast af frv. úti um land, ef það **nær fram að ganga.**

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 : 2 atkv., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) í e. hlj.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr., og varð því

ekki útrætt.

---

9. Prestsmata.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um prestsmötu (A. 202).

Á 26. fundi í Nd., mánudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Stefánsson): Við flm. höfum leyft okkur að bera fram þetta frv. af þeirri ástæðu, að okkur finst prestsmatan óeðlileg kvöð og viljum, að sú breyting komist á, að eigendur bændakirkna, eða jarða, er prestsmatan hvilir á, sje gefinn kostur á að leysa sig undan prestsmötunni. Þetta frv. er að mestu leyti sniðið eftir lögum um sölu á þjóðkirkjujörðum, og er einn aðalþáttur þess sá, að verðið á prestsmötunni sje miðað við það, að verðhæðin með $4^1/_2$% vöxtum veiti sömu vaxtaupphæð og hið árlega prestsmötugjald hefir numið eftir verðlagsskrá síðastliðin 10 ár. Þetta höfum við álitið hæfilegt til að byggja á, því að við hyggjum, að hinu opinbera muni vera vel mögulegt að koma andvirði prestsmötunnar á $4^1/_2$% vöxtu. Okkur flutningsmönnum er það vel kunnugt, að gjald þetta er mjög þung kvöð á þeim einstöku mönnum, er hjer eiga hlut að, og það því fremur sem það er ákveðið, í það minsta þar, sem jeg þekki til að gjaldið skuli greitt í smjöri, enda hefir þess verið mjög óskað af þeim, sem undir þessari óeðlilegu kvöð hafa orðið að búa, að þeim yrði gert mögulegt að leysa sig undan henni. Jeg hefi verið beðinn um það nokkrum sinnum áður að fá þessu breytt, og hefi leitað fyrir mjer með það hjer á þingi, en ekki fengið neinni breytingu fram komið. T. d. á þinginu 1911, þegar afnám Maríu- og Pjeturslamba var leitt í lög, flutti jeg, ásamt núverandi hæstv. forseta Nd., breytingar eða viðaukatillögu við frv. um sölu prestsmötunnar, sem þá var feld, þótt undarlegt væri, því að jafnvel hefði það verið eðlilegast, að heimild til sölunnar hefði verið veitt, eða látin fylgja með, þegar lögin um sölu kirkjujarða voru samþ. 1907, því að mjer finst engu síður rjettmætt, að prestsmatan sje seld, heldur en þjóðkirkjujarðirnar. Og þegar á það er litið, að prestsmötugjaldinu hefir upphaflega verið þannig háttað, að kirkjueigendur hafa með því verið að leysa sig undan þeirri kvöð að halda sjerstakan heimilisprest, þá sjá allir, hve hjáleitt það er, að gjald þetta skuli enn þá eiga sjer stað. Og fullkomlega eðlilegt og tími til kominn, að heimild sje gefin til að afnema það, eða fá sig leystan undan þessu hvimleiða gjaldi. Það mætti nefna dæmi, sem er hliðstætt þessu, nefnilega lambsfóðursgjaldið, sem nú er búið að afnema, og því þá ekki að breyta einnig til hjer? Málinu til stuðnings má líka taka það fram, að bændur eiga afskaplega óhægt með að svara þessu smjörgjaldi, og það fyrir þá sök,

að fráfærur eru allvíðast lagðar niður. Það getur að vísu verið, að menn hafi sumstaðar fengið óátalið að gjalda eftir verðlagsskrá, eða í öðru en smjöri, en það mun ekki nærri alstaðar, að önnur borgun sje vel þegin. Það má vel vera, að stjórnin hafi selt eitthvað af prestsmötum, en jeg get ekki sjeð, að neitt sje á móti því, að heimild sje gefin til þess með lögum, svo að stjórnin hafi föst ákvæði að fara eftir.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki annað sagt en að mjer finst þetta frumv. vera óþarft, því að jeg hefi altaf álitið, að stjórnin hefði fulla heimild til að selja prestsmötu, og hún hefir líka gert það. Jeg skal að vísu ekki neita því, að það kann að hafa verið hik á því um stund, meðan þingið var ekki búið að ákveða sölu á kirkjujörðum og þjóðjörðum, en úr því að henni er haldið áfram, þá sje jeg enga ástæðu til að halda í prestsmötuna, og eftir því, hvernig hv. deild skildi við það mál, mætti ætla, að hún liti svo á, sem aðalatriðið væri að selja sem mest, og sem allra ódýrast að unt væri.

Þessi andi kemur og fram í þessu frv., því að hjer er lagt til, að miðað sje við $4^1/_2{}^0/_0$, þegar prestsmata er seld, en áður hefir verið miðað við $4^0/_0$ vöxtu, en það hlýtur, eins og allir sjá, að verða til skaða fyrir landssjóð, en til hagnaðar fyrir þann, sem leysist undan prestsmötu, og það finst mjer ekki rjettmætt.

Annað sje jeg ekki að sje í þessu frv., og þar sem jeg hefi altaf álitið stjórnina hafa heimild til að selja prestsmötu, þá finn jeg ekki ástæðu til þess að gera það kunnugt með lagafrv.

Pjetur Ottesen: Mjer þykir það vera hálfundarlegt, að hæstv. forsætisráðherra skuli vera á móti þessu frv. Hann benti rjettilega á það, að menn hefðu áður getað fengið keypta prestmötu, en gat þess þó um leið, að nokkur tregða hefði verið á því upp á síðkastið, og að sú sú tregða hefði stafað af því, að stjórnin hefði frestað sölu á kirkjujörðum og þjóðjörðum, þar til þingið hefði skorið úr því máli. En jeg sje nú ekki, að nein ástæða hafi verið til þess eða sje til þess að setja aflausn prestsmötunnar neitt í samband við sölu þjóð- og kirkjujarða, því að það er í eðli sínu óskylt, og þrátt fyrir það, þó að frestað hefði verið sölu þessara jarða, hefði að sjálfsögðu átt að selja prestsmötu eigi að síður. En það er aðgætandi, að til þess að kaupa prestsmötu hafa menn þurft að leggja alla upphæðina út í einu, svo að það hefir ekki verið heiglum hent og ekki getað aðrir en stóreignamenn. Og ef menn ættu að fara að taka bankalán til að leysa inn prestsmötuna, sem trauðla fengist fyrir minna en $6^0/_0$, eða kann ske ekki fyrir það, þá gæti það farið svo, að vextirnir af því láni yrðu hærri en prestsmötugjaldið. Það dylst því engum, hverjir erfiðleikar eru á því að innleysa prestsmötuna á þann hátt, sem verið hefir undanfarið, og hversu óaðgengilegt það er.

Það virðist öll sanngirni mæla með því, að prestsmatan sje seld að því leyti eigi með lakari kjörum en kirkjujarðir, að mönnum sje veittur langur afborgunarfrestur, svo að þeim, sem efnaminni eru og minni máttar, sje einnig gert það mögulegt að leysa sig undan þessari hvimleiðu og óeðlilegu kvöð.

Þegar litið er til þess, af hvaða höfuðstól prestsmatan er goldin, sem er helmingur af leigu innstæðukúgilda þeirrar jarðar, er hún hvílir á, þá er það deginum ljósara, að hjer er um geisiþungbæra kvöð að ræða, kvöð, sem, miðað við venjulega peningarentu nú á tímum, mætti með sanni kalla okur.

Það þarf t. d. ekki annað en að heyfengur

bregðist eitt sumar; afleiðingin af því óhjákvæmilega sú, að kúgildin yrði gagnslítið eða ef til vill gagnslaust næsta vetur; af þessu mundi leiða hækkun á smjörverði; af þessu leiðir það, að prestsmötugjaldið getur verið hæst þegar höfuðstóllinn, sem prestsmatan er goldin af, gefur minstan eða engan arð.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta, en vona, að deildin taki þessu máli vel.

Pjetur Jónsson: Jeg vil fyrir mitt leyti mæla með því, að rýmkað sje um þau kjör, sem þeir hafa átt við að búa, er hafa viljað leysa sig undan prestsmötugjaldi. En jeg er sammála hæstv. forsætisráðherra um, að til þess þurfi engin lög, og það sist eins ítarlegt frv. og hjer er komið fram. Mjer hefir verið kunnugt um það, að mönnum hefir verið mögulegt að kaupa af sjer greiðslu prestsmötu, með því að borga 25-falda upphæð gjaldsins, eftir meðaltali þess 10 síðustu arin. En, eins og nú er komið, er þetta altof hátt, þegar miðað er við það, að rentufótur hefir stigið mikið síðastliðin ár (5%), svo að nú mun enginn fá lægri rentukjör en 5%, móts við 4% áður. Get jeg ekki talið það mikinn skaða fyrir landssjóð, þótt miðað væri við 5% rentufót og prestmötukvöðin seld fyrir 20-falda gjaldhæðina. Landssjóði mun altaf í lófa lagið að fá 4 1/2% fyrir sitt fje. Mjer þykir hjer því ofskamt farið.

Flm. (Stefán Stefánsson): Mjer þykir vænt um að heyra, að menn virðast sammála um það að vilja rýmka kjör þeirra manna, sem eru háðir prestsmötugjaldinu. En það þykir mjer því undarlegra, að þeir skuli vera því mótfallnir, að salan fari fram eftir gildandi lagaákvæðum, því að það virðist mjer þó eðlilegasta leiðin. Það gladdi mig enn fremur að heyra það hjá háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), að hann vildi fara enn lengra en við flutnm. treystum okkur til, eða álitum að mundi fá fylgi, jafnvel hækka upp í 5%, eða selja mötuna 20-faldri gjaldhæðinni, en því er þar til að svara, að við fengum þær upplýsingar, að landssjóður gæti ekki ávaxtað þetta fje hærra en 4 1/2%, og þótti okkur því ráðlegt að miða söluna við það. Hæstv. forsætisráðherra lýsti yfir því, að hann áliti, að stjórnin hefði fulla heimild til að selja prestsmöturnar, en því má þá ekki eins slá þessu föstu með lögum? Jeg fæ ekki sjeð, að stjórninni geti verið það neitt ókærara að hafa gildandi reglu að fara eftir, og þar af leiðandi ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu frá hennar hálfu, að þetta frv. næði fram að ganga. Einnig gat hæstv. forsætisráðherra þess, að ákvæðin um söluna væru í óhag kirkjusjóðnum, og má vera, að svo sje, ef miðað er við 4%, en aftur á móti væri það rangt gagnvart þeim, sem fá að leysa sig undan prestsmötunni, ef miðað væri við lægri vöxtu en 4 1/2%, eins og frv. gerir ráð fyrir, þar sem það er víst, að sjóðurinn fær þá vexti af fje sínu. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meir um þetta, en vil leggja það til, að málið fái fram að ganga, í líku formi og frv. sýnir, og að því, að lokinni umr., verði vísað til allsherjarnefndar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg sagði, að stjórnin hefði álitið sjer heimilt að selja prestmötur, enda hefir það þráfaldlega verið gert, og enginn efast um, að það væri rjett. Þetta er orðin gömul venja eða hefð, sem jeg verð að skoða sem jafngilda lögum. Jeg verð að taka það fram aftur, að mjer finst það undarlegt og óviðkunnanlegt, að eftir frv. á að reikna vexti 4 1/2% að því er snýr að seljanda, en að eins 4% er það snýr að landssjóði. Jeg fæ ekki betur sjeð en að með þessu sje í frv. hallað á landssjóð, en aftur á móti þeir, sem kaupa

af sjer kvöðina, látnir sæta betri kjörum en þjóð- og kirkjujarða kaupendur eiga að sæta. Hjer í þessu frv. er tekið svo til, að kaupandi gefi skuldabrjef fyrir því, sem ógoldið er af verðhæðinni, með veði í fasteign, sem landsstjórnin taki gilt, en þegar um sölu á þjóð- og kirkjujörðum er að ræða, er það skýrt tekið fram, að það eigi að vera 1. veðrjettur. Af ofangreindum ástæðum sje jeg ekki betur en frv. sje með öllu óþarft og ekki allskostar rjettmætt, og vænti jeg því, þótt jeg láti mjer það í ljettu rúmi liggja, hvað við frv. verður gert, að hv. deild felli það.

Pjetur Jónsson: Jeg skal ekki vera langorður. Jeg er sammála hæstv. forsætisráðherra í því, að mjer finst þetta frv. ekki nauðsynlegt, og sje jeg ekki neitt til fyrirstöðu, að efni þess gæti alveg eins komið fram í þingsályktunarformi. Það er þegar komin föst venja um það, hvernig hægt sje að leysa sig undan þessu prestsmötugjaldi; að eins mættu kjörin vera aðgengilegri. Hafi fyrir 20 árum verið hægt að kaupa af sjer prestmötuna, með því að borga 25-falt gjaldið, þá ætti það að vera sanngj. nú með að eins 20-faldri gjaldhæðinni. Jeg er hv. flm. (St. St.) algerlega sammála um, að gjald þetta sje í alla staði hvimleitt, því að þegar það er heimtað í smjöri, eins og venja er, þá kemur það oft mjög órjett niður á möðrnum. Smjör, sem bæði er illa verkað og slæmt, er þá tekið jöfnum höndum og ágætissmjör frá fyrirmyndarheimilum, sem auðvitað væri í miklu hærra verði á markaðinum. Þó að sumum kunni að finnast, að hjer sje verið að hlíðra til fyrir þá, sem vilja kaupa af sjer þessa kvöð, þá er þar til að svara því, að hjer er um afarsmávægilega ívilnun að ræða, en aftur á móti hefir löggjafarvaldið áður veitt uppgjöf t. d. á Maríu- og Pjeturslambafóðrunum, og það án endurgjalds.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 50. fundi í Nd., föstudaginn 3. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 202, n. minni hl. 708).

Forseti tók málið af dagskrá.

Álit meiri hluta nefndarinnar kom ekki. Frv. ekki tekið oftar á dagskrá, og varð því

ekki útrætt.

---

10. Lokunartími sölubúða í Reykjavík.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um lokunartíma sölubúða í Reykjavík (A. 204).

Á 28. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Ólafsson): Jeg hefi í rauninni ekkert um frv. að segja umfram það, sem stendur í athugasemdunum aftan við það. Það verður ekki annað sjeð en að frv. annars vegar stuðli að reglusemi, og hins vegar sje engum að meini.

Það er leiðinlegt, að í einum og sama bæ skuli sumum búðum haldið opnum fram á nætur, en að öllum skuli þeim lokað á misjöfnum tíma. Það hlýtur að vera óheppilegt fyrir menn, sem standa í búðunum, að geta aldrei verið vissir um, hve nær þeir muni lausir á kvöldin. Þessari reglu er vel hægt að fylgja í stærri bæjum.

Jeg vona, að menn taki frv. vel og afgreiði það frá deildinni. Jeg sje enga ástæðu til þess að vísa málinn til nefndar; það væri þá að eins til þess að athuga orðfæri, því að jeg geri ráð fyrir því, að niðurstaðan yrði söm. Frv. eða tillögur í þessa átt hafa legið fyrir kaupmannaráðinu og kaupmannafjelaginu, og jeg hefi fyrir mjer liggjandi undirskriftir því nær allra kaupmanna í Reykjavík, þar sem þeir tjá sig samþykka þessum tillögum.

Gísli Sveinsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að frv. sje vísað til allsherjarnefndar, að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) með öllum greiddum atkv. gegn 1.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr., og varð því

ekki útrætt.

---

11. Brýr á Hofsá og Selá.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um brýr á Hofsá og Selá í Vopnafirði (A. 215).

Á 28. og 31. fundi í Nd., dagana 8. og 11. águst, var frv. tekið til 1. umr., en forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. ágúst, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Jónsson): Jeg get búist við, að sumum háttv. þm. þyki frv. þetta óþarft, þar sem ekki er farið fram í fjárframlag til brúa þessara nú þegar, heldur að eins farið fram á, að landssjóður kosti þær að $^2/_3$ hlutum, þegar fje verði í fjárlögunum veitt til þeirra. Jeg skal taka fram, að þótt sett hafi verið í frv. $^2/_3$, þá hefði alls ekki verið ósanngjarnt, þótt frv. hefði hljóðað upp á greiðslu alls kostnaðar úr landssjóði. En okkur þótti þetta vænlegra til sigurs, svo að deildin sæi, að hjeraðið vildi leggja mikið í sölurnar til þess að fá brýr þessar bygðar.

Háttv. landsverkfræðingur hefir látið í tje kostnaðaráætlun um þessar brúarbyggingar. Eftir þeirri áætlun mun brú á Selá kosta 18000 kr., en á Hofsá 25000 kr., og eftir þessu legði landssjóður til rúmar 28 þús. kr., en hjeraðið rúmar 14 þús. kr., ef frv. þetta yrði samþykt.

Jeg geri ráð fyrir, að þessar brúarbyggingar geti dregist nokkuð enn, þótt frv. þetta verði samþykt. En lengri verður drátturinn, ef frv. nær ekki fram að ganga. Ef hlutaðeigandi hjeruð eiga von á, að landssjóður styrki brúargerðirnar, myndi þegar byrjað að safna fje til þess hluta, er landssjóður veitir ekki.

Jeg skal taka það fram, að báðar þessar ár renna um annað fjölmennasta hjer-

að Austurlands, Vopnafjörð. Önnur þeirra, Hofsá, er langversta bergvatn á öllu Austurlandi. Hún rennur um miðja Vopnafjarðarsveit, sem hefir um 1 þúsund íbúa, og á mikill hluti hjeraðsbúa yfir hana að sækja. Hún er oft óreið 8—10 vikur framan af sumri, og verður þá að fara yfir hana á ferju, en ferjustaðir eru slæmir og ilt að reka hesta yfir hana, þar sem ferjustaðir eru, því að þar eru holbakkar hvarvetna. Þeir, sem búa austan Hofsár, og þeir eru um helmingur sveitarmanna, verða að reka alt fje sitt yfir Hofsá á vorin, því að afrjettur er hinum megin. Er það ekki minna en 6000 fjár, og verður annaðhvort að ferja alt eða reka á sund. En þegar reka verður fjeð á sund, hafa oft orðið miklir fjárskaðar. Á haustin verður að reka yfir hana sláturfje það, er fara á til Vopnafjarðarkaupstaðar, bæði þeirra manna, er eiga heima í austurhluta Vopnafjarðarhjeraðs, og líka fje Úthjeraðsmanna, er versla í Vopnafjarðarkaupstað.

Hin áin, Selá, er að vísu færri mönnum til farartálma, vegna þess, að hún er norðan til í sveitinni, og færri innanhjeraðsmenn eiga yfir hana að sækja, en aftur á móti er hún slæmur farartálmi ferðamönnum. Þótt hún sje minni, er hún þó mjög ill yfirferðar og getur oft orðið óreið, en ferjustæði engin á henni. Hún er straumhörð mjög og enn hættulegri mönnum en Hofsá. Hvorug áin er að vísu á höfuðpóstleið, en samt sem áður er yfir þær báðar mikill fólksstraumur milli Norðurands og Austurlands,og báðar eru þær á aukapóstleiðinni til Norður-Þingeyjarsýslu.

Jeg vona, að enginn misskilji þetta frv. svo, að við flutningsmenn ætlum að fara að bola þessum brúm fram fyrir þær brýr, sem áður hefir verið ákvarðað að byggja á kostnað landssjóðs, svo sem brýrnar á Eyjafjarðará og Jökulsá á Sólheimasandi. Við göngum ekki út frá, að þetta geti orðið svo fljótt, en vildum með þessu greiða götu málsins og auka hjeraðsbúum kjark til að byrja á fjársöfnun.

Jeg hygg, að á Austurlandi sje hvergi eins mikil þörf á brúm, nema ef vera skyldi á Grímsá á Völlum.

Jeg vona, að af því að hjer er ekki farið fram á neitt fjárframlag að sinni, þá mun hv. deild sýna þessu frv. þá velvild og sanngirni að leyfa því að ganga fram.

Magnús Pjetursson: Af því að mjer skildist, að enginn ætlaði að segja neitt, nema flm. (Þorst. J.), gat jeg ekki stilt mig um að standa upp og lýsa afstöðu minni. Jeg skal játa, að þetta er nokkuð nýstárlegt frv., því að eftir stefnu þingsins áður væri það allmikil stefnubreyting að samþ. þetta frv. Hingað til hefir sýslufjelag varla fengið meira en alt að $^1/_3$ hluta kostnaðar við brýr á sýsluvegum, og er þetta orðinn nokkuð fastur siður. Eftir því, sem stendur í greinargerð frv., er svo að sjá, sem brýr þessar sjeu á sýsluvegi. (M. G.: Hreppsvegi). Nú langar mig til að grenslast eftir, hvað sýslubúar hafa lagt á sig til að bæta þennan farartálma. Það hefir sem sje tíðkast víða, að sýslubúar búa sig undir slík fyrirtæki um margra ára skeið, með því að leggja í brúarsjóð. Jeg þekki eina sýslu, sem búin er að leggja 100 þús. kr. í brýr hjá sjer.

Það getur nú skeð, að frv. þetta sje girnilegra fyrir þá sök, að ekki er farið fram á fjárframlag í þetta sinn. En mjer finst það ekki síður varhugavert fyrir það. Verði þetta frv. að lögum, munu mörg slík á eftir fara. Þarna er verið að smeygja inn litla fingrinum, til þess að fá allar brýr á sýslu- og hreppavegum inn á landssjóðinn, að minsta kosti að þessu leyti.

Mjer finst ekki þakkandi, þótt hv. flm. (Þorst. J.) taki fram, að hann ætlist ekki til, að þessar brýr gangi á undan þeim

stórbrúm, sem næst liggja, eins og t. d. brúnum á Eyjafjarðará og Jökulsá á Sólheimasandi, því að mjer finst það ekki sambærilegt. Þar er um þjóðveg að ræða, en hjer sýsluveg, og talsvert meiri þörf, ef miðað er við umferð.

Jeg gat ekki stilt mig um að benda á, hvað á eftir mundi fara, og hvers konar stefnubreyting það væri, ef frv. þetta væri samþ., og vildi ekki, að það gengi orðalaust til næstu umr. Þetta er svo mikilsvert mál, og hjer er ræða um mörg hundruð þús. króna aukin útgjöld fyrir landssjóð í framtíðinni.

Flm. (Þorsteinn Jónsson): Hv. þm. Stranda. (M.P.) lagði áherslu á það, að hjer væri um það fordæmi að ræða, er kosta myndi landssjóð mörg hundruð þús. kr. í framtíðinni. Jeg fyrir mitt leyti er ekki svo hræddur við þetta fordæmi, því að mín stefna í þessum málum er sú, að landið eigi að sjálfsögðu, þegar því er fært, að brúa ár landsins, hvort sem vegurinn heitir þjóðvegur eða sýsluvegur, sem liggur yfir þær, ef hann er fjölfarinn, og árnar því farartálmi mörgum landsmönnum. Hann lagði áherslu á, að hjer væri skapað fordæmi, en svo er alls ekki. Mjer er ekki kunnugt, hve margar brýr eru kostaðar úr landssjóði á sýsluvegum, en svo vel vill til, að jeg hefi farið sýsluveg úr Múlasýslu norður í Þingeyjarsýslu, og á þeim vegi eru 2 brýr, sem kostaðar eru að öllu leyti úr landssjóði, sem sje brýrnar á Hölkná og Sandá í Þistilfirði; enn fremur brýrnar á Hölkná og Miðfjarðará á Ströndum, sem eru kostaðar af landssjóði að hálfu leyti. Þessar ár eru á sömu aukapóstleið og Selá og Hofsá. Af þessu getur deildin sjeð, að það hefir áður verið talin nauðsyn að brúa ár á þessari leið og gera hana greiðfærari, af því að hún er svo fjölfarin. Nú er engin þessara 4 áa, er jeg nefndi, eins mikið vatnsfall og Hofsá, og, eins og jeg tók fram áðan, verða menn fyrir miklu tapi á hverju ári, af því að hún er ekki brúuð. Engin þessara fjögra áa er eins hættuleg yfirferðar og Selá. Þessi vegur heitir ekki þjóðvegur, en er eins fjölfarinn og margir þjóðvegir. Það gæti vel verið rjett að breyta vegalögunum og taka þennan veg í tölu þjóðvega. Og skeð gæti, ef breytt væri nafninu á þessum vegi og hann kallaður þjóðvegur, að hv. þm. Stranda. (M. P.) þætti sjálfsagt, að landssjóður kostaði brýr þessar að öllu leyti.

Jeg verð að lýsa yfir því, að jeg tel þetta svo sanngjarna kröfu, að jeg átti ekki von á, að nokkur gæti hreyft mótmælum.

Jón Jónsson: Mig furðar ekki, þótt raddir heyrist á móti frv. þessu, því að það er rjett, sem hv. þm. Stranda. (M.P.) sagði, að það er ekki venja á þingi að samþykkja slík frv. Vjer eigum að vísu lög um brú á Jökulsá á Sólheimasandi, en það er nokkuð sjerstakt, því að hún er á þjóðvegi og stærra vatnsfall en þau, sem hjer er um að ræða. En þó get jeg ekki viðurkent, að alveg sje ástæðulaust að koma fram með frv. um brýr á þessar ár. Þetta eru mjög vond vatnsföll, og varla sanngjarnt að ætlast til þess, að Norður-Múlasýsla kosti þær að öllu leyti. Þetta verða svo dýrar brýr, að afartilfinnanlegt verður fyrir sýsluna og hreppinn að bera allan kostnaðinn. Það væri mjög æskilegt, að báðar árnar væru brúaðar undir eins, því að það er tiltölulega ódýrara, og báðar eru árnar jafnbölvaðar yfirferðar. Það gæti verið álitamál, hvort ekki væri rjett, að hjer á þingi væru samþykt lög um það að brúa allar þær ár, er þörf er að brúa, og láta svo landsverkfræðing ráða, í hverri röð fje væri lagt fram til þeirra. Jeg álít alveg ófært að láta brúargerðir landsins ganga eins sleifarlega og

orðið hefir til þessa. Á undanförnum þingum hefir lítið verið gert að því að veita fje til brúargerða, og afsakanlegt, þótt lítið verði á þessu þingi. En það er eitt af lífsskilyrðum þessarar þjóðar, að ár sjeu brúaðar, því að heldur má slarkast yfir landið að öðru leyti, ef árnar eru ekki til farartálma.

Eins og tekið hefir verið fram eru ár þessar ófærar tvo mánuði framan af sumri, en slíkt er ekki þægilegt fyrir hjeraðsbúa.

Jafnvel þótt frv. þetta verði samþykt, þá sje jeg ekki, að menn þurfi að óttast, að þessar ár eigi að ganga fyrir öðrum ám, sem jafnmikil nauðsyn er á að brúa. Tilgangurinn með þessu frv. er að eins sá, að fá tryggingu fyrir því, að þingið vilji styðja brúarbygginguna, svo að menn geti óhultir lagt út í að búa sig undir hana, án þess að þurfa að vera hræddir um, að hún strandaði í miðju kafi á neitun Alþingis. Háttv. þm. Stranda (M. P.) vildi fá upplýsingar um það, hvað Norðmýlingar hefðu lagt fram til brúargerða í sýslunni. Jeg tek það ekki illa upp, þótt hann spyrji um þetta, þar sem jeg veit, að hann er alókunnugur á þessum stöðvum. En jeg get frætt þm. (M. P.) á því, að sýslubúar hafa lagt fram það, sem þeir hafa getað, enda er búið að brúa margar ár í sýslunni. Jeg get t. d. nefnt Jökulsá á Dal. Brúna á hana kostaði landssjóður að hálfu. Hún er á sýsluvegi. Í Vopnafirði hafa verið brúaðar tvær ár, án þess að landssjóður legði nokkuð til. Miðfjarðará hefir líka verið brúuð nýlega, en fyrir landsfje að $^2/_3$. Kaldá og Laxá hafa enn fremur verið brúaðar á sýslunnar kostnað að öllu. Jeg man í svipinn ekki eftir öðrum, en þær eru nú samt fleiri. Þegar litið er á það, að sýslan hefir takmarkað gjaldþol, og tillit er tekið til þeirra gjalda, sem sýslan verður að hafa á öðrum sviðum, þá get jeg ekki skilið, að það þurfi að teljast ósanngjarnt, þótt hún fari fram á stuðning úr landssjóði, til að byggja þessar brýr. Þetta eru verstu árnar, og brýrnar á þeim verða dýrastar, og jeg býst alls ekki við, að farið verði fram á, að landssjóður leggi neitt til annara brúa í sýslunni. Mjer finst það ekki ná neinni átt, eins og hv. þm. Stranda (M. P.) var að benda á, að landssjóður leggi neitt til smábrúa á sýslu- eða hreppavegum, sem kosta minna en 6—10 þús., nema alveg sjerstaklega standi á. Það er ástæðulaust að óttast, að frv. þetta verði til að skapa neitt fordæmi, sem gæti orðið hættulegt. Því má altaf setja takmörk, t. d. með því að slá föstu, að landssjóður leggi ekkert til þeirra brúa, sem kosti minna en 10,000 kr. — Jeg veit ekki betur en að nú í fjárlögunum sje veitt fje til að brúa Hjeraðsvötnin, á sýsluvegi, og gert ráð fyrir, að landssjóður leggi til meira en $^2/_3$ kostnaðar, og jeg skyldi ekkert kippa mjer upp við það, þótt öðrum þingmönnum dytti í hug að koma með samskonar frumvörp, ef þeir vita af vondum ám óbrúuðum í sínum hjeruðum. Jeg væri ekkert á móti því, að það kæmu fram kröfur úr fleiri áttum. Ef eitthvert hjerað sýnir rögg af sjer í því að vilja eitthvað leggja til brúargerða, þá verður landssjóður að hlaupa undir baggann, og hann verður að vera stórvirkari en hann hefir verið hingað til. Það verður aldrei búið að brúa stærstu árnar, ef ekki er gerð nema ein eða tvær brýr á hverju fjárhagstímabili. Það er svo brýn nauðsyn á að brúa árnar, að menn geta ekki beðið eftir því, að landssjóður hafi aflögu fje til þess. Hann verður að taka lán til þess, ef nokkru verulegu á að verða ágengt.

Jeg vona, að deildin ioli málinu að komast í gegnum þingið, og vil því leyfa mjer að stinga upp á því, að málinu verði vísað til samgöngumálanefndar, þegar þessari umræðu er lokið.

Magnús Guðmundsson: Jeg verð að taka í sama strenginn og hv. þm. Stranda. (M. P.), að mjer finst það undarlegt að ætla að búa til lög um að brúa ár á sýsluvegum einhvern tíma í framtíðinni. Jeg held, að það sje nær að hugsa fyrst um að brúa stórárnar á þjóðvegunum, sem búið er að ráðgera að brúa fyrir löngu síðan, eins og t. d. Jökulsá á Sólheimasandi, Eyjafjarðará, Hjeraðsvötn, Hvítá, Víðidalsá o. fl.

Jeg segi fyrir mig, að verði þetta frv. samþykt, þá dettur mjer ekki annað í hug en koma með frv. um það að brúa 3 eða 4 ár í Skagafirði, sem er að minsta kosti eins mikil ástæða til að brúa eins og þessar ár í Vopnafirði. Það er leitt að sjá sjer ekki fært nú að brúa stórárnar, og þegar svo er er það hugsunarvilla að ætlast til laga um brúun smááa. Jeg skal t. d. geta þess, að enn vantar brú á Hjeraðsvötnin á þjóðveginum. Hæstv. atvinnumálaráðherra fór þar um í vor, og getur borið um, hvort ekki væri þörf á brú þar. Þar verður, þegar flóð er í, að ríða tvær kvíslar á sund, eftir að komið er af dragferjunni, eða áður en stigið er í hana, eftir því, hvort ferð er heitið austur eða vestur yfir. Auk þess verður að ríða út úr ferjunni eða upp í hana, og sjá allir, hversu þægilegt það er. Hjer er því mikil nauðsyn á brú, og vjer Skagfirðingar finnum sárt til þeirrar nauðsynjar, en vjer erum svo sparsamir, að vjer töldum það ekki gerlegt, eins og nú standa sakir.

Jeg veit ekki, hvort skilja átti háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) svo, að hann sæi ofsjónum yfir því, sem veita á til brúar á austurkvísl Hjeraðsvatnanna, — en ef svo hefir verið, skal jeg, til þess að sýna fram á, að þetta er ósanngjarnt, fræða menn á því, að Skagafjarðarsýsla er nú búin að brúa 10 ár á sýsluvegum, og mun hafa varið til þess undir 100000 kr., svo að auðsætt er, að hún hefir ekki legið á liði sínu. — Að lokum vil jeg svo lýsa yfir því, að jeg álít, að frv. þetta ætti ekki að fara lengra en það er komið. Það er ekki þess vert, að það fari til 2. umr.

Einar Jónsson: Jeg er samdóma hv. 1. þm. Skagf. (M. G.), að fyrst eigi að hugsa um að brúa stórárnar, eins og Jökulsá og Eyjafjarðará, áður en haldið er inn á þá braut að brúa hinar og þessar smásprænur, sem þurfa brýr á sjálfar sig, en enginn hefir einu sinni heyrt nefndar. Mig furðar á því, að jafnskýr og víðsýnn maður eins og háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) skuli geta verið að flytja þetta frv. Hann hlýtur að gera það eftir vilja kjósenda sinna, en jeg get varla hugsað mjer, að þeir hefðu fyrtst svo mjög við hann, þótt hann hefði fallið frá að flytja þetta, því að jeg hefi aldrei heyrt talað um þessar ár sem stórár, og svo mun vera um fleiri. Jeg vil líka minna háttv. flutningsmenn á það, að enn eru brúarlausar ár á fjölförnum þjóðvegum, sem full ástæða væri til að brúa. Þeir fóru báðir austur yfir fjall um daginn og hafa þá sjeð tvær ár í Ölfusinu, Bakkárholtsá og Gljúfurholtsá, sem báðar eru óbrúaðar. Þótt þær sýnist ekki stórar, þá er mjer kunnugt um, að þær geta orðið lítt færar á vetrum, og er það mjög bagalegt, á jafnfjölförnum vegi. En Hofsá eða Selá hefi jeg aldrei heyrt nefndar sem stórár, og vona jeg, að háttv. þm. geti farið allra sinna ferða til kjósenda sinna, þótt engin brú sje á þeim.

Án þess að halda langa ræðu, vildi jeg að eins styðja það, sem háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) sagði, að ef þetta frv. verður samþ., þá verður það til þess, að farið verður fram á, að landssjóður kosti allskonar brýr, og niðurstaðan yrði sú, að þingið yrði að samþykkja allar krófur í þá átt.

Magnús Pjetursson: Jeg fjekk að nokkru leyti svar hjá háttv. 1. þm. N.-M.

(J. J.) upp á fyrirspurn mína um það, hve miklu sýslan hefði varið til samgöngubóta. Svarið var að vísu ekki beint fullkomið. Hann taldi upp nokkrar brýr, en engar tölur. Um sumar af þessum brúm gat hann þess, að landssjóður hefði kostað þær að öllu leyti, sumar að nokkru leyti, en sumar hefði sýslan aftur bygt á sinn kostnað. Jeg veit nú reyndar ekki, hve mikið þetta segir, en það ber þó vott um, að eitthvað hafi verið gert.

Háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) sagði, að það gæti ekkert fordæmi leitt af þessu frv., því að fordæmið væri komið á undan. Einmitt þessi ályktun háttv. þm. (Þorst. J.) sýnir það, að frv. er hættulegt sem fordæmi. Því að þó að gerðar hafi verið undantekningar með þessar ár, sem hann nefndi, — hvort sem það hefir verið gert með hrossakaupum eða af einhverjum sjerstökum ástæðum, — þá hafa þær undantekningar ekki verið gerðar til að skapa neitt fordæmi. Nú er komin á dálítið ákveðin stefna með brúargerðir. Jeg sje því ekki, hvaða ástæða er til að koma með þetta frv. nú. Ef það hefði verið ætlun háttv. flutnm., að brýrnar væru bygðar á næsta fjárhagstímabili, þá hefðu þær átt að komast inn í fjárlögin. En það mun nú ekki hafa verið tilgangurinn. Þeim mun varla hafa dottið í hug að koma þessum brúm að á undan þeim tillögum, sem landsverkfræðingurinn hefir gert um brýr, sem byggja á í ákveðinni röð, eftir því sem gjaldþol landsins leyfir. Þessar till. eru gerðar 1915, og eftir áætlunum, sem verkfræðingurinn gerði, átti smíðinni á þeim brúm, sem þar er stungið upp á, að vera lokið 1923, ef alt hefði gengið skaplega og hægt hefði verið að halda óhindrað áfram öll árin. Nú má gera ráð fyrir, að brúarsmíðar tefjist allar að minsta kosti 3—4 ár, svo að áætlunum þeim, sem nú þegar eru gerðar, verði ekki lokið fyr en 1926 eða 27. Eftir þann tíma kæmu þá þessar ár fyrst til greina. En hvaða ástæða er þá til að drífa þetta frv. í gegn nú? Mjer virðist ærinn tími til stefnu, og margt getur breyst á þeim tíma. Nú hefir landsverkfræðingurinn gert áætlun um þá stefnu í brúamálum, sem helst ætti að fylgja í nánustu framtíð. Ef nú ætti að koma á nýrri stefnu og láta landssjóð fara að kosta brýr á sýsluvegum, þá gæti verið meining í því að koma með þingsályktun um það að láta rannsaka allar þær ár á sýsluvegum, sem til tals gæti komið að landssjóður ljeti brúa, og raða þeim svo eftir því, hve brýn þörf kallar að. Það gæti komið til álita að athuga þessa leið, en hitt er fráleitt, að taka fyrir sjerstakar ár og búa til lög um, að þær skuli brúa. Nú er ekki einu sinni sagt, að þessar ár yrðu næstar, þegar núverandi áætlun er lokið, þótt frv. yrði að lögum. Eftir því er hægt að draga að brúa þær svo lengi, að þær yrðu síðastar allra. Það er komið undir fjárveitingavaldinu, sem þá ræður, hve nær þær verða teknar upp í fjárlögin. (**Þór. J.**: Þingmenn N.-M. sjá um það) Það verða þá þeir þm., sem þá verða fyrir Norður-Múlasýslu, sem vonandi verða þeir sömu. — En jeg get ekki sjeð, hvaða gagn þeim er að því að koma frv. í gegn nú, nema þá til að geta komið heim með það og sýnt, hverju þeir gátu fengið framgengt. — (**B. J.**: Ef þeir verða orðnir ráðherrar, þá geta þeir tekið það upp). — Þetta er rjett athugað hjá háttv. þm. Dala. (B. J.). Jeg er hissa, að mjer skyldi ekki detta þetta í hug. — Mjer þætti vænt um að heyra það hjá hv. flm. (Þorst. J.), að hann ætlaðist ekki til, að þessar brýr gengju á undan þeim landsbrúm, sem þegar eru áætlaðar. Og úr því að svo á ekki að vera, þá get jeg ekki sjeð, hvað frv. á að gera. Þeim væri þá betra, hv. flutningsmönnum, að fara heim og láta fara að safna í brúarsjóðinn, vita svo, hvort hann yrði ekki orðinn svo stór,

að hægt væri að byggja brýrnar án venjulegrar landssjóðshjálpar, þegar sá tími er kominn, að landssjóður gæti farið að snúast við þeim. — Jeg skal ekkert segja um það, hvernig jeg tæki í það, ef fram kæmi sú stefna, að landssjóður ætti að brúa allar ár á sýsluvegum. Enn er hún ekkert undirbúin, og því ekki hægt að kveða upp úr með það.

Flm. (Þorsteinn Jónsson): Mjer er kunnugt um það, að hjer í þingsalnum hefir oft áður verið metist um það, hvora skyldi brúa fyr, Jökulsá á Sólheimasandi eða Eyjafjarðará. Þetta hefir orðið til þess, að báðar þessar stórár eru óbrúaðar enn. Eitthvað svipað þessu virtist hafa vakað fyrir háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.), þegar hann gaf í skyn, að hann mundi óðar koma með frv. um að brúa 3 ár í Skagafirði, ef þetta frv. yrði samþ. — Háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) færði það aðallega á móti frv., að hann hefði aldrei heyrt árnar nefndar. Það er eðlilegt, að hann sje á móti því að brúa ár, sem hann veit ekki hvort eru til eða ekki. (**E. J.:** Árnar eru víst ekki á kortinu). — Smátt er kortið, sem þm. hefir heima hjá sjer, ef hann getur ekki komið auga á Hofsá, enda hina líka. Þær eru báðar svo stórar. Annað atriðið hjá sama þm. (E. J.) var það, að árnar þyrftu brýr á sjálfar sig. Fyrir austan segjum við, að það sjeu mennirnir, sem þurfa brýrnar, til þess að komast yfir árnar, en árnar sjálfar hafa ekkert með brýr að gera. Annars situr illa á háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) að setja sig upp á móti fjárveitingu til nauðsynlegra fyrirtækja. Því að hvar er meiru fje varið til verklegra framkvæmda en einmitt í sýslunum hjerna fyrir austan heiðina, Árness- og Rangárvallasýslum, þó að ekki sje litið nema til stóru fjárveitinganna, sem líklegt er að þetta þing láti þeim í tje. Jeg tel það svo sem ekki neitt ósanngjarnt, en jeg vil þá ekki, að þingmenn þeirra kjördæma sjeu svona þröngsýnir, þegar aðrir landshlutar eiga í hlut. Auðvitað bregður Austfirðingum ekki mikið við, því að landssjóður hefir ekki hjálpað þeim nema með 2 fyrirtæki, sem nokkuð munar um, Lagarfljótsbrúna og Fagradalsbrautina.

Jeg sje ekki neina hættu á því að leyfa frv. að ganga til nefndar. Það er ekki heldur nein hætta að samþykkja frv., því að í því er ekkert tekið fram um það, hve nær brýrnar eigi að smíða. Það er því undir fjárveitinganefnd komið, hve nær henni list að taka þær í fjárlögin. Háttv. þm. Stranda. (M. P.) fjell frá því, að þetta frv. skapaði fordæmi, þar sem fordæmið er til áður. Reyndar vildi hann bendla þau tilfellin, sem á undan eru gengin, við hrossakaup. Jeg veit ekki, hvaða ástæðu hann hefir til þess. Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) mun hafa átt þátt í að útvega brýrnar í Þistilfirði, og veit jeg ekki, hvort hann vill kannast við að hafa beitt hrossakaupum. En svo mikið er víst, að jeg vildi ekki koma þessum brúm á með neinum hrossakaupum. Jeg kaus því heldur að bera þær fram í sjerstöku frumvarpi heldur en að taka í arm háttv. þm. Stranda. (M. P.) og bjóða honum hrossakaup, til að koma þeim inn í fjárlögin, þó að síðari leiðin kynni ef til vill að hafa reynst heillavænlegri til sigurs.

Jeg gæti verið með því að láta rannsaka, hverjar ár þyrfti að brúa á sýsluvegum, sem hv. þm. (M. P.) mintist á. En jeg ætlast ekki til, að þessar brýr komi á undan þeim, sem þegar eru áætlaðar. Það tók jeg fram í framsöguræðu minni. Þótt nokkrir hafi orðið til að andmæla þessu frv., þá vona jeg, að það fái fram að ganga, og jeg leyfi mjer að styðja till. háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.), að málinu verði vísað til samgöngumálanefndar, þegar þessari umr. er lokið.

Bjarni Jónsson: Jeg man ekki til, að menn hafi áður orðið svona grimmir út af jafnlítilfjörlegu frv. eins og þetta er. Kettinum leyfist þó að líta á konginn, og Austfirðingar ættu að fá að láta athuga krófur, sem þeir bera fram, til heilla sínu hjeraði. Það hefir líka komið á daginn, að háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) þarf að fá tíma til að fara til augnlæknis, til að fá sjer sterkari gleraugu, til þess að geta sjeð á kortið. Jeg skil því ekkert í þessum blóðþorsta, að vilja endilega kasta sjer yfir þetta frumvarpsgrey og murka úr því líftóruna strax.

Jeg skal lýsa þeirri skoðun minni, að fyrir mjer er það ekkert höfuðatriði, hvort ár eru á þjóðvegi eða sýsluvegi, ef þær eru hættulegar og þörf er á að brúa þær. Jeg er ekki kunnugur á þessum slóðum, en jeg vil hafa tíma til að átta mig á málinu og sjá, hvað um er að ræða. Jeg segi ekki þar með, að það sje ágæt regla að gefa út lög til að brúa slíkar ár, en jeg vil skjóta því til hv. þingdeildar, hvort það mundi tefja tímann nokkru meira, að vísa málinu til nefndar til athugunar, heldur en að halda langar ræður um það nú. Gætu hv. þm. tekið mig til fyrirmyndar í þessu, en jeg vil láta vísa málinu til 2. umr. og til nefndar.

Einar Jónsson: Sumir hv. þm. hafa skilið orð mín þver öfugt áðan. Hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) þótti undarlegt, að jeg skyldi segja, að árnar þyrftu brýr á sjálfar sig. Hann má vera undarlegur einfeldningur, ef hann skilur þetta ekki. Sami hv. þm. (Þorst.J.) sagðist ekki telja eftir fjárframlög til líkra fyrirtækja í Rangárvallasýslu. Jeg skal játa það, að fyrirhleðslan fyrir Þverá og Markarfljót hefir fengið góðan byr hjer, og er jeg þakklátur þeim hv. þm., sem stutt hafa það mál. En hjer er um alt annað að ræða; hjer er að ræða um smáár, sem jeg naumast veit, hvort renna til fjalls eða sjávar.

En í sambandi við þetta, þar sem hv. þm. Dala. (B.J.) var að bregða mjer um fáfræði, þá vil jeg minna hann á Grímsá, sem hann kannaðist ekki við, og fellur þó rjett hjá túninu í Vallanesi. Það mætti þykja fávíslegra af þessum gríska dósenti að vita ekki þetta en þótt jeg vissi ekki nöfn á öllum smáspræ num. Það er alt annað að vilja leggja brýr á manndrápsvötn heldur en að vera svo steinblindaður af hreppapólitík að fara fram á brýr á bæjarlæki.

Jeg enda svo orð mín með því að biðja hv. 2. þm. N.-M. (Þorst.J.) og hv. þm. Dala. (B.J.) að fara ekki að slást í þrætur og mótþróa við mig, því að það getur orðið þeim ofdýrt spaug, áður en langt um líður.

Jón Jónsson: Að vísu tekur enginn mark á orðum hv. 2. þm. Rang. (E. J.), svo að þess vegna þarf jeg ekki að svara honum. En jeg er hræddur um, að fleiri sjeu ókunnugir og haldi, að hjer sje um hjegóma að ræða, eða smáspræ nur, eins og hv. 2. þm. Rang. (E.J.) komst að orði í fáfræði sinni. En þessu er ekki svo farið. Það er áreiðanlegt, að það, sem Vopnfirðingar eru nú hugsjúkastir út af, er það, hvernig takast megi að brúa þessar ár, sem er þeim mikill þröskuldur í vegi og þeim er lífsnauðsyn að fá brúaðar. Jeg skal geta þess, til þess að gefa mönnum dálitla hugmynd um árnar, að þær eru báðar töluvert verri en Rangá, sem mest var barist um að fá brúaða hjer á árunum. Yfir Selá er ekki hægt að ferja, þegar hún er í vexti, fyr en niðri við ós; svo ströng og vatnsmikil er hún. Hofsá er lygnari, en við hana eru svo illir bakkar, að ekki er hægt að lenda nema á vissum stöðum, og hún er langan tíma sumars óreið. Jeg vil vekja athygli hv. þm. á því, að hjer er ekki um neinn barnaskap að ræða, heldur um lífsnauð-

syn. Jeg fjekk nýlega brjef frá merkum manni, síra Einari Jónssyni á Hofi, sem margir þingmenn munu þekkja sem sanngjarnan og skilríkan mann. Í brjefinu brýnir hann okkur, þm. N.-M., um það, ef mögulegt væri, að fá fjárveitingu nú á þessu þingi, til þess að brúa þessar ár. Nú hefir verkfræðingur rannsakað brúarstæðin og gefið út áætlun um kostnaðinn, en hann er svo mikill, að sýslufjelagið getur ekki int hann af hendi, nema ef til vill með því að safna saman fje í mörg ár eða áratugi. En slík krafa væri ekki sanngjörn gagnvart þessu bygðarlagi, fremur en öðrum bygðarlögum á landinu. Hjer er um að ræða fagra og fjölbygða sveit, sem orðið hefir út undan með fjárframlög úr landssjóði. Ferðalög eru mikil um þessar slóðir, og póstleið liggur hjer um.

Jeg er þakklátur hv. þm. Dala. (B. J.) fyrir það, hve hann tók sanngjarnlega í málið, og vænti, að aðrir hv. þdm. fari að dæmi hans.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 4 atkv., og til samgöngumálanefndar (sjá A, bls. 1611) með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Var frv. því aldrei tekið til 2. umr., og varð því

ekki útrætt.

---

12. Útflutningsgjald af síld.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um útflutningsgjald af síld (A. 217).

Á 28. og 31. fundi í Nd., dagana 8. og 11. ágúst, var frv. tekið tekið til 1. umr., en forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. ágúst, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Þetta frv. er flutt fram með það fyrir augum að gera tilraun til þess að bæta fjárhag landsins. Í greinargerðinni aftan við frv. eru færðar ástæður fyrir frv. og sýnt fram á, að þörf er á auknum tekjum. Í frv. er gert ráð fyrir því, að lögin komi ekki til framkvæmda fyr en um eða eftir næstu áramót; þetta er bygt á ástandinu, eins og það er nú, miðað við hið háa verð, sem á öllu er nú, sem að síldarútvegi lýtur. Líkt frv. þessu lá fyrir þinginu í vetur og var þá samþykt hjer í Nd. Vona jeg því, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og nefndar.

Jeg verð að telja síld allálitlegan tekjustofn. Það má gera ráð fyrir því, enda hafa heyrst raddir um það, að eftir stríðið muni síldarútvegur aukast hjer að stórum mun, einkum með því, að haft hefir verið á orði, jafnvel eftir að stríðið hófst, að útlendingar, einkum Norðmenn og Svíar, mundu fara að leggja sig enn meir eftir síldveiði hjer við land en áður. Þess vegna má hjer gera ráð fyrir álitlegum tekjustofni. Hins vegar leikur enginn vafi á því, að landssjóður þarfnast mikilla tekna.

Jeg hefi ekki sjeð mjer fært í frv. að gera greinarmun á innlendum og útlendum mönnum. Ef til vill væri ástæða til þess með því t. d. að hækka hundraðsgjaldið, sem ráðgert er í frv. 5%, og renni í Fiskveiðasjóð.

Með þessu frv. eru numin úr gildin lög 31. júlí 1907 og, eftir minum skilningi, 4. tölul. 1. gr. laga 13. apríl 1894, þótt ekki sje það beint tekið fram í frv.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um

frv. í þetta sinn. Jeg vænti, að því verði vel tekið, ekki síður en í vetur. Það væri alleinkennilegt, ef það væri felt strax, og get jeg ekki látið mjer detta það í hug, þegar litið er á allar ástæður. Að lokinni þessari umr. leyfi jeg mjer að leggja það til, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar.

Matthías Ólafsson: Það er góðra gjalda vert, að þingmenn leiti allra ráða til að afla tekna í landssjóð, en þá svo, að miðað sje við heppilega og sanngjarna tekjustofna. Þetta verður ekki sagt um það frv., sem hjer liggur fyrir. Það legst á á einn atvinnuveg, sem einmitt nú, vegna styrjaldarinnar, stendur höllum fæti. Hv. flm. (S. S.) ætlast ekki til þess, að frv., ef það verður að lögum, komi til framkvæmda fyr en 1. jan. 1918. Það er rjett eins og hann viti, að þá muni ófriðnum ljett af, en hann er víst sá eini maður í þessum sal, sem lætur sjer slíkt til hugar koma. Það er nú svo ástatt um síldarútveginn, eftir því verði, sem á öllu er, sem þar til þarf, að aflinn þarf að verða mikill til þess, að síldveiðar borgi sig. Þótt síldaraflinn yrði meiri en hann hefir nokkru sinni áður orðið, gæti aldrei orðið um neinn verulegan stórhag að ræða, hvað þá þegar athugað er, hvað kol og steinolía kostar nú. Jeg held, að varla hafi komið fram ósanngjarnara frv., ekki vegna upphæðarinnar, heldur vegna ástandsins, sem hv. flm. (S. S.) taldi þó mæla með frv.

Hv. flm. (S. S.) sagði, að frv. í vetur hafi gengið í sömu átt, en þá var líka samtímis frv. um verðlaun fyrir útflutta síld, sem að nokkru leyti „annulleraði“ eða afnam hitt frv., nema það er tók til útflutninga. Nú í sumar eru engir útlendir síldveiðamenn hjer við land, nema eitt fjelag, og engin líkindi til þess, að þeir verði nokkrir næsta sumar, sem ekki er við að búast, með því að Englendingar setja Norðmönnum þá kosti, að skip þeirra verði að koma við í Englandi.

Það var leiðinlegt, að hv. flm. (S. S.) skyldi ekki finna önnur ráð, t. d. gjald á kjöti; það verður víst nóg til útflutnings í haust, því að sjálfsagt verður miklu slátrað sökum grasbrests. En hann hefir líklega ekki munað eftir því. Það er ekki svo að skilja, að jeg vilji fara að leggja á kjöt. Yfirleitt held jeg, að ekki eigi við að leggja gjald á framleiðsluna í landinu.

Jeg held, að ef nokkurntíma hefir verið ástæða til þess að fella nokkurt frv., þá sje hún nú fyrir hendi, svo að ekki er einu sinni eyðandi orðum að þessu frv., með öðrum orðum, lengra á frv. ekki að komast.

Einar Jónsson: Það er eðlilegt, að menn vilji fara varlega í sakirnar í nýjum tollum, en ekkert verður þó haft á móti því að minnast á síld sem tekjustofn, ef hún gefur svo mikið af sjer, sem hún hefir áður gert. Jeg býst við, að háttv. þm. hafi lesið bækling eftir Böðvar Jónsson á Akureyri, sem heitir „*Nýir vegir*“, bók, sem mörgum bændum eystra hefir fallið mæta vel, af því að rökin eru þar svo sterk. Þar er lögð áhersla á þrent. 1. að tryggja, að síldveiðinni verði ekki ofþyngt. 2. tryggja það, að markaður á henni haldist. 3. að gera hana að tekjustofni fyrir landssjóð, en höf. áætlar, að landssjóður geti náð þar upp 2 milj. króna. Það er undarlegt, að enginn skuli hafa orðið til þess á þessu þingi að hreyfa við tillögum þessa bæklings. Það getur verið, að hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) hafi fundist þar vera komið við hjartað í sjer, því að svo er jafnan, þegar minst er á síldarútveginn, sem jeg vil alls ekki lá honum, því að hann finnur til skyldu sinnar og breytir eftir því.

Jeg hygg, að úr því að þetta litla frv. er komið fram, sem fer fram á ofurlítinn

tekjuauka fyrir landssjóð, þá beri ekki að taka því illa. Þegar jeg hefi minst á tillögur Böðvars Jónssonar á Akureyri, um síldarmálið, hefi jeg ekki orðið annars var en að almenningur hafi tekið þeim vel, og eins býst jeg við, að þessum tillögum muni verða tekið.

Hv. þm. V.-Ísf. (M.Ó.) er svo sanngjarn maður, að hann ætti að falla frá orðinu nú, er hann hefir heyrt ræðu mína og röksemdir. Þó er það ekki svo að skilja, að jeg sje ekki fús á að hlusta á, ef hann kann að hafa eitthvað við málið að athuga, en því trúi jeg ekki að óreyndu, að hann snúist algerlega móti því.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Jeg er þakklátur hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) fyrir undirtektir hans undir málið. Þær voru mun betri en jeg bjóst við. Hann tók fram flest hið sama sem stendur í greinargerðinni fyrir frv. Að vísu hafði hv. þm. (M.Ó.) mikið að athuga við tímatakmarkið, sem sett er, hve nær lögin eiga að ganga í gildi. En til þess er því að svara, að þótt gert sje ráð fyrir í frv., að þau skuli ganga í gildi 1. janúar 1918, þá hefi jeg sett það meir til athugunar en hins, að jeg haldi fast við það. Jeg hefi ekki á móti, að tímatakmarkinu sje breytt og lögin látin koma seinna í gildi en tilgreint er í frv. Hitt er annað mál, að jeg tel frv. vænlegt til að afla landssjóði tekna, þegar fram í sækir. Í bráð er má ske ekki um mikinn tekjuauka að ræða af því. Jeg þykist þess fullviss, að síldarútvegurinn muni stórum aukast hjer við land að stríðinu loknu, bæði hjá innlendum og ekki síst útlendingum. Verða það því ekki smáræðis tekjur, sem frv. þetta á að geta fært landinu, og það að allmiklum hluta frá útlendingum, sem sjálfsagt er að greiði eitthvað fyrir hin miklu hlunnindi, sem þeir verða hjer aðnjótandi. Að vísu tel jeg hjer farið fram á oflágt gjald af síldinni, en tel þó rjett að fara ekki lengra að þessu sinni.

Að svo komnu máli vil jeg ekki lengja umræðurnar, eða rökstyðja meir en jeg hefi gert, hve rjettmætt þetta frv. er. Það var áðan eytt oflöngum tíma í umræður um annað mál, og vil jeg ekki brenna mig á hinu sama, þótt þetta sje þýðingarmeira fyrir alþjóð en hitt. Vænti jeg svo, að málið fái að ganga til 2. umr. og til fjárveitinganefndar.

Matthías Ólafsson: Jeg ætla fyrst að snúa máli mínu að hv. 1. þm. Árn. (S. S.); hann sagði, að jeg hefði ekki fært önnur rök fyrir máli mínu en þau, sem hann hefði sjálfur borið fram. Það er nú helst að svo sje, eða hitt þó heldur, þar sem jeg hefi snúið öllu máli hans í villu og sýnt fram á, hvílíkur stórgallagripur frv. hans er. Hv. þm. (S. S.) vill láta lögin koma til framkvæmda strax við næsta nýár. Ef hann hefði lagt til, að þau skyldu ekki ganga í gildi fyr en eftir stríðið, þá var lítill vegur til, að við hefðum getað farið að tala saman. Þó mundi jeg hafa getað sýnt honum fram á, að jeg hefði rjett fyrir mjer, en hann rangt, og skal jeg færa rök fyrir því. Þegar eftir stríðið má búast við, að síld komist í svipað verð og hún var í fyrir stríðið, í 15—18 kr. tunnan; þá liggur það í augum uppi, að 2 króna tollur muni vera altof hár á tunnu hverja; enda þótt gera megi ráð fyrir, að tómar tunnurnar komist í svipað verð og áður, 3—4 kr. tunnan, þá er svo mikill og margskonar annar kostnaður við síldveiðarnar, að ekki er að búast við miklum hagnaði af þeim, og því ekki fært að íþyngja þeim með háum tolli, nema sú sje meiningin að vinna að því með honum, að þær leggist niður, en það mun þó varla vera. Að undanförnu hafa útgerðarmenn botnvörpunga sjálfsagt mestmegnis sent þá á síldveiðar,

til þess að láta þá ekki halda kyrru fyrir sumarmánuðina og til að sjá fólki sínu fyrir atvinnu. Þeir hafa þóst góðir, ef þeir hafa sloppið skaðlausir við síldveiðarnar. Gróðinn á síldveiðunum 1916 stafaði af ófriðnum, og við óskum víst allir, að gróði af hans völdum verði ekki til langframa, enda því miður ekki útlit fyrir það nú lengur, þótt ófriðurinn haldi áfram. Háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) er nú horfinn úr þingsalnum, þegar jeg ætlaði að snúa máli mínu að honum, en af því að jeg geri ráð fyrir, að hann muni nú sem oftar standa á hleri einhversstaðar hjer í nánd, þá fresta jeg ekki að svara ræðu hans.

Hann hjelt víst, að við hefðum ekki lesið bækling Böðvars Jónssonar. Jú, víst hef jeg lesið hann, þótt eigi hafi jeg hann fyrir húslestrarbók, eins og helst lítur út fyrir að háttv. 2. þm. Rang. (E. J) geri, og þeir þarna austur í sýslunum. Og jeg þekki ofmikið til síldar og síldveiða til þess, að jeg vilji hafa hann fyrir mína trúarbók. Í bæklingi þessum úir og grúir af villum, og fátt af viti sagt. Það er annars leitt, að háttv. þm. (E. J.) skuli hafa gefið tilefni til þess, að jeg verði þannig að dæma um verk fjarverandi manns, en hjá því verður ekki komist. Sá tollur, sem þar ræðir um, yrði hreinn verndartollur fyrir síldina; það mundi ekki verða lagt út í að veiða hana. Hin fyrsta kórvilla höfundarins er, að síldinni muni fækka, ef veiðin er ekki takmörkuð. Þessi staðhæfing byggist ekki á neinni reynslu, þar sem síldveiði hefir verið stunduð í stórum stíl, og því ekki leggjandi mikið upp úr henni. Önnur villa hans er sú, að vjer munum geta haldið uppi síldarverðinu með því að takmarka veiðina. Það er eins og hann viti ekki, að það er svo lítill hluti af síldveiði alls heimsins, sem kemur í hlut okkar Íslendinga, að það getur engin áhrif haft á síldarverðið, hvort við veiðum nokkru meira eða minna. Sú bók, sem heldur fram þvílíku sem þessu, getur því ekki orðið trúarbók mín, og varla annara, nema ef vera skyldi Rangvellinga.

Háttv. þm. (E. J.) sagði, að jeg bæri blak af sjávarútveginum. Það er satt, að jeg vil bera blak af honum, ef beita á hann ójöfnuði, en mjer dettur ekki í hug að vilja hlífa honum við sanngjörnum sköttum.

En mjer sárnar það, þegar á að hafa hann fyrir mjólkurkú, en hver eyrir talinn eftir, sem farið er fram á að fá, til að gera hann öflugan og arðberandi. Það er áreiðanlega hyggilegur búhnykkur fyrir bændur að styrkja sjávarútveginn með framlögum úr landssjóði, því að öflugur sjávarútvegur mun reynast drýgstur til að auka tekjur landssjóðs. En því meiru sem landssjóður hefir úr að spila, því auðveldara er að styrkja stór og arðvænleg búnaðartyrirtæki. Svari háttv. þm. (E. J.) fyrir sig og stjettarbræður sína, hvort þeir hafi reynst jafnfúsir að leggja á sig landssjóðsgjöld eins og sjávarútvegsmenn, og hverjir hafa kvartað mest og kveinað yfir álögum á atvinnuvegi sínum? Fyrst að háttv. flm. (S. S.) vill ekki taka aftur frv. sitt, vildi jeg biðja háttv. þdm. að stytta því aldur, því að það mun ekki reynast til þjóðþrifa að treina í því líftóruna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorst. J., Þór. J., B. K., B. St., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., P. O., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þorl. J., Ó. B.

nei: B. Sv., B. J., E. Árna., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., St. St.

Einn þm. (E. A.) fjarstaddur.

Frv. vísað til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1603) með 13 : 9 atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr., og varð því

ekki útrætt.

---

13. Misærisskattur af tekjum.

Á 22. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um misærisskatt af tekjum (A. 229).

Á 25. og 27. fundi í Nd., dagana 4. og 7. ágúst, var frv. tekið til 1. umr., en forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 9. ágúst. var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg hefi borið fram þetta frv. einu sinni áður hjer í deild; það var í þann tíð, er þingmenn ákváðu að leggja verðhækkunartoll á afurðir tveggja stjetta í landinu, leggja hann á sjómenn og bændur. Jeg hjelt því fram, og það reyndist rjett, að landssjóði mundi þörf á tekjum fram yfir það, sem ákveðið er í fjárlögum. Og þótt þörfin hafi ekki beint verið knýjandi fram að þessu, þykjast vitrir menn heyra hana berja nú hart á dyr. Þegar svo er komið, að auka þarf tekjur landsins með nýrri skattaálagning, þá er einasti rjetti vegurinn sá, að leggja skattgjaldið á alþjóð, eftir efnum og ástæðum, en ekki á einstakar stjettir eða atvinnuvegi, en sleppa hinum.

Jeg hefi heyrt það undir væng, þótt enn hafi eigi í hámæli komist, að hugur sumra hjer á þingi muni hneigjast að því að framlengja lögin um verðhækkunartollinn. Vildi jeg því, að þetta frv. væri til, er hitt kæmi fram, svo að þingið gæti valið á milli þessara tveggja leiða. Jeg efast ekki um, að minn vegur sje betri og rjettari en hinn. Það eru ýms ákvæði í frv. um, hvernig ná skuli skattinum, sem ábótavant mun vera. Jeg var einn um að semja það, því að aðrir, sem líklegastir voru til samvinnu við mig, lögðu svo mikið kapp á að fá fram verðhækkunartollinn, að þar var ekki aðstoðar að vænta. Varð jeg því að semja frv. eftir mínu eigin viti og erlendum fyrirmyndum, því að jeg hygg, að málið eigi að fara í nefnd og vera rannsakað þar. Grundvöllurinn er góður og þarf ekki rannsókn; það veit jeg; en ýms einstök atriði mega sjálfsagt betur fara en hjá mjer, og það verður hlutverk nefndar að athuga það Jeg get þess, að þeim takmörkum, sem í frv. eru sett um byrjunarupphæð tekjuskattsins, og eins hundraðstölunum, mætti breyta; það er mjer ekkert kappsmál.

En nú er það stjórnarinnar um að segja, hvort þörf muni á auknum skatti, annaðhvort á þennan veg eða annan. Þurfi hans ekki, þá má bæði þetta frv. falla niður og engin þörf á verðhækkunartollsfrv. Vil jeg því, að frv. sje látið liggja, sem einskonar handveð, hjá fjárhagsnefnd, sem gripið sje til því að eins, að fram komi frv. um verðhækkunartoll, annars ekki.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er enginn vafi á því, að landinu er þörf á auknum tekjum, og að það má eiginlega engan missa af tekjustofnum þeim, sem nú eru. Og sennilega veitti ekki af að fara

báðar leiðirnar, að halda verðhækkunartolli, og þá, er háttv. þm. (B. J.) vill fara.

Það er auðvelt að breyta hundraðstölunum, ef aðrar þykja hæfilegri, en engum mun blandast hugur um, að það sje rjett stefna að afla þar mestra tekna, sem af mestu er að taka. Jeg tel því rjett, að nefnd athugi báðar þær leiðir, sem hjer ræðir um.

Gísli Sveinsson: Hv. flutnm. (B. J.) tók það fram, að hann hefði á þinginu 1915 komið fram með samskonar frv. og þetta, til að vega á móti verðhækkunartollinum, eða til að hindra, að hann yrði samþyktur; og nú kæmi hann fram með þetta frv. í sama tilgangi; það ætti að koma í veg fyrir það, að verðhækkunartollurinn yrði framlengdur.

Sennilega mun stjornin ekki ætla sjer að koma fram með frv. um framlenging verðhækkunartollsins, því að hún hefir snúið sjer til fjárhagsnefndar um að bera fram slíkt frv., en jeg tel það ekki upplýstur leyndarmáls, þótt jeg skýri frá því, að nefndin vildi það ekki. Það þarf því varla að búast við, að frv. um framlenging verðhækkunartollsins komi frá stjórn nje fjárhagsnefnd, og varla mun þurfa að vænta þess frá einstökum þingmönnum, ef jeg þekki þá rjett. Enda standa sakir svo nú, að þótt einhver vildi nú bera fram frv. um verðhækkunartoll, þá mundi það eiga meira en erfitt uppdráttar. Alt er nú svo á hverfanda hveli með verðlag alt og allan hag landsmanna, að í raun og veru er ekki viðlit að ákveða þann toll svo, að af nokkru viti sje; og í þeim vandræðum sem nú blasa við, sýnist ógerlegt að halda verðhækkunartolli þeim, sem nú er. Hvort stjórn eða einstökum mönnum kann að sýnast tiltækilegt síðar að koma fram með tillögur um verðhækkunartoll, um það skal jeg ekkert segja.

Þegar jeg sný mjer að frv. því, sem hjer liggur fyrir, þá er þess að gæta, að það á eins að gilda meðan misæri er, eins og það er orðað, og skatturinn að sjálfsögðu að falla niður að afstöðnu misærinu. En það gæti vel komið til mála að breyta til frambúðar ákvæðunum um tekjuskatt og afla landsjóði aukinna tekna með því að hækka hann á þeim, sem háar tekjur hafa, en þetta frv. er ekki einhlítt til þess. Hv. atvinnumálaráðh. virtist hallast að frv. þessu, og taldi rjett að taka þaðan mest, sem af mestu er að taka. Um þetta er ekkert að segja. En hitt er undarlegt, að hv. þm. Dala. (B. J.) skuli hafa sniðið frv. sitt eins og það er. Hann vill láta leggja skatt á þá, sem að hans eigin skoðun hafa ekki einu sinni nægilegt sjer til framfæris. Bæði hann og fleiri hafa komið fram með tillögur um dýrtíðaruppbætur, og er það í sjálfu sjer rjettmætt, en hann hefir þá um leið haldið því fram, að á þessum tímum geti heimili eigi komist lífvænlega af með 2500 kr. árstekjur. Mjer finst því, svo framarlega sem staðhæfing hv. þm. (B. J.) er rjett, ekki vera tiltök að leggja misærisskatt á svo lágar tekjur. **(B. J.:** Tölurnar eru flytjanlegar). Það er rjett, en hv. þm. (B. J.) hefði þegar átt að vera búinn að breyta þeim frá því, sem hann setti þær í frv. 1915; því að ástæður hafa breyst svo síðan, að full ástæða hefði verið til þess. Það er sjálfsagt satt, að tekjur landssjóðs þyrfti að auka, en mönnum kemur ekki saman um, hvernig það skuli gert. Mjer t. d. sýnist ekki fært að halda verðhækkunartolli þeim, sem nú er.

Þegar jeg ber frv. þetta saman við hin gildandi tekjuskattslög frá 14. des. 1877, þá vakna hjá mjer nokkrar spurningar, sem jeg bið hv. flutnm. (B. J.) að svara. Jeg spyr hann, hvort það sje tilætlunin, að þeir, sem misærisskattinn greiða, eigi líka að greiða tekjuskatt eftir tekjuskattslögunum frá 1877, því að ekki gerir frv.

ráð fyrir, að þeim sje breytt að neinu; þá spyr jeg og, hvort sjerstakar skattanefndir eigi að jafna niður misærisskattinum, því að frv. virðist gera ráð fyrir því, en ekki skattanefndir þær, sem skipaðar eru eftir tekjuskattslögunum frá 1877. Fleira er sjálfsagt að athuga við málið, en jeg sleppi því að þessu sinni, og geri að mínu leyti ráð fyrir, að frv. verði athugað í nefnd.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg skal leyfa mjer að svara fyrirspurninni í örstuttu máli. Jeg tók það ráð að hafa tölurnar hinar sömu sem áður, ekki af því, að jeg áliti gerlegt að krefjast misærisskatts af þeim, sem varla hafa nóg sjer til lífsviðurværis, heldur fyrir þá sök, að jeg ætlaði nefndinni að ákveða lágmark tekjuupphæðar þeirrar, er gjalda skyldi af misærisskatt. Að jeg fór þessa leið gerði athugun á almennri sálarfræði; jeg er ekki nauðbeygður til að segja hjer, hvaða setning sálarfræðinnar kom mjer til þess, en jeg get sagt háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) það undir fjögur augu. Jeg ber ekki fram þetta frv. í því skyni, að jeg vilji hafa misærisskatt. En ef stjórnin ætlar sjer að leggja á einhvern aukaskatt, t. d. framlengja verðhækkunartollslögin, þá er þetta frv. mitt bending til hennar um það, á hvern hátt eigi að leggja slíkan aukaskatt á. Þetta er markmið mitt með þessu frv., og þess vegna á þessi misærisskattur eða aukaskattur ekki að breyta neinu um venjulegan tekjuskatt. Um skattanefndirnar er það að segja, að jeg hefi hugsað mjer, að það væri algerlega á stjórnarinnar valdi, hvort hún ljeti þær gömlu skattanefndir eða aðrar nýjar jafna þessum skatti niður. Jeg ætlast til, að þær yrðu öðruvísi en verið hefir, gengju harðar að mönnum og segi t. d. ekki frá, hve mikið fje menn eigi inni í bönkum. Það var einmitt eitt, sem jeg nefndi í flutningsræðu minni og ætla að endurtaka, sem sje það, að jeg tel fjárhagsnefndina færari til þess en sjálfan mig að ákveða nánar um einstök atriði frv., en jeg hef að eins með frv. bent henni á, í hvaða stefnu hún á að halda. Jeg ætlast til, að nefndin taki og geymi þetta frv. og reiði það móti till. um verðhækkunartoll, ef þær koma fram.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg vil að eins leiðrjetta þann misskilning hjá háttv. V.-Sk. (G. Sv.), að stjórnin ætlaði ekki að flytja frv. um framlenging verðhækkunartollslaganna. Jeg sagði einmitt, að hún ætlaði að gera það, þrátt fyrir það, að hún færi þess á leit við háttv. fjárhagsnefnd að flytja það, en það gerði hún að eins til að spara það að síma um það út til konungs. Stjórninni þótti rjettara að byggja ekki eingöngu á áliti fárra manna nefndar, heldur láta þingið í heild sinni skera úr því. Landssjóður þarf auknar tekjur. Jeg ætla ekki að fara inn á einstök atriði í frv. háttv. þm. Dala. (B. J.), en benda þó að eins á, af því að háttv. flm. (B. J.) benti sjálfur á það, að eigi getur komið til mála að skylda bankana til að segja frá innieign sparisjóðsinneigenda, því að það verður að eins til þess, að menn taka fje sitt út úr innlendu bönkunum og flytja það í útlenda banka.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1608) í e. hlj.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr., og varð því

ekki útrætt.

14. Veðurathuganastöð í Reykjavík.

Á 25. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um veðurathuganastöð í Reykjavík (A 230).

Á 25. og 27. fundi í Nd., dagana 4. og 7. ágúst, var frv. tekið til 1. umr. en

forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 9. ágúst, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Það, sem þetta frv. fer fram á, mun þykja nýmæli hjer á landi, en í öllum menningarlöndum eru fyrir löngu komnar á slíkar stofnanir. Öllum mun nú geta komið saman um það, að ef nokkursstaðar er þörf á veðurathugunarstofnun, þá sje það hjer, svo mjög sem aðalatvinnuvegir vorir, landbúnaður og sjávarútvegur, eru háðir veðráttufari og veðrabrigðum. Utanlands eru þessi vísindi, veðurfræðin, og þessar stofnanir svo langt komnar, að veðurfræðingar segja fyrir veðrabrigði, að vísu ekki alveg upp á stund, en þó töluvert nærri.

Jeg skal geta þess í sambandi við þetta, að ekki er ætlast til þess, að fleiri veðurathugunarstöðvar verði en ein hjer á landi, og hún hjer í Reykjavík. En slíkar smærri stöðvar þyrfti þó að setja á öllum andnesjum landsins. Það nægir ekki að hafa eina stöð hjer, heldur þarf smástöðvar kringum land, t. d. á Horni, Langanesi eða Rifstanga, Gerpi og á Reykjanesi eða Snæfellsnesi; þá mundu stöðvarnar koma að miklum notum, auðvitað með því að vera í sambandi við aðalstöðina. Veðurfræðingar ytra eru komnir svo langt, að þeir geta sagt fyrir stórviðri 12 klst., eða þar um bil, áður en þau skella á. Af þessu sjá menn, að þessar stofnanir hljóta að koma að miklu haldi, einkum sjávarútveginum eða sjómönnum; um þessi veðrabrigði þyrfti þá að gefa sjómönnum bendingar eða merki, og til þess þyrfti þá að setja upp viðvörunarstöðvar, sem gæfu merki, sem hægt væri að sjá til langt að. Jeg býst við því, að mest yrðu notin fyrir sjávarútveginn, en þau yrðu þó nokkuð einnig fyrir landbúnaðinn. Útlendir vísindamenn í þessari grein geta sjeð nokkru fyrir mjög miklar úrkomur, og einnig ef þær eru langvinnar. Það hefir mikla þýðing fyrir landbúnaðinn að fá vitneskju um það fyrirfram.

Jeg þarf svo ekki að fara fleirum orðum um frv. Jeg skal að eins benda á það, að ekki er ætlast til þess, að stofnunin sje sett upp nú þegar, heldur svo fljótt sem unt er. Jeg skal og taka það fram, að frv. er ekki samið af okkur flutningsmönnum, heldur var mjer sent það og jeg beðinn að flytja það. Jeg skal leyfa mjer að leggja það til, að frv. verði vísað til mentamálanefndar, að lokinni þessari umr.

Matthías Ólafsson: Jeg hef ekkert við það að athuga, að þetta frv. er komið fram. Það gat aldrei liðið á löngu, áður en þessi hugmynd kæmi fram hjer á landi, með því að aðrar þjóðir kosta nú svo mjög kapps um að skygnast inn í leyndardóma náttúrunnar að þessu leyti. Samt hygg jeg, að þetta mál sje enn lítt hugsað hjer. Og lítið gagn mundi hjer að einni stöð, heldur þyrfti, eins og hv. flm. (J. B.) tók fram, að setja stöðvar á öllum andnesjum, og ekki nóg með það heldur þyrfti að koma á sambandi milli allra stöðvanna, annaðhvort með símalínum eða loftskeytum. Það er enginn vafi á því, að þetta mál verður að teljast einn liðurinn í menningu vorri, og sjerstaklega yrði það mikilsvert fyrir sjávarútveginn, eins og háttv. flm. (J. B.) tók fram; það

er enginn vafi á því, að með slíkum stofnunum mætti oft koma í veg fyrir slys, með því að með nokkurri nákvæmni má segja fyrir, hve nær stórviðri ber að og hvaðan þau koma; að vísu breyta fjöllin nokkuð stefnu vindanna, en við sjóinn má þó oftast marka leiðbeiningarnar.

Jeg tel því frv. mjög gott málefni, en þó því að eins gagn að því, að það verði að lögum, að komið verði á góðu sambandi milli stöðvanna, og um það verður að hugsa fyrst að gera sambönd milli væntanlegra stöðva á andnesjum, t. d. Langanesi, Horni og Reykjanesi, eins og háttv. flm. (J. B.) tók fram.

Benedikt Sveinsson: Jeg er þakklátur hv. þm. V.-Ísf. (M.Ó.) fyrir liðlegar undirtektir hans, og býst við, að frv. nái fram að ganga á skynsamlegan hátt, verði sent mentamálanefnd, er taki það til rækilegrar athugunar og geri þá tillögur um, hvort setja skuli upp þessar stöðvar nú þegar eða síðar meir.

Jeg get að eins ekki fallist á þau orð hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), að ekki sje hægt nú að færast þetta í fang, með því að símasamband sje ófullkomið til andnesja landsins. Jeg held þvert á móti, að símasamband sje nú því nær orðið svo fullkomið, sem orðið getur. Sími er t. d. kominn á Langanes, að vísu ekki út á tá, en til Þórshafnar, og kemur það í einn stað niður. Sama er að segja um Sljettu. Þangað er sími kominn til Raufarhafnar. Sjálfsagt er og gott að hafa veðurathuganastöð á Hornströndum, og þess er nú eigi langt að bíða, að þangað verði lagður sími, þ. e. til Aðalvíkur, en þangað til mun vera mikið gagn að því að hafa veðurathuganir á Ísafirði.

Jeg skal benda á það, að kostnaðurinn við slíkar veðurathuganastöðvar mundi aldrei nema miklu. Hjer hafa veðurathuganir farið fram í nálega 40 ár, og menn gert þær fyrir lítið eða ekkert, og nú eru þær gerðar í sambandi við landsímann, og birtar daglega. Þess vegna er ekki að ræða um aukna síma nje mikið aukinn kostnað við veðurathuganir. Aðalkostnaðurinn yrði sá, að hafa mann eða menn hjer í Reykjavík, sem þekkingu hefir til þess að draga rjettar ályktanir af veðurskýrslum þeim, sem gerðar eru í landinu og sendar hingað.

Að svo mæltu vænti jeg þess, að hv. mentamálanefnd taki frv. til ítarlegrar athugunar.

Magnús Guðmundsson: Jeg stend að eins upp til þess að beina þeirri fyrirspurn til hv. flutningsmanna, hvað þeir hafa hugsað sjer kostnaðinn háan við framkvæmd þessa frv. til að byrja með. Það gefur að skilja, að það atriði hefir talsvert að segja.

Í annan stað, hvað hafa þeir hugsað forstjóranum og aðstoðarmanni hans há laun?

Í þriðja lagi, í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að landssjóður kosti áhöldin, en þóknun til veðurathugunarmanna er ætlast til að tekin verði úr sveitarsjóðum eða bæjarsjóðum. Nú vil jeg spyrja, á þá bæjarsjóður Reykjavíkur að greiða laun starfsmanna við stöðina í Reykjavík, þ. e. forstjóra og aðstoðarmanns hans? Jeg hjelt fyrst, að tilætlunin væri sú, að þeim yrðu greidd laun úr landssjóði, en eftir 5. gr. frv. sýnist mjer, sem bæjarsjóður Reykjavíkur muni eiga að greiða þeim laun.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg ætla að eins að segja örfá orð viðvíkjandi fyrirspurnum hv. 1. þm. Skagf. (M. G.). Hann spurði þá fyrst um kostnaðinn, sem þetta myndi hafa í för með sjer, og er þar til því að svara, að það er ekki auðvelt að gera nákvæma grein fyrir honum

að svo stöddu. Við leituðum okkur upplýsinga þar að lútandi, eftir því sem föng voru á, og komumst að þeirri niðurstöðu, að hann mundi ekki fara fram úr 10--15 þús. kr. Þar er talinn með stofnkostnaður við stöðina, auk launa forstöðumanns hennar og aðstoðarmanna. Áhöld, sem þarf til þessa, hugsa jeg ekki að hleypi kostnaðinum afarmikið fram. Það verður aðallega stöðin sjálf, eða húsrúm til hennar, sem mestu nemur, og svo launin. Um athuganastöðvar er það að segja, að ekki er gott að giska á, hvað þær koma til að kosta, en jeg býst ekki við, að þær verði fleiri en 3—4 fyrstu árin, svo að það verður aldrei mikið.

Sem sagt, þá býst jeg ekki við, að kostnaðurinn fari fram úr 10—15 þús. kr. (**M. G.**: En svo vaxandi úr því?). Það álít jeg að ekki þyrfti að vera, því að þótt athuganastöðvunum verði fjölgað, er ekki meiningin, að sá kostnaður leggist á landssjóð. Auðvitað þarf dálitið fje til símskeyta innanlands, en það vil jeg varla telja til beins kostnaðar, þar sem það fer úr einum vasa í annan. Öðru máli er að gegna um skeyti frá útlöndum. Það þarf auðvitað fje fyrir dagleg skeyti, helst sem víðast að, t. d. frá Englandi, Noregi og Danmörku, og helst vestan um haf líka, en því verður að haga eftir ástæðum. Viðvíkjandi fyrirspurn hv. 1. þm. Skagf. (M G.) um það, hvort bæjar- og sveitarfjelög eigi að taka þátt í höfuðkostnaðinum, þá er það ekki meiningin, að því er til kemur stofnkostnaðar og launa forstöðumanns, heldur að þau greiði að eins það, sem þarf til viðvörunarstöðvanna, en, eins og jeg tók fram áðan, nemur það aldrei miklu. Þar sem svo háttar til, að leggja þarf síma, yrði það auðvitað dálitið kostnaðarsamt, en þar er hægt að sníða sjer stakk eftir vexti.

Bjarni Jónsson: Það er að eins örstutt athugasemd. Jeg fyrir mitt leyti er einráðinn í því að ljá þessu frv. fylgi mitt, og mundi ekki setja fyrir mig kostnaðinn, þótt hann næmi töluverðu, því að hjer er, að mínum dómi, um mjög merkilegt mál að ræða, sem fer í þá átt að tryggja mannslífin hjer á landi, en jeg met hvert mannslíf dýrt, ekki síst fyrir þá sök, að fólksfæð er hjer mikil. En hitt finst mjer sjálfsagður hlutur, að allan þann kostnað, sem slíkar öryggisráðstafanir fyrir líf manna hafa í för með sjer, beri að greiða úr landssjóði, en ekki frá einstökum sveitar- eða bæjarfjelögum. Hvað snertir skeyti frá útlöndum, þá hygg jeg ekki, að þau mundu verða okkur dýr, því að jeg hugsa, að þeir hafi einmitt beðið þess með óþreyju, að slík stofnun sem þessi kæmist á hjer, svo að þeir gætu fengið fregnir um veðráttu hjer norður í Atlanshafi. Jeg gæti miklu fremur haldið, að þeir væru fúsir til að leggja fram fje til þessarar stofnunar.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. í e. hlj., og til mentamálanefndar (sjá A, bls. 1614) í e. hlj.

Á 57. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 230, n. 862).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. — — — 14 — —
5.—7. — — — 14 — —
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 230).

Ofskamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Því miður var jeg kallaður frá við síðustu umr. þessa frv., svo að jeg gat ekki gert mönnum grein fyrir því þá. En mjer er sagt, að menn hafi tekið því vinsamlega, og mun jeg því eigi þurfa að mæla með því. Þó vil jeg í nokkrum atriðum taka fram nokkrar nánari skýringar á nál.

Jeg skal fyrst geta þess, að í nál. er lestrarvilla, einingarmælir, í staðinn fyrir eimingarmælir (þ. e. uppgufunarmælir).

Annars skal jeg taka það fram, að jeg hefi gert mjer far um það í nál. að rekja málið þannig, að allir geti gert sjer grein fyrir því.

Þess skal jeg geta, að nefndin ætlaðist ekki til þess, að þessi veðurathugunarstöð í Reykjavík yrði vísindastofnun, er ynni öll þau störf, sem vant er að vinna á slíkum stofnunum, heldur taki hún við skeytum frá 8—10 vel völdum stöðvum á landinu, er hún síðan ynni úr, eftir viðurkendum reglum, og reiknaði út, og sendi síðan árangurinn til allra veðurvarastöðva á landinu.

Þessar veðurvarastöðvar mundu vafalaust koma að miklu gagni, ekki botnvörpungum eða stærri skipum, heldur vjelbátum og róðrarbátum. Þarf ekki annað en að minna á það, sem í nál. stendur um veðurspárnar. 1885 voru rjettir spádómar 79%, 1890 87% og 1894 92%, og sjálfsagt hefir rjettum veðurspám fjölgað síðan, en ekki eru á söfnum hjer yngri gögn um þetta.

Til nánari skilningsauka skal jeg taka það fram, að á veðurvarastöðvunum eru stengur með ákveðnum merkjum, er sýna veðurbreytingar, keilur og bumbur. Þegar oddur á keilu veit upp, táknar það norðanátt, en sunnanátt ef oddur keilunnar veit niður. En bumba eða trumba táknar von vinda úr ýmsum áttum. Á nóttu eru keilur sýndar úr ljósberum o. s. frv. Er öllum almenningi auðvelt að nema þetta, og er um það gerð skrá, er sýnir, hvað hvert merki tákni.

Má mönnum hjer af skiljast, að með slíkum veðurvarastöðvum má sýna, hve nær óveður eru í vændum, og þannig bjarga lífi manna.

Um kostnaðinn er það að segja, að jeg veit ekki gerla, hvað verkfærin kosta, en ekki kosta þau stórfje; það veit jeg. Það er ekki heldur nauðsynlegt að hafa öll verkfæri, sem nefnd eru í nál. Sumar slíkar stöðvar sleppa rakamælum, eimingar-(þ. e. uppgufunar)mælum og sólskinsmælum. Og að vísu mun þessi kostnaður ekki fara fram úr 15000 kr.

Jeg hygg nú, að þessi deild muni ekki hugsa sig lengi um að setja sem fyrst upp þessar veðurvarastöðvar. Erum vjer sæfaraþjóð og eigum mikinn fjölda mannslífa undir veðrum komin. Er hjer og ekki eingöngu að ræða um hag manna í sjávarhjeruðum, því að búendur um land alt senda sonu sína til útróðra í veiðistöður um vertíðir. Er því öllum þingmönnum jafnskylt að veita fullan stuðning þessu máli.

Þess má líka geta hjer, að veðurathuganastöðin í Kaupmannahöfn hefir hjer nokkrar athuganastöðvar, og mundi hún halda því áfram, og íslenska stöðin þyrfti því ekki að borga meira en helming, svo að hún gæti í raun og veru orðið kostnaðar-

minni og ódýrari en jeg hjer hefi greint. — Jeg skal svo ekki þreyta menn meir á ræðum um málið, enda hefi jeg gert grein fyrir því í nefndarálitinu. Og jeg vona því, að allir sjái sjer fært að greiða þessu frv. atkvæði sitt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12. shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., fimtudaginn 13. sept., var útbýtt
Frumvarpi til laga um veðurathuganastöð í Reykjavik,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 908).

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 14. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg leyfi mjer að gera það að tillögu minni, að frv. sje vísað til mentamálanefndar, að umræðunni lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 6 : 3 atkv., og til mentamálanefndar (sjá A, bls. 1606) með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. umr., og varð því

ekki útrætt.

---

15. Kjötþurkun með vjelaafli.

Á 54. fundi í Nd., föstudaginn 7. sept., var útbýtt
Frumvarpi til laga um einkaleyfi til að þurka kjöt með vjelaafli á Íslandi (A. 820).

Á 56. fundi í Nd., mánudaginn 10. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. altof seint fram komið. — Leyft með öllum gr. atkv. gegn 1, að það mætti þó taka til umræðu.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Það er eftir ósk þessa manns, sem nefndur er í 1. gr. frv., sem landbúnaðarnefndin ber það fram. Auðvitað eru ekki mikil líkindi til, að það nái fram að ganga á þessu þingi. En nefndin sá þó ekki ástæðu til að neita manninum um að flytja frv. inn á þingið, af þeirri ástæðu, að hún álítur, að málið sje þess vert, að því sje gaumur gefinn, en þess vil jeg geta, að nefndin var hikandi við að bera frumvarpið fram, af því að ekki alls ólík mál hafa hjer á fyrri þingum verið gerð að lögum, og alls enginn árangur enn orðið af þeim. En hjer er ekki um eins risavaxið fyrirtæki að ræða og hin önnur einkaleyfi, sem hafa verið veitt.

Þessi maður hefir aflað sjer meðmæla frá þeim mönnum, sem aðallega fjalla um þessi mál, eða samkvæmt stöðu sinni hafa sjerstök afskifti af þeim, sem eru Búnaðarfjelag Íslands, Sláturfjelag Suðurlands og Samband Samvinnukaupfjelaganna, er öll hafa gefið honum meðmæli. — Það sem aðallega hefir hvatt manninn til að koma fyrirtækinu nú á fót, er það, að hann álítur tímann, sem yfir stendur, vera hentugan til að útvega markað í útlöndum fyrir þannig verkað kjöt, þar sem matvælaskortur er jafnvel í öllum nálægum lönd-

um. Hann hefir skýrt nefndinni frá, að reynsla sje fengin fyrir því í útlöndum, að kjöt, sem þannig er verkað, missi ekkert af sínu næringargildi, og að því leyti sje þetta hagkvæmari aðferð en bæði söltun og frysting.

Þá hefir nefndin spurst fyrir um það hjá leyfisbeiðanda, hvort hann mundi geta fullnægt öllum kröfum framleiðenda framvegis um þurkun á kjöti, ef svo færi, að eftirspurnin yrði mikil, svo að aðrar verkunaraðferðir yrðu jafnvel síður notaðar, og kvaðst hann geta þurkað mörg tonn af kjöti á einum sólarhring, enda geta sett á stofn vjelar á fleirum stöðum á landinu, svo að allir landsmenn mundu geta notið aðferðarinnar, tækist sjer að fá eftirspurn vörunnar í útlandinu. Enn fremur hefir hann skýrt nefndinni frá því, að vjelar þær, sem hann þurfi að nota, hljóti að verða svo dýrar, að hann sjái sjer ekki fært að byrja á þessu, fyr en hann fái þetta einkaleyfi, svo að hann þurfi ekki að óttast, að tilraunin verði eyðilögð fyrir sjer, þegar hann hefir lagt fram kostnaðinn og vakið eftirspurn vörunnar.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 820).

Frsm. (**Stefán Stefánsson**): Jeg býst ekki við að þurfa að vera margorður um þetta frv., því að jeg þóttist taka fram við fyrri umr. málsins hið helsta, sem um frv. er að segja yfirleitt, en þær einstöku greinar frv. eru svo stuttar og ljósar, að þær ættu naumast að þurfa frekari skýringa við.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að þetta einkaleyfi sje veitt til 15 ára. Þetta er nú að vísu styttri tími heldur en umsækjandi leyfisins óskaði eftir. En nefndin hugði þó rjett vera að láta einkarjettinn ekki ná yfir lengri tíma, með það fyrir augum, að þessi maður stæði ekki í vegi fyrir öðrum, ef einhver annar byði betri kosti. Hins vegar áleit nefndin ekki tiltækilegt að hafa tímann styttri en 15 ár, því að kostnaður hlýtur að verða talsverður við að koma fyrirtækinu á fót. Og umsækjandi leyfisins taldi ógjarnan leggjandi út í það, ef um skemri tíma væri að ræða.

Ef menn á annað borð hafa trú á þessu fyrirtæki, þá álítur nefndin, sem fyrir sitt leyti er hlynt málinu, að ekki sje rjett að gera það verulega óaðgengilegt.

Þá er 2. gr., sem kveður svo á, að leyfið skuli framseljanlegt með leyfi landsstjórnarinnar. Þessi grein þarf í rauninni ekki skýringa við. — Það getur margt komið fyrir þennan mann, eins og aðra. Og það væri hart fyrir hann að geta ekki selt þær vjelar, er hann hefir keypt og látið setja upp, ef hann, einhverra orsaka vegna, gæti ekki starfrækt fyrirtækið. En hins vegar er ekki loku skotið fyrir það, að einhver annar vildi kaupa, til að halda fyrirtækinu áfram. — Í 3. gr. frv. er tilraunatíminn til fyrirtækisins ákveðinn 3 ár. Þennan tíma vildi umsækjandi hafa lengri, en þó taldi hann ekki frágangssök, að hægt væri að koma fyrirtækinu af stað á þessum tíma. Það er ekki einasta það, að allar vjelar sjeu þá í fullkomnu lagi, heldur kemur þar líka til greina að afla nauðsynlegrar eftirspurnar eftir vörunni og komast að raun um, hvort hægt er að láta hana ná hylli á erlendum markaði. Skemri tíma en 3 ár áleit umsækjandi að ekki kæmi til mála, en hins vegar vill nefndin hafa þennan tíma sem allra stystan.

4. gr. frv. fer fram á, að leyfishafi greiði alt að 10 kr. í landssjóð af hverri smá-

lest af þurkuðu kjöti, sem út er flutt. — Þetta virtist nefndinni vera svo hátt sett, að ekki væri hægt að ætlast til með nokkurri sanngirni, að hann byði hærra gjald. Jeg hefi nú leitað mjer upplýsinga um, hve mikið mundi flytjast út af kjöti, og hefi komist að þeirri niðurstöðu, að það muni fara sem næst 25000 tunnum. Ef gert er ráð fyrir, að 6 tunnur fari í hverja smálest, þá verða þetta 4167 smálestir. Og ef nú — til þess að fara vægt í sakirnar — er gert ráð fyrir, að smálestafjöldinn verði alt að helmingi minni, eða sem svarar 2000 smál., þá verða það samt 20000 kr., sem landssjóður ætti að hafa upp úr þessu leyfi, vel að merkja, yrði alt útflutt kjöt verkað á þennan hátt. Eins og menn sjá þá er þetta ekkert óverulegt atriði. Og jeg hygg, að háttv. þm. ættu ekki að ganga frá þessu eða vera því mótfallnir að órannsökuðu máli. — Í 5. gr. er það tekið fram, að annað gjald en getur um í 4. gr. megi ekki leggja á þá vöru, er leyfishafi framleiðir.

Nefndinni virtist rjett að fyrirbyggja með þessu, að leyfishafa væri ef til vill gert illmögulegt að starfrækja fyrirtækið, með ofþungum sköttum eða öðrum álögum. — Komi það nú í ljós, að stór gróði sje samfara þessu fyrirtæki, þá er í 6. gr. sleginn varnagli við því, að leyfishafi fái að njóta þessara hlunninda altof lengi. Þar er sem sje landsstjórninni gefin sú heimild, að hún geti, að 10 árum liðnum frá því, er einkaleyfið er útgefið, innleyst allar vjelar og alt, sem þessum atvinnurekstri tilheyrir, gegn sanngjörnu andvirði. Með þessu er algerlega loku skotið fyrir það, að hann geti einn haft allan gróða um lengri tíma, ef þetta hepnast vel. Að endingu vil jeg geta þess, að nefndin álítur, að hjer sje svo vel og gætilega um hnútana búið, svo að engin hætta geti af þeim stafað á nokkurn hátt. Leyfishafi er sá eini, sem á nokkuð í hættunni, ef þetta mistekst, og hann er sá, sem ber allan kostnaðinn. Ef aftur á móti þetta gengur vel og ágóði verður í aðra hönd, þá er sjeð fyrir því, að landssjóður eigi kost á að fá mestan hluta hans, eða með öðrum orðum, að landsstjórnin hefir þá í sinni hendi, hvernig um hann fer. Jeg skal svo ekki segja meira að sinni, en vil að eins vona, að háttv. þm. skoði málið með rjettum rökum og sanngirni.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vildi leyfa mjer að gera hjer litla athugasemd, sem jeg bið nefndina að taka til athugunar. Háttv. landbúnaðarnefnd mun vera kunnugt um það, að lög um einkarjettindi munu vera því sem næst samhljóða í öllum löndum. Það er eitt atriði í þessum lögum, sem segir eitthvað á þá leið, að ekki megi veita einkarjett í neinu, sem lýtu að meðferð á matvælum. Mjer er nú að vísu ekki kunnugt um, hvort þetta er ákveðið alstaðar, en jeg hygg, að það sje að minsta kosti víðast hvar. Og þetta mun hafa verið orsök þess, að umsækjandi leyfisins gat ekki fengið það á venjulegan hátt.

Þetta er að eins bending til nefndarinnar, en annars ætla jeg mjer ekki að fara neitt að ræða málið sjerstaklega. Ef þetta er, þá tel jeg dálítið varhugavert að fara að breyta út af almennum reglum í þessu.

Benedikt Sveinsson: Það er nú ekki af því, að jeg vilji vera að amast við því, að þingið styðji þá menn, sem hafa fundið upp einhverjar nýjungar, að jeg vildi leyfa mjer að gera fáeinar athugasemdir. Það hefir leikið á tveim tungum um það úti í frá, hversu heppilega þinginu hafi farist í að veita mönnum einkaleyfi, og að sum þeirra hafi ekki leitt til neins gagns. Það virðist þó meinlaust og engum til skaða, þótt heimilað væri að taka sand úti í Hjeraðsflóa, en einkaleyfi það,

sem hjer ræðir um, virðist mjer vera miklu varhugaverðara.

Hæstv. forsætisráðherra hefir og bent á það, að slík einkarjettindi, sem lúta að meðferð á matvælum, eru útilokuð í öðrum löndum. Hjer er leitað einkaleyfis til að þurka kjöt hjer á landi um 15 ár. Að vísu hefir leyfisbeiðandi fengið meðmæli hjá Búnaðarfjelagi Íslands. En formaður fjelagsins tekur það þó skýrt fram í brjefi sínu, að hann ætlast til, að þetta leyfi sje að eins bundið við þurkað kjöt *til útflutnings*, en ekki að það nái til þess, sem notað er hjer innanlands. Jeg er hissa á því, að nefndin skyldi ekki taka þessa bendingu til greina, því að hún er talsvert mikilsverð og takmarkar leyfið allmikið. (St. St.: Má lagfæra það til 3. umr.). Auðvitað má laga það til 3. umr., og þess vegna bendi jeg nefndinni á það.

Hvað hinu viðvíkur, hvort heppilegt sje að veita einu fjelagi, eða einum manni, einkaleyfi á útflutningi vindþurkaðs kjöts, um svo langt árabil, þá finst mjer, að það geti verið allvarhugavert. Mjer er ekki kunnugt um, hvort umsækjandi hefir þegar fundið upp sjálfur áhöld þau, sem til þessa þarf, eða hvort þau hafa verið til áður. En mjer þykir sennilegt, að áhöld þessi hafi verið fundin upp í útlöndum. — Ef svo færi, að þessi þurkunaraðferð ryddi sjer til rúms úti um heiminn, og að þessi vara yrði útgengileg, þá verður ekki annað sjeð en að það væri landinu óhagur einn að hafa afsalað útflutningsrjetti á þessari vöru í hendur einum manni eða fjelagi, og væri þar með bægt frá að hafa frjálsan aðgang að þeim markaði, sem vera kynni úti í löndum.

Í 2. gr. frv. er sagt, að þetta einkaleyfi sje framseljanlegt, en þá virðist sjálfsagt, að jafnframt sje landsstjórninni berum orðum heimilaður forkaupsrjettur. Jeg vil beina þessu til nefndarinnar, svo að hún geti breytt þessu til 3. umr. Það má einu gilda fyrir leyfishafa, hverjum hann selur, en getur hins vegar verið betra fyrir landið að hafa forkaupsrjettinn.

Formaður Búnaðarfjelagsins tekur það fram í brjefi sínu, að ætlast sje til, að leyfishafi byrji á fyrirtækinu þegar er einkaleyfið er gefið út. Um þetta er ekkert sagt í frv., sem þó þyrfti að vera. — Þó er í 3. gr. frv. tekið fram, að leyfishafi skuli innan þriggja ára hafa sýnt, að tilraunir og undirbúningur sjeu svo langt komin, að fyrirtækið geti tekið til starfa á því ári, ella falli leyfið niður. Nú geri jeg ráð fyrir, að frv. verði gengið í gildi á næsta nýári. Þá hefir leyfishafi þrjú ár upp á að hlaupa, og ætti hann þá að geta sýnt það 1921, hvort fyrirtækið heppnast. En hjer þyrfti að taka nánar fram, frá hvaða tíma leyfið er talið, hvort það er reiknað frá þeim tíma, sem lögin ganga í gildi og undirbúningurinn hefst, eða fyrst frá þeim tíma, er fyrirtækið getur tekið til starfa. En þetta getur munað þrem árum, og þarf það að vera fullljóst, hve nær telja skal að leyfistíminn byrji.

Í 4. gr. er ákveðið, að leyfishafi greiði alt að 10 krónum í landssjóð af hverri smálest af þurkuðu kjöti, sem út verður flutt úr landinu. Þetta er auðvitað nokkurt útflutningsgjald. En hins vegar er ekki víst, að það vegi upp á móti þeim skaða, sem landið hefði bakað sjer með því að útiloka sjálft sig frá allri samkepni, ef svo færi, að þessi aðferð næði útbreiðslu úti um heim.

Jeg geri ráð fyrir, að nefndin hafi við eitthvað að styðjast, þar sem hún flytur þetta mál hjer, og að leyfið sje ekki veitt alveg út í bláinn. Er sennilegt, að nefndinni sje kunnugt um, að einhverjar tilraunir hafi þegar verið gerðar um þessa meðferð á kjöti, og væri fróðlegt að fá upplýsingar um það.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Nefndin

mun fúslega taka allar sanngjarnar breytingar til greina, sem miða að því að laga þetta frv. En viðvíkjandi orðum hæstv. forsætisráðherra, að hjer væri vikið út frá almennum reglum um einkaleyfi, ef þetta leyfi væri gefið, þá vil jeg taka það fram, að jeg tel efasamt, hvort þetta getur heimfærst undir meðferð á matvælum. Mjer finst miklu fremur, að hjer sje að eins um verkunaraðferð á sjerstakri verslunarvöru að ræða, sem ekki að neinu leyti brýtur í bága við þau ákvæði, er hæstv. forsætisráðherra var að tala um.

Þá spurði hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) um það, hvort leyfið skyldi reiknað frá þeim tíma, að lögin ganga í gildi, eða frá þeim tíma, að tilraunir byrja og 3 ár eftir það. Þessu er því til að svara, að það er auðvitað reiknað frá þeim tíma, að einkaleyfið er veitt, eins og jeg hefi víst áður minst á. Jeg hefi tekið það fram við fyrri umr. þessa máls, að tilraunir hafa þegar verið gerðar í þessa átt. Og þær hafa leitt það í ljós, að kjötið tapar engu næringargildi með þessari þurkunaraðferð. Hitt er annað mál, hvort erlendar þjóðir geta felt sig við kjötið svona verkað. Þess vegna er ætlunin að gera tilraunir með að útvega markað fyrir þessa vöru.

Viðvíkjandi því, hvort leyfishafi komi til að standa í vegi fyrir öðrum, er vilja nota þessa sömu aðferð, þá er því til að svara, að það hefir enginn komið enn og sótt um þetta, og jeg býst ekki heldur við, að svo verði, jafnvel þótt þessum manni verði neitað nú. Hins vegar er þetta ekki langur tími, sem leyfið er veitt til, en aftur talsverður kostnaður, sem af því hlýtur að leiða fyrir leyfishafa að koma þessu fyrirtæki í framkvæmd. Eins og hv. þm. N.-Þ. (B.Sv.) benti á þá er jeg því ekki mótfallinn, að landssjóður hafi forkaupsrjettinn samkvæmt frv., ef leyfishafi vill selja. Yfirleitt er nefndin fús á að breyta því í frv., sem betur má fara. Hitt er auðvitað alveg á valdi hv. deildar, hvað hún gerir við þetta mál. Það er nefndinni ekkert kappsmál, að þetta nái fram að ganga, en að eins taldi hún það þess vert, að því væri hreyft hjer og tekið til athugunar. Svo er hv. deild auðvitað sjálfráð um, hvernig hún leiðir það til lykta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þorst. J., B. J., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., P. J., Ó. B.

nei: Sv. Ó., Þór. J., B. Sv., B. K, B. St., E. A., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó.

Einn þm. (Þorl. J.) fjarstaddur.

2.—6. gr. samþ. með 13 : 6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. J., G. Sv., H. K., J. J., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þorst. J., B. J., E. Árna., Ó. B.

nei: J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., Þór. J., B. Sv., B. St., E. A.

Þrír þm. (B. K., Sv. Ó., Þorl. J.) fjarstaddir.

Á 59. fundi í Nd., fimtudaginn 13. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 820, 922, 930). — Afbrigði leyfð og samþ.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Jeg hefi áður, við 1. umr. þessa máls, skýrt frá þeim helstu atriðum, sem það snerta. En við 2. umræðu komu fram athugasemdir við frv. frá hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), og samkvæmt þeim athugasemdum hefir nefndin komið fram með breytingartillögur við

frv. Þessar tillögur eru á þgskj. 922. Og skal jeg minnast á þessar tillögur með nokkrum orðum.

Það er þá fyrst brtt. við 1. grein, um að aftan við greinina bætist „sem ætlað er til útflutnings“, eða með öðrum orðum, að einkaleyfið nái ekki til annars kjöts en þess, sem ætlað er til útflutnings. Það hefir altaf verið meining nefndarinnar, að leyfið næði ekki lengra, en hún áleit eiginlega þýðingarlaust að setja það inn í frv., en auðvitað hefir hún alls ekkert á móti því, og tekur þennan viðauka því upp.

Þá er næsta brtt., við 2. gr., um að aftan við greinina bætist „enda hafi landssjóður forkaupsrjett. Með þessu er það unnið, að einkaleyfið er ekki framseljanlegt nema samþykki landsstjórnarinnar komi til, og hún þá hafi forkaupsrjettinn fyrir hönd landssjóðs.

Þriðja breytingartill. nefndarinnar, við 4. grein, er að eins orðabreyting.

Þá hefi jeg minst á allar brtt. nefndarinnar, en hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) á hjer eina brtt., við 6. gr., um að landsstjórnin hafi leyfi til að taka einkaleyfið í sínar hendur eftir 5 ár, í stað þess að gert er ráð fyrir 10 árum í frv. — Ef þessi brtt. verður samþykt, þá verður ekki sagt, að áhættan sje orðin mikil fyrir landið. Nefndin hefir átt tal við leyfisbeiðanda um þessa tillögu, og hefir hann tjáð sig mundu ganga að henni, í þeirri von, að landsstjórnin, að þeim tíma liðnum, gerði sjer ekki óþarflega erfitt fyrir, gagnvart hans tilkostnaði og atvinnurekstri.

Nefndin vill því mæla með því, að allar breytingartillögurnar sjeu samþyktar.

Benedikt Sveinsson: Jeg sje það á tillögum hv. landbúnaðarnefndar, og heyri það á hv. frsm. (St. St.), að nefndin hefir tekið til greina athugasemdir mínar um þetta mál við 2. umr.

Jeg hefi skilið brtt. við 2. gr. svo, að landssjóður hefði *forkaupsrjett* á einkaleyfinu, en ekki kauparjett yfir höfuð. Það er tekið fram í brtt. við 6. gr., að landið hafi kauparjett á fyrirtækinu eftir 5 ár, en aftur á móti eiga ákvæði 2. gr. að lúta að því, að landinu sje heimilt að ganga inn í kaupið, hve nær sem leyfishafi vill selja.

Brtt. eru allar til bóta, og er því sjálfsagt að samþykkja þær allar, hvað svo sem gert verður við frv. á eftir. — Hjer verður að athuga það vel, að það er varhugavert að samþykkja slík einkaleyfi. Þau geta orðið til þess að hefta frjálsa samkepni í landinu og frjálsa framkvæmd í atvinnurekstri. Hjer er þó um svo skamman tíma að ræða, að ekki ætti að verða mein að. En það er ekki nóg, að „vera *ekki viss* um, að einkaleyfið valdi skaða“. Vjer eigum einmitt að vera *vissir* um, að leyfið verði *ekki* að skaða.

Bjarni Jónsson: Hjer er ekkert um það að ræða að veita einkaleyfi til að hagnýta gæði landsins, Jeg er ekki viss um að jeg mundi verða með slíku einkaleyfi. Hjer er einungis um að ræða að veita einkaleyfi til að nota vissa aðferð til að koma keti óskemdu til útlanda.

Háskinn, sem í þessu getur falist, verður aldrei annar en sá, að þetta verði svo dýrt, að ekki borgi sig að reka þessa atvinnu, og því komi aldrei neitt í landssjóðinn.

Það nær ekki nokkurri átt að tala í þessu sambandi um, að þetta sje sjerstök meðferð á matvælum, og því megi ekki veita þetta einkaleyfi. Það gildir líkt um þetta og þurkun á fiski o. fl., sem aðrar þjóðir veita einkaleyfi til.

Það er líklegt, að þessi maður þyrfti að kaupa talsvert af kjöti og þurka það, til þess að geta sent sýnishorn til annara landa, en ekki er hægt að búast við því,

að á næstu árum verði mikill markaður fyrir þannig hagnýtt kjöt. En ef nú yrði ofmikill gróði á því, þá bætir brtt. hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) úr því, með því að heimila landsstjórninni að kaupa fyrirtækið með öllum áhöldum eftir 5 ár. Það getur því aldrei orðið að neinum skaða að veita þetta einkaleyfi, en getur orðið að miklu gagni, því að þetta er hliðstætt því að frysta kjöt. Það þarf nefnilega að bleyta kjötið upp aftur, áður en það er matreitt, og á það þá að verða sem nýtt.

Einar Arnórsson: Jeg get tekið undir það, sem hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) sagði um daginn, að jeg mun síst álasa mönnum fyrir það að vekja upp ýmsar nýungar, en af því leiðir það ekki, að jeg sje með því að veita einkaleyfi til allra nýunga, án þess að jeg viti nokkuð, hvað muni verða úr framkvæmdum. Enda er það alt annað að hlynna að þeim mönnum, sem fást við að finna upp nýungar, eða veita þeim einkaleyfi til að hagnýta þær.

Mjer er nú kunnugt um það, að í öðrum löndum eru ýmsar kröfur gerðar til þeirra manna, sem sækja um að fá slík leyfi. Þessar kröfur eru, eins og allir vita, gerðar samkvæmt sjerstakri löggjöf, svokallaðri „patent"-löggjöf. Þessar kröfur eru meðal annars þær, að beiðninni verður að fylgja nákvæm lýsing á öllum þeim vjelum, sem vinna á með, og uppdráttur af hverju fyrir sig. Engum þessum skilyrðum er hjer fullnægt. En alstaðar er undan tekin meðferð á matvælum og læknislyfjum. Nú er hjer ekki um eina vissa aðferð að ræða, heldur alment öll þurkun á kjöti með vjelum. Þetta hlýtur því að heimfærast undir meðferð á matvælum. Við verðum því undantekning frá öðrum þjóðum, ef við samþykkjum þetta frv.

Við höfum tvisvar áður veitt leyfi, sem fór í svipaða átt og þetta. Það var á þinginu 1913, að stjórninni var heimilað að veita Páli Torfasyni einkaleyfi til að vinna salt úr sjó, og það leyfi var síðan veitt af stjórninni. Sömuleiðis árið 1915 var Þórarni Þórarinssyni og Magnúsi Gíslasyni veitt leyfi til að hagnýta járnsand við strendur Íslands. Jeg veit ekki, hvort þetta leyfi er enn veitt af stjórninni, en í minni ráðherratíð var það ekki veitt. Þótt leyfið til að vinna saltið væri veitt í góðum tilgangi, þá hefir ekki orðið neitt úr framkvæmdum. Þetta er óheppilegt, því að það mætir manni ekki ósjaldan í útlöndum, að menn eru að furða sig á því, að Alþingi skuli vera að fást við slíkt. Þótt þessi einkaleyfisbeiðni sje aðgengilegri en hinar, þá hefði þó háttv. landbúnaðarnefnd átt að læra af undanfarandi reynslu að brenna sig ekki oftar á sama soðinu, en setja meiri tryggingar inn í frv. en þar er gert.

Annars furðar mig á því, að leyfisbeiðandi skuli geta látið sjer nægja 5 ára leyfistíma. Maður gæti freistast til að búast við því, að tilgangurinn væri að eins sá að framselja leyfið, eða braska með það. Sömuleiðis er það mjög athugavert við frv., að verði það að lögum, þá komast ekki aðrar kjötþurkunaraðferðir að, nema með góðu leyfi leyfisbeiðanda, en það verð jeg að telja mjög óheppilegt.

Ef fyrirtækið væri komið í gang, þá væri sanngjarnt að styðja það, en nú vitum við ekki neitt um fyrirtækið annað en það, að það er líklegt til að hefta frjálsar framkvæmdir í meðferð kjöts. — Mjer þætti gott, ef leyfisbeiðandi vildi láta sjer nægja, að málið gengi ekki fram á þessu þingi, en legði svo fyrir þingið að sumri frekari gögn, svo að hægra væri að átta sig á málinu. Það er ekki heldur rjett að varpa allri sinni áhyggju upp á háttv. Ed. og búast við því, að hún muni laga það.

Hvernig stendur annars á því, að frv.

kemur svona seint fram? Jeg veit þó ekki betur en að nefndin hafi legið á því nokkuð lengi, og þegar það svo loksins kemur fram, þá kemur enginn ungi úr egginu. Skurnin brotnar utan af stropanum. (St. St.: Nefndin var að safna meðmælum með frv.). Jeg sje ekki, að þau meðmæli, sem nefndin hefir fengið með þessu leyfi, sjeu nokkurs virði.

Jeg verð að segja, að nefndin hefir unnið málinu ógagn með því að liggja á því allan þennan tíma, og hreinasti óþarfi var henni að bíða eftir þessum gersamlega einkisverðu meðmælum. Nefndin hefði getað lært talsvert af lögum þeim tveimur, sem heimiluðu stjórninni að veita áðurnefnd einkaleyfi 1913 og 1915. T.d. skal jeg taka það, að bannað er framsal einkaleyfisins í báðum þessum lögum, til annara en þeirra, er heimilisfang hafa hjer á landi. Þetta hefir nefndin ekki athugað, fremur en annað, sem hún hefði þó vissulega átt að kynna sjer í sambandi við þetta mál

Svo er eitt, sem að vísu kemur ekki þinginu við. Þó vil jeg nefna það. Kjötframleiðsla þessa lands er ekki nema örlítið brot af allri kjötframleiðslu heimsins. Þarf jeg ekki að nefna nema Argentínu og Ástralíu Svona lagað einkaleyfi kæmi því ekki að neinu haldi. Því að ef einhverjar þurkunaraðferðir fyndust, þá myndi samkepnin frá þessum löndum verða svo mikil, að það kæmi að engu gagni, þótt ekki væri um innanlandssamkepni að ræða. Svona lagað einkaleyfi er ekki heldur venja til að veita í nokkru landi. Það væri meiningarlaust að veita einkaleyfi á kjötþurkun með vjelum yfirleitt. Hitt væri eðlilegra, að veita einkaleyfi á einhverri sjerstakri aðferð til að þurka kjöt. En það heyrir ekki undir Alþingi.

Það væri betra fyrir þetta mál sjálft, að mönnum væri gefinn tími til að átta sig á því. Því vil jeg leyfa mjer að afhenda forseta svo hljóðandi rökstudda dagskrá.

Með því að nauðsynlegar upplýsingar vantar um mál þetta, og með því að svo virðist, sem einkaleyfi það, sem hjer greinir, fari í bága við almenna löggjöf um veitingu einkaleyfa, þykir deildinni ekki rjett að afgreiða þetta mál frá sjer nú, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Bjarni Jónsson: Jeg kalla, að það leggist lítið fyrir kappann að ráða niðurlögum þessa máls. Auðvelt er það lögfróðum manni að leiða fram grýlur til að fæla menn. Sumar voru þó lítils virði.

Aðalástæða háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) á móti frv. var, að það stöðvaði frjálsa samkepni á þessu sviði. En það yrði naumast nema á pappírnum. Þótt leyfið verði veitt, efast jeg um, að þurkað kjöt verði verslunarvara áður en leyfistíminn er útrunninn. En þá væri engum bagi að því.

Rjett var það athugað, að aðferðinni er ekki fyllilega lýst í skjölum málsins. Er það að vonum, því að enn hefir engin fullnaðartilraun verið gerð. Efni mannsins hafa ekki leyft, að hann legði út í að gera fullnaðartilraunina fyr en hann eigi vís þau friðindi, er geri honum eftir á skaðlaust að hafa ráðist í þetta. Get jeg helst til, að menn taki því vel, er þetta er komið í kring.

Hvað það snertir, að þessi lög verndi ekki fyrir samkepni frá Argentínu, er það að segja, að það stendur ekki í þingsins valdi að forða frá þeirri samkepni. Til að forðast hana getur leyfishafi „tekið patent á“ aðferð sinni, þegar hann hefir fullgert hana, Það er ekki svo, að enn sje ekki fengin nein niðurstaða. Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) mun hafa rent augum yfir efnagreiningaskýrslu, sem fylgir þessu

máli. Þar sjest, að lítið fer til spillis af nauðsynlegum næringarefnum, þótt kjöt sje þurkað.

Það verður ekki heldur sjeð, að þetta einkaleyfi sje einsdæmi. Mætti bera það saman við ýms einkaleyfi, sem þing þetta hefir veitt. Eitthvað er einkaleyfið til saltvinslu úr sjó yfirgripsmeira. Það vita allir, að salt er í sjónum, og alkunnugt er það, að salt hefir verið unnið úr sjó hjer á landi. Víða þar, sem jeg hefi farið, hefi jeg sjeð saltsuðupípur.

Ef það einkaleyfi, sem nú um ræðir, er ilt, þá er saltvinslueinkaleyfið afleitt. Samt lítur út fyrir, að sumir, sem það samþyktu, sjeu andstæðir þessu frv. — Sama mætti segja um einkaleyfið til að vinna járnsand.

Því er jeg algerlega samþykkur, að skilyrði eigi að setja fyrir því, hverjum megi framselja einkaleyfið. Ætti að minsta kosti að setja inn í frv. ákvæði, sem varnaði því, að útlendingar gætu fengið leyfið keypt. Það mun vera misgáningur hjá nefndinni, að hún hefir ekki þegar gert það. Vil jeg skjóta því til háttv frsm. (St.St.), hvort hann vilji ekki taka málið af dagskrá, svo að hægt sje að kippa þessu í lag. Vona jeg, að 2. þm. Árn. (E. A.) taki dagskrá sína aftur, er málið kemur aftur svo úr garði gert.

Einar Arnórsson: Jeg ætla að lýsa yfir því, að jeg get geymt dagskrá mína, ef háttv. framsm. (St. St.) tekur málið af dagskrá.

Frsm (Stefán Stefánsson): Það hefir komið fram í umræðunum, að hættulegt geti verið að veita þetta leyfi. Þessi verkunaraðferð er áður ópekt, svo að það er næstum óhugsandi, að einkaleyfi um svona skamman tíma geti orðið hættulegt landsmönnum. Hins vegar er hjer um tilraun að ræða, sem gæti haft mjög affarasælar afleiðingar fyrir kjötframleiðendur hjer á landi. Það getur orðið bændum beinn gróði, ef hún tekst. Það væri því sama og að girða fyrir þennan gróðamöguleika, ef leyfið væri ekki veitt. Nei! Landsmenn eru yfirleitt ekki í hættu. Sá, sem er í hættu, er leyfishafi sjálfur. Hann leggur í kostnað, án þess að hafa nokkra vissu fyrir að fá hann bættan.

Það mun ósk samnefndarmanna minna, að málið verði tekið af dagskrá, og óska jeg þá þess, að svo verði.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., laugardaginn 15. sept., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 820, 922, 930, 950, 956).

Frsm. (Stefán Stefánsson): Eftir þeim umr., sem fjellu síðast um þetta mál, hefir landbúnaðarnefndin leyft sjer að bera fram brtt. við 2. gr., sem bindur framsal einkaleyfisins við búsetu eða heimilisfestu hjer á landi. Það kom fram við umr. síðast, að þetta væri æskilegt, og sá nefndin ekkert á móti því, og flytur því þessa brtt., en jafnframt tekur hún aftur 2. brtt. á þgskj. 922

En nú er komin fram brtt. frá háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) um að fella 2. gr. burt, og mun hann skýra frá rökum til hennar.

Gísli Sveinsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þgskj. 956, af þeim sökum, að mjer fanst þessi gr. nú það eina í þessu frv., er hneykslaði menn, því að annars hafa menn álitið það meinlaust, að því er virðist. Til þess geta verið einhver rök, að menn óttist, að maður sá, sem ætlar að fá einkaleyfið, muni ætla sjer að pranga með það og selja útlendingum. Jeg segi þetta fyrir þá sök, að kunnugt er, að sum einkaleyfi, sem veitt hafa verið, hafa þótt vera misbrúkuð. Og

það er illa farið að veita mönnum einkaleyfi til að pranga með.

Það lítur út fyrir, að þessi gr. hafi verið mörgum ásteytingarefni, því að fleiri en einn hafa borið fram brtt. við hana. Mín brtt. tekur af allan efa, því að hún nemur greinina burt. Mjer hefir af orðum flytjenda málsins skilist, að leyfisbeiðanda sje sama, hvort greinin er eða ekki. Það mun upplýst, að hann ætlar að gera þetta sjálfur, sem um er að ræða í frv. Jeg er ekki í vafa um, að hægt er að afgreiða málið, þegar þessi breyting er gerð, og gæti verið spurning um það, þótt hún sje ekki gerð.

Hjer er um það að ræða, að Þorkell Þ. Clementz sækir nú um einkaleyfi til að gera tilraun með vjelþurkun á kjöti. Jeg býst við, að það sje rjett, að mál þetta sje á tilraunastigi. Það er undir ýmsum atvikum komið, hvort þessu verður komið í verk, t. d. hvort markaður fæst fyrir vöruna, og hvort þessum manni tekst að afla þess fjár, sem er skilyrði fyrir því, að unt sje að gera tilraunina til fullnaðar. Undirbúningur er víst gerður að öðru en því, að fje mun vanta enn þá, en það get jeg ekki sjeð að standi í vegi fyrir því, að heimild þessi sje veitt. Jeg vil líta á það, að hjer er öðru máli að gegna en t. d. um leyfi til að vinna salt úr sjó og járnsand austur á landi. Það getur vel verið framtíðarspursmál hjer á landi að vinna salt úr sjó. En sá, sem um það sótti, var vitanlega að sækja um það til að nota sjer aðferðir annara, en ekki að koma sínum eigin uppfyndingum og tilraunum í framkvæmd. Nú er það og vitanlegt, að annarsstaðar er saltvinsla úr sjó rekin í víst nokkuð stórum stíl, og hefði því þingið átt að hafa rænu á að ganga svo frá því máli, að þessi iðnaður yrði rekinn hjer, landinu til gagns. En nú leist þinginu að veita einkaleyfi, sem ekki hefir orðið minsta gagn að.

Um járnsandinn er það að segja, að sú veiting var enn fráleitari. Þar var ekki um annað að ræða en að hlutaðeigandi vildi reyna að spreyta sig á að koma þessu einkaleyfi í verð og braska með það. Það var ekkert annað en fjárgróðafyrirtæki, að ekki sje annað orð notað.

En mjer hefir virst þessu máli horfa allt öðruvísi við. Jeg fæ ekki betur sjeð en að það snerti eina af helstu framtíðarhugsjónum þessarar þjóðar, framleiðslu einnar helstu landbúnaðarafurðar vorrar, hvort hægt er eða verður að nota aðrar aðferðir við kjötframleiðsluna en áður, til þess að gera vöruna útgengilegri, og auka svo og svo mikið búnað í þessu landi. Því að ef aðferð finst til að verka kjöt og flytja út á góðan og vissan hátt, er það vafalaust stórvinningur fyrir landið og lyftir framleiðslu þess á hærra stig.

Nú er og komin fram brtt. frá háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), að einkaleyfistíminn verði 5 ár fyrir 10 ár. Til varúðar mun jeg fylgja þessari till. Mjer þykir rjett, að tíminn sje sem stystur, en þó svo, að maðurinn geti snúið sjer við, og býst jeg við, að honum nægi 5 ár. Það mætti segja, að tíminn sje ofnaumur, en ef tilraunin hepnast og aðferðin reynist vel, eins og maðurinn ætlar, og ef til vill vona má, ætti ekki að vera loku fyrir það skotið að framlengja tímann, er þar að kemur. Jeg hefi ekki heldur heyrt lýst yfir því af frsm. (St.St.), að þessi brtt. sje óaðgengileg fyrir þá skuld.

Mjer virtist, satt að segja, að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) í sinni fróðlegu tölu við síðustu umr. gerði ofmikið úr þeirri „hættu“; er stafað gæti af samþykt þessa frv., er hann komst svo að orði, að vansi gæti orðið af því að veita þetta leyfi út í bláinn, eins og hann kvað standa til. Jeg þykist hafa getið þess áður, að það sje ekki út í bláinn. Það er mikilsvert mál, og um samanburð hins háttv. þm. (E. A.) á þessu leyfi og öðrum „patent“-um er jeg á öðru

máli. Þetta mál er ekki í því horfi, að hægt sje að veita „patent“ til þessa iðnrekstrar. Hjer er að eins farið fram á að fá einkaleyfi til að *reyna* að koma þessari tilraun í framkvæmd. Það, sem hinn háttv. þm. (E. A.) því fann frv. til forāttu frá sjónarmiði þeirra lagaboða, er fjalla um „patent“ á uppfyndingum og nýjum, fullreyndum aðferðum og þvíliku, á ekki við hjer. Frv. fer fram á, að veitt sje „koncession“ til þess, eins og aðrar þjóðir líka veita, en eigi „patent“.

Jeg vona nú, að brtt. mín verði samþykt, því að hún veltir versta steininum úr vegi, og aðrar þær brtt., er miða til bóta, og þá áframhaldandi frv. sjálft með þeim breytingum. Það er að vísa á elleftu stundu, en ef vjer erum þeirrar skoðunar, að eitthvað sje við það unnið, höfum vjer ekki rjett til að hindra það.

Einar Arnórsson: Jeg skal vera mjög stuttorður. Hefði jeg vel getað sparað mjer ómakið, ef ekki hefði verið heldur beinst að mjer, í sambandi við þetta mál.

Um brtt. má segja, að þær eru yfirleitt til bóta, þótt 1. gr. verði nokkuð óviðkunnanlega orðuð, ef 1. lið í brtt. nefndarinnar á þgskj. 922 er skeytt aftan við 1. gr.

Jeg hefi ekki haldið því fram, að það væri beinn vansi eða þjóðarháski, þótt frv. næði fram að ganga. En hinu hefi jeg haldið fram, og held fram, að það sje varhugavert fyrir löggjafarvaldið að veita leyfi, sem er viðtækara en „patent“-veitingar í öðrum löndum. Í sambandi við það hefir einn háttv. þm. nefnt til samanburðar bæði saltleyfi Páls Torfasonar og járnsandsleyfi Þórarins Guðmundssonar og fjelaga hans. Jeg var ekki á þingi þegar saltleyfið var veitt, en aftur var jeg kominn á þing er járnsandsleyfið var veitt. Var jeg þá sömu skoðunar og nú, og greiddi því atkv. gegn frv. og mælti á móti því.

Jeg skal játa, að það kunni að vera rjett, að frv. þetta sje ekki skaðlegt, en þó má nota það fyrir brask. Jeg vil raunar ekki segja, að þessi maður muni gera það, en veit, að aðrir hafa notað slík leyfi þannig áður. Enginn háttv. þm. hefir enn getað hrakið það, sem jeg hefi sagt um veitingu „patenta“, enda hygg jeg, að þeir hafi ekki athugað það betur en jeg. Jeg verð að halda því enn fram, að frv. brjóti í bága við það, sem almenn „patent“-lög heimila.

Annars virðist brtt. háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) játning á því, er jeg hefi fundið frv. til forāttu. Hann vill útiloka framsalsleyfi. Hvers vegna? Til þess að útiloka, að braskað sje með leyfið í útlöndum, og er hún þess vegna frv. til bóta, en breytir ekki þeirri stefnu, er frv. byggist á, eða stefnuleysi þingsins í þessum efnum. Jeg er þess vegna á móti frv. og vil mælast til, að sú rökstudda dagskrá, er jeg hefi áður fram borið, komi undir atkvæði.

Eitt atriði vildi jeg taka fram að lokum. Það er það, að jeg gerði stjórn Búnaðarfjelagsins ofurlítið rangt til með því að jeg sagði, að ekkert væri að byggja á umsögn þess. Þetta vildi jeg leiðrjetta að því leyti, að í enda brjefsins stendur, ef jeg má lesa það upp:

> „Að endingu viljum vjer taka það fram, að vjer göngum að því vísu, að landsstjórnin veiti ekki leyfið nema því að eins, að hún hafi tryggingu fyrir því, að fje verði lagt til framkvæmda, svo að ekki fari um þetta einkaleyfi eins og ýms önnur einkaleyfi, sem veitt hafa verið á síðustu árum“.

Ef nú frv. verður að lögum, og það kemur til kasta stjórnarinnar að veita leyfið, vil jeg leggja áherslu á þetta atriði.

Gísli Sveinsson: Jeg skal ekki eyða mörgum orðum að þrætuefninu. Jeg leit

á þá rökstuddu dagskrá, sem fram er komin, og virtist mjer hún, eins og málið horfir nú við fyrir þingmönnum, að öllu leyti óaðgengileg. Jeg sje sem sje ekki, að það sje rjett í dagskránni, að nauðsynlegar upplýsingar um þetta mál vanti. Vjer vitum nú orðið vel, hvað hjer er um að ræða.

Jeg var búinn að taka það fram áður, að hjer er ekki að ræða um „patent“ í *rjettum skilningi*, heldur „koncession“, og hliðstæðar „koncessionir“ eru veittar annarsstaðar í líkum tilfellum og þessu, en ekki er tími til að rifja það upp nú eða gefa langar skýrslur um það.

Ef jeg mætti, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkur orð upp úr dagskránni, þá stendur hjer í henni: „Með því að nauðsynlegar upplýsingar vantar um mál þetta, og með því að svo virðist, sem einkaleyfi það, sem hjer greinir, fari í bága við almenna löggjöf um veitingu einkaleyfa“, o. s. frv.

Jeg get ekki sjeð, að þetta sje á rökum bygt. Í fyrsta lagi af því, að menn vita vel, við hvað er átt Þetta ber sem sje ekki að skoða sem „patent“, heldur „koncession“, eins og jeg hefi margtekið fram, og kemur slíkt iðulega fyrir. Hjer á þessu þingi t. d. hefir komið fram beiðni um aðra, sem allir muna.

Mjer virðist því dagskráin með öllu óhafandi.

Einar Arnórsson: Mig furðar stórlega, að jafnskynsamur maður og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talar svo óviturlega, að það hafi ekki neina þýðingu að hafa skilmerkilega lýsingu á fyrirtækinu. Það er annars vani í öllum öðrum málum, að menn fái, sjer þær upplýsingar, sem unt er, en afgreiði ekki málin í blindni. Það getur kann ske verið góð regla að gera hlutina eins og að ganga í svefni, en maður getur þá líka hrapað.

Um hitt er jeg ekki í nokkrum vafa, að þetta komi í bága við almenna löggjöf um einkaleyfi. Þetta er hvergi gert nema hjer. Hvort hv. þm. V.-Sk. (G.Sv.) kallar leyfið „patent“ eða „koncession“ skiftir engu. Það er eigi nafnið, heldur kjarni málsins, sem öllu skiftir.

Gísli Sveinsson: Að eins sú athugasemd, að mjer er kunnugt um, að hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir sjálfur átt kost á að fá sjer fullnægjandi upplýsingar í máli þessu, frá hálfu þeirra, er að því standa, ef hann hefði viljað. (**E. A.**: Nei).

Bjarni Jónsson: Það er víst alls ekki rjett, að það sje móti löggjöf annara landa að veita þetta leyfi, og jeg verð að segja, að ef þessu frv. má líkja við svefngöngu, þá mun mega heimfæra fleira í löggjöfinni undir svefn. Jeg vona, að bæði jeg og hv. 2. þm. Árn. (E. A.) komumst ómeiddir frá þessu máli, en það er margt annað, sem jeg vildi síður ábyrgjast.

Hv. þm. V.-Sk. (G.Sv.) hefir tekið fram, að þetta er á tilraunastigi, og hins vegar er það vitað, að markaður verður ekki orðinn svo mikill á næstu árum fyrir þannig verkaða vöru, að eigi sje skaðlaust að veita leyfið. Það er alls ekki, eins og hv. 2. þm. Árn. (E. A.) virðist halda fram, merki þess, að málið sje óvænlegt, heldur sýnir þetta, að hjer er eigi verið að gera tilraun til að fleka sig inn í svo arðvænlegt gróðafyrirtæki, og þess vegna hættulaust að veita leyfið, en getur hins vegar komið til leiðar hagkvæmari meðferð á þessari vöru til útflutnings, er svo stendur opið að taka, hve nær sem er, ásamt öllum tækjum og tilfæringum, með því móti, að maðurinn sje skaðlaus haldinn, svo að frv. er meinlaust, hvernig sem á er litið. Eru mjer því með öllu óskiljanleg þau mótmæli, er fram hafa komið, og fæ jeg ekki sjeð, að það, sem hjer er á

ferð, stríði á nokkurn hátt á móti almennum reglum annarsstaðar og hjer, þar sem menn haga sjer ætíð eftir aðstæðum. Og í verslun og atvinnuvegum vorum getur vel verið nauðsynlegt að fara þá leið, sem ekki er til annarsstaðar. Þetta heyrir alveg undir íslenskt löggjafarsvið, og er í engu brotinn rjettur á annari þjóð.

Einar Arnórsson: Jeg skal að eins taka dæmi, er gæti sýnt, hve slík leyfi eru varhugaverð. Hugsum oss, að leyfishafi kaupi á fyrsta ári vjelar og tilfæringar, til að gera tilraunir með. Tilraunirnar hepnast ekki, og fyrirtækið er þá dauðadæmt, eða mjög óálitlegt með þessari aðferð. En svo finst ný aðferð, sem ekki getur komið að notum hjer, nema landssjóður kaupi gömlu tækin, og seljandi reynir auðvitað að koma þeim í hæsta verð, og er það eigi láandi. Afleiðingin sú, að landssjóður getur stórskaðast á slíkri leyfisveitingu.

Bjarni Jónsson: Má jeg benda á, að það er ekki sennilegt, ef tilfæringarnar reynast ónógar, að leyfishafi haldi þeim í dýru verði eða selji þær dýrt, eða hafi ánægju af að sitja með þær og láta þær draga rentur sjer í óhag, heldur mundi hann láta forgöngumenn nýju aðferðarinnar fá þær, gegn hæfilegri þóknun. Hættan er ósýnileg.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 2. þm. Árn., E. A., (sjá A. 974) feld með 15 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. M., J. B., M. G., M. P., Þór. J., E. A.

nei: H. K., J. J., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., B. J., E. Árna., G. Sv., Ó. B.

5 þm. (B. K., B. St., B. Sv., E. J., Þorl. J.) fjarstaddir.

Brtt. 922, 1. samþ. með 15 shlj. atkv.
— 956. — — 16 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: S. S., S. St., St. St., Þorst. J., Þór. J., B. J., E. A., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. Ó., P. J., P. O., Ó. B.

nei: E. Árna., H. K., Sv. Ó., P. Þ.

6 þm. (B. Sv., B. K., B. St., E. J., M. P., Þorl. J.) fjarstaddir.

Brtt. 922, 2. kom ekki til atkv
— 955. — — — —
— 950. — — — —
— 922, 3. samþ. með 15 shlj. atkv.
— 930. — — 13 : 1 —
Frv., svo breytt, samþ. með 12 : 3 atkv. og afgreitt til Ed.

Með því að lokafundur Ed. var háður sama dag og samtímis, varð frv.

ekki útrætt.

---

16. Íslenskur fáni.

Á 24. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. ágúst var útbýtt

Frumvarpi til laga um íslenskan fána (A. 303).

Á 25. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Fr. ofseint fram komið. — Leyft með 12 shlj. atkv., að það mætti taka til umr.

Flm. (Karl Einarsson): Jeg vil fyrst geta þess, að það hefir slæðst villa inn í frv. Konungsúrskurðurinn um gerð fánans er talinn dagsettur 23. nóv. 1913, í stað 19. júní 1915, en það mun verða leiðrjett fyrir 2. umr. málsins.

Að öðru leyti skal jeg reyna að vera stuttorður.

Jeg ætla ekki að fara að færa rök til þess, hvers vegna við höfum ekki fyrir löngu sett lög um þetta mál. Það þarf ekki; enda myndi það ekki auka þessu máli neitt fylgi að fara að rifja það upp nú.

Jeg ætla ekki heldur að færa mörg rök fyrir því, hvern rjett vjer höfum til þess að hafa eiginn farfána; það eitt er nægilegt, að verslunar- og siglingamál vor eru af Dönum jafnvel viðurkend að vera löggjafarmál vor. Enn fremur má tilfæra þá sannreynd, að vjer erum einnig af Dönum viðurkendir, og af öllum öðrum, sem til þekkja, sem sjerstök þjóð, með sjerstaka tungu, sjerstaka menningu og sjerstaka löggjöf. Þá höfum vjer nú og fengið viðurkenning Dana og annara þjóða fyrir því, að vjer megum og getum sjálfir gert samninga um verslun og siglingar á eigin spýtur við aðrar þjóðir, og er það einmitt skýrt tákn þess, að vjer höfum alveldi í þeim málum.

Það væri því meira en undarlegt, ef vjer notuðum ekki hið góða tækifæri um leið og þetta er viðurkent í verkum, til að kippa þessu mikilsverða máli í lag, því að sýnulegu táknin um sjerstöðu vora og sjálfstæði hafa hvað einna mesta þýðingu í augum annara, en slíkt sýnilegt tákn er einmitt fáninn.

Þá vil jeg með nokkrum orðum víkja að því, hversu lífsnauðsynlegt oss er, eins og nú er ástatt í heiminum, að geta sýnt með þessu sýnilega tákni, að vjer ráðum siglingum vorum og verslun sjálfir að öllu leyti.

Enginn veit áður lýkur, hverjar þjóðir kunna að flækjast í þessa geigvænlegu styrjöld, sem nú geisar um heiminn. Þar getur komið, að oss sje það alveg nauðsynlegt að sýna, að vjer getum haldið oss skýrt aðgreindum frá öllum öðrum þjóðum, því að tæplega myndi sú þjóð finnast, sem vildi oss mein gera eða ekki hjálpa oss eftir mætti til að halda lífi. Öðru máli er að gegna, ef á oss yrði litið sem hluta úr annari þjóð, sem hennar undirlægjur; því að þá færi auðvitað um oss, svo sem hugur þeirrar þjóðar, sem „faktiska“ valdið gæti fengið yfir oss, stæði til þessarar „yfirþjóðar“ vorrar, eða „aðalþjóðarinnar“.

Allir menn sjá, hve þetta er afarhættulegt; það þarf ekki frekari skýringa við.

Jeg get ekki vænst þess, að nokkur neiti þessu, nje fari að vefengja rjett vorn og þörf í þessu efni; en þá kem jeg að því í málinu sjálfu, sem að oss lýtur, og það er einurð vor og samhugur.

Vilji vor verður að koma fram skýrt og einbeitt; vjer verðum að standa sem einn maður í þessu máli, *ekki fallandi á knje og biðjandi*, heldur láta látlaust og skýrt í ljós kröfur vorar og halda fast við, að þetta sje rjettur vor, að fá viðurkendan fána vorn.

Það er nú einnig svo, að vjer höfum fylstu ástæðu til að ætla, að Danir, og þá sjerstaklega hans hátign konungur vor líti svo á þetta mál vort, að þeir vilji nú unna oss þessa þjóðernismerkis vors; enda mundi það síst skerða samhug vorn til þeirra; þvert á móti mundi það öllu fremur tengja oss fastar við þá í bróðurhug og samheldni.

Það er von mín og vissa, að það verði hans hátign konunginum mjög hugnæmt og hugþekt að verða við óskum vorum í þessu efni, vitandi, að það er oss svo mikils varðandi og að hann yrði oss því

hjartfólgnari, og þjóðin, sem hann og er konungur yfir, því hugþekkari.

Frekara ætla jeg ekki að segja um þetta mál nú, en mun við aðra umr. koma að einstökum atriðum þessa máls, ef þörf krefur.

Jeg veit, að háttv. deild muni taka þessu máli vel, og ef tillaga kemur fram um að vísa málinu í nefnd, að umr. lokinni, þá hefi jeg ekkert þar við að athuga, en óska, að þá yrði kosin sjerstök nefnd í málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv., og samþ. með 13 shlj. atkv. að fela það sjerstakri nefnd.

Hlutfallskosning var viðhöfð.

Tveir listar komu fram.

Á öðrum, er forseti merkti A, stóð Jóh. Jóh., E. P. og G. G., en á hinum, er auðkendur var B, voru K. E., G. Ó. og K. D.

Kosningin fór svo, að

A-listinn hlaut 7 atkv.
B- — — 6 —

Einn þm. (G. G.) fjarstaddur.

Forseti lýsti þá kjörna í nefndina
Jóhannes Jóhannesson,
Karl Einarsson,
Eggert Pálsson,
Guðmund Ólafsson,
Guðjón Guðlaugsson.
(Sjá og A, bls. 1619)

Nefndarálit kom ekki. Frv. var því aldrei tekið til 2. um., og varð því

ekki útrætt.

17. Sogsfossarnir.

Á 25. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita leyfisbrjef til mannvirkja til notkunar vatnsafls í Soginu (A. 353).

Á 27. fundi í Ed., föstudaginn 10. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. ofseint fram komið. — Leyft með 9 shlj. atkv., að það mætti taka til umr.

Flm. (Eggert Pálsson): Jeg tel líklegt, að allir hv. þm. sjeu sammála um það, að hjer sje um þýðingarmikið mál að ræða. Þetta mál snertir fossana hjer á landi eða notagildi það, sem í þeim felst. Það er, að jeg held, viðurkent orðið um heim allan, að fossarnir hafi meira gildi en menn til forna gerðu sjer í hugarlund. Menn sungu þeim að vísu þá, eins og síðar, margvíslegt lof, og skáldin rómuðu þá hvert í kapp við annað. En það var aðallega fegurðin, er það gerði, en ekki hið mikla gagn, sem í þeim getur búið, og mönnum var þá með öllu ókunnugt um. En til þess að framleiða þetta gagn, sem í fossunum býr, þarf fyrst og fremst fjármagn. Það má, að nokkru leyti, líkja þessu gagni, sem í fossunum býr, við dýra málma eða demanta, sem fólgnir eru í jörðu. Þeir koma ekki að neinu liði, ef jörðin er ekki opnuð og þeir dregnir fram í dagsljósið. Það er eins um hið mikla gagn fossanna, að það kemur engum að haldi, nema því að eins, að hönd og hugvit mannsins komi til, ásamt miklu fjármagni, til þess að gera þá arðberandi. Þá fyrst, er þeir hafa verið þannig beislaðir, verður sagt, að þeir komi að tilætluðum notum.

Vjer erum nú svo heppnir að eiga umráð yfir þessum mikla krafti, er foss-

arnir hafa í sjer fólginn, enda þótt hann hafi hingað til að litlum notum komið. Jeg held, að ekki sje hægt að segja annað en að notin, sem af þeim hafa orðið fyrir oss, sjeu enn sem komið er sáralítil. Einu notin, sem mjer er kunnugt um að landsbúar hafi haft af þeim, er það, að nokkrir einstaklingar hafa verið að kaupa og selja rjettinn til notkunar þeirra, án þess að nokkuð hafi verið gert til að draga fram hinn mikla mátt, sem í þeim býr, landi eða lýð til framfara.

Nú virðist mjer því, að tími sje kominn til einhverra verulegra og verklegra framkvæmda hvað fossana snertir.

En þegar um það er að ræða að notfæra þennan mikla kraft fossanna, þá liggur það í augum uppi, að það verður ekki gert nema með mjög miklu fjármagni.

En spurningin er þá þessi: Er fjármagn það á reiðum höndum, sem til þess þarf?

Jeg hygg, að öllum hljóti að vera það ljóst, að um innlent fjármagn, sem til þessa þarf, geti ekki verið að ræða, og jeg vil segja, að eftir því muni þurfa að bíða í ófyrirsjáanlega langan tíma. Hjer getur því ekki komið annað til greina en að veita erlendu fjármagni inn í landið.

En sje um það að ræða að veita hingað inn erlendum fjárstraumum, í því skyni, að fossarnir geti komið oss og niðjum vorum að verulegum notum, þá má segja, að tvær leiðir til þess sjeu hugsanlegar. Önnur leiðin er sú, að landið sjálft taki svo stórt lán, er til þess þarf, að fossarnir verði notaðir. Sú leið er hugsanleg, en ekki heldur meira. Hún er og verður um ófyrirsjáanlega langan tíma óframkvæmanleg. Ef það á að gera hjer nokkuð, sem að verulegt gagn sje að í þessu efni, þá þarf til þess ekki miljónir króna, heldur miljónir króna svo að tugum skiftir, því að til slíkra framkvæmda stoða ekkert smáar fjárupphæðir, sem og öllum er ljóst.

Jeg fæ því ekki skilið, að landið sjálft geti ráðist í það að taka tugi miljóna króna lán í þessu skyni, ekki fjölmennari eða ríkari en þjóðin er, sem á bak við stendur. Og mjög miklar líkur eru fyrir því, þó að slíkt lán kynni að vera fáanlegt, að með þeirri aðferð væri frelsi og sjálfstæði landsins einmitt í voða teflt, því að eitthvað, og það ekki svo lítið, mundi svo voldugur lánardrottinn vilja hafa fyrir snúð sinn. Ef menn því hugsuðu til að fara slíka leið í þessu máli, þá fæ jeg ekki annað skilið en að allar framkvæmdir hljóti að dragast um mjög marga tugi ára enn. En það væri oss öllum afarmikið tjón. En þá er hin leiðin, sem fram undan liggur og hægt er að fara, — sú leiðin, að veita hlutafjelagi leyfi til þess að gera fossaaflið að meira eða minna leyti nothæft. Og þessi leiðin er það, sem jeg, eftir atvikum og ástæðum, tel þá einu rjettu, enda er það hún, sem blasir við í frumvarpi þessu.

Þessi leið er heldur ekkert nýmæli í sögunni. Hún hefir verið farin og er enn þá að nokkru leyti farin af okkur ríkari og að mörgu leyti merkari þjóðum. Sem dæmi skal jeg nefna frændur vora Norðmenn, er einmitt hafa með þessum hætti fært sjer fossaflið til nytja. Vjer vitum og, að aðrar þjóðir hafa notað svipaða aðferð til þess að lyfta undir framfarir hjá sjer og skapa auð og afl í landi. Þannig hafa t. d. Danir veitt hjá sjer ýmsum fjelögum sjerrjettindi, svo sem t. d. Sameinaða gufuskipafjelaginu, Stóra norræna og Austur-Indlands-fjelaginu. Og hverjum augum sem vjer kunnum að líta á þessi fjelög, þá hygg jeg það víst vera, að öll danska þjóðin sje sammála um, að þessi spor hafi verið heillamikil og giftudrjúg fyrir hana, og að hún hefði ekki staðið jafnvel að vígi og hún nú gerir, eða verið eins auðug eða í áliti og hún nú er, ef þau spor hefðu ekki verið stigin.

Að veita leyfi það, sem hjer er farið fram á, sýnist því ekki vera viðurhlutamikið, hvernig sem á er litið, sje það að eins með rjettum augum gert, því að hjer er um örlítið brot, nálægt 4%, að ræða, af því mikla fossafli, sem Island á yfir að ráða, og er því af næsta nógu að taka, þótt þetta gangi frá; í öðru lagi fylgir innlausnarrjettur á öllum eignum og áhöldum fjelagsins eftir vissa áratölu, svo framarlega sem landið þá vill eða getur tekið það í sínar hendur. Í þriðja lagi eru landssjóði hjer engar skorður settar um það, ef svo sýnist, að hann taki svo marga hluti í fjelaginu, sem vera vill. Og ef menn telja það vera hagnað fyrir landssjóð að taka stórfeld lán til þess að reka slíkt fossafyrirtæki að öllu leyti fyrir eigin reikning og á eigin ábyrgð, þá ætti það að vera hlutfallslega sami hagnaðurinn fyrir hann að kaupa hluti í slíku fossafjelagi, og því fremur sem gera má ráð fyrir, að það væri rekið með enn meiri krafti og kunnáttu.

En það, sem aðallega fyrir mjer vakir með að ljá máli þessu fullkomið fylgi, er mest og helst óbeini hagnaðurinn, sem jeg þykist sjá að af því mundi leiða fyrir land og lýð.

Óbeini hagnaður sá, sem mest liggur í augum uppi, er að minni ætlun þrennskonar.

1. Rafmagnsframleiðsla til iðnaðar, ljósa og hitunar.
2. Járnbrautarspursmálið er þar með leyst.
3. Nægur áburður fenginn til ótakmarkaðrar jarðræktar.

Um fyrsta liðinn, rafleiðsluna, má segja, að hún komi aðallega eða mestmegnis að notum fyrir þennan bæ, Reykjavík, enda er það víst, að þeir, sem mest og best hugsa um hagsmuni hans, leggja mikla áherslu á, að þetta mál nái fram að ganga og sofni ekki út af í höndum vorum.

Um annan liðinn, járnbrautina, er það að segja, að það er mál, er varðar gervalt Suðurl., en þó hygg jeg, að það varði mest sjálfa Rvík., meir en hið eiginlega Suðurl.-undirlendi. Því að mjer er ekki ljóst, hvernig á að tryggja líf og framþróun Reykvíkinga, ef þeir eiga til langframa að búa að kjörum þeim, sem þeir hafa nú. Mannfjölgun bæjarins verður ekki heft. — Það er lögmál, sem enginn ræður við, að fólkið flykkist í kaupstaðina — og mjólkurskorturinn sverfur æ fastar að. Mjer finst því, að með því einu móti, að samþykkja frv. þetta, sje það forsvaranlegt fyrir þingið að láta járnbrautarmálið að öðru leyti liggja niðri. Ella væri það með öllu óafsakanlegt að veita ekki einu sinni í fjárlögunum fje til fullnægjandi rannsóknar. En sje þessu frv. vel tekið, þarf þess ekki, því með því að er sjálft járnbrautarmálið leyst.

Hvað frv. sjálft snertir, þá er það að mestu leyti samhljóða frv. því, er háttv. þm. hafa áður í handriti fengið. En þótt það hafi engum stórbreytingum tekið frá því, sem var í handritinu, þá eru þær þó nokkrar, aðallega tvær. Fyrri aðalbreytingin, sem á því hefir verið gerð, er sú, að þegar járnbrautin verður lögð, þá verði lega hennar og gerð ákveðin í samráði við stjórnarráðið. Þetta er þýðingarmikið atriði. Önnur aðalbreytingin, sem hefir verð gerð á því, er það ákvæði, að stjórninni sje heimilt að skipa mann til að rannsaka reikninga fjelagsins, og er það einnig allþýðingarmikið, því að stjórnarráðið þarf þá ekki að ganga neitt gruflandi að því, hversu hag fjelagsins er háttað á hverri stundu sem er, eða óttast, að það sje með fölsuðum reikningum á tálar dregið. Annars má segja, að frv. þetta, eins og það liggur nú fyrir, sje að mestu sniðið eftir norskum fyrirmyndum. Dómsmálastjórnin norska hefir skipað nefnd manna til að gefa álit sitt um, hvernig slíkum lögum sem þessum skyldi fyrirkomið. Í nefnd þessari sátu hinir nýtustu menn Norðmanna, þar á meðal einn, prófessor Gjelsvík, sem varð

um eitt skeið mjög kunnur hjer á landi, og oft var vitnað til í stjórnmáladeilum vorum. Álit þessarar nefndar hefir verið gefið út og liggur hjer fyrir, og eru ákvæði frv. þessa að mestu leyti eftir því, sem þessi nefnd hefir lagt til að slík lög skyldu hafa.

Þegar um það er að tala að gefa stjórninni heimild til að veita fjelagi því, er hjer er nefnt, leyfi til að nota Sogsfossana, þá er eðlilegt, að spurt sje að því, hvort hjer sje um ábyggilegt fjelag að ræða, sem ekki sje að hafa okkur að leiksoppi, heldur sje fult mark á takandi. Eftir því, er jeg veit best, er hjer um bæði áreiðanlegt og öflugt fjelag að ræða, eða, rjettara sagt, bæði ábyggilegir og fjársterkir menn, er að því standa. Allir háttv. þingdm. mega líka sjá það, að við flm. erum ekki einir um þessa skoðun: það má lesa í fgskj. því, er prentað er aftan við frv., að bæjarstjórn Reykjavíkur leggur sterka áherslu á, að stjórn og þing taki beiðni h.f. Íslands, um leyfi til að fá að hagnýta vatnsaflið í Soginu, og vitanlega óskar hún þess af því, að hún er sannfærð um, að hjer sje um ábyggilegt fjelag að ræða, er reynast mun nægilega sterkt til að hrinda í framkvæmd þeim fyrirtækjum, er hljóta að efla hagsmuni Reykjavíkur og yfir höfuð gjörvalls landsins. Sýslunefnd Árnessýslu er einnig sömu skoðunar; hún telur heillavænlegt og gott fyrir sýslufjelagið, að fjelaginu verði leyft að nota Sogsfossana eða starfrækja þá, og það sem fyrst, að sjálfsögðu af því, að hún telur það í alla staði örugt og ábyggilegt.

Jeg skal enn fremur benda á það, að hr. skrifstofustjóri Jón Krabbe í Kaupmannahöfn, sem er maður ábyggilegur og fjármálamaður góður, fullyrðir, að fjölda margir af þeim, sem að fjelaginu standa, sjeu ábyggilegir efnamenn, og telur því engan efa á því, að þeir sjeu færir um og fúsir til að uppfylla allar skuldbindingar fjelagsins.

Að svo vöxnu máli finn jeg ekki ástæðu til að ræða málið frekar, en treysti því, að háttv. þingdeild viðurkenni rjettmæti þess, og taki því eins vel og það á skilið.

Eins og sakir standa nú er ekki annað fyrir mig að gera en að óska þess, að háttv. deild taki á móti frv. þessu á þann hátt, að það verði athugað í nefnd, því að vitanlega eru mörg ákvæði í því, er nefnd þarf að athuga og rannsaka betur. Frá slíku frumvarpi sem þessu verður ekki svo gengið á fyrstu stundu, að það þurfi engra endurbóta við. Það segir sig sjálft. En að fara út í einstök ákvæði frv. á ekki við á þessu stigi málsins, þar sem það er hjer til fyrstu, en ekki annarar, umr.

Jeg legg því til, að málinu verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til allsherjarnefndar, enda er það, að mínu áliti, allsherjarheill landsins, er hjer ræðir um.

Forsætisráðherra (J. M.): Það væri ekki nema eðlilegt, þótt spurt væri að því, hvers vegna mál sem þetta kæmi ekki frá stjórninni, því að umsóknir fjelagsins, sem fram hafa verið lagðar, eru stílaðar til stjórnarinnar. Jeg skal nú leyfa mjer að skýra frá því, hvernig þetta mál hefir komið til hennar.

Rjett áður en jeg fór heim frá Kaupmannahöfn, eftir dvöl mína þar í vor, þá komu þrír menn til mín, tveir menn, er ritað hafa undir beiðnina, etatsráð Monberg og Jarl, verkfræðingur og verksmiðjuforstjóri; hinn þriðji er verkfræðingurinn og þingmaðurinn Alexander Foss. Þá var beiðnin ekki undirrituð til fulls, því að þeir meðlimir stjórnarinnar, sem þá voru 3, sem búsettir eru hjer á landi, höfðu ekki skrifað undir hana.

Jeg gat ekki þá sagt neitt ákveðið um undirtektir stjórnarinnar í heild um þetta erindi, því að jeg gat ekki borið mig saman þar við samverkamenn mína í ráðu-

neytinu, svo að mál þetta varð að bíða fyrst og fremst þangað til ráðuneytið gat borið sig saman um það hjer heima, en það varð ekki fyr en í þingbyrjun, því að atvinnumálaráðherra var fjarverandi er jeg kom og kom ekki heim fyr en þá.

En svo kom ekki beiðnin frá stjórn fjelagsins Ísland hjer til landsstjórnarinnar fyr en í áliðnum júlímánuði, meðal annars af því, að eignaheimildir fjelagsins fyrir fossunum voru ekki að öllu í lagi. Af hverju það stafaði veit jeg ekki, en það varð opinbert þegar Reykjavíkurbær keypti hluta af Sogsfossunum.

Auk þess kom fram beiðni frá Reykjavíkurbæ um að taka eignarnámi vatnsaflið í Soginu. Stjórnin þóttist, meðan svo stóð, ekki geta tekið afstöðu til málsins. Nú er það kunnugt, að þessi óvissa um eignarheimildina er leyst. Það varð að samkomulagi, að þeir, er gerðu tilkall til eignarrjettarins (Reykjavíkurbær), yrðu í fjelagi að einhverju leyti um notkun fossanna.

Mjer virtist samt sem áður, að hjer væri um svo mikilvægt mál að ræða, að rjett væri að láta einhverja þingnefnd vita af því, að það væri á döfinni. Jeg skýrði því fjárhagsnefnd hv. Nd. frá því og sýndi henni beiðnina, rjett eftir að hún barst stjórninni, ef hún vildi athuga málið og leggja beiðnina fram á lestrarsal.

Þetta var gert eftir samkomulagi á milli ráðherranna.

En jeg get ekki sagt, að ráðuneytið hafi tekið afstöðu til málsins; jeg býst við, að afstaða hvers okkar ráðherranna sje ekki sú sama, og get jeg ekkert sagt fyrir ráðuneytið í heild sinni, en alt ráðuneytið er samdóma um það, að rjett sje að athuga það, því að það sje svo mikilsvert. Og það á að athuga málið þegar í stað, nema því að eins, að þingið vilji yfir höfuð ekki, að útlent fjármagn komi hingað og sje varið í slík fyrirtæki; þá á að vísa því strax á bug. En vilji þingið sinna málinu, þá er mikilsvert, að leiðbeiningar kæmu frá þinginu um það, hvernig á að taka í það.

Mjer er sagt, að það sje mikilsvarðandi, að svar gæti fengist um erindið nú þegar á þinginu, því að nú mun mega fá fje til fyrirtækisins, en óvíst sje að vita, hvort auðið verði að fá það síðar, ef færið er ekki notað nú.

Ef þetta mál, sem jeg tel sjálfsagt, fer til nefndar og hún athugar það, býst jeg við, að ráðuneytið sje fúst að vinna að málinu með henni.

Jeg get þegar sagt það fyrir mitt leyti, að jeg tel, að það sjeu aðallega þrjár spurningar, er þingið verður að leysa úr.

Hin fyrsta er sú, hvernig líta beri á mál þetta frá þjóðlegu sjónarmiði, eða sjónarmiði landsins sjálfs, nefnilega hvort leyfa eigi hjer stór útlend fjelög með miklu fjárafli, hvort það sje heppilegt fyrir þjóðfjelagið eða ekki.

Önnur spurningin er, hvernig tryggja eigi þjóðfjelagið, þegar um svona fyrirtæki er að ræða, t. d. verkamenn, barnauppeldi o. s. frv. Þetta er svo sjálfsagt, að það þarf ekki mikið um það að tala, og þetta atriði hefir verið mjög mikið athugað annarsstaðar, t. d. í Noregi.

Þriðja spurningin er um skattana, hvernig hægt sje að koma þeim fyrir svo, að þeir verði ekki beint fráfælandi fyrir þá, er vilja leggja fje í fyrirtækið, en þó sómasamlegir fyrir landssjóð.

Þetta eru þau aðalatriði, sem þingið verður að gera sjer ljós.

Hingað til hefir það ekki verið talið rjett hjer að bægja burt erlendu fje frá því að starfa í landinu, og hafa verið veitt einkaleyfi jafnvel, sem bygð eru á því, að notað yrði erlent fje, t. d. járnsandur og saltvinsla.

Fyrsta spurningin er þá um þetta, hvort menn eigi að bægja útlendu fje frá landinu. Það er vitanlegt, að stórt fyrirtæki,

eins og þetta, er ekki hægt að ráðast í á næstu áratugum með innlendu fje, því að svo mikið fje er ekki til í landinu. Fjeð verður að vera erlent; um það getur ekki verið nein deila. Jeg get ekki talið neina hættu stafa af því fyrir þjóðfjelagið, þótt hið umbeðna leyfi væri veitt umræddu fjelagi með þeim kjörum, sem tryggileg þættu. Jeg hygg, að búa mætti svo um, að verkamenn væru trygðir, almenn skólafræðsla o. s. frv.

Vandasamasta atriðið, sem athuga þarf, er hvernig hægt sje að koma því svo fyrir, að landið verði vel trygt fjárhagslega. Þar getur eitt atriði komið til greina, sem komið hefir verið á í Noregi til tryggingar. Það er að setja þær kröfur, að öll mannvirkin falli til landsins, eftir einhvern ákveðinn, langan tíma.

Þessu ákvæði er þó, að því er jeg hygg, eigi beitt, ef fjelögin eiga sjálf vatnsaflið, er leyfið er veitt.

Eins og jeg hefi áður tekið fram þá hefir stjórnarráðið ekki tekið ákveðna afstöðu í málinu, en jeg, fyrir mitt leyti, teldi það óverjandi, ef það væri ekki tekið til nákvæmrar íhugunar áður en afdrif þess eru ákveðin. Slíkt væri með öllu óafsakanlegt, þar sem þetta mál er svo þýðingarmikið fyrir okkar stærsta bæjarfjelag og heilt sýslufjelag að auki.

Fyrir mitt leyti er jeg hlyntur frumvarpinu í aðalefni þess, en auðvitað eru ákvæði í frv., sem breyta þarf. Til dæmis tel jeg oflágt hundraðsgjald það, sem renna á í landssjóð af „nettó"-ágóða fyrirtækisins.

Þá vil jeg geta þess, að áður en jeg fór frá Kaupmannahöfn bað jeg hr. skrifstofustjóra Krabbe að láta mig fá álit sitt um mál þetta. En hann er, eins og háttv. þm. er kunnugt, viðurkendur fjármálamaður.

Mun jeg fús á að lána nefnd þeirri, sem væntanlega fjallar um málið, álit þetta.

Forgöngumenn þessa máls eru taldir einhverjir hinna helstu fjármálamanna og hafa yfir að ráða bæði fje og hinni bestu verklegu þekkingu. Mörgum er og hjer á landi kunnugt um þessa menn. Að minsta kosti ættu Reykvíkingar að þekkja til etatsráðs Monbergs, sem hefir tekið að sjer byggingu Reykjavíkurhafnar, sem nú er því nær lokið. Fje það, sem leggja á í fyrirtækið, er frá Danmörku og Noregi.

Vil jeg svo enda mál mitt með þeirri ósk, að frumvarpið verði tekið til rækilegrar íhugunar.

Sigurður Eggerz: Þegar litið er á frv. þetta, verður manni fyrst fyrir að spyrja: Hvaða fjelag er þetta fossafjelag „Ísland"?

Hæstv. forsætisráðherra hefir að vísu tilgreint þau ummæli Krabbe's, skrifstofustjóra, að það hefði góðum kröftum á að skipa.

En slíkt eru litlar upplýsingar, og menn eru litið fróðari eftir en áður, um það t. d., hvort það hefir ráð yfir nægu fje til að koma á fót mannvirkjum þessum og rækja starfið. Lög fjelagsins eru líka ókunn. Menn vita að eins, að í stjórn þess eru 5 menn, þeir Monberg og Jarl og Íslendingarnir Pjetur Jónsson á Gautlöndum, Eiríkur Einarsson frá Hæli og Guðm. Hlíðdal, verkfr.

Þá er önnur spurningin, sem kemur til greina, þegar um leyfisbeiðni þessa er að ræða. Hvað ætlar fjelagið að gera? Það stendur í frv., að það ætli að leiða aflið úr Soginu, milli Þingvallavatns og Hvítár, til Reykjavíkur eða annarar hafnar, í rafmagnsleiðslum, leggja járnbraut og vegi og gera höfn og önnur mannvirki, sem nauðsynleg eru til að geta notað vatnsaflið.

En þetta alt saman er auðvitað ekki annað en leiðin til að framkvæma aðaltilganginn. Og hver er hann? Á það

er ekki minst í frv. Háttv. flm. (E. P.) gat þess að vísu lauslega, að hann mundi vera það að vinna áburð úr loftinu, og er það sennilegt.

En þó að nú svo væri, að upplýst yrði bæði um hag fjelagsins og tilgang þess með beiðni þessari, þá verður að athuga það tvent, hvaða rjettindi fjelagið vill fá og hvað það vill leggja fram á móti.

Í Noregi er það venja, þegar slíkt leyfi er veitt, að heimta nákvæmar skýrslur um það, sem gera á, og nákvæmar teikningar yfir mannvirki þau, sem stofna skal Er síðan leitað álits nefnda, sem skipaðar eru vel hæfum og verkfróðum mönnum, áður en leyfið er veitt.

Það, sem fjelagið heimtar af rjettindum í landinu, er aðallega þrent.

Í fyrsta lagi vill það fá heimild til að leiða aflið úr Soginu, milli Hvítár og Þingvallavatns, til Reykjavíkur eða annarar hafnar, leggja járnbraut og vegi, gera höfn og önnur mannvirki o. s. frv.

Þetta eru sanngjarnar kröfur og auðvitað skilyrði fyrir starfrækslu fjelagsins.

Í öðru lagi gerir það kröfu til þess að vera laust við skatta og tolla til landssjóðs. Slíkt getur ekki talist annað en hrein og bein heimtufrekja. Að líkindum mundi fjelag þetta verða langstærsti framleiðandi landsins, og væri það ilt verk að veita því slík hlunnindi og forrjettindi, fram yfir öll önnur landsins börn.

Og líklegt þykir mjer, að tvær grímur renni á marga, áður en slíkt fær fram að ganga.

Í þriðja lagi heimtar fjelagið að njóta hlunninda þessara í 99 ár. Það er langur tími; að minsta kosti meira en nógu langur til að iðrast á, ef svo færi, að menn sæju eftir samningunum.

Og nú er þess að gæta, að þótt landið eigi ekki fossa þessa, þá ræður það þó, hvort þeir eru starfræktir, og hefir heimild til að taka þá í sínar þarfir.

Þá kemur að því, sem landið á að fá á móti, og er þá helst rafmagn handa einstökum sveitaheimilum og hreppsfjelögum til ljósa, suðu og hitunar og smáiðnaðar, og sömuleiðis til rekstrar járnbraut um Suðurlandsundirlendi, og skal það látið af hendi við verði, er miðað sje við framleiðslukostnað, að viðbættum 10% ágóða.

Við þetta er það að athuga, að það mun mest undir fjelaginu sjálfu komið, hve hátt er reiknaður framleiðslukostnaður.

Er þá lítil vissa fyrir því, að þetta fáist við góðu verði.

Í annan stað er það ekki víst, að fjelagið fái svo mikið rafmagn, að það geti látið af hendi það, sem þarf til rekstrar járnbraut, því að til þess að vinna áburð úr loftinu þarf mikið afl og sterka strauma.

Og sje nú hægt að sýna fram á það, að fjelagið verði að minka sitt eigið starf við rekstur járnbrautarinnar, þá er lítil orðin tryggingin fyrir því, að rafmagnið fáist með góðu verði.

Þá á landssjóður að fá 10% af ágóða fjelagsins eftir að hæfilegur frádráttur hefir verið gerður fyrir tilgun (amortisation) og fyrningarkostnaði, og eftir að hluthöfum hefir verið greitt 5% af hlutafje þeirra.

Svo mundi nú mega setja upp reikningana, að lítill yrði hluturinn landssjóðs þegar að skiftunum kæmi. Þá á landið að hafa heimild til afnota af mannvirkjunum — að svo miklu leyti, sem það hindrar ekki eigin afnot leyfishafa — gegn hæfilegu gjaldi, er stjórnarráðið samþykkir. Leyfishafi gengur á undan og getur vitanlega sett mönnum stólinn fyrir dyrnar, með óaðgengilegum skilyrðum fyrir að nota heimild þessa.

Þá á landssjóður líka að eiga rjett á að fá járnbraut keypta, en þó með þeim skilyrðum, að fjelagið verði ekki ver sett með flutninga en það hefði orðið, hefði það sjálft rekið brautina áfram.

Eftir þessum skilyrðum er járnbrautin

eftir sem áður í höndum fjelagsins, ef það á annað borð hefir lagt hana, því að ekkert ákvæði er í frv., er skyldi fjelagið til þess.

Þá er loks ákvæði það, að landsstjórnin á rjett á að fá sjer afhent öll mannvirki fjelagsins eftir 55 ár, gegn kaupverði, sem miðað er við, hvað leyfishafi borgaði fyrir rjettindin og hvers virði mannvirkin eru.

Hjer er ekki tekið til greina það ákvæði í fossalögunum íslensku, að fossarnir falli til landsins eftir vissan tíma, og ekki heldur samskonar ákvæði í Noregi, sem gildir um lík mannvirki og hjer er um að ræða.

Það virðist því eftir frv. þessu, að fjelagið muni hafa bæði töglin og hagldirnar, einkum þegar slept er tryggustu leiðinni til að halda því í skefjum, sem er rjetturinn til að leggja á tolla og skatta.

Við að fara yfir frv. og athuga það lauslega hefi jeg því komist að þeirri niðurstöðu, sem jeg álít að allir hljóti að komast að; hún er sú, að ekki sje hægt að lúka málinu nú á þessu þingi. Brestur til þess bæði þekkingu og athugun. Hæstv. stjórn hefir ekki heldur tekið ákveðna afstöðu til málsins enn þá og hefir þó haft lengri tíma til athugunar.

Hæstv. forsætisráðherra er hlyntur málinu, en hefir ekki tekið ákveðna afstöðu til þess enn þá, ef jeg skil hann rjett. Hæstv. stjórn getur því ekki ráðið þinginu til að samþykkja frv., því að í slíku stórmáli sem þessu þarf stjórnin að vera einhuga og hafa ákveðna stefnu.

Það er síður en svo, að jeg lái henni stefnuleysi hennar í málinu. Hún hefir að eins fundið til þess sjálf, að hana skortir bæði tíma og tæki til að rannsaka málið að svo komnu, og er slíkt afsakanlegt.

Þykir mjer sjálfsagt, að athuguð verði reynsla annara þjóða í þessum sökum, áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar í málinu. Hygg jeg því, að þetta þing geti ekki annað gert en fela stjórninni málið til athugunar.

Af því, sem jeg hefi kynt mjer umræður í stórþinginu norska, skilst mjer, að Norðmenn líti nú svo á, að þeir hafi verið offljótfærir og farið ofógætilega í samningum um fossa sína. Skilja þeir það altaf betur og betur, hvers virði fossaflið er, og í fjárlögum þeirra er áætluð viss upphæð til að kaupa fossa — til að kaupa „disse Herligheder", eins og einn stórþingsmaðurinn komst að orði.

En nú kann einhver að segja, að ef frestað er málinu, þá velti miljónir á burt. En það hræðist jeg ekki, og það þarf enginn að hræðast. Því er líkt farið með miljónirnar og vatnið. Vatnið sækir undan eftir hallanum. Miljónirnar sækja þangað, sem mestra vaxta er von. Og ef erlent fje sækir inn í eitthvert land, þá er eitt af tvennu, sem því veldur; annaðhvort er þar gróðajarðvegur góður og líklegur til margfaldrar uppskeru, eða hitt, að viðkomandi menn ætla sjer að ná tökum á landinu.

Að því er síðara atriðið snertir, þá mun jeg ekki fara inn á það nú og segi ekki heldur, að sá sje tilgangurinn hjer. En jeg vil að eins minna á, í því sambandi, orð látins heiðursmanns, Magnúsar Stephensens, landshöfðingja. Hann komst einu sinni svo að orði: „*Timeo Danaos et dona ferentes*".

En þá er auðsætt, að þó að málinu verði frestað, muni það ekki verða til þess að ýta miljónunum burt, því að það er vitanlegt, að ef aðstandendurnir eru djúphygnir fjármálamenn, sem komist hefðu að þeirri niðurstöðu, að afl íslensku fossanna gæti ávaxtað miljónir, þá mundi ársfrestur ekki reka þær til baka. Enda er þess að gæta, að ef þeim byðist annað arðvænlegra fyrirtæki, standa þeir óbundnir og gætu snúið sjer að því. Jeg hefi

það fyrir satt, og ber þar fyrir mig orð verkfróðra manna, að hagnýting á þessum fossöflum, sje eitthvert hið arðvænlegasta fyrirtæki, sem hægt er að hugsa sjer. Einn úr stjórn þessa fjelags hefir sagt, að afl þeirra fossa, sem hjer um ræðir, væri 40 % af vatnsafli landsins. Jeg skal ekki segja neitt um, hvað hæft kann að vera í þessu, en jeg veit þó, að það er mikill munur, hvert fossaflið er og hvar það er. Og eins og vjer vitum, og heyrðum af ræðu hv. flm. (E.P.), eru þessir fossar í hjarta landsins, þar sem búast mætti við mestum framförum. Og ef vjer lítum yfir þróun þessa þjóðfjelags á síðari árum, sjáum vjer, að hjer eru að verða til stórefnamenn, og að vjer erum sjálfir farnir að trúa því, að landið hafi mikil auðæfi að geyma, og með því að vjer vitum, að miljónirnar utan úr heimi eru farnar að sækjast eftir þessum auðæfum, þá er sýnilegt, að vjer verðum að gera alt, sem í voru valdi stendur, til þess að vernda þau. Og þó að vjer höfum ekki nægilegt fje til þess að vinna úr þeim, verðum vjer að vera reiðubúnir, þegar miljónirnar koma. Vjer verðum að gæta þess, að vjer höfum tökin á þeim, en þær ekki á oss.

Annars skal jeg geta þess, í sambandi við fossana í Soginu, að þar er vatnið sjerstaklega tært, að því er verkfróðir menn segja, og betra til notkunar en úr mörgum fossum öðrum.

Oft hefir verið talað um það, að þarflegt væri að beisla fossana. Og þetta er hverju orði sannara. En svo er það best, að vjer höldum þá sjálfir í tauminn.

Sú sögn gengur um Sæmund fróða, að hann hafi synt á sel til landsins og haft í hendi saltara, til þess að selurinn næði ekki valdi yfir honum. Þegar miljónirnar koma, verðum vjer að halda á saltara íhugunarinnar og sjálfstæðisins, til þess að drotna yfir miljónunum, en láta þær ekki drotna yfir oss.

Með skírskotun til þess, sem nú hefi jeg sagt, leyfi jeg mjer að bera upp svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

Mál þetta er vandasamt og kemur seint fram og að óvörum, og er því engin von þess, að þingmenn geti aflað sjer nægilegrar þekkingar á því nú á þinginu. Nauðsyn ber til þess, að stjórn landsins rannsaki, hvernig helst skal fara með vatnsafl landsins, svo að tryggður sje hagur þess í nútíð og framtíð, áður en nokkuð verður gert í því máli. Deildin tekur því fyrir næsta mál á dagskrá, í von um, að stjórnin geri þetta.

Ástæðan, sem liggur til þess, að jeg legg til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar, er sú, að mjer er fullljóst, að það er algerlega óhugsandi, að þetta þing geti afgreitt það. Og með því líka að það hefir ekki getað tekið ákveðna afstöðu til málsins, er fyrirsjáanlegt, að þó að það yrði látið fara í nefnd, mundi niðurstaðan ekki verða önnur en sú, að því yrði vísað aftur til stjórnarinnar. Og þar eð liðið er á þing og ýms stórmál liggja fyrir, er eðlilegast að vísa þessu máli þangað, sem það áreiðanlega fer. Jeg þykist fullviss þessa fyrirfram og byggi þá vissu á trú, sem jeg hefi á fyrirhyggju hv. Alþingis.

Flm. (Eggert Pálsson): Það er að vísu erfitt verk, eins og öllum er ljóst, að eltast við athugasemdir háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) við frv., jafnmargar og þær voru, og jafngengdarlausar mótsagnir sem hann komst í við sjálfan sig.

Til dæmis um það, í hversu greinilegar mótsagnir hann komst við sjálfan sig,

skal jeg benda á það, að hann gerir ráð fyrir, að þegar búið sje að draga fyrningu frá og 5% handa hluthöfum, muni gróði landssjóðs ekki verða mikill, og meira að segja enginn. En jafnframt heldur hann því þó fram, að hjer sje um mjög arðvænlegt fyrirtæki að ræða, er geti gefið landssjóði stórfeldar tekjur, hafi hann það til eignar og umráða. Ef hjer er ekki greinileg mótsögn hjá þm. (S. E.), þá skil jeg ekki, hvað mótsögn er. Hann hefði átt að gæta þess, er hann söng fossum þessum lofið sem mest, að þeir eru þegar orðnir eign fjelagsins og geta ekki komið landinu að liði öðruvísi en í höndum þess. Hann hefði átt að gæta þess, að því meira lof sem hann syngur þeim, því dýrari má álíta að þeir verði, ef til þess kæmi, að landssjóður vildi eignast þá.

Hv. 2. landsk. þm. (S.E.) bar upp tvær spurningar. Fyrri spurning hans var það, hverskonar fjelag þetta væri, sem hjer væri um að ræða. Hæstv. forsætisráðherra hafði þegar lýst fjelaginu fullgreinilega, svo að spurningin var því algerlega óþörf. Hann benti á, að í stjórn þess sætu áreiðanlegir peningamenn. Hluthafana taldi hann að vísu ekki upp, enda geri jeg ráð fyrir, að landssjóð varðaði ekki mikið um nöfn þeirra. En það lítur út fyrir, að hv. 2. landsk. þm. (S.E.) álíti, að alt sje undir mannanöfnunum einum komið.

Önnur spurning hv. 2. landsk. þm. (S. E.) var sú, hvað fjelagið ætlaði að gera. Þessi spurning lýsir því, að hann hefir ekki einu sinni lesið innganginn að frv. Því að þar segir, að fjelagið sæki um „leyfi til að leiða afl úr Soginu, milli Þingvallavatns og Hvítár, til Reykjavíkur, eða annarar hafnar, í rafmagnsleiðslum, hvort heldur ofan jarðar eða neðan, leggja járnbraut og vegi og gera höfn og önnur þau mannvirki, sem nauðsynleg eða æskileg eru, til þess að geta notað vatnsaflið". (S. E.: En hvað ætlar fjelagið að gera?). Og samt sem áður spyr þm. (S.E.), hvað fjelagið ætli að gera. Mjer dettur ekki í hug, að hv. 2. landsk. þm. (S.E.) sje svo skyni skroppinn, að hann sjái ekki, að þar sem fjelagið ætlar að framleiða rafmagn og leggja leiðslu fyrir það, þá muni það ekki láta kraftinn streyma ónotaðan. (S. E.: Þingmaðurinn skilur ekki). Auk þess stendur hjer skýrum stöfum, að fjelagið vilji selja iðnaðarafurðir sínar við sanngjörnu verði, svo að af því mætti hann sjá, að fjelagið ætlar að nota rafmagnið til iðnaðar; hann veit, eins og aðrir, að fjelagið mun leggja mesta áherslu á að vinna áburð úr efnum í loftinu.

Þá fáraðist hv. 2. landsk. þm. (S.E.) mjög um það, að fjelagið væri undanskilið sköttum. (S. E.: Tollum og sköttum sagði jeg). Jæja, það kemur í sama stað niður. Fjelagið er alls ekki skattfrjálst, með því að því er ætlað að greiða landssjóði 10% af ágóða fyrirtækisins, þegar hluthafar hafa fengið vanalega vexti, að eins 5%. Þar að auki býðst fjelagið til að láta landinu í tje afnot af járnbrautum, gegn hæfilegu, umsömdu gjaldi, enn fremur iðnaðarafurðir sínar eða áburðarefni, gegn borgun, sem svari til framleiðslukostnaðarins. Að minsta kosti er það ljóst, að unnið í landinu verður það margfalt ódýrara en ef að væri flutt, því að við það sparast aðflutningskostnaðurinn.

Hv. 2. landsk. þm. (S.E.) sagði, að þó að gefið væri í skyn, að fjelagið ætlaði að leggja járnbraut, þá mundi það ekki hafa nægan rafmagnskraft til þess að reka hana. Um þetta getur hvorugur okkar dæmt af eigin þekkingu. En jeg hefi orð verkfróðra manna fyrir því, að rafmagnsaflið, sem þyrfti til járnbrautarrekstrar, sje hverfandi, í samanburði við þann kraft, sem Sogsfossarnir geta í tje látið.

Jeg nenni ekki að eltast við einstakar athugasemdir hv. 2. landsk. þm. (S.E.). Það

má segja um þær, eins og þar stendur, að „sumt var gaman, sumt var þarft, um sumt vjer ekki tölum“. En það, sem þarft var af athugasemdum hans, kæmi best nefndinni að notum, og því ætti hann ekki að rísa öndverður gegn því, að þingnefnd gæti haft einhver not af þeim.

En þó að þm. (S. E.) væri svona margorður, ætlaðist hann augsýnilega ekki til, að tekið væri neitt mark á því, sem hann sagði, þar sem hann vildi svæfa málið nú þegar.

Hv. þingdeild er sjálfráð um það, hvort henni finst sæmandi að kæfa slíkt stórmál sem þetta. En ef hún kæfir málið, álít jeg hana ekki hæfa til að meta það ástand, sem nú er. Mundi það t. d. ekki hafa komið sjer vel að hafa rafmagn á reiðum höndum, bæði til ljóss og hitunar, hjer í Reykjavík á þessum tímum, — jafndýr og því nær ófáanleg sem kol eru nú orðin.

Hitt er annað mál, hvort deildin vill afgreiða málið nú fyrir fult og alt. En það, að hún taki það ekki til alvarlegrar íhugunar, finst mjer hreint og beint óafsakanlegt.

Sigurður Eggerz: Jeg skildi ekki tal hv. 1. þm. Rang. (E. P.) um mótsagnir í ræðu minni. (**E. P.:** Það er nóg, að deildin skilji það). Því að þó að jeg segi, að fyrirtækið sje arðsamt, þá má hafa alt fyrirkomulagið þannig, að lítið af arðinum renni í landssjóð. Þetta hefir hv. 1. þm. Rang. (E.P.) ekki skilið. (**H. H.:** Saka það um reikningsfölsun?). Nei, jeg saka það ekki um reikningsfölsun, en á ýmsan annan hátt má haga fjelögum svo, að landssjóðsarðurinn verði lítill. Háttv. 1. landsk. þm. (H. H.) er altaf svo viðkvæmur, ef minst er á eitthvað danskt.

Annars kendi allmikils ákafa í ræðu hv. 1. þm. Rang. (E. P.). Hann óð upp — ef mjer leyfðist að komast svo að orði — með ákaflega miklum bægslagangi. En mjer kom það ekki á óvart, því að þetta er ekki í fyrsta skifti, sem jeg hefi sjeð hv. þm. (E.P.) eiga kost á að taka á móti erlendum miljónum. Það var í fyrsta sinn árið 1913. Jeg man, hvernig hann vildi þá gleypa við járnbrautartilboðinu sæla. En það tilboð er nú með öllu fordæmt. Mjer kom þess vegna það ekki á óvart, þó að hv. þm. (E. P.) vildi taka feginshendi við þessu tilboði.

Hv. þm. (E.P.) furðaði sig á, að jeg skyldi spyrja hann að því, hvað fjelagið ætlaði sjer að gera, þar sem það væri tekið fram í innganginum að frumvarpinu. En það, sem þar er tilgreint, er vitanlega ekki markmið fjelagsins, heldur meðal að marki, því að vitanlega er þessum miljónum ekki stefnt hingað til þess að byggja hafnir og leggja járnbrautir, ekki heldur til þess að setja kraft á Suðurlandsundirlendið; hitt er aftur víst, að ef járnbraut verður bygð eða hafnir gerðar, þá er það auðvitað til þess að greiða fyrir því marki, fyrir þeim gróðafyrirtækjum, sem fjelagið ætlar að setja á stofn. Eins er það vitanlega ekki markmið fjelagsins að leiða kraftinn í rafmagnsframleiðslum til Reykjavíkur, heldur er það vitanlega einnig gert til þess að ýta einhverju af stað með þeim krafti, sem þannig er leiddur. Mjer virðist því ljóst, að hv. þm. (E P.) hefir talað hjer af æði litlum skilningi. Nei, mark fjelagsins er ekki neitt af þessu, — hitt er trúlegra, að mark fjelagsins sje það, sem fleygt hefir verið utan þings, að vinna áburð úr loftinu.

Þar sem hv. þm. (E. P.) sagði, að á sama stæði, hvort stjórnendur fjelagsins hjetu Pjetur eða Páll, þá er að vísu mikið hæft í því. En þó býst jeg við, að hv. Alþingi verði mjer sammála um það, að ekki standi alveg á sama, hverjir með fjeð fari. Þess vegna er það ekkert móti líkum, að maður spyrji, hverjir standi hjer á bak við. Forsætisráðh. gat þess reyndar, að vandaðir og áreiðanlegir peningamenn væru í stjórn fjelagsins. En vjer vitum samt

langtum oftlitið um fjelagið. Jeg hefi t. d. heyrt, að orðið hafi direktör-skifti fyrir fjelaginu hjer á landi síðustu dagana. Annars vitum vjer, að þeir Íslendingar, sem að stjórninni standa, eru heiðursmenn. En jeg hefi aldrei heyrt, að þeir væru neinir sjerstakir fjármálamenn. Hví skyldi stjórnin ekki vera skipuð aðalfjármálamönnum vorum? Það væri þó töluverð trygging.

Hv. 1. þm. Rang. (E. P.) vildi vefengja þau ummæli mín, að fjelagið væri undanþegið tollum og sköttum, og vitnaði í 7. gr., máli sínu til stuðnings. Þar segir: „Leyfishafi er undanþeginn vörutolli á efni til mannvirkja sinna og iðnaðarframleiðslu, útflutningsgjaldi af iðnaðarafurðum sínum, svo og öllum öðrum sköttum og tollum til landssjóðs, gegn því að greiða 10% af ágóða fyrirtækisins“, o. s. frv. Er nú ekki auðsætt, að jeg hefi farið með rjett mál? Hitt er annað mál, að mjer kom auðvitað ekki til hugar, að fjelagið yrði undanþegið útsvari, enda er það ekki talið til skatta eða tolla.

Þá lagði þm. (E. P.) mikla áherslu á eitt atriði, sem jeg gat ekki skilið. En það var, að fjelagið legði járnbraut austur. Ef vjer lítum á frumvarpið, sjáum vjer, að þar stendur ekkert loforð um járnbrautarlagningu. Eina loforðið, sem þar er gefið, er að selja landinu rafmagn, en að leggja járnbraut eftir vissum ástæðum. En það þarf svo sterka strauma til þess að framleiða áburð, að komið gæti fyrir, að ekkert rafmagn yrði afgangs til járnbrautarrekstrar.

Þá furðaði hv. þm. (E. P.) sig á því, að jeg skyldi gera þessar athugasemdir, þar sem jeg ætlaðist til, að þær yrðu ekki teknar til greina. Þetta er ekki rjett hjá hv. þm. (E. P.). Jeg ætlaðist til, að hæstv. stjórn tæki þær til greina, því að jeg sagði, eins og rökstudd dagskrá mín ber líka ljósast vitni um, að ekki bæri að kyrkja málið, heldur teldi jeg rjett að fela stjórninni það. Er þetta þá sama sem jeg leggi til, að málið sje drepið? Ætlun mín var einmitt sú, að málið yrði rannsakað gaumgæfilega af færum mönnum.

Jeg er alveg sannfærður um það, hvernig sem menn kunna að öðru leyti að skiftast um þetta mál, að þá skiftast menn ekki um það að krefjast þess, að áður en þetta mál er afgert, þá verði það íhugað nákvæmlega og samviskusamlega. Og jeg veit, að það eru fleiri en jeg, sem líta eins á málið, menn, sem sjá, að sumt er gott í málinu, en það er geigur í þeim við að afgreiða málið, þegar svo er á liðið þingtíma; það held jeg að sje trauðla sæmilegt fyrir Alþingi Íslendinga, og jeg held, að það væri erfitt fyrir Alþingi að verja þær gerðir sínar frammi fyrir dómstól þjóðarinnar, og það því fremur, þar sem saga annara þjóða hefir sýnt það, að þær verða fyrir stórfeldum skaða, ef löggjafarnir sýna fljótfærni í slíkum tilfellum.

Jeg hygg, að það væri glapræði, ef frv. þetta væri nú afgreitt undirbúningslaust og án athugunar. Því að mál þetta þarf mjög ítarlegs undirbúnings við, og gæti jeg í því efni ímyndað mjer, að nauðsynlegt væri að senda mann eða menn til Noregs, til þess að rannsaka sögu og gang fossamálanna þar.

Flm. (Eggert Pálsson): Jeg skal ekki lengja mikið umræður um þetta mál hjeðan af, enda hygg jeg, að það græðist ekki svo mikið á því, þótt háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) og jeg þráttum um það fram og aftur.

Jeg vil að eins benda á það, er kom fram síðast í ræðu háttv. þm. (S. E.), áður en hann settist niður. Hann lagði mikla áherslu á það, og það tók sig út sem aðalályktanir í ræðu hans, að það væri viðurhlutamikið að afgreiða málið svona fljótt eins og hjer stæði til. Það leit út eins og

háttv. þm. (S. E.), hefði verið að dreyma, að málið væri afgreitt frá háttv. Nd og væri nú til síðustu (3.) og lokaumræðu hjer í háttv. deild. En það er langur vegur frá, að svo sje; málið er nú að eins til fyrstu umræðu á þinginu, og hefir enn þá ekkert verið athugað, hvorki af nefnd nje í deildum þingsins, svo að hin rökstudda dagskrá þingmannsins (S. E.) er því með öllu ótímabær.

Enn fremur tók jeg eftir því, að háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) sló því fram, og jeg vil leyfa mjer að viðhafa sama orðatiltæki og hann viðhafði um mig, „með miklum bægslagangi", að þjóðin heimtaði, að málið væri íhugað. En hann fer beint í bág við þetta, er hann leggur til, að málinu sje vísað frá eftir stundar umræðu, því að með því tekur hann beint fyrir kverkar málsins, svo að þingið getur engan veginn íhugað það. Eða ætlar háttv. 2. landsk. þm. (S. E.), að það sje nóg, að hann hafi mjög lausagopalega íhugað, eða rjettara sagt gasprað, um málið? Þótt jeg viti háttv. þm. (S. E.) vera talsvert upp með sjer, þá geri jeg þó ekki ráð fyrir því, að við nánari íhugun sje hann svo „innbilskur".

Jeg skal ekki þrátta frekar um þetta, að svo vöxnu máli. Hvort hv. deild vill athuga málið eða drepa sýnir hún með atkvæðagreiðslunni. Jeg læt það fara sem verkast vill, en jeg vil, að þinginu gefist kostur á að íhuga það, því að það hlyti þó að minsta kosti að verða góður stuðningur fyrir stjórnina, ef hún síðar kynni að fá það til meðferðar.

Magnús Torfason: Jeg skal strax lýsa yfir, að jeg er ánægður yfir, að það sjest eitthvað bóla á því, að við eigum að geta haft einhver not af þessu mikla og mesta afli, sem við eigum í landinu, fossunum. Og jeg get líka verið ánægður yfir því, úr því að þetta mál var borið fram hjer á þinginu, að það skyldi fyrst vera borið hjer fram. Það sýnir, að það er farið að líta svo á, að þessi hv. deild standi hinni jafnfætis, og berdir til þess, að hún sje skoðuð sem þungamiðja þingsins.

Það, sem kom mjer til að taka til máls, voru ummæli hæstv. forsætisráðherra, þar sem hann ljet þá ósk í ljós, ekki fyrir hönd stjórnarinnar, heldur fyrir sína eigin, að þetta mál næði fram að ganga á þessu þingi.

Fyrir mjer lítur málið svo út, að það eigi ekki að ganga fram á þinginu, sakir þess, eins og getið hefir verið um, að málið er alveg óundirbúið. Mjer skilst, að mál eins og þetta þurfi að fá nákvæman undirbúning, stjórnin verði að undirbúa það, með aðstoð þeirra fróðustu manna, er hún getur haft völ á, og jeg vil enn fremur taka það fram, að eftir því, sem mjer er kunnugt, þá getur stjórnin ekki haft aðstað óvilhallra fagmanna hjerlendra, því að þeir eru allir, eftir því er jeg veit best, að meira eða minna leyti flæktir við þetta fyrirtæki eða þessu lík. En jeg tel óráð að ráða þessu máli til lykta fyr en við höfum fengið aðstoð bestu sjerfræðinga um þessi efni, og það jafnvel erlendra sjerfræðinga.

Jeg verð líka að segja það, að jeg get ekki sjeð annað en að hlunnindi þau, sem við eigum að fá, liggi nokkuð í lausu lofti. Þau eru svo loðin, að ekkert er hægra fyrir fjelagið en að komast hjá þeim. Því að vjer vitum það, að þessi stóru fjelög hafa oft ýms góð ráð til þess að sjá um, að ágóðahluti almennra hluthafa verði ekki ofmikill. Menn þekkja dæmi þess, að stjórnir slíkra fjelaga hafa tekið sjer ósmáar góflur, og í stjórnunum eru venjulega þeir menn, er mest eiga í fjelaginu, en það, sem þó sjerstaklega hneykslar mig í þessu frv., er að jeg sje ekki betur en að það sje engin trygging fyrir því, að stjórn fjelagsins verði innlend.

Það stendur vitanlega í frv., að stjórnin eigi að vera heimilisföst hjer á landi, en jeg álít það enga tryggingu. Það þarf ekki annað en benda á það, að fjelag með öðru eins fjármagni og hjer er um að ræða munar ekkert um að hafa einhver aflóga skyldmenni hinna virkilegu eigenda til að sitja hjer uppi með allmikla fúlgu, og eru þeir þá heimilisfastir hjer, en þó ekkert annað en verkfæri útlendinga þeirra, er fjelagið eiga og stjórna því; sem sagt býst jeg við því, að það þurfi að ganga svo miklu betur frá því, að stjórnin verði innlend, ef þetta ákvæði á að koma að nokkru gagni. Það verður að ganga svo frá því, að útilokað sje, að stjórnin sje leppuð.

Enn fremur verð jeg að líta svo á, að þingnefndir geti ekki undirbúið þetta mál að neinu leyti svo vel, að samviskusamir menn geti tekið þá ábyrgð á sig, að veita því fylgi sitt gegnum þingið, og árangurinn verði því ekki annar en sá, að tefja stórkostlega fyrir öðrum þingstörfum. Hitt er annað mál, að jeg hefði ekkert á móti því, að þetta mál væri tekið upp aftur í lok þingsins með þingsályktunartill., og gæti stjórnin og þingið til þess tíma athugað það, hvernig það yrði best gert.

Jeg verð að taka undir það með hv. 2. landsk. þm. (S. E.), að það er alls ekki ætlunin með dagskránni að vísa þessu máli á bug. Vjer viljum að eins ekki gerast fljótráðir í þessu máli, sem líklega hefir meiri þýðingu fyrir þetta land en nokkurt annað mál, er upp hefir verið borið á þingi.

Það, sem jeg álít að þyrfti að gera sjerstaklega, áður en þessu máli er ráðið til lykta, er að undirbúa tilboð til notkunar fossanna. (**E. P.**: Það er ekki hægt að bjóða út Sogsfossana). O-jú — jeg vil leyfa mjer að benda á 12. gr. fossalaganna, lög nr. 55, frá 22. nóvbr. 1907; þar segir svo: „Hver maður er skyldur til, gegn fullum skaðabótum, að láta af hendi fossa sína, ár eða læki, og jarðir þær, er þar að liggja, eða rjettindi, sem hann hefir yfir þeim, þegar almenningsheill krefst þess, til mannvirkja í þarfir landsins eða sveitarfjelaga". Jeg get ekki sjeð betur en ef á að fara að vinna hjer áburð úr loftinu, þá sje það fyrirtæki sjerstaklega í þarfir landsins. Með öðrum orðum, spurningin verður því, hvort landið ætti ekki að kaupa fossana, eða hvort landið ætti ekki á einhvern hátt að taka þátt í þessu fyrirtæki.

En að ráða því til lykta á þessu þingi sje jeg engin tök á fyrir þá, sem vilja vera varfærnir. (**H. H.**: Og þversum).

Jeg skal ekkert mæla til þeirra manna, sem kunna að vera þessu máli fylgjandi, því að það hefir komið fram, og það vitum við best, er höfum þinglesið flesta samninga um fossa hjer á landi, að þegar fossar berast á góma, þá er eins og komist beinlínis herfjötur á menn; þá er eins og þeir sjái ekkert annað en þann hag, er næst blasir fram undan, en gæti ekki þess, að hjer er um auðæfi að ræða, sem vaxa í verði á hverju ári, svo mjög, að það er ekki hægt að gera sjer neina hugmynd um það.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal leyfa mjer að skýra betur orð mín út af athugasemd háttv. þm. Ísaf. (M. T.). Hann talaði um, að jeg hefði sagt, að jeg væri þessu frv. fylgjandi, en jeg sagði, að jeg væri þessu frv. ekki að öllu leyti fylgjandi, en jeg sagði, að jeg væri málinu fylgjandi og jeg áliti það óforsvaranlegt af þinginu að líta ekki á það, en það vilja mótstöðumenn þess ekki. Þeir tala um, að það væri ef til vill ástæða til þess að taka þessa fossa af fjelaginu, og vil jeg þá geta þess, að það hefir verið farið fram á það af bæjarstjórn Reykjavíkur. En ef það á að taka fossana af fjelaginu, þá á

að gera það strax; hitt finst mjer óeðlilegt og enda mótsögn, að vilja bíða með það, þegar þeir verða því dýrari, sem lengra líður.

Jeg skil það vel, að menn vilji athuga málið áður en því er ráðið til lykta, en það finst mjer óeðlilegt, að þeir, er á móti málinu mæla, vilja ekki að það fari til nefndar og verði athugað þar. Það liggur þó í augum uppi, að það er styrkur fyrir stjórnina, að nefnd hefði athugað málið, ef því yrði síðar vísað til hennar.

Hugsum oss enn fremur, að stjórnin yrði aldrei fyllilega samdóma um málið. Ætti það þá að bíða og bíða eftir því, að hún yrði það. Það hafa mörg lög verið samþykt á Alþingi, sem stjórnin hefir ekki átt neinn þátt í, mál, jafnvel samþykt á móti vilja hennar. Og mjer finst það ekki vera sjálfsagt, að slíkt mál sem þetta valdi stjórnarskiftum.

Annars sýnast mjer allar þessar ræður vera fremur óþarfar. Mjer sýnist hjer vera um tvent að velja, annað að vísa málinu alveg á bug — og þeir, sem það vilja, samþykkja dagskrána — og hitt að athuga málið — og þeir vísa því til nefndar, og gæti stjórnin þá fengið eitthvað, sem væri henni til leiðbeiningar.

Magnús Torfason: Mjer fanst hæstv. forsætisráðherra líta svo á síðast í ræðu sinni, sem það væri einskonar mótsögn í því að vísa málinu til stjórnarinnar, en vilja ekki láta það komast í nefnd.

Jeg verð að segja það fyrir mitt leyti, að með þeim þingönnum, sem nú eru, treysti jeg mjer ekki til að taka neina ákveðna afstöðu í málinu á þessu þingi (**H. H:** En næsta?), en tillagan fer fram á það, að stjórnin undirbúi málið með allri þeirri kunnáttu, sem hún hefir ráð á að afla sjer. Og það er ekki svo langt að bíða næsta þings; jeg gæti búist við því, að það yrði á næsta vori.

Jeg get ekki heldur skilið orð hæstv. forsætisráðherra um, að umræðurnar hjer væru óþarfar; jeg hjelt, að það væri gott fyrir stjórnina að fá nokkrar bendingar í umræðunum um málið.

Öðru hefi jeg ekki að svara, nema því einu, að mjer hefir aldrei dottið í hug, að þingið gæti nú afráðið nokkuð um það, hvert rjett væri að kaupa fossana eða ekki.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Hæstv. forsætisráðherra hefir nú rjettilega skýrt, að jeg hygg, frá afstöðu stjórnarinnar til málsins; það er rjett, að hún er ekki fastákveðin enn þá.

En jeg vil lýsa yfir því, hver sem afstaða mín síðar kann að verða í þessu máli, að þá vil jeg ekki með atkvæði mínu nú bægja þeirri athugun frá málinu, sem það gæti fengið í nefnd. Jeg get líka ekki annað ætlað en að hver sú nefnd, sem með málið fer, hljóti að koma fram með einhverja greinargerð, er gæti verið stuðningur fyrir stjórnina.

Þetta vildi jeg taka fram, atkvæði mínu til skýringar.

Kristinn Daníelsson: Jeg leyfi mjer að leggja til, ef hin rökstudda dagskrá verður ekki samþykt, að máli þessu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til sjerstakrar nefndar, sem skipuð verði 5 mönnum. Málið tel jeg svo mikilsvert, að nefndarmenn megi ekki færri vera.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 2. landsk. þm., S. E., (sjá A. 429) feld með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. Sn., K. E., K. D., M. T., S. E.
nei: G. G., G. Ó., H. St., H. H., Jóh. Jóh., M. K., S. J., E. P., G. B.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., M. K., S. J., E. P., G. G., G. Ó., H. St., H. H., G. B.
nei: K. E., K. D., M. T., S. E., H. Sn.

Samþykt var með 8 : 2 atkv. að vísa málinu til sjerstakrar nefndar og skipa hana 5 mönnum.

Nefndin var kosin hlutfallskosningu.

Tveir listar komu fram. Á öðrum, er forseti merkti A, stóðu H. H., E. P. og M. K, en á hinum, B-listanum, voru S. E., K. E. og H. Sn.

Kosningunni lauk svo, að

A-listinn hlaut 7 atkv.,
B-listinn — 7 —

Forseti lýsti þá kjörna í nefndina
Hannes Hafstein,
Sigurð Eggerz,
Eggert Pálsson,
Karl Einarsson og
Hjört Snorrason,
samkvæmt hlutkesti milli hans og Magnúsar Kristjánssonar. (Sjá og A, bls. 1619).

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 14. sept., var útbýtt nefndaráliti um frv., á þgskj. 948, en frv. var ekki tekið til 2. umr. og varð því

ekki útrætt.

C. Þingsályktunartillögur.

1. Hámarksverð á smjöri.

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um hámarksverð á smjöri (A. 143).

Á 18. fundi í Nd., fimtudaginn 26. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., þriðjudaginn 31. júlí, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Eins og mönnum er kunnugt var bannaður útflutningur á smjöri í vetur. Við því var ekki mikið að segja. Eins og ástatt var mun mega telja það nauðsynlega ráðstöfun. En nokkru síðar setti verðlagsnefndin hámarksverð á smjörið, og þá þótti mörgum skörin fara að færast upp í bekkinn. Vafalaust hefir verðlagsnefndinni gengið gott til með þessari ráðstöfun. Hún hefir með því ætlað að gera fátækara fólkinu hjer í Reykjavík það kleift að ná sjer í viðbit. En víst er um það, að niðurstaðan hefir orðið alt önnur. Síðan hámarksverðið kom hefir miklu minna verið framleitt af smjöri heldur en áður og heldur en gert hefði verið, hefði ekkert hámarksverð verið til. Og þó að ýmislegt hafi verið gert til þess að hvetja menn til að auka smjörframleiðsluna, þá hafa þær hvatningar komið að miklu minna haldi, vegna hámarksverðsins.

Í Smjörbúasambandi Suðurlands eru 18 smjörbú, en af þeim eru nú að eins 9 starfandi, og er aðalástæðan hámarksverðið á smjörinu. Að vísu má geta þess, að hámarksverðið hefir verið hækkað frá því, sem það var fyrst í vetur, svo að það er nú kr. 1,80 pd. En með það verð eru framleiðendur ekki ánægðir og álíta, að hámarksverð megi ekki vera lægra en 2 kr., þegar borið er saman við það, að heimasmjör, vel verkað, kostar kr. 1,50 pd.

Þessar eru þá afleiðingar hámarksverðsins á smjörinu. Fyrst og fremst, að miklu minna smjör er framleitt en ella mundi. Í annan stað er farið í kringum þetta hámarksverð, og hafa menn jafnvel fengið

bendingar um það frá manni úr verðlagsnefndinni, hvernig best sje að bliðra sjer hjá þessum ákvæðum. Þessi er ein aðferðin: Maður í sveit gerir samning við Reykjavíkurbúa um kr. 1,50 fyrir pundið af smjöri, og að auki þóknun fyrir umbúðir og flutning, og fer sú viðbót eftir samkomulagi. Þannig fara menn að því að selja vöruna yfir hámarksverði, án þess að hægt sje að segja, að lögin sjeu með því brotin.

En alt hefir þetta leitt til þess, að smjörið hefir lent hjá einstökum mönnum, en tilgangi verðlagsnefndar, sem sje að tryggja fátæklingum smjör, hefir ekki orðið náð, heldur þvert á móti. Fátæklingar hafa aldrei verið eins illa settir og nú, með að ná í smjör, og er það fyrst og fremst að kenna hámarksverðinu, sem leiðir til þess, að minna er framleitt af smjöri en ella hefði verið. Þess vegna álítum vjer flm. till., að tími sje kominn til þess að afnema hámarkið, og gera það strax, og í þá átt miðar tillagan. Það er ef til vill nokkuð seint að verið, en ef þessu væri nú þegar af ljett, þá held jeg, að smjörbúin muni starfa með meira krafti en hingað til, því að legið hefir við borð, að þau þeirra, sem hafa verið starfandi, legðu niður starfsemi sína.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer er ekki allskostar ljóst, hvernig háttv. flm. (S. S.) ætlast til þess, að verðlagið verði felt úr gildi, nema því að eins, að ráðuneytið sjálft telji það oflágt. Þetta verð hefir verið sett samkvæmt lögum af verðlagsnefnd, sem skipuð hefir verið samkvæmt lögum, og stjórnarráðið getur ekki farið að fella það úr gildi, nema því þyki það ósanngjarnt. Nú er stjórnarráðið ekki þeirrar skoðunar, að verðið sje oflágt, svo að ef mönnum þykir það oflágt og vilja fá því breytt, þá væri rjettast að bera það fram í frumvarpsformi.

Það getur verið rjett, að bændum sje örðugt um að framleiða smjör nú, en mjer er sagt, að skorturinn stafi ekki af hámarksverðinu, heldur af því, að það sje ekki hægt að framleiða smjörið. Mjer hefir verið sagt, að í Borgarfirði sjeu kýr nýlega farnar að græða sig, vegna þess, að veturinn var svo bágur og vorið hart.

En ef smjör er selt hærra verði en þetta, þá er ekki rjett að kaupa það hjer innanlands, því að hægt er að fá jafngott smjör innflutt ódýrara, þrátt fyrir þann dýra flutning, sem nú er. Frá Danmörku má nú fá smjör á kr. 1,72 pd. hingað komið.

Ef menn vilja banna hámarksverðið, væri rjettara og röttækara að taka af lögin. Háttv. flm. (S. S.) sagði, að vegna verðlagsins gætu fátæklingar ekki keypt sjer smjör. Jeg held nú, að þeir muni því síður kaupa það, ef hámarksverðið væri fært upp.

En jeg verð að leggja sjerstaka áherslu á það, að ef háttv. deild treystir ekki hámarksverðinu, þá verði að fara lagaleiðina, því að sannfæring um oflágt smjörverð getur deildin ekki gefið stjórnarráðinu, svo framarlega sem það hefir hana ekki sjálft til að bera,

Matthías Ólafsson: Hæstv. forsætisráðherra hefir nú tekið það fram að mestu, sem jeg ætlaði mjer að segja.

Það er undarlegur hugsunargangur hjá háttv. flm. (S. S.), að fátæklingum verði ljettara að ná í smjör ef hámarksverðið verður fært upp. Það er alveg öfugt, eins og liggur í augum uppi. Og öll rök, sem hann reyndi að færa fram, voru röng; það er alveg óhugsanlegt, að taka megi meira fyrir smjör en þetta, þegar borið er saman við verðið, sem áður var. Jeg man ekki betur en að bændur segðu, að þeir vildu fá sama verð fyrir sína vöru hjer, sem þeir gætu fengið fyrir hana á

heimsmarkaðinum. En nú vilja þeir fá hærra verð fyrir smjörið en hægt er að fá það fyrir frá Danmörku; öldungis jafngott smjör eða jafnvel betra má nú fá hingað flutt á kr. 1,72 pd., þrátt fyrir þann afardýra flutning, sem nú er. Jeg sje þá og ekki heldur, hvert gagn er að því að banna útflutning smjörs, ef bannað er að leggja verðlag á það.

Einar Arnórsson: Jeg skal leyfa mjer að gera örstuttar athugasemdir við ræður tveggja hinna síðustu ræðumanna, hæstv. forsætisráðherra og háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.).

Hæstv. forsætisráðherra sagði, að ekki dygði í þessu efni að afgreiða áskorun til stjórnarinnar, vegna þess, að deildin gæti ekki gefið stjórnarráðinu sannfæring, sem það hefði ekki, en það væri undir stjórnarráðinu komið, hvort það teldi hámarksverð rjettmætt eða ekki.

Það má vera, að frumvarpsleiðin hefði verið enn ólastanlegri í þessu máli, en þó þarf ekki svo að vera; menn geta hugsað sjer það hámarksverð oflágt, sem er, en viljað þó hafa verðlag.

Jeg veit ekki, hvort stjórnin er sömu skoðunar sem vjer flutningsmenn, en viss atriði benda þó til þess, að stjórninni þyki hámarksverðið á smjöri oflágt. Stjórnin hefir gert samning við rjómabúsambandið austanfjalls um að framleiða smjör, er hún kaupi fyrir kr. 3,60 hvert kg. Ef stjórnin hefði talið rjómabúunum kleift að framleiða smjörið ódýrara, þá mundi hún ekki hafa gert þennan samning.

I annan stað sje jeg í fjáraukalagafrv. stjórnarinnar, að hún gerir ráð fyrir 10 þús. kr. styrk til rjómabúa þetta ár. (B. J.: Stjórnin leggur til að fella þá fjárveitingu niður aftur). Það vissi jeg ekki fyr en nú. En af viðtali við merka menn veit jeg það, að þeir kæra sig ekkert um þennan styrk, ef þeim væri gert nokkurn veginn frjálst að selja smjörið. Og þessa ívilnun til rjómabúanna, sem jeg heyri nú að stjórnin sje horfin frá, mundi henni aldrei hafa komið til hugar að gera, ef hún hefði ekki talið hana nauðsynlega til þess, að starf þeirra gæti borið sig.

Hæstv. forsætisráðherra sagði, að hægt mundi að fá smjör frá útlöndum á kr. 1,72 pd. hingað komin. Jeg skal ekki bera brigður á þetta, því að hann veit það betur en jeg. En vegna flutningavandræðanna held jeg, að þetta geti ekki komið að verulegu haldi, og jeg veit ekki, hvort Danir kunna ekki að setja þessum útflutningi einhver takmörk. En hitt veit jeg, að smjörliki það, sem ekki hefir verið lagt verðlag á, en selt hefir verið fyrir kr. 1,30 til 1,50, er sumt trauðla mannamatur, og að íslenskt smjör er betra kaup, þótt gefa verði talsvert meira fyrir það, heldur en þetta slæma smjörliki.

Ástæðan fyrir hámarksverði hlýtur að vera sú, að ein stjett manna ber byrðar annarar eða hjálpar henni til þess að komast betur af, og þessi ástæða getur verið alveg rjett. En þetta verðlag getur ekki komið að liði hjer í Reykjavík, sem því er þó nánast ætlað. Jeg var hjer staddur á borgarafundi nýlega, fámennum að vísu. Þetta mál kom þar fram, og var kvartað yfir því, að almenningur fengi ekki færi á því að afla þessa smjörs. Það var sagt, að það væri pantað fyrirfram og selt í svo stórum pörtum, að almenningur fengi ekki til náð. Jeg veit nú ekki, hvort þetta er rjett, en hitt veit jeg, að verðlagið hefir valdið óánægju og eins því, að lögin ná ekki í þessu efni jafnt yfir alla. Á þessum fundi var það lagt til, að smjörið væri selt eftir seðlum, líkt og margar aðrar vörur. Jeg skal nú ekki um það segja, hvort almenningur þolir að kaupa smjör fyrir þetta verð, kr. 1.80 pd., en það þori jeg að fullyrða, að nær væri að kaupa það en skemt smjörliki fyrir kr. 1.30—

1.50 pundið. Og það verð jeg að telja heppilegra, að almenningi sje gefinn kostur á því að kaupa smjörið í smáum skömtum. Um hitt er mjer kunnugt, að ekki tjóar að panta lengur smjör hjá Sláturfjelaginu, því að alt er þar pantað, sem það hefir ráð á, og meira til. Hafa um þetta borist margar sögur, sem jeg læt inn um annað eyrað og út um hitt; það er sagt að efnamenn og þeir, sem af hendingu hafa fengið vitneskju um, að þarna væri unt að fá smjör, hafi pantað mikið; 2—3 kvartel í einu, en hvernig sem því er farið, þá er víst, að alt smjörið er fest. Þess vegna væri rjett, ef stjórnin sæi sjer það fært, að takmarka sölu á þessari vöru, líkt og ýmsum öðrum, og ónýta pantanir þær, sem þegar hafa verið gerðar.

Þess er ekki að dyljast, að það er talsverð gremja manna á meðal, ekki út af hámarksverðinu, að það var sett, heldur út af því, að það kemur ekki að gagni nema einstöku mönnum. Jeg verð líka að vera sammála ályktun þessa borgarafundar í Reykjavík, að jeg sje ekki, hvert gagn hlýst af verðlaginu, úr því að svona er komið. Jeg sje enga ástæðu til þess að leggja haft á söluna, úr því að það kemur ekki að haldi öðrum en þeim, sem síst þurfa þess við.

Bjarni Jónsson: Já, mjer þótti í sjálfu sjer í aðra röndina dálitið vænt um að sjá þessa till., þótt jeg í hina röndina verði að játa, að hún kemur fram um seinan. Jeg hygg ekki rangt að halda því fram, að verðlagsnefndin hafi farið óviturlega að ráði sínu, er hún ákvað hámarksverðið á smjörinu, af því að hún ákvað það á því *einu*, en ekki jafnframt á öðrum vörutegundum. Það er vitanlegt öllum, að forn er sá siður í landi hjer að selja vörur fyrir vörur. Fyrir 20 árum fóru að rísa hjer upp vitringar, sem kváðu þennan eldgamla sið, vöruskiftaverslunina, vera skrælingjaháttt, ósamboðinn vorum tímum. Það ætti að greiða peninga og heimta peninga fyrir vörurnar. Vitringar þessir gerðu krónuna að nokkurs konar sól, sem geislarnir stöfuðu frá í allar áttir. Nú eru þessir krónugeislar farnir að styttast, og nú er verið að hverfa aftur til þessa skrælingjaháttar, sem vöruskiftaverslunin hjer á landi var nefnd svo viturlega. Afleiðing þess, að hámarksverð var sett á smjörið eitt, hefir orðið sú, að bændur hafa farið halloka í viðskiftum, í samanburði við útgerðarmenn eða fiskeigendur. Það eru margir bændur vestur í Dölum, sem eru vanir að kaupa skreið vestur undir Jökli, og greiða andvirðið í smjöri. Það hefir verið kvartað undan því í mínu kjördæmi, að vegna þessa hámarksverðs á smjörinu, hafi bændur orðið að láta 3 fjórðunga af smjöri fyrir eina vætt af fiski, í stað þess, að annars hafa þeir aldrei þurft að láta nema 2, sem að fornu mati var talið nægilegt. Margir bændur í Dalasýslu hafa stórskaðast á þessum viðskiftum, eftir því, sem hægt er að tala um stórskaða á svo litlum viðskiftum.

Jeg sje ekki, að úr því að lagt var hámarksverð á eina vörutegund, hvers vegna ekki var lagt á allar og ákveðið, að fornt lag skyldi gilda í öllum vöruskiftum. Það hefði ekki heldur þurft að ákveða til peninga hámarksverð á öðru en smjöri, og aðrar vörur síðan miðaðar við það, eftir fornum hætti. Það hefði verið hyggilegt, ef þessi verðlagsnefnd hefði haft yfirlit yfir viðskifti allra landsmanna, en ekki fest alla athygli sína á einu kauptúni hjer úti á landshorni.

Það hefði t. d. ekki verið nóg, að verðlagsnefnd hefði sett fast verð á blautfisk, því að hann er lítil verslunarvara milli sjávar og sveita, en öðru máli er að gegna um saltfisk eða harðfisk. Versta afleiðing þessa frumhlaups verðlagsnefndarinnar á eina vörutegund er án efa sú, sem

hv. flm. (S. S.) drap á, að það hefir fælt fjölda bænda frá að færa frá. Jeg gerði mjer það að skyldu, þegar jeg fór vestur í Dali í vor, að leggja ríkt á við alla bændur, sem jeg hitti í kjördæmi mínu, að færa frá. Þeir sögðust hafa ætlað að klífa þrítugan hamarinn til þess, en ekki treyst sjer til þess, þegar hámarksverðið var lagt á smjörið. Þetta er slæm afleiðing, því að það næringargildi, sem við þurfum móti öllu því skyri og smjöri, sem að öðrum kosti hefði verið framleitt heima í landinu, verður nú að kaupa afardýru verði, ef það þá fæst, og flytja það á afardýrum skipum til landsins, í stað þess að taka það heima hjá sjer, sem er gamall og góður landssiður. Þetta hefir alt skemst vegna fyrirhyggjuleysis verðlagsnefndar, enda hefir hún ekki sjeð út fyrir landamerki Reykjavíkur. Jeg geri alls ekki þær kröfur, að sveitamenn eigi að fá óhóflega hátt verð fyrir vörur sínar, en jeg vil ekki heldur láta þá standa ver að vígi en aðra. Jeg kæri mig ekki heldur um að níðast á Reykvíkingum, að sjálfum mjer meðtöldum, en þeir eiga þó ekki heimtingu á, að ein vörutegund sje tekin út úr öllu samhengi, til hagnaðar fyrir einhvern hugsaðan kaupanda. Það hefir ekki heldur komið þeim, sem til var ætlast, að notum, nefnilega fátæklingunum, því að vörurnar hefir ekki verið að fá. Jeg og heimili mitt varð að borða þurt töluverðan tíma, því að jeg get ekki lagt mjer til munns vagnfeiti frá Ameríku, enda þótt einhverri smjörlitarögn kunni að vera blandað saman við. Svo heyrði jeg, að stjórnin hefði rofið hámarksverðið og keypt smjör af rjómabúunum fyrir kr. 1,80 pd., og þá gerði jeg það líka. Jeg trúi því ekki, að stjórnin láti verðlagsnefnd líðast að setja hærra verð á rjómabúasmjör en smjör frá góðum heimilum, þar sem hreinlegar húsfreyjur, sem vel kunna verk sitt, gera sjálfar smjörið. Jeg vil eins vel borða smjör frá slíku þrifaheimili eins og frá einhverju og einhverju rjómabúi.

Hefði átt að tala um þessa till. í vor fyrir fráfærur, hefði jeg greitt henni atkvæði, en nú er það orðið um seinan, því að enginn smalar nú fjöll til að færa frá. Jeg vil nú samt mælast til þess við stjórnina, að sett verði fast verð á allar íslenskar afurðir, og ákveðið, að farið skuli eftir fornu lagi, annaðhvort með því að setja fast verð á vættina eða alinina, og láta svo ganga jafnt yfir allar vörutegundir eftir því, eða þá á vörutegundirnar.

Hvað hinu viðvíkur, að sjávarútvegsmenn eða sveitamenn níðist á hungruðu fólki, þá hefir aldrei verið farið fram á það af kjósendum mínum. Þeir hafa aldrei heimtað ósanngirni í annara garð, en þeir vilja ekki heldur láta ganga á rjett sinn. Það væri rjett að semja viðbót við hegningarlögin um okur á hallæristímum, og setja menn í steininn, sem er sú nýjasta reykvíska fyndni, ef þeir selja ofdýrt. Það ætti ekki að fara svo, að menn gætu orðið ríkir á því að kaupa jörð fyrir hupp eða síðu, eins og munnmælin segja að borið hafi við í hallæri á fyrri öldum. Jeg held, að hámarksverð sje þýðingarlaust þar, sem framboð er minna en eftirspurn, nema því að eins, að það nái yfir allar vörur. Þá getur löggjafarvaldið þvingað peningaverðið og haldið því stöðugu, en það gæti orðið dýrt. Það gæti þá t. d. rekið að till. minni um, að landssjóður seldi vörur sínar ódýrar en þær hafa kostað, og ef eftir fornu lagi væri farið, yrði stjórnin að bera hallann, ef hún tæki ekki þá vöru fyrir vöru.

Jeg sje ekki annað, ef við eigum að forðast okur, en að stjórnin verði að semja nýja grein við hegningarlögin og leggja við þungar refsingar, ef um auðsætt brot væri að ræða, en reikna ekki ofnáið. Það held jeg væri betra en allar aðrar

aðferðir til að tryggja skaplegt og sanngjarnt verð.

Forsætisráðherra (J. M.): Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) taldi ekkert gagn að hámarksverðinu á smjöri, af því að það lenti í fárra manna höndum. Jeg vil nú segja, að rjett hafi verið að setja þetta hámarksverð, en líka ætti að sjá um, að allir fengju smjör. Það er nú frekar bæjarmál en þingmál, og matvælanefnd bæjarins hefði sjálfsagt gert það, ef hún hefði treyst sjer til þess. Jeg geri ráð fyrir, að stjórnarráðið treysti sjer ekki til að skamta þetta litla smjör frá rjómabúunum. Það yrði bæði mjög dýrt og erfitt að útbúa smjörið svo smátt, að það gæti farið í sendingunum til flestra neytenda. Í samráði við rjómabúin var einmitt ákveðið, að hver smjörpakki skyldi vera minni en tíðkast hefir. Jeg veit ekki, hvort hv. 2. þm. Árn. (E. A.) álítur, að hægt sje að fyrirbyggja, að verðlagsnefnd setji hámarksverð á smjör, öðruvísi en með lagabreytingu, en jeg a. m. k. hefi skilið lögin þannig, að stjórnarráðið geti að vísu breytt ákvæðum verðlagsnefndar, en tæplega bannað henni að setja hámarksverð á þá vöru, er henni líst. Jeg held, að óhætt sje að segja, að hámarksverðið á smjör hafi ekki verið sett ófyrirsynju, því að það barst svo ákaflega lítið til bæjarins, að milliliðirnir notuðu sjer og sprengdu verðið upp. Bændur fengu víst ekki fullar 2 kr. fyrir pundið, en milliliðirnir seldu það á alt að því 2,50 kr. Það hefði mátt kalla okur, og ekkert á móti, að það væri hegningarvert, eins og hv. þm. Dala. (B. J.) drap á. Þingið og stjórnin hefir ekki enn tekið þá leið að takmarka, hvað milliliðir megi leggja mest á vöruna, en það hefir verið gert víða í öðrum löndum. Jeg skal ekki fara meira út í það, en vil taka fram, að jeg álít formlegra að taka alveg valdið af verðlagsnefndinni, ef á annað borð á að ónýta gerðir hennar.

Hv. þm. Dala. (B. J.) taldi rangt af stjórninni að gefa meira fyrir rjómabúasmjörið en smjör búið til á sveitaheimilunum sjálfum, en hv. 1. þm. Árn. (S. S.) gat þess, að munurinn hefði einmitt verið oflítill. Jeg held, að hann hafi áreiðlega ekki verið ofmikill. Það getur vel verið, að mörgum þyki heimatilbúið íslenskt smjör eins ljúffengt, en munurinn er sá, að það er miklu meiri mjólk í heimagerðu smjöri. Það benda allar rannsóknir ótvírætt á, þótt vitanlega geti verið til undantekningar.

Eitt þótti mjer dálítið spaugilegt í ræðu hv. þm. Dala. (B. J.). Honum þótti ófært að leggja hámarksverð á vöru, sem framboðið væri lítið á. Jeg held nú, að ef framboðið væri nóg eða ofmikið, þyrfti ekki að setja hámarksverð. Annars finst mjer, sem sagt, að þessar umræður eigi frekar við það, hvort verðlagsnefndin skuli starfa áfram eða ekki, því að lögin um skipun verðlagsnefndar gera ráð fyrir, að úrskurður hennar um, á hvaða vörur sje sett hámarksverð, eigi að gilda. Mjer skilst hv. flm. (S. S.) meina, að rjettara sje, að nefndin setji ekkert hámarksverð á smjör, og ef það á að fyrirbyggja, verður það að gera með lögum.

Jörundur Brynjólfsson: Af því að jeg á sæti í verðlagsnefnd, finst mjer það vera mjer skylt að skýra frá, hvers vegna verðlagsnefndin setti hámarksverð á smjör.

Eins og hæstv. forsætisráðh. tók fram var smjörverð hjer í bæ komið upp undir 2,50 kr. pundið, en bændur fengu samt ekki svo mikið fyrir það, því að milliliðir stungu nokkru af þessu í sinn vasa. Þegar smjörið var komið í þetta háa verð, var verðlagsnefndinni ljóst, að verðið var óhæfilega hátt. Þessi verðhækkun varð

ekki alt í einu, því að lengi vel var verðið um 2 kr. til 2,25. Verðlagsnefnd var nú þeirrar skoðunar, að best væri að reyna að komast hjá því að verðleggja vöruna, og ljet þá skoðun uppi við stjórnarráðið. Svo fór samt, að hjá því varð ekki komist að setja hámarksverð á smjörið. Smjörið hafði selst þá um langa stund hjer í bænum á kr. 2,30, alt að kr. 2,50 pundið. Viðbitsekla var orðin mikil hjer í bænum. Smjörlíki fjekst ekki, og engar siglingar voru. — Þetta hleypti smjörverðinu upp. Hins vegar mælti engin sanngirni með því, að smjörverðið væri þetta hátt. Þegar svo kom til okkar kasta um að leggja verð á smjörið, reyndum við að afla okkur upplýsinga um þessa vöruteg-und og jafnframt að kynna okkur, hve mikið aðrar lífsnauðsynjar hefðu hækkað í verði hjer og í öðrum löndum. Jeg skal leyfa mjer, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp samanburð á hækkun lífsnauðsynja hjer og í nokkrum nálægum löndum:

Reykjavík (í febr.) um	100 %
Kristjanía (í febr.) .	102 %
Stokkhólmur . . .	100 %
Kaupmannahöfn . .	86 %

Þetta er nú meðaltalshækkun helstu lífsnauðsynja í þessum löndum. Hámarksverðið var ekki sett á smjör fyr en 23. mars. Áður en til þess kom, að við settum það, höfðum við kynt okkur verð á smjöri hjer og erlendis, eftir skýrslum, sem við fengum, að vísu ekki alveg nýjum; þær voru frá því í febrúar. (B. J.: Á þingmaðurinn sæti í nefndinni?) Já. (B. J.: Guð hjálpi honum þá!) Það vona jeg að hann geri. Nam hækkun á rjómabússmjöri hjer 68% með því að ákveða kr. 1,65 fyrir ½ kg. Hækkun á heimagerðu smjöri varð á sama hátt 67%, þegar ½ kg. var sett á kr. 1,50. Í Kristjaníu hafði rjómabússmjör hækkað um 52%, í Stokkhólmi líka 52%. (B. J.: Var það í peningum?) Já, vitanlega. (B. J.: Þá er þetta lækkun á peningunum, en ekki hækkun á smjöri). Og í Kaupmannahöfn 65%.

Þegar hámarksverðið var svo sett á, tókum við tillit til þess fyrst og fremst, hvað okkur virtist framleiðslukostnaður hafa aukist hjer, og svo í annan stað, hvað væri fáanlegt fyrir smjörið á erlendum markaði, ef það hefði komist þangað. Annars var okkur mjög óljúft að leggja verðlag á smjörið, og við vildum á engan hátt þröngva kosti framleiðenda, en þegar svo var komið, að okur var orðið á smjörinu, þá máttum við til með að taka í taumana. Verðlagsnefndin ákvað, að verðlagið skyldi gilda um alt land, en skömmu síðar fjekk nefndin tilmæli um það frá einum lögreglustjóra á landinu, að hann fengi leyfi til að birta ekki ráðstöfun nefndarinnar í lögsagnarumdæmi sínu, sökum þess, að ákvörðun nefndarinnar hækkaði smjörverðið. Þetta sýnir það, að smjör var ekki úti um land í nærri því eins háu verði og í Reykjavík, og til skamms tíma hefir það verið selt á Norður- og Austurlandi á kr. 1,25 ½ kg. — Þessi óánægja út af verðinu á smjörinu hefir aðallega átt sjer stað í Árnessýslu og ef til vill eitthvað í Rangárvallasýslu.

Eins og jeg gat um áðan þá kynti verðlagsnefndin sjer vandlega framleiðslukostnaðinn á smjöri, áður en hún ákvað hámarksverðið; meðal annars leitaði hún álits eins manns úr Árnessýslu, sem er mjög handgenginn smjörbúunum þar. Hámarksverðið var ákveðið samkvæmt tillögum hans, en þegar svo hámarksverðið var komið, þá vakti það þegar í stað óánægju. Nokkru síðar var sendur hingað til bæjarins maður að austan, frá Smjörbúasambandi Suðurlands, til þess að reyna að komast að samningum við stjórnarráðið og verðlagsnefnd um, að hún hækkaði verðið á smjörinu. Hann gat þess, að framleiðsla á smjörinu væri nú dýr, og auk þess kvað hann L. Zöllner, stórkaup-

mann, hafa boðið að kaupa smjör á 2 kr. 1/2 kg. til útflutnings, ef útflutningsleyfi fengist. Jeg skal í þessu sambandi geta þess, að síðasta sending hjeðan, sem seld var í Englandi, seldist á kr. 1,49 1/2 kg. Nefndin leitaði nú upplýsinga um þetta hjá Zöllner, og tjáði hann sig aldrei hafa boðist til að kaupa smjör á kr. 4,00 kg., heldur til að borga smjörið sama verði og það væri þá selt í Reykjavík. Það sjá allir, að þetta er ekki sama og sendimaðurinn hafði sagt. Það varð þó að samkomulagi, að nefndin nokkru síðar hækkaði verðið svo, að það er nú komið upp í kr. 3,60 kg. fyrir rjómabúsmjör. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að bændur væru mjög óánægðir með þetta hámarksverð. Þeir fengju þó miklu lægra verð fyrir smjörið ef þeir sendu það á erlendan markað. Nú er smjörverðið í Englandi hækkað um 70% síðan fyrir stríðið; það svarar til þess, að rjómabúsmjör hjeðan seldist á kr. 3,30 kg. þar; menn fengju því netto um kr. 3,10 fyrir kg., en hjer fá þeir kr. 3,60 og vilja fá kr. 4,00 eða meira. Jeg skal engan dóm leggja á það, hve framleiðslukostnaður bænda er mikill, en hitt fullyrði jeg, að smjörið geti þeir hvergi selt nú fyrir meira verð en hjer, þótt þeim stæði opin leið með það á heimsmarkaðinn, og væri þess nokkur kostur að ná útlendu smjöri hingað, þá yrði það ódýrara, þótt dýrt sje nú að flytja milli landa. Danskt herragarðssmjör kostar nú í Kaupmannahöfn í kringum kr. 1,62 1/2 kg. Hingað komið mundi það kosta kr. 1,75 eða minna hvert 1/2 kg.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að nokkrum atriðum, er flm. tillögunnar hafa sagt. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að aðgerðir nefndarinnar hefðu dregið mjög úr smjörframleiðslunni. Þetta má vel vera rjett, en það er ekki af því, að bændurnir geti nokkursstaðar annarsstaðar fengið hærra verð fyrir smjörið en þetta. Þess vegna var það í fylsta máta ómaklegt, er hann (S.S.) sagði, að það væri hart að banna fyrst útflutning og síðan setja hámarksverð á vöruna. Hefði verðið verið ákveðið lægra hjer en það var annarsstaðar, þá gat verið ástæða til að kvarta yfir hámarksverðinu, en svo var nú ekki. Hins vegar leit verðlagsnefndin svo á, að nauðsynlegt væri, og henni skylt, að sjá um, að þessi nauðsynjavara, sem aðrar, færi ekki upp fyrir alla aðgæslu. Og því neita jeg fastlega, að verðlagsnefndin vilji á nokkurn hátt skóinn niður af bændum, eins og háttv. flm. (S. S.) gaf fyllilega í ljós.

Háttv. flm. (S. S.) sagði, að það þyrfti að færa smjörverðið allmjög upp. Jeg veit ekki, hve hátt hann vill koma því, en hitt veit jeg, að það er þröngur kostur að kaupa smjörið dýrara en það er nú, en auðvitað er það þó betra fyrir þá, er fje hafa, en algerður skortur.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, að samningar stjórnarinnar við Sláturfjelag Suðurlands bentu á það, að stjórnin teldi verðið oflágt á smjörinu. Þetta er ekki rjett. Samningarnir þurfa ekki að benda á neitt annað en að stjórnin vilji reyna með öllu móti að gera bændur ánægða, svo að þeir hætti ekki að framleiða smjörið.

Um úthlutun á smjöri er jeg alveg samdóma háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), og skal jeg því sleppa að minnast nokkuð á það atriði.

Þá kemur háttv. þm. Dala. (B.J.). Hann drap á það, að nauðsynlegt væri að setja hámarksverð á útlendu vöruna, ekki síður en hina innlendu. Það getur nú verið mikið til í þessu. En þá afsökum hefir nefndin, að nær ómögulegt er að gefa fastar reglur um slíkt, því að innkaupsverðið er svo mismunandi og flutningsgjaldið sömuleiðis. Nefndin hefir í þessu efni gert það sem hægt var. Hún óskaði þess, að lögreglustjórar sendu henni skýrslur um það, ef verð einhverrar útlendrar vöru hækk-

aði að mun, og þessar skýrslur átti að senda einu sinni í mánuði, og þar að auki óskaði nefndin þess, að lögreglustjórar ljetu sig vita símleiðis um verðhækkanir á nauðsynjavörum, ef þeir teldu þess þörf. Og nú er ákveðið, hvað kaupmenn mega mest leggja á nauðsynjavörur þær, er landssjóður lætur þá fá. Þeim er nú heimilt að leggja 10% á það verð, sem varan kostar þá, komin til þeirra. Í þessari ráðstöfun á verðlagsnefndin nokkurn þátt, því að það var gert eftir uppástungu hennar.

Það er mikið til í því, sem háttv. sami þm. (B. J.) sagði um vöruskiftin, að takmarka verðlagið eitthvað við slíka verslun. En við höfðum ekki hugmynd um slíka verslun, og fengum heldur engar bendingar um hana. En þessu mætti enn kippa í lag.

Þá skal jeg loks fara örfáum orðum um þá staðhæfingu, að rjómabúsmjör sje ekkert betra en heimagert smjör. Jeg skal játa það, að jeg þekki heimili, sem kunna svo vel smjörgerð og fara svo hreinlega með mjólk, að jeg kysi heldur smjör frá þeim en rjómabússmjör. En þegar kemur svo til þess að greiða þessum heimilum hærra verð fyrir smjörið en öðrum, þá eru svo margir agnúar á því, að í framkvæmdinni reyndist það ómögulegt.

Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að efnarannsóknarstofan hefir rannsakað 38 sýnishorn af íslensku heimagerðu smjöri.

Mest vatn var	29,15 %
Minst — —	11,36 %
Meðaltalið var	19,87 %

Sömuleiðis var rannsakað 41 sýnishorn af íslensku rjómabússmjöri.

Mest vatn var	23,70 %
Minst — —	12,95 %
Meðaltalið var	18,10 %

Þessi rannsókn sýnir, að rjómabússmjör er yfirleitt vatnsminna en heimagert smjör og hefir því allmikið meira næringargildi.

Enn skal jeg geta þess, þeim til huggunar, sem tala um, að smjörið sje lágt í verði, að samkvæmt síðustu skýrslum er smjörið hið 13. í röðinni af nauðsynjavörum að verðhæð, saman borið við næringargildi þess; útlendu kornvörurnar rándýru eru samt, þrátt fyrir alt, ódýrasta fæðan, sem við höfum nú til að lifa á. Innlendu vörurnar (kjöt, smjör og fiskur) með því allra dýrasta, sem við neytum, eftir næringargildi talið.

Þórarinn Jónsson: Jeg gæti nú næstum því fallið frá orðinu, því að það er að bera í bakkafullan lækinn að hnjóða í þessa verðlagsnefnd. En, satt að segja, þykir mjer aðferð hennar vera nokkuð einkennileg. Hún átti, eins og allir vita, að sjá um, að ekki yrði okrað hjer á nauðsynjavöru, hvorki innlendri nje útlendri. En hvað gerir hún? Hún tekur þá eina eða tvær vörutegundir út úr, sem framleiddar eru hjer á landi, og markaður er fyrir hjer í Reykjavík, en hún skiftir sjer ekkert af því, þótt okrað sje hjer með útlendar vörur. T. d. skal jeg taka það, að hingað til bæjarins er flutt mikið af útlendu smjörlíki, en nefndin ber ekki við að leggja fullkomnar hömlur á það, að verðið á því sje látið stíga upp úr öllu valdi. Nú segir einn þessara hv. nefndarmanna, hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), að ógerlegt sje að leggja verðlag á útlenda vöru, sökum þess, hve kostnaðurinn sje mismunandi við innkaup hennar.

Þetta er ekki rjett, og jeg vil benda honum á þá leið, sem fara bar til þess að taka fyrir alt í einu. Nefndin átti að beina því til stjórnarinnar að gefa út bráðabirgðalög um það, hve mikið „%-vis“ kaupmenn mættu leggja á vöru sína, að frádregnum öllum kostnaði. Urðu þá allir að hlíta sama hagnaði, og sýnist það ekki óviðeigandi. Náttúrlega varð að skylda kaupmenn til að sýna alla reikninga,

og ætti það ekki að þykja óhæfa nú á tímum. Þetta eftirlit áttu sýslumenn að annast. Jeg vænti þess, að nefndin fari nú að starfa að þessu.

Það er nú á allra manna vitorði, að landssjóðsverslunin selur vörur sínar mjög dýrar, svo dýrar, að stöku kaupmenn hafa selt þar fyrir neðan. Eins er það vitanlegt, að eins og verð varanna hækkar nú mjög skyndilega með hverjum skipsfarmi, þá geta kaupmenn, sem liggja með einhverjar vörubirgðir, hækkað undir eins verð þeirra þegar næsti farmur kemur og landssjóður hefir kveðið upp verð á sinni vöru. En verðlagsnefndin ber ekki við að skifta sjer af slíku. Hún tekur aftur á móti það ráð að segja innlendri framleiðslu stríð á hendur, og afleiðingin af því er þegar orðin sú, að verð vörunnar hækkar í þeim hjeruðum, sem varan var í lægra verði en nefndin ákveður, en aftur á móti er varan ekki fáanleg á öðrum stöðum, nema gegn vöruskiftum, svo að ákvæði nefndarinnar koma hvergi að gagni, en eru alstaðar til ills eins. Það er t. d. á allra vitorði, að það smjör, sem Reykjavík hefði fengið, ef nefndin hefði ekki sett þetta hámarksverð, er nú selt á Suðurnesjum í skiftum fyrir fisk, en Reykjavík fær ekki neitt.

Jeg get tekið undir það með hæstv. forsætisráðherra, að best væri að taka alveg valdið af nefndinni, því að hún hefir ekkert gert nema það, sem leitt hefir til óhagræðis, og orðið þar að ógagni, sem það átti að hjálpa. Jeg álít sem sagt, að ekki sje rjett að takmarka neitt verð á innlendum vörum, því að það kemur aldrei að tilætluðum notum, og er auk þess í eðli sínu ranglátt, meðan útlenda varan er ekki tekin eins fyrir.

Magnús Pjetursson: Það er nú búið að segja mest af því, sem jeg ætlaði að segja.

Jeg skal þá fyrst og fremst geta þess, að jeg er alveg sammála hæstv. forsætisráðherra um það, að ekki geti komið til mála að samþykkja þessa tillögu, eins og hún er orðuð.

Fyrir þá, sem fá vilja leiðrjettingu í þessu efni, er ekki um annað að tala en að afnema alveg lögin um verðlagsnefndina, og mundi jeg ef til vill geta fylgt þeim í því. Jeg get sem sje ekki sjeð, hvert gagn hún hefir unnið, að minsta kosti ekki með smjörverðið. Úti um landið hefir hún gert ilt eitt þeim, sem kaupa þurftu vöruna, og þeim, sem átti að gagna, því að smjörverð var fyrir neðan hámarksverðið, áður en það var ákveðið, og hækkaði við það, þar sem jeg þekki til, um 50—60 aura kg. Hámarksverðið varð þannig lágmarksverð.

Tillögu þessa verður nú að fella, eins og áður er sagt, en jeg teldi eðlilegast, að hún væri tekin aftur.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Jeg kemst ekki hjá því að svara einstökum atriðum, þótt hv. þm. Dala. (B. J.) og hv. samþingismaður minn (E. A.) hafi svarað sumu, er jeg annars myndi hafa vikið að. Jeg skal byrja á hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) og enda á hæstv. forsætisráðherra.

Hv. 1. þm. Reykv. (J.B.) las upp langa skýrslu um smjörverð hjer og annarsstaðar og um starf verðlagsnefndarinnar. Það getur alt verið gott og blessað, en það kemur ekki þessu máli við. Verðlag á útlendu smjöri kemur okkur ekki við. Bæði erum við útilokaðir frá að ná í það smjör, og svo er þörf íslenskra bænda fyrir að fá smjör sitt vel borgað síst minni en annara bænda. Yfirleitt lít jeg svo á, að það sje hæpið að leggja hámarksverð á innlendar vörur, eins og smjörið. Meiri ástæða væri til að snúa sjer að útlendu vörunni. En að byrja á einstökum íslenskum afurðum er undir öllum kringumstæðum rangt. Menn segja, að það

sje erfitt aðstöðu með að leggja hámarksverð á útlendu vörurnar. Það kann að vera rjett. En þar fyrir þarf verðlagsnefndin ekki að níðast á íslenskum afurðum, til að hafast þó eitthvað að.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) gat þess, að nefndin hafi haft í ráðum með sjer einhvern bónda austan úr Árnessýslu. Mjer er ókunnugt um, hver það hefir verið, og vil því leiða hjá mjer að fara lengra út í þá sálma.

Rjett er það að vísu, að bændur fá nú mun meira fyrir smjör sitt en fyrir stríðið eða fyrsta ár stríðsins. En verðhækkunin svarar ekki til aukningarinnar, sem orðið hefir á framleiðslukostnaðinum. Þess vegna er verðið á því líka oflágt, en ekki ofhátt. Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) var eitthvað að tala um, að kostnaðurinn við smjörframleiðsluna hafi ekkert aukist. Það er undraverður fákunnugleiki á landbúnaðinum, sem kemur ávalt fram hjá þessum þm. (M. Ó.), þegar hann minnist á hann. Það væri því ráð fyrir þm. (M. Ó.) að tala sem minst um þá hluti. Hann gat þess, að verð á eldivið hafi ekkert hækkað í sveitinni. Jeg skal ekki þrátta við þm. (M. Ó.) um það. Það er nægilegt að benda honum á, að það þarf tiltölulega lítinn eldivið við smjörframleiðslu. En vinnukraft þarf til þess að búa til smjör, og hann hefir stigið.

Jeg skal ekki eltast mikið frekar við það, sem einstakir menn hafa sagt. Þó vil jeg minnast á útúrsnúning á orðum mínum, sem kom fram hjá hæstv. forsætisráðh. og hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Jeg gerði ráð fyrir, að tilgangurinn með því að setja hámarksverð á smjör hafi verið sá, að gefa sem flestum kost á að ná í smjör með hæfilegu verði. En sá tilgangur hefir ekki náðst. Jeg hjelt því fram, að almenningur myndi hafa átt hægra með að ná í smjör ef hámarksverði á því hefði aldrei verið til að dreifa, meðal annars vegna þess, að framleiðslan hefði orðið þá meiri. — En hitt sagði jeg ekki, sem hæstv. forsætisráðh. og hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) vildu láta mig hafa sagt, að almenningi yrði auðveldara að kaupa smjörið ef það hækkaði í verði. Þótt ekkert hámarksverð væri á smjörinu, ætti stjórninni að vera vandalaust að hafa hemil á útsölu þess. Hún gæti tekið smjörsöluna í sínar hendur, falið Sláturfjelaginu alla afhendingu og látið skifta smjörinu rjettlátlega meðal almennings. Þess háttar ráðstöfun gerði gagn almenningi.

Mjer þótti leitt, að hæstv. forsætisráðherra kvað stjórnina ekki geta tekið tillöguna til greina, þó að hún verði samþ. Fyrverandi ráðherra, Einar Arnórsson, leit svo á, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að stjórnin gæti fullnægt tillögunni. Það kemur mjer því óvænt, er hæstv. forsætisráðherra tekur svo í strenginn. Jeg lít svo á, að stjórninni sje skylt að taka þingsályktunartillöguna til greina, ef hún á annað borð nær samþykki deildarinnar.

Jeg skal ekki fara nánar út í skoðanir stjórnarinnar á því, hvort smjörið sje fullborgað. En ástæðu hefi jeg til að halda, að stjórninni þyki hámarksverðið síst ofhátt. Sú saga gengur staflaust, að hæstv. forsætisráðh. kaupi smjör af manni austur í sýslum, fyrir 2 kr. pd. Eftir því að dæma ætti hæstv. forsætisráðherra að finnast hámarksverðið töluvert oflágt.

Frá ástæðunni til þess, að hærra verð er á rjómabúasmjöri, hefir verið skýrt áður. Það má minna á, að framleiðslukostnaður rjómabúasmjörsins er nokkru meiri en á smjöri, sem gert er heima. Tryggingu þykir og fyrir því, að rjómabúasmjörið sje betur verkað, og geymist því betur. Í því er tíðum minna af vatni. Í smjörinu má ekki vera meira en 16% af vatni. Mjer komu því undarlega fyrir sjónir tölurnar, sem hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) var að fara með. Það mun vart hafa verið

fullhnoðað smjör, sem þau sýnishorn hafa verið tekin af. Þegar smjör frá rjómabúunum hefir verið prófað áður, hefir vatnið verið helst til lítið, síst ofmikið; það hefir verið frá 12—14%. Flest rjómabúin hafa smjörvatnsvog, og geta því vel ráðið því, hve vatnsmikið smjörið er haft.

Að þessu sinni sje jeg svo ekki ástæðu til að segja meira, en jeg vænti þess fastlega, að till. verði samþ. Loks verð jeg að lýsa ánægju minni yfir því, að Strandamenn hafa grætt lítilræði á hámarksverðinu. Fátt er svo með öllu ilt, að ekki fylgi nokkuð gott, og má það segja um hámarksverðið, því að flestum hefir það orðið til ills eins.

Benedikt Sveinsson: Afskifti verðlagsnefndar af smjörverðinu hafa ekki orðið að neinum notum. Smjörverðið hefir þvert á móti hækkað fyrir bragðið. Enda er það eðlilegt, þar sem hámarksverðið hefir haft þau áhrif, að smjörframleiðsla hefir stórum minkað. Það hefir meðal annars dregið úr því, að menn færðu frá. Það er hvorttveggja, að afrek nefndarinnar valda því, að ekki er til smjör nema lítið eitt, og að verðið á því getur ekki lækkað í sumar. En áður voru líkur til, að smjörverðið lækkaði, þar sem vænta mátti, að smjörframleiðslan myndi stórum aukast með sumrinu. Í annan stað hefir hámarksverðið ekki náð tilgangi sínum, þar sem farið er í kringum ákvæði nefndarinnar. Afskifti hennar af smjörverðinu mega því teljast verri en gagnslaus. Jeg vil því styðja till. þá, er fram er komin. Heppilegra hefði kann ske verið, að hún hefði komið fram í öðru formi, og jafnvel mælt svo fyrir, að verðlagsnefndin skyldi afnumin með öllu.

Það mun varla hægt að gera nokkrar ráðstafanir til þess, að smjörframleiðslan aukist í sumar. Nú er orðið ofseint að færa frá. En stríðið stendur að öllum líkindum ekki skemur en eitt ár enn, og ber því nauðsyn til að skera niður allar hömlur, sem á því eru, að framleiðslan verði sem mest að sumri. Enginn vafi er á, að hámarksverðið hefði sömu afleiðingar að sumri og það hefir nú, og því þarf að afnema það. Smjörbúin mætti og styrkja með tillagi 1918, t. d. 10 þús. kr., eins og ráðuneytið hafði í huga. Það væri ekki úr vegi, að fjárveitinganefndin athugaði þetta.

Satt að segja virðist verðlagsnefndin ekki hafa orðið til neins gagns. Sagt er þó, að sumir kaupmenn hafi verið óttaslegnir við hana, og því ekki fært upp vöruverðið eins og þeir annars hefði gert. Þetta kann að vera rjett, en það er þá líka eina gagnið, sem orðið hefir að nefndinni. Hún hefir ekkert skift sjer af verði á útlendri vöru. T. d. hefir sannast, að í amerísku smjörlíki, sem hingað hefir verið flutt, hefir verið 14% af salti, en á að vera 4%. Ekki hefði verið úr vegi, að verðlagsnefndin setti verð á þetta smjörlíki, eða bannaði sölu á því.

Rjettast væri að hverfa frá öllu þessu nefndabraski, sem átt hefir að bæta úr styrjaldarvandræðunum. Þær hafa drjúgum aukið óáran í landinu, valdið óþarfa útgjöldum fyrir landssjóð og auknum álögum á landsmenn. Það er því eitt, sem bjargráðanefndin ætti að athuga, hvort ekki væri hægt að losna við eitthvað af óþörfum nefndum.

Einar Arnórsson: Jeg get byrjað á endanum, orðum hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.). Jeg er sammála honum um það, sem hann sagði um tillöguna. En þó að verðlagsnefndinni hafi missjest í einu atriði, getur hún vel gert gagn í öðru. Það þyrfti því að athuga vel, áður en að því yrði hrapað að afnema verðlagsnefndina.

Hæstv. forsætisráðherra taldi, að gagn hefði orðið að hámarksverðinu á smjöri.

Jeg þori að fullyrða, að fyrir Reykvíkinga hefir ekkert gagn orðið aðþví. Það hefir ekki aukið smjörframleiðsluna, heldur þvert á móti. Það hefir ekki orðið því fólki að gagni, sem helst þurfti þess með. Því var skotið fram, að smjörinu hafi verið lofað í stórskömtum. Það gæti verið matvælanefndinni að kenna. Reyndar sagði einn af mönnunum, sem í henni eru, á borgarafundi, sem var haldinn hjer nýlega, að hún hafi ekki haft heimild til að hlutast til um það mál. En vitanlega hefði hún getað snúið sjer til stjórnarráðsins, eða stjórnarráðið tekið upp hjá sjálfu sjer, að skifta smjörinu jafnara meðal fólks. Forsætisráðherra gat þess, að smjörið hafi verið selt í kvartelum. En hvað er í vegi fyrir því, að það sje selt í smærri skömtum? Afhendingin hefði orðið ofurlitlu dýrari, en jeg er viss um, að fólk hefði rifið smjörið út jafnharðan og það barst að, fyrir því, svo að við skemdum var eigi hætt.

Þá kem jeg að því atriði, sem bæði forsætisráðherra og þm. Stranda (M. P.) hafa minst á, á undan mjer.

Þessu má fyrst svara með því, að till. fer alls ekki fram á að beina til stjórnarinnar að gera neitt, sem ekki er lögmætt. Í sjálfum lögunum um verðlagsnefnd stendur, að skjóta megi ákvörðunum hennar til stjórnarráðsins til fullnaðarúrslita. Með öðrum orðum, það liggur fyrir innan heimildarsvið stjórnarinnar að breyta eða nema úr gildi úrskurði nefndarinnar. Þetta, sem till. fer fram á, getur því ekki legið utan valdssviðs stjórnarinnar.

Nú má ef til vill segja, að engin krafa um þetta hafi komið fram frá hlutaðeigendum, þótt þessi till. yrði samþykt hjer í þinginu, en hana mun engin vandræði að fá, ef vill.

Hitt er annað mál, hvort stjórnin sjer sjer fært eða skylt að verða við þessari ályktun. Getur vel verið, að stjórnin álíti hámarksverð gagnlegt á þessari vöru og telji þetta hæfilegt verð. En þó er það ólíklegt, þar sem stjórnin hefir í reyndinni að nokkru felt ákvæði verðlagsnefndar í burt, með því að kaupa smjör hærra verði.

Annars væri það mjög gott fyrir deildina, ef hún gæti fengið skýlausa yfirlýsingu frá hæstv. stjórn um, að ályktun þessi yrði tekin til greina eða ekki, því að þá kæmi fram, hvort nokkuð þýðir að samþykkja. Ummæli hæstv. forsætisráðherra áðan gat jeg ekki skilið sem beina synjun þess að taka ályktunina til greina, ef hún yrði samþykt. En þótt nú hæstv. stjórn gæfi slíka yfirlýsingu, og deildin sæi þá ekki til neins að samþykkja till., þá hefir þó með þessum umræðum verið vakin athygli hennar á úthlutun smjörs þess, sem stjórnin hefir keypt. Væri þá gott, ef hæstv. stjórn tæki þær athugasemdir þingmanna til greina og breytti sölufyrirkomulaginu. Jeg held, að það væri gott fyrir bæjarbúa, og auk þess holt og hentugt fyrir sjálfa hæstv. stjórn, ef hún gerði þetta. Það getur ekki verið tilgangur hæstv. stjórnar að skapa óánægju í landinu að óþörfu.

Jeg vildi þá beina þeim tilmælum til hæstv. stjórnar, að hún gæfi deildinni yfirlýsingu um þessi tvö atriði. Um síðara atriðið veit jeg að vísu, að hún hefir enga þingskapalega skyldu til að gefa yfirlýsingu, en jeg vænti svo góðs af henni, að hún geri það.

Einhver hv. þm. sagði, að nú væri orðið ofseint í ár að kippa þessu í lag. Það er rjett, en þó ekki að öllu leyti. Jeg get hugsað, að ef bændur þættust vissir um viðunanlegt verð fyrir smjörið, gæti það hvatt þá til að setja fleiri kýr á vetur og auka smjörframleiðsluna, en ella gætu þeir álitið, að sú búskaparaðferð borgaði sig ver en sauðfjárbú, og settu því á vetur fleira fje en ella, en fækkuðu kúm.

Forsætisráðherra (J. M): Jeg þóttist taka það nægilega skýrt fram, að mjer sýndist till. ekki vel í samræmi við lög og reglugerð, sem þáverandi ráðherra gaf út og hv. 2. þm. Árn. (E. A.) mun kannast við. (**E. A.:** Jeg hefi þau hjer fyrir framan mig). Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) las ekki upp alt, sem að þessu lýtur, eins og jeg átti von á. Lögin segja, að ákvæðum verðlagsnefndar megi skjóta til stjórnarráðsins til fullnaðarúrslita. En í 1. gr. reglugerðarinnar stendur, ef jeg má lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefir fult vald til að ákveða hámark söluverðs um land alt á innlendri og útlendri nauðsynjavöru, svo og hverri þeirri vöru, er ástæða þykir til. Nefndin ákveður sjálf, hvað sje nauðsynjavara".

Hjer er það lagt nefndinni á vald að ákveða verð á hvaða nauðsynjavöru sem vera skal. Það, sem till. fer fram á, er að taka smjör út úr tölu þeirra vara, sem nefndin hefir fengið fult vald til að ráða verðinu á. Hjer er ekki farið fram á að breyta verðlagi, heldur að stjórnarráðið úrskurði, að smjör sje sú nauðsynjavara, er ekki má setja hámarksverð á. (**E. A.:** Hjer er að eins farið fram á, að þetta hámarksverð, sem nú er, sje afnumið). Er það sama sem að hækka verðið? (**E. A.:** Nei, einungis afnema þetta hámarksverð). Væri þá nægilegt, eftir meiningu tillögumanna, að breyta hámarksverðinu, hækka það? (**S. S.:** Afnema einungis þetta hámarksverð). Ef svo er, get jeg ekki lýst yfir því, að stjórnin neiti að taka ályktunina að einhverju leyti til greina. En mjer virðast ræður manna hafa gengið út á að leggja ekki hámarksverð á smjör. Það getur verið hugsanlegt, að stjórnarráðið taki til íhugunar, hvort ekki sjeu nú svo breyttar ástæður fyrir hendi, að verðið mætti vera dálítið hærra. Vona jeg þá, að það sje skýrt fyrir mönnum, hvað jeg á við. Hvað hitt atriðið, skömtun smjörs þess, er landsjóður hefir keypt, áhrærir, er sjálfsagt að taka það til íhugunar. Það hefði verið gert fyr, ef farið hefði verið fram á það, og bæjarstjórn eða matvælanefnd hefði treyst sjer til að úthluta því á einhvern hátt.

Jeg skal svo að lokum koma að því aftur, að þrátt fyrir það, þótt hv. flutnm. (S. S) segist ekki hafa meint það með till. að hindra, að hámarksverð væri lagt á smjör, þá verð jeg að segja, að eftir orðalagi till. skilst mjer þeir ætlast til, að hámarksverðið sje felt úr gildi, án þess að setja nokkuð í staðinn.

Jörundur Brynjólfsson: Að eins örstutt athugasemd. Hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) átaldi verðlagsnefndina fyrir að hafa ekki haft meiri afskifti af nauðsynjavörum yfir höfuð. Því er fyrst þar til að svara, að í valdi verðlagsnefndar stóð ekki að ákveða verð á útlendri vöru um land alt, í einni svipan. Jeg gat þess í „privat"-samtali við einn ráðherranna, skömmu eftir að siglingabannið hófst, að þess mundi full þörf, að ákveðið yrði af stjórnarráðinu, hvað menn mættu mest leggja á útlenda vöru. Og ætti stjórnin að ákveða það nú þegar og tilkynna.

Það er talað um, að stjórnin hefði getað selt ódýrara. Sumstaðar hafa kaupmenn nú samt ætlað sjer að selja vörur sínar með talsvert hærra verði. Við Breiðafjörð neituðu kaupmenn til dæmis að selja landsjóðssykur, og ætluðu að selja sykur, sem þeir áttu, enn hærra verði. Þá greip þó verðlagsnefndin fram í. Eins var í Hafnarfirði um sölu á margarine. Hjer í Reykjavík fylgdist nefndin með sölu á margarine, alt þar til er þing byrjaði. Síðan höfum við 2 nefndarmenn, sem á þingi sitjum, ekki haft tíma nje tækifæri til þess eins vel og áður. Það verður því

ekki hægt að álasa nefndinni fyrir, að hún hafi ekki reynt að hafa hemil á verðlaginu. Hitt getur verið, að hún sje ekki skipuð nógu duglegum mönnum. Það skal jeg ekki dæma um.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að jeg hefði gefið ranga skýrslu um gerðir verðlagsnefndar. (S. S: Misheyrn!) Var það misheyrn, að jeg hefði gefið ranga skýrslu um verðlagið? (S. S.: Jeg sagði *langa* skýrslu). Það var óþarfi að finna mjer það til foráttu, ef skýrslan er rjett. Sami hv þm. (S. S.) drap á skýrslu þá, er jeg gaf um vatns-„procentuna" í rjómabússmjöri; sagði, að hún væri einhliða. Hún er gerð af efnarannsóknarstofunni hjer i Reykjavík, og get jeg ekkert um hana sagt, nema jeg hygg, að hún sje eins vel gerð og unt er. Jeg get ábyrgst, að tölurnar eru rjett hermdar af mjer. En hvort þetta smjör hefir verið hálfhnoðað kemur ekki málinu við. Það er rjómabúanna sök. Annars sýndi meðaltalið á rjómabússmjörinu, að það stóðst ekki þá kröfu, sem gerð er á erlendum markaði, þar sem í því voru 18%, í stað 16%.

Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) talaði um margarine frá Ameríku. Um það veit nefndin ekkert, og jeg býst við því, að hinn hv. þm. (B. Sv.) sje svo sanngjarn, að hann krefjist þess ekki af verðlagsnefnd, að hún sje alvís. Þetta hefir enginn kært fyrir nefndinni, en það er þó hverjum innan handar.

Meðan á umræðum stóð kom fram ósk frá 6 þm. (M. G., P. O., Þór. J., B. St., H. K., Þorst. J.) um, að þeim skyldi hætt Till. um þetta var feld með 14: 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., B. St., H. K., M. G., M. P., P. O., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J.

nei: B. Sv., B. J., E. A., E. J., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. Ó., P. Þ., S. S., St. St., Þorl. J., Ó. B.

Tveir þm. (E. Árna. og P. J.) fjarstaddir.

Tóku þeir nú til máls, er sjer höfðu beðið hljóðs, en síðan var

umr. frestað.

Á 24. fundi í Nd., föstudaginn 3. ágúst, var fram haldið einni umr. um till. (A. 143, 247).

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Það er út af síðustu ræðu hæstv. forsætisráðh. í þessu máli, að jeg kveð mjer hljóðs. Það var viðvíkjandi skilningi hans á tillögunni. Í sjálfu sjer er till. einföld og glögg og segir það eitt, sem meint er með henni, sem sje að hámarksverðið á smjöri sje numið úr gildi nú þegar.

Úr því að jeg stóð upp, ætla jeg að leiðrjetta eitt í ræðu hv. 1. þm. Reykv. (J.B.). Hann skildi orð mín þannig, að jeg hefði sagt, að verðlagsnefndin hefði kent mönnum að fara í kringum hámarksverðið. Jeg sagði það ekki, heldur hitt, að *einn* úr nefndinni hefði kent mönnum, hvernig fara mætti kringum hámarksverð nefndarinnar.

Þá vil jeg um leið leiðrjetta misheyrn sama þingmanns (J. B.). Honum heyrðist jeg segja, að hann hefði gefið *ranga* skýrslu um gerðir verðlagsnefndar, en jeg sagði *langa* skýrslu, og eins og á stóð, *óþarflega* langa.

Matthías Ólafsson: Jeg stend að eins upp til að mæla með brtt. minni á þgskj. 247. Jeg álít þetta mál þannig vaxið, að ekki sje nóg, að Nd. ein skori á stjórnina, heldur þurfi báðar deildir að gera það.

Það mætti æra óstöðugan að karpa við við hv. flm. (S. S.), því að honum er alveg

sama, hvað sagt er á móti skoðun hans. Jeg ætla álveg að leiða minn hest frá að reyna til að sannfæra hann.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki sagt annað nú en jeg sagði í fyrri umr. þessa máls, að jeg tel stjórninni ómögulegt að gera það, sem þingsál.till. fer fram á. Mín skoðun er sú, að það bryti í bága við lögin um skipun verðlagsnefndar, og jeg endurtek það nú, eftir að hafa heyrt skýringu hv. flm. (S. S.), að til þess, að stjórnin geti orðið við þessum tilmælum, verður að breyta lögunum. Jeg sje líka, að hjer kemur bráðlega frv. um breytingu þeirra laga, og vil því leyfa mjer að stinga upp á því við hv. flutningsmenn, að þeir láti þessa till. bíða, þangað til það frv. er fram komið. Það er ekki svo að skilja, að stjórnin vilji ekki verða við þessum tilmælum, en hún getur nú ekki farið eftir öðru en sinni eigin sannfæringu. Jeg veit, að einhver besti lögfræðingur landsins er á annari skoðun en jeg í þessu máli, en þótt jeg vanalega trúi skýringum hans, get jeg það þó ekki að þessu sinni.

Þórarinn Jónsson: Jeg ætla að eins að segja örfá orð, til að leiðrjetta misskilning hjá hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), síðast þegar þetta mál var til umr. Hv. þm. (J. B.) áleit, að jeg hefði meint, að verðlagsnefndin ætti að gefa út bráðabirgðalög um álagning kaupmanna á útlendar vörur. En jeg tók það skýrt fram, að hún hefði átt að beina því til stjórnarinnar með ákveðnum tillögum sínum.

Viðvíkjandi því, að kaupmenn seldu með lægra verði en landsstjórnin, þá talaði jeg ekki um það sem alment. En þau tilfelli geta vel hafa orðið til þess, að verðlagsnefndin hafi ekki treyst sjer við kaupmennina, af því að þeir væru þar í skjóli landsstjórnarinnar, hversu mikla okurupp-færslu sem þeir settu á vörurnar.

Hvað hinn mismunandi kostnað á vörunum snertir og innkaupsverð, þá ættu sýslumenn, án mikils starfsauka, að geta haft þar fulltryggilegt eftirlit. Jeg vona, að verðlagsnefndin athugi þetta eftirleiðis, því að þetta er mjög þýðingarmikið atriði.

Hákon Kristófersson: Það, sem gefur mjer tilefni til að standa upp, eru orð hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) um kaupmenn við Breiðafjörð, sem hefðu selt sykur svo háu verði, að þeir hefðu ekki viljað taka landssjóðssykur, sem hefði verið seldur með lægra verði. **(J. B.:** Það var ekki í kjördæmi þingmannsins, enda þótt það væri við Breiðafjörð). Jæja, jeg held nú, án þess að jeg ætti að fara að taka málstað kaupmanna sjerstaklega, að margir kaupmenn hefðu selt vörur sínar að mun ódýrari, bæði sykur og annað, ef verðið á landssjóðsvörunum hefði ekki skapað fordæmið. Jeg held, að það sje annars best, vegna hæstv. landsstjórnar, að fara sem allra minst út í samanburð á vöruverði kaupmanna yfirleitt og verði því, er stjórnin hefir sett á sínar vörur, því að vissulega hefir það, eftir því er jeg best veit, ekki verið sem hagkvæmust fyrirmynd.

Jörundur Brynjólfsson: Hv. flm. (S. S.) gat þess, að jeg hefði misskilið orð sín um þær bendingar, sem verðlagsnefnd hefði gefið um, hvernig fara ætti í kringum hámarkslögin. Jeg bar verðlagsnefnd undan því ámæli sem slíka, og jafnframt hvern einstakan nefndarmann, en nú segir háttv. flutnm. (S. S.), að einn nefndarmaðurinn hafi gefið bendingu um það, hvernig hægt væri að fara í kringum hámarksverðið, og skora jeg á hv. flm. (S. S.) að nefna nafn hans.

Viðvíkjandi ræðu hv. 1. þm. Húnv. (Þór.

J.) vil jeg segja það, að það er varla von, að þingmenn viti, hvernig við höfum hagað störfum okkar, en öllum er frjálst að sjá plögg verðlagsnefndar og tillögur þær, er hún hefir gert til landsstjórnarinnar viðvíkjandi vöruverði og úthlutun.

Háttv. þm. Barð. (H. K.) hefir misskilið orð mín viðvíkjandi því dæmi, er jeg nefndi um vöruverð í einu kauptúni við Breiðaflóa. Jeg tók það sem dæmi upp á það. að þótt vörurnar hjá landsstjórninni hafi verið dýrar, þá hafa kaupmenn þó selt sínar vörur enn dýrara, sumir hverjir. Þetta kauptún, sem jeg átti við, við Breiðaflóa, var Ólafsvík.

Flm. (**Sigurður Sigurðsson**): Út af síðustu yfirlýsingu hæstv. forsætisráðherra, að hann treysti sjer ekki til að framfylgja tillögunni, vil jeg leyfa mjer að stinga upp á, að till. verði vísað til landbúnaðarnefndar, því að þangað fer einnig sennilega frv. það, er hann mintist á. — Áskorun hv. 1. þm. Reykv. (J.B.) um að nefna nafn þess úr verðlagsnefndinni, er jeg átti við, ætla jeg ekki að verða við, vegna *þeirra*, er mjer sögðu.

Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) virði jeg ekki svars.

Bjarni Jónsson: Þegar jeg sje, að þessi till. á von á ágætri meðferð í landbúnaðarnefnd, sje jeg enga ástæðu til að tala um hana meira.

ATKVGR.

Till. vísað til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1612) í e hlj.

Umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki. Till. var því ekki framar tekin á dagskrá og varð

ekki útrætt.

---

2. Landsspítalamálið.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga og undirbúa landsspítalamálið (A. 370).

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 11. ágúst, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (**Magnús Pjetursson**): Hv. þdm. munu hafa tekið eftir því, að í fjárlagafrv. eru ætlaðar 5000 kr. til þess að undirbúa landsspítalamálið. Fjárveitinganefndin er á einu máli um það, að þörf sje á að búa málið sem best undir, en telur ekki rjett að veita allháa upphæð til undirbúnings, að svo vöxnu máli, undirbúnings, sem líklega yrði mest fólginn í því að flytja grjót og mylja o. s. frv. Nefndin lítur svo á, að málið þurfi sjerstaklega rækilegan undirbúning, og því er það samkvæmt tillögum landlæknis og annara manna, sem mestan áhuga hafa á málinu, að nefndin flytur þessa till. Mönnum kann nú að þykja viðurhlutamikið að skipa milliþinganefnd í þetta mál, en með því að nefndin gerir ráð fyrir, og mjer er óhætt að segja nálega með vissu, að þeir, sem líklegastir eru í milliþinganefnd, mundu ekki taka kaup fyrir starfa sinn, þá þurfa menn ekki að óttast þetta. Auðvitað verður að ætla eitthvert fje til burðargjalds, sendiferða o. s. frv., og það hefir nefndin áætlað 500 kr.

Það er margt, sem athuga þarf í þessu máli. Það er ekki nóg að koma sjer saman um, að spítalann skuli reisa; það þarf að ákveða, úr hvaða efni hann skuli verða, steini, steypu o. s. frv., hvar hann skuli standa, hve stór hann eigi að vera, og loks fyrirkomulagið, sem ekki verður hvað vandaminst, þar sem um er að ræða að koma fyrir, í minni húsakynnum en gerist um aðalspítala annara þjóða, samskonar tækjum eins og tekið er fram í greinargerðinni.

Jeg vona, að stjórnin taki því ekki illa, að nefndin leggur til að breyta undirbúningnum þannig, enda er tillagan í samræmi við vilja þeirra manna, sem einna mestan áhuga hafa á málinu.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get auðvitað ekkert um það sagt, hvort þeir menn, sem eru hvatamenn að þessari till., sjeu þeir menn, sem mestan áhuga hafa á þessu máli, eins og hv. frsm. (M. P.) komst að orði. En hitt veit jeg, að tillaga stjórnarinnar er fram komin eftir ósk Háskólans. Það er alveg rjett, að fjárveiting stjórnarinnar er sett alveg út í loftið; upphæðin var ekki nefnd í tillögum Háskólans, en eftir umtali við þann mann, sem mestan þátt átti í því, að málinu var hreyft, setti stjórnin þessa upphæð, 5000 kr.

Eins og hv. frsm. (M.P.) tók fram þarf að rannsaka spítalastæði o. s. frv. En auk þess þarf að rannsaka fyrirkomulag á spítölum erlendis, og ef það á að vera til nokkurrar hlítar, þá hrökkva 500 kr. skamt; jafnvel ekki til lauslegs undirbúnings mundu þessar 500 kr. nægja.

Jeg þykist vita, að hv. nefnd hafi talað við þá menn, sem hún telur líklegasta til að skipa fyrirhugaða nefnd, og að þeir hafi sagst mundu takast starfið á hendur endurgjaldslaust, en þá væri rjettast, að þingið útnefndi þá. Jeg held, að hjer sje um afarmikið starf að ræða, enda ætlast nefndin til, að undirbúningurinn standi yfir í 4 ár, en þá er jeg líka hræddur um, að ekki sje rjett að heimta það, að það sje gert fyrir ekki neitt. En ef það er víst, að menn vilji taka þetta að sjer kauplaust, þá er rjett, að þingið nú nefni til mennina, þótt jeg efist um, að menn fáist til þess fyrir ekkert, og mjer þyki jafnvel rangt af þinginu að ætlast til þess. Það er ekki vant að heimta af mönnum slík störf kauplaust, og hjer er ekki meiri ástæða til þess en ella. Þess vegna þykir mjer rjettast að ætla nefndinni þóknun, og getur þingið, ef vill, fastákveðið upphæðina, ef það er hrætt um, að ella gangi ofmikið fje til þessa.

Jeg sje ekki, að þau rök sjeu fyrir hendi, að samþykkja beri till., eins og hún liggur fyrir, nema því að eins, að nefndarmenn hafi verið ákveðnir fyrirfram. Það gefur að skilja, að stjórnin getur ekki skipað mönnum að vinna kauplaust í nefndinni, nema þeir hafi lýst yfir því, að þeir muni gera það.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Það kann að hafa verið ofdjúpt tekið í árinni hjá mjer, að að þessari till. stæðu þeir menn, sem mestan áhuga hafa á málinu. Það er gott, að sem flestir leggi kapp á það. En þeir, sem hafa lagt með till., hafa að minsta kosti mjög mikinn áhuga á því, að stofnunin verði í lagi.

Jeg sje ekki, að það þurfi að vera till. til fyrirstöðu, að gert er ráð fyrir, að nefndin vinni kauplaust. Það eru svo margir menn, sem unnið hafa að framgangi þessa máls endurgjaldslaust, að ekki er til mikils mælst, þótt farið sje fram á, að þeir, sem mikinn áhuga hafa á því, vinni þóknunarlaust að undirbúningnum. Það er satt, að stjórnin getur ekki lagt fyrir menn að gera þetta endurgjaldslaust, en að sjálfsögðu snýr hún sjer til þeirra manna, sem mestan áhuga hafa á málinu,

og það er nokkurn veginn líklegt, að þeir *muni* takast þetta á hendur fyrir ekki neitt. Nefndin hefir ekki leitað til *allra*, sem áhuga hafa á þessu máli, en hún hefir haft tal af sumum þeim, sem líklegastir eru til að skipa milliþinganefnd, og þeir hafa tjáð sig fúsa til þess að takast starfið á hendur með þessum kjörum, þ. e. kauplaust.

Það vakti fyrir nefndinni, að á meðan ekki er farið að gera fullnaðaruppdrætti þá þyrfti ekki mikið fje til undirbúningsins, og ekki ætlaðist hún heldur til þess, að rannsökuð yrðu sjúkrahús erlendis fyrir þessa upphæð, en nefndin telur þá fyrst koma til þessa, þegar væntanleg milliþinganefnd hefir setið að störfum og komið fram með tillögur um, hvað gera skuli, og að þá beri að veita fje til þess, sem ekki yrði langt að bíða, líklega ekki lengur en til næsta þings.

Það er síður en svo, að fjárveitinganefnd vilji draga málið á langinn eða spilla fyrir því; þvert á móti. Einmitt í því skyni, að málið verði sem best úr garði gert, ber hún fram þessa till. sína.

Það má vera, að einhverjir óski að gera brtt. við till., og er þá hægt að gera það við síðari umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hef ef til vill litið offljótlega á till. háttv. fjárveitinganefndar, en mjer skilst svo, sem þar sje gert ráð fyrir því, að þessi aukaundirbúningur muni standa í 4 ár; ef svo er, þá mun varla að búast við miklum tillögum frá fyrirhugaðri milliþinganefnd fyrir næsta þing.

Það, sem jeg hefi við till. að athuga, er, að mjer finst nefndin gera ráð fyrir alt oflitlum kostnaði, nema því að eins, að það sje ákveðið fyrirfram, hverjir eigi að sitja í þessari nefnd, og þeir hafi áður lýst yfir því, að þeir ætluðu að vinna kauplaust. Og mjer finst sannarlega engin ástæða til, að landið biðji sjer þannig lagaðra gjafa af mönnum. Jeg er annars sammála hv. þm. Stranda. (M.P.), að þetta beri að athuga betur til 2. umr. Málið er ágætismál og snertir alla þjóðina, en þótt svo sje, er ekki ástæða til, að menn vinni að því endurgjaldslaust.

Benedikt Sveinsson: Það hefir verið mikið deilt um það hjer í deildinni, hvar áhuginn væri mest brennandi fyrir þessu máli. Jeg fyrir mitt leyti er viss um, að margir þeirra, sem hafa gengist fyrir þessu, hafa ríkan hug á málinu, og tel ekki ósennilegt, að einhverjir þeirra sjeu fúsir á að vinna kauplaust að undirbúningi þess, til að hraða því sem best áfram. Mjer kæmi jafnvel ekki á óvart, þótt þeir sæktust beint eftir því. Það er að vísu satt, að ekki er hægt að skylda menn til að gefa vinnu sína, en það er líka í mótsögn við þennan mikla áhuga fyrir málinu, sem altaf er verið að tala um, ef þeir ljetu það aftra sjer frá að sitja í nefndinni, að starf hennar er ekki launað með fje. Jeg er sammála hæstv. forsætisráðherra um að fresta umr. um málið, þangað til vissa er fyrir því, að þeir menn fáist, sem vilja vinna þetta kauplaust. Því að það hljóta allir að sjá, að ekki kemur til mála að fara að skipa sjö manna nefnd, sem á að vinna árum saman, og gjalda hverjum manni 8—10 kr. á dag, eins og dagkaup tíðkast nú.

Flm. (Magnús Pjetursson): Að eins örfá orð, út af þeim misskilningi hæstv. forsætisráðherra, að fjárveitinganefnd ætlaðist til, að þessi væntanl. nefnd sæti á rökstólum í 4 ár. Fjárveitinganefndin leggur ekkert til um það, heldur lætur þess getið í greinargerðinni, að landlæknir búist við því, að þann tíma þurfi til undirbúnings.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. í e. hlj.

A 32. fundi í Nd., mánudaginn 13. ágúst, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Till. var ekki tekin framar á dagskrá og varð því

ekki útrædd.

---

3. Skólahald næsta vetur.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 23. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skólahald næsta vetur (A. 599).

Á 43. fundi í Nd., laugardaginn 25. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr. um till.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 27. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 1. sept., var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 599, 724).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Þessi till., sem nú er hjer til umræðu, hefir þegar mætt allhörðum dómum utan þings, og mætti því ætla, að til hennar væri stofnað af mikilli hvatvísi. En jeg held, að mjer sje óhætt að segja það, að dómar þeir, sem þegar hafa verið á hana lagðir, hafi ekki verið betur rökstuddir nje hugsaðir heldur en tillaga þessi var af nefndum þeim, sem bera hana fram.

Ef mál þetta er krufið til mergjar, þá kemur í ljós, að ástæður fyrir þessar till. eru margar, og skal jeg með mjög fám orðum nefna þær helstu.

Jeg vil þá nefna fyrst þá ástæðuna, sem sjerstaklega hefir verið gerð að umtalsefni af andmælendum tillögunnar, enda hefir hún verið álitin af þeim höfuðástæðan, þótt svo sje alls ekki. Þetta er sparnaðarástæðan. — Það, sem vitanlega er nú fram úr hófi dýrt við skólahaldið, er eldsneytið, eru kolin. Jeg þarf ekki að fjölyrða um þessa ástæðu; allir þekkja hana eins vel og nefndirnar, enda er hvort sem er ekki hægt að segja um með vissu, hversu miklu fje sá sparnaður nemur Hafa nefndirnar hvorki haft tíma nje tækifæri til að fá nákvæmar upplýsingar um það. Enda hefir þeim ekki þótt það skifta svo miklu. Jeg skal að eins geta þess, að ef engin kensla yrði hjer í háskólahúsinu í vetur, þá er mjer sagt, að við það myndu sparast 20—24 þús. kr. í kolum og gasi. Þótt nú kolin sjeu og verði afskaplega dýr, þá verður að leggja aðalábersluna á það, áður en lagt er út í fullkomið skólahald í vetur, að vissa sje fyrir því að kol og koks verði nægileg í landinu. Fyrir þessu er enn engin vissa. Að eins von. Og þó að mikið af kolum kunni að koma til landsins, þá ber þess vel að gæta, að þau eru enn nauðsynlegri til margs annars en til þess að halda uppi skólunum. Er þar fyrst til að nefna landsspítalana og sjúkrahúsin í landinu, sem ekki má loka,

og trauðla mun gerlegt að spara hita við. Þá verður einnig að vera vissa fyrir því, að oss skorti eigi kol handa skipum vorum, þeim, sem nú halda í oss lífinu og munu gera það. Einnig verður að vera vissa fyrir því, að eitthvað af botnvörpuskipum geti náð í fisk til matar handa landsmönnum, eftir því sem nauðsyn ber til. —

Ekki má það heldur vera í óvissu, hvort heimili einstaklinganna geti náð í nægilegt eldsneyti. Það verður að sjá fyrir því, að fólk þurfi ekki að sitja í kulda, því að það getur orðið stórhættulegt fyrir þjóðina, þar sem af því hlyti að leiða heilsutjón einstaklinganna og aukinn manndauða. Alt þetta álítum vjer *enn þýðingarmeira* fyrir þjóðfjelagið heldur en þótt skólum yrði lokað í vetur. Verður þetta því að vera *fulltrygt* áður en lagt er út í fullkomið skólahald. Eru þá taldar þær ástæður, sem lúta að eldsneytinu.

Nefndunum virtist rjett að geta einnig þeirrar ástæðu, að ef einhver vafi kynni að leika á því, að nægur útlendur matur væri til í landinu, og þá sjerstaklega hjer í Reykjavík, þá sje ekki rjett að hrúga hingað fólki ofan úr sveitum. Menn munu nú sjálfsagt segja, að það megi á sama standa, því að alstaðar þurfi menn að eta, hvort sem þeir eru í sveit eða kaupstað. Ekki er hægt að mótmæla þessu, en hitt er víst, að ef matarskortur verður í landinu, vegna ónógra aðflutninga, þá kemur skorturinn fyr í kaupstaðina en í sveitirnar. Í sveitunum verður fólki fleira til bjargar, og það er ljettara á útlenda matnum en kaupstaðarbúar. Menn munu sjálfsagt segja, að þetta sje bara grýla, því að varla muni oss mat skorta, en ekki virðist þó vissan fyrir því fullkomin og útlitið síst betra en verið hefir.

Enn er eftir að nefna eina af þeim höfuðástæðum, sem vöktu fyrir nefndunum, og er hún sú, að þeim fanst viðurhlutamikið að ætlast til þess, eða óbeinlínis hvetja til þess — en það væri gert, ef skólum væri leyft að starfa á venjulegan hátt — að menn ofan úr sveitum gætu yfirleitt lagt fram eins mikið fje eins og mun þurfa, til þess að námsfólk lifi hjer í Reykjavík sæmilega í vetur. Það virðist næsta undarlegt og jafnvel ótrúlegt, að fjöldi þeirra manna, sem eiga að kosta sjálfa sig eða aðra hjer í Reykjavík í vetur, geti klofið þann kostnað án stórtjóns á efnum sínum og ástæðum nú á þessum erfiðu tímum. Ef menn geta þetta, þá er efnahag námsmanna og aðstandenda þeirra yfirleitt betur komið en áður hefir verið. Þessu er svarað þannig, að fólkið sjálft óski eftir þessu og vilji ganga að þessum kjörum, eða rjettara sagt ókjörum; — ókjör mega það kallast að greiða *minst* 10—1200 kr. fyrir vetrarvist í Reykjavík, eins og útlit er fyrir. — Menn benda á, til sönnunar því, að fólkið sjálft treysti sjer til að standast þennan kostnað, hversu óðfúst það er að sækja um skólavistirnar. Jeg held, að þetta sje ekki næg sönnun, því að jeg tel það áreiðanlegt, að fólk upp til sveita hafi alls enga hugmynd um, hversu dýrt verði að lifa hjer í Reykjavík næsta vetur. Væri því full ástæða til að stemma stigu fyrir því, að fólk í gáleysi hleypi sjer út í ókleifan kostnað.

Ef námsfólkið drifi hingað í haust á venjulegan hátt, án þess að gera sjer fulla grein fyrir kostnaðinum, þá mætti búast við því, að sumt yrði ef til vill að hætta á miðjum vetri, vegna fjárskorts, eða þótt svo færi, að það kæmist á einhvern hátt fram úr þessum vetri með lántökum eða öðru því um líku, þá gæti það lamast svo efnalega, að það ef til vill yrði að hætta við nám fyrir fult og alt. Og þá væri sannarlega betra fyrir námsmenn að bíða einn vetur heldur en að svo færi. Benda má einnig á það, að líkindi eru til, að heilsu fólks verði meiri hætta búin hjer í

Reykjavík í vetur heldur en ella. Þegar allt er svo óhæfilega dýrt, munu allir kosta kapps um að spara svo, sem þeir frekast geta. Munu þeir þá fyrst og fremst reyna að spara það, sem dýrast er, en það eru kolin. Er því mjög hætt við, að námsfólkið geti beðið heilsutjón af kolasparnaði eða af því að sitja í kulda, en allir vita, að námsfólk er talsvert næmt fyrir sjúkdómum. — Menn gera mjög mikið úr því, hve rangt sje að stuðla til þess, að námsfólk tefjist heilan vetur og missi þannig heilt ár af lífi sínu, eins og menn komast að orði. En nefndirnar voru þeirrar skoðunar, að vegna hins gífurlega kostnaðar við skólavistirnar þá hlytu hvort sem er fleiri eða færri af nemendunum að tefjast, sakir efnaleysis. En það væri misrjetti, ef efnamennirnir tefðust ekkert, en að eins þeir fátæku, og til þess vildu nefndirnar ekki stuðla. Þessar ástæður ná auðvitað ekki til námsfólks heima í Reykjavík, og er Reykvíkingum ekki láandi, þótt þeir leggi alt kapp á, að skólum sje haldið uppi, þar sem þeir þurfa ekki að kosta sitt fólk meira þótt það gangi í skólana. En ekki fanst nefndunum rjett að halda uppi skólanum fyrir Reykvíkinga eina eða því sem næst, enda ber vel að gæta þess, að reykvískir námsmenn þurfa alls ekki að missa eins mikils í, þótt skólum sje lokað. Þeir geta eftir sem áður að meira eða minna leyti notið tilsagnar kennaranna, sem að sjálfsögðu mundu láta hana ókeypis í tje, eftir því sem hægt væri. Og væri sjálfsagt að bæta þeim upp, ef þeir þyrftu fyrir þær sakir að kosta meiru til um hita eða annað.

Allar þær ástæður, sem jeg hefi þegar tekið fram, vöktu fyrir nefndunum, en geta skal jeg þess, að einstakir nefndarmenn lögðu mismunandi áherslu á hverja ástæðu fyrir sig. Af því að jeg tala hjer fyrir munn 12 manna, þá get jeg búist við, að jeg láti einhvers ógetið, sem þeir kynnu að óska eftir að kæmi fram, og vona jeg, að þeir árjetti þá mitt mál.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um *ástæðurnar* fyrir tillögunni, en vona, að háttv. deildarmenn hafi þegar komist að raun um, að þetta mál hefir mjög alvarlegar hliðar.

Jeg þykist vita, að hv. deild sjái, að mál þetta er athugavert og alvarlegt; eins og sjá má á tillögunni er stjórninni að eins gefin heimild til að grípa til þeirra úrræða, er tillagan nefnir, en engin áskorun til hennar eða skipun; það mætti segja, að þetta væri nokkurskonar aðvörun til hennar að hafa vakandi auga á þessu vandamáli. Nefndin vill láta skoða það sem svo, að ef þessi tillaga er samþykt, þá hafi stjórnin heimild til að fara svona langt í þá áttina að stöðva skólahaldið, en lengra ekki. Nefndin leggur það alveg á vald stjórnarinnar að fara með þetta mál eins og hún álítur að hún geti best varið. Það er eðlilegt, að stjórninni sje fengið málið í hendur; hún er kunnugust og getur best dæmt um, hverjar líkur sjeu til, hvort það muni fyrir hendi, sem þarf til skólahaldsins, t. d. kol. Hún hlýtur og að hafa besta yfirsýn yfir afleiðingarnar af því, ef ekki er varlega að farið, enda ber hún og *ábyrgðina* á þeim.

Þá skal jeg benda á miðlunarleiðir, sem komu til mála í nefndinni. Ein var sú, sem nefnd hefir verið í blöðunum, að mentaskólahúsið skyldi haft til kenslu fyrir Háskólann, og mentaskólanemendur líka að einhverju leyti, eftir því sem fært þætti.

Önnur var sú, að hafa skólahald að eins nokkurn hluta skólaársins, t. d. síðara hluta vetrar, þótt ekki sýndist fært að hafa það allan tímann.

Hvað sem stjórnin ræður af í þessu máli, þá mælist nefndin til, að hún geri

ráðstafanir sínar sem fyrst og fari sem varlegast; það má altaf auka skólahaldið síðar, ef horfur batna.

Þá skal jeg loks minnast lítið eitt á einstaka liði tillögunnar.

Um fyrsta liðinn þarf jeg ekki að fjölyrða. Það skilja sjálfsagt allir, að það vakti fyrir nefndinni, að síst mætti tefja þá háskólanemendur, sem ætla að taka fyrri eða síðari hluta embættisprófs í vetur eða vor; því leggur hún til, að sjerstakar ráðstafanir sjeu gerðar til þess, að þeir geti notið kenslu á komandi vetri. Síðari hluti 2. liðs miðar að því, að nemendur í hinum almenna mentaskóla og gagnfræðaskólanum á Akureyri fái leyfi til að ganga undir vorpróf á venjulegan hátt, og að þeir skuli einkis í missa fyrir aldurs sakir. Það leiðir og af sjálfu sjer, að nefndin ætlast til, að inntökupróf fari fram í mentaskólanum og öðrum slíkum skólum að vori, eins og vant er, hvort sem skóli verður haldinn eða ekki.

Um 3. og 4. lið hefi jeg ekkert sjerstakt fram að taka.

Þá kem jeg að 5. lið. Nefndinni þótti það óviðeigandi að veita öðrum skólum styrk til rekstrar þeirra, ef þingið treysti sjer ekki til að ráða til þess, að skólum landsins sjálfs væri haldið uppi. Nú er komin fram brtt. frá hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) um að breyta nokkuð orðalagi liðsins. Jeg sje ekki ástæðu til að samþykkja þessa brtt., því að eftir álitli nefndarinnar er stjórninni ætlað að ráða fram úr þessu, en ef tillagan er samþykt, er lögð skylda á stjórnina að fara styttra í þessu atriði en nefndin ætlast til.

7. liðurinn er sjálfsagður. Engum hefir dottið í hug, að kennarar við skólana skyldu missa laun við það, þótt skólunum yrði ekki haldið í sama horfi sem áður. En það hafa verið gerðar athugasemdir út af þeim orðum liðsins: „jafnt stundakennurum sem öðrum“. Það sýnist sjálfsagt, að stundakennarar, sem að undanförnu hafa lifað á þessari kenslu sinni, eigi ekki fremur að missa stundakenslulaun sín fyrir þessa ráðstöfun en fastu kennararnir sín laun. Orðin „eftir því sem verið hefir“, eru sett til þess, að ekki gætu komið nýir menn og krafist launa, af því að þeir hefðu ætlað sjer að sækja um stundakenslu næsta vetur.

Jeg vona nú, þar sem tillagan er þannig skýrð, að hv. deild taki henni vinsamlega. Jeg held, að ekki væri rjett, eftir því ástandi sem nú er, að fella hana. Ef hún yrði feld, skilst mjer það vera sama sem að *banna* stjórninni að ganga svo langt, sem hún fyrirskipar, og í öðru lagi að *fyrirskipa* venjulega skólaskyldu, hvernig sem á stendur.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að þessi till. er fram komin með ráði ráðuneytisins, eða svo að segja með samkomulagi við það. Það var talað við okkur um málið, og jeg held, að allir þáverandi ráðherrar hafi verið á þeirri skoðun, að það væri heppilegt og rjett, að stjórnin fengi einhverja heimild eða bendingu í þessa átt. Samt skal það tekið fram, að ráðuneytið í heild, hefir ekki enn tekið afstöðu til þessarar till., eða afráðið neitt um það, hvort og að hve miklu leyti skólum skuli haldið uppi, svo að það, sem jeg segi, segi jeg fyrir eigin reikning.

Fyrst skal jeg leyfa mjer að láta í ljós, að sparnaðarástæðan er fyrir mjer ljettust á metunum. Að vísu sparast talsvert fje ef kensla legst niður, en jeg tel ekki þann sparnað svo mikils virði, að hans vegna út af fyrir sig sje forsvaranlegt að láta kenslu falla niður. Eldiviðarskorturinn er miklu veigameiri ástæða. Hjer eru altof litlar birgðir til af kolum til að fullnægja öllum þörfum, en þó meiri birgðir en oft undanfarið, og þótt skólarnir brenni

miklu af kolum, er það þó ekki svo gífurlegt, að miklu muni á birgðunum, þegar á alt er litið. Jeg hefi ekki athugað, hve mörg „tons“ þeir þurfa, en það er ekkert afskaplegt, nema þá þar, sem er miðstöðvarhitun, og það er sjálfgefið, að engum skóla verður leyft að nota miðstöðvarhitun, nema talsvert bætist við af kolum annarsstaðar að. Náttúrlega er ekki hægt að segja á þessum tímum, að trygt sje nóg eldsneyti til fullkomins skólahalds. En jeg verð að álíta forsvaranlegt nú, þótt skólahald sje eigi jafnfullkomið og endrarnær.

Þetta tvent, sparnaðurinn og eldsneytisskorturinn, er hvorttveggja ástæður, en það eru ekki svo miklar ástæður, að jeg leggi fjarskalega áherslu á þær.

Sú ástæðan, að ekki kunni að vera nægur útlendur matur til í landinu, og sjerstaklega í Reykjavík, hygg jeg að sje fremur ljettvæg. Það munar ekki mikið um það fyrir Reykjavík, hvort utanbæjarnemendur landsskólanna dvelja hjer í vetur eða ekki. Auk þess engin ástæða til að óttast beint matarskort í vetur, þótt auðvitað geti þurft að spara. Það er hætt við því, að fyrir geti komið, að skortur verði á feitmeti, sjerstaklega í kaupstöðum, en það er varla af atriði í þessu máli. Framsögumaður (M. P.) virtist annars ekki leggja mikið upp úr þessari ástæðu, og skal jeg því ekki orðlengja um þetta atriði.

Jeg fyrir mitt leyti hefi álitið það veigamestu ástæðuna fyrir þessari till., að afarhætt væri við því, að það yrði erfitt mjög, eða nær ókleift, fyrir efnalitla aðstandendur eða fátæka utanbæjarpilta, að kljúfa kostnaðinn við nám í kaupstað, sjerstaklega í Reykjavík.

Í vor komu til mín allmargir nemendur mentaskólans og fóru fram á, að skólatíminn væri styttur, af því að svo margir fátækir piltar, sem yrðu að sjá fyrir sjer sjálfir að öllu leyti, væru orðnir uppiskroppa, búnir að eyða öllu sínu fje og gætu ekki haldið áfram. Skólatími mentaskólans var svo dálítið styttur með tilliti til þess. Þessi ástæða, kostnaðurinn fyrir aðstandendur eða piltana sjálfa, var þyngst á metunum hjá mjer. En þeir, sem maður skyldi halda að helst fyndu til þessa, eru sagðir að vera mjög áfram um það, að skólar haldi áfram. Er sagt, að piltar sæki margir um mentaskólann og vilji ákaft, að hann haldi áfram. Má vera, eins og hv. frsm. (M. P.) segir, að utanbæjarpiltum verði sumum kostnaðarsamur hiti í vetur, en efamál er, hvort rjett sje að taka fram fyrir hendurnar á piltum, sem margir eru orðnir þroskaðir, eða aðstandendum þeirra, er þeir vilja þetta sjálfir. Jeg hefi fyrir satt, að 14 gagnfræðingar frá Akureyrarskóla hafi sótt um inntöku í 4. bekk mentaskólans, og hafi þeim verið bent á, að óvíst væri, að skólinn gæti haldið áfram, og enn fremur bent á, hve alt væri afskaplega dýrt, en þeir hafi engu að síður haldið fram þeirri ósk sinni að fá að koma í skólann. Þess vegna held jeg, að ekki þurfi að segja, að verið sje að hvetja fólk til að fara í skóla, þótt skólunum sje haldið uppi í vetur.

Jeg hefi og heyrt þá ástæðu borna fram fyrir því, að ekki sje rjett að loka skólunum nú, að landið sje ekki svo aðþrengt enn, að rjett sje að grípa til þessa örþrifaráðs, að fella niður kenslu í föstum skólum. Það þyrfti að vera komin allmikil neyð til þess, að þetta væri fært, vegna þess, að enginn getur sagt, hve lengi ófriðurinn standi. Væri vissa fyrir því, að hjer væri að eins um eitt ár að ræða, er úr fjelli, þá væri nokkuð öðru máli að gegna, þótt það gæti einnig komið allhart niður á sumum. Nú sje svo statt, að árin gætu orðið fleiri, er kensla fjelli niður á, ef nú væru þeir þegar feldir niður án fullrar nauðsynjar. Þetta atriði er mjög íhugunarvert. Ef ófriðurinn heldur áfram leng-

ur, þá getur orðið alveg óhjákvæmilegt að fella niður skólana að ári, en þá mundi menn iðra þess, ef það hefði verið gert nú þegar, án fullrar nauðsynjar.

Hv. frsm. (M. P.) talaði t. d. um, að Háskólinn gerði ráð fyrir, að hægt væri að halda uppi kenslu að einhverju leyti, með því að hita tvær stofur. Jeg hefi talað við rektor Háskólans, og telur hann engin vandkvæði á að halda uppi kenslunni í 2 stofum. Það yrði enginn ýkja kostnaður, svo að lítil vandkvæði virðast á, að Háskólanum mætti halda uppi.

Um mentaskólann er það að segja, að þar mætti líklega halda uppi fullri kenslu með því að hita upp að eins 6 stofur, sem, eins og allir vita, er miklu minna en áður. Jeg held, að mentaskólinn eigi eitthvað talsvert af kolum, svo að eigi þyrfti að bæta miklu við hann.

Um aðra skóla skal jeg ekkert segja, en skil svo hv. fjárveitinganefnd og hv. deild, að eigi myndi álitast óforsvaranlegt af stjórninni, þótt hún ræðist í að reyna að halda skólunum uppi, þrátt fyrir örðugleikana, svo lengi sem hægt þætti, með því móti, að þeir þrengdu að sjer, spöruðu á allan hátt, og ef til vill störfuðu um skemri tíma. Enda hefir hv. frsm. (M.P.) tekið það fram, að till. þessa bæri að eins að skoða sem heimild til stjórnarinnar.

Hitt skal jeg taka fram, að vel getur til þess komið, að stjórnin verði að láta skólana hætta, t. a. m. á miðjum vetri. Sumir myndu þá ef til vill vilja segja, að þá væri ver farið en heima setið. Jeg held, að það sje ekki rjett, því að á þessum tímum er ekki hægt að segja neitt fyrir með vissu.

Ef till. verður samþ., sem jeg þykist vita og tel rjett, mun stjórnin að sjálfsögðu flýta sjer að auglýsa, hvort skólar verði látnir starfa í vetur, og ef það þykir fært, þá með hverjum hætti. Fregn um slíka ákvörðun mun berast fljótt um landið.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi verið í annari þeirra nefnda, er tillögu þessa flytja, og vitað um samningu hennar. Jeg hefi ekki treyst mjer til annars en fylgja nefndunum að málum, en það er rjett hjá hv. frsm. (M. P.), að nefndarmenn lögðu misjafnlega mikla áherslu á ýms þau atriði, er hann nefndi till. til stuðnings. Jeg skal nú geta þess, á hvað jeg legg höfuðáhersluna.

Á sparnaðarástæðuna legg jeg enga áherslu, enda vafasamt, hvort nokkur sparnaður verður. Það fer eftir því, hvernig fer um kolabirgðir stjórnarinnar, hvort hún þarf að selja þær undir verði eða ekki. Það gæti orðið bitamunur, en ekki byrðar. Það, sem vakti fyrir mjer, var, að hættulegt væri að safna mörgu fólki til Reykjavíkur, ef lítið yrði um fæðu; þá var að mínum dómi rjettara að láta kenslu í skólum niður falla. Jeg hafði hugsað mjer, að Háskólinn væri þessu undanþeginn, uns jeg heyrði, að þar yrði ekki öðru brent en koksi, en þá taldi jeg ekki annað ráð en annað tveggja, leggja niður kenslu einnig þar, eða að öðrum kosti flytja hana í annað hús.

Nú hefir það rifjast upp fyrir mjer, að hægt er að setja ofna í 2 eða 3 stofur í Háskólanum. Þeir hafa verið þar áður, vegna bókasafna, er þar höfðu aðsetur. Nú má vel vera, að halda megi uppi nokkurn veginn reglulegri kenslu í þeim stofum, og þá fá það húsnæði, er þá vantar, í lærða skólanum.

En sultinn hefi jeg hræðst mest, þar sem svo margir eru saman komnir. En er jeg nú heyri af stjórnarinnar munni, að sú hætta er ekki mikil, fara ástæður till. þessarar mjög að veikjast.

Það er rjett, að kolin gefa eina höfuðástæðuna, af því að ef svo færi, að kolaskortur yrði fullkominn, myndi það valda algerðri stöðvun skipaferða, sem eru okkur lífsnauðsyn. Væri þá löggjafarvaldi og

stjórn mjög vitskortur orðinn, ef kolunum væri svo brent í skólum, að skipaferðir gætu hindrast þess vegna. En ef stjórnin hræðist ekki kolaskortinn, má gera ráð fyrir, að hún noti heimildina, eftir því sem hæstv. forsætisráðherra sagði.

En þessar tvær ástæður, sulturinn og kolaskorturinn, rjeðu því, að jeg fylgdi nefndunum. Ef þær ástæður hverfa, tel jeg, að kensla eigi að haldast.

Jeg sje ekki, að það komi hjer neitt til greina, hvað stríðinu líður. Ef bráðnauðsynlegt er, að kensla falli niður, má svo vera nú þegar, án tillits til framtímans, en þetta stríð stendur vafalaust mjög lengi. Það eru litlar sem engar líkur til, að því linni enn að sinni, en miklu meiri líkur til, að enn sverfi stórum að þessari þjóð.

Jeg heyrði nú á ræðu hæstv. forsætisráðherra, að hann myndi nota heimildina með þeim hætti, að Háskólanum yrði haldið áfram með meiri tilsparnaði, og mjer skildist mentaskólanum líka, og átel jeg það ekki, ef stjórnin er viss um, að þær höfuðástæður, er jeg nefndi áður, sjeu ekki fyrir hendi. Aðrar þær ástæður, er nefndar hafa verið, met jeg minna, og læt svo útrætt um málið, en vildi geta þessa, til að sýna, á hverju jeg hefði bygt, er jeg fylgdi nefndunum um þessa till. Er sjálfsagt, að stjórnin fái heimild til að halda skólum uppi með þeim hætti, er hjer var sagt, en ástæður geta breyst til hins verra, og þá sjálfsagt, að stjórnin hafi og heimild til að loka skólunum. Þessa heimild er að finna í till. þessari.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vildi að eins leiðrjetta hv. þm. Dala (B. J.). Jeg sagði ekki, hvað stjórnin hefði afráðið, en gat þess einmitt, að stjórnin hefði ekki tekið neina afstöðu og ekkert ráðið af í þessu máli. Jeg kvaðst tala fyrir mig einan, og taldi fram þær ástæður, er til greina gætu komið. Bar það ekki að skilja svo, að jeg talaði í nafni stjórnarinnar allrar.

Einar Arnórsson: Það er sennilega ofraun að ætla sjer að hafa á móti till., sem borin er fram af 12 mönnum í 26 manna samkomu. Vil jeg þó taka fram nokkur atriði, sem mæla á móti því, að hún sje samþ., án ákveðins formála. (**B. J.:** Hann er kominn.) Það, sem sagt hefir verið í umr., má skilja á tvo vegu. Ræða hv. framsm. (M. P.) virtist miða að því að hvetja stjórnina til að nota heimildina. Ef það er misskilningur minn, bið jeg afsökunar. Það er auðvitað sparnaður að láta skólana hætta. En það hefir komið fram, að skólana má reka með allmiklu minni tilkostnaði en verið hefir. Tökum t. d. hita- og ljóskostnað í Háskólanum. Það má reka hann með því að hita upp að eins 2—3 stofur, og get jeg ekki skilið, að stórfje þurfi til þess. Sama er um lýsingarkostnað. Hann er því minni, sem færri eru stofurnar, og óþarft er að lýsa fleiri en ætlast er til að kent sje í. Vera má, að ekki sje fullkomlega hægt að kenna í öllum deildum í 2 stofum. En það er vel hægt fyrir þá kennara, sem hafa ekki marga lærisveina í tíma, að hafa þá heima hjá sjer. Það er auðvitað ekki hægt fyrir aðra en þá, sem hafa ekki mjög marga. Mjer finst, að úr því að mönnum er goldið kaup, sje rjett að hagnýta vinnu þeirra eftir mætti, og þetta gæti verið vegur til hjálpar, samhliða hinu.

Sama býst jeg við að gildi um mentaskólann. Þar er og sparnaður að nota sem minst húsrúm eftir föngum, og sama herbergið mætti altaf búa við, eina kenslustund eftir aðra, meðan til vinst, því að eitthvað mun jafnan ónotað af hitanum, er sú kenslustund er úti.

Ef gripið verður til þess að loka skólunum, þá er það auðvitað aðallega fyrir kolaskort. Eitt atriði get jeg ekki fallist

á. Mjer þykir ólíklegt, að skólanum þurfi að loka nema eitt ár. Nú er það alment talið, að nægilegt eldsneyti sje til í landinu. Þótt ekki sje búið að vinna nóg af því nú, þá er líklegt, að hægt verði að viða að meira eldsneyti á næsta ári. Svo mikið mun vera til af surtarbrandi og öðru, sem gott er í ofna, að ef það er unnið ósleitilega, þá þurfa menn ekki að kala í hel fyrir eldneytisskort. Það má segja, að erfitt geti orðið að flytja það milli landshlutanna. En ef í nauðirnar rekur, má flytja það á mótorskipum, því að vonandi fer ekki svo, að ekki verði hægt að ná í steinolíu, til þess að mótorskip geti komist um sjóinn. Steinolía fæst frá Vesturheimi, og verður því að mun hægra að afla hennar en skipakola frá Bretlandi.

Um það hefir mikið verið talað, að kostnaður yrði mikill fyrir þá, sem koma utan úr sveitum. Það verður að vera fólki sjálfu harðast, ef það treystir sjer til að kljúfa hann. En hjer í bænum er fjöldamargt námsfólk, og ekki etur það minna þótt það fari á mis við skólana. Mjer finst það vera veigamesta ástæðan í þessu máli, að margir nemendur mundu svo að segja missa eitt ár úr æfi sinni, ef skólunum yrði lokað. (**B. J.**: Þeir mundu lifa eins fyrir því). — Já, einmitt af því, að þeir mundu lifa eins fyrir því. Þeir mundu verða ómagar heima hjá sjer þetta ár og taka svo skólakostnaðinn út seinna. Jeg veit því ekki, hvort það mundi verða plús eða mínus fyrir efnahag aðstandendanna. Mjer er líka sagt, að fólkið sækist mjög eftir því að komast í skólana. Nálægt því 90 stúlkur hafa sótt um kvennaskólann hjer í Reykjavík, þar af 70 stúlkur utan úr sveitum. Þetta bendir til þess, að fólk sjái sjer ekki fært að sækja skólana, og vilji fyrir engan mun missa þá. Sparnaðurinn er ljettur á metunum, eins og háttv. þm. Dala. (B.J.) tók fram, og kolin, sem eyðast til skólanna, muna ekki miklu til skipagöngu. Þau skip, sem nú eru í förum, þurfa um 200 smálestir af kolum til annarar ferðarinnar vestur um haf. — Jeg vil því láta þann formála fylgja þessari tillögu frá mjer, sem jeg reyndar veit að þarf ekki, því að jeg veit, að stjórnin grípur ekki til þess að loka skólunum nema mjög brýn nauðsyn krefji.

Stjórnin þarf að afráða þetta mál mjög fljótt, til þess að nemendur geti skipað hag sínum eftir því, hvað afráðið verður. Það er mjög bagalegt fyrir þá að vita hvorki af nje á, því að sjálfsagt er það frjett orðið út um alt land, að tillagan sje komin fram. — Það vildi jeg og leggja áherslu á, að skólunum mætti slíta nokkru fyr að vorinu til en venjulega, t. d. um páskaleytið. Fyrst er það, að nemendur fara frekar að slá slöku við nám sitt þegar vorar, og meiri freisting fer að verða fyrir þá að vera úti. Í öðru lagi geta þeir þá komist heim til sín og farið eitthvað að starfa. Að vetrinum til er lítið um störf, svo að hætt er við, að mestur tíminn lenti í iðjuleysi. Hinir, sem próf ætla að taka, verða þá hvort sem er að fara að lesa undir próf og hafa ekki tíma til að sitja í tímum. — Um matvælabirgðirnar skal jeg ekkert segja. Útlendu matvælin koma að mestu leyti hingað fyrst, og höfum við stjórnarvöld og matvælanefnd, svo að hægt ætti að vera að sjá um það, að ekki flyttist hjeðan burt meira en rjettilegt er. Jeg held því ekki, að nein vandræði þurfi að verða með útlendu matvælin. Innlendar fæðutegundir skal jeg játa að erfitt verður að viða að. Feitmeti verður sjálfsagt af skornum skamti; með mjólkina verður auðvitað verst af öllu. Kjöt kemur hingað vafalaust nægilegt, þótt það verði ekki fyr en seinna. Áreiðanlegt er það, að ekki verður etið meira á öllu landinu þótt skólarnir starfi.

Loks tel jeg sjálfsagt, að stjórnin afráði ekki lokun skólanna án þess að ráðfæra sig

við forstöðumenn þeirra, og að stjórnin taki eigi til slíks örþrifaráðs, nema fullkomin og brýn nauðsyn krefji.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg skildi háttv. frsm. (M. P.) svo, að tillagan ætti að eins að hvetja stjórnina til að fara varlega. Stjórnin ætti að ákveða, hvað af yrði ráðið, og hún bæri ábyrgð á því. Jeg lít svo á, að frekar sje hægt að halda skólana fyrri hluta vetrar heldur en síðari hluta. En jeg skildi háttv. frsm. (M.P.) svo, að opna mætti skólana seinna, þótt ekki yrði byrjað á þeim strax í haust. Jeg get ekki verið á sama máli um það. Jeg hygg, að það sje nokkurn veginn ábyggilegt, að hægt verði að halda skólunum uppi fyrri hluta vetrarins, en ekki eins víst um það, hvort hægt mundi að halda þeim uppi síðari hlutann. Háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að stjórnin ætti að halda skólunum uppi, ef hún væri *viss* um, að nægar birgðir væru fyrir hendi af matvælum og eldsneyti. Það er nú erfitt að vera *alveg viss um það*, en miklar líkur eru til, að hægt verði að halda skólunum alllangan tíma. Stjórnin í heild sinni hefir ekki tekið afstöðu til þessa máls. Hún fer auðvitað nokkuð eftir því, hvernig umræður falla hjer og þingviljinn kemur fram, svo að ótvírætt sje, og tekur svo ákvarðanir sínar í samráði við forstöðumenn skólanna.

Í 4. lið tillögunnar sje jeg að lagt er til, að bændaskólarnir falli niður. Jeg álít, að *síst* sje ástæða til að loka þeim. Jeg hefi talað við skólastjórana báða, og þeir hafa tjáð mjer, að skólarnir eigi talsvert af kolum, og innlent eldsneyti sje fáanlegt í sveitunum þar í kring. Nemendur eru þegar farnir að víða að til vetrarins, og yrði því stórmikill bagi, ef skólunum yrði lokað. Aðsóknin að Hvanneyrarskólanum er meiri en hægt sje við að taka, og flestir af umsækjendum eru þroskaðir menn, sem treystandi er til að sjá fótum sínum forráð, og óhætt mun að hleypi sjer ekki í kostnaðinn við skólanám, án þess að sjá sjer fært að kljúfa hann. Það er því tæplega annað að óttast en eldsneyti og ljósmeti, en af því þarf ekki miklu við að bæta. Hvanneyrarskólinn mundi komast af með 5 smál. af kolum. Jeg vildi því leggja til, að skólunum á Hólum og Hvanneyri yrði haldið. Það er vel kleift fyrir pilta að sækja þá. En ekkert væri á móti því, að minni hyggju, að skólatíminn væri heldur *styttri* en venja er til.

Þórarinn Jónsson: Jeg hefi komið fram með brtt. á þgskj. 724. Jeg verð að biðja afsökunar á því, að hún fellur ekki vel inn í meginmál tillögunnar. Það er mjer að kenna, en ekki skrifstofunni. Jeg hafði ekki gætt þess nógu vel, hvernig till. var orðuð. Brtt. er komin fram af því, að jeg er sömu skoðunar og þeir, sem talað hafa um það, að aðalástæðan til þess að loka skólanum sje sú, et ekki verður nægilegt efni fyrir hendi af því, sem skólarnir þurfa á að halda. Væri því vert að athuga, hvort ekki mætti finna miðlunarleið. Þetta var aðalástæðan, bæði hjá hv. frsm. (M. P.) og hjá hæstv. forsætisráðherra. — Þeir gátu þess báðir, og fleiri hafa tekið í sama strenginn, að sparnaðarástæðan væri ljett á metunum, en það er þó önnur ástæðan, sem gæti komið til greina. En fyrst að þetta er aðalástæðan, að ekki sje hægt að afla skólunum þess, sem þeir þurfa á að halda, og sparnaðarástæðan sje ekkert tekin til greina, þá leiðir af því, að þeir skólar, sem eru undir það búnir, ættu þá að fá að starfa með því fje, sem fjárlögin ákveða. Og ef það eru skólar, sem njóta að eins styrks úr landssjóði, þá er ekki rjett að skerða þann styrk, sem þeim er ætlaður, ef þeir sjá sjer fært að starfa fyrir hann. Ef það væri gert, þá væri það af sparnaðarástæðum. Jeg get talið upp

ýmsa skóla úti um land, sem eru undir þetta búnir.

Kostnaður nemenda við það að ganga í skólana verður auðvitað mikill, og er rjett á það að líta, að menn takmarki sig sem mest. En um það er líka öðru máli að gegna, um skóla úti um land. Þar er kostnaðurinn ekki eins mikill og við kaupstaðarskólana. Það er ekki rjett að stöðva þá skóla, sem geta starfað fyrir venjulegan styrk og eru þegar vel á veg komnir með að búa sig undir það. Þess er að gæta, að þeir, sem um skóla þessa sjá, hafa búið sig undir það að halda þeim uppi með yfirlögðu ráði og eru viðbúnir að mæta hvaða teppu sem er. Skólar úti um land eiga hægra með að afla sjer eldsneytis. Sumir hafa viðað að sjer innlend kol. Aðrir hafa látið vinna að mótekju í sumar eða jafnvel getað dregið að sjer rekavið. Getur verið, að þetta nái ekki til skóla í kauptúnum eða bæjum úti um land, svo að þeim verði að loka. En það er þá ekki af sparnaðarástæðunni, heldur af hinu, að til þeirra vantar efni. Jeg tel því rjett að samþykkja þessa brtt. Ef það verður ekki gert, þá er það bara sparnaðarástæðan sem ræður. Hæstv. atvinnumálaráðherra gat þess, að bændaskólarnir mundu vera undir það búnir að starfa. Það sýnir einmitt, að aðrir skólar geta verið eins vel staddir. Þess vegna er ástæða til að veita stjórninni heimild til að veita þeim skólum fullan styrk, sem treysta sjer til að starfa fyrir hann, svo að ekki verði þeir stöðvaðir, bara til að spara landssjóði útgjöld.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) sagði um skólana úti um land skal jeg geta þess, að það er mitt álit, að þess verði ekki langt að bíða, að stjórnin taki sameiginlega alla skóla til yfirvegunar, hvað framhald þeirra snertir næsta vetur, og þá verða þessir skólar að sjálfsögðu teknir með.

Einar Jónsson: Aðalspurningin er það, hvort hægt sje að ná í kol og eldsneyti handa skólunum. Ef vissa væri fyrir því, að hægt væri að fá nóg kol og eldsneyti, þá væri ekkert vit í öðru en að fella tillöguna. Það er hvort sem er ekki nema lítill hluti af kostnaðinum við skólahaldið, sem sparast við það að loka þeim. Því að varla dettur nokkrum manni í hug að fella neitt niður af launum kennaranna, þótt þeir hafi ekkert að gera. Það er ekki gott að reikna það út, hve mikið tjón það getur verið fyrir nemendur að tapa einu ári frá námi sínu. Að vísu verður kostnaðurinn mikill við að sækja skólana. En ef menn vilja leggja út í það, og skólarnir geta verið opnir, þá á Alþingi ekkert með að taka fram fyrir hendur manna með það. Jeg álít, að álits skólanefnda og forstöðumanna hafi ekki verið leitað, eins og þyrfti, þótt það skifti auðvitað mestu máli, ef stjórnin heldur, að hægt verði að útvega nóg ljós og nógan hita. — Það er til gamalt máltæki, sem segir, að til þess sjeu skólar settir, að skerpa næmi. Þess gerist ekki minni þörf nú en endranær að hlynna að mönnum í því efni. Ef líkur eru til þess, að hægt verði að halda skólunum uppi, þá er ekki ástæða til að vera með tillögunni, nema hún sje að eins skoðuð sem viðvörun til stjórnarinnar um að hleypa sjer ekki út í neina vitleysu.

Bjarni Jónsson: Jeg ætlaði ekki að segja annað en það, að ef sumir skólarnir verða látnir starfa, þá kann jeg því illa, að æðstu skólarnir, Háskólinn og lærði skólinn, verði látnir liggja niðri. Ef loka verður landsskólunum, þá hefi jeg gengið út frá, að öllum öðrum skólum yrði lokað um leið. Jeg tel það ekki sæmilegt, að

búnaðarskólar og aðrir óæðri skólar sjeu betur settir en lærðu skólarnir, enda er nemendum þeirra skóla ekki eins mikill bagi að því að missa úr námsár eins og hinum, sem nám verða að stunda um langt áraskeið. En auðvitað verða það ráðherrarnir, sem stjórna.

Annars get jeg sparað mjer langar umræður um þetta mál. Jeg hafði hugsað fyrst, að stjórnin mundi verða fegin að fá þessa heimild. En nú finst mjer, að hún leggi litla áherslu á það. Jeg vil því leyfa mjer að leggja fyrir hæstv. stjórn þá spurningu, hvort henni sje heimildin kær eða ekki, og ef hún vill þiggja hana, þá með hverjum hætti hún hygst að nota hana, eins og útlitið er nú. Þá gæti verið útrætt um þetta mál, og stjórnin ráðið því sjálf, hvort hún fær heimildina eða ekki.

Forsætisráðherra (J. M.): Eins og jeg hefi áður tekið fram get jeg ekki svarað því nú, hvernig stjórnin mundi nota þessa heimild. En um það, hvort ástæða sje til að taka tillöguna aftur, þá held jeg, að það sje ekki. Það getur ekki verið nema gott fyrir stjórnina að fá heimildina. Ef henni sýndist ástæða til að láta skólana halda áfram, þá getur hún það eftir sem áður. Jeg skildi svo orð hv. frsm. (M. P.), að það væri ekki tilgangur tillögunnar, að ráðuneytið væri bundið við það að láta skólana niður falla Hitt er auðvitað mál, að hvað sem stjórnin ræður af, þá gerir hún það upp á sína ábyrgð; það er svo sem alveg sjálfsagt. Jeg skildi því orð hv. frsm. (M. P.) nokkuð á annan veg en hv. 2. þm. Árn. (E. A.) og hæstv. atvinnumálaráðherra. Jeg skoða því tillöguna að eins sem bendingu um það að fara varlega og spara við skólana eins og hægt er.

Sigurður Stefánsson: Við þessu mátti búast, að þetta mál kæmist á dagskrá. Jeg hefði talið illa farið, ef ekki hefði verið ymprað á því, og er jeg því þakklátur hv. fjárhagsnefnd og hv. fjárveitinganefnd fyrir að koma fram með það. Má líka ætla, að till. verði landsstjórninni kærkomin.

Kolaleysið er talið meðal helstu vandkvæðanna. Þess vegna ætti hæstv. stjórn að gefa þinginu sem nákvæmastar upplýsingar um kolabirgðirnar. Enn hafa ekki birst svo nákvæmar skýrslur, sem jeg hefði æskt.

Ef nú till. verður samþykt, sem jeg geri ráð fyrir, þá þarf stjórnin að ráða fram úr því sem fyrst, hvernig hún hagar skólum í vetur. Menn þurfa að vita með vissu, hve löngu skólahaldi þeir megi búast við. Jeg legg áherslu á það, að menn þurfa að hafa *skýlausa vissu* um það. Annars gæti það vel fyrir komið, að menn lentu í öngþveiti hjer í Reykjavík, ef skólar væru látnir niður falla fyrirvaralaust. Þetta gæti kann ske komið fyrir um miðjan vetur. Þá sætu menn hjer námlausir og ráðlausir. Jeg vil leggja stjórninni mjög á hjarta, að ekkert má vera óákveðið, ekkert tvírætt um þetta.

Engar ákveðnar upplýsingar höfum við þingmenn fengið um það, hvort kolabirgðirnar muni hrökkva. Þótt hjer í Reykjavík sjeu nokkrar birgðir, þá má ekki hugsa sem svo, að þær verði allar brúkaðar hjer. Meira eða minna hlýtur að verða flutt hjeðan. Mjer er kunnugt um, að einn af stærstu kaupstöðum landsins er nú alveg kolalaus. Svo mun vera um fleiri.

Jeg felst alveg á, að mjög gerlegt sje að takmarka skólahald að þó nokkru leyti. Það, sem jeg legg áhersluna á, er það, að fólk viti vissu sína fyrirfram. Ákvarðanir stjórnarinnar þurfa að berast sem fyrst út um land.

Jeg get ekki fallist á þau ummæli hv. Dala. (B. J.), að ógerlegt sje að takmarka

skólahald hjer í Reykjavík, ef einhverjir skólar halda áfram úti um land. Jeg get ekki sjeð, að það sje neitt ósanngjarnt, að þeir skólar starfi í vetur, sem treysta sjer til þess, hvað sem líður landssjóðsskólum hjer í Reykjavík. Hæstv. atvinnumálaráðh. gat um, að bændaskólarnir væru vel undir veturinn búnir, og svo mun vera um fleiri sveitaskóla. Eldsneytisvandkvæðin eru meiri í kaupstöðunum.

Stjórnin geri það, sem hún ætlar sjer að gera, fljótt; það er aðalatriðið. Annars hefði hún nú þegar átt að vera búin að ráða ráðum sínum. Jeg skal hana ekki um það saka. Til þess geta legið ýms rök, meðal annars barndómur eins ráðherrans, sem nú er nýfæddur (S.E.).

Sigurður Sigurðsson: Jeg mun greiða atkvæði með till. Jeg tel miklu betra fyrir stjórnina að hafa slíka heimild, sem hjer er um að ræða, ef ástandið skyldi verða svo, að skólahald verði að láta falla niður. En jeg greiði atkvæði með till. með svipuðum formála og hv. 2. þm. Árn. (E. A.). Í fyrsta lagi geri jeg ráð fyrir, að stjórnin ráðfæri sig við skólastjóra og kennara. Í öðru lagi, að stjórnin og forstöðumenn skólanna gæti alls sparnaðar um kensluna, takmarki húsnæði og hætti skólum fyr að vorinu en venja er til. Í þriðja lagi, að stjórnin geti gefið nokkurn veginn tryggingu fyrir, að ekki verði kolaskortur til skólahaldsins, ef hún afræður að láta skólana haldast. Þessi formáli minn á aðallega við Reykjavíkurskólana.

Jeg lít svo á, að aðalkostnaðurinn umfram það, er venjulegt er, sje að því er snertir eldsneyti og ljósmeti. Kennaralaunin eru hin sömu, hvort sem skólahald verður eða ekki. Jeg efast um, að kennarar myndu kunna því vel að sitja auðum höndum allan veturinn. Jeg efast líka um, að aðstandendur nemenda sleppi nokkru ódýrara, þótt engir skólar verði.

Hvað bændaskólana snertir, get jeg tekið undir með hæstv. atvinnumálaráðherra. Þeir eru sjerstaklega vel undir veturinn búnir. Skólastjórarnir eru báðir dugnaðarmenn og fylgja þeim gamla búmannssið að birgja sig til langs tíma. Í vor tóku þeir upp meiri mó en áður. Jeg tel því sjálfsagt, að þeir skólar starfi í vetur.

Áður en jeg sest niður vildi jeg biðja hæstv. stjórn að athuga, hvort hin „Innilega áskorun“, sem birtist í Ísafold í dag, sje ekki á rökum bygð. Hún er þess efnis, að stjórnin komi í veg fyrir, að stúdentar fari utan í haust. Það getur verið hættulegt að láta marga pilta fara utan, eins og nú á stendur. Þess ætti ekki heldur að vera bein þörf, vegna tilslökunarinnar, sem gerð hefir verið á Garðsstyrknum. Enginn veit, hvað fyrir kann að koma. Danmörk gæti auðveldlega lent í stríðinu. Á þessu vildi jeg vekja athygli stjórnarinnar.

Jeg greiði atkvæði með till., og vænti þess, að henni verði beitt sem vægast.

Matthías Ólafsson: Ef býst við, að nefndirnar, sem fjölluðu um þetta mál, hafi gert ráð fyrir, að þetta yfirstandandi ár væri síðasta og örðugasta ár ófriðarins. Ef nefndirnar hefðu gert ráð fyrir, að fleiri ár væru eftir ófriðarins en eitt, þá hygg jeg, að þær hefðu hugsað sig tvisvar um áður en þær komu með þessa till.. Hefðu þær búist við, að ókleift yrði að halda skólunum uppi 1918—19, þá hefðu þær fráleitt lagt til, að þeim væri frestað nú. Þvert á móti hefðu þær lagt til, að nú væri klifinn þrítugur hamarinn til að halda skólunum uppi. Það má að vísu segja, að ekki spilli, að stjórnin fái þessa heimild. Verður maður þá að vænta þess, að hún fari svo vel með hana, að landinu verði enginn skaði að.

Jeg get því að eins fylgt till. nefndanna, að eitt verði látið yfir alla skóla ganga.

Jeg get ekki sjeð, að einum skóla sje frekari nauðsyn að halda áfram en öðrum. Jeg sje ekki, að það sje minni nauðsyn að halda uppi Sjómannaskólanum en Háskólanum og Mentaskólanum. Sama má segja um bændaskólana og Kennaraskólann.

Vel get jeg felt mig við brtt. á þgskj. 724. Það væri hið mesta ranglæti að koma í veg fyrir, að menn, sem hafa unnið að því að búa sig undir skólahald í vetur, geti haldið uppi skólum sínum með sama styrk og þeir hafa áður fengið.

Það mundi hafa mjög slæm áhrif á þjóðlíf vort, ef skólar væru nú lagðir niður í 2—3 ár, án þess að brýn nauðsyn lægi til. Fyrir mjer er það aðalatriðið, að ekki verði gripið til þess óyndisúrræðis að fresta skólum fyr en í fulla hnefana.

Jeg vonast eftir að fá að heyra álit stjórnarinnar á því, hvort hún hugsar sjer að láta eitt ganga yfir alla skóla. Undir svari hennar við því er mitt atkvæði komið.

Björn Stefánsson: Það hefir verið tekið fram, að sparnaðurinn muni ekkert aðalatriði vera í þessu máli, en samt sakna jeg þess, að nefndirnar hafa ekki komið fram með neina áætlun um, hvað skólahald næsta vetur mundi kosta umfram það, sem venjulegt er. Jeg væri því fylgjandi, að skólarnir væru lagðir niður, ef mikið sparaðist við það, en álít hins vegar, að það komi ekki til mála, ef það er að eins smáræði eitt, sem um er að ræða. Jeg hefi átt tal við menn, sem hafa sagt mjer, að það muni ekki kosta nema 5000 kr. meira en venjul. að reka Mentaskólann í vetur, ef gerðar eru ýmsar sjálfsagðar sparnaðarráðstafanir. Ef þetta er nú rjett, þá virðist ekki koma til mála að fella niður þennan skóla, fyrir svo óverulega upphæð, umfram alla þá tugi þúsunda, sem greiða þarf hvort sem er.

Annars getur verið miklu örðugra að halda uppi einum skólanum en öðrum. Jeg get því ekki fallist á, að rjett sje að skera þá alla niður við sama trog, eins og hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) virtist halda fram. Það virðist t. d. hart, ef bændaskólana, sem byrgir eru að eldsneyti, ætti að leggja niður vegna þess, að einhverjir kaupstaðarskólar gætu ekki staðist eldsneytiskostnaðinn.

Eitt er það, að þingmönnum þyrfti helst að vera kunnugt um kolabirgðir landsins. Því að kol má ekki nota til skólahalds, ef það yrði til að skapa kolaeklu hjá almenningi. Ef skólahaldið myndi valda kolaeklu hjá almenningi, þá tel jeg það öflugustu ástæðuna til að láta þá niður falla.

Annars vildi jeg spyrja nefndirnar hvort þær hafi enga áætlun gert um sparnaðinn, sem af því myndi leiða að leggja skólana niður. Á jeg þar bæði við sparnaðinn í krónum og tonnatölu kola. Mjer finst eiginlega ómögulegt að taka ákvörðun um málið án þess, að einhver áætlun liggi fyrir um það.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vildi á þessu stigi málsins að eins skjóta fram örlítilli athugasemd.

Aðalatriðið í þessu máli er ekki kostnaðaratriðið að því er landssjóð snertir. Aðalatriðið er vitanlega kolaspursmálið. Hve mikil kol eru til í landinu? Og hve mikill afgangur verður af þeim frá því allra nauðsynlegasta? En aftur á móti kemur kostnaðarspursmálið mjög alvarlega fram, þegar litið er til þeirra, sem nánið stunda.

Jeg býst við, að það verði svo hjer í vetur, að flestar fjölskyldur muni búa að mestu í einu herbergi. Ekki virðist mjer, að álitlegt muni nemendum að stunda nám innan um slík þrengsli. En hvernig eiga þeir að greiða 50 krónur fyrir hvert skippund af kolum?

Er verjandi, undir slíkum kringumstæðum, að draga menn inn í kuldann og dýrtíðina til þess að stunda hjer nám?

Vitaskuld er það, að ef verð á kolum verður lækkað, þá er nokkuð öðru máli að gegna. Annars mun jeg að þessu sinni ekki fara ítarlega inn á málið.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg ætla lítið að svara ræðum einstakra þm.; þær gengu mest út á einstaka varnagla, er þeir vildu slá, en fólust þó allir í þeim eina stóra, sem jeg sló fyrir hönd nefndarinnar.

Jeg skal leyfa mjer að lýsa yfir því, að skilningur hæstv. forsætisráðherra á orðum mínum um till. var alveg rjettur. Svo vildi jeg sjerstaklega svara hv. 2. þm. S.-M. (B.St.), af því að hann kom með þá fyrirspurn til nefndarinnar, hvort hún hefði gert sjer ljóst, hve mikið fje mundi sparast. — Þar til er þá fyrst því að svara, að nefndin hefir ekki gert áætlun yfir, hve mikið mundi sparast í krónum. Enda hefi jeg tekið það fram áður, að þessi till. er ekki komin fram af sparnaðarástæðum sjerstaklega, því að það var ekki einu sinni aðalástæðan. Annars get jeg gefið hv. þm. (B.St.) þær upplýsingar, að sagt er, að landsskólarnir myndu nota minst 250 tonn í vetur. Svo að ef vandræði yrðu með aðflutninga vegna kolaskorts, þá myndu sparast kol að minsta kosti til einnar Ameríkuferðar, ef skólar yrðu lagðir niður.

Viðvíkjandi orðum hæstv. atvinnumálaráðherra um bændaskólana, þá dettur mjer ekki í hug að vefengja það, að þeir sjeu þegar búnir að birgja sig upp fyrir veturinn. En eins og jeg tók fram áðan þá telur nefndin, að rjettast sje, að allir skólar fylgist að, sem upplýst er að þurfi kol, og þá auðvitað þeir líka, enda mundi það minstur skaði fyrir nemendur, þótt þeir tæfðust einn vetur við námið.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) var mjer alveg sammála um sumar af ástæðum þeim, sem jeg tilfærði, og er jeg honum þakklátur fyrir það.

En út af því, sem hæstv. forsætisráðherra sagði, að vafasamt væri, hvort rjett væri að taka svo fram fyrir hendurnar á mönnum, að lofa þeim ekki að kosta sig, ef þeir sjálfir vildu, þá sje jeg ekkert á móti því. Þetta er það sama sem við nú altaf erum að gera með fjölmörgum dýrtíðarráðstöfunum, matarskömtun o. fl.

Jeg skal svo ekki fara frekar út í það, sem hv. þm. hafa sagt í þessu máli. En jeg vildi mega benda hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) á, viðvíkjandi brtt. hans, að mjer finst hann geti látið sjer lynda að taka hana aftur nú, eftir þær upplýsingar, er hann hefir fengið.

Þórarinn Jónsson: Jeg get verið þakklátur fyrir það, sem hv. frsm. (M. P.) hefir sagt um till. mína, og eins hæstv. stjórnin. En þó þykir mjer það ekki einhlítt, þótt hins vegar sje mikið á því að byggja. Annars vildi jeg minnast á það, sem hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, að atkvæði sitt væri bundið við þann skilning á till., að hún skæri alla skóla niður við sama trogið, ljeti eitt yfir þá alla ganga. Þessi skoðun þykir mjer einkennileg og óveruleg, og fer hún í beran bága við álit það á þessu máli, sem komið hefir fram hjer í deildinni. Jeg veit um tvo skóla í mínu kjördæmi, sem þannig er ástatt með, og það mundi koma sjer illa fyrir að þurfa að liggja með þær birgðir, sem skólarnir hafa keypt inn.

Forstöðumaður kvennaskólans á Blönduósi hefir t. d. sent mjer skeyti nýlega og spurt, hver niðurstaðan yrði, og að hann gæti ekki ráðstafað sínum birgðum á annan eða betri hátt en með því að halda skólann. Jeg get ekki sjeð, að það sje rjett ráðstöfun að meina þeim nem-

endum að njóta kenslu, sem eiga á annað borð kost á því með litlum kostnaðarauka. Viðvíkjandi orðum hæstv. atvinnumálaráðherra um, að skólar, sem væru úti á landi, ættu hægara með að starfa óhindrað, þá er hann eflaust því mjög vel kunnugur, og er jeg honum alveg samdóma um það. Og þar sem jeg heyri það sama frá hæstv. forsætisráðherra og frsm. (M. P.), þá get jeg tekið till. mína aftur.

Gísli Sveinsson: Jeg vildi að eins drepa á það, að hæstv. stjórn hefir ekki enn svarað beinni fyrirspurn frá háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) um það, hvort það sje meiningin að skera eigi alla skólana niður við sama trogið, eins og líka háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) talaði um. Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) segist því að eins greiða till. sitt atkv., að þetta sje meiningin, að eitt skuli yfir alla skóla ganga. Þessu er nú þveröfugt farið með mig. Jeg mundi sem sje ekki greiða mitt atkv. með þessari till., nema því að eins, að hæstv. stjórn bæði vildi og ætlaði sjer að gera undantekningar í ýmsum tilfellum, svo sem þegar einstakir skólar eru vel settir hvað kostnað snertir, eins og skólar til sveita hljóta oft að vera. Mjer skilst, að þessi till. eigi aðallega við skóla í kaupstöðum, og enda rjett, að stjórninni veitist heimild til að taka fyrir skólahald þar, ef nauðsyn krefur. — Það, sem jeg legg mest upp úr í þessu máli, er það, hversu mikill ábyrgðarhluti það er, og hversu ilt það væri, ef mönnum væri stefnt hingað í stórhópum utan af landi, í þeirri von, að skólahald yrði. En svo stæðu þeir hjer uppi í vandræðum, ef skólahald stöðvaðist. Þess vegna verður stjórnin að ráða þetta við sig bæði fljótt og vel, ef hún telur þetta fært, því að auðvitað mundu þá nemendur koma. Ef skólahald yrði aftur á móti ekki, þá gengur þetta jafnt yfir alla. Það er líka vitanlegt, að menn geta numið eitthvað heima hjá sjer, svo að gagni komi; lesið námsgreinar sínar heima sem sje. Og jeg tel mjög vafasamt, hvort það mundi skaða nokkuð, þótt menn væru settir heima frá skólabekkjunum einn vetur og fengju hvíld frá þessu áframhaldandi námi og þeirri keyrslu, sem það er rekið með. Þá geta þeir kynt sjer hitt og annað, sem ekki er síður nauðsynlegt en sjálft námið, svo að það tap, sem þeir kynnu að bíða, yrði ekki nema að nafninu til. — Þá vildi jeg minnast á það, sem kom fram hjá hæstv. forsætisráðherra og í raun og veru sannar ekki neitt, nefnilega það, að nemendur væru þegar búnir að sækja um skólavist og væru einráðnir í að tefla á tvær hættur með að koma hingað og verða hjer uppiskroppa, ef því væri að skifta.

Jeg hygg, að menn hafi sótt um skólavist eingöngu til að missa ekki rjett sinn við skólana, og talið það sjálfsagðan hlut að sækja, hvernig svo sem færi. En þetta sannar ekki það, að þeir sjálfir eða aðstandendur þeirra vilji endilega, að þeir fari, eins og nú er ástatt. Það dylst víst engum, að það mun verða svo með húsrúm, matarkaup og kol hjer í vetur, að það verður að kalla ókleift fyrir allan almenning að afla sjer þess, sem er hingað kominn utan af landi. Það mun verða illkleift fyrir almenning, sem hjer á heima og hefir búið um sig, hvað þá fyrir aðkomandi fólk. Jeg spái, að fáa renni grun í, hversu erfitt það verður. Þetta ber að leggja mikla áherslu á, og jeg tel, að þetta ætti að verða höfuðástæðan fyrir því, að kensla verði lögð niður. Það mundi líka, að mínu áliti, verða vel þegið af mörgum aðstandendum þeirra, sem skólana sækja, því að, eins og menn vita, þá ráða nemendur því oft sjálfir að mestu, hvort þeir fara eða ekki. Og þetta er mest ungt fólk, sem telur alla vegi færa og kann varla stundum fótum sínum for-

ráð. Jeg vildi, að hæstv. stjórn athugaði, hvort ekki sje rjett að "skera niður" um sinn alla skóla hjer, einmitt af þessari ástæðu, en aftur láta ýmsa skóla til sveita halda áfram; þeir standa best að vígi, hafa má ske þegar birgt sig upp, og þar hafa nemendur mötuneyti með sjer og mat heiman að, og aðdrættir með annan eldivið en kol eru þar líka auðveldari.

ATKVGR.

Brtt. 724. tekin aftur.

Till. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 3. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skólahald næsta vetur,

eins og hún var samþ við eina umr. í Nd. (A. 763).

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 4. sept., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr. um till.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. sept., var till. tekin til einnar umr.

Hannes Hafstein: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að tillögunni verði vísað til nefndar, að þessari umræðu lokinni.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg get stutt till. hv. 1. landsk. þm. (H. H.) um að vísa málinu til nefndar. Jafnframt leyfi jeg mjer að taka það fram, að nú er orðið nokkuð áliðið fyrir menn utan af landi til þess að fá að vita, hvort skólar verði opnir í vetur, sjerstaklega í Reykjavík. Væri því æskilegt, ef væntanleg nefnd gæti skilað áliti sínu á morgun. Menn hafa ýtt undir stjórnina að vinda bráðan bug að þessu máli og skera sem fyrst úr, hvort hún lætur loka skólum í vetur. Er því ekki nema sanngjarnt, að þingið hraði þessu máli einnig.

ATKVGR.

Till. vísað til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1602) og fjárveitinganefndar (sjá A, bls. 1603) með 11 shlj. atkv. og

umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki. Till. var því ekki tekin á dagskrá aftur og varð

ekki útrædd.

---

4. Heiðursgjöf handa Stephani G. Stephanssyni.

Á 61. fundi í Nd., laugardaginn 15. sept., kl 5. síðdegis, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um heiðursgjöf handa skáldinu Stephani G. Stephanssyni (A. 961).

Á 62. fundi í Nd., s. d., kl. 9 síðdegis, var tillagan tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Till. varð

ekki útrædd.

[Þingsályktun um þetta efni var borin upp og afgreidd á 8. fundi í Sþ., laugardaginn 15. sept.,

kl. 8 síðdegis, að loknum einkafundi, er alþingismenn áttu með sjer.

Tillaga þessi var rædd og afgr. sem innanþingsmál, og hljóða niðurlagsorð fundargerðarinnar um það á þessa leið:

„Að fengnu leyfi stjórnarinnar voru samþ með 25:4 atkv. þau afbrigði frá 52 gr. þingskapanna, að fundargerð þessi skyldi ekki prentuð í Alþingistíðindunum“.

Aths. þessi tekur og að sjálfsögðu til næsta máls á eftir].

5. Heiðursgjöf handa Stephani G. Stephanssyni.

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 15. sept., kl. 1 miðdegis, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um heiðursgjöf handa skáldinu Stephani G. Stephanssyni (A. 962).

Á 59. fundi í Ed., s. d., kl. 8^{58} síðdegis, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Till. varð

ekki útrædd.

[Sjá aths. við næsta mál á undan].

Fyrirspurnir.

1. Lánstofnun fyrir landbúnaðinn.

Á 9. fundi í Nd., föstudaginn 13. júlí, var útbýtt

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar í tilefni af þingsályktun síðasta þings um lánstofnun fyrir landbúnaðinn (A. 67).

Á 10. fundi í Nd., laugardaginn 14. júlí, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin leyfð í e. hlj.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 21. júlí, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að atvinnumálaráðherra hafði tjáð sig við búinn að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Stefán Stefánsson): Að við flutningsmenn berum fram þessa fyrirspurn er af þeim ástæðum aðallega, að við álítum þetta mál svo mikilsvert, að það sje fyllilega þess vert, að grenslast sje eftir, hvort landsstjórnin hefir nokkuð getað að málinu unnið. Enn fremur vil jeg geta þess, að málið var til umræðu á þingmálafundi í Eyjafirði, og kom þar fram eindreginn áhugi fyrir því, að lánstofnun fyrir landbúnaðinn kæmist sem fyrst á. Við höfum því sjeð okkur knúða til að leita upplýsinga hjá hæstv. stjórn um það, á hvern hátt hún hafi unnið að framkvæmd málsins, og hvers vænta má um framgang þess. Okkur er það ljóst, að ýmsir erfiðleikar eru á framkvæmdum í flestar áttir, og þá ekki síður í þessu máli en öðrum, en okkur er ekki síður ljóst, að þegar þessari óáran linnir, sem nú er í öllu viðskiftalífi, þá verði afarnauðsynlegt, að bændum geti gefist kostur á að fá hagkvæm lán til jarðræktarfyrirtækja. Einmitt nú á síðustu árum hafa menn fundið enn betur til þess en áður, hver nauðsyn er á því að afla sjer nýrra jarðyrkjuverkfæra, taka upp nýjar ræktunaraðferðir og, sem sagt, vinna að jarðræktarumbótum í stærri stíl en verið hefir.

Þessar og fleiri ástæður eru til þess, að við teljum brýna þörf á, að málinu verði sint. Skal jeg svo ekki ganga lengra inn á málið, því að jeg treysti hæstv. atvinnumálaráðherra til þess að gefa ljós og greið svör við fyrirspurninni. En, eins og jeg hefi tekið fram, getum við búist við því, að þótt hæstv. stjórn hafi haft áhuga á málinu, hafi ýmiskonar annmark-

ar og erfiðleikar leitt til þess, að hún gæti ekki leitt málið inn á þetta þing í frumvarpsformi. Annars lít jeg svo á, að það ætti að vera föst regla, að stjórnin skýrði frá aðgerðum sínum í öllum þeim málum, er á undanfarandi þingi hefir verið vísað til hennar, hvort heldur það er með þingsályktunum eða á annan hátt, jafnvel þótt hún sjái sjer ekki fært að leggja þau fyrir þingið í frumvarpsformi.

Þessu virðist mjer að þingið ætti að ganga eftir, svo að það geti haft eftirlit með, eða sje kunnugt um framkvæmdir í þeim málum, sem vísað er til aðgerða stjórnarinnar. Jeg vona, að hæstv. atvinnumálaráðherra taki ekki það, sem jeg hefi sagt, sem neinar ákúrur, því að það er það alls ekki, heldur er það sprottið af því, að jeg vil fá sem ljósasta greinargerð hjá stjórninni hvað þessa fyrirhuguðu lánstofnun snertir, og tel það rjett, að svo ætti einnig að vera um aðrar ályktanir, sem til hennar er vísað.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil reyna að svara fyrirspurn þessari í stuttu máli.

Stjórnarráðið hefir ekki sjeð sjer fært að leggja fyrir þetta hv. þing lagafrv. hjer að lútandi, og eru helstu ástæðurnar til þess þær, er nú skal greina.

1) *Tími* stjórnarráðsins hefir að miklum mun gengið til þess að sinna hinum margbrotnu og umfangsmiklu málum, sem standa í sambandi við vandræði manna vegna styrjaldarinnar. Þar að auki hefir og orðið að gegna vanalegum störfum í hverri stjórnardeild. Af þessu hefir leitt, að ekki hefir unnist tími til að athuga og undirbúa rækilega *umfangsmikil nýbreytnismál*, svo sem það, er hjer er um að ræða.

2) Stjórnarráðinu virtist það eigi horfa vænlega við á þessum tímum að útvega fje með þeim lánskjörum, sem ætla verður að haganlegust sjeu fyrir lánstofnun landbúnaðarmanna, og þá eigi heldur gott útlit fyrir, að verðbrjef slíkrar stofnunar yrðu vel útgengileg sem stendur.

3) *Samgönguteppan* við útlönd hefir verið þess valdandi, að stjórnarráðið hefir eigi í þessu máli getað stuðst við útlenda reynslu. Má í þessu sambandi drepa á það, að t. d. í Þýskalandi er til fjöldi lánstofnana fyrir landbúnaðinn. Eru slíkar stofnanir ýmist grundvallaðar á hlutafjárframlagi eða samvinnufjelagsskap (cooperation) o. fl. Af slíku mætti eflaust fá margar góðar bendingar, sem nú hefir eigi verið kostur á

Að öðru leyti vil jeg taka það fram, að landsstjórnin mun að sjálfsögðu gera sitt ítrasta til að greiða götu þessa máls í framtíðinni, eftir bestu föngum.

Fyrirspyrjandi (Stefán Stefánsson): Jeg þakka hæstv. ráðherra (S. J.) fyrir greið svör, og treysti stjórninni til að láta sjer ant um málið og vinna að framgangi þess, eftir því, sem hún sjer best henta, og svo fljótt sem auðið er.

2. Endurskoðun vegalaganna.

Á 13. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. júlí, var útbýtt

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um endurskoðun vegalaganna (A. 92).

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 19. júlí, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin leyfð í e. hlj.

Á 25. fundi í Nd., laugardaginn 4. ágúst, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að atvinnumálaráðherra hafði tjáð sig búinn til að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Sigurðsson): Synd væri að halda langa inngangsræðu, eins og fundarmenn eru skiftir um það, hvort fundi skuli haldið áfram eða ekki. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að fyrir löngu er farið að bóla á óánægju út af ákvæðum vegalaganna um viðhald flutningabrauta o. fl. Þykjast einstök hjeruð beitt misrjetti í því að verða að halda við dýrum þjóðvegum, sem um hjeruðin liggja. Þannig eru t. d. Árnesingar og Rangæingar beittir ranglæti, að verða að halda við veginum austur yfir sýslurnar. Hvað eftir annað hafa komið fyrir þingið kröfur um að leiðrjetta þetta, og nú eru komnar kröfur frá Mýra- og Snæfellsnessýslum um hið sama. Alstaðar er óánægjan með vegalögin að aukast, og virðist því vera mál til komið að endurskoða þau. Þau frumvörp til breytinga á vegalögunum, sem borin hafa verið fram, hafa öll verið feld eða svæfð. Þingið 1915 samþykti þingsályktunartillögu þess efnis að skora á stjórnina að endurskoða vegalögin. Þessi þingsályktun var dagsett 27. ágúst 1915. Í tillögunni var sjerstaklega tekið fram þrent, sem taka skyldi tillit til við endurskoðun laganna. Í fyrsta lagi að athuga viðhald veganna og flokkun þeirra. Í öðru lagi átti stjórnin að koma fram með einhverjar tillögur um tekjustofna handa sýslufjelögunum, til að standa straum af vegaviðhaldi því, sem hvílir á þeim. Í þriðja lagi, að stjórnin tæki til rækilegrar yfirvegunar, í sambandi við landsverkfræðinginn, hvort ekki sje tímabært að breyta vegalögunum í þá átt, að betur sje vandað til veganna, svo að þeir verði endingarbetri en þeir hafa reynst hingað til, t. d. með því að undirbyggja eða „púkka".

Vegalögin eru nú 10 ára gömul. Það er ekki hár aldur, en margt hefir samt breyst á þeim tíma, sem gerir beint tilkall til breytinga, bæði með þessi atriði, sem jeg hefi nú nefnt, og önnur. — Út af tillögunni frá þinginu 1915 vissi jeg ekki betur en að fyrv. ráðh., háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), legði fyrir þáverandi landsverkfræðing, Jón Þorláksson, að endurskoða lögin.

Eins og kunnugt er urðu stjórnarskifti skömmu eftir nýárið í vetur. Jeg býst því ekki við, að fyrverandi ráðherra (E.A.) viti neitt, hvernig málinu reiddi af. Nú er fyrirspurn mín til landsstjórnarinnar þessi: „Hvað hefir landsstjórnin gert út af þingsályktun Alþingis frá 27. ágúst 1915, um endurskoðun á vegalögunum?" Og jeg vildi mega bæta því við, hvort landsverkfræðingurinn hafi endurskoðað vegalögin, og ef hann hefir gert það, hvers vegna hefir þá stjórnin ekki lagt frumvarp fyrir þingið, er feli í sjer þessa endurskoðun? — Meira ætla jeg ekki að segja að sinni.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er ekki vert að þreyta þolinmæði þingmanna með langri svarræðu. Þó verð jeg að treysta því, að jeg fái tóm til að taka fram helstu atriðin, sem þetta mál varða. — Þessi þingsályktun, sem vitnað er til, á líklega rót sína að rekja til annarar þingsályktunartillögu, frá þinginu 1914. Hún var í tveimur liðum og kom frá Nd. Jeg hefi ekki athugað, hvort nokkuð hefir verið um þá þingsályktun skeytt. Þessi, sem nú er um að ræða, fer í líka átt. Og jeg skal geta þess, þótt ekki skifti það miklu máli, að tillagan var að eins frá Nd., en ekki frá þinginu í heild sinni, eins og hv. fyrirspyrjandi (S.S) vildi ranglega benda til. Eins og hann tók fram er tillagan í þremur

liðum. 1. liður skorar á stjórnina að leggja fyrir þingið — ef tími vinst til — frv. til laga um flokkun og viðhald vega. Fyrirspyrjandi (S.S.) mintist á, að fyrv. ráðh. (E.A.) hefði lagt málið fyrir landsverkfræðinginn. Það er rjett, að málið var borið undir hann, í tilefni af þingsályktunartillögunni frá 1914. Hann ljet þá í ljós það álit sitt, að hann sæi enga verulega ástæðu til að koma með frv. til nýrra vegalaga. Svo var aftur, um síðastliðið nýár, beint til hans þingsályktuninni frá 1915. Vísaði hann þá til svars síns hið fyrra sinn og benti um leið á það, að hann ætti að eins skamma stund eftir að gegna landsverkfræðingsstörfum. Væri því vel við eigandi, að sá, sem við tæki af sjer, ljeti uppi álit sitt um málið. Nýja landsverkfræðingnum var strax fengið málið í hendur, en frá honum er ekkert svar komið enn, sem naumast er heldur að vænta. Frá verkfræðinganna hlið eru því engar sjerstakar hvatir til stjórnarinnar komnar um að koma fram með nýtt frv. til vegalaga. Og af því að stjórnin mun hafa litið líkt og verkfræðingarnir á þetta mál, þá er ekki frekari aðgerða að vænta, að svo komnu máli.

Hv. fyrirspyrjandi (S.S.) tók það fram, að mikil óánægja með vegalögin hefði verið látin í ljós. Óánægjan getur verið til, en ekki hefir mikið á henni borið. Til stjórnarinnar eyrna hefir hún ekki komist, nema það, sem kann að felast í þingsályktuninni og í því, sem háttv. flm. (S. S.) hefir nú tekið fram. Það sem hægt var að gera í tilefni af tillögunni, hefir verið gert. Álits landsverkfræðings hefir verið leitað. Hann óskaði ekki neinnar endurskoðunar, og stjórnin hefir athugað málið og ekki fundið neina ástæðu til að vera á annari skoðun. Af þessum ástæðum hefir stjórnin ekki lagt fram neitt nýtt frumvarp.

2. liður tillögunnar hljóðaði um nýja *tekjustofna* til viðhalds vegunum. Landsverkfræðingurinn áleit enga brýna þörf að leita að nýjum tekjustofnum. Jeg lít líka svo á, að engin ástæða sje til að finna aðra tekjustofna en sýslusjóðina, til að annast viðhald veganna, eða búa til nýja tekjustofna handa sýslusjóðunum. Hina gildandi tekjustofna þekkja allir háttvirtir deildarmenn, og hitt hlýtur þeim einnig að vera ljóst, að skattaálöguvald sýslunefnda er mjög ríflega úr garði laganna gert. Hjer er því engin brýn þörf til breytinga, nema þá í sambandi við almenna breytingu á skattalöggjöfinni í heild sinni. Enda var þetta atriði tekið til athugunar af milliþinganefndinni í skattamálunum, og þarf jeg eigi því að lýsa, hvernig sú nefnd leit á þetta atriði. Það var fráleitt, að landsverkfræðingurinn legði til, að þessu yrði breytt, og stjórnin hefir eigi haft aðstöðu til að taka skattamálin í heild sinni til endurskoðunar. Hverjum einstaklingi, sem finnur hjá sjer köllun og kraft til breytinga á skattalöggjöfinni, er í lófa lagið að koma fram með frumvörp þar að lútandi hjer á þinginu.

Án þess að vilja fara í orðakast við hv. fyrirspyrjanda (S.S.), þá get jeg ekki annað en látið það uppi, að hann hefir ekki verið hikandi við það á undanförnum tímum að eiga frumkvæði að frumvörpum, þegar hann hefir talið þess þörf, og gæti hann því eins hreyft þessu máli, ef honum finst brýn nauðsyn bera til.

3. atriði tillögunnar, sem er vitanlega þýðingarmest, er ekki auðvelt að svara að svo stöddu. Reynsla þessarar nýbreytni í vegalagningu er enn þá svo stutt, að tæplega er hægt að ætlast til, að hægt sje að gefa ábyggilega skýrslu um kostnaðinn við þá aðferð, eins og tillagan ætlast til. Jeg skal að eins taka það fram, að nú er meðal annars alment farið að hafa ræsi öll steinsteypt og fjölförnustu vegakafla grjótborna, „púkkaða“, en þetta er alt í byrjun. Einnig hefir landsverkfræðingur-

inn lagt mikla áherslu á að útvega tæki til þess að steinleggja vegi. En nú er ekki hægt að ná í þau, vegna samgangnaskorts, enda ekki góður kostur að útvega þau erlendis nú sem stendur. Þessum athugunum verður haldið áfram af verkfræðingi landsins. Enn eru þær ekki komnar svo langt, að hægt sje að skera úr, hvað best sje. En þeim verður haldið áfram, hvað sem öllum þingsályktunum og tillögum líður. Jeg skal þá ekki fara fleirum orðum um þetta mál, en varnir stjórnarinnar eru þessar: 1. Að ekki hafa komið fram ákveðnar raddir, er geri fært að koma fram með gagngerðar breytingar á vegalögunum. 2. Að svo virðist, sem sýslufjelögin geti vel borið viðhald veganna, og að þeim beri að gera það. 3. Að tilraunir þær, sem gerðar hafa verið í seinni tíð, í tilbreytni við vegagerðir, eru svo skamt á veg komnar, að föst ákvörðun um gerð vega verður ekki tekin að svo stöddu.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Sigurðsson): Jeg get ekki látið vera að lýsa yfir því, að svar hæstv. atvinnumálaráðherra kom mjer nokkuð á óvart. Engan veginn er hægt að segja, að svarið væri út í hött, en það var í þann veg, að ekkert hefði verið gert, ekkert verið hægt að gera og ekki ástæða til að gera neitt. **(Atvinnumálaráðh.:** Þetta er ekki rjett).

Þegar frumvörp til breytinga á vegalögunum hafa legið fyrir undanfarandi þingum, þá hafa þau verið borin undir landsverkfræðinginn eða hann kvaddur til ráðs. En þar sem Jón Þorláksson er sjálfur höfundur vegalaganna, þá hefir hann til skamms tíma yfirleitt verið á móti öllum breytingum á þeim, og sannast þar á honum máltækið, að hverjum þykir sinn fugl fagur. En þó að þessi heiðarlegi dánumaður hafi samið lögin, þá hefði hæstv. atvinnumálaráðherra verið óhætt að viðurkenna, að sumir líta svo á, að margt sje við þau að athuga, og varla hefði þingið skorað á stjórnina að endurskoða lögin, ef það hefði litið eins á og landsverkfræðingurinn. Nú er kominn nýr verkfræðingur. Verið getur að hinn nýi maður treysti sjer ekki að leggja út í breytingar á lögunum að svo stöddu. Það getur verið nokkur afsökun fyrir stjórnina. En hann kynnist þessum málum nú brátt, og má þá ætla, að hann taki til óspiltra málanna þegar frá líður.

Aðalástæðan til þess, að þingið sneri sjer til stjórnarinnar með þetta mál, er sú, að hún hefir betri tök á að ráða menn til að undirbúa lög heldur en einstakir þm. hafa. Enda er þm. óspart núið því um nasir, að þeir komi með helst til mörg frv. og miður undirbúin en skyldi. Þess vegna er eðlilegt, að menn snúi sjer til stjórnarinnar í þess konar vandamálum. Auk þess lít jeg svo á, að lagabreytingin væri betur undirbúin, ef landsverkfræðingurinn stæði á bak við, og málið því líklegra til að fá framgang. Alt þetta virðast vera eðlilegar ástæður.

Hæstv. atvinnumálaráðherra vildi ekki kannast við, að nein óánægja væri með vegalögin. Má vera, að hún hafi ekki borist honum til eyrna. Á þingmálafundum hefir þessu máli ekki verið mikið hreyft, nema í Árnessýslu. En jeg get frætt hæstv. atvinnumálaráðh. á því, að óánægjan er mikil, og hún fer stöðugt vaxandi, eftir því sem vegunum fjölgar. Sjerstaklega hjelt jeg þó, að borist hefði til stjórnarinnar óánægja með frágang og afhendingu veganna af hálfu verkfræðinganna. **(Atvinnumálaráðh.:** Það er framkvæmdaratriði, sem ekki er lögunum að kenna). — Getur verið, en getur líka stafað af því, að skýrari lagastaf vanti, til að styðjast við í þeim efnum.

Viðvíkjandi 2. lið tillögunnar, um viðhald veganna, leit hæstv. atvinnumálaráðh.

svo á, að sýslusjóðir hefðu nóg ráð til að borga brúsann og leggja á útgjöld í því efni. Jeg skal játa ókunnugleika minn um hag sýslusjóða yfirleitt. En jeg veit ekki til þess, að sýslusjóðir hafi ábyggilega tekjustofna, til þess að fá svo mikið fje, sem þarf til að kosta þetta mikla viðhald. (**Atvinnumálaráðherra:** Slæmur ókunnugleiki).

Um 3. atriðið skal jeg ekkert segja. En óskandi væri, að verkfræðingunum tækist að finna ráð til að gera vegina haldbetri og sterkari en þeir eru. Það vita allir, að því miður hefir um of verið kastað höndum að vegagerðinni hjá okkur. Auðvitað hefir fjárskortur ráðið þar miklu um. — Hæstv. atvinnumálaráðherra skaut því að mjer, að ef jeg væri verulega óánægður með vegalögin, þá hefði jeg átt að koma með frv. til breytinga á þeim, því að jeg væri til þess óragur að flytja frumvörp. (**Atvinnumálaráðh.:** Það var sagt til hróss!). — Á hina hliðina er þingmönnum ámælt fyrir að flytja mjög mörg frumvörp. En hvað sem því líður tekur það tíma að undirbúa og semja mikilsverð frumvörp. En þar sem málinu var skotið til stjórnarinnar á síðasta þingi, þá áleit jeg, að jeg gæti sparað mjer þá fyrirhöfn að hafa frumkvæði að breytingum þeim, sem jeg tel þó bráðnauðsynlegar.

Jeg hafði hugsað mjer að koma með rökstudda dagskrá. (**Atvinnumálaráðh.:** Það er varla fundarfært). Reyndar heyri jeg á hæstv. atvinnumálaráðh., að stjórnin vilji helst ekkert við málið eiga og að landsverkfræðingurinn telji enga ástæðu til að gera breytingar á lögunum. En jeg sætti mig ekki við þetta svar. Jeg verð því að halda við fyrirætlun mína og óska þess, að upp verði borin svo hljóðandi rökstudd dagskrá:

> Í fullu trausti þess, að landsstjórnin endurskoði vegalögin frá 22. nóv. 1907, samkvæmt þingsályktun Alþingis, dags. 27. ágúst 1915, og leggi fyrir næsta Alþingi nýtt frv. til vegalaga, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg skal ekki segja nema örfá orð. Mjer skildist á hv. 1. þm. Árn. (S. S.), að hann hafi skilið orð mín svo, að ekkert væri hægt að gera og ekkert ætti að gera. Jeg vona, að þingsskrifararnir hafi náð orðum mínum og orðalagi svo vel, að það komi fram á sínum tíma, að þm. (S.S.) hefir ekki skilið orð mín rjett. Þar sem þm. (S.S.) talaði um, að landsverkfræðingurinn væri nú farinn að hallast að því, að lögin verði endurskoðuð, skal þess getið, að það hefir ekki komið fram í neinu, sem frá honum hefir komið til stjórnarinnar. Hvað nýja verkfræðinginn snertir, þá er hann ekki kominn svo langt í rannsókn þessa máls enn þá, að hann geti látið álit sitt í ljós.

Að lokum skal jeg geta þess, að ef rökstudda dagskráin á að skiljast svo, að hún sje nokkurskonar ofanígjöf til stjórnarinnar, þá verð jeg að vera henni mótfallinn.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Sigurðsson): Dagskráin á að skiljast svo, að hún sje áskorun til stjórnarinnar um, að hún geri betur en hún hefir gert, endurskoði vegalögin og komi fram með brtt. fyrir næsta þing. Það er ekki hægt að skoða hana sem ofanígjöf; hún er að eins rjettmæt krafa til stjórnarinnar. Jeg vænti þess, að dagskráin verði samþykt, í fullu trausti þess, að hún verði ekki skoðuð sem þrotabúsyfirlýsing frá þinginu, og verði þar af leiðandi kastað í ruslakistu stjórnarinnar, heldur geri stjórnin sitt ítrasta til að fullnægja kröfum þeim, sem í henni felast.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. Árn. (S. S.) feld með 9 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., E. A., E. J., M. P., P. O., P. Þ., S. S.
nei: E. Árna., J. J., J. B., M. G., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

B. K., B. St. og G. Sv. greiddu ekki atkv.
6 þm. fjarstaddir.

3. Rannsókn hafnarstaða.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var útbýtt

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um rannsókn hafnarstaða (A. 597).

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 13. ágúst, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin leyfð í e. hlj.

Á 44. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. ágúst, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að atvinnumálaráðherra hafði tjáð sig við búinn að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Sveinn Ólafsson): Ástæðan til, að fyrirspurn þessi er komin fram, er, eins og öllum mun vera ljóst, að á síðasta þingi var samþ. þingsál.till. um, að stjórnin ljeti rannsaka nokkur hafnarstæði víðs vegar um land, en þó einkum á svæðinu frá Berufirði til Skinneyjarhöfða. Á Austfjörðum hefir þessu máli síðan verið fylgt með mesta áhuga. Það hefir verið tekið upp á þingmálafundum, og einstakir menn hafa með brjefum og símskeytum stöðugt verið að grenslast eftir um afdrif þess hjer í sumar. Þetta er ekki undarlegt, því að framtíðarvonir Austfirðinga eða austfirskra útvegsmanna eru að miklu leyti á því bygðar, að hægt verði að koma þar upp góðri höfn. Það má heita, að útvegurinn austfirski standi og falli með því. Á því má sjá, að þetta er ekkert smámunamál. Róðrarbátarnir eru að miklu leyti úr sögunni og vjelbátarnir komnir í þeirra stað, og með þeim kemur hafnarþörfin. Nú munu um 70 vjelbátar stunda veiðar fyrir Austurlandi. Hingað til hafa þeir ekki getað notað vetrarvertíðina, nema að mjög litlu leyti. Á sumarvertíðinni gengur fiskur vanalega á Austfjarðagrynningum, en hverfur þaðan að hausti. Þá er sótt beint út frá landi, oft að vísu langt, jafnvel 10—12 mílur, eða á ytri grynningarbrún. En það svæði, sem fiskurinn gengur á að vetrinum, nær ekki lengra en austur að Vesturhorni eða austast að Papey. Þangað er ókleift fyrir Austfirðinga að sækja, því að þessi slóð er hættuleg mjög að vetrinum, því að engin höfn er til að leita í, þegar veður skella á. Fyrir sunnan Fáskrúðsfjörð er varla um neina höfn að ræða, því að þótt góð höfn sje á Djúpavogi, þá er skerjótt og vandratað inn Berufjörð, jafnvel stórhættulegt. Menn, sem nú eru að efla útveg sinn eystra, bíða svo að segja með öndina í hálsinum eftir upplýsingum um möguleikana til að byggja góða höfn á þessum stöðvum. Vetrarvertíðina tekst ekki að nota af Austfjörðum til hlítar án öruggrar hafnar þar syðra.

Fullyrða má einnig, að áhugi Austur-Skaftfellinga á þessum hafnabótum sje eigi síður mikill; þar hefir hafnleysið frá ómunatíð aftrað úthaldi að mestu, og þar liggja þó fast að landsteinunum einhver bestu fiskimið landsins.

Tilgangurinn með fyrirspurninni var sá að fá að vita, hvað stjórnin hefir að gert, og hvers megi vænta um framkvæmdir

hennar í þessu efni framvegis. Mjer hefir verið skýrt frá því, að verkfróður maður hafi boðið stjórninni aðstoð sína til þessara rannsókna með góðum kjörum, og virðist þetta þá horfa vænlega. Því fyr sem rannsóknin er hafin, því fyr verður hægt að byrja á hafnargerðinni, eða ef ekkert hafnarstæði finst nógu gott, þá verður eigi fje fórnað fyrir svikular vonir, eins og nú er gert. Þegar vissan er fengin, þá vaða menn ekki lengur reyk um framtíðarmöguleika útvegsins austfirska.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Háttv. fyrirspyrjandi (Sv. Ó.) hefir nú endurtekið það, sem sagt var í vetur við umræðurnar um þingsál.till., um þörfina fyrir þessa rannsókn og áhuga Austfirðinga á því, að hún fari fram. Þá voru allir á eitt mál sáttir um, að þetta væri sanngjarnt mál, enda hefir landsstjórnin haft áhuga á að leiða það í framkvæmd.

Svarið við fyrirspurninni er í fám orðum það, að *enn hefir ekki fengist maður til að framkvæma verkið.* Orsökin er einkum sú, að nú er einum verkfræðingi færra í þjónustu landsstjórnarinnar. Sá verkfræðingurinn, sem frá fór, hefir einkum fengist við slík störf sem þetta. Hann hefir t. d. gert mælingar á Þorlákshöfn. Vegamálastjórinn hefir ekkert fengist við hafnarannsóknir, enda verið önnum kafinn við önnur störf. Aðstoðarmaður hans er nýkominn frá prófborðinu. Vitamálastjórinn hefir ekki heldur getað sint þessu. Hann og fleiri hafa bent stjórninni á, að heppilegast væri að fá mann frá útlöndum. En það er ekki hægt fyr en stríðinu lýkur. Annars hefir landsstjórnin nýlega fengið vilyrði fyrir, að Kirk, verkfræðingur, taki rannsóknina að sjer og byrji á verkinu þegar í haust, ef veðurfar verður ekki því óhagstæðara. Þessi maður er þektur að dugnaði og vel hæfur til verksins, og má búast við, að hann verði ekki ófáanlegur. Frekari skýringar álít jeg ekki þörf.

Fyrirspyrjandi (Sveinn Ólafsson): Jeg er hæstv. atvinnumálaráðherra þakklátur fyrir svarið. Jeg get kannast við, að eftir atvikum er það skiljanlegt, að ekki er lengra komið. En hins vegar hafði jeg vænst upplýsinga um, hvort ekki myndi farin sú leið, sem Jón Ísleifsson, verkfræðingur, benti á, að verkfræðingur landsins gerði ýmsar mælingar á þessum stöðum, áður en sjerstakur hafnarverkfræðingur er sendur á stað. Það gæti ljett undir starf hafnarverkfræðingsins.

Hæstv. ráðherra (S. J.) gat þess, að Jón Ísleifsson hefði verið öðru starfi háður. (S. J.: Hann var ekki í þjónustu landsins). Veit jeg það, en hitt hafði jeg heyrt, að hann hefði boðið þjónustu sína.

Við hvert ár, sem líður, án þess að þessi rannsókn sje leyst af hendi, tapast stórfje úr þjóðarbúinu. Þótt hægt sje að láta sjer lynda, eftir atvikum, að ekki er enn komið lengra framkvæmdum þessa máls, þá verð jeg jafnframt að taka það skýrt fram, að þessi rannsókn þolir eigi bið. Og þess vænti jeg, að stjórnin láti eigi lenda við áformin ein um að senda Kirk, hafnarverkfræðing, austur í haust. Jeg skal leyfa mjer að benda á, þótt það sje þessu máli óskylt, að nú er verið að undirbúa næstu vetrarvertíð, með því að rannsaka siglingaleiðina inn á Berufjörð, í því skyni að sjá, hvernig takast mætti að lýsa skerjaleiðina milli Papeyjar og lands. Menn hugsa sjer sem sje að nota hann fyrir landtökustað næstu vetrarvertíð, þótt það sje að tefla á tvær hættur, og við sje búið stórslysum á skipum og mönnum, meðan sú leið er eigi lýst. Því er eðlilegt, að menn bíði með óþreyju rannsókna þeirra, sem landstjórninni er ætlað að láta framkvæma. Það mun verða mönnum fyrir austan ánægjuefni að heyra, að þegar er

viðbúnaður hafinn og að kostur er á manni til rannsóknanna. En enn meira ánægjuefni mun sjálf framkvæmdin verða þeim.

Björn Stefánsson: Hæstv. atvinnumálaráðherra gat þess, að enn væri enginn fenginn til að leysa þessa rannsókn hafnarstaða af hendi. Jeg á erfitt með að trúa, að svo væri, ef stjórnin hefði gert sjer verulegt far um að útvega mann. Jeg er hræddur um, að stjórnin hafi tekið ofmikið tillit til hv. þm. S.-Þ. (P. J.) um þetta mál á þinginu í vetur; á honum var ekki annað að heyra en að hjer væri um algerðan hjegóma að ræða. Jeg mótmælti ekki orðum hans þá, taldi þetta ofljóst mál til þess, að þess þyrfti með, og datt ekki annað í hug en að stjórnin vissi betur, svo að henni dytti ekki í hug að taka þessi ummæli hv. þm. S.-Þ. (P. J.) til greina. Hæstv. ráðherra (S. J.) sagði, að von væri um, að byrjað yrði í haust. Jeg hefi ekki trú á, að svo verði, ef stjórnin gengur ekki betur að því að sjá fyrir mönnum en hún hefir gert. Jeg tel þingsál.till. ekki fullnægt nema annar maður sje útvegaður nú þegar til vara, ef Kirk, verkfræðingur, skyldi bregðast. Og þess vil jeg síðastra orða hvetja stjórnina til, að hún láti ekkert, sem í hennar valdi stendur, ógert, til þess að þetta mál komist sem fyrst í framkvæmd.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Sem eðlilegt er eru það helst þingmenn S.-M., sem bera þetta mál fyrir brjósti. Viðvíkjandi ummælum hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) skal jeg geta þess, að stjórnin reyndi hvað hún gat í vetur til að halda Jóni verkfræðingi Ísleifssyni áfram í þjónustu landsins. En hann reyndist ófáanlegur, kvaðst vera bundinn samningum við bæjarstjórnina í Hafnarfirði.

Hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) veittist örðugt að trúa því, að stjórnin hafi ekki getað útvegað mann til umræddra rannsókna. Það má vel vera, að *honum* veitist örðugt að trúa því, en jeg vona, að flestir þm. aðrir skilji örðugleikana á því að útvega verkfræðinga á þessum tímum. Í Noregi er mesti verkfræðingahörgull. Verkfræðingar þeir, sem við höfum hjer heima, gætu *þar* fengið miklu hærra kaup en þeir fá hjer. En þeir vilja helst láta *land sitt* njóta krafta sinna. Þrátt fyrir hina veiku trú 2. þm. S.-M. (B. St.) þá er stjórninni mikið áhugamál, að þetta geti komið til framkvæmda. Það er góð von um, að Kirk fáist í haust, og með vonina verður maður að láta sjer nægja, þegar ekki er kostur á vissunni.

Gísli Sveinsson: Af því að jeg átti dálítinn þátt, á aukaþinginu í vetur, í þingsályktunartillögu um rannsókn hafnarstaða, þá vildi jeg nú mega leyfa mjer að blanda mjer í tveggja manna tal, og skýra frá því, sem mjer fanst ekki koma nógu skýrt fram í ræðu hæstv. atvinnumálaráðherra, að mjer er kunnugt um það, að Jón Ísleifsson, verkfræðingur, bauðst til að vera áfram í þjónustu landsins með ofurlítið breyttum kjörum; hann vildi ekki nema að hálfu leyti vera bundinn við verk það, sem hann hafði áður haft, en mega að hinu leytinu vinna að öðru, sem sje því, sem till. fór fram á að gert yrði. Hann hefir fengist allmikið við rannsóknir hafna, mest af hjerlendum verkfræðingum, og hefir hin bestu meðmæli. En það gekk ekki saman með honum og landsstjórninni, en hann lýsti yfir því, að hann yrði að ganga úr þjónustu landsins, ef hann mætti ekki jafnframt vatnsvirkjunum fást nokkuð við hafnarrannsóknirnar. Hvarf hann svo, því miður, úr þjónustu landsstjórnarinnar, enda bauðst honum annað álitlegt starf, og hefir hann nú ærið nóg að gera og góða atvinnu, svo að óvíst er, hvort hann vill eða getur nú tekið að sjer störf fyrir

landsstjórnina. Honum skildist, að verkfræðingur Kirk væri á sömu skoðun sem hann, að aðalundirbúningsstarfið væri heppilegast að láta verkfræðing, slíkan sem Jón Ísleifsson, vinna. En að því búnu þyrfti að fá sjerfræðing, og það útlendan, til að leggja smiðshöggið á og skipa fyrir um sjálfa framkvæmd verksins.

Þessi er skoðun Jóns Ísleifssonar, að það sje ofdýrt og óþarfi að láta sjerfræðing vinna alt undirbúningsverkið; það væri að jafnaði seinunnið verk, og gæti jafnvel skift árum, þangað til því væri að fullu lokið. Mjer skilst, að með þessu sje leyst gátan og að svona eigi að fara að.

Þótt jeg eigi ekki hlut í fyrirspurn þessari, þá verð jeg að láta í ljós, að mjer finst landsstjórnin ekki hafa farið rjett að, er hún hafnaði tilboði Jóns Ísleifssonar. Vildi jeg óska, að hún sæi sjer fært að ráða fram úr nauðsynjamáli þessu á líkan hátt og Jón lagði til, og má vera, að enn sje hægt að komast að samningum við hann, án þess að jeg viti neitt um það. Það er gott að heyra, að Kirk, verkfræðingur, muni vera fáanlegur til að vinna eitthvað að þessu hafnarskoðunarverki í haust, ef veður leyfir. En þá væri æskilegt, að Jón Ísleifsson væri með honum og fengist svo til að vinna verkið áfram. Kostir þeir, sem Jón Ísleifsson setti landsstjórninni, voru þannig, að ekki sýndist fráfælandi að ganga að þeim, og launin, sem hann vildi fá, sjerlega sanngjörn. En jeg hygg, að nokkru hafi um ráðið, að ekki gekk saman, að landsverkfræðingurinn hafi ekki þóst mega missa hann frá vinnu við vatnsvirki á landi; mundi það þó hafa verið betra að missa hann frá þeim að nokkru leyti en að tapa honum alveg úr þjónustu landsins, sem raun varð á.

Jeg hefi sagt þetta að eins til að lýsa áhuga mínum á framkvæmd verks þess, sem fyrirspurnin hljóðar um, og til að gefa upplýsingar um atriði, sem mjer fanst ekki koma nógu ljóst fram í ræðu hæstv. atvinnumálaráðh., þar sem jeg var þeim kunnugur.

Matthías Ólafsson: Mjer finst umræðurnar hafa snúist um nokkuð annað en fyrirspurnin gefur beint tilefni til. Fyrirspurn þessi er beint framhald af þingsályktunartillögu, sem samþykt var á aukaþinginu í vetur, og sú tillaga var aftur áframhald af samskonar tillögu frá þinginu 1915, um að útvega hafnarverkfræðing til að skoða hafnarstaði og lendingastaði með ströndum fram, einkum þá, er íslenskir verkfræðingar höfðu skoðað áður. Þingið leit svo á, að áður en ráðist væri í dýr verk við hafnargerð eða lendingabætur, þyrfti að fá mann, sem væri sjerfræðingur í þeirri grein, til að athuga þessa staði, og það var gert ráð fyrir, að hann mundi verða að fá frá útlöndum, með því að ekki væri völ á neinum innlendum verkfræðingi, sem sjerstaklega hefði lagt fyrir sig hafnargerð; mun stjórnin hafa fengið vilyrði um slíkan mann frá Noregi, en ekki þó orðið úr, að hann kæmi. Það hefir þegar verið skoðað hafnarstæði í Þorlákshöfn og lendingastæði á nokkrum stöðum, svo sem í Keflavík undir Jökli og í Súgandafirði. En margir slíkir staðir eru órannsakaðir enn. Árið 1916 sneri stjórnin sjer til Fiskifjelagsins og bað það að láta í ljós, hvaða staði það teldi mesta þörf á að rannsaka. Það svaraði því, að það teldi brýna þörf á, að rannsakaðir væru lendingastaðir vestur frá Þorlákshöfn og kringum Reykjanes. Það hafa t. d. ýmsir þá skoðun, að gera megi góða höfn í Hópinu í Grindavík, og mundi það stórhagnaður fyrir fiskveiðar um það svæði; þá hafa og verið tilnefndir Ósabotnar í Höfnum og Gerðar í Garði. Enn fremur má nefna til Búðaós, Ólafsfjörð og Dalvík, auk þeirra staða, sem rætt var um í þingsályktunartillögunni í vetur. Jeg geri ráð fyrir, að fyrirspurn þessi sje komin

fram af því, að ekki hefir enn neitt komið út af þingsályktunartillögunni í vetur nje tillögunni 1915. Vona jeg nú, að stjórnin skýri frá öllu því, er hún hefir gert til að fá mann til að rannsaka þá staði, sem hjer ræðir um.

Fyrirspyrjandi (Sveinn Ólafsson): Jeg skal leyfa mjer að lýsa yfir því, út af orðum háttv. þm. V.-Ísf. (M.Ó.), að í fyrspurn minni liggur ekkert annað en það, sem orð hennar benda á. Það var ekki tilætlun mín að gera fyrirspurn um neitt, sem á undan er gengið þingsályktun síðasta þings, og jeg býst ekki við, að stjórnin svaraði öðru en því, sem fyrirspurnin gefur tilefni til. Jeg býst ekki heldur við frekari svörum en komin eru, og læt mjer, eftir atvikum, nægja þau, í fullu trausti þess, að stjórnin láti hið fyrsta vinda bráðan bug að rannsókn hafnarstæðis við suðausturströnd landsins, því að, eins og tekið hefir verið fram, bæði nú og í vetur, er þörfin á því knýjandi. Meðan slík hafnarbót fæst ekki verða Austfirðingar að fara á mis við bestu vertíð ársins, vetrarvertíðina við Austurhorn.

4. Flutningsgjald á landssjóðsvörum.

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 3. sept., var útbýtt

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um flutningsgjald á landssjóðsvörum (A. 766).

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. sept., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin leyfð í e. hlj.

Á 59. fundi í Nd., fimtudaginn 13. sept., var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að atvinnumálaráðherra hafði tjáð sig búinn til að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Stefán Stefánsson): Jeg vona, að hæstv. stjórn taki því vel, þótt slík fyrirspurn, sem hjer er flutt, komi fram, og þyki hún ekki óeðlileg. Jafnvel þótt ekki væri fyrir hendi neitt sjerstakt tilefni, þá væri það ofureðlilegt, að mönnum þyki það rjett að grenslast eftir um það, sem hjer er spurt um. En það, sem aðallega veldur því, að fyrirspurnin er flutt, er það, hve flutningsgjald á steinolíu til Siglufjarðar með Botníu í síðustu ferð hennar var óvenju hátt. Út af þessu hafa kaupmenn og útgerðarmenn á Siglufirði sent okkur þingmönnum sínum símskeyti, það, sem nú er kunnugt orðið, þar sem þeir lýsa óánægju sjerstaklega yfir 20 kr. flutningsgjaldi á hvert olíufat, er þeir fengu með Botníu síðast, og telja þetta „óhæfilega ráðstöfun“ á flutningsgjaldinu, að hækka það um 300%, eða úr 5 kr. upp í 20 kr. á fat, með sömu ferð og flutningsgjald á matvöru til Húsavíkur lækkar um 33%, eða úr 45 kr. ofan í 30 kr. á smálest, frá næstu ferð á undan.

Á þessu krefjast þeir leiðrjettingar, krefjast þess, að þeir sjeu ekki beittir misrjetti.

Þetta virðist oss svo sjálfsögð krafa, að ekki verði fram hjá henni gengið, og það er ekki líklegt, að slíkt flutningsgjald hafi verið með öllu sjálfsagt eða óhjákvæmilegt. En svo er það samræmið á flutnings-

gjaldinu til Siglfirðinga og Húsvíkinga. Á því er slíkur feiknamunur, að ekki er að furða sig á, þó að eftir því sje tekið og mönnum gremjist það, hve Siglfirðingar eru hart leiknir.

Þetta okurgjald þola útgerðarmenn líka því ver, þar sem skaðinn er nú svo geisimikill á allri skipa- og bátaútgerð, að við liggur eyðileggingu á þeim atvinnuvegi.

Annars er þessi Botníu-hringferð svo einstök hvað kostnaðinn snertir, eftir þessu að dæma, að maður leiðist til að álíta, að ef það hefir ekki verið mögulegt að haga ferð hennar haganlegar, og flutningskostnaðurinn því fyrirsjáanlegur, þá hefði alls ekki átt að senda hana í þessa ferð, þar sem ganga mátti að því sem vísu, að útvegurinn þyldi ekki slík ókjör, ofan á aðra afarkosti, sem hann varð að þola.

Og þegar litið er til þess, hvað er og hefir verið vilji þingsins um flutning á vörum landsins, þá er hann mjög ljós. Á síðasta þingi er stjórninni með lögum „heimilað að veita þeim, sem búa utan Reykjavíkur, sanngjarna ívilnun eða uppbót á kostnaði við að senda vöruna milli hafna eða staða umhverfis landið". Og nú fyrir þrem dögum var feld tillaga um, að hálfur flutningskostnaður legðist á vörur til ýmsra hafna kringum land, en samþykt, að öllum flutningskostnaði yrði jafnað niður á alla vöruna.

Jeg vænti því, að hæstv. stjórn skýri frá, af hverju þetta háa flutningsgjald stafar, og verði fús til að leiðrjetta það, svo að hlutaðeigendur verði ánægðir.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg verð að byrja mál mitt á stuttri athugasemd viðvíkjandi síðustu orðum hv. fyrirspyrjanda (St. St.), um vilja þingsins um vöruflutning. Fyrst kannast jeg ekki við, að síðasta þing hafi sett nokkur föst ákvæði um flutningsgjald á vörum. Í annan stað var samþyktin um flutningsgjald, sem gerð hefir verið hjer í deildinni nýlega, gerð *eftir* að þeir atburðir gerðust, sem hrintu hv. fyrirspyrjendum af stað. Og það gat alls ekki verið tilætlun, að þetta hefði áhrif á liðna tímann. Enn fremur vil jeg taka það fram, að afskifti þingsins af flutningsgjaldi hafa *að eins* náð til landssjóðsvaranna. Það er því allsendis meiningarlaust að vitna til þeirra, þegar um flutningsgjald á *vörum kaupmanna* er að ræða.

Mjer er ljúft að játa, að það er ekki eingöngu eðlilegt, að fyrirspurn þessi er fram komin, heldur er hún og stjórninni kærkomin.

Skal jeg svo snúa mjer að því að lýsa, frá sjónarmiði stjórnarinnar, reglum þeim, sem farið hefir verið eftir, um flutningsgjald á vörum út um land.

Að svo mæltu vil jeg svara fyrirspurn þeirri, sem hjer er nú fram komin, og mun jeg reyna að gera það svo ítarlega, en þó jafnframt í svo stuttu máli, sem atvik liggja til.

Eins og kunnugt er drógst afhending skipsins „Sterling", sem keypt var síðari hluta vetrar frá Svíþjóð til strandferða, svo mjög, að skipið gat ekki farið fyrstu strandferðina frá Reykjavík fyr en um miðjan síðastliðinn ágústmánuð. Varð landsstjórnin því í maímánuði í vor að leigja skipið „Botníu" til þess að anna-t ferðir með ströndum fram, þangað til Sterling kæmi. Það var þá orðin mesta þörf á að fá strandferðir, því að lítið hafði verið um vöruflutninga til landsins það sem af var árinu, vegna siglingateppunnar, og því víðast orðinn hörgull á vörum, en hins vegar hafði komið talsvert af nauðsynjavörum til Reykjavíkur í apríl og maímán., sem þurftu að fara út um landið. Botnia var að vísu ekki hentugt strandferðaskip og var dýrt skip í úthaldi, þar sem hún er mjög kolafrek og kolin dýr, enda þá lítið um þau hjer. Til þess, að landssjóður

biði ekki altof gífurlegan halla af ferðunum, varð að setja upp bæði fargjalds- og farmgjaldstaxtann frá því, sem hann hafði áður verið. Á mjölvörum, kaffi, sykri og öðrum nauðsynjavörum var taxtinn með Botniu hækkaður frá taxta Eimskipafjelags Íslands upp í 45 kr. fyrir smálest, á öðrum vörum um rúm 100%, og þótti ekki fært að hækka hann meir á þeim vörum, því að hætta þótti þá á, að menn teldu frágangssök að flytja þær vörur með skipinu. Að því er steinolíuflutning snerti með Botniu þá, var það landsstjórnin ein, sem hafði olíu og seldi hana þá undir verði fyrir sama verð um land alt, og þótti því ekki rjett að leggja þá meiri flutningskostnað á hana en 5 kr. á tunnu. Taxtinn gilti jafnt fyrir allar vörur, sem sendar voru með skipinu, bæði landsjóðsvörur og vörur frá einstökum mönnum. En af því að landssjóður einn hafði þá nokkuð verulegt af vörum fyrirliggjandi hjer, voru það aðallega vörur frá honum, sem fluttar voru með tveim fyrstu ferðum skipsins. Strandferðaskipið Sterling kom hingað, eins og kunnugt er, í byrjun ágústmánaðar, og tók Eimskipafjelag Íslands þá þegar við afgreiðslu þess, eins og Alþingi hafði gert ráð fyrir. Eftir tillögum stjórnar Eimskipafjelagsins var þá sett flutningsskrá fyrir skipið, þannig, að farmgjaldstaxtinn var settur helmingi eða 100% hærri en flutningsgjöld Eimskipafjelagsins áður. Eftir því er flutningsgjaldið með skipinu nú fyrir mjölvörur 30 kr. af smálest, 40 kr. fyrir smál. af kaffi, 8 kr. fyrir steinolíutunnuna o. s. frv. Að vísu má búast við töluverðum halla af útgerðinni með þessum töxtum, enda er gert ráð fyrir tillagi úr landssjóði til strandferða í fjárlögunum, en vænta má, að hallinn verði ekki eins mikill að tiltölu og hann reyndist í þeim þrem strandferðum, sem Botnia var látin fara og síðar mun vikið að. Að sjálfsögðu gildir þessi farmgjaldstaxti Sterlings jafnt fyrir landssjóðsvörur sem vörur frá öðrum. Af því, sem nú hefir sagt verið, sjest það, að sömu reglum hefir verið fylgt um ákvörðun flutningsgjalds alment á landssjóðsvörum og vörum annara með Botniu og Sterling, en í þriðju ferð Botniu var gerð undantekning frá þessari reglu, af alveg sjerstökum ástæðum, sem nú skal nánar skýrt frá.

Þegar Botnia kom úr annari ferðinni kringum land hingað, var ekki afráðið, hvort hún yrði látin fara þriðju ferðina. Sterling var þá nýkomin frá útlöndum, og þótti óvíst, hvort hún myndi ekki geta fullnægt flutningsþörf þeirri, er þá var hjer á vörum úti um land. Að vísu voru um 200 smálestir í skipinu frá Kaupmannahöfn til ýmsra hafna úti um land; en það rúm, sem eftir var, myndi þó hafa nægt til þess að koma bæði þeim landssjóðsvörum og öðrum vörum, sem nauðsynlega þyrftu að komast með þeirri ferð, sjerstaklega til hafna, sem ekki hafði verið komið á í tveim undanfarandi ferðum Botniu. En þá kom nýtt atvik fyrir, sem olli því, að ákveðið var að láta Botniu fara þriðju ferðina. Um sama leyti sem Botnia kom hingað úr annari strandferðinni kom hingað frá Ameríku skip steinolíufjelagsins hjer, „Fredericia“, með 8000 tunnur af steinolíu. Strax er það skip var komið hingað, drifu að til landsstjórnar og steinolíufjelagsins úr öllum áttum beiðnir um, að sjeð væri sem allra fyrst um flutning á þeirri steinolíu út um land, sjerstaklega af svæðinu frá suðurtakmörkum Suður-Múlasýslu að vesturtakmörkum Eyjafjarðarsýslu, til fisk- og síldveiða. Steinolíufjelagið sá sjer ekki fært að láta skip sitt fara lengra en til Reykjavíkur með neitt af steinolíunni, enda var það eðlilegt, er um svo stórt og dýrt skip var að ræða. Ekki gat verið að tala um, að Sterling gæti tekið nema eitthvað á annað hundrað tunnur af olíu, og það á pilfar, og var það ekki meira en nauð-

synlega þurfti að flytja til þeirra hafna, þar sem tvær fyrstu ferðir Botniu komu ekki að notum, þó því að eins, að slept væri að koma með Sterling nauðsynlegum flutningi til Tjörnesnámunnar, en til Ísafjarðar fjell skipsferð hjeðan, til að sækja flutning úr Goðafossstrandinu, um það leyti, sem steinolíuskipið kom hingað, og með þeirri ferð kom steinolíufjelagið olíu þeirri þangað, sem með þurfti í bráðina. En þá voru Austfirðir, Þingeyjarsýsla og Eyjafjarðarsýsla eftir. Gaf landsstjórnin þá steinolíufjelaginu kost á því að láta Botniu fara þriðju strandferðina hjeðan austur um land til Eyjafjarðar með steinolíu. Var áætlað, að skipið mundi geta flutt 3000 tunnur, og flutningsgjaldið sett 20 kr. fyrir tunnuna, og var áætlað, að landssjóður myndi með því flutningsgjaldi sleppa skaðlítið við ferðina, ef alt gengi upp á hið besta og fullfermi yrði af steinolíu, eins og þá mátti búast við. Þessi áætlun reyndist og nærri sanni, því að niðurstaðan varð sú, að ferðin kostaði um 58 þús. kr., enda vildu engar tafir til af veðri á ferðinni. Landstjórninni þótti sem sje ekki ástæða til að kosta miklu til úr landssjóði til þessa steinolíuflutnings, eftir því sem á stóð.

Næsta steinolíufarm á undan þessum, þann, sem kom með Bisp í vor og var afardýr landssjóði, vegna tafa skipsins í Ameríku út af siglingateppunni, hafði landsstjórnin sem sje selt mikið *undir verði*, vegna útgerðarinnar, og þótti ekki fært að halda áfram með það og tapa svo miklu á flutningi þessa steinolíufarms, er um var að ræða, úti um land. Þegar framkvæmdarstjóri steinolíufjelagsins skýrði kaupendum sínum á Austur- og Norðurlandi frá farmgjaldinu með Botniu, mótmæltu þeir því, en þóttust þó óhjákvæmilega þurfa að fá olíuna *tafarlaust*. Kváðust nokkrir útgerðarmenn við Eyjafjörð þá senda mótorbáta hingað suður eftir olíunni og sækja hana þannig smátt og smátt. Einn af þessum bátum var mótorbátur, sem búið var að ráða til strandferða frá Norðurlandi til Austurlands, og gat ekki komið til mála að gefa bátinn eftir til þessa. En um hina aðra báta, sem stóð til að væru látnir sækja olíuna, kom það í fyrsta lagi til álita, hvort þeir myndu geta sótt svo mikið af henni, að allir, sem þyrftu olíu þar nyrðra, gætu fengið með því móti í tíma það, sem nauðsynlegt var. Í öðru lagi hefði gengið allmikið af *olíu* í slíkar flutningaferðir, og þá stóð svo á, að alveg var í óvissu, hve nær næst kæmi steinolía hingað, því að fyrir skip landsstjórnarinnar, Villemoes, sem þá lá í New-York, hafði þá ekki fengist leyfi til olíutöku, og alveg í óvissu, eftir ástandinu í Ameríku þá, hve nær útflutningsleyfið fengist. Vakti þá fyrir landsstjórninni að eyða ekki að óþörfu því, sem þá var af olíu í landinu, en það hefði orðið ef farið hefði verið að kjótla olíunni norður með mótorbátum, þótt þá hefði kann ske orðið eitthvað ódýrara flutningsgjaldið á tunnu fyrir kaupendur með því móti. Í þriðja lagi reið það baggamuninn, að Austfirðingar og Þingeyingar höfðu *engin skiparáð* til að ná að sjer olíunni, og voru þeir, einkum Austfirðingar, mjög óþolinmóðir, og sögðust tapa *mörgum þúsundum* króna á dag í fiskveiðum, ef ekki væri bætt *tafarlaust* úr olíuvöntuninni þar. Að þessu athuguðu rjeð landsstjórnin það af að láta alla þá steinolíu, sem átti að ganga til svæðisins frá suðurtakmörkum Suður-Múlasýslu til vesturtakmarka Eyjafjarðarsýslu, fara með Botniu. Þegar til kom, urðu það ekki nema 1966 tunnur, sem fóru með Botniu til þessa svæðis, sem sje:

Til Eskifjarðar. . .	356	tunnur.
— Seyðisfjarðar. .	423	—
— Húsavíkur . . .	117	—
— Siglufjarðar . .	264	—

Til Akureyrar . . . 806 tunnur.

Með því nú að *steinolíufjelagið* var deigt við að senda mönnum olíuna með þessu flutningsgjaldi, sem mótmælt höfðu því, hve hátt það væri, var fjelaginu lofað því, að landsstjórnin skyldi taka við því af olíunni, sem kaupendur kynnu að amast við að taka á móti, sem ekki reyndist, enda vakti það sjerstaklega fyrir landsstjórninni *að koma olíunni svo fljótt til allra, að fiskveiði og síldveiði þyrfti ekki að stöðvast*, og láta jafnt ganga yfir alla með flutningsgjaldið. Í sambandi við þetta skal á það minst, að fundið hefir verið að því, að sumir hafi fengið steinolíu með Sterling, sem fór hjeðan um sama leyti, fyrir 8 kr. flutningsgjald fyrir tunnu, og að þar kenni misrjettis. Þetta er þó ekki svo. Með Sterling fóru að eins 149 steinolíutunnur á þilfari; meira gat skipið ekki tekið; þær fóru allar á smáhafnir úti um land, sem hvorki höfðu fengið steinolíu með Bisp eða Botníu í tveim fyrstu ferðunum, og því ekki notið góðs af þeirri lækkun, sem gerð var á hinu *virkilega* verði þeirrar olíu. Þessar 149 tunnur skiftust niður á 12 hafnir, og var þó sumt af olíunni til afskektra landsvita. Þegar svona stóð á, þótti engin ástæða til að fara að hækka flutningsgjaldið fyrir þessar tunnur upp úr þeim 8 kr. taxta, sem settur hafði verið fyrir Sterling.

Eins og getið var urðu það ekki nema tæpar 2000 tunnur af steinolíu, sem fóru með Botníu, og var því töluvert rúm eftir í skipinu. Var þá einstökum mönnum gefinn kostur á að senda vörur með því fyrir fyrgreindan taxta, sem gilti um *tvær fyrstu* strandferðir skipsins. Til viðkomustaðanna komu þá til flutnings samtals $112^1/_2$ tonn, 2608 teningsfet, og 255 tómar tunnur frá einstökum mönnum. Var þá enn eftir nokkurt rúm í skipinu, og þótti þá rjett að láta það ekki ónotað, og voru þá settar landssjóðsvörur í það, sem að vísu lá ekki á í þessari ferð, svo sem hjer greinir:

Til Eskifjarðar . .	11,475 kg.	mjölvörur,	1,200 kg.	kaffi og sykur.
— Seyðisfjarðar . . .	—	—	300	—	—
— Akureyrar . .	12,755	—	„ —	1,655	—	—
— Siglufjarðar . . .	—	—	„ —	240	—	—
— Húsavíkur . .	1,150	—	„ —	. . .	—	—
Samtals	25,380 kg.	mjölvörur,	9,395 kg.	kaffi og sykur.

Auk þessa voru send með Botníu til Tjörnessnámunnar 7 tonn 350 kg. af ýmsum vörum og 2234 teningsfet af trjáviði, sem ekki var látið fara með Sterling, til þess að rýma fyrir steinolíunni til smáhafnanna, og getið var um áður.

Eins og áður var getið voru landssjóðsvörurnar látnar í Botníu, til þess að láta rúm þar ekki ónotað, en nú hefir verið fundið að því, að landssjóðsvörur þessar voru fluttar fyrir sama taxta og landssjóðsvörur þær, sem fóru samtímis með Sterling, sem sje 30 kr. fyrir smálest af kaffi og sykri. En slíkt er fjarstæða, því að það hefði valdið mesta ruglingi og ósanngirni að fara að senda landssjóðsvörurnar samtímis til sömu hjeraðanna

með misjöfnu flutningsgjaldi, *þegar enginn nauður rak til þess að senda vörurnar þá.* Og eins og sendingum var hagað, og getið var um, *sætti ekkert hjerað betri kostum þar en annað*, eins og þó jafnvel hefir verið haldið fram.

Landsstjórnin verður samkvæmt þessu að halda fast við það, að í ráðstöfunum þessum öllum hafi verið farið svo að, sem ástæður heimtuðu, þegar ráðstafanirnar voru gerðar, og að henni verði ekki með rjettu legið neitt á hálsi fyrir þær, því að þótt svo hafi reynst, að útlit sje fyrir, að nú rætist betur úr með steinolíu en þá horfðist á, og þótt gæftir hafi orðið stirðari en búist hefir verið við, og því má ske minni þörf á olíu en ella, þá var það ekki fyrirsjáanlegt þá.

Loks skal drepið á eitt atriði, sem vikið hefir verið að áður af landsstjórnarinnar hálfu, hvort ástæða kynni að vera til að bæta eitthvað upp flutningsgjaldið fyrir steinolíuna með Botníu eða slá einhverju af því, og skal þess þá getið, að enginn *einstakar maður eða fjelag* myndi finna ástæðu til þess, ef eins væri ástatt fyrir honum og landsstjórninni í þessu máli. Það eina, sem gæti mælt með því, er það, að á þessari þriðju ferð Botníu varð dálítið minni halli en á hinum tveim ferðunum *tiltölulega*, og það þótt tekið sje tillit til þess, að þriðja ferðin var að eins hálf hringferð. Á öllum ferðunum hefir sem sje samtals orðið rúmur 117 þús. kr. halli fyrir landssjóð, en þar af fellur á þessa þriðju ferð að eins um 8000 króna halli, og sá halli stafar að mestu af vörunum til Tjörnesnámunnar, meðal annars við að koma þeim af sjer þar. Annars skal þess hjer getið, í sambandi við þetta mál, að landsstjórnin hefir í huga að jafna sem mest að hægt er og sem víðast á landinu að við verður komið, verð á sykri, steinolíu, kolum og salti, svo lengi sem hún hefir aðalinnflutning á þeim vörum til landsins, eins og útlit er fyrir að verði um sinn. Og jafnframt því getur þá komið til mála að lækka eða bæta upp að einhverju leyti þetta farmgjald steinolíunnar í síðustu ferð Botníu, sem svo mikið hefir verið talað um.

Jeg vona, að ekki verði á móti haft, að til þessarar skýrslu hafi verið vandað eftir föngum, og það eigi rengt, að hjer sje sagt rjett og satt frá öllum málavöxtum.

Fyrirspurnum, sem fara út yfir það, sem tekið er fram í skýrslu þessari, mun jeg tæplega við búinn að svara að sinni; með skýrslunni mun vera svarað öllu, sem í hinni prentuðu fyrirspurn er tekið fram. Hv. deild er auðvitað í sjálfsvald lagt, út í hvaða sálma hún vill fara, út fyrir hina upprunalegu fyrirspurn. En þar getur ýmislegt fyrir komið, sem ekki má vænta, að stjórnin sje viðbúin að svara fyrirvaralaust.

Fyrirspyrjandi (Stefán Stefánsson): Jeg þakka hæstv. atvinnumálaráðherra fyrir svar hans, og býst ekki við að bera fram fleiri fyrirspurnir en hin prentaða fyrirspurn bendir á, svo að það er óþarfi fyrir hæstv. atvinnumálaráðherra að vera að slá þar nokkurn varnagla.

En viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðherra (S. J.) gat um í upphafi ræðu sinnar, að jeg mundi ekki hafa rjettan skilning á þessu máli, þá verð jeg að segja það, að í lögum þeim, sem þingið samdi í vetur, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum, og í þingsál.tillögu þeirri, er samþykt var fyrir skemstu hjer í deildinni, er fólgin að nokkru leyti skipun til stjórnarinnar að ívilna með flutningsgjald, eða koma jöfnuði á vöruverð á hinum ýmsu stöðum í landinu. Jeg skil ekki mælt mál ef þessi skilningur minn er ekki rjettur; og hverja aðra þýðingu getur þingsályktunartillagan haft en

að herða á stjórninni, einmitt af því, að þinginu þótti hún hafa notað linlega ívilnunarheimild þá, sem henni var gefin í vetur, og ekki farið þar að vilja þingsins. Jeg álít, að það hefðu orðið að vera mjög knýjandi ástæður fyrir stjórnina, miklu sterkari en komið hafa fram enn, til þess að setja hátt og mismunandi flutningsgjald á vörur út um land. Óneitanlega komst hæstv. atvinnumálaráðherra illa út af því, er hann var að skýra frá hinu mismunandi flutningsgjaldi á steinolíunni, og þó engu síður er hann var að segja frá mismunandi flutningsgjaldi með sama skipinu; þær ástæður, sem hann færði fyrir því, rjettlættu það að litlu leyti.

Jeg skal ekki fara að gagnrýna ræðu hæstv. atvinnumálaráðherra. Virtist mjer hann geta sætt sig við, að þessi mismunandi flutningskostnaður væri bættur upp. En af því, að mjer virtist svar hans ekki vera fullkomin skýring á flutningsgjaldsmuninum, þá leyfi jeg mjer að bera upp svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

Í trausti þess, að landsstjórnin greiði 8 kr. flutningsgjaldsuppbót fyrir hvert steinolíufat með síðustu ferð Botníu, og að sjálfsögðu verði samræmi eftirleiðis komið á flutningsgjald, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Hv. fyrirspyrjandi (St. St.) telur sig ekki hafa fengið fullnægjandi svar og heldur enn fast við, að Siglfirðingar hafi verið misrjetti beittir, en honum er samt ekki unt að færa minstu rök fyrir þessari staðhæfing sinni, sem ekki er von. Skýring mín stendur alveg óhrakin. En jeg skal ekki þrátta meir við hann um þetta. Málið myndi varla skýrast betur við það. En jeg vil benda honum á, að hann og kjósendur hans muni betur geta um þetta dæmt þegar þeir lesa orð mín í þingtíðindunum, í góðu næði heima hjá sjer. Get jeg þess til, að hv. fyrirspyrjanda verði þá ljósara, að hann hefir fengið fullnægjandi svar.

Ekki stendur það í mínu valdi að ráða því, hvort dagskrá hv. fyrirspyrjanda (St.St.) verður feld eða samþykt. Það vil jeg þó nefna, að ekki er á það minst í henni, hvaðan á að taka uppbótina, hvort það eigi að taka hana úr landssjóði eða frá landsversluninni. (**St. St.**: Stjórnin um það, en jeg ætlast til, að landsverslunin greiði uppbótina). Gott og vel. Það verður þá skilningur stjórnarinnar á því, hvaðan uppbótina skuli taka, sem þm. (St. St.) líklega sættir sig við. Jeg heyrði ekki vel síðari hluta tillögunnar. Jeg skal því ekki meira um hana segja.

Fyrirspyrjandi (Stefán Stefánsson): Síðari hluti dagskrárinnar á að skiljast svo, að jeg treysti stjórninni til að hafa ekki mismunandi taxta fyrir sömu ferð sama skipsins. (**Atvinnumálaráðherra**: Hvar hefir það átt sjer stað?). Mjer heyrðist ekki betur en að hæstv. atvinnumálaráðh. hafi verið að skýra frá því áðan, að svo hefði það verið í Botníuförinni. (**Atvinnumálaráðherra**: Svo hefir aldrei verið um *landssjóðsvörur*, og hjer er ekki um aðrar vörur að ræða, eftir fyrirspurninni). Taxtinn á að vera sá hinn sami á öllum vörum, hvort sem landssjóður eða einstakir kaupmenn eiga þær. (**Atvinnumálaráðherra**: Hvar stendur það skrifað?). Það stendur skrifað meðal annars í rjettlætismeðvitund hjá hverjum óspiltum manni, æðri sem lægri.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil skjóta því til háttv. fyrirspyrjanda, að jeg skil ekki síðari hluta tillögu hans. Ef átt er við, að flutningsgjaldið eigi altaf að vera hið sama á sama tíma, þá getur það verið

talsvert athugavert. En ef átt er við það, að flutningsgjaldið með sama skipi eigi altaf að vera hið sama, þá getur það líka verið varhugavert. Svo mundi enginn einstakur maður fara að. Við skulum taka t. d. Botnsuferðina. Hún var að eins farin vegna steinolíunnar. Ef nú hefði ekki komið eins mikið af steinolíu og búist var við, var þá ekki betra að hlaða skipið öðrum vörum, þótt með lægra flutningsgjaldi væri, en að láta vanta á farminn? Það er algengt, að flutningsgjald sje mjög mismunandi með sömu skipsferð. Fasta taxta má setja á skip, sem hafa fasta áætlun en alls ekki önnur skip. Seinni hluti dagskrárinnar finst mjer því óþarfur.

Stjórninni sjálfri má liggja það í ljettu rúmi, hvort uppbótin verður 5 eða 8 kr. á olíufat. En meira en 5 kr. má varla greiða af fje verslunarinnar. Helst ætti að greiða uppbótina alla úr landssjóði. En mig furðar á því, að háttv. fyrirspyrjandi (St.St.) skuli ekki heimta 12 kr. uppbót, úr því að hann vill koma jöfnuði á. Það ætti hún að vera, borin saman við flutningsgjaldið með Sterling.

Annars hefi jeg engu við skýrslu hæstv. atvinnumálaráðh. að bæta.

Það er að eins eitt atriði, sem jeg vildi minnast nánar á. Hv. fyrirspyrjandi (St.St.) var að vitna í 2. gr. laga um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum, frá 1917, og taldi ráðstöfun stjórnarinnar lagabrot. Þetta er algerður misskilningur. Ívilnunin, sem þar um ræðir, á að eins við flutningsgjald á vörum, sem landssjóður fær frá útlöndum. Greinin kemur ekkert við vörum, sem landsstjórnin flytur með skipum sínum fyrir kaupmenn. Enda væri það afarhættulegt, ef landsstjórninni væri heimilað eða skipað að flytja vörur fyrir kaupmenn, fyrir það verð, að þeir geti selt sama verði hvar á landinu sem er. Þetta var því mikill misskilningur hjá hv. fsm. (St.St.).

Sigurður Sigurðsson: Jeg býst við, að fleirum fari eins og mjer, að þeir geti ekki greitt atkvæði með þeirri rökstuddu dagskrá, sem komin er fram. Það er ekki af því, að jeg vilji eða telji rjett að þvo stjórnina hreina í þessu máli. Það er síður en svo. En með skírskotun til 42. gr. stjórnarskrárinnar vil jeg leyfa mjer að gera þá tillögu, að málinu verði vísað til stjórnarinnar. Hún ræður svo, hvað hún gerir í þessu máli.

Fyrirspyrjandi (Stefán Stefánsson): Eftir bendingu, sem jeg hefi fengið frá hæstv. forsætisráðherra, skal jeg taka seinni hluta dagskrárinnar aftur. Meining mín var sú, að flutningsgjaldið væri ekki reiknað af handahófi, eða sett svo fjarri öllum sanni, að það komi mönnum mjög á óvart. Þetta hefir komið fyrir, en það vildi jeg fyrirbyggja. Rjettara hefði mjer virst af stjórninni að kaupa olíuna og flytja hana svo fyrir sæmilegt gjald en að flytja hana með þessum hætti og gera útgerðarmönnum hjer um bil ókleift að nota hana til atvinnurekstrar síns. Kaupmenn hefðu getað flutt olíuna sjálfir fyrir miklu minna fje.

Benedikt Sveinsson: Þótt ekki verði því neitað, að flutningsgjaldið, sem Eyfirðingar hafa orðið að greiða fyrir steinolíuna, sje ærið hátt, þá finst mjer háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) fara fulllangt í skaðabótakröfum sínum. Það þarf meiri rannsókn en þingið hefir ástæðu og tíma til, til að komast að ákveðinni niðurstöðu um það, hvað sannsýnilegt sje að veita mikla ívilnun á flutningskostnaðinum.

Það getur ekki komið til nokkurra mála að samþykkja dagskrá háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.), enda væri það brot á 27. gr. stjórnarskrárinnar að samþykkja á þennan hátt fjárveitingu, sem nemur 16. þús. kr. fyrir landssjóð. 27. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum“.

Jeg fæ ekki annað sjeð en að hið eina rjetta sje að samþykkja till. hv. 1. þm. Árn. (S. S.) um að vísa málinu til stjórnarinnar, og greiðir þá stjórnin þær skaðabætur, sem hún telur rjettmætar.

Samkvæmt 31. gr. þingskapanna er og beint óheimilt við umræðu út af fyrirspurn að gera nokkra ályktun. En rökstudda dagskráin verður þó sannarlega ekki talin annað en ályktun, því fremur sem í henni er heimiluð allhá fjárveiting, eins og jeg hefi bent á.

Þar á móti er það í fullu samræmi við 42. gr. stjórnarskrárinnar (12. gr. stjórnarsk. laga 1903) að vísa málinu til stjórnarinnar, eins og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) leggur til, því að grein þessi segir, að ef þingdeild þyki ekki ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni, þá geti hún vísað til ráðherra.

Bjarni Jónsson: Jeg man, að þetta ákvæði, um að ekki megi gera neina ályktun við umræðu fyrirspurnar, var með vilja sett, er þingsköpin voru samin.

Fyrirspyrjandi (Stefán Stefánsson): Það er misskilningur hjá háttv. þm N.-Þ. (B. Sv.), að það fari í bág við 27. gr. stjórnarskrárinnar að samþykkja dagskrá þá, sem jeg hefi borið fram. Fjeð á að taka af landsversluninni, en ekki úr landssjóði, og er slík veiting vel heimil, þó að ekki standi hún í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Sigurður Stefánsson: Skilist hefir mjer á stjórninni, að hún ætli að bæta flutningsgjaldið upp að einhverju leyti. Það gerir hún auðvitað ekki nema hún hafi fulla heimild til þess. Í landssjóðinn mun hún ekki hafa heimild til að seilast eftir uppbótinni, eins og háttv. þm. N.-Þ. (B.Sv.) hefir tekið fram, en úr landssjóðsversluninni hlýtur henni að vera heimilt að taka fjeð til þess. Hjer getur því vart verið að tala um, að með dagskránni sje framið brot á stjórnarskránni. En hitt getur orkað tvímælis, hvort rjett sje að ákveða uppbótina með ákveðinni upphæð í dagskránni. Þess ætti ekki heldur að vera þörf. Gera má ráð fyrir, að stjórnin vilji gera viðkomandi menn sem ánægðasta og fara einslangt og hún sjer sjer fært í þessu efni. Að þessu leyti hefði jeg heldur kosið, að ekki væri tiltekin ákveðin krónuupphæð.

Bjarni Jónsson: Jeg vil benda á, að ekki er leyfilegt að gera neina ályktun nú, í sambandi við fyrirspurnina. Svo skil jeg 31. gr. þingskapanna. Jeg get því ekki fallist á orð háttv. sessunauts míns, (S. St.).

Hins vegar þykir mjer sem það ætti að nægja, að stjórnin lofaði að þægja þessum mönnum, eftir því sem hún hefir heimild til, án frekari íhlutunar þingsins.

Gísli Sveinsson: Hvað efni þessa máls snertir, hefði jeg vel felt mig við, að umræðurnar enduðu með einhverri ályktun. Þó hefði jeg kosið, að hún væri nokkuð öðruvísi en rökstudda dagskráin. Jeg tel ekki ráðlegt að binda uppbótina, ef einhver ætti að vera, við ákveðna upphæð, og alveg er dagskráin orðin einskisverð ef seinni hlutinn er feldur aftan af henni, eins og háttv. fyrirspyrjandi (St. St.) nú virðist vilja. Það er einmitt mergur þessa máls, að einhverjum föstum reglum verði fylgt um flutningsgjöld með skipum stjórnarinnar.

Af þessum sökum sje jeg mjer ekki fært að greiða atkvæði með dagskránni, hvorki eins og hún var, og því síður eins og hún er nú orðin eftir þessa afturköku. Hvað viðvíkur því, hvort taka megi slíka

ályktun sem þessa út af fyrirspurn, skal jeg benda á það, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) flutti fyrirspurn hjer á þinginu í sumar, sem afgreidd var með rökstuddri dagskrá. Að vísu var sú ályktun feld, en það breytir engu. Afstaða þingmanna til málsins rjeð því. Jeg tek þetta fram til þess að benda á það, að áður á þessu þingi er eitt dæmi þess, að ályktun hafi verið gerð út af fyrirspurn í þessari hv. deild. Fyrir skömmu varð líka ágreiningur um það í hv. Ed., hvort rökstudd dagskrá skyldi teljast ályktun í svipuðu tilfelli. Það kom undir úrskurð forseta þar í deildinni, og hann úrskurðaði, að dagskráin yrði ekki talin ályktun, svo að hún kom til atkvæða. Jeg get ekki sjeð, að hægt sje að gera upp á milli dagskrár þeirrar, sem hjer hefir verið borin fram, og tillögu hv. 1. þm. Árn. (S. S.), sem hann nú hefir borið fram munnlega, um að vísa málinu til stjórnarinnar. Ef eitt er ályktun, þá er líka annað ályktun.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal að eins taka það fram, að það hefir ekki komið neitt það fram hjá stjórninni, sem bendi til þess, að hún hafi breytt öðruvísi en rjett var. Ef þingmenn lesa skýrslu þá, sem hjer hefir verið gefin, þá hljóta þeir að ganga úr skugga um það, að engin ástæða er til að áfellast stjórnina fyrir þessar ráðstafanir. Svo segi jeg ekki meira um það.

Viðvíkjandi deilunni um ályktun skal jeg taka það fram, að jeg átti nokkurn þátt í samningu þingskapanna. Þá var einmitt talsvert um þetta rætt, og var til þess ætlast, að út af fyrirspurn væri ekki leyft að bera undir atkvæði rökstudda dagskrá, ef í henni feldist sjerstök ályktun. Það mun vera rjett, að bæði fyr og síðar hafi verið bornar upp rökstuddar dagskrár, sem að þessu leyti brjóta í bág við þingsköpin. Aftur á móti er hitt ekki rjett, sem hv. þm. Dala. (B. J.) hjelt fram, að það að vísa til stjórnarinnar væri sama og að gera ályktun. Í 42. gr. stjórnarskrárinnar er það beint tekið fram, að ef þingdeild þykir ekki ástæða til að gera ályktun í einhverju máli, þá geti hún vísað því til stjórnarinnar. Tillaga hv. þm. Árn. (S. S.) er því fyllilega samkvæm bæði stjórnarskrá og þingsköpum.

Stefán Stefánsson: Eins og fram hefir verið tekið af hv. þm. V.-Sk. (G.Sv.) hafa fyrirspurnir verið afgreiddar með rökstuddri dagskrá í báðum deildum þingsins, svo að þessu leyti er hjer alls ekkert nýtt á ferðinni, enda hefi jeg ástæðu til að ætla, að það sje ekki dagskráin, sem hv. þingdm. eru á móti, heldur mun það vera málið sjálft, sem þeir vilja ekki láta fá framgang, eða aðra þá afgreiðslu, er við megi una fyrir þá, er verst hafa orðið úti, fyrir aðgerðir landsstjórnarinnar.

Einar Arnórsson: Mjer skilst, að samkvæmt 42. gr. þingskapanna sje ekki leyfilegt að bera upp tillöguna um það að vísa málinu til stjórnarinnar, því að jeg má segja, að einhver var búinn að tala á eftir flm. dagskrárinnar (St. St.) áður en hv. 1. þm. Árn. (S. S.) kom með þessa tillögu. En í 42. gr. þingskapanna stendur það berum orðum, að tillagan skuli fram borin áður en nokkur annar en flm. tekur til máls.

Jeg get ekki fallist á skýringu hæstv. forsætisráðh. á því, að það sje ekki ályktun að vísa máli til stjórnarinnar. Að vísu stendur í 42. gr. stjórnarskrárinnar, að vísa megi til stjórnarinnar, ef ekki sje gerð ályktun, en með því er auðvitað átt við ályktun um efni málsins. En sje máli vísað til stjórnarinnar, þá er að eins gerð ályktun um meðferð þess, en ályktun er það engu að síður. Jeg álít því, að ekki sje heimilt að bera þessa dagskrá undir

atkvæði, og það hafi líka verið óheimilt með þær dagskrár, sem áður hafa verið bornar upp, bæði hjer og í hv. Ed. Annars geta skoðanir manna á því verið skiftar, hvort dagskrá sje leyfileg eða ekki. Mönnum er heimilt að leggja sinn skilning inn í orð þingskapanna, ef sá skilningur getur staðist. En tilgangur þingskapanna með því að banna að gera ályktanir út af fyrirspurn, er auðvitað sá, að fyrirbyggja það, að komið sje með neitt það undir atkvæði, sem menn hafa ekki átt kost á að átta sig á. Ef þetta ákvæði væri ekki, þá væri hægt að koma með tillögur eða dagskrár og knýja þm. til að greiða atkvæði um þær án alls fyrirvara, ef málið er borið fram sem fyrirspurn. Ef þetta er látið dynja yfir menn óviðbúna, þá er engin trygging fyrir því, að þeir geti áttað sig á því, sem um er að ræða. Jeg held mjer við það, að hvorugt sje leyfilegt að bera undir atkvæði, tillögurnar eða dagskrána.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg verð að álíta, að hv. 2. þm. Árn (E. A.) hafi ekki athugað það, að 42. gr. þingskapanna ræðir um það, ef máli er vísað frá. Í 41. gr. er ákvæðið um það að vísa til ráðherrans. Hjer er ekki um neina frávísun að ræða, svo að hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hlýtur að hafa farið greinavilt.

Einar Arnórsson: Jeg verð að halda mjer við það, að tillaga hv. 1. þm. Árn. heyri undir 42. gr. þingskapanna, þar sem hún fer í þá átt að vísa dagskránni frá.

Forsætisráðherra (J. M.): Hv. 2. þm. Árn. hefir ekki gætt sín í þetta sinn, sem annars kemur mjög sjaldan fyrir.

Forseti: Út af ágreiningi þeim, sem orðið hefir um það, hvort heimilt sje, samkvæmt þingsköpunum, að bera undir atkvæði þær tillögur, sem fram eru komnar, þá leyfi jeg mjer að kveða upp þann úrskurð, að heimilt sje að bera upp til atkvæða þá tillögu, að vísa málinu til stjórnarinnar, samkvæmt 41. gr. þingskapanna, og verður sú tillaga þá að sjálfsögðu borin upp fyrst. Jeg verð sem sje að líta svo á, að ákvæði 41. gr. þingskapanna nái til allra mála, sem deildin hefir til meðferðar, hvort sem þau eru borin fram í frumvarpsformi, sem tillaga til þingsályktunar, eða sem fyrirspurn til landsstjórnarinnar. Það verður að álítast jafnheimilt að vísa hvaða máli sem er til stjórnarinnar, enda er ekki þar með gerð nein ályktun um efni málsins, sem hlýtur að vera átt við í 31. gr. þingskapanna, þar sem svo er ákveðið, að við umræðu um fyrirspurn megi enga ályktun gera. — Jeg ber því fyrst upp till. um það að vísa málinu til stjórnarinnar, en verði hún feld, kemur til álita, hvort heimilt sje að bera upp þær rökstuddu dagskrár, sem fram eru komnar.

Að loknum umræðum var málinu vísað til stjórnarinnar samkvæmt 41. gr. þingskapanna með 14 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., E. J., J. J., J. B., M. G., P. J., P. O., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þorl. J., Ó. B.

nei: E. A., E. Árna., G. Sv., M. P., M. Ó., S. St., St. St.

B. St. og J. M. greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (H. K., Þorst. J. og Þór. J.) fjarstaddir.

---

5. Úthlutun landsverslunarvara.

Á 14. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. júlí, var útbýtt

Fyrirspurn til stjórnarinnar um úthlutun landsverslunarvara (A. 147).

Á 15. fundi í Ed., fimtudaginn 26. júlí, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin leyfð með 12. shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., mánudaginn 6. ágúst, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að atvinnumálaráðherra hafði tjáð sig við búinn að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Magnús Torfason): Eins og sjá má á fyrirspurninni er henni beint til allrar stjórnarinnar.

Hjer er um ófriðarráðstafanir að ræða, sem öll stjórnin ber ábyrgð á. En jeg lít þó svo á, að fjármálaráðherrann beri þessa ábyrgð hinum ráðherrunum fremur gagnvart mjer og mínu kjördæmi, því að, eins og vjer vitum, var stjórnin valin þannig, að hver ráðherra var kosinn af sínum flokki, og þeir eru þess vegna fulltrúar þess flokks, sem kaus þá, ber að gæta hagsmuna hans og standa í ístaði hans.

Þessi fyrirspurn er fram komin af nauðsyn hjeraðsbygðarinnar, sem jeg hefi þann heiður að stjórna. Jeg gat ekki sjeð, að þessi hjeraðsbygð gæti látið úthlutunina fara fram í sama horfi og verið hefir, að því er Ísfirðinga snertir, án þess að gert væri eitthvað til þess að vita, eftir hverskonar reglum úthlutunin væri framkvæmd. Fyrirspurnin er því miðuð við Ísafjarðarkjördæmi, meðal annars líka af því, að jeg vildi geta svarað kjósendum mínum, hverjuig á því stendur, að þeir hafa verið afskiftir landsjóðsvörunum, að þeim finst. Vjer vitum að allmikill hörgull hefir verið á ýmsum nauðsynjavörum á Ísafirði, hvernig sem á því stendur, en það skal jeg ekki fjölyrða frekar um að þessu sinni. En það er vitanlegt, að því meiri hörgull sem er á nauðsynjavörum, þess harðari krófur verður að gera til þess, að úthlutun á þeim sje rjettlátlega framkvæmd og af skynsamlegu viti.

Fyrirspurnin á að eins við landssjóðsvörurnar, jafnvel þó að ástæða væri til að grenslast eftir, hverskonar ráðstafanir stjórnin hefði gert til þess að sjá um rjettlátlega úthlutun á vörum, sem aðrir hafa flutt til landsins. Jeg fæ ekki betur sjeð en að brestur hafi verið á rjettlátri úthlutun á landssjóðsvörunum, að því er til Ísafjarðar kemur, hvernig sem á það mál er litið, hvort heldur miðað er við landshætti, mannfjölda, atvinnuvegi eða þörf.

Jeg hefi reynt að grenslast eftir því, síðan jeg kom til Reykjavíkur, eftir hvaða reglu stjórnin hagaði útbýtingunni. En jeg hefi eigi getað fundið, að þar hafi verið farið eftir neinni reglu, nema ef vera skyldi þeirri, að hafa Ísfirðinga út undan. Jeg sá það, er jeg kom suður, að kjördæmi þetta hafði orðið út undan um úthlutun á sykri og kornvöru. Um það skal jeg ekki mjög fárast, jafnvel þó að einstaka barn kunni að hafa hrokkið upp af vegna sykurleysis; slíkt verður aldrei sannað. Það er sjerstaklega úthlutun á olíu og salti, sem jeg vildi minnast dálítið á. Eins og hæstv. stjórn er kunnugt hafa Ísfirðingar litið svo á, að þeir hafi ekki fengið þessar vörur í rjettu hlutfalli við mörg önnur hjeruð landsins.

Og þó var einmitt mest ástæða til að úthluta þessum vörum sem jafnast og rjettlátast, því að olía og salt er eins nauðsynlegt sjávarútveginum sem ljár og hrífa atvinnuvegi bóndans. Jeg skal ekki rekja þetta mál nákvæmlega nú. Jeg skal láta mjer

nægja að benda á nokkur atriði, til þess að hv. deild sjái, að jeg tala hjer ekki út í bláinn.

Í fyrsta lagi er það, að stjórnin hefir viðurkent með gerðum sínum, að Ísafjörður hafi orðið út undan með sykur. Um korn er það að segja, að Ísafjörður hafði fengið rúmar 60 smálestir af því, er jeg fór suður. Það var alt og sumt. En með því að í Ísafjarðarkjördæmunum eru samtals yfir 8000 manns, og þau eru þar að auki sjávarhjeruð, sem þurfa meiri kornmat en sveitirnar, má gera ráð fyrir, að þessi þrjú kjördæmi þurfi hjer um bil $^1/_{10}$ af þeim vörum, sem flytjast til landsins. Eftir því ætti alt það korn, sem til landsins hefir flust á þessu tímabili, frá því í febrúar og þangað til í júní, að vera um 600 smálestir, en vjer vitum, að það nemur þúsundum smálesta.

Af steinolíu fjekk sjávarútvegurinn á Ísafirði fáeinar tunnur, þangað til í júní. En vjer vitum, að á þeim tíma var ærið mikil olía notuð sunnanlands. Jeg hygg ekki of í lagt, þó að jeg segi, að þúsundum tunna hafi verið eytt hjer frá nýári til júníbyrjunar, sem ljósast má ráða af því, að hjer hafa verið stundaðar fiskveiðar alveg eins og á venjulegum tímum. En hjá oss vestra eyðilagði forsjónin vetrarvertíðina að mestu leyti. Gæftir voru ákaflega tregar. En á vorvertíðinni var hjer um bil steinolíulaust, svo að bifbátaflotinn varð að liggja inni svo að segja alla vertíðina. Það voru að eins nokkrir bátar, er fóru hingað suður til veiða, sem gagn varð að. Og eins og hæstv. stjórn er kunnugt um hafa hjeraðsbúar kvartað hvað eftir annað undan þessu.

Þá kem jeg að saltinu, og í því sambandi skal jeg geta þess, að 10., 16. og 26. apríl og 1. maí hefir bæjarstjórnin og sýslunefndirnar skýrt stjórninni frá fyrirsjáanlegu saltleysi og olíuleysi. Og árangurinn varð sá, að meira en 100 dögum síðar en stjórninni var fyrst tjáð frá þessum vandræðum kemur skip með salt. Eftir því, sem á undan var farið og stjórnin hafði látið í veðri vaka, bjuggumst við við því, að skipið yrði látið koma fyrst beina leið til Ísafjarðar, áður en það yrði sent á aðrar hafnir. En þetta brást. Skipið var fyrst sent til Austfjarða, og þar losað úr því nokkuð. Þegar saltið var pantað, var búist við, að smálestin mundi kosta 200 kr., en þegar til kom, kostaði hún 260 kr. Jeg var svo beðinn að útvega samþykki Ísfirðinga fyrir, að þeir vildu kaupa saltið með þessu háa verði. Síðan símaði jeg vestur daginn eftir, og fjekk það svar, að þeir vildu kaupa saltið við þessu verði. Smálestatalan var ákveðin, skyldi senda vestur 495 smálestir. En nokkru síðar heyri jeg sagt, að þessi smálestatala eigi ekki að fara eingöngu til Ísafjarðar, heldur líka á fleiri hafnir, og ekki einvörðungu til fiskverkunar, heldur einnig til þess að salta kjöt í haust. Og loks er mjer sagt, að Ísfirðingar eigi að fá einar 200 smálestir. Þegar svo var komið, hætti oss að standa á sama. Jeg vissi alls ekki, hverju jeg átti að svara, og jeg skildi ekkert í þessu.

Jeg sá mig því neyddan til að koma fram með þessa fyrirspurn í hv. þingdeild, og jeg vænti þess, að hv. þingdeildarmenn muni vera mjer samdóma um það, að mjer sje það vorkunnarmál, þótt jeg vilji fá að vita, eftir hvaða reglum úthlutunin fer fram.

Jeg vil taka það fram, að það hafa orðið nokkrar breytingar á úthlutun landssjóðsvara síðan fyrirspurnin kom fram, og þykir mjer líklegt, að þær breytingar sjeu nokkuð til bóta. En jeg verð að líta svo á, að það sje fullkomin ástæða til þess, að þingið fái að vita, eftir hvaða reglum stjórnin úthlutar vörunum.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það stendur víst á dagskránni, að atvinnumálaráðherrann svari fyrirspurn þessari,

sem hjer liggur fyrir, og skal jeg reyna stuttlega að svara þessari fyrirspurn, er hv. þm. Ísaf. (M. T.) ber hjer fram, þótt jeg hins vegar sje honum samdóma um það, að fyrirspurnin taki til stjórnarinnar í heild sinni. Að því er snertir einstök atriði í ræðu hv. flm. (M. T.), þá mun hæstv. fjármálaráðherra (B K.) svara þeim, eftir því sem ástæða er til, en jeg tala hins vegar um málið alment og reglur þær, er fylgt hefir verið.

Mjer finst það ekki vera nema eðlilegt, þótt hv. þingdeildarmenn vilji fá að vita reglurnar, og það er líka væntanlega vegna þess, að þeir hafa leyft fyrirspurnina.

Hv. flm. (M. T.) drap á það, að nú á síðari tímum hefði úthlutunarreglunum verið breytt, en það er ekki alls kostar rjett; þær hafa miklu fremur náð meiri *festu* heldur en að þeim hafi breytt verið. Það var ekki nema eðlilegt, að stjórnin yrði fyrst eins og að þreifa sig áfram, en þrátt fyrir það hefir altaf verið sama meginreglan, *öðrum megin* vörubirgðirnar, *og hinum megin* þarfirnar á hinum einstöku stöðum, eftir því er landsstjórnin vissi best, af skýrslum, er henni voru sendar, sem raunar bárust nokkuð seint, svo að mikið varð að fara eftir því, er þörf taldist, að áliti stjórnarinnar.

Skömmu eftir síðastliðið nýár var tekin upp sú regla, að úthlutun varanna fór fram gegnum sveitarstjórnarvöldin, bæjarstjórnir eða sýslunefndir; áður var lítið eitt af vörum, aðallega af sykri, selt til kaupmanna hjer í Reykjavík, en það kom brátt í ljós, að sú úthlutun kom misjafnlega niður, ekki af því, að kaupmenn seldu einstökum mönnum sjerlega misjafnt, heldur af því, að sumir menn gengu búða á milli og keyptu hjá mörgum sama daginn. Við því varð að gera, og þá var það ráð tekið að fela sveitarstjórnarvöldunum úthlutunina, og þau kusu síðan menn sjer til aðstoðar og ráðuneytis. Þetta held jeg að hafi gefist vel, alment skoðað.

Síðan þetta fyrirkomulag var tekið upp hafa, eftir því sem unt er, vörur verið látnir úti eftir pöntunum sveitarstjórnarvaldanna. Samt vil jeg biðja menn að gæta vel að því [því að það snertir nokkuð ræðu hv. flm. (M. T.)], að Ísfirðingar höfðu fengið nokkru minna af vörum en ýms önnur hjeruð, þegar fregnir bárust hingað í vetur um, að hætta væri á því, að ís væri að leggjast að Norðurlandi; þá var það ráð ráðið að senda allmiklu meira en ella hefði verið á flesta þá hafnarstaði landsins, þar sem veruleg ishætta er, eða á svæðið frá Horni að Langanesi. Það var aðallega matvara, sem þangað var send. Stjórnarráðið varð að líta svo á, að það væri miklu minni hætta á því, að vöruflutningar stöðvuðust til Reykjavíkur og annara íslitilla eða íslausra hafna heldur en þangað og því væri rjettara að birgja Norðurland svo, að það væri ekki í neinni verulegri hættu, þótt ís legðist þar að landi.

Þannig er þá sú meginregla, er stjórnarráðið hefir viljað fara eftir. Vitanlega má það vera, að einhver mistök hafi þar átt sjer stað, alveg eins og þau hafa að líkindum átt sjer stað einhversstaðar hjá sveitarstjórnarvöldunum, en um það vantar skýrslur, og eins hygg jeg það, að skýrslur vanti um hitt, að úthlutun landsstjóðsvaranna hafi farið illa úr hendi af hálfu landsstjórnarinnar, og ræða háttv. fyrirspyrjanda (M. T.) sannar alls ekkert í því efni.

Það hefir ekki verið venja mín að eyða löngum tíma fyrir hv. þingdeild með ræðuhöldum, en vegna þess, að mál þetta hefir mikla þýðingu, þá vil jeg reyna að rekja það nokkru nánar og reyna að gera það sem ljósast fyrir alla.

Vil jeg því með örfáum orðum minnast á aðalflokkana.

Fyrsti flokkurinn er *matvaran.*

Það hefir verið safnað skýrslum um land alt um matvöruforða landsmanna. Fyr en þær skýrslur komu var það ekki fyllilega ljóst, *hvar* þörfin var brýnust, eða hve mikið ætti að senda til hvers staðar; áður varð að fara eftir umsögn hlutaðeigandi hjeraðsvalda. Við það að athuga skýrslurnar kom það í ljós, að matvöruforði var langsamlega minstur í Reykjavík, og það er eðlilegt; þar eru samgöngur bestar, og hefir nærri því mátt treysta því, að ferð sje á mánuði hverjum. Um eitt skeið var matvælaforðinn svo lítill hjer í Reykjavík, að matvælanefnd bæjarins taldi það beinlínis hættulegt, hversu mikið væri flutt burt úr bænum, en það, hversu þá var sent mikið burt, stafaði af því, að menn óttuðust, að ís legðist að landinu, eins og jeg mintist nýlega á. Síðan í maí, að talningin fór fram, hefir verið hægt að fullnægja pöntunum þeim, er komið hafa, og óhætt mun mjer að fullyrða það, *að Ísfirðingum hafi ekki verið neitað* um neina matvörupöntun, er þeir hafa gert, enda vildi hv. fyrirspyrjandi (M. T.) ekki halda því fram, að svo hefði verið.

Samkvæmt hagskýrslunum fyrir árið 1913 eiga að nægja 150 kg. um árið fyrir manninn, og eftir því hefir úthlutuninni verið hagað, og ekki hafa komið fram kvartanir yfir því, að skamturinn væri ónógur. Og nú um skeið hafa nógar matvörubirgðir verið fyrirliggjandi til úthlutunar, af þeim matvörutegundum, sem landssjóðsverslunin annars hefir pantað. Jeg fæ því eigi sjeð, að matvöruúthlutun landsstjórnarinnar sje á neinn hátt vítaverð.

Önnur vörutegundin er *sykurinn.* Þar hefir verið tekin upp sú regla, og er hún gerð með hliðsjón til hagskýrslna fyrir árið 1913, að áætla 2 kíló á hvern íbúa í sveit til 9 vikna, en á hvern íbúa í kaupstaðar- eða sjávarsveit 3 kíló til 9 vikna. Viðvíkjandi þessum tveim vörutegundum hafa þá reglurnar verið þær, sem jeg hefi nú greint.

Þriðja vörutegundin er *kaffið.* Af því hafa altaf verið nægar birgðir, svo að það hefir altaf verið hægt að fullnægja öllum óskum, er hafa komið fram um það.

Þá er fjórða vörutegundin, *steinolían.*

Áður en skýrslur komu til stjórnarráðsins um það, hve mörg hestöfl væru rekin á skipum og bátum á hverjum stað með olíu, var úthlutun hennar hagað svo, að olían var aðallega send eftir því, *hvernig stóð á með vertíðir*, hvort þær voru að byrja, stóðu sem hæst eða voru að enda, og þeir staðir, þar sem vertíðin var að byrja, voru einkum látnir sitja fyrir olíunni, því að hennar var talin þar brýnust þörf, en þó með þeirri von, að fljótt væri hægt að senda hinum, er hennar óskuðu. En út af því hefir brugðið meir en ætlað var, mest vegna þess, að olíuskip hafa farist á leið til landsins, en líka vegna tafa á þeim. Það hafa aldrei verið nógu miklar birgðir af steinolíunni, og því hefir orðið að haga afhendingunni eftir því, *hvar þörfin var brýnust* í þann og þann svipinn.

Fimta vörutegundin er *kolin.* Fram í aprílmánuð var mest af kolunum látið af hendi handa botnvörpungum, sem skorti kol til vorvertíðarinnar, einnig handa brauðgerðarhúsum og opinberum stofnunum. En nú hefir engu verið hægt að miðla nú um nokkurt skeið, og Reykjavíkurbær síðan fengið kolaskip.

Loks er sjötta og síðasta vörutegundin, *saltið.* Af þeirri vörutegund hefir landsstjórnin að eins fengið eina skipshleðslu, og mun um úthlutun hennar hafa farið sem næst því, sem háttv. fyrirspyrjandi (M. T.) skýrði frá, að það gekk til Austfjarða og Vestfjarða aðallega, þar sem þörfin var brýnust. Einnig fjekk eitt botnvörpuskip dálitinn hluta til síldveiðitímans.

Hygg jeg, að rakalítið sje að telja þessa úthlutun óheppilega eða rangláta.

Jeg vona, að jeg hafi þá gert allljósa grein fyrir *reglum* þeim, er fylgt hefir verið um úthlutun landssjóðsvaranna, og þá þykist jeg hafa svarað fyrirspurninni sjálfri, eins og hún liggur fyrir.

Jeg skal ekki fara að rekja það, hvernig stjórnarráðinu hefir hepnast þetta, enda eru naumast gögn til, til þess að gera það svo, að vel sje.

Það má öllum vera skiljanlegt til fullnustu, að meðan forðinn var lítill — og það er hann enn af sumu — þá muni ekki vera auðið að fullnægja öllum óskum og kröfum, sem fram kunna að koma, og eins má það öllum vera ljóst, að á meðan allar skýrslur vantaði þá var ekki til fulls hægt að fylgja þeim meginreglum út í ystu æsar, sem stjórnin hafði sett sjer.

Hitt þekkja menn svo vel úr daglega lífinu, að mönnum hættir ofmjög til þess að telja sjer íþyngt, eða telja sig afskifta sjerstaklega, án þess að hirða um rök eða rjettar skýrslur. Og má vera, að slíkt megi heimfæra til þessa máls gagnvart landsstjórn og hjeraðastjórnum.

Jeg býst við því, að hæstv. fjármálaráðherra (B.K.) muni skýra nánar ýms einstök atriði í ræðu háttv. fyrirspyrjanda (M. T.), og læt jeg mjer því nægja þetta svar um spurninguna alment.

Fyrirspyrjandi (Magnús Torfason): Úr því að enginn annar hefir kvatt sjer hljóðs, þá vildi jeg segja nokkur orð. (**Atvinnumálaráðh.**: Vill ekki þm. tala hærra?). — Jeg skal reyna að tala svo hátt, að stjórnin heyri það.

Það voru í rauninni góð og gild svör, sem hæstv. atvinnumálaráðherra gaf fyrir hönd landsstjórnarinnar um það, hvernig hún *ætlaði* sjer að haga úthlutun varanna, eða ef til vill rjettara sagt um það, hvernig hún hefði *átt* að haga henni, en um það, hvernig hún hefði í raun og veru hagað úthlutuninni, svaraði hann engu.

Jeg þykist vita það, að landsstjórnin, og þá ekki síst hæstv. atvinnumálaráðherra, hafi viljað, að úthlutun varanna kæmi sem rjettast niður, en jeg vil minna á það, að það er alt annað góður vilji og ásetningur en hitt, að geta framkvæmt þennan góða vilja.

Jeg vil snúa mjer ítarlegar að einstökum atriðum, sem upplýsa málið og sýna það ljóslega, að umkvörtun mín er ekki gerð út í bláinn.

Í vetur var sykur sendur vestur til Ísafjarðar. Svo í vor, þegar sykur var sendur vestur og farið var að reikna út, hversu mikinn sykur Ísfirðingar ættu að fá, þá kom það í ljós, að þeir höfðu ekki einu sinni fengið meðalbirgðir af sykri samkvæmt reglum þeim, er stjórnarráðið hefir sjálft sett. Og það sjá allir, að þetta er þeim mun verra, þar sem Ísfirðingar og sýslubúar eru mjólkurlausir flestir, og áttu því að fá sykurinn eftir stærri skamti stjórnarinnar, hlutföllin 3 móti 2, móts við mjólkurframleiðendur. Það er því beint viðurkent af stjórnarráðinu sjálfu, að Vestur-Ísafjarðarsýsla, Norður-Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður hafi orðið út undan í sykurúthlutuninni.

Um kornvörurnar get jeg látið mjer nægja að vísa til þess, að þegar vörubirgðirnar voru taldar upp síðastliðinn 30. maí, þá voru kornvörubirgðir þar til $2^1/_2$ mánaðar, en þar af voru kornvörubirgðir til úthlutunar að eins til eins mánaðar, en þá voru birgðir til úthlutunar:

Í Strandasýslu . . . . til $5^1/_2$ mánaðar,
- Húnavatnssýslu. . . — 4 mánaða,
- Skagafjarðarsýslu . — 5 —
- Eyjafjarðarsýslu . . — $5^3/_4$ mánaðar,
- Þingeyjarsýslu . . . — $5^1/_2$ —
- Norður-Múlasýslu . — $3^3/_4$ —

Hæstv. atvinnumálaráðherra sagði, að ástæðan til þess, að svona miklar birgðir

hefðu verið sendar norður, hefði verið sú, að stjórnarráðið hefði talið hættu á því, að ís legðist að Norðurlandi, en þótt íshorfur væru, þá virtist vera ónauðsynlegt að birgja sýslurnar þá upp að vörum alt til októberloka.

Fyrst að það kom í ljós, að svona var með birgðirnar, þá hefði mátt ætla, að næsta kornvörusending hefði verið send til Ísafjarðarsýslna og kaupstaðar, en því fór fjarri, að svo yrði. — Nei — næsta sending var send til Norður- og Austurlandsins, einmitt þangað, sem mestar kornvörur voru fyrir.

Jeg skal ekki sakast um þann skaða, sem þetta misrjetti getur orsakað oss þar vestra, þótt hann hins vegar geti orðið allmikill. Það sjá allir, að það getur munað miklu á verði vörunnar, hvort hún er keypt upprunalega fyrir hátt eða lágt verð, og nú, þegar vöruverðið hefir stöðugt farið hækkandi, er ljóst, að fjárhagslegt tjón er að þessu fyrir hjeruð þessi, og það ekki svo lítið. (**Atvinnumálaráðherra** brosti). En hæstv. atvinnumálaráðherra getur brosað, hann stendur með pálmann í hendinni. Hann hefir sjeð vel fyrir sínum sveitum og landbúnaðinum þar nyrðra, sem hann sjerstaklega er fulltrúi fyrir.

Eftir að talning á hestöflum fór fram kom olíusending vestur, þá er vorvertíð og síldarvertíð stóð fyrir dyrum. Við fengum — jeg játa það — í það sinn olíu nokkurn veginn á hestafl á við flesta, en þó vildi þar verða misbrestur á, því að Austfirðingar fengu mun meira. Ísfirðingar fengu alls og alls 1200 tunnur af olíu á 1986 hestöfl, en Austfirðingar 780 tunnur á 1143 hestöfl, og sjá allir, að hlutfallið verður talsvert hærra hjá Austfirðingum.

Yfir þessu kvörtuðu Ísfirðingar, því að þörfin var sár hjá þeim.

Næsta olíusending til landsins var með Francis Hyde, tæpar 600 tunnur, og svo með Lagarfossi, líðlega 500 tunnur, eða alls um 1100 tunnur. Ísfirðingar áttu svo að fá sinn hluta af þeim. En hvað skeður? Þeir fá 40 tunnur, í stað þess að þeir áttu að fá eftir hestöflum milli 2 og 300 tn., en miklu meira miðað við þörfina.

Þó er einnig vert að geta þess, að stjórnin tók ekki þessa olíu í sínar hendur. Þar var hún næsta ódjörf, enda varð einnig tilfinnanlegt misrjetti á úthlutuninni. Það er kunnugt, að bátar, sem komu olíulausir frá Kaupmannahöfn, fóru með 35 tunnur af steinolíu norður á Siglufjörð. Og fleiri dæmi þessu lík mætti telja til. Jeg trúi því vel, að hæstv. stjórn hafi *viljað*, að úthlutunin yrði sem rjettlátust, en það lítur út fyrir, að hún hafi ekki gert nógu kröftugar ráðstafanir til þess að framfylgja þessum góða vilja sínum. Henni átti þó að geta verið það ljóst, að full ástæða var til þess að ganga sem ríkast eftir því, að úthlutunin á þessari nauðsynjavöru yrði sem rjettust. Alkunnugt er, hversu mikil áhersla er lögð á rjettláta úthlutun í útlöndum á þessum tímum, og það hefir jafnvel borið við, að keisari veltist úr stóli sökum þess, hve úthlutun á vörum var ábótavant. Jeg vænti þess, að hæstv. stjórn sjái nú um það, að úthlutunin fari framvegis reglulegar fram en hingað til. Og jeg finn ástæðu til að brýna það fyrir henni að hafa fult yfirlit yfir það, sem gera á, en treysta ekki ofmikið undirtyllum sínum, sem verða fyrir áhrifum frá ýmsum mönnum og rugla fyrir stjórninni þeim ráðstöfunum, sem hún hefir sjálf ætlast til að framkvæmdar yrðu.

Eftir því, sem jeg veit best, hafa bjargráðanefndir þingsins ekki skift sjer neitt af þessu máli, en mjer virðist svo, sem það ættu þær að gera. Þær ættu að athuga úthlutunina og bera sig saman við stjórnina um, hvað gerlegast sje til þess að kippa henni í lag. Það er öldungis óvíst, að ekki kreppi enn meir að og að

enn meiri ástæða verði til þess að hafa fullkomna gát á úthlutuninni.

Jeg get ekki varist því að líta svo á, að hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) eigi nokkra sök á því, hvernig kjördæmi það, sem jeg er fulltrúi fyrir, hefir verið afskift. Kjördæmið átti sjerstakan aðgang að honum, af þeim ástæðum, sem jeg hefi áður drepið á, og það hafði sjerstaka ástæðu til að krefjast þess, að hann stæði í þess ístaði.

Jeg skal svo að lokum leyfa mjer að bera fram svo hljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár:

Í því trausti, að bjargráðanefnd taki til íhugunar úthlutun á nauðsynjavörum, gengur deildin til næsta máls á dagskrá.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg ætla að minnast á það eitt að þessu sinni, að hv. fyrirspyrjandi (M.T.) hefir ekkert út á meginreglur þær að setja, sem stjórnin hefir sett sjer með úthlutunina á vörum landsverslunarinnar. Um úthlutunina sjálfa má vitanlega lengi deila, enda er það ekki neitt aðalatriði í þessu máli og fyrirspurninni óviðkomandi.

Að öðru leyti skal jeg geta þess, að jeg legg ekki á móti hinni rökstuddu dagskrá, sem fram er komin. Stjórninni mundi verða það mikill styrkur, ef bjargráðanefnd vildi sinna þessu máli af einlægum umbótahug, og hún mun verða fús til þess að taka til greina bendingar frá henni.

Karl Einarsson: Mig langaði til að segja fáein orð. Finst mjer það ekki eiga vel við, að fyrirspyrjandinn (M.T.) taki einn til máls, því að þeir munu vera fleiri þingmennirnir, sem hafa hitt og annað um vöruúthlutunina að segja.

Hæstv. atvinnumálaráðherra gat þess, að meginreglan, sem stjórnin hefði farið eftir við úthlutunina, væri sú að líta á birgðirnar, sem væru fyrir hendi, og þarfir landsmanna. Og um þarfirnar gat hann þess, að stjórnin hefði farið eftir skýrslum um þær *og öðrum atvikum*. Jeg undirstrika þetta orðalag, því að mjer þykir það æði einkennilegt, og mun jeg drepa síðar nokkru nánar á það. En jeg ætla nú að líta á, hvernig stjórnin hefir úthlutað sykri og matvælum og öðrum vörum til Vestmannaeyja, með þessa reglu fyrir augum. Jeg get ekki borið um það, hvernig úthlutuninni út um landið hefir verið hagað, því að þar þekki jeg ekki nógu vel til.

Þess er þá fyrst að geta, að í janúarmánuði hafði verið sykurlaust í Vestmannaeyjum frá því í október f. á. Reyndar höfðu komið 5 tonn í nóvember af púðursykri, en hann var allur rifinn út á einum degi, eða því sem næst, fyrir jólin. En í janúar komu 3500 kg. af sykri, eftir ráðstöfun stjórnarinnar. Jeg fjekk brjef um það áður, að von væri á þessu, og notaði jeg þá tækifærið til þess að tala um það við stjórnina, hvort ekki væri rjett að úthluta þessum sykri strax meðal almennings. Jeg skal taka það fram í þessu sambandi, að þegar jeg tala um stjórnina, þá á jeg einnig við þá menn í stjórnarráðinu, sem hafa umboð til þess að taka ákvarðanir fyrir stjórnarinnar hönd. Jeg skýrði stjórninni frá, að allur almenningur væri sykurlaus, þó að einstaka maður ætti ef til vill eitthvað talsvert af þeirri vöru. Stjórnin vildi ekki fallast á tillögu mína um úthlutunina, en fjekk kaupmönnum sykurinn til sölu, þó með þeim ummælum, að selja skyldi hann í smásölu. Afleiðingin var sú, eins og hægt var að sjá fyrir, að sykurinn gekk allur upp á fám dögum. Menn gengu búð úr búð og keyptu 10 eða 20 kg. á hverjum stað, og ekki er með öllu grunlaust, að það hafi

komið fyrir, að kaupmenn hafi stundum selt í stærri skömtum. En svo fór, að allur almenningur var algerlega sykurlaus í byrjun febrúarmánaðar. Jeg tilkynti, samkvæmt fyrirspurn frá stjórnarráðinu, að Vestmannaeyjar þyrftu 55000 kg. af sykri til júníloka. Það jeg hvað eftir annað um sykurinn í síma, og eftir að símasambandið til lands var slitið, brjeflega, og gat þess, hve illa stæði á vegna mislinganna. Sá vágestur hafði borist til Eyjanna fyrir sjerstakt slys og af þessum þrem orsökum, sviksemi, misgáningi læknis og óviljaverki, eftir að við höfðum varist í 6 mánuði. En, svo að jeg snúi mjer að vörunum, þá komu, fyrir ítrekaða beiðni, 13. mars, 360 kg. af sykri, og var honum úthlutað fyrir ítrekaða beiðni, en þá kom það í ljós, að 1894 menn, eða 324 fjölskyldur, voru sykurlausir, og er hægðarleikur fyrir hv. þingdeildarmenn að reikna út, hve mikið hefir orðið á hvern mann.

Litlu betur fór með matvæliu. Það var landsstjórninni að kenna, að hveitilaust var svo að vikum og mánuðum skifti, og í annað sinn rúglaust. Hvorttveggja var stjórninni að kenna, því að hún hafði fullkomnar skýrslur um, hvernig ástatt var, og hafði hins vegar vörurnar og gat sent þær.

Þá er að segja frá olíunni, saltinu og kolunum. Olíusagan er harla einkennileg. 20. febrúar þegar 18 dagar voru liðnir af vertíðinni, voru 411 tunnur til af steinolíu, en mótorbátarnir voru 65. Þessi talning fór fram að tilhlutun stjórnarráðsins, ef jeg man rjett En svo fór aftur talning fram 20. apríl, eftir tvo mánuði og þegar langt var liðið á vertíð. Það kom þá í ljós, að enn voru til 160 tunnur, enda hafði komið olía í millitíð og enginn tilfinnanlegur skortur orðinn enn. En það var aðgætandi, að þessi olía var nú í höndum einstakra manna, og 17 útgerðarfjelög voru olíulaus. En jeg verð að taka það fram, að nokkur af þeim fjelögum áttu þó von á hlutdeild í olíu, ef hún kæmi. Jeg lagði það nú til, í brjefi til stjórnarráðsins, að þessi olía, sem til var, yrði tekin eignarnámi og henni úthlutað, svo að allir fengju þó eitthvað, og til þess að unt yrði að hafa hönd í bagga með því, að hún yrði ekki notuð í óhófi, því að það er alkunnugt, að mikið má spara olíu og sjerstaklega salt, fram yfir það, sem venjulega á sjer stað. Stjórnarráðið svaraði þessari tillögu eftir langan tíma á þá leið, að hún gæti ekki komið til mála, sökum þess, að ekki lægi nein tillaga fyrir frá sýslunefnd og hreppsnefnd. Nú er það aðgætandi, að í lögunum um ófriðarráðstafanir er tekið fram, að stjórnarráðið eigi að afla sjer upplýsinga um, hvort neyðarástand sje fyrir hendi. Þessar upplýsingar fjekk það hjá mjer, svo að svarið var í raun og veru algerlega út í hött. Jeg fylgdi þó þessari reglu framvegis og ljet nú sýslunefndina og hreppsnefndina biðja um alt, en jeg veit ekki betur en að kröfur þeirra hafi þá fyrst verið teknar til greina, er öll olía var búin.

En þótt svona illa liti nú út með olíuna, þá rættist betur úr því en á horfðist. Það var gæftaleysi mikið, og sparaðist við það olía, en það var vissulega ekki stjórninni að þakka. En eftir 20. apríl urðu gæftir góðar og landburður af fiski, og hefir það haldist til þessa dags. Og þá fór svo, að margir bátar urðu að hætta við veiðar vegna olíuleysis, og það var landsstjórninni að kenna. Alt var gert, sem hægt var, til þess að bæta úr þessu. Bátar voru sendir hingað eftir olíu, og þeir komu tvisvar með jarðolíu, sem rafmagnsstöðin átti hjer. Þær 40 tunnur, sem þannig náðist í, hafa gefið á annað þúsund krónur hver í ágóða. En svarið, sem bátarnir fengu, er þeir báðu landsstjórnina um olíu, var, að nóg olía væri til í Vestmannaeyjum! Fór landsstjórnin í þessu efni eftir „öðrum atvikum“,

eins og hæstv. atvinnmálaráðherra komst að orði. Leynilegu hjali óhlutvandra manna var betur trúað en opinberum skýrslum. Jeg skrifaði stjórnarráðinu um þetta og kvað það vera í fyrsta skifti, að skýrslur mínar væru rengdar og betur væri trúað tali óviðkomandi manna. Veit jeg ekki til þess, að stjórnarráðið hafi enn fundið ástæðu til þess að gefa mjer áminningu fyrir það brjef.

En nú kem jeg loks að toppkórónunni í þessu máli. Bisp kom frá útlöndum með olíu um mánaðamótin maí og júní. Stjórnarráðinu var kunnugt um, að olíulaust var í Vestmannaeyjum, og það vissi ekki betur en að þar væru 65 mótorbátar, sem ætti að gera út um sumarið. En þegar til kom, þá fengu þessir 65 bátar 50 tunnur af olíu. Mjer þótti þetta svo hlægilegt, að mig rak alveg í rogastans. En hvað fæ jeg að vita, þegar jeg fer að spyrjast fyrir í stjórnarráðinu um, hvernig á þessu standi? Svarið er, að það liggi engin beiðni fyrir um olíu frá sýslumanninum í Vestmannaeyjum; að vísu hafi komið fram beiðni í sýslufundargerðum, og sje ekki mark á því takandi! En jeg hafði einmitt látið mjer fyrri fyrirmæli stjórnarráðsins, um að slíkar beiðnir yrðu að koma frá hrepps- og sýslunefndum, að kenningu verða, og látið sýslunefnd og hreppsnefnd biðja um 500 tunnur af olíu. Og nú komu ekki nema 50 tunnur. Og jeg verð að taka það fram, að þetta, sem beðið var um, var ekki meira en Vestmannaeyjar áttu fullkomlega heimtingu á, samkvæmt nákvæmum útreikningi á því, hvað bátarnir þyrftu að nota um sumarið. Það ganga þaðan 18 bátar, og er einn þeirra flutningabátur. Þessi flutningabátur er bráðnauðsynlegur til þess að halda uppi sambandinu við Vík og Stokkseyri. Hefði þessi olía komið, þá hefði það verið nægilegt til þriggja mánaða handa bátunum og auk þess til eldiviðar í heimahúsum. Því að stjórnarráðinu var sömuleiðis kunnugt um það, að eldiviðarlaust var í Vestmannaeyjum hjá öllum þeim, sem höfðu ekki getað birgt sig upp fyrir löngu.

Í vor var á þingmálafundi í Vestmannaeyjum samþykt með öllum greiddum atkv. yfirlýsing, þar sem lýst er yfir mjög megnri óánægju yfir flutningi og úthlutun á steinolíu til Vestmannaeyja, þar sem tómlæti stjórnarinnar í þeim efnum hefir ekki einungis bakað mörgum eignatjón, heldur er ekki loku fyrir það skotið, að það hafi spilt heilsu manna, því að fjöldi manna var eldiviðarlaus um langan tíma. Hreppsnefndaroddvitinn í Vestmannaeyjum getur best borið um þetta, því að hann hafði mest afskifti af þessu máli. Loks sendi stjórnin 3 tunnur af steinolíu, er sjerstaklega voru ætlaðar til eldsneytis, og var það fyrir áeggjan manns, er var staddur í Reykjavík og gat lýst ástandinu ákakanlegar en hægt er í brjefum. Og þó að skýrt hafi verið frá því í brjefum til stjórnarinnar, að fólk hafi komið grátandi og beðið um olíu á „primus“-vjel, þar sem það gat ekki heldur kveikt upp í eldavjel sinni, þá er það samt fyrst fyrir milligöngu þessa manns, að landsstjórnin veitir Vestmannaeyingum úrlausn.

Nú nýlega hefi jeg heyrt, að senda ætti 195 tunnur af steinolíu til Vestmannaeyja. Ekki veit jeg, hvort hjer er farið eftir reglunum um fyrirliggjandi birgðir annars vegar og þarfir hins vegar. Þætti mjer gaman að heyra, hvaða úthlutunarreglum hjer er fylgt.

Eins og jeg hefi þegar tekið fram var það gæftaleysinu að kenna, eða öllu heldur að þakka, að ekki varð olíulaust fyr en í síðustu viku vetrarvertíðarinnar, og einnig því að þakka, að stjórnin varð sjer ekki til minkunar um saltleysi, þar sem henni þó var í lófa lagið að koma í veg fyrir það, hefði hún farið eftir tillögum mínum og sýslunefndarinnar.

Þá kem jeg að kolunum. Jeg hafði fengið vitneskju um það, að það væru hrepps- og sýslunefndir, sem ættu að biðja stjórnarráðið um vörur. Bað þá sýslunefnd um 100 tonn af kolum. Svo leið og beið. Þá kom „Ceres“ úr fyrstu England-ferð sinni með kolafarm. Þeim farmi var úthlutað í Reykjavík og að einhverju leyti út um land, að jeg hygg. Og er hún kom til Vestmannaeyja á útleið, hafði hún engin kol þangað. Voru þá á ný send símskeyti og brjef til stjórnarráðsins, og kom þá upp úr dúrnum, að engin beiðni hefði legið fyrir þess efnis frá Vestmannaeyingum. Þá var brugðið við og sent til Eyjanna það, sem einn vjelbátur gat tekið, eða 25 smálestir. Það er alt og sumt, sem þangað hefir komið af kolum.

Jeg vona, að háttv. deild samþykki dagskrá þá, sem komið hefir fram. Jeg lít ekki á dagskrána sömu augum sem hæstv. atvinnumálaráðherra, að í henni felist traustsyfirlýsing til stjórnarinnar, heldur hið gagnstæða. Álít jeg, að ekki að eins eigi að athuga, hvað stjórnin hefir gert, heldur öllu fremur, hvernig úthlutuninni yrði haganlegast komið fyrir framvegis, og umfram alt, að sú handahófsskifting hverfi, sem fer fram eftir því, hve einstakir menn eru duglegir að liggja í eyrum stjórnarinnar með umkvartanir sínar.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Í hinni *skýru, löngu* og *velviljuðu* ræðu sinni vill hv. þm. Vestm. (K. E.) skýra frá því, að landsstjórnin hafi bygt á hlaupafregnum við úthlutun verslunarvara landssjóðs. Jeg verð að lýsa yfir því, að þessi staðhæfing hv. þm. (K. E.) er gersamlega röng. Hin *önnur atvik*, er jeg drap á, lutu að *flutningstækjum* og *hafís fyrir Norðurlandi*, en ekki að hviksögum.

En þar sem hv. þm. (K. E.) sveigði því að landsstjórninni, að hún úthlutaði vörunum eftir því, hve duglegir menn væru að mæla fram með sjer og liggja í eyrum hennar, þá ætti hlutskifti Vestmannaeyinga ekki að vera svo rýrt, eftir dugnaði sýslumanns þeirra. (K. E.: Síminn var slitinn lengst af). Já, jeg átti von á ákúrum fyrir það, að hann var ekki bættur þegar í stað; ákúra um *það* hefði verið í samræmi við sumt annað í ræðu þessa hv. þm. (K. E.: Jeg veit ekki betur en að gert hafi verið það, sem unt var).

Fjármálaráðherra (B. K.): Hæstv. atvinnumálaráðherra hefir svarað þeirri fyrirspurn, er fyrir liggur. En af því að hv. fyrirspyrjandi (M. T.) hvíslaði því að mjer, að mjer væri tryggara að koma hingað og hlusta á það, sem talað yrði til mín, þá hefi jeg gert það. En annars vil jeg taka það fram, að stjórnin hefir skift þannig verkum með sjer, að úthlutun verslunarvara landssjóðs heyrir undir 2. skrifstofu í stjórnarráðinu og hæstv. atvinnumálaráðherra. Þó að stjórnin öll í sameiningu geri ályktanir um allar stærri ráðstafanir, svo sem skipakaup, innkaup á vörum og lántökur, þá er það þó ekki allra ráðherranna að skera úr, hvert sjerhver sekkur eigi að fara. Öðru máli er að gegna, þó að einstakir menn snúi sjer til einhvers ráðherranna og biðji hann um að hafa áhrif á eitthvert mál, svo sem hv. þm. Ísaf. (M. T.) hefir farið á leit við mig. Það tel jeg eðlilegt og sjálfsagt.

Hv. fyrirspyrjandi (M. T.) gat þess, að hann fyndi ástæðu til að minna fjármálaráðh. á, að það væri skylda hans gagnvart kjördæmi sínu og sjer að sjá um, að það hefði nægar vörur að tiltölu við önnur hjeruð. Þetta getur vel verið. En þegar jeg gekk í stjórnina, gekk jeg ekki í hana sem flokksráðherra, heldur með þeim ásetningi að gera alt, sem í mínu valdi stæði, til að sjá um bjargráð alls landsins, án nokkurs tillits til flokka. Jeg þóttist

sjá, að það væri heillavænlegast, að ráðherrarnir væru ekki að rífast innbyrðis með flokkshug á bak við sig. Einmitt þess vegna hefir samvinnan verið svo góð.

Það er auðvitað, að allir geta ekki verið ánægðir með úthlutun á vörum, sem skortur er á. Þá finnst mönnum þeir vera afskiftir, þótt það sje ekki á rökum bygt. (K. E. Menn hafa samanburð við önnur hjeruð að byggja á). Jeg skal víkja að því síðar.

Menn hafa talað um úthlutun eftir föstum reglum. Í raun og veru var ekki hægt að fylgja neinni annari reglu en þeirri að hjálpa þar, sem brýnust nauðsyn var, á meðan skortur var á vörunum. Það var aðalhugsunin að bjarga, þangað til meira kæmi af þeim.

Um steinolíuna er það að segja, að ekki var hægt að úthluta henni eftir hestöflum eingöngu, heldur varð að taka tillit til annara ástæðna. Meðal annars varð að taka tillit til þess, hvort vertíð var að byrja eða enda. Í Vestmannaeyjum var aðalvertíðinni lokið, en á Austfjörðum var hún að byrja. (K. E.: Í Vestmannaeyjum var vertíðin að byrja fyrir 18 báta). Og þar sem ekki var búist við, að samgöngur við Norður- og Austurland yrðu greiðar, varð að sjá um, að þangað færi sæmilega mikið. Jeg játa fúslega, að Vestmannaeyjar voru eini staðurinn, sem oftlitið fjekk að tiltölu. Aftur á móti fjekk Ísafjörður fullkomlega það, sem honum bar. En þegar lítið er af einhverri vörutegund og von er á meiri birgðum, verður að bjarga þar, sem þörfin er brýnust í svip. Má því deila um það, hvort alstaðar sje rjettlátlega úthlutað.

Hæstv. atvinnumálaráðh. hefir þegar svarað flestu, og get jeg því hlaupið yfir það, er hann svaraði. Þar sem hv. fyrirspyrjandi (M. T.) skýrði frá, að einar 60 smálestir af korni hefðu komið til Ísafjarðar fram eftir öllu, þá get jeg ekki dæmt um það, sakir ókunnugleika. Jeg hefi ekki fylgst með því, hve margar smálestir hafi farið á hvern stað, en jeg geri ráð fyrir, að hefði stjórninni verið kunnugt um, að skortur væri á korni á Ísafirði, þá hefði hún gert ráðstafanir til þess, að meira korn yrði þangað flutt. Jeg geri og ráð fyrir því, að engin fyrirstaða hafi verið að fá korn eftir að meiri birgðir komu til landsins.

Hv. fyrirspyrjandi (M. T.) gat þess, að útgerðin á Ísafirði hefði fengið offáar tunnur af steinolíu þangað til „Bisp“ kom. Þetta getur satt verið, en það var ekki hægt að úthluta þangað meiri olíu, með því að hún var ekki til. Jeg reyndi, eftir tilmælum hv. fyrirspyrjanda (M.T.), að hafa þau áhrif á úthlutunina, að Ísafjörður fengi nægar birgðir, en jeg hætti loks að skifta mjer af því, er mjer ofbuðu kröfurnar. Með „Bisp“ komu um 4500 tunnur, og Ísafjörður fjekk fjórðung þeirra. Og skrifstofustjórinn á 2. skrifstofu skýrði mjer svo frá, að hann hafi sannað fyrir hv. fyrirspyrjanda, (M.T.) að Ísafjörður hafi fengið ***meira en honum bar***. Eftir því hafa Ísfirðingar ekki ástæðu til að kvarta.

Kem jeg þá að saltinu. Jeg vil taka það fram, að jeg veit ekkert um brjef, er koma á 2. skrifstofu, en þangað fara brjefin frá hv. þm. Ísaf. (M.T.) og Vestm. (K. E.). Þau koma ekki á mína skrifstofu, og jeg vil ekki, samvinnunnar vegna, spyrja 2. skrifstofu um brjef, er hún hefir fengið. (K. E.: Ætlast ekki til þess). Skýri að eins frá verkaskiftingunni.

Hv. þm. Ísaf. (M.T.) átti tal við mig og bað mig að sjá um, að Ísafjörður fengi salt. Lofaði jeg að tala um það við atvinnumálaskrifstofuna. Þá var ákveðið, að „Bisp“ og „Ceres“ skyldu fara til Englands og sækja salt. Var Ísafirði ætlað af þeim förmum 5—600 smálestir. Var jeg einn heima ráðherranna um það leyti,

er skipin lögðu af stað til útlanda. Nú var „Ceres“ skotin í kaf, og ruglaði það öllum áætlunum um úthlutunina, þegar um það var að ræða að bæta úr brýnustu þörfinni og ekki var nóg til þess. Samt vissi jeg ekki um neina breytingu á því, hvað Ísafjörður skyldi fá margar smálestir, fyr en jeg heyrði, að „Bisp“ ætti að fara til Austfjarða og skipa þar upp salti. Var sú ráðstöfun gerð af öðrum.

Hv. fyrirspyrjandi (M. T.) skýrir svo frá, að Ísafjörður hafi loks fengið 200 smálestir af salti, en mjer er skýrt frá, að hann hafi fengið 300 smálestir. Þrátt fyrir óhöppin munar því ekki meiru en 2—300 smálestum. En það var þó ekki tilætlun mín, að Ísafjörður fengi minna en í fyrstu var ákveðið, þrátt fyrir það, að „Ceres“ var skotin í kaf. Verð var aldrei ákveðið, heldur ætlast til, að landsstjórnin seldi vöruna fyrir kostnaði. (**M. T.**: Hefi ekki gert neinn ágreining um það). Jú, hv. fyrirspyrjandi (M. T.) fann að því, að saltið hefði orðið dýrara en búist var við, nefndi 25%. (**M. T.**: Kvartaði ekki undan því). Jú, jeg skrifaði þetta hjá mjer. Jeg hygg því, að stjórnin eigi ekki æði miklar ásakanir skilið fyrir úthlutunina á salti og steinolíu.

En að þeir, sem fylgjast ekki með því, sem gert er í stjórnarráðinu, geti haldið, að úthlutunin fari ekki sem rjettlátlegast fram, er skiljanlegt. (**K. E.**: Erum farnir að fylgjast með).

Þá er steinolíufarmurinn, er kom með „Francis Hyde“ og „Lagarfossi“. Hv. fyrirspyrjanda (M. T.) fanst Ísafjörður vera afskiftur með þann farm, en í „Francis Hyde“ átti landsstjórnin að eins umráð yfir 100 tunnum. (**M. T.**: Átti að hafa öll umráð yfir öllum farminum). Og yfir „Lagarfoss“-farminum hafði landsstjórnin heldur engin umráð.

En þótt svo hefði verið, þá hefir Reykjavík verið svo afskift með steinolíu, að hún hefði átt að fá allan farminn, til þess að fá jafnmikið sem Ísafjörður að tiltölu.

Jeg vil ekki svara hv. þm. Vestm. (K. E.). Jeg viðurkenni, að aðalatriðið í ræðu hans var á rökum bygt. Vestmannaeyingar hafa fengið oflítið af steinolíu. Það er hið eina, sem með rjettu má ásaka stjórnina fyrir.

Magnús Kristjánsson: Jeg vil ekki áfella stjórnina fyrir framkvæmdir hennar um úthlutun á vörum landssjóðs. Enda eiga hjer margir hlut að máli, þar sem eru 3 stjórnir, sem 5 menn hafa skipað, síðan ófriðurinn hófst.

Jeg hefi ekki orðið var við það, að neinni aðalreglu um úthlutun nauðsynjavara hafi verið fylgt. Það getur verið eðlilegt, þar sem hinar ýmsu stjórnir hafa hver um sig álitið sína aðferð heppilegasta. Í fyrstu var gefin út auglýsing, er mælti svo fyrir, að sveitarstjórnir sendu pantanir sínar til stjórnarinnar, og var vörunum þá úthlutað eftir því, sem birgðirnar voru, þegar pantanirnar komu fram. Gafst það vel, er mönnum var kunnugt, hvernig þeir ættu að haga sjer. Nú var þessi regla látin falla niður, en stjórnin sendi vörur út um land, og voru þær settar undir umsjón lögreglustjóranna. Þá áleit almenningur, að þetta væri orðin föst regla, að menn þyrftu ekki að panta vörur sínar hjeðan, en gætu snúið sjer til lögreglustjóra og fengið vörur eftir þörfum.

Enn var breytt til, og engar vörur sendar út um land, heldur varð hver og einn að hafa þá útvegi, sem hann gat.

Það eru þessar tíðu breytingar á fyrirkomulaginu, sem jeg vildi athuga. Aðalreglan, sem ætti að geta gilt, er að landsstjórnin auglýsti, að ekki yrði tekið við

öðrum pöntunum en frá sveitarstjórnum, og skyldu þeim fylgja greinilegar skýrslur um fyrirliggjandi vörubirgðir.

Þetta er eini vegurinn til þess að lenda ekki í hálfgerðu fálmi með úthlutunina.

Vil jeg þá víkja að ræðu hv. fyrirspyrjanda (M. T.). Samanburður hans á birgðum í einstökum hjeruðum er ekki sem allra nákvæmastur. Þó að Eyjafjarðarsýsla hafi verið talin einna best birg, er skýrslan var gerð, og hún hafi þá átt $5^3/_4$ mánaða forða af kornvöru, mun sá forði að minstu leyti vera frá landsstjórninni, heldur vera að þakka dugnaði og útsjónarsemi þeirra manna, er þar búa. Jeg þori að fullyrða, að þó að þetta hjerað hafi átt heimtingu á $^1/_{10}$ af korni því, sem flutt er til landsins, þá hafi það ekki notið nema $^1/_{20}$—$^1/_{30}$ af kornforða landssjóðs. En vegna dugnaðar hjeraðsbúa hefir ekki verið brýn þörf á meiru. Er því síst ástæða til að bregða stjórninni um, að hún hafi úthlutað þessu hjeraði óhóflega miklu. Um Stranda-, Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur mó þó segja, að þær hafa líklega fengið einna mest af þessum vörum.

Þegar þessar sýslur fengu vörur sínar, var íshættan að mestu hjá liðin. Ef eitthvað hefir verið athugavert við þessa ráðstöfun, þá var það það, að þessar sýslur á Norðurlandi, þar sem íshættan var mest, hafi fengið þessar vörur ofseint, þótt það kæmi ekki að sök að þessu sinni.

En nú er þýðingarlaust að vera að halda langa ræðu um fortíðina. Það væri rjettara, að gefnar væru bendingar um það, sem gera ætti hjer eftir.

Jeg ætla að eins að minnast á annað atriði, sem oss liggur miklu nær; það er það, að vjer vitum, að steinolíuvandræðin hafa verið svo mikil, að fiskveiðaflotinn hefir orðið að liggja aðgerðalaus svo að mánuðum skiftir. Þetta dettur mjer ekki í hug að áfella stjórnina fyrir, því að jeg veit, að skip hafa ekki verið fyrir hendi til að ná í olíuna. (B. K.: Olíuskip fórst á leiðinni). En nú er komið olíuskip, sem hefir haft að færa eitthvað um 7000 tunnur, og hefi jeg heyrt, að landsstjórnin muni ekki ætla sjer að hafa nein veruleg afskifti af því, hvernig þessari olíu væri skift út um landið. Það getur í sjálfu sjer verið rjett hjá landsstjórninni, hafi hún kynt sjer nákvæmlega, hvernig fjelagið hefir ætlað sjer að úthluta henni. Þetta finst mjer meiri ástæða til að tala um, heldur en það, hversu mörg pund af þessari eða hinni vörutegundinni hafi lent á hvern stað.

Mjer er kunnugt um, að þeir menn, sem hafa verið að grenslast um það hjá fjelaginu, hvort þeir gætu fengið keypta olíu, hafa fengið þau svör, að fjelagið væri búið að lofa 10—11 þús. tunnum, en hefði ekki yfir að ráða nema 7000 tunnum. Nú væri ástæða til fyrir stjórnarráðið að vita hverjir þessir menn væru, sem ættu olíuna, því að það hlýtur að vera þýðingarmikið atriði, að það sjeu ekki einstakir menn, sem hafi keypt hana alla. Jeg vildi nú beina þeirri ósk til stjórnarráðsins að taka þetta mál til athugunar, og enn fremur vildi jeg beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvinnumálaráðherra, hvort ekki lægju fyrir neinar pantanir frá bæjar- eða sveitarstjórnum víðs vegar um land, og hvort stjórnarráðið gæti ekki fengið eitthvað af þeirri olíu, sem fyrst kæmi til landsins, handa þeim, sem nauðulegast eru staddir. Liggi slíkar pantanir fyrir, má gera ráð fyrir, að stjórnarráðið hafi gert eitthvað í því efni; en væri ekki svo, fyrir tómlæti manna, að þeir hefðu ekki hugsað um að senda slíkar pantanir, þá væri ástæða til að spyrjast fyrir um það, t. d. hjá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, — jeg býst við, að ekki þurfi að gera fyrirspurn til bæjarfógetans á Ísafirði um það; hann mun hafa auga á

hverjum fingri gagnvart hlutunum, því að verði ekki þessi olía, sem nú er komin, notuð sem haganlegast, gæti illa farið.

Það er brýn þörf á því, þótt jafnvel stjórnarráðið hafi ekki ætlað sjer að taka þessa olíu til fullra umráða, að sjá um, að hún komi þar niður, sem þörfin er mest.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er rjett til getið hjá hv. þm. Ak. (M. K.), að nokkrar pantanir — líklega miklar — koma til stjórnarráðsins. En um málið er það að segja, að það er í smíðum samningur milli eigenda olíunnar og landsstjórnarinnar um úthlutunina, og hefi jeg bestu vonir um, að samningurinn takist á þá lund, að vel megi við una, þótt meira væri pantað en steinolíufjelagið gæti uppfylt, og mun mest farið eftir tillögum stjórnarráðsins um þetta. **(M. K.:** Jeg er ánægður, ef það reynist svo í framkvæmdinni).

Fyrirspyrjandi (Magnús Torfason): Út af því, sem hæstv. fjármálaráðh. (B.K.) sagði um verkaskiftinguna í stjórnarráðinu, vil jeg ítreka það aftur, að um öll þessi ófriðarmál eiga allir ráðherrarnir að fjalla sameiginlega, og einnig um úthlutun varanna. Stjórnin er valin fyrst og fremst til þess að sjá um, að sem minst vandræði verði af ófriðnum. Að því er snertir aðdrætti, eiga þeir að standa saman, en hvað úthlutun snertir, þá átti maður úr hverjum flokki að tryggja það, að engin óánægja gæti risið út af því, að neinn flokkur yrði út undan; það er hlutverk, sem hver flokksráðherra verður að sjá um. Vjer verðum að aðgæta það, að því er fjármálaráðh. (B.K.) snertir, að það er sá flokkurinn, sem jeg telst til, sem tók ábyrgð á honum. Það getur vel verið, að einhverjir utanflokksmenn hafi skrifað upp á hans ráðherravíxil; mjer finst það helst liggja í orðum hans, en mjer er alveg ókunnugt um það.

Jeg hefi ekki farið fram á það, að Ísfirðingar fái meira en þeir eiga heimting á, en jeg hefi farið fram á, að þeir verði ekki afskiftir. Að því er olíuna snertir, þá játa jeg það, að Ísafjörður hafi fengið að tiltölu eftir hestöflum, þegar hann (B.K.) var við stýrið, en ekki heldur meira, og það er áreiðanlegt, að Ísfirðingar hafa ekki fengið olíu tiltölulega eftir þörfum. **(Fjármálaráðh. B. K.:** Það *gátu* þeir ekki fengið). Já, það var það, sem átti að ráða, og báðir hæstv. ráðh. (B.K. og S.J.) hafa tekið fram að hefði átt að ráða. Og að vera að blanda ísnum inn í þetta getur ekki komið til mála, af þeirri einföldu ástæðu, að ef ís hefði bannað allar ferðir á sjónum, þá hefði orðið lítil þörf á olíu þangað, sem hann var.

Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) var að segja, að skrifstofustjórinn á 2. skrifstofu stjórnarráðsins hefði átt að sanna mjer, að við hefðum fengið ofmikla olíu að tiltölu, en mjer hefir aldrei dottið í hug að játa það, blátt áfram vegna þess, að jeg hafði skýrslu matvælaskrifstofunnar fyrir framan mig, og sú skýrsla sýnir, að aðrir landshlutar hafa fengið meira á sama tíma.

Þá kveðst hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) hafa verið að reyna að benda mjer á það, hve altof langt jeg hefði gengið í kröfum mínum, sjer hefði ofboðið. Það hefir líklega verið frekja mín, sem honum hefir ofboðið. En jeg vil minna hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) á það, að bæjarstjórnin á Ísafirði og sýslunefndirnar í Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslu sögðu þegar í apríl, að hallæri væri fyrir dyrum, vegna olíu- og saltleysis. Að eins þessari kröfu hefi jeg haldið fram, og hlýtur því broddurinn á þessu að snúa að bæjarstjórninni og sýslunefndunum.

Annars get jeg upplýst það, að ein af

bestu verstöðunum við Ísafjörð hefir verið saltlaus um lengri tíma. Það er Hnífsdalur. Þaðan komu sjerstakar kvartanir, og þá fyrst var verulega farið að sinna þessu máli, þótt undan væru gengnar 2 áskoranir frá sýslunefndunum og 2 frá bæjarstjórninni, um að salt vantaði fyrir vestan. Þegar jeg fór að tala um þetta við hæstv. fjármálaráðherra (B. K.), þá þóttist hann alls ekki vita, að þær hefðu komið, svo að jeg held, að það hafi ekki verið óþarft, að jeg vakti máls á því.

Svo er verið að tala um, að Reykjavík hafi orðið afskift. Ja, merkin sýna verkin. Hver báturinn af öðrum kemur vestur til síldveiða, og er ekki annað að sjá en að þeir hafi nóga olíu. Merkilegt væri, ef Reykjavík yrði afskift fremur öðrum, þegar nær allar siglingar hafa komið til Reykjavíkur, en sama sem engar til Ísafjarðar og sáralitlar til annara hafna landsins.

Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) talaði um, að jeg færi ekki rjett með, þar sem vjer hefðum átt rjett á að fá 200 smál. af salti. Jeg fer þar alveg rjett með, en skal geta þess, að eftir að fyrirspurnir komu fram var bætt við Ísfirðinga 100 smál. Það er með öðrum orðum, að fyrirspurnin bar 100 smál. ávöxt fyrir Ísafjörð. (**Atvinnumálaráðh.**: Jeg held, að það hafi ekki verið ástæðan). Ja, svo mikið er víst, að efndir stjórnarráðsins hafa ætíð orðið minni en lofað hefir verið, nema í þetta eina sinn. Þó verð jeg að geta þess, að einu sinni fengu Ísfirðingar nærri 50 smálestir af sykri, án þess að þeir bæðu um það. Mjer datt í hug, hvort okkur væri sendur sykurinn til þess að stinga upp í okkur sykurmola, eins og óþekka krakka.

Þá var það misskilningur hjá hæstv. fjármálaráðherra (B. K.), að jeg hafi kvartað um verðið á saltinu. Það var undir eins samþykt. En mjer skildist, þegar jeg átti að samþykkja verðið á því í stjórnarráðinu, að það væri hrætt um, að það gæti ekki komið saltinu út fyrir þetta verð.

Jeg hefði viljað vera betur undir það búinn að ræða þessa fyrirspurn, en af sjerstökum ástæðum hefi jeg ekki getað það. Jeg ætlaði mjer, eftir að fyrirspurnin var borin fram, að leita upplýsinga á matvælaskrifstofunni, en þar var mjer meinað að fá þær, en um ástæðuna fyrir því er mjer ókunnugt. Jeg hefi litið svo á, að alt, sem snerti aðdrættina, ætti að vera leynilegt, en að það, hvernig skiftin væri, þyrfti ekki að vera neitt launungarmál. En stjórnarráðið hefir náttúrlega sínar ástæður fyrir því.

Þá er ein fyrirskipun stjórnarráðsins, sem upplýsir nokkuð í þessu máli, sem sje þegar það fyrirskipaði að selja eitthvað af nauðsynjavörum fyrir hærra verð en áður hafði verið gert. Á Ísafirði var þá ekkert fyrirliggjandi af neinum vörum hjá mjer; alt hafði verið etið upp jafnóðum.

Jeg get sem sagt vel skilið, að stjórnin eigi erfitt með að líta í öll horn, en hún verður að gefa sjer tóm til að athuga úthlutun á lífsnauðsynjum og ekki láta ábyrgðarlausa menn ráða fyrir sig; hún verður að svara til alls og hafa alla ábyrgð.

Hvað þessi ummæli mín snertir, þá eru þau fram komin af sömu ástæðu og hv. þm. Ak. (M. K.). Hann gat um, að þörf væri á því, að stjórn og bjargráðanefnd athuguðu það vandlega, hvernig best væri að haga úthlutun í framtíðinni. Það mun ekki af veita, sjerstaklega ef erfiðara verður um útvegun en verið hefir.

Karl Einarsson: Hæstv. atvinnumálaráðherra hefir engu svarað af því, sem jeg sagði; hann svaraði að eins út í hött, svo að jeg þarf ekki að fjölyrða um það. Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) tók það fram, að að því er úthlutun olíu snertir hefði verið fylgt þeirri reglu að athuga það, hvort vertíð ársins í þeirri veiðistöð, sem úthluta átti, væri að byrja eða enda.

Þetta kann vel að vera rjett í aðaldráttunum, en jeg viðurkenni ekki, að þeirri reglu hafi verið fylgt að því er Vestmannaeyjar snertir, enda virtist hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) viðurkenna, að það væri rjett hjá mjer. Það er ekki altaf, að bátar haldi áfram um vorvertíðina, en þó gera margir þeirra það í Vestmannaeyjum, og eins um sumarvertíðina; og um vorvertíðina nú voru það margir bátar, sem vildu halda áfram, eins og skýrslan ber með sjer — sem sje 18 bátar alls — og er mjer sagt, að í sumum sýslum landsins sjeu ekki fleiri bátar, sem haldið er úti um sumarvertíðina, og hafa þó fengið talsvert af olíu.

Hæstv. fjármálaráðherra (B.K.) sagði, að það eina, sem hefði verið á rökum bygt, hefði verið það, sem sagt var um olíuna. Á hann þar væntanlega við það, sem hv. fyrirspyrjandi (M. T.) og jeg sögðum, því að fleiri höfðu ekki talað. Jeg veit ekki, hvort þetta á að skilja bókstaflega, því að hæstv. atvinnumálaráðherra treysti sjer ekki til að hnekkja neinum af þeim skýrslum, sem jeg gaf.

Þá gat jeg þess, að í Vestmannaeyjum hefði verið sykurlaust; var það eftir nýafstaðna mislinga, er gengið höfðu. Í öðru lagi upplýsti jeg, að ekkert hveiti hefði verið þar til um lengri tíma og ekki heldur rúgmjöl. Hvort einstakir menn kunna að hafa átt eitthvað af þessum vörum skal jeg ekki um segja, en bæði mun það þá hafa verið, að þeim mönnum hefir ekki verið kunnugt um það, hvar neyðin var helst fyrir, og svo hitt, að þeir hafi ekki haft fram yfir það, sem þeir hafa sjálfir þurft að nota.

Jeg hefi því litið svo á, að skýrsla mín standi óhrakin, og vil jeg ekki taka það til mín, sem hefir verið talað um, að hjer væri um smámuni að ræða.

Alt þetta stafar af því, sem hv. þm. Ak. (M. K.) tók fram, að ekki hefði verið fylgt neinni aðalreglu við úthlutunina. Úthlutunin hefir orðið að meira eða minna leyti handahófsverk, eftir því, hverjir hafa verið duglegastir að liggja í eyrum stjórnarinnar. (**Atvinnumálaráðh.**: Það er ekki rjett). Það er sannað.

Kristinn Daníelsson: Þótt jeg hafi ekkert að athuga við hina rökstuddu dagskrá, og stjórnin hafi játað sig ákveðið með henni, (**Atvinnumálaráðh.**: Hún hefir ekkert á móti henni), þá álít jeg ekki leyfilegt að enda þessa umræðu með atkvæðagreiðslu, samkvæmt 31. gr. þingskapanna. Slík fyrirspurn er gerð samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar, og þar er að ræða um skýrslu, en auðvitað má á þeirri skýrslu síðar byggja ályktun, sem þá verður að koma fram sem sjerstakt þingmál.

Að sjálfsögðu má gera ráð fyrir, að í þessu megi víkja frá þingsköpunum, samkvæmt 54. gr. þeirra sjálfra. En áður en þessi rökstudda dagskrá er komin fram, verð jeg að álíta, að leita verði afbrigða frá þingsköpunum. Jeg vil ekki láta þessa ógetið, þar sem það er í fyrsta sinni, sem það kemur fyrir í þessari háttv. deild, að umræðum við fyrirspurn sje lokið með atkvæðagreiðslu, því að það mundi verða fordæmi síðar, hvernig með hana er farið.

Fyrirspyrjandi (Magnús Torfason): Það er alveg rjett hjá hv. þm. G.-K. (K. D.), að við þessa umr. má ekki gera neina ályktun. Það stendur í 31. gr. En í 42. gr. segir svo — með leyfi hæstv. forseta —:

„— — Meðan á umræðum stendur má gera tillögu, er bygð sje á ástæðum, um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni, og skal þá afhenda forseta tillöguna um það skrifaða“.

Jeg fyrir mitt leyti verð að líta svo á, að rökstudd dagskrá, síðast í greininni,

eigi við allt, sem á undan er komið í þessari grein, og að hjer sje algild regla, sem nái líka til fyrirspurna. Það er með öðrum orðum, að 31. gr. hlýtur að líta svo á, að dagskráin sje ekki nein ályktun; að minsta kosti er það, að ef í dagskránni sjálfri felst ekki nein ályktun, þá hlýtur að mega bera hana fram samkvæmt þessari grein, og dagskráin er orðuð svo, að í henni felst engin ályktun. Að enda fyrirspurn með rökstuddri dagskrá var gert síðast nú á laugardaginn var í hv. Nd., enda veit jeg, að góðir lagamenn hafa skilið lögin svo, að það megi gera.

Forseti: Út af umræðum þeim, sem hjer hafa orðið um það, hvort bera megi undir atkvæði rökstudda dagskrá eftir umræður um fyrirspurn, þá vil jeg geta þess, að í niðurlagi 31. gr. þingskapanna segir svo, að við slíka umræðu megi eigi gera neina ályktun. Það er því rjett, sem hæstv. forseti Sþ. (K. D.) tók fram, að dagskrá þessa má ekki bera upp, ef í henni felst ályktun frá þingsins hálfu.

En þá kemur til álita, hvaða skilning beri að leggja í orðið ályktun. Í 42. gr. stjórnarskrárinnar segir svo, að þyki þingdeildinni ekki ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni, þá geti hún vísað því til ráðherrans.

Jeg verð því að líta svo á, að ályktun geti ekki talist nein samþykt, nema sú, sem fer fram á, að eitthvað verði framkvæmt utan þings. Það eitt er ályktun frá þingsins hálfu.

En hjer er ekki um neinar framkvæmdir utan þings að ræða, að eins samþykt að fela einni af nefndum þingsins að taka mál til íhugunar.

Það getur því alls ekki heyrt undir það, sem felst í orðinu „ályktun“ í 42. gr. stjórnarskrárinnar og 31. gr. þingskapanna.

Tel jeg því fulla heimild til þess að bera upp dagskrá þessa.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Ísaf., M. T., (sjá A. 338) samþ. með 9 shlj. atkv.

VIÐBÆTIR

Yfirlit

um

alþingiskostnað

frá 1. jan. til 31. des. 1917.

(Með fylgiskjölum I.—IX.)

I.	Þingfararkaup alþingismanna *(fylgiskj. I.—III.)*:				
	A. Aukaþingið	kr.	10950,00		
	B. Aðalþingið	—	46285,80	kr.	57235,80
II.	Goldið starfsmönnum:				
	A. Aukaþingið	kr.	2249,50		
	B. Aðalþingið (þar í talin árslaun skrifstofustjóra)	—	20705,00	—	22954,50
III.	Útgáfukostnaður Alþingistíðinda og Landsreikninga og önnur prentun:				
	1. Útgáfukostnaður Alþt. og önnur prentun:				
	A. Aukaþingið *(fylgiskj. IV. A.)*	kr.	8639,19		
	B. Aðalþingið *(fylgiskj. IV. B.)*	—	45119,05	kr.	53758,24
	2. Útgáfukostnaður Landsreikninga:				
	A. Til yfirskoðunarmanna LR. 1915	kr.	1800,00		
	B. Prentkostnaður	—	2700,85		
	C. Prófarkalestur	—	216,75	—	4717,60 — 58475,84
IV.	Bókband, bækur, ritföng:				
	1. Bókband:				
	A. Bókasafnið	kr.	299,25		
	B. Skjalasafnið	—	189,75	kr.	489,00
			Flyt	kr.	489,00 kr. 138666,14

Yfirlit um alþingiskostnað 1917.

	Flutt	kr. 489,00	kr. 138666,14
2. Bækur		— 278,20	
3. Ritföng		— 973,33	— 1740,53
V. Ljós og hiti, ræsting og viðhald á húsi og munum:			
1. Ljós og ljósfæri:			
A. Ljós	kr. 535,75		
B. Ljósfæri	— 142,00	kr. 677,75	
2. Hiti		— 5399,75	
3. Ræsting:			
A. Ræstingavinna	kr. 1378,25		
B. Ræstingavörur	— 125,70	— 1503,95	
4. Viðhald á húsi		— 6396,57	
5. Viðhald á munum		— 3304,22	— 17282,24
[Í 4. og 5. lið felst kostnaður við Hlaðbúð, kr. 4617,43, og við Kringlu, kr. 1591,70 = kr. 6209,13].			
VI. Önnur útgjöld:			
1. Aðstoð og aukavinna [þar í talinn skrifari þingmanna, kr. 546,00]		kr. 1341,00	
2. Kostnaður við einstakar nefndir:			
A. Fjárveitinganefndir 1916—'17	kr. 210,00		
B. Fjárveitinganefndir 1917	— 1192,70		
C. Landbúnaðarnefndir 1917	— 511,35		
D. Bjargráða- og mentamálanefnd Nd. 1917	— 413,00	— 2327,05	
3. Símagjöld Alþingis		— 144,00	
4. Símanot þingmanna [símskeyti og símtöl þingmanna kr. 2062,40 *(fylgiskj. V.—VIII.)*, auglýsingar, talsímaleiga o. fl. kr. 93,00, varsla þingmannasímans kr. 489,00]		— 2644,40	
5. Þinghúsgarðurinn		— 397,48	
6. Opinber gjöld		— 354,59	
7. Óviss útgjöld:			
A. Auglýsingar	kr. 38,00		
B. Minning látinna manna	— 190,00		
C. Útför alþm. Skúla S. Thoroddsens	— 404,00		
D. Ýmislegt. [Heiðursgjöf Alþ. til Stephans G. Stephanssonar			
Flyt	kr. 632,00	kr. 7208,52	kr. 157688,91

Yfirlit um alþingiskostnað 1917.

Flutt kr. 632,00	kr. 7208,52	kr. 157688,91
kr. 5000,00 *(fytgisk). IX.)*, dýrtíðaruppbót skrifstofustjóra fyrir árið 1916, kr. 1008,00, o. fl. kr. 196,00] kr. 6204,00	— 6836,00	— 14044,52
	Samtals kr.	171733,43

Ávísað samkvæmt ávísana- og viðskiftabókum þingsins	kr.	171598,98
Greitt af stjórnarráðinu	—	134,45
	Kr	171733,43

Skrifstofu Alþingis, 1. mars 1918.

Einar Þorkelsson.

Aths.

Yfirlit um alþingiskostnaðinn árin 1915 og 1916 er í Alþt. 1916—17. B, bls. XXXII—XXXV.

Yfirlit um alþingiskostnað 1917.

II. Umræður.

1. Í neðri deild.

Svo feldan samning gerum við, forsetar Alþingis 1916, og jeg, Ólafur Björnsson, fyrir hönd Ísafoldarprentsmiðju í Reykjavík.

1. gr.

Jeg, Ólafur Björnsson, skuldbind Ísafoldarprentsmiðju, eða mig fyrir hennar hönd, til að prenta og gefa út þann hluta Alþingistíðindanna 1916—17, sem hefir inni að halda umræður í neðri deild. Er í þessari skuldbindingu fólginn allur útgáfukostnaður þessa hluta Alþingistíðindanna, svo sem prentun, pappír í upplag og kápur, innhefting með þræði, og sjerhvað annað, er til útgáfu bóka heyrir, nema ritstjórn og prófarkalestur.

2. gr.

Upplag Alþingistíðindanna skal vera 700 — sjö hundruð — og skuldbind jeg, Ólafur Björnsson, prentsmiðjuna til að skila upplaginu með þessari tölu í 10 arka heftum, meðan til vinst, og aldrei má dragast 48 klukkustundum lengur að skila hverju hefti eftir að lokið er prentun á síðustu örk þess. Stærð og leturmergð á hverri örk er af þingsins hálfu áskilin sú sama og eigi minni en á Alþingistíðindunum 1915; svo og skal pappír og frágangur allur að minsta kosti vera eins góður og þá.

3. gr.

Jeg, Ólafur Björnsson, skuldbind prentsmiðjuna, eða mig fyrir hennar hönd, til að hraða prentuninni svo, að aldrei sje minna fullprentað á hverri viku en 8 — átta — arkir að minsta kosti, frá því er prentun byrjar og uns henni er lokið að fullu, ef ekki stendur á handriti nje prófarkalestri. En prentun skal talin byrja þegar 1. örkin er fullsett.

4. gr.

Fyrir hverja fullprentaða örk þingtíðindanna áskilur Ísafoldarprentsmiðja sjer 68 — sextíu og átta — krónur og 40 aura að þessu sinni, sakir dýrtíðar, verðhækkunar á pappír og hækkaðra vinnulauna. Greiðist prentunarkostnaður hvers heftis samkvæmt arkatölu þess, þegar því er skilað, nema svo beri undir, sem ráð er fyrir gert í 5. gr.

5. gr.

Við undirritaðir forsetar áskiljum, að prentun þingtíðindanna sje í alla staði vel og trúlega af hendi leyst. Sje á nokkurn hátt út af þessu brugðið eða vanhaldin ákvæði 3. gr. hjer að framan, um hraða á prentun og hefting umræðanna, þá áskiljum við okkur, fyrir hönd Alþingis, rjett til þess að halda eftir 10% af verði þess, er vanunnið eða vanefnt kann að vera, uns fullar bætur eru þar á gerðar og fyrirframgreiðsla af hálfu þingsins á sjer ekki stað. Prentsmiðjan má engum leyfa, þingmönnum eða öðrum, að breyta ræðunum eða leiðrjetta þær, og ekki má hún

heldur leyfa nokkrum óviðkomandi mönnum að sjá handritin eða prófarkir, og skal prenta umræðurnar eftir handritunum, eins og þau koma frá okkur eða þeim, sem hafa á hendi ritstjórn og prófarkalestur.

Reykjavík, 22. desember 1916.

G. Björnson. Ólafur Briem.

p. p. Ísafold — Ólafur Björnsson.

Herbert M. Sigmundsson.

Vitundarvottar:
Petrína Jónsdóttir.
Jón Sigurðsson.

2 Í efri deild og sameinuðu þingi, með aðalefnisyfirliti.

Svo feldan samning gerum við, forsetar Alþingis 1916, og jeg, Steindór Gunnarsson, fyrir hönd Fjelagsprentsmiðjunnar í Reykjavík.

1. gr.

Jeg, Steindór Gunnarsson, skuldbind Fjelagsprentsmiðjuna, eða mig fyrir hennar hönd, til að prenta og gefa út þann hluta Alþingistíðindanna 1916—17, sem hefir inni að halda umræður sameinaðs þings og efri deildar og efnisyfirlit yfir þingtíðindin. Er í þessari skuldbindingu o. s. frv. [Niðurlag greinarinnar eins og í A. II. 1., 1. gr.]

2. gr.

Upplag Alþingistíðindanna skal vera 700 — sjö hundruð — og skuldbind jeg, Steindór Gunnarsson, prentsmiðjuna til o. s. frv. [sem í A. II. 1., 2. gr.].

3. gr.

Jeg, Steindór Gunnarsson, skuldbind prentsmiðjuna, eða mig fyrir hennar hönd, til að hraða prentuninni svo, að aldrei sje minna fullprentað á hverri viku en 4 — fjórar — arkir að minsta kosti o. s. frv. [sem í A. II. 1., 3. gr.].

4. gr.

Fyrir hverja fullprentaða örk þingtíðindanna áskilur Fjelagsprentsmiðjan sjer 68 — sextíu og átta — krónur og 40 aura að þessu sinni o. s. frv. [sem í A. II. 1., 4. gr.].

5. gr.

[Orði til orðs samhljóða 5. gr. í A. II. 1.]

Reykjavík, 22. des. 1916.

G. Björnson. Ólafur Briem.

F. h. Fjelagsprentsmiðjunnar.
St. Gunnarsson.

Vitundarvottar:
Petrína Jónsdóttir.
Jón Sigurðsson.

B. Aðalþingið.

I. Skjalapartur og þingskjöl.

Svo feldan samning gerum vjer, forsetar Alþingis 1917, og vjer undirritaðir, Þorvarður Þorvarðsson, Friðfinnur Guðjónsson og Þórður Sigurðsson, fyrir hönd hlutafjelagsins Gutenberg í Reykjavík.

1. gr.

Vjer undirritaðir menn, sem erum í stjórn hlutafjelagsins Gutenberg, skuldbindum oss til að prenta og gefa út skjalapart Alþingistíðindanna 1917. Er í þessari skuldbindingu fólgin prentun og pappír, samkvæmt 6. gr. hjer að aftan, pappír í káputr, innheftingo. s. frv. [sem í A. I., 1. gr.].

2. gr.

Upplag þessa hluta þingtíðindanna skal vera 800 ..... [sem í A. I., 2. gr.] ..... jafnan fullnægt. Þó skulu það eigi talin samningsrof af prentsmiðjunni, geti hún í bili, að kvöldi til eða nóttu, ekki prentað, ef það stafar frá skorti á hreyfiafli eða ljósi (gasi). Prentun skjalaparts sje lokið að þinglausnum, ef kostur er, og yfirlits þess, er honum á að fylgja.

3. gr.

[Samhljóða A. I., 3. gr., nema í stað „1915“ er 1916—17.]

4. gr.

[Samhljóða A. I., 4. gr.]

5. gr.
[Samhljóða A. I., 5. gr.]

6. gr.
Fyrir hverja prentaða örk (8 blaðsíður) af skjalapartinum áskiljum vjer, oftnefnd stjórn hlutafjelagsins Gutenberg, að oss sjeu greiddar 105 — eitt hundrað og fimm — krónur og 12 aurar að þessu sinni, sakir dýrtíðar og síhækkandi vinnulauna, og að auki fyrir hvert pappírsrís, er í skjalapart fer og laus í ingskjöl samkvæmt 2. gr., 36 — þrjátíu og sex — krónur, og skuldbindum oss o. s. frv. [sem í A. I., 6. gr.].

7. gr.
[Samhljóða A. I., 7. gr.]

Reykjavík, 4. júlí 1917.

Kristinn Daníelsson. G. Björnson. Ólafur Briem.

Fyrir hönd hlutafjelagsins Gutenberg.

Þorvarður Þorvarðsson. Friðfinnur Guðjónsson. Þórður Sigurðsson.

Vitundarvottar:
Jón Sigurðsson.
Helgi Hjörvar.

II. Umræður.

1. Um samþykt mál og afgreidd.

Svo feldan samning gerum vjer, forsetar Alþingis 1917, og jeg, Ólafur Björnsson, fyrir hönd Ísafoldarprentsmiðju í Reykjavík.

1. gr.

Jeg, Ólafur Björnsson, skuldbind Ísafoldarprentsmiðju, eða mig fyrir hennar hönd, til að prenta og gefa út þann hluta Alþingistíðindanna 1917, er hefir inni að halda allar umræður um þau málefni, sem samþykt eru og afgreidd frá þinginu, hvort heldur eru frumvörp eða tillögur, og önnur mál, er í þann flokk fal a. Er í þessari skuldbindingu ..... [sem í A. II. 1., 1. gr.] ..... nema ritstjórn og prófarkalestur, sbr. 4. gr.

2. gr.

Upplag Alþingistíðindanna skal vera 700 ..... [sem í A. II. 1., 2. gr.] ..... síðustu örk þess. Þó skulu það eigi talin samningsrof ..... [sem í B. I., 2.

gr.] ..... hreyfiafli og ljósi (gasi). Stærð og leturmergð o. s. frv. [sem í A. II. 1., 2. gr., nema í stað „1915“ er 1916—17.].

3. gr.

[Samhljóða A. II. 1., 3. gr.]

4. gr.

Fyrir hverja fullprentaða örk þingtíðindanna áskilur Ísafoldarprentsmiðja sjer 77 — sjötíu og sjö — krónur og 10 aura að þessu sinni, sakir vaxandi dýrtíðar og síhækkandi vinnulauna, og að auki fyrir hvert pappírsrís, er í þann hluta þingtíðindanna fer, sem prentsmiðjan annast prentun á, sbr. 1. gr., 36 — þrjátíu og sex krónur. Greiðist prentunarkostnaðurinn ..... [sem í A. II. 1., 4. gr.] ..... fyrir gert í 5. gr. Pappírsverð hvers heftis greiðist og eftir á, þá er lokið er prentun þess.

5. gr.

Vjer undirritaðir ..... [sem í A. II. 1., 5. gr.] ..... eftir handritunum, eins og þau koma frá skrifstofustjóra þingsins.

Reykjavík, 23. júlí 1917.

Kristinn Daníelsson. G. Björnson. Ólafur Briem.

p. p. Ísafold. —Ólafur Björnsson.

Herbert M. Sigmundsson.

Vitundarvottar:
Jón Sigurðsson.
Helgi Hjörvar.

2. Um fallin mál, óútrædd og aftur tekin og um fyrirspurnir, með aðalefnisyfirliti.

Svo feldan samning gerum vjer, forsetar Alþingis 1917, og jeg, Steindór Gunnarsson, fyrir hönd Fjelagsprentsmiðjunnar í Reykjavík.

1. gr.

Jeg, Steindór Gunnarsson, skuldbind Fjelagsprentsmiðjuna, eða mig fyrir hennar hönd, til að prenta og gefa út þann hluta Alþingistíðindanna 1917, sem hefir inni að halda allar umræður um þau málefni, sem feld eru, tekin aftur og óútrædd verða, hvort heldur eru lagafrumvörp eða tillögur, svo og um fyrirspurnir og önnur mál, er í þann flokk falla, ásamt efnisyfirliti yfir þingtíðindin. Er í þessari skuldbindingu o. s. frv. [sem í B. II. 1., 1. gr.].

2. gr.

Upplag Alþingistíðindanna skal vera 700 — sjö hundruð — og skuldbind jeg, Steindór Gunnarsson, prentsmiðjuna o. s. frv. [sem í B. II. 1., 2. gr.].

3. gr.

[Samhljóða A. II. 2., 3. gr.].

4. gr.

Fyrir hverja prentaða örk þingtíðindanna áskilur Fjelagsprentsmiðjan sjer 77 kr. 10 au. o. s. frv. [sem í B. II. 1., 4. gr,],

5. gr.

[Samhljóða B. II. 1., 5. gr.].

Reykjavík, 23. júlí 1917.

Kristinn Daníelsson. G. Björnson. Ólafur Briem.

pr. Fjelagsprentsmiðjan.

St. Gunnarsson.

Vitundarvottar:
Jón Sigurðsson.
Helgi Hjörvar.

Fylgiskjal V.

Útdráttur

úr

gerðabókum beggja deilda Alþingis á 2. fundi, 4. júlí 1917.

— — — — — —

Forseti mælti:

— — — — — —

Forsetar hafa ákveðið að láta þingmönnum frjáls símanot um þingtímann, á kostnað Alþingis, til heimila sinna og annað þangað, er þá rekur nauður til sem þingmenn að nota síma.

Þess ber þó að gæta:

1. Alþingi greiðir því að eins not þingmanna af landssímanum, að þeir tali frá símum þingsins, einkum nr. 354, eða landssímastöð Reykjavíkur, og segi þá

símþjónum jafnan til nafns síns, en ef þeir tala frá heimilum sínum hjer í bænum eða öðrum stöðum, verður gjaldið ekki greitt af þinginu.

2. Þingmenn mega ekki senda á kostnað Alþingis símskeyti, er varða verslunarviðskifti þeirra, atvinnurekstur þeirra eða önnur þau málefni, sem eru þingstörfum þeirra óviðkomandi.

— — — — — —

Fylgiskjal VI.

Eftirrit.

ALÞINGI.

Reykjavík, 4. júlí 1917.

Jafnframt því að tjá yður, herra landssímastjóri, að við höfum ákveðið að láta þingmönnum frjáls símanot um þingtímann, á kostnað Alþingis, til heimila sinna og annað þangað, er þá rekur nauður til sem þingmenn að nota síma, þó því að eins, að þeir tali frá símum þingsins eða landssímastöð Reykjavíkur, og segi þá símþjónum jafnan til nafns síns, en ef þeir tala frá heimilum sínum hjer í bænum eða öðrum stöðum, verður gjaldið ekki greitt af þinginu, skuluð þjer beðinn að hlutast til um, að gjöld fyrir símtöl þingmanna frá öðrum stöðum en Alþingishúsinu (talsímum nr. 354, 61 og 411) og landssímastöðinni hjer verði ekki talin þinginu.

G. Björnson. Ólafur Briem.

Til landssímastjórans.

Fylgiskjal VII.

Útdráttur

úr

gerðabók neðri deildar Alþingis 1917.

5. fundur,
laugardaginn 7. júlí, kl. 1 e. h.

— — — — — —

Magnús Pjetursson, þm. Stranda., gerði nokkrar athugasemdir um símanot

þingmanna frá bústöðum þeirra hjer í bænum. Forseti svaraði því, að málið mundi verða athugað af forsetum í sameiningu.

— — — — — —

8. fundur,
fimtudaginn 12. júlí, kl. 1 e. h.

— — — — — —

Enn fremur tilkynti forseti, að forsetar hefðu í sameiningu ákveðið þá breytingu frá fyrri ákvæðum um símanot þingmanna, er birt voru á 2. fundi deildarinnar, að láta þingmönnum heimil afnot af landssímanum frá heimilum þeirra hjer í bænum, á þann hátt, að þingmenn greiði kostnaðinn sjálfir landssímanum, en fái hann síðan endurgreiddan frá Alþingi, eftir reikningi, þó því að eins, að þeir sanni reikning sinn með kvittunum landssímans.

— — — — — —

Fylgiskjal VIII.

Símskeyti og símtöl alþingismanna 1916-17

á kostnað Alþingis.

	Á auka-þinginu	Á aðal-þinginu	Alls
	Kr.	Kr.	Kr.
Benedikt Sveinsson	1.45	50.15	51.60
Bjarni Jónsson	1.75	3.20	4.95
Björn Kristjánsson		1.60	1.60
Björn Stefánsson	16.90	78.95	95.85
Eggert Pálsson	2.00	9.00	11.00
Einar Arnórsson			
Einar Árnason	6.15	13.50	19.65
Einar Jónsson	0.50	6.15	6.65
Gísli Sveinsson		5.35	5.35
Guðjón Guðlaugsson	8.55	47.30	55.85
Guðmundur Björnson		1.25	1.25
Guðmundur Ólafsson	11.80	40.80	52.60
Halldór Steinsson	11.80	21.90	33.70
Hannes Hafstein			
Hákon Kristófersson	16.95	85.60	102.55
Flyt	77.85	364.75	442.60

Yfirlit um alþingiskostnað 1917.

	Á auka-þinginu	Á aðal-þinginu	Alls
	Kr.	Kr.	Kr.
Flutt	77.85	364.75	442.60
Hjörtur Snorrason	0.75	10.10	10.85
Jóhannes Jóhannesson	21.85	189.35	211.20
Jón Jónsson	2.90	7.20	10.10
Jón Magnússon		1.45	1.45
Jörundur Brynjólfsson		3.00	3.00
Karl Einarsson	38.65	163.90	202.55
Kristinn Daníelsson		0.30	0.30
Magnús Guðmundsson	11.55	28.40	39.95
Magnús Kristjánsson	12.50	53.50	66.00
Magnús Pjetursson	65.25	119.40	184.65
Magnús Torfason	9.75	172.95	182.70
Matthías Ólafsson	1.70	1.55	3.25
Ólafur Briem		11.20	11.20
Pjetur Jónsson	51.40	70.65	122.05
Pjetur Ottesen	2.70	40.40	43.10
Pjetur Þórðarson		0.50	0.50
Sigurður Eggerz	15.75	0.65	16.40
Sigurður Jónsson	13.70	1.00	14.70
Sigurður Sigurðsson		8.60	8.60
Sigurður Stefánsson		20.35	20.35
Skúli Thoroddsen	1.45	6.45	7.90
Stefán Stefánsson	8.20	86.50	94.70
Sveinn Ólafsson	3.15	23.30	26.45
Þorleifur Jónsson	22.20	44.65	66.85
Þorsteinn Jónsson	5.45	38.00	43.45
Þórarinn Jónsson	32.85	141.70	174.55
Afrit af veðurskeytum handa þingmönnum	3.05		3.05
Samvinnunefnd samgöngumála	1.45		1.45
Þingmenn Eyfirðinga		2.30	2.30
Þingmenn Sunnmýlinga		1.05	1.05
Fjárveitinganefndir		3.30	3.30
Símtöl þingmanna, sem símþjónum hefir láðst að láta segja til nafns síns, þrátt fyrir fyrirmæli forseta í brjefi til landssímastjórans, dags. 4. júlí 1917		41.85	41.85
Samtals	404.10	1658.30	2062.40

Aths.

Símanot Pjeturs Jónssonar á aukaþinginu eru talin hjer að framan 51 kr. 40 a., en upp í það greiddi hann 19 kr. 15 a. fyrir verslunarsímskeyti til Bretlands, er í

ógáti hafði verið hjá landsímanum fært Alþingi til skuldar. Þessar 19 kr. 15 a. voru borgaðar inn í landssjóð 29. mars 1917, og hefir landsfjehirðir látið þær falla í landsreikninginn fyrir árið 1916.

Fylgiskjal IX.

Eftirrit.

ALÞINGI.

Reykjavík, 16. sept. 1917.

Vjer forsetar á Alþingi árið 1917 sendum yður, Stephan G. Stephansson, góðu skáldinu, kveðju Alþingis og vora og biðjum yður af hálfu þings og þjóðar að þiggja þær 5000 — fimm þúsund — krónur, er fylgja þessu brjefi voru.

Þjer hafið á þessu sumri vitjað ættstöðva yður og búist nú brátt til heimferðar. — Ættjörðin rjettir yður þá að skilnaði þessa litlu vingjöf í sæmdar skyni og þakklætis.

Gangi yður alt til tírs og tíma.

Kristinn Daníelsson. G. Björnson. Ólafur Briem.

Stephan G. Stephansson, skáld.

Aths.

Sjá enn fremur um þetta mál bls. 1264—66 hjer að framan.